




Stutt ágrip af kristnisögu

Eiríkur Magnússon

Stutt ágrip af kristnisögu

Eiríkur Magnússon
tók saman

2022

Efnisyfirlit

Formáli	I
Inngangur	1
Stofnun kirkjunnar – frumsöfnuðurinn	3
Upphaf kristniboðs meðal heiðingja	13
Fornkirkjan.....	23
Miðaldir.....	47
Klaustur og einlífi	56
Forsaga siðbótar	58
Siðbótin	63
Kirkjan á síðari öldum.....	77
Nokkrar vakningar og hreyfingar á 20. öld.....	96
Kristnisaga Íslands	129
Eftirmáli	174
Persónuleg trúarjátning	176
Viðauki: Gyðingdómur	177
Viðauki 2: Talnagögn.....	181

Formáli

Ef talið er nauðsynlegt að hver maður þekki helstu atriðin í sögu þjóðar sinnar, þá er ekki síður nauðsynlegt fyrir hvern kristinn einstakling, að þekkja eitthvað til sögu kristinnar.

Þessi lauslega samantekt á sögu kristinnar, er alls ekki hugsuð sem úttekt á efninu. Hér er stiklað á stóru í gegnum langa sögu kristinnar kirkju. Talsvert af efninu kemur frá kennslubók í kristnisögu fyrir framhaldsskóla, eftir Sr. Jónas Gíslason prófessor og vígslubiskup, sem Ríkisútgáfa námsbóka gaf út. Ég hef aukið töluvert miklu við efnið og felld smávegis burt. Viðbóttin fjallar aðallega um kristnar trúarhreyfingar, sem komu fram við siðaskiptin og vakningar á 18., 19. og 20. öld. Einnig er fjallað um nokkrar af þeim kristnu trúarhreyfingum sem spruttu upp í framhaldi af þessum vakningum.

Sú saga sem hér er sögð, er ákaflega samanhjöppuð. Það er eftirtektarvert, að sjá hvernig hver vakningarbylgja eftir aðra kemur fram full af frelsandi krafti heilags anda, en koðnar síðan smám saman niður, festist í ákveðnum kenningum og hefðum og endar sem enn ein kirkjudeildin í viðbót.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að sá biblíuskilningur sem við búum við í dag, er að langmestu leyti arfur fortíðarinnar. Guð hefur allar aldir átt fólk sem gekk í því ljósi opinberunar, sem Guð gaf fyrir þann tíma. Við sem lifum í dag njótum góðs af erfiði þeirra sem á undan eru gengnir. Því er nauðsynlegt fyrir kristið fólk, að hafa einhverja hugmynd um rás atburða kirkjaldanna og kynnast þannig upprunanum. Það er köllun hinna kristnu á þessari öld að halda verkinu áfram, með því að taka við og ganga í því ljósi opinberunar sem Guð vill gefa á okkar dögum.

Kaflinn um kristnisögu Íslands, hefur verið aukinn og bætt við nokkrum atriðum, varðandi kristnar hreyfingar sem fest hafa rætur hér á landi á 19. og 20. öld, án þess þó að þar sé um tæmandi upptalningu að ræða. Lítið er fjallað um það sem gerst hefur síðustu 15 árin, enda þekkja margir þá sögu.

Í viðauka er fjallað stuttlega um gyðingdóm og nokkrar hefðir Gyðinga.

Í Hebreabréfinu 13. kafla segir svo: „*Verið minnugir leiðtoga yðar, sem Guðs orð hafa til yðar talað. Virðið fyrir yður, hvernig ævi þeirra lauk, og líkið eftir trú þeirra. Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.*“

Helstu heimildir:

2000 Years of Charismatic Christianity: Höf. Eddie L. Hyatt 1998
2000 Years of Christ's Power Vol. 1 – 4. Höf. Nicholas R. Needham 2016
A History of Christian Doctrine Vol. 1 – 3. Höf. David K Bernard 1995
Ágrip af trúarbragðasögu. Höf. Ólafur Hansson Útg. Ísafoldarprentsmiðja 1955
Ágrip af sögu kristinnar. Höf. Jónas Gíslason 1983–85. Handrit.
Biblían, útg. 1981 og 2007. Hið íslenska Biblíufélag
Biblíuhandbókin þín. Höf. Herbert Sundemo. Útg. Örn og Örlygur hf. 1974
Encyclopædia Britannica – Vefútgáfa.
Frelsa oss frá illu. Höf. Gunnar Þorsteinsson. Útg. Ax forlag.
Helstu trúarbrögð heims. Höf. Dr. Sigurbjörn Einarsson. Útg. Almenna Bókafélagið 1962
Hvers vegna er heimurinn eins og hann er. Friðrik Schram – Vefútgáfa 2013
Íslandssaga 1. og 2. hefti. Höf. Þórleifur Bjarnason Útg. Ríkisútgáfa námsbóka 1968
Íslandssaga til okkar daga. Höf. Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. Útg. Sögufélag 1991
Keltar á Íslandi. Höf. Hermann Pálsson. Útg. Háskólaútgáfan 1996
Kirkjusaga. Höf. Vald. V. Snævarr. Prestafélag Íslands 1934
Kristnisaga fyrir framhaldsskóla. Höf. Jónas Gíslason. Útg. Ríkisútgáfa námsbóka
Með himneskum armi. Höf. Pétur Pétursson. Útg. Skálholtsútgáfan 1995
Orðið – Kristin fræði handa grunnskólum. Sigurður Pálsson. Námsgagnastofnun 1986
Saga Íslands ritstj. Sigurður Línal. Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið 1974
Saga kristinnar kirkju, kennslubók Höf. Magnús Jónsson 1946
Separated Brethren. Höf. William J. Whalen. Útg. Our Sunday Visitor Inc. 1972
The Concise Oxford Dictionary of the Christian Church. Ritstj. E.A. Livingstone (Útg. Oxford University Press 1977)
Trúfélagið Krossinn, Höf. Bjarni Randver Sigurvinsson.
(Útg. Guðfræðistofnun, Háskólaútgáfan. 1997)
Ýmis gögn af Interneti og víðar.
Það er ég sem sendi þig. Gídeonfélagið á Íslandi 50 ára. Höf. Sigurður Pálsson 1995

Eiríkur Magnússon

Netfang: eirikur@global.is

Inngangur

Hjálpræðissagan

Biblían er safn 66 rita sem fjalla um samskipti Guðs, skapara himna og jarðar við mannfólkið í hinni jarðnesku sköpun. Guð hafði og hefur enn áætlun um eignast fjölskyldu sem elskar hann af fúsum og frjálsum vilja og vill samfélag við hann. „*Og hvað heimtar sá hinn eini? Börn sem heyra Guði til.*“ Þessi saga hefur verið kölluð hjálpræðissagan og saga endurlausnarinnar. Gamla testamentið, greinir frá fyrri hluta þessarar áætlunar. Þar er sagt frá upphafinu þegar Guð skapaði karl og konu (Adam og Evu). Guð skapaði manninn í sinni mynd með frjálsum vilja. Maðurinn hafði val um að elska Guð og gera það sem rétt er frammi fyrir Guði, eða falla frá Guði og syndga. Í upphafi lifðu Adam og Eva í samfélagi við Guð í fullkominni sköpun. En þegar þau syndguðu gegn Guði rofnaði samband þeirra við Guð (*syndafall*). Fall mannsins leiddi til þess að hin jarðneska sköpun var undirorpin, þjáningu, dauða og Satan, höfðingja þessa heims. „*Syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann og dauðinn fyrir syndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað.*“ Þegar tímar liðu, fjölgaði mannfólkinu á jörðinni og það tók að syndga gegn Guði. Þegar syndin var orðin allsráðandi meðal mannanna ákvað Guð að eyða mannfólkinu með vatnsflóði. Guð átti réttlátan spámann er hét Nói. Guð fékk Nóa það verkefni að byggja örk til að bjarga fjölskyldu sinni og dýrategundum sem lifðu á þurrlendi. Þegar flóðið kom bjargaðist Nói og fjölskylda hans ásamt dýrunum í örkinni.

Síðar er sagt frá því hvernig Guð útvaldi einn mann, Abram (Abraham) til sérstaks hlutverks. Afkomendur Jakobs sonarsonar Abrahams mynduðu hina útvöldu þjóð Guðs, Ísraelsþjóðina (tölf ættkvíslir), sem Guð notaði til að opinbera vilja sinn á jörðinni og varðveita Orð Guðs. „*Ég geri þig að ljósi fyrir þjóðirnar svo að hjálpræði mitt nái allt til endimarka jarðar.*“ Guð gaf Ísraelsmönnum löggjöf (lögmál) í gegnum spámann sinn Móse. Samkvæmt lögmálinu þurftu menn stöðugt að úthella blóði dýra, til þess að hylja syndir fólksins. Í Gamla testamentinu er einnig sagt frá því að Guð myndi í fyllingu tímans senda Messías, hinn smurða frelsara í heiminn.

Nýja testamentið greinir frá síðari hluta hjálpræðissögunnar. Þar er sagt frá því að Guð sendi (í gegnum ættkvísl Júda) hinn síðari Adam, eingetinn, syndlausan son Guðs, Jesú Krist í þennan heim til þess að fullkomna áætlun Guðs um að setta mannkynið við Guð, með því að deyja fyrir syndir mannanna og opna leiðina fyrir samfélag Guðs við mannfólkið. Nýja testamentið segir frá lífi og starfi Jesú Krists í mannlegu holdi og að lokum krossdauða hans og upprisú á páskum. Blóð Jesú Krists er hin fullkomna fórn, sem getur afmáð syndir að eilífu og ekki þarf að endurtaka. Eftir upprisú Jesú Krists risu upp helgir menn (sem dáið höfðu í trú á Guð Ísraels og fyrirheitin um Messías) og birtust mörgum.

Hjálpræðissagan fjallar síðan um útbreiðslu ríkis Guðs á jörðu. Hún segir frá því hvernig lærisveinar Jesú Krists breiddu út boðskapinn um hinn krossfesta og upprisna Frelsara. Í tæplega 2000 ár hafa kristnir menn haft það hlutverk að gerast lærisveinar Krists og taka þátt í útbreiðslu Guðs ríkisins með því að gera fleiri að lærisveinum. Við lifum í þessum hluta hjálpræðissögunnar. Þetta tímabil, meðan fagnaðarerindið er boðað um alla jörð og menn hafa tækifæri til að taka við Jesú Kristi sem frelsara sínum, hreinsast af syndum og endurfæðast til lifandi samfélags við Guð (verða hluti af fjölskyldu Guðs), er nefnt *náðarár Drottins* (náðartími). Þeir sem hafna fagnaðarerindi Jesú Krists, munu eftir dauðann bíða í helju eftir upprisú og dómi, en þeir sem gera iðrun, taka við Jesú Kristi sem frelsara sínum, og deyja í trú á Hann, bíða eftir hinni *fyrri upprisú* í paradís. Fagnaðarerindið um að Jesús Kristur væri sá Messías sem Ísraelsþjóðin hafði beðið eftir um aldir, var í upphafi eingöngu boðað Hebreum. Þegar meirihluti Gyðinga hafnaði boðskapnum, hófst trúboð meðal heiðnu þjóðanna við Miðjarðarhaf. Kristindómurinn breiddist hratt út og fór að lokum út um allan heim. Þetta 20 alda tímabil hefur verið nefnt náðartími heiðingjanna. Þegar náðartíma heiðingjanna lýkur, mun Guð dæma syndina í heiminum með miklum þrengingum, en náðin færist yfir á Ísraelslýð (Jer. 31:31-34, Matt. 23:39). Á þessum þrengingartíma, munu þeir sem

dánir eru í Kristi rísa upp úr gröfum sínum í dýrðarlíkama. Hinir útvöldu sem eru á lífi (hinar *hyggnu meyjjar*) umbreytast (fá dýrðarlíkama) og allur hópurinn er hrifinn burt til fundar við Jesú Krist. Eftir það hefst tímabil sem í Biblíunni er kallað *dagur reiðinnar*, þegar and-biblíuleg trú, efnahagskerfi og stjórnarfar verður allsráðandi á jörðinni undir stjórn leiðtoga sem nefndur er *maður syndarinnar* eða *andkristur*. Þeir sem neita að gefast undir hið and-biblíulega vald (*dýrið*, *merki* þess eða *líkneski*) verða teknir af lífi. Samkvæmt Daníel 12:2 verða dánir niðjar Ísraels, reistir upp á tíma reiðinnar og þeir sem skráðir eru í lífsins bók munu taka við Jesú Kristi sem Messíasi.^{a)} Í framhaldinu mun stór hluti af íbúum jarðarinnar farast af völdum styrjalda og náttúruhamfara (þrúgur reiðinnar). Meðan dagur reiðinnar stendur yfir á jörðinni, fer fram brúðkaup og brúðkaupsveisla á himni, þar sem brúður aldanna (þeir sem höfðu helgað líf sitt Guði með hlýðni og kærleika og þjónað öðrum í auðmýkt og hreinleika á jörðinni — hafa þvegið skikkjur sínar) gefst formlega brúðgumanum Jesú Kristi. Tímar reiðinnar taka enda þegar Jesús Kristur kemur aftur til jarðarinnar ásamt hinum heilögu sem máttugur konungur, setur á stofn þúsund ára friðarríki hér á jörðinni og ríkir í Jerúsalem. Þá munu hinir heilögu einnig gera reikningsskil fyrir ráðsmennsku sína og þeir sem þjónað hafa Kristi af trúfesti taka við launum sínum. Að þúsund árunum liðnum munu aðrir dauðir rísa upp (hin síðari upprisa). Síðan mun Kristur framkvæma endanlegt uppgjör með því að dæma bæði lifendur og dauða (sem risið hafa upp). Þeir sem glatast verða ásamt Satan og þjónum hans, sendir í eldsdíkíð (sorphaug eilífðarinnar) og því sem lifir á jörðinni verður eytt í eldi og hún endurnýjuð. Að því búnu tekur eilífðin við, þegar Jesús og brúður aldanna búa saman á himneskri jörð í borg eilífðarinnar, Nýju Jerúsalem.

Það er óvefengjanleg staðreynd að Jesús Kristur hefur haft meiri áhrif en nokkur annar einstaklingur á þessari jörðu frá upphafi vega. Hann skildi eftir sig fámennan hóp lærisveina, sem trúðu því að Jesús hefði verið eingetinn sonur Guðs, kominn í mannheim til þess að frelsa synduga menn frá glötun. Þessi trú grundvallaðist á staðfastri sannfæringu þeirra um að hinn krossfesti Jesús hefði risið upp frá dauðum enda höfðu þeir sjálfir umgengist hann upprisinn. Úthelling heilags anda yfir lærisveinana og skírn þeirra í eldi á hvítasunnudag í Jerúsalem, gaf þeim djörfung til að boða trúna. Þar með hófst saga kristinnar kirkju og henni er ekki lokið, hún lengist ár frá ári.



Dæmisagan um talenturnar (Matt. 25).
Lati þjónninn er að grafa upp
talentuna sem hann faldi.
(Trérista frá 1712)

a) Fyrri upprisan á sér stað í fimm áföngum:

1. Upprisa Jesú Krists – frumgróðinn (1 Kor 15:20).
2. Upprisa helgra látinna manna átti sér stað eftir upprisu Jesú Krists (Matt 27:52-53).
3. Upprisa þeirra sem dánir eru í Kristi (1 Þess. 4:16).
4. Upprisa niðja Ísraels (Sakaría 13:9, Daníel 12:1-2, Jesaja 26:19-21, Róm. 11:26).
5. Við upphaf þúsund ára ríkisins verður upprisa píslarvotta sem teknir hafa verið af lífi allar aldir, fyrir trú sína á Jesú Krist (Opínb. 20:4).

Stofnun kirkjunnar – frumsöfnuðurinn

Postulasagan

Postulasagan er helsta heimild okkar um líf og starf postulanna eftir upprisu Jesú Krists,¹ auk bréfanna í Nýja testamentinu. Hún er rituð af *Lúkasi lækni*, sem var einn nánasti samverkamaður *Páls postula*. Talið er að Lúkas hafi verið af grískum ættum frá borginni Antíókkíu í Sýrlandi. Lúkas skrifaði Lúkasarguðspjall fyrir mann sem hét eða var kallaður Þeófilus (theophilus; gríska: *vinur Guðs*), til að hann gæti gengið úr skugga um áreiðanleika frásagnanna um Jesú Krist, eins og talað er um í fyrstu versum guðspjallsins. Lúkas skrifaði einnig Postulasöguna fyrir sama mann og er hún nokkurs konar framhald guðspjallsins. Þar rekur hann í höfuðdráttum sögu þess, hvernig kristin trú breiðist út eftir upprisu og himnaför Jesú Krists.

Í fyrri hluta Postulasögunnar er sagt frá starfi postulanna, einkum þó starfi *Símonar Péturs*. En í síðari hluta hennar er nær eingöngu sagt frá Páli og starfi hans meðal heiðingja. Er það eðlilegt, því að Lúkas var sem fyrr segir einn af nánustu samstarfsmönnum Páls. Kemur í ljós af frásögn hans, að hann er sjálfur sjónar- og heyrnarvottur margra þeirra viðburða, sem hann segir frá í Postulasögunni.

Matthías valinn postuli²

(Post. 1)

Áður en Jesús varð uppnúminn til himna, hafði hann beðið postulana að bíða í Jerúsalem, þar til hann sendi heilagan anda sinn yfir þá.

Eftir himnaför Jesú fóru postularnir því til Jerúsalem og biðu þar í bæn og þolinmæði eftir því, að rætast mundu orð hans. „*Allir þessir voru með einum huga stöðugir í bæninni ásamt konunum.*“ Þeir voru nú ekki nema ellefu, því að sá tólfti, *Júdas Símonarson* hafði svikið Jesú. Þeir völdu því mann sem hafði verið með Jesú frá fyrstu tíð, til þess að hann skyldi verða einn af postulunum. Hann hét *Matthías*.

Úthelling andans

(Post. 2)

Postularnir þurftu ekki að bíða lengi eftir því, að fyrirheit Jesú rættist. Tíu dögum eftir himnaförina var *hvítasunnudagur*. Þá voru þeir allir saman komnir á einum stað. *Varð þá skyndilega gnýr af himni eins og aðdynjandi sterkviðris og fyllti allt húsið, þar sem þeir voru. Þeim birtust tungur, eins og af eldi væru, er kvísluðust og settust á hvern og einn þeirra.* Þeir fylltust allir af heilögum anda og fóru að tala á tungumálum, sem þeir kunnu ekki áður (*xenolalia*).

Er borgarbúar heyrðu þetta hljóð, þyrptust þeir að til þess að vita, hverju þetta sætti. Urðu þeir mjög undrandi, er þeir sáu postulana og heyrðu þá tala á erlendum tungumálum, en margir í mannfjöldanum voru frá öðrum löndum. Þeir sögðu hver við annan: „*Eru þetta ekki allt Galíleumenn, sem hér eru að tala? Hvernig má það vera, að vér, hver og einn, heyrum þá tala vort eigið móðurmál? En aðrir höfðu að spotti og sögðu: „Þeir eru drukknir af sætu víni.“*“

Þá stóð Símon Pétur upp og sagði: „*Gyðingar og þér allir Jerúsalembúar!.. Ljáið eyru orðum mínum. Eigi eru þessir menn drukknir, eins og þér ætlið ...*“ Jesús frá Nasaret, sem þér létuð krossfesta, hefur Guð uppvakið frá dauðum og upphafið sér til hægri handar. Nú hefur

¹ Kristur (Messías = hinn smurði, á hebr. *mashiyach*, á grísku *kristos*).

² Orðið postuli merkir sendiboði eða boðberi. Er það notað um innsta hóp lærisveina Jesú Krists, sem Hann kallaði sérstaklega til að starfa með sér. Síðar var farið að nota þetta orð í víðari merkingu um þá sem sendir voru af kristnum söfnuðum til að leiða trúboðsstarfið, sbr. Pál postula.

Þessi Jesús úthellt sínum heilaga anda yfir oss, eins og þér sjáið og heyrið. Þess vegna skal allur Ísraelslýður vita með vissu að þennan Jesú, hefur Guð gjört bæði að Drottni og Kristi.

Er viðstaddir heyrðu ræðu Péturs, stungust þeir í hjörtun og sögðu við postulana: „Hvað eigum vér að gjöra bræður?“

Pétur svaraði: „Gjörð iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda.“

Margir af þeim, sem heyrðu þetta, létu þá skírast. Á þeim degi bættust um þrjú þúsund manns í hóp lærisveinanna.

Stofnun kirkjunnar

(Post. 2)

Hvítasunnudagur er talinn stofndagur kristinnar kirkju. Lærisveinarnir lifðu saman í eindrægni og friði. Þeir sem efnaðir voru, seldu eitur sínar og lögðu andvirðið fram til sameiginlegra þarfa safnaðarinnar. Á hverjum degi komu þeir saman í musterinu til að hlusta á kennslu postulanna og biðjast fyrir. Þeir báðust einnig fyrir heima hjá sér og söfnuðust saman til að neyta máltíðar og minnst Jesú eins og hann hafði beðið þá um að gera.³

Fyrir hendur postulanna gerðust ýmis kraftaverk, þegar þeir töluðu í nafni Jesú Krists. Er menn sáu það, snérust margir til trúar á Jesú Krist, svo að daglega komu menn til að láta skírast.

Pétur postuli

Pétur var leiðtogi postulanna. Fyrri hluti Postulasögunnar greinir mest frá honum og starfi hans.

Pétur var ættaður frá þorpinu Betsáida við Genesaretvatnið í Galíleu, þar sem Jónas faðir hans bjó. Upprunalega hét hann Símon, en Jesús gaf honum nafnið *Kefas*, sem merkir klettur. Á grísku er það *Pétur*. Þessi nafngjöf Jesú benti til þess hlutverks, sem hann ætlaði Pétri síðar að vinna.



Postularnir Pétur og Páll
Málverk eftir El Greco

Bróðir Péturs var *Andrés*. Þeir fluttust til Kapernaum, þar sem þeir stunduðu fiskveiðar. Pétur var kvæntur.

Þeir bræðurnir voru meðal fyrstu lærisveina Jesú. Andrés mætti Jesú fyrr og hreifst af boðskap hans. Fór hann síðan og fékk Pétur með sér á fund hans. Pétur varð þá einnig snortinn af boðskap Jesú.

Síðar mætti Jesús þeim bræðrunum við Genesaretvatnið, er þeir voru þar við störf sín. Þar kallaði Jesús þá til fylgdar við sig. Hlýddu þeir óðara kalli hans og voru með honum upp frá því.

Allt frá því Jesús útvaldi þá tólf til að vera postula, var Pétur eins konar foringi þeirra. Hann var í hópi þeirra þriggja postula, sem Jesús valdi til að vera með sér á mikilvægum stundum lífs síns. Hinir tveir voru bræðurnir *Jakob* og *Jóhannes*. Aðeins þessir þrír voru með Jesú, þegar hann vakti upp dóttur Jaírusar; þegar hann ummyndaðist á fjallinu og í grasgarðinum í Getsemane, áður en Jesús var handtekinn.

Oft er einnig sagt frá því, að Pétur hafi haft orð fyrir postulunum, þegar Jesús talaði við þá. Hann gerir játninguna við Sesareu Filippí, að Jesús sé Kristur, sonur hins lifanda Guðs. Einnig er sagt frá því, að Pétur reyndi að hafa áhrif á Jesú, ef honum fannst hann vera að segja eða gera annað en það, sem Pétur hélt rétt vera.

Þegar Jesús var handtekinn og leiddur fyrir æðsta prestinn, fylgdi Pétur á eftir til að sjá, hverjar yrðu málalyktir. Hann hafði lagt áherslu á, að hann mundi aldrei bregðast frelsara sínum. En í hallargarði æðsta prestsins brast hann kjarkinn, er þjónar æðsta prestsins fóru að spyrja, hvort hann væri ekki einn af lærisveinum Jesú. Þá afneitaði hann meistara sínum. En hann iðraðist afneitunar sinnar og fékk fyrirgefningu. Jesús birtist honum sérstaklega eftir uppreisuna og fól honum umsjá safnaðarinnar.

³ Sjá Lúkas 22:19-20.

Við úthellingu heilags anda yfir postulana á hvítasunnudag verður gerbreyping í lífi Péturs. Þá eignast hann þá öruggu trúarfullvissu, sem hann missti aldrei síðan. Þá heldur hann ræðuna um hinn upprisna Jesú. Þegar hann talaði í nafni Jesú Krists, gerðust ýmis kraftaverk, enda var hann fyrstur handtekinn ásamt Jóhannesi, er trúarleiðtogar Gyðinga hófu ofsóknir gegn kristnum mönnum.

Frásögn Postulasögunnar sýnir, að Pétur var áfram foringi postulanna. Pétur var að mörgu leyti vel til foringja fallinn og gæddur góðum hæfileikum. Hann var snarráður, skjóttur til ákvarðana og djarfur, þótt hann væri stundum fljótfer. En hann var ekki of stoltur til að játa yfirsjónir sínar og biðja um fyrirgefningu.

Talið er að Pétur hafi verið krossfestur í Rómaborg árið 64 e. Kr., en síðustu árin hafi hann starfað hjá kristna söfnuðinum þar í borg (sbr. 1 Pétursbréf 5:13).

Við Fögrudyr

(Post. 3)

Símon Pétur og Jóhannes gengu eitt sinn upp í musterið í Jerúsalem til að biðjast fyrir. Gengu þeir inn um dyr, sem nefndust Fögrudyr. Úti fyrir dyrunum lá beiningamaður, sem



Fögrudyr í suðurvegg á Musterishæð

hafði verið lamaður frá fæðingu, svo að hann gat ekki gengið. Er hann sá Pétur og Jóhannes, beiddist hann ölmusu af þeim. Pétur nam þá staðar og sagði við hann: „Lít þú á okkur.“ Beiningamaðurinn blíndi á þá. Pétur sagði við hann: „Silfur og gull á ég ekki, en það sem ég hef, það gef ég þér: Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, státt upp og gakk! Og hann tók í hægri hönd honum og reisti hann upp. Jafnskjótt urðu fætur hans og ökkla styrkir,

hann spratt upp, stóð í fætur og tók að ganga. Hann fór inn með þeim í helgidóminn, gekk um og stökk og lofaði Guð.“ En þeir sem sáu þetta, undruðust og lofuðu Guð. Og margir þeirra snérust til trúar á Jesú Krist.

Fyrir ráðinu

(Post. 4–5)

Er prestarnir fréttu þetta, gramdist þeim mjög. Létu þeir handtaka Pétur og Jóhannes og varpa þeim í fangelsi. Voru þeir síðan leiddir fram fyrir ráðið⁴ og bannað harðlega að kenna frammar í nafni Jesú Krists. Var þeim hótad refsingu, ef þeir létu sér ekki segjast. Var þeim síðan sleppt úr haldi.

En þeir létu sér ekki segjast, heldur héldu áfram að koma fram opinberlega og tala um Jesú Krist. Létu þá prestarnir handtaka postulana og varpa þeim aftur í fangelsi. En um nóttina kom engill Drottins⁵ og leiddi þá út úr fangelsinu. Bauð hann þeim að halda áfram að kenna fólkinu.

Daginn eftir kom ráðið saman til að dæma postulana. Sendi það hermenn til að sækja þá í fangelsið, en hermennirnir gripu í tóm. Var þeim sagt, að postularnir stæðu í musterinu og væru að kenna.

⁴ Öldungaráðið (hebr.: *sanhedrin*), var hæstiréttur í Ísrael meðan landið var sjálfstætt. Öldungaráðið var skipað 71 manni, sbr. 4. Mósebók 11:16. Eftir að Arkelás fjórðungsstjóri var settur af árið 6 e.Kr., fór landstjóri Rómverja með yfirstjórn dómsmála í Júdeu.

⁵ Drottinn (hebr. *Adonai*) er í Gamla testamentinu notað í staðinn fyrir eitt af nöfnum Guðs (hebr. YHWH, *Yahweh* eða *Yehovah*), á grísku: *Kyrios* (á latínu: *Dominus*). Í töluðu máli nota Gyðingar ávallt önnur orð í staðinn fyrir YHWH. Er það m.a. gert vegna þess að Gyðingar telja annars hættu á að menn leggi nafn Guðs við hégóma. (Sjá einnig neðanmálsgrein á bls. 38).

Postularnir voru enn teknir höndum og leiddir fyrir ráðið. Æðsti presturinn sagði við þá: „*Stranglega bönnuðum vér yður að kenna í þessu nafni, og nú hafið þér fyllt Jerúsalem með kenningu yðar...*“

Pétur og hinir postularnir svöruðu: „*Framar ber að hlýða Guði en mönnum. Guð feðra vorra hefur upp vakið Jesú, sem þér hengduð á tré og tókuð af lífi. Hann hefur Guð hafið sér til hægri handar og gjört hann að foringja og frelsara til að veita Ísrael afturhvarf og fyrirgefningu syna sinna. Vér erum vottar alls þessa, og heilagur andi, sem Guð hefur gefið þeim, er honum hlýða.*“

Ráðherrarnir fylltust þá bræði og voru staðráðnir í að lífláta postulana. Þá stóð upp farísei,⁶ Gamalíel að nafni, lögfróður maður og vel metinn, og sagði: „*Látið þessa menn eiga sig og sleppið þeim. Sé þetta ráð eða verk frá mönnum, verður það að engu, en sé það frá Guði, þá megnið þér ekki að yfirbuga þá. Eigi má það verða að þér berjist við sjálfan Guð.*“ Ráðherrarnir féllust á þetta. Létu þeir því nægja að láta húðstrýkja postulana og ítrekuðu bann sitt við því, að þeir kenndu um Jesú.

Fóru postularnir síðan burt frá augliti ráðsins, glaðir yfir því að hafa verið virtir þess að þola háðung vegna nafns Jesú Krists. Létu þeir ekki af að kenna dag hvern í helgidóminum og heimahúsum og boða *fagnaðarerindið*⁷ um Krist Jesú.

Gyðingdómur og Hellenistar

Á þessum tíma bjó fleira fólk af hebreskum uppruna utan Ísraels en í landinu sjálfu. Þar var sumpart um að ræða afkomendur þeirra Ísraelsmanna, sem á sínum tíma höfðu verið herleiddir af Assýríumönnum og Babýlóníumönnum, en höfðu ekki snúið aftur til Ísraels, er þeim var leyft að hverfa heim aftur. Auk þeirra höfðu margir *Hebrear*⁸ flutt burt úr landinu af ýmsum ástæðum og sest að víðs vegar í löndunum við austanvert Miðjarðarhaf, einkum í borgunum.

Þessi fjölmenni hópur fólks af hebreskum ættum sem hélt fast við trú feðra sinna var kallaður *Hellenistar*.⁹ Þeir nutu ýmissa forréttinda í trúarefnum í hinu rómverska ríki. Þeir fengu óaréittir að dýrka Guð sinn og sluppu við að tilbiðja keisarann og færa honum fórnir. Einnig voru þeir undanþegnir herskyldu. Hellenistarnir töluðu yfirleitt grísku og ráku talsvert trúboð meðal heiðinna nágranna sinna. Unnu þeir marga þeirra til trúar. Gamla testamentið var þýtt á grísku (ca. 285–250 f.Kr.) af 72 þýðendum í egypsku borginni Alexandríu. Þessi þýðing var nefnd sjötíumannaþýðingin (lat.: *septuaginta, LXX*).

Hellenistar höfðu stöðugt og náið samband við gamla heimalandið. Þeir sendu árlega fjárstyrk til musterisins í Jerúsalem og hver karlmaður var skyldur til að fara minnst einu sinni á ævinni til musterisins, því að hvergi gátu Hebrear fært Guði fórnir, nema þar. Höfðu þeir reist samkunduhús í flestum stærri borgum hins rómverska ríkis, þar sem þeir komu saman á hvíldardeginum og héldu guðþjónustur sínar. Allstór hópur fólks sótti samkunduhúsin án þess að gangast undir lögmál¹⁰ gyðingdóms með formlegum hætti. Í Nýja testamentinu er þetta fólk nefnt *guðhræddir heiðingjar*. Þegar kristnir menn hófu boðun fagnaðarerindisins í samkunduhúsunum, voru guðhræddir heiðingjar móttækilegastir fyrir boðskapnum.

Eins og áður getur, voru Hellenistar fjölmennir í hópí þeirra, sem hlustuðu á prédíkun Símonar Péturs á hvítasunnudag. Margir tóku trú á Jesú Krist og bættust í söfnuð kristinna manna.

⁶ Farísear: Sjá nánar á bls. 9-10.

⁷ Nánar sjá skýringu 49 neðanmáls á bls. 36.

⁸ Orðið *Hebrei* er hér notað sem samheiti yfir ættkvíslir Ísraelsmanna, afkomendur Jakobs sonar Ísaks.

⁹ Í Ísrael bjó einnig allstór hópur innfæddra sem hafði aðlagast grísk-rómverskri menningu og talaði grísku. Töluverð togstreita var milli þessara Hellenista (aðallega menntað yfirstéttarfólk) og almennings sem vildi halda fast í hebreska (araméíska) tungu og siði.

¹⁰ Lögmálið: Lög Ísraelsmanna voru skráð í fimm bókum Móse.

Stefán

(Post. 6–7)

Er söfnuður kristinna manna stækkaði, kom upp kurr milli Hellenista og heimamanna. Postulunum tólf reyndist um megn að annast alla stjórn og umsjón safnaðarins, auk þess sem þeir höfðu boðun fagnaðarerindisins með höndum. Kusu þeir því sjö valinkunna menn úr hópi Hellenista til að annast alla þjónustu við sameiginlegar máltíðir safnaðarins. Einn þessara safnaðarþjóna (*djákna*) var Stefán.

Fyrir hendur Stefáns gerðust mörg kraftaverk og talaði hann af svo mikilli andagift, að hann bar ávallt hærri hlut, þegar hann lenti í kappræðum við borgarbúa. Þeir báru því haturshug til hans og kærðu hann fyrir ráðinu. Leiddu þeir fram ljúgvotta sem sögðu, að þeir hefðu heyrt hann lastmæla gegn Móse og Guði. Var hann þá handtekinn og leiddur fyrir ráðið. Öllum sem í ráðinu sátu, varð starsýnt á hann og virtist þeim ásjóna hans vera sem engilsásjóna.

Stefán hélt langa ræðu fyrir ráðinu, þar sem hann rakti sögu Ísraelsmanna allt frá fyrstu tíð og sýndi fram á vantrú þeirra og þverúð, hvernig þeir hefðu óhlýðnast vilja og boðum Guðs. Og ræðu sína endaði hann á þessa leið: „*Þér standið ávallt gegn heilögum anda, þér eins og feður yðar. Hver var sá spámaður, sem feður yðar ofsóttu eigi? Þeir drápu þá, er boðuðu fyrirfram komu hins réttláta, og nú hafið þér svikið hann og myrt.*“

Er ráðherrarnir heyrdðu þessi orð, urðu þeir svo reiðir, að þeir gnístu tönnum gegn Stefáni. En hann horfði til himins, fullur af heilögum anda og sagði: „*Ég sé himnana opna og Mannssoninn standa til hægri handar Guði.*“ Þá gerðu þeir hróp að honum, réðust á hann, hröktu hann úr borginni og grýttu hann. „*Lögðu þeir yfirhafnir sínar að fótum ungum manni, er Sál hét.*“¹¹

En Stefán baðst fyrir og sagði: „*Drottinn Jesús, meðtak þú anda minn. Síðan féll hann á kné og hrópaði hárrí röddu: „Drottinn, lát þá ekki gjalda þessarar syndar.“*“ Er hann hafði þetta mælt andaðist hann.

Stefán var hinn fyrsti í hinum fjölmenna hópi kristinna manna (píslarvotta), sem látið hafa lífið fyrir trúna á Jesú Krist. Líflát Stefáns var fyrsta sáðkornið sem féll í jörðina vegna þeirrar uppskeru trúaðra sem átti eftir að eiga sér stað um heimsbyggðina.

Ofsóknir hefjast

(Post. 8)

Eftir dauða Stefáns hefjast miklar ofsóknir gegn kristna söfnuðinum í Jerúsalem, hinar fyrstu sem um getur. Beindust þær fyrst og fremst gegn Hellenistum, sem urðu að flýja burt úr Jerúsalem. Dreifðust þeir út um allt Ísrael. Hins vegar virðast postularnir sjálfir og aðrir heimamenn úr hópi hinna kristnu hafa fengið að vera kyrrir í borginni. En þessi dreifing varð til þess, að kristin trú breiddist óðfluga út. Hvar sem hinir kristnu menn komu, fluttu þeir fólkinu fagnaðarboðskapinn um Jesú Krist, son Guðs. Tóku margir trú fyrir boðun þeirra.

Filippus

(Post. 8)

Einn safnaðarþjónanna, sem valdir höfðu verið til aðstoðar postulunum, var *Filippus*. Er hann varð að flýja burt úr Jerúsalem, fór hann norður til Samaría og prédikaði Krist þar. Kraftur Guðs var með Filippusi og staðfesti orð hans. Vegna þjónustu Filippusar fengu margir sjúkir lækningu og óhreinir andar fóru út. Starf hans vakti mikla athygli, og margir tóku trú fyrir orð hans.

Frá Samaría fór Filippus suður á bóginn, á þjóðveginn sem liggur frá Jerúsalem suður til Gaza. Þar hitti hann eþíópískan höfðingja, sem var á heimleið frá Jerúsalem. Var hann að lesa

¹¹ Samkvæmt reglum Hebrea, þurftu þeir sem ákærðu einhvern, væri hann dæmdur dauðasekur samkvæmt ákærinni, að sjá um að kasta fyrstu steinunum að þeim dæmda. Sál tók að sér að varðveita yfirhafnir ákærendanna, meðan þeir voru að kasta steinunum.

í ritum Gamla testamentisins. Filippus fór að útskýra fyrir honum það, sem spáð hafði verið um Krist. Tók Eþíópíumaðurinn trú og lét skírast. Hélt hann síðan áfram heimleiðis fagnandi.

Þannig barst trúin á Jesú Krist víða, einnig út fyrir takmörk Ísraels.

Jakob líflátinn

(Post. 12)

Árið 44 lét *Heródes Agrippa I* konungur, taka einn postulanna Jakob Sebedeusson bróður Jóhannesar og hálshöggva hann með sverði. Er hann sá að landsmönnum líkaði þetta vel, hélt hann áfram og lét einnig taka Pétur og varpa honum í fangelsi. Var hans vandlega gætt af fjölda hermanna. Stöðugt var beðið fyrir Pétri í söfnuðinum. Engill Drottins kom í fangelsið til Péturs og leysti af honum fjötrana. Var Pétur síðan leiddur út, án þess að verðirnir yrðu hans varir. Fór Pétur þá aftur til safnaðarins og sagði þeim frá því, sem Drottinn hafði fyrir hann gert.

Þjónusta Péturs

(Post. 9)

Pétur ferðaðist milli safnaðanna til að fylgjast með starfi þeirra. Þegar hann var í borginni Lýddu (*Lod*), hitti hann mann sem hafði legið lamaður í átta ár. Pétur sagði við hann: „*Jesús Kristur læknar þig, statt upp og bú um þig. Jafn skjótt stóð hann upp.*“

Í borginni Joppe (*Jaffa*) bjó kona, sem *Dorkas* nefndist. Hafði hún tekið trú á Krist. Þegar hún andaðist, voru menn sendir til Péturs og báðu þeir hann að koma til Joppe. Pétur varð þegar við þeirri bón. Er hann kom þangað, gekk hann inn, þar sem líkið lá. Féll hann á kné og baðst fyrir. „*Síðan snéri hann sér að líkinu og sagði: „Tabíþa“,¹² rís upp. En hún opnaði augun, sá Pétur og settist upp.*“

Fregnin um þetta barst út um alla borgina og margir tóku trú á Jesú Krist. Pétur dvaldist síðan allmarga daga í Joppe.

Kornelíus

(Post. 10)

Í borginni Sesareu bjó rómverskur hundraðshöfðingi,¹³ sem Kornelíus hét. Hann var maður guðrækin, bænþrákinn og góðgerðasamur. Eitt sinn kom til hans engill Drottins í sýn og sagði við hann: „*Kornelíus! Bænir þínar og ölmusur eru stignar upp til Guðs, og hann minnst þeirra. Send þú nú menn til Joppe og lát sækja Símón nokkurn er kallast Pétur.*“ Kornelíus

sendi strax menn af stað til Joppe til að sækja hann.

Áður en þeir komu þangað, var Pétur uppi á húspaki að biðjast fyrir. Hann hungraði og vildi matast. Varð hann þá frá sér numinn og sá sýn. Hann sá himininn opinn og hlut nokkurn koma niður eins og stóran dúk, er á fjórum skautum var látinn síga niður til jarðar. Voru þar á öll ferfætt dýr og skriðdýr jarðarinnar og fuglar himinsins. Heyrði hann rödd, sem sagði: „*Slátra nú Pétur og et!*“ En Pétur sagði: „*Nei, Drottinn, engan veginn, aldrei hef ég etið neitt vanheilagtt né óhreint.*“¹⁴ Þá



Endurbyggður rómverskur leikvangur í Sesareu

¹² Tabíþa er nafn hennar á hebresku. Dorkas á grísku.

¹³ Foringi fyrir hersveit hundrað manna.

¹⁴ Í Mósebókunum er að finna ströng fyrirmæli um það, hvaða dýr má hafa til matar. Eru þau kölluð hrein. Hin, sem ekki má hafa til matar, eru nefnd óhrein dýr. Til óhreinna dýra teljast m.a. úlfaldi, héri og svín.

sagði röddin aftur: „*Eigi skalt þú kalla það vanheilagt, sem Guð hefur lýst hreint!*“ Þessi sýn birtist þrem sinnum. Hvarf þá dúkurinn upp til himins.

Pétur var í mikilli óvissu um, hvað þessi sýn ætti að merkja. Komu þá sendimenn Kornelíusar og spurðu eftir honum. Heilagur andi sagði Pétri, að hann skyldi fara með þessum mönnum, því Guð hefði sent þá. Gekk Pétur niður til mannanna og spurði um erindi þeirra. Þeir fluttu honum boð húsbónda síns.

Daginn eftir fór hann af stað með sendimönnum til Sesareu. Er þeir komu til Kornelíusar, hafði hann boðið til sín vinum sínum og frændum til að hlýða á boðskap Péturs.

Er Pétur gekk inn í hús Kornelíusar, kom hann á móti honum, féll til fóta honum og veitti honum lotningu. En Pétur reisti hann upp og sagði: „*Statt upp, ég er maður sem þú.*“

Kornelíus skýrði Pétri frá sýn þeirri, er hann hafði séð. Síðan sagði hann: „*Nú erum vér hér allir fyrir auglýsingu Guðs til að heyra allt, sem Drottinn hefur boðið þér.*“

„Þá tók Pétur til máls og sagði: „*Sannlega skil ég nú, að Guð fer ekki í manngreinaralit. Hann tekur opnum örmum hverjum þeim, sem óttast hann og ástundar réttlæti, hvernar þjóðar sem er.*““ Prédikaði hann síðan fyrir þeim fagnaðarboðskapinn um Jesú Krist, sem Guð hefði vakið upp frá dauðum. Lauk hann máli sínu með að segja: „*Honum bera allir spámennirnir vitni, að sérhver, sem á hann trúir, fái fyrir hans nafn fyrirgefningu syndanna.*“

Meðan Pétur var að tala, kom heilagur andi yfir alla þá er orðið heyrðu. Kristnir menn, sem komið höfðu með Pétri, undruðust mjög, að Guð skyldi einnig senda anda sinn yfir heiðingjana.

Þá mælti Pétur: „*Hver getur varnað þess, að þeir verði skírðir í vatni? Þeir hafa fengið heilagan anda sem vér.*“

Voru heimamenn síðan allir skírðir. Dvaldist Pétur hjá þeim í nokkra daga.

Óánægja í frumsöfnuðinum

(Post. 11)

Meðlimir frumsafnaðarins litu ekki á sig sem fylgjendur nýrrar trúar. Söfnuðurinn hefði ekki hafnað gyðingdómi, heldur fengið opinberun um að tímaskeið Messíasar sem trúaðir Hebrear höfðu beðið eftir í margar aldir, væri þegar hafið. Strangtrúaðir Gyðingar voru hins vegar þeirrar skoðunar, að fylgjendur Jesú Krists væru villutrúarhreyfing innan gyðingdóms.

Postularnir töldu, að þeim væri ekki leyfilegt að flytja fagnaðarboðskapinn beint til heiðingjana, heldur aðeins til Hebrea. Ef heiðnir menn vildu verða kristnir, yrðu þeir fyrst að gangast undir lögmálið og taka upp trúarhefðir Hebrea. Þetta vildu heiðingjarnir yfirleitt ekki. Töldu þeir Hebrea alls ekki fremri sér og sumir litu jafnvel niður á þá.

Pétur var sömu skoðunar og hinir postularnir um þetta. En sýnin sem hann sá í Joppe, sannfærði hann um að Guð sjálfur vildi senda hann til Kornelíusar með fagnaðarboðskapinn.

Þegar postularnir og frumsöfnuðurinn í Jerúsalem heyrðu, að Pétur hefði skírt guðhrædda heiðingja í Sesareu, vaknaði hjá þeim óánægja og þeir fóru að átelja hann fyrir þetta. Pétur skýrði þeim frá öllu því, sem fyrir hann hafði borið, sagði þeim frá sýninni, er hann hafði séð og það hefði verið Guð sjálfur, sem hefði sent hann. Og Guð hefði einnig sent heilagan anda sinn yfir heiðingjana. Er söfnuðurinn heyrði alla málavöxtu, vegaðu menn Guð og sögðu: „*Guð hefur þá einnig gefið heiðingjunum afturhvarf til lífs.*“

Farísear

Á tímum postulanna bar mikið á trúflokki í Ísrael, sem *farísear* nefndust. Hreyfing þeirra átti upptök á annarri öld fyrir Krist.

Farísei merkir „*hinn aðgreindi.*“ Þeir héldu sig frá öllu því, sem talið var óhreint samkvæmt lögmáli Móse og lögðu mikla áherslu á nauðsyn þess að halda allt lögmálið ásamt munnlegri erfikenningu, sem þróast hafði gegnum aldirnar. Þeir gerðu því strangar kröfur til sjálfra sín. Með þeim hætti hugðust þeir afla sér velþóknunar Guðs og ávinna sér sálhjálp fyrir eigin verk og verðleika.

Ísraelsmenn litu almennt upp til faríseanna og auðsýndu þeim virðingu vegna hins vandaða lífennis þeirra, en þeir voru fáir sem treystu sér til að ganga í flokk þeirra og halda hinar ströngu kröfur. Farísearnir urðu því aldrei fjölmennir. Talið er, að á dögum postulanna hafi þeir verið um sex þúsund. En þeir höfðu mikil áhrif meðal landsmanna. Lögðu þeir áherslu á, að þeir gætu sjálfir unnið fyrir sér og þyrftu ekki að vera upp á aðra komnir fjárhagslega. Lærðu þeir því ætíð einhverja handið jafnframt bóknámi sínu.


Meðal trúaðra Gyðinga var sú skoðun útbreidd að ástæðan fyrir því að Rómverjar höfðu hertekið Ísrael, væri sú að þjóðin hefði brotið margvíslega af sér gagnvart Guði, með því að fylgja ekki fyrirmælum Guðs í lögmálinu. Ef villutrúarhópar yrðu útbreiddir í landinu, gæti þjóðin vænst ennþá alvarlegri refsingar frá Guði, sbr. Jóhannesarguðspjall 11.48: „*Ef vér leyfum honum að halda svo áfram, munu allir trúa á hann, og þá koma Rómverjar og taka bæði helgidóm vorn og þjóð.*“

Farísear trúðu því, að Messías kæmi til að endurreisa hið forna veldi Ísraels, ef allir landsmenn héldu allt lögmálið, þótt ekki væri nema einn dag (sbr. Post. 26:6-7). Þess vegna kappkostaðu þeir að halda lögmálið og litu niður á þá, sem héldu það ekki. Þessi fyrirritning þeirra kemur glöggt fram í dæmisögu Jesú um faríseann og tollheimtumanninn í musterinu.¹⁵

Sagnaritarinn Jósefus, segir um farísea: „Þeir telja að sérhver sál sé ódauðleg. Sálir góðra manna fá upprisulíkama, en sálir vondra manna fari til eilífrar refsingar.“

Farísearnir snérust öndverðir gegn boðskap Jesú Krists. Þeir töldu sig geta komist af fyrir eigin verðleika og lögmálsverk. Þeir trúðu ekki að hægt væri að eignast frelsi frá syndum og persónulegt samfélag við Guð. Þeir neituðu að viðurkenna guðdóm Jesú og réttmæti þess dóms, sem hann sagði að biði þeirra í framtíðinni.¹⁶ Þess vegna voru þeir í fararbroddi þeirra, sem létu handtaka hann og vildu láta dæma hann fyrir guðlast.

Eftir að postularnir fóru að boða trúna á hinn krússfesta og upprisna Jesú Krist, snérust farísearnir gegn þeim af fullum krafti og reyndu að hindra starf þeirra, stundum með beinum ofsóknum.



Jerúsalem á fyrri hluta 1. aldar – tölvugerð mynd

Sál frá Tarsus

Einn hinn fremsti í flokki faríseanna í þessum ofsóknum gegn kristnum mönnum var Sál, ungi maðurinn, sem hafði verið viðstaddur líflát Stefáns píslarvotts.

Sál var úr hópi Hellenistanna, fæddur í hafnarborginni Tarsus, austarlega á suðurströnd Litlu-Asíu. Við vitum fátt um foreldra Sáls. Faðir hans var farísei og mun hafa verið vel

¹⁵ Lúkasarguðspjall; 18:9-14.

¹⁶ Matteusarguðspjall 23:14.

efnum búinn, því að hann var rómverskur borgari, en slíkur borgararéttur var yfirleitt aðeins veittur þeim útlendingum, sem komist höfðu til einhverra metorða eða áhrifa í þjóðfélaginu. Þennan rómverska borgararétt erfði Sál frá föður sínum. Reyndist hann honum mikils virði síðar á ævinni, því að hann veitti honum ýmis forréttindi fram yfir þá, sem höfðu ekki slíkan borgararétt.



Eitt af borgarhliðum Tarsus

Talið er að Sál hafi fæðst um líkt leyti og Jesús. Sál er hebreskt nafn og merkir: Sá, sem er þráður. Hann bar einnig grískt nafn, eins og venja var margra Hebrea á þeim tímum. Hét hann einnig Páll. Það nafn notaði hann, eftir að hann hóf kristniboðsstarf sitt.

Fátt er vitað um uppleidi Sals í Tarsus. Þó er bersýnilegt, að hann hefur frá barnæsku verið alinn upp í ströngum gyðingdómi. Var hann sendur til frekara náms í Jerúsalem. Hefur hann þá sennilega verið tíu til tólf ára að aldri. Var hann nemandi Gamaliels þess, sem fyrr er getið. Gamaliel var einn af frægustu lærifeðrum landsins.

Sál lærði tjaldgjörð að hætti farísea. Kom það sér mjög vel síðar, er hann vann iðulega fyrir sér með þeirri iðn á kristniboðsferðum sínum.

Sál var farísei af lífi og sál. Hann var mjög vel að sér í hinum trúarlegu fræðum þjóðar sinnar. Var hann mjög strangur um allt helgihald og hlýddi nákvæmlega öllum þeim boðum og lögum, sem farísearnir settu og skipuðu mönnum að halda.¹⁷

Sál virtist því vís vegur til frama og valda meðal faríseanna. Þegar kristnir menn hófu að prédika í Jerúsalem, snérist hann hatrammur gegn þeim og kenningum þeirra. Virðist hann einna fyrstur hafa skilið þann mun, sem er á gyðingdómi og kristinni trú. Ef Gyðingar snérist til trúar á Jesú Krist í stórum stíl, væri hefðbundnum gyðingdómi hætta búin. Lagði hann því allt kapp á að koma í veg fyrir starf þeirra. Varð hann brátt fremstur í flokki ofsækjendanna. Reyndi hann alls staðar að hafa uppi á kristnum mönnum, hvar sem þá var að finna, til að geta dregið þá fyrir lög og dóm. Lét hann sér ekki nægja að leita þeirra í Jerúsalem einni.

Á leið til Damaskus

(Post. 9)

Er kristnum mönnum í Jerúsalem hafði verið tvístrað, gekk Sál á fund æðsta prestsins og beiddist bréfa sem heimiluðu honum að fara til borgarinnar Damaskus, svo hann gæti einnig þar látið handtaka kristna menn, hvort heldur karla eða konur og farið með þá til Jerúsalem.

Er hann var á leiðinni og kominn í námunda við Damaskus, leiftraði þá skyndilega um hann ljós af himni og hann féll til jarðar. Heyrði hann þá rödd segja við sig: „Sál, Sál, hví ofsækir þú mig?“ Sál svaraði: „Hver ert þú, herra?“ Og röddin sagði: „Ég er Jesús, sem þú ofsækir. En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra.“

Er Sál stóð upp aftur, var hann orðinn blindur. Samferðamenn hans höfðu séð ljósið og heyrt röddina. Voru þeir mjög undrandi. Urðu þeir að leiða hann inn í Damaskus.

¹⁷ Á þessum tíma var annar trúarhópur áberandi í landinu, sem kallaðist Saddúkear. Þeir höfnuðu erfikenningum Farísea og upprisau dauðra. Embættismenn landsins voru aðallega úr hópi Saddúkea (þar á meðal voru æðstu prestarnir Annas og Kaífas). Þriðji hópurinn kallaðist Essenar. Þeir skildu sig frá Faríseum og Saddúkeum, því þeir töldu að þessir hópar hefðu saurgað Jerúsalem og musterið. Essenar fluttu frá Jerúsalem og stofnuðu klaustursamfélög í eyðimörkinni, þar sem þeir báðu fyrir því að Guð myndi endurreisa sanna Guðsdýrkun í Ísrael. Á árunum 1946-1956, fundust fjölmörg handrit í hellum við Dauðahafið frá tímum Essena, á stað sem heitir Qumran. Meðal Dauðahafshandritanna eru elstu varðveitt handrit af nokkrum bókum Gamla testamentisins og sanna þau með ótvíræðum hætti að texti Gamla testamentisins (á hebresku) er nánast orðrétt hinn sami og sá sem notaður var á tímum postulanna.

Sál fær sjónina

(Post. 9)

Í þrjá daga var Sál sjónlaus og át hvorki né drakk. Í Damaskus var lærisveinn, Ananíás að nafni. Drottinn birtist honum í sýn og sagði við hann: „Ananíás!“ En hann svaraði: „Hér er ég Drottinn. Drottinn sagði við hann: „Far þegar í stræti það, sem kallað er Hið beina, og í húsi Júdasar skaltu spyrja eftir manni frá Tarsus, er heitir Sál. Hann er að biðja. Leggðu yfir hann hendur, svo að hann fái sjónina aftur.“ Ananíás svaraði: „Drottinn, heyrst hef ég marga segja frá manni þessum, hve mikið illt hann hefur gjört þínum heilögu í Jerúsalem. Og hér fer hann með vald frá æðstu prestunum að færa í bönd alla þá, sem ákalla nafn þitt.“ Drottinn sagði við hann: „Far þú, því að þennan mann hef ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja, konunga og börn Ísraels.““

Þá fór Ananíás¹⁸ til Sals, lagði hendur yfir hann og sagði: „Sál, bróðir, Drottinn hefur sent mig.“ Fékk þá Sál sjón sína aftur. Neytti hann matar og styrktist.

Flóttinn frá Damaskus

(Post. 9)



Damaskus:
Strætið beina

Sál var nokkra daga hjá lærisveinunum í Damaskus. Var hann nú gjörbreyttur. Fór hann undireins að prédika í samkomuhúsunum um Jesú, að hann væri Guðssonurinn. Urðu menn þá undrandi og sögðu: „Er þetta ekki maðurinn, sem í Jerúsalem hugðist eyða þeim, er ákölluðu þetta nafn? Kom hann ekki hingað til að fara með þá í böndum til æðstu prestanna?“

Hellenistarnir í borginni urðu Sál mjög reiðir og einsettu sér að taka hann af lífi. Gerðu þeir bandalag við yfirvöld borgarinnar og höfðu vörð við öll borgarhlíð nótt og dag til að hindra, að hann gæti komist burt úr borginni. Er Sál varð þess var, ákvað hann að flýja. Fór hann að næturlagi út að borgarmúrnum með vinum sínum. Létu þeir hann síga niður af múrnum í körfu. Sál fór til Jerúsalem til fundar við postulana. Hvarf hann síðan heim til Tarsus og dvaldist þar um hríð.

¹⁸ Samkvæmt erfikenningu kirkjunnar var Ananíás meðal hinna 70 (72) lærisveina sem Jesús sendi út (sbr. Lúkasarguðspjall 10:1). Ananíás varð síðar biskup í Damaskus. Talið er að hann hafi að lokum verið grýttur til bana.

Upphaf kristniboðs meðal heiðingja

Söfnuðurinn í Antíokkíu

(Post. 11)

Lærisveinarnir, sem orðið höfðu að flýja burt úr Jerúsalem vegna ofsóknanna, er hófust eftir líflát Stefáns, boðuðu fagnaðarerindið, hvar sem þeir komu. Fyrst í stað prédikuðu þeir aðeins fyrir Hellenistum. En er þeir komu til borgarinnar Antíokkíu á Sýrlandi, tóku þeir einnig að boða Grikkjum fagnaðarerindið. Og hönd Drottins var með þeim og mikill fjöldi tók trú á frelsarann Jesú Krist.

Þetta barst til eyrna frumsafnaðarins í Jerúsalem. Var *Barnabas* sendur til Antíokkíu til að kynna sér málavöxtu. Þegar hann kom og sá, hvað Guð hafði gert af náð sinni, gladdist hann og áminnti alla um að halda sér við Drottin með einlægu hjarta.

Barnabas fór til Tarsus, til að leita Sál uppi og er hann hafði fundið hann, fór hann með hann til Antíokkíu. Varð það úr, að þeir voru saman heilt ár í söfnuðinum og kenndu fjölda fólks. Í Antíokkíu voru lærisveinarnir fyrst kallaðir *kristnir*. Hin kristna kenning var nefnd „vegurinn“.

Fyrsta kristniboðsferð Páls

(Post. 13)

„Í söfnuðinum í Antíokkíu voru spámenn og kennarar.“ Söfnuðurinn fékk köllun frá Guði um að senda þá Barnabas og Sál af stað með fagnaðarerindið út um Rómarveldi. Voru þeir blessaðir til starfsins með bæn og handayfirlagningu. Varð þetta upphafið að hinu mikla heiðingjakristniboði í frumkirkjunni.

Þeir Barnabas og Sál fóru fyrst til Kýpur. Hófu þeir ætíð starf sitt í samkomuhúsum Hellenista. Þegar þeir höfðu ferðast mikið um eyrna, lét landstjórinn kalla þá fyrir sig til að heyra Guðs orð. Töframaður var hjá landstjóranum. Reyndi hann að koma í veg fyrir að landstjórinn tæki trú. Í refsingarskyni varð hann sleginn blindu. Undruðust menn stórum kennslu þeirra og vald, er þeir sáu þetta.

Á Kýpur er Sál fyrst nefndur *Páll*. Var hann nefndur svo upp frá því. Var honum síðar gefið viðurnefnið *postuli*, þótt hann væri ekki úr hópi postulanna tólf.

Páll grýttur

(Post. 14)

Frá Kýpur fóru þeir Páll til Litlu-Asíu. Fóru þeir um margar borgir og prédikuðu fagnaðarerindið um Jesú Krist. Margir snérust til trúar fyrir starf þeirra, en aðrir snérust öndverðir við boðskap þeirra og æstu menn upp á móti þeim.

Á ferð sinni, komu þeir til borgarinnar Lýstru. Er Páll var að tala við fólkið, sá hann mann, sem var máttvana í fótum, lamaður frá fæðingu. Páll sá, að hann hafði trú til að verða heill og sagði við hann: „*Rís upp og stattu í fæturna!*“ Spratt þá maðurinn upp og gekk.

Er mannfjöldinn sá þetta kraftaverk, varð hann frá sér numinn af undrun. Héldu menn, að guðirnir Seifur og Hermes væru stignir niður í manna líki. Ætlaði fólkið að færa þeim fórnir. Komu heiðnir prestar með naut og kransa til að fórna.

Þá stukku þeir Páll og Barnabas inn í mannþröngina og hrópuðu: „*Menn, hví gjörir þér þetta? Menn erum vér sem þér, yðar líkar, og flytjum yður þau fagnaðarboð, að þér skuluð hverfa frá þessum fánýtu goðum til lifanda Guðs, sem skapaði himin, jörð og haf og allt sem í þeim er.*“ Var það með naumindum, að þeir gátu fengið fólkið til að hætta við að færa þeim fórnir.

Skömmu seinna, komu þangað Hellenistar, sem voru þeim Páli andsnúnir. Æstu þeir fólkið upp gegn þeim. Grýtti fólkið Pál, dró hann út úr borginni og hugði hann dáln. „*En lærisveinarnir slógu hring um hann, og reis hann þá upp og gekk inn í borgina.*“ Morguninn eftir hélt hann ferð sinni áfram.

Er hann hafði vitjað safnaðanna í ýmsum borgum, snéri hann aftur til Antíokkíu. Sögðu þeir Barnabas söfnuðinum þar, hversu mikla hluti Guð hafði látið þá framkvæma. Hann hefði opnað dyr trúarinnar fyrir heiðingjunum.

Postulafundurinn í Jerúsalem

(Post. 15)

Skömmu síðar komu nokkrir menn frá Jerúsalem til Antíokkíu og kenndu, að enginn gæti orðið hólpinn, nema hann gengist undir lögmál Móse. Kom nú upp deila um þetta í söfnuðinum. Var ákveðið, að haldinn skyldi fundur í Jerúsalem til umræðu um þessi mál. Fóru þeir Páll og Barnabas báðir þangað.

Í Jerúsalem var þeim vel tekið af postulunum og öllum söfnuðinum. Sögðu þeir frá, hversu mikla hluti Guð hafði látið þá framkvæma meðal heiðingjanna. En nokkrir risu upp af flokki



Líkan af Jerúsalem (um miðja 1. öld e. Kr.)

faríseanna, er trú höfðu tekið og sögðu: „Þá ber að umskera¹⁹ og bjóða þeim að halda lögmál Móse.“

Komu nú postularnir og öldungar²⁰ safnaðarins saman til að ræða þessi mál. Eftir mikla umræðu reis Pétur upp og hélt ræðu. Lauk hann máli sínu með þessum orðum: „Hví freistið þér nú Guðs með því að leggja ok á háls lærisveinanna, er hvorki feður vorir né vér megnuðum að bera? Vér trúum þó því, að vér verðum hólpnir fyrir náð Drottins Jesú á sama hátt og þeir.“

Jakob „bróðir“ Drottins, tók einnig til máls. Hann tók undir orð Péturs: „Ég lít svo á, að eigi skuli íþyngja heiðingjum þeim, er snúa sér til Guðs.“

Niðurstaða fundarins varð sú, að menn féllust á skoðanir þeirra Péturs og Páls. „Það er ályktun heilags anda og vor að leggja ekki frekari byrðar á yður en þetta, sem nauðsynlegt er, að þér haldið yður frá kjöti fórnauðu skurðgoðum, blóði, kjöti af köfnuðum dýrum og saurlifnaði.“²¹

Voru bræður sendir með Páli og Barnabas til Antíokkíu, til að skýra söfnuðinum þar frá niðurstöðum postulafundarins. Vöktu fréttirnar mikla gleði þar.

Önnur kristniboðsferð Páls

(Post. 15)

Eftir skamma viðdvöl í Antíokkíu ákvað Páll að fara aðra kristniboðsferð og vitja þeirra safnaða, sem hann hafði stofnað í fyrstu ferðinni. Tók hann með sér mann, sem kallaður var Sílas (Sílas er trúlega stytting úr Silvanus). Í borginni Lýstru slóst Tímóteus einnig í för með þeim. Fóru þeir víða um Litlu-Asíu.

¹⁹ Sérhvert sveinbarn meðal Hebrea skyldi umskera átta dögum eftir fæðingu. Umskurnin fer fram á þann hátt að húðin framan á getnaðarlimnum er numin brott með skurðaðgerð. Umskurnin táknaði að sáttmála Guðs við Abraham væri fullnægt og þar með tilheyrði viðkomandi einstaklingur Ísraelsþjóðinni með formlegum hætti.

²⁰ Í Nýja testamentinu eru forystumenn safnaðanna kallaðir öldungar (á grísku *presbyteroi*, sbr. ísl. orðið prestur).

²¹ Einnig virðast leiðtogar safnaðarins í Jerúsalem ef til vill á öðrum fundi með Páli hafa lagt fram ósk um að söfnuðir hinna heiðinkristnu styrktu starfið í Jerúsalem fjárhagslega. „Það eitt var til skilið, að við skyldum minnast hinna fátæku...“ (Gal. 2:10).

Til Evrópu

(Post. 16)

Er Páll var staddur í borginni Tróas²² á vesturströnd Litlu-Asíu, fékk hann vitrun í sýn. Maður nokkur makedónskur stóð hjá honum og sagði: „*Kom yfir til Makedóníu og hjálpa oss!*“ Jafnskjótt og Páll hafði séð þessa sýn, leitaðist hann við að komast yfir til Makedóníu, þar sem hann taldi, að Guð hefði kallað sig til að boða fagnaðarerindið þar.

Hér bætist Lúkas læknir, höfundur Postulasögunnar, í förina með þeim Páli, því allt í einu er sagt frá framhaldi ferðarinnar í fyrstu persónu. Gætir hins sama víðar í frásögn Postulasögunnar. Eykur það enn á gildi Postulasögunnar, þegar sjónarvottur segir sjálfur frá.


Lögðu þeir Páll af stað frá Tróas og sigldu til borgarinnar Filippí í Makedóníu. Dvöldust þeir þar í nokkra daga. Á hvíldardaginn gengu þeir út fyrir borgarhliðið, fram með á, þar sem þeir hugðu vera stað til bænahalds. Settust þeir þar niður og töluðu við konurnar, sem komu þar saman. Í hópi þeirra var Lýdíá, guðhrædd kona. Drottinn opnaði hjarta hennar, svo að hún gaf gaum að ræðu Páls. Var hún skírð og heimilisfólk hennar. Lagði hún fast að þeim Páli, að þeir kæmu og dvöldust í húsi hennar.

Fangavörðurinn í Filippí

(Post. 16)

Þegar Páll hafði dvalist í Filippí í nokkurn tíma, fóru andstæðingar hans að æsa upp borgarbúa gegn honum. Voru Páll og Sílas handteknir og leiddir fyrir höfuðsmennina. Voru þar bornar fram ákærur gegn þeim: „*Menn þessir gjöra mestu óspektir í borg vorri. Þeir eru Gyðingar og boða siði, sem oss, rómverskum mönnum, leyfist hvorki að þýðast né fylgja.*“ Voru þeir Páll flettir klæðum og barðir með stöfum mörg högg. Var þeim síðan varpað í fangelsi og fangaverðinum skipað að gæta þeirra vandlega. Voru þeir settir í innra fangelsið og stokkur felldur á fætur þeim.

Um miðnætti báðust þeir Páll og Sílas fyrir, og bandingjarnir hlustuðu á þá. „*Þá varð skyndilega landskjálfti mikill, svo að grunnur fangelsisins riðaði. Jafnskjótt opnuðust allar dyr, og fjötrarnir féllu af öllum.*“ Er fangavörðurinn hrökk upp af svefni og sá fangelsisdýrnar opnar, dró hann sverð sitt og ætlaði að fyrirfara sér, af því hann hugði að bandingjarnir væru flúnir. En Páll kallaði hárra röddu: „*Gjör þú sjálfum þér ekkert mein, vér erum hér allir!*“



Rústir Filippíborgar

Fangavörðurinn bað um ljós, stökk inn og féll óttasleginn til fóta Páli og Sílas. Síðan leiddi hann þá út og sagði: „*Herrar mínir, hvað á ég að gjöra til að verða hólpinn?*“ En þeir sögðu: „*Trú þú á Drottin Jesú, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.*“ Og þeir fluttu honum orð Drottins og öllum á

heimili hans. Á þessari sömu næturstund tók hann þá með sér og laugaði meiðsli þeirra eftir högginn, og var hann þegar skírður og allt hans fólk. “

Daginn eftir komu boð frá höfuðsmönnum um að láta þá lausa. Er þeir fréttu, að þeir Páll væru rómverskir borgarar, urðu þeir mjög hræddir og friðmæltust við þá. Báðu þeir þá að fara burt úr borginni. Páll fór heim til Lýdíu, fann þar bræðurna og hughreysti þá. Fóru þeir Páll og Sílas síðan burt úr borginni.

Á leið til Aþenu

(Post. 17)

Frá Filippí fór Páll til borgarinnar Þessalóníku. Að venju fór Páll þar inn í samkomuhús Hellenista og flutti þeim fagnaðarerindið um Jesú Krist. Nokkrir þeirra tóku trú og sömuleiðis mikill fjöldi guðrækinna Grikkja.

²² Tróas var hafnarborg á vesturströnd Litlu-Asíu, ekki langt frá hinni fornu borg Tróju.

Er Hellenistarnir sáu árangurinn af starfi Páls, fylltust þeir vandlæti og reiði. Æstu þeir götuskrílinn gegn honum, svo að hann varð að flýja úr borginni. Hélt Páll þá för sinni áfram og kom til borgarinnar Aþenu.

Páll á Aresarhæð

(Post. 17)

Er Páll kom til Aþenu, sá hann fjölda skurðgoða og fylltist gremju. Hann fór enn inn í samkomuhús Hellenista á hvíldardeginum og átti tal við þá. Einnig átti hann tal við menn, sem urðu á vegi hans á torginu. Þar hitti hann nokkra gríska heimspekinga. Þeir skildu strax, að hann boðaði trú á nýjan guð, sem þeir þekktu ekki. Fóru þeir því með hann upp á Aresarhæð og báðu hann um að flytja mál sitt þar. Það var ein helsta dægrastytting Aþenumanna að segja eða heyra eitthvað nýtt.

Páll stóð á Aresarhæð og tók til máls: „*Aþeningar, þér komið mér svo fyrir sjónir, að þér séuð í öllum greinum miklir trúmenn, því að ég gekk hér um og hugði að helgidómum yðar og fann þá meðal annars altari, sem á er ritað: 'Ókunnum guði.' Þetta, sem þér nú dýrkið og þekkið ekki, það boða ég yður. Guð sem skóp heiminn og allt, sem í honum er, hann, sem er herra himins og jarðar...Guð, sem hefur umborið tíðir vanvissunnar, boðar nú mönnunum, að þeir skuli allir hvarvetna taka sinnaskiptum, því að hann hefur sett dag, er hann mun láta mann, sem hann hefur fyrirhugað, dæma heimsbyggðina með réttvísi. Þetta hefur hann sannað öllum mönnum með því að reisa hann upp frá dauðum.*“

Er Grikkir heyrðu nefnda upprisu dauðra, gerðu sumir gys að, en aðrir sögðu: „*Vér munum hlusta á þetta hjá þér öðru sinni.*“ Nokkrir þeirra sem heyrð höfðu boðskap Páls og héldu sig að honum, tóku trú.

Í Korintuborg

(Post. 18)

Páll átti ekki langa viðdvöl í Aþenu eftir þetta. Hélt hann til borgarinnar Korintu, sem var stærsta hafnarborg Akkeu og annálað lastabæli. Þar dvaldist Páll í eitt og hálft ár og stundaði handiðn sína, tjalddgjörð. Á hvíldardögum fór hann í samkomuhús Hellenista og átti viðræður við þá. Hellenistarnir tóku boðskap hans illa, svo Páll ákvað að snúa sér að heiðingjunum. Bar starf hans mikinn árangur og margir tóku trú.

Hellenistarnir fylltust þá mikilli heift gegn Páli og drógu hann fyrir landstjórnann, en hann vísaði þeim frá sér. Snérist þá mannfjöldinn gegn Hellenistunum og Páll hélt starfi sínu áfram eins og áður. Meðan hann dvaldist í Korintu, mun hann hafa skrifað elstu bréf sín sem varðveitt eru, tvö bréf til safnaðarins í Þessalóníku. Í Korintu myndaðist stór söfnuður.

Frá Korintu fór Páll til Antíokkíu. Dvaldist hann þar um hríð.

Þriðja kristniboðsferðin

(Post. 18-19)

Brátt lagði Páll af stað í þriðju kristniboðsferðina. Fór hann enn um Litlu-Asíu, heimsótti söfnuðina, sem hann hafði áður stofnað og styrkti lærisveinana. Kom Páll til Efesus, sem var stór borg á vesturströnd Litlu-Asíu. Var honum umhugað um að stofna þar öflugan söfnuð kristinna manna. „*Þar hitti hann fyrir nokkra lærisveina. Hann sagði við þá: 'Fenguð þér heilagan anda, er þér tókuð trú?'*“

Þeir svöruðu: 'Nei, vér höfum ekki einu sinni heyrt, að heilagur andi sé til.'

Hann sagði: 'Upp á hvað eruð þér þá skírðir?'

Þeir sögðu: 'Skírn Jóhannesar.'

Þá mælti Páll: 'Jóhannes skírði iðrunarskírn og sagði lýðnum að trú á þann, sem eftir sig kæmi, það er á Jesú.'

Þegar þeir heyrðu þetta, létu þeir skírast til nafns Drottins Jesú. Er Páll hafði lagt hendur yfir þá, kom heilagur andi yfir þá, og þeir töluðu tungum og spáðu.“

Fyrstu þrjá mánuðina prédikaði Páll í samkunduþúsi Hellenista en flestir þeirra létu sér ekki segjast, heldur höfðu boðskapnum. Páll sagði skilið við þá ásamt þeim, sem tekið höfðu trú á Jesú Krist. Tók hann á leigu skólahúsi til samkomuhalds. Starfaði hann þar síðan í tvö ár og margir eignuðust trú fyrir boðskap hans. Við þjónustu Páls í Efesus gerðust mörg kraftaverk, sjúkir fengu lækningu og illir andar fóru út af fólki. Meðan Páll dvaldist í Efesus, skrifaði hann bréf til safnaðarins í Galatalandi og fyrra bréf sitt til Korintumanna.

Uppþotið í Efesus (Post. 19)

Er fjöldi kristinna manna óx stöðugt, tók að magnast kurr meðal heiðingjanna gegn Páli og starfi hans.

Í Efesus var geysistórt og fagurt musteri, sem reist var til heiðurs gyðjunni Artemis. Musteri þetta var talið eitt af sjö furðuverkum heimsins. Fjöldi manna kom árlega hvaðanæva að úr skattlandinu Asíu til að dýrka Artemis í musteri þessu. Fjöldi Efesusbúa hafði atvinnu í sambandi við musterið og dýrkunina þar. Meðal þeirra var fjöldi silfursmiða, sem smíðaði lítil musterislíkneski til að selja ferðamönnum.



Leikvangurinn í Efesus

Er þeir sáu, að kristnum mönnum fór sífjölgaandi, tóku þeir að óttast um atvinnu sína, því að kristnir menn tóku auðvitað engan þátt í guðsdýrkun heiðingjanna. Stefndu þeir saman fjölda fólks og æstu upp gegn kristnum mönnum. Mikil æsing greip borgarbúa. Þeir þustu í stórhópum til leikvangsins í borginni og tóku með sér þá kristna menn, sem á vegi þeirra urðu. Lærisveinarnir bönnuðu Páli að fara út til mannfjöldans. Uppþot þetta stóð lengi dags, en loks tókst þeim er gættu laga og réttar, að lægja ofsa mannfjöldans og dreifa honum.

Eftir upppotið dvaldist Páll ekki lengi í Efesus. Kallaði hann söfnuðinn saman, áminnti hann og kvaddi og fór burt áleiðis til Makedóníu.

Páll að starfi

Páll fór til Akkeu á nýjan leik. Hann skrifaði þá síðara bréf sitt til Korintumanna, skömmu áður en hann kom aftur til Korintuborgar. Í þeirri borg dvaldist hann þrjá mánuði og starfaði í söfnuðinum.

Í Korintu skrifaði Páll lengsta og ýtarlegasta bréf sitt í Nýja testamentinu, bréfið til kristna safnaðarins í Rómarborg. Enginn veit nákvæmlega hvernig sá söfnuður myndaðist, því þá hafði enginn postulanna komið til Rómarborgar, svo vitað sé. Sennilega munu kristnir menn hafa flutt til borgarinnar frá einhverjum gömlu safnaðanna eða einhverjir borgarbúar hafa tekið kristna trú á ferðum sínum í eystri hluta ríkisins og flutt hana með sér til höfuðborgarinnar. Þessi söfnuður í Rómarborg virðist snemma hafa orðið stór og öflugur. Páll hafði lengi ráðgert að heimsækja hann, þótt ekki yrði af því fyrr en síðar. Í Rómverjabréfinu útskýrir Páll mörg meginatriði hins kristna boðskapar.

Páll í Tróas (Post. 20)



Leifar af höfninni í Tróas

Frá Korintu lagði Páll af stað til Jerúsalem. Hafði hann ætlað að fara sjóveg til Sýrlands, en breytti ferðaáætlun sinni, er hann varð var við, að Hellenistar sátu á svikráðum við hann. Fór hann þá landleiðina og snéri aftur um Makedóníu.

Er hann kom til borgarinnar Tróas, dvaldist hann með söfnuðinum þar í eina viku. Kvöldið áður en hann hélt för sinni áfram, átti hann langan fund með söfnuðinum. Dróst samkoman

fram til miðnættis. Í einum glugga salarins sat ungur piltur og hlýddi á Pál. En loks sofnaði hann og féll út um gluggann af þriðju hæð til jarðar. Var hann þegar örendur.

Páll gekk þá að sveininum, tók utan um hann og sagði: „*Verið stilltir, það er líf með honum.*“ En pilturinn lifnaði við. Páll hélt síðan áfram ræðu sinni fram í dögum, er hann kvaddi söfnuðinn og hélt för sinni áfram. En þetta kraftaverk varð söfnuðinum í Tróas til mikillar trúarstyrkingar.

Postuli kveður

(Post. 20)

Frá Tróas sigldi Páll til Miletus. Boðaði hann þangað til sín öldunga safnaðarins í Efesus og sagði við þá: „*Þér vitið, hvernig ég hef hagað mér hjá yður alla tíð frá þeim degi, er ég kom fyrst til Asíu. Þér vitið, að ég dró ekkert undan, sem yður mátti að gagni verða, heldur boðaði yður það og kenndi opinberlega og í heimahúsum og vitnaði bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum um afturhvarf til Guðs og trú á Drottin vorn Jesú. Og nú er ég á leið til Jerúsalem, knúinn af andanum. Ekki veit ég, hvað þar mætir mér, nema að heilagur andi birtir mér í hverri borg, að fjötrar og þrengingar bíði mín. En mér er líf mitt einskis virði, fái ég aðeins að fullna skeið mitt og þá þjónustu, sem Drottinn Jesús fól mér: Að bera vitni fagnaðarerindinu um Guðs náð.*

Nú veit ég, að þér munuð ekki framar sjá mig, engir þér, sem ég hef komið til og boðað ríkið. Verið hirðar Guðs kirkju, sem hann hefur unnið sér með sínu eigin blóði. Ég veit að skæðir vargar munu koma inn á yður, þegar ég er farinn, og eigi þyrma hjörðinni. Og úr hópi sjálfra yðar munu koma fram menn, sem flytja rangsnúna kenningu til að tæla lærisveinana á eftir sér. Vakið því og verið þess minnugir, að ég áminnti stöðugt sérhvern yðar með tárum dag og nótt í þrjú ár. Eigi girntist ég silfur né gull né klæði nokkurs manns. Sjálfir vitið þér, að þessar hendur unnu fyrir öllu því, er ég þurfti með og þeir, er með mér voru. Í öllu sýndi ég yður, að með því að vinna þannig ber oss að annast óstyrka og minnast orða Drottins Jesú, að hann sjálfur sagði: „*Sælla er að gefa en þiggja.*“

Þegar hann hafði þetta mælt, féll hann á kné og baðst fyrir ásamt þeim öllum. Allir tóku að gráta sáran, féllu um háls Páli og kysstu hann. Mest varð þeim um þau orð hans, að þeir mundu aldrei framar sjá hann. Síðan fylgdu þeir honum til skips.“

Í Jerúsalem

(Post. 21-23)

Söfnuðurinn í Jerúsalem tók Páli feginsamlega. Átti Páll viðræður við postulana og skýrði þeim frá starfi sínu. Þeir vegsömuðu Guð fyrir það og sögðu Páli jafnframt frá því að tugir þúsunda Gyðinga hefðu tekið trú á Jesú Krist og fylgdu lögmálinu vandlega.

Í Jerúsalem voru staddir margir Hellenistar frá skattlandinu Asíu. Voru þeir Páli reiðir vegna starfs hans meðal heiðingjanna. Eitt sinn, er þeir sáu Pál í musterinu æstu þeir borgarbúa upp gegn honum. Sögðu þeir, að hann prédikaði alls staðar gegn lýðnum, lögmálinu og musterinu. Einnig töldu þeir hann hafa vanhelgað musterid með því að fara með grískan mann inn í það. Mannfjöldi þusti að Páli, tók hann höndum og dró hann út úr musterinu. Hugðust þeir lífláta hann, en hersveitarföngi Rómverja skarst í leikinn með öflugum herliði og tók Pál af þeim. Fór hann með Pál til Antónía-kastalans og ætlaði að láta húðstrýkja hann. Er hann frétti að Páll væri rómverskur borgari, varð hann hræddur, því þannig mátti ekki refsa rómverskum borgurum.

Daginn eftir var Páll leiddur fram fyrir ráðið og æðstu prestana, þar sem rannsaka skyldi mál hans. Deildu Hebrear innbyrðis. Herfönginginn óttaðist, að Páll yrði tekinn af lífi og lét því fara með hann aftur til kastalans.

En nóttina eftir kom Drottinn til Páls og sagði: „*Vertu hughraustur! Svo sem þú hefur vitnað um mig í Jerúsalem eins ber þér og að vitna í Róm.*“

Hópur Hebrear strengdi þess nú heit, að þeir skyldu ráða Pál af dögum. Hugðust þeir gera honum fyrirsát og vega hann, er hann yrði fluttur úr kastalanum til frekari yfirheyrslu.

Systursonur Páls komst að þessari fyrirætlan og gerði Páli aðvart. Er herforinginn frétti af þessu samsæri, sendi hann öflugan herflokk að næturlagi, sem í skyndingu flutti Pál á laun til landstjórans í Sesareu, en hann skyldi skera úr máli Páls.

Í varðhaldi í Sesareu

(Post. 24)

Markús Felix, landstjóri í Sesareu tók mál Páls fyrir. Hebrear báru hann þungum sökum sem fyrr, en Páll varði mál sitt. Felix var kunnugur kenningum kristinna manna. Vildi hann ekki skera úr þessu máli og skaut því á frest. Vildi hann gjarnan ræða við Pál og kallaði hann oft fyrir sig. Einnig vonaðist hann til, að kristnir menn mundu kaupa Páli lausn úr fangelsinu.

Vægilega var farið með Pál í fangelsinu. Vinir hans máttu heimsækja hann að vild. Er Páll hafði verið í fangelsinu í tvö ár, lét Felix af embætti. Hann vildi ekki gefa Pál lausan, því þá hefði hann bakað sér óvild heimamanna.

Festus landstjóri

(Post. 25)

Porkús Festus, sem nú tók við landstjórn, tók mál Páls fyrir að nýju. Enn báru Hebrear sakir á Pál og lögðu að landstjóranum að láta flytja hann til Jerúsalem til dóms. Töldu þeir líklegt að Páll yrði dæmdur til dauða. Páll óttaðist, að Festus léti undan þessum kröfum. Notaði hann því rétt sinn sem rómverskur borgari og skaut máli sínu til keisarans í Róm. Þá gat Festus ekkert frekar aðhafst í máli hans og sagði: „*Til keisarans hefur þú skotið máli þínu, til keisarans skaltu fara.*“

Frammi fyrir Agrippa konungi

(Post. 25-26)

Heródes Agrippa konungur²³ í norðurhluta Ísraels kom í heimsókn að bjóða hinn nýja landstjóra velkominn til embættis. Festus skýrði honum frá máli Páls. Langaði konung þá til að heyra Pál sjálfan skýra mál sitt. Var Páll þá leiddur fram fyrir þá og sagt að færa fram vörn sína.

Páll hélt langa varnarræðu. Sagði hann sögu sína, hvernig hann ofsótti kristna menn. Síðan greindi hann frá því, hvernig hann hafði eignast trú á frelsarann á veginum til Damaskus. Eftir það hefði hann boðað mönnum trú á Jesú Krist. „*Fyrir því gjörðist ég, Agrippa konungur, eigi óhlýðinn hinni himnesku vitrun, heldur boðaði ég fyrst þeim í Damaskus og í Jerúsalem, síðan um alla Júdeubyggð og heiðingjunum að iðrast og snúa sér til Guðs og vinna verk samboðin iðruninni. Sakir þessa gripu Gyðingar mig í helgidóminum og reyndu að ráða mér bana. En Guð hefur hjálpað mér, og því stend ég allt til þessa dags og vitna bæði fyrir háum og lágum. Mæli ég ekki annað en það, sem bæði spámennirnir og Móse hafa sagt að verða mundi, að Kristur ætti að líða og fyrstur rísa upp frá dauðum og boða bæði lýðnum og heiðingjunum ljósið.*“

Er hér var komið ræðu Páls, greip Festus fram í með hárri raustu: „Óður ert þú, Páll. Þitt mikla bókvit gjörir þig óðan.“

Páll svaraði: „*Ekki er ég óður, göfugi Festus, heldur mæli ég sannleiks orð af fullu viti. Konungur kann skil á þessu, og við hann tala ég djarflega. Eigi ætla ég, að honum hafi dulist neitt af þessu, enda hefur það ekki gjörst í neinum afkima. Trúir þú, Agrippa konungur spámönnunum? Ég veit að þú gjörir það.*“

Þá sagði Agrippa við Pál: „*Þú þykist ekki vera lengi að gjöra mig kristinn.*“

En Páll sagði: „*Þess bið ég Guð, hvort sem lengur dregst eða skemur, að ekki einungis þú, heldur og allir, sem til mín heyra í dag, verði slíkir sem ég er, að frátöldum fjötrum mínum.*“

²³ Heródes Agrippa II, var sonur Heródesar Agrippa I konungs, en hann var sonarsonur Heródesar mikla.

Þá stóð konungur upp og landstjórinn, svo og þeir sem með þeim voru. „*Agrippa sagði við Festus: „Þennan mann hefði mátt láta lausan, ef hann hefði ekki skotið máli sínu til keisarans.“*“

Þarna rættust orð Jesú Krists í Matteusarguðspjalli 10:18. „*Þér munuð leiddir fyrir landshöfðingja og konunga mín vegna þeim og heiðingjunum til vitnisburðar.*“

Í sjávarhásku

(Post. 27)

Þar sem Páll hafði skotið máli sínu til keisarans, varð að senda hann til Rómarborgar. Var hann því fenginn í hendur hundraðshöfðingja, sem skyldi flytja hann þangað. Stigu þeir á skip og létu í haf. Vel var farið með Pál á skipinu. Siglingin gekk tregt, því að vindur var mótlægur. Töfðust þeir lengi og kom þá að þeim árstíma, þegar siglingar urðu hættulegar. Lágu þeir í vari undir eyinni Krít. Páll reyndi að fá þá til að fyrirberast þar um veturinn, en ráðum hans var ekki sinnt. Þótti mönnum höfnin ótrygg og vildu leita betra vars. Héldu þeir því aftur til hafs og hugðust sigla meðfram eyinni til betri hafnar, en þá skall á ofviðri af landi og skipið hrakti til hafs. Hélt illviðrið í marga daga og vissu menn ekki hvar þeir voru staddir. Misstu skipverjar þá alla von um björgun.

Páll mælti þá til þeirra: „*Góðir menn, þér hefðuð átt að hlíta mínu ráði og leggja ekki út frá Krít. Þá hefðuð þér komist hjá hrakningum þessum og tjóni. En nú hvet ég yður að vera vonglaðir, því enginn yðar mun lífi týna, en skipið mun farast. Því að á þessari nóttu stóð hjá mér engill þess Guðs, sem ég heyri til og þjóna, og mælti: „Óttast þú eigi, Páll, fyrir keisarann átt þú að koma. Og sjá, Guð hefur gefið þér alla þá, sem þér eru samskipa.“ Verið því vonglaðir, góðir menn. Ég treysti Guði, að svo muni fara sem við mig hefur verið mælt. Oss mun bera upp á einhverja eyju.*“

Strandið

(Post. 27)

Á fjórtánda nóttu urðu skipverjar þess varir, að skipið nálgast land. Urðu þeir þá hræddir og reyndu að laumast frá borði á skipsbátinum. Páll sagði þá við hundraðshöfðingjann: „*Ef þessir menn eru ekki kyrrir í skipinu, getið þér ekki bjargast.*“ *Hermennirnir hjuggu þá á festar bátsins og létu hann fara.*“ Hvatti Páll menn til að bíða birtunnar og neyta matar. Þyrftu þeir ekkert að óttast.

Er dagur rann, þekktu þeir ekki landið, sem þeir voru komnir til. Sáu þeir vík nærri með fjöru og ákváðu að reyna að koma skipinu þangað, ef þeir gætu. En skipið rakst á grunn og var fast að framan. Tók það brátt að liðast sundur í hafrótinu.

Hermennirnir ætluðu að drepa alla fangana, svo að enginn þeirra kæmist undan. Hundraðshöfðinginn vildi bjarga Páli og aftraði því fyrirætlan þeirra. Bauð hann, að allir skyldu reyna að bjarga sér til lands. Komust allir lífs af.

Á eyinni Möltu

(Post. 28)



Malta – Pálsflói

Þeir höfðu strandað á eyinni Möltu. Eyjarskeggjar sýndu þeim einstaka mannskú og létu sér annt um þá. Kyntu þeir bál til að hita þeim, því að hrakveður var og kuldi.

Páll batt saman hrísvöndul og lagði á eldinn. Skreið þá út naðra undan hitanum og festi sig á hendi hans. Er eyjarskeggjar sáu það, sögðu þeir hver við annan: „*Það er víst, að þessi maður er manndrápari, fyrst refsinninn lofar honum ekki að lifa, þótt hann hafi bjargast úr sjónum.*“ En Páll hristi

kvikindið af sér í eldinn og varð ekkert meint af. Skiptu þeir þá um skoðun og sögðu hann guð vera. Í grennd við strandstaðinn bjó einn helsti ráðamaðurinn á eyinni, *Públíus* að nafni. Hann

hýsti skipbrotsmenn í þrjá daga. Faðir hans lá sjúkur. Gekk Páll inn til hans og baðst fyrir. Lagði hann síðan hendur yfir hann og læknaðist hann. Er þetta fréttist, komu aðrir eyjarskeggjar, er sjúkir voru til Páls og fengu þeir lækningu. Eftir það höfðu þeir Pál í hávegum.

Til Rómarborgar

(Post 28)

Er þeir höfðu dvalist á Möltu í þrjá mánuði, héldu þeir för sinni áfram til Rómarborgar. Kristnir menn úr borginni komu til móts við Pál, er þeir fréttu, að hann væri á leiðinni. Er Páll sá þá, gjörði hann Guði þakkir og hresstist í huga.

Í Rómarborg var Páli leyft að búa út af fyrir sig ásamt hermanni, er gætti hans. Eftir þrjá daga kallaði hann á sinn fund helstu menn Hellenista í borginni. Vitnaði Páll fyrir þeim um Guðs ríki og reyndi að sannfæra þá um Jesú, bæði af lögmáli Móse og spámönnunum. Sumir sannfærðust af orðum hans, en aðrir ekki.

Páll bjó full tvö ár í eigin leiguherbergi og tók á móti öllum, sem komu til hans. Prédikaði hann um Guðs ríki og fræddi menn um Drottin Jesú Krist með allri djörfung, tálmunarlaust.

Úr stofufangelsi sínu í Róm skrifar Páll a.m.k. þrjú bréf, til safnaðanna í Efesus, Filippí og Kólossu. Kveðja Páls í lok Filippíbréfsins, bendir til þess að kristinn söfnuður hafi myndast meðal starfsliðs keisarans í Róm: „*Allir hinir heilögu biðja að heilsa yður, en einkanlega þeir, sem eru í þjónustu (þjóna í húsi) keisarans.*“

Ævilok Páls postula

Hér lýkur Postulasögunni. Ekki er vitað með vissu, hvað Páll aðhafðist seinustu æviárin. Af Rómverjabréfinu er ljóst, að hann hafði ráðgert að fara til Spánar.²⁴ Af bréfum Páls til Tímóteusar og Títusar má einnig ráða að hann hafi farið enn eina kristniboðsferð um Grikkland og Litlu-Asíu. Er þá sennilegt, að hann hafi eftir það enn verið handtekinn og setið í fangelsi í Rómarborg. Þaðan hefur hann þá skrifað bréf sín til Tímóteusar og Títusar, sem fyrir er getið.

Talið er að Páll hafi látið lífið í Rómarborg í ofsóknum þeim, sem *Neró* keisari hóf gegn kristnum mönnum. Er talið að hann hafi verið hálfhöggvinn árið 64 e.Kr., um svipað leyti og krossfesting Símonar Péturs er talin hafa átt sér stað.

„Lífið er mér Kristur“

Þannig varð þá ævi þessa mesta kristniboða allra alda. Hann snéri baki við hinni glæsilegu framtíð, sem beið hans á unga aldri og gekk í þjónustu Jesú Krists, sem hann hafði áður ofsótt. Hann hreppti hvorki auð né völd og hlutskipti hans var oft erfitt. Hann mætti margvíslegum erfiðleikum í starfi sínu, var ofsóttur, varpað í fangelsi, grýttur, húðstrýktur og lenti í sjávarháska. En hann lét aldrei bugast. Hann sótti kraft og styrk til Jesú Krists og treysti vernd hans og handleiðslu í öllum hlutum. Hann varð ekki til skammar fyrir trú sína. Allt líf hans og starf sannaði kjörorðin sem hann hafði valið sér: „*Lífið er mér Kristur og dauðinn ávinningur.*“²⁵

Ófriður í Ísrael



Rústir borgarinnar Pella

Fljótlega eftir líflát Jakobs postula, er talið að *Jakobi* hinum réttláta, „bróður“ Jesú hafi verið falið forystuhlutverk safnaðarins í Jerúsalem. Hann hélt fast við lögmál Móse og hvikaði ekki frá gyðinglegum venjum. En árið 62 var hann grýttur og barinn til bana. Sagt er að í grjóthríðinni hafi hann beðið fyrir þeim sem grýttu hann með þessum orðum: „Faðir, fyrirgef þeim. Þeir vita ekki, hvað þeir gera.“

²⁴ Sbr. Rómverjabréfið 15:28. Erfikenning (forn sögusögn) kapólsku kirkjunnar segir, að hann hafi losnað úr fangelsinu í Rómarborg eftir tvö ár og þá farið til Spánar.

²⁵ Filippíbréfið 1:21.

Fjórum árum síðar, árið 66 gerðu Ísraelsmenn uppreisn gegn Rómverjum. Uppreisninni lauk með algerum ósigri Ísraelsmanna.

Jerúsalem var lögð í rústir og musterið brennt til kaldra kola árið 70. Tæplega 100 þúsund Ísraelsmenn voru hneptir í þrældóm. Hluti þessa hóps var fluttur frá Ísrael og settur í vinnu við að byggja opinberar byggingar eins og Colosseum hringleikahúsið í Róm.

Kristnir menn þekktu spádóma Jesú um eyðingu Jerúsalem (Lúkas 21:20-21). Meirihluti þeirra undir forystu *Símeons* sonar *Klópa*²⁶ sem tók við forstöðu safnaðarins eftir dauða Jakobs, höfðu yfirgefið borgina áður en aðalumsátrið hófst og sest að í Pella austan Jórdanar. Eftir eyðilegginguna kom hluti safnaðarins aftur til Ísrael, en afgangurinn settist að í nágrannalöndum Ísraels, einkum Sýrlandi. Þeir héldu fast í gyðinglegar hefðir og voru kallaðir *Nasarear*.²⁷

Kristnir menn höfðu neitað að taka þátt í uppreisninni gegn Rómverjum og voru því taldir föðurlandssvikarar af meirihluta Ísraelsmanna.



„Hér mun ekki eftir látinn steinn yfir steini, er eigi sé niður brotinn.“ (Matt. 24:1)
Dauði Jesú Krists á krossi var hin fullkomna fórn sem gerði fórnirnar í musterinu óþarfar.

²⁶ Klópa var bróðir Jósefs manns Maríu.

²⁷ Skoðanamunur varðandi persónu Jesú, sundraði þessum leifum gyðing-kristinna manna. Nasarear töldu Jesú guðlegs eðlis, en *Ebjóningar* viðurkenndu hann sem hinn fyrirheitna spámann (*Messías*), en ekki guðlegs eðlis.

Fornkirkjan

Útbreiðsla kristinnar trúar

Kristin trú breiddist mjög hratt út þegar á fyrstu öld. Á dögum postulanna munu kristnir söfnuðir hafa verið myndaðir í flestum stærri borgum Rómarveldis, eins og sjá má af því, sem að framan greinir. Frá þessum borgum, breiddist trúin síðan út til sveitanna í kring.

Árið 112 ritar *Plinius yngri*, einn af landstjórum Rómverja í Litlu-Asíu, bréf til keisarans í Róm. Þar segir hann m.a. að þessi „takmarkalaus hjátrú“ hafi náð svo mikilli útbreiðslu, ekki aðeins í borgunum, heldur einnig úti í sveitum, að hofin standi auð og fórnardýramarkaðurinn sé í hættu.

Í fyllingu tímans

Í 4. kafla í bréfi sínu til Galatamanna skrifar Páll postuli: „*En þegar fylling tímans kom, sendi Guð son sinn...*“ Sagan sannar þessi orð hans áþreifanlega. Hin ytri þróun í löndunum við Miðjarðarhaf var einmitt mjög hagstæð skjótri útbreiðslu kristindómsins á fyrstu og annarri öld. Rómarveldi stóð þá á hátindi veldis síns. Rómverjar réðu öllum löndum umhverfis Miðjarðarhaf. Þeir lögðu mikið kapp á að halda sem allra bestu sambandi við skattlöndin. Í því skyni lögðu þeir góða vegi um þvert og endilangt ríki sitt til þess að auðvelda samgöngur. Einnig héldu þeir uppi reglubundnum siglingum milli allra helstu hafnarborga við Miðjarðarhaf. Voru því samskipti mikil landa á milli og verslun stóð með blóma.

Frá dögum Alexanders mikla hafði gríska verið allsráðandi tunga í löndunum við austanvert Miðjarðarhaf. Nú bættist latínunni við sem höfuðtungu í vesturhluta ríkisins. Á þessum tveim höfuðtungum var mjög auðvelt að gera sig skiljanlegan um allt Rómarveldi. Jók það enn á samskipti manna af ólíkum þjóðum, enda er auðséð, að miklir flutningar fólks hafa átt sér stað landa á milli.

Áður er minnst á Hellenistana, hina grískumælandi Hebrea, sem búsettir voru í öllum stærri borgum rómverska ríkisins og höfðu reist sér samkomuhús. Til þeirra snéri Páll sér jafnan fyrst, er hann kom í nýja borg.

Loks er auðsýnt, að hinn mikli samgangur fólks af ólíkum trúarbrögðum hefur dregið úr tókum hinna gömlu trúarbragða á hugum manna. Víða kom fram samblöndun ólíkra trúarbragða. Munu Rómverjar hafa verið mjög frjálsslyndir í trúarefnum. Þannig var brautin rudd fyrir hina nýju trú.

Öll þessi atriði flýta mjög fyrir og auðvelda útbreiðslu kristindómsins. Með öllu er óhugsandi, að útbreiðslan hefði orðið jafnhroð við þær aðstæður, er ríktu við Miðjarðarhaf einni til tveimur öldum fyrr. Um enga tilviljun er þó að ræða, heldur sjáum við hér hönd Guðs að baki sögu mannanna. Hann sendi son sinn í heiminn í fyllingu tímans, þegar allt var búið undir komu hans.

Lifandi vitnisburður

Líf kristinna manna í fornkirkjunni einkenndist yfirleitt af iðni, nægjusemi og hjálpfýsi við náungann. Skáru þeir sig þar með mjög úr hinu heiðna umhverfi, þar sem lítið var um hjálpfýsi og náungakærleika, en sjálfselska og eigingirni voru ríkjandi eiginleikar í hinni heiðnu samtíð. Kristnir menn tóku engan þátt í hinum heiðnu guðsdýrkunarsíðum eða hinum grimmúðlegu og taumlausu hátíðahöldum og skemmtunum, sem almenningur sóttist mjög eftir.

Líf og breytni kristinna manna vakti mikla athygli heiðingjanna og varð oft enn áhrifameira til útbreiðslu kristinnar trúar en orð mælskustu prédikara. Heiðingjarnir fundu, að kristnir menn áttu eitthvað, sem gaf lífi þeirra sérstakt gildi og gaf þeim styrk og þor til að þola erfiðleika og þjáningar. Einkum kom þetta í ljós, þegar ofsóknirnar hófust gegn kristnum mönnum.

Framan af munu yfirvöldin yfirleitt hafa litið með velvilja til kristinna manna og talið þá löghlýðna borgara. Þó munu æðri stéttirnar oftast hafa litið niður á kristindóminn og talið hann hjátrú og hindurvitni. Allt fram um aldamótin 200, munu það aðallega hafa verið lægri stéttir þjóðfélagsins, sem tóku kristna trú.

Safnaðarlíf elstu safnaðanna

Snemma voru hinir kristnu söfnuðir nefndir kirkja. Er það nafn komið af gríska orðinu „*kyriake*“ (*kvenkyn*), sem dregið er af orðinu „*Kyrios*“, sem merkir *herra* eða *Drottinn*, en svo nefndu kristnir menn Jesú Krist. Kirkja merkir því: Söfnuður þeirra, sem hafa gefist Jesú Kristi.

Kristnir menn væntu framan af endurkomu Krists á hverri stundu og setti þessi eftirvænting mjög svip sinn á safnaðarlíf þeirra í upphafi.

Safnaðarlíf hinna ýmsu safnaða, sem var mótað af frumsöfnuðinum í Jerúsalem, var frjállegt og óbundið. Einkenni þess var trúarhiti og eldmóður, einnig gáfur andans: Spádómsgáfa, lækningagáfa og tungutal.²⁸ Hver söfnuður var algerlega sjálfstæður með eigin stjórn, óháður öðrum söfnuðum að ytra skipulagi.

Fljótlega fór svo að meirihluti þeirra sem sóttust eftir inngöngu í söfnuðina höfðu áður verið heiðingjar sem þekktu gyðingdóm aðeins af afspurn. Þótti því nauðsynlegt að taka töluverðan tíma í fræðslu um grundvallaratriði trúarinnar áður en viðkomandi gæti tekið skír. Voru þeir sem sóttust eftir inngöngu kallaðir *trúnemar* (gr.: *katēkhoumenos*).

Kristnir menn ávörpuðu hver annan „bróðir“ eða „systir“, því hinir endurfæddu væru börn Guðs og hluti af fjölskyldu Guðs.

1. *Stjórn safnaðanna* var í höndum safnaðarleiðtoga,²⁹ sem oft voru nefndir öldungar (*presbyteroi*) eða *biskupar* (*episkopoi*, umsjónarmaður). Þeir höfðu umsjón með andlegum málefnum. Þeim til aðstoðar voru skipaðir djáknar (*diakonoi*, þjónn), sem önnuðust þjónustu- og líknaðstörf innan safnaðanna.

2. *Guðþjónustan*. Í byrjun voru flestir þeirra sem tóku við Jesú Kristi sem Messíasi trúaðir Gyðingar eða guðhræddir heiðingjar sem sóttu samkundur Gyðinga á laugardögum. Þegar hinir kristnu voru gerðir samkundurækir, komu þeir saman til guðþjónustuhalds í heimahúsum, jafnvel daglega.

Guðþjónusturnar fóru þannig fram, að einhver öldunganna las kafla úr Gamla testamentinu, en annar las úr bréfum postulanna eða guðspjöllunum. Engar fastar prédikanir voru haldnar, en ef einhverjum lá eitthvað sérstakt á hjarta, talaði hann til fólksins. Þá var oft tungutal (*glossolalia*) og útlekking þess. Einnig voru sungnir sálmar og beðnar bænir. Að lokum neyttu menn hinnar sameiginlegu máltíðar.

Þegar trúnemum fjölgaði (sem ekki höfðu öðlast heilagan anda) varð sú breyting að samkomurnar urðu tvískiptar. Trúnemar og safnaðarmeðlimir tóku þátt í fyrri hluta samkomunnar þar sem lestur orðsins og prédikun var aðalatriðið (*trúnema messa*), og síðari hluti þar sem kærleiksmáltíðin var aðalatriðið. Komu safnaðarmenn sem skír höfðu tekið þá

²⁸ *Jústínus píslarvottur* (d. 165) segir eftirfarandi í riti sem heitir *Samtal við Trýfón*: „Ef þú lítur í kringum þig, getur þú séð meðal kristinna manna bæði konur og karla, sem hafa náðargáfur andans.“

²⁹ Í fyrstu höfðu spámenn (pneumatíkar) mikil áhrif í kristnum söfnuðum. Þeir ferðuðust oft milli safnaða og voru í hávegum hafðir. Þessir spámenn stjórnðu oft samkomum kristinna manna, þegar þeir komu saman til að neyta sameiginlegrar máltíðar, sem var ein helsta trúarathöfnin í upphafi. Smám saman færðist stjórnin á þessum samkomum úr höndum spámannanna yfir í hendur sérstakra starfsmanna eða safnaðarleiðtoga. Um miðja aðra öld, eru flestar kirkjur komnar með biskup sem leiðtoga samfélagsins. Í stað þess að safnaðarmeðlimir kæmu fram og töluðu það sem þeim lá á hjarta, fékk biskup það hlutverk að flytja predikun sem sniðin var eftir hinni grísk-rómversku mælskulist. Þegar kirkjum tók að fjölga í borg eða á landsvæði, var einum biskupi fengin umsjón með þeim öllum en leiðtogar safnaðanna voru nefndir öldungar. Biskupinn hafði m.a. það hlutverk að varðveita einingu og hina postullegu boðun fagnaðarerindisins.

saman og neyttu sameiginlegrar máltíðar þar sem þakkargjörð ásamt brauði og rauðvíni var ómissandi hluti máltíðarinnar. Þetta var kallað að eta líkamann og drekka blóðið. Þeir sem tóku þátt í þessari athöfn, áttu að vera vel undirbúnir, m.a. með því að játa syndir sínar og biðjast fyrirgefningar, svo lofgjörðin og þakkargjörðarforðin (samskot notuð til að styrkja postula og spámenn ásamt því að fæða og klæða þurfamenn) saurgaðist ekki og yrði viðkomandi til dóms. Þegar safnaðarmeðlimum fjölgaði reyndist erfitt að halda uppi sameiginlegu borðhaldi, sem leiddi til þess að kærleiksmáltíðin breyttist í táknræna athöfn (*eucharist*) — máltíðin breyttist í messu (*trúaðra messa*).³⁰

3. *Fræðsla trúnema*. Snemma var farið að prófa þá sem vildu fá inngöngu í samfélag kristinna manna. Samfélag trúaðra taldi sig ekki hafa þörf fyrir menn, sem leituðu þess með hálfum huga eða að nafninu til eingöngu. Heimildir 2. og 3. aldar gera grein fyrir allt að þriggja ára reynslutíma, þeirra er kristnir vildu gerast. Þessi tími var ekki eingöngu bundinn skipulegri kennslu í trúarsannindum, heldur var þetta einnig reynslutími siðferðilegrar staðfestu. Trúnemar fengu kennslu, sem aðallega var fólgin í því að dag hvern voru lesnar valdar ritningar. Að þessum reynslutíma loknum voru þeir, sem sóttust eftir skírni prófaðir. Voru þeir er þetta próf stóðust nefndir, *electi* — hinir útvöldu.

4. *Skírni*. Einstaklingar voru teknir inn í söfnuðinn með niðurdýfingarskírni. Skírnarathöfnin fór oft fram úti við vatnslindir. Áður en skírt var, átti skírnbeginn að hafa hlotið uppfræðslu í grundvallaratriðum trúarinnar. Skírnarathöfnin sem fram fór árlega að morgni páskadags, var hápunktur ársins í kirkjunni. Eftir bænastund alla nóttina steig skírnbeginn niður í vatnið og snéri til vesturs meðan hann afneitaði Satan, síðan til austurs til að játa trú sína á Krist opinberlega. Skírnbeginn var spurður hvort hann tryði á Guð föður, Krist Jesú son Guðs og heilagan anda. Skírnin væri vitnisburður um að hinn trúaði hefði afneitað heiminum og meðtekið heilagan anda. Skírnbeginn var einnig smurður með olíu fyrir og eftir skírningu. Eftir skírningu var skírnbeginn leiddur til safnaðarins og fékk að taka þátt í máltíð Drottins í fyrsta sinn.

Í Postulasögunni er sagt frá því að menn voru skírðir til nafns Jesú Krists. Á fyrri hluta 2. aldar verður sú breyting að farið er að skíra í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Þá gerðist það einnig, að sumir tóku að fresta skírningu, þar til útlit var fyrir að viðkomandi ætti stutt eftir ólifað. Var það m.a. vegna kenninga þess efnis, að í skírningu veittist fullkomin syndafyrirgefning. Einnig eru til heimildir um að ákveðnir söfnuðir hafi stundað *staðgengilsskírni*. Staðgengilsskírni gengur út á það, að ef einhver trúður deyr án þess að taka skírni, þá er annar einstaklingur skírður í hans stað. Á kirkjuþinginu í Karþagó árið 397 var samþykkt að banna staðgengilsskírni. Niðurdýfingarskírni var síðar lögð af og barnaskírni tekin upp, þar sem börn kristinna foreldra voru ausin vatni stuttu eftir fæðingu. Var það meðal annars vegna kenninga um að óskírð börn væru ekki hólpín. En þeir sem snérust til kristinnar trúar á fullorðinsaldri voru þó áfram skírðir niðurdýfingarskírni.

³⁰ Jústínus píslarvottur lýsir því í *Fyrri trúvarnarritinu* hvernig samkomur kristinna fóru fram um miðbik annarrar aldar e.Kr.:

„Á þeim degi sem kallast dagur sólarinnar, safnast þau öll saman á einn stað, hvort heldur þau búa í bæjunum eða sveitunum. Lesið er upp úr endurminningum Postulanna eða Spámannaritunum, svo lengi sem tíminn leyfir. Þegar upplesarinn lýkur lestri sínum segir forstöðumaðurinn nokkur orð til leiðsagnar og hvetur okkur til að ganga fram í hinu góða. Síðan rísum við öll á fætur til að biðja og þegar bæninni er lokið er komið með vín, brauð og vatn. Forstöðumaðurinn biður og gjörir þakki og söfnuðurinn samþykkir með því að segja Amen. Þá fer fram útteiling til hvers og eins af því sem búið er að blessa. Djáknar fara með afganginn heim til þeirra sem eru fjarverandi.

Þeir sem eru vel efnum búnir og viljugir að gefa, gefa eins og þeim þykir við hæfi. Forstöðumaðurinn fær samskotin, en hann sér um að styðja munaðarleysingja, ekkjur og þá sem eru sjúkir eða eru í þörf af öðrum ástæðum. Einnig þá sem eru í fangelsi eða utanaðkomandi í heimsókn. Í stuttu máli sinnir hann þeim sem þarfnast hjálpar.“

5. *Helgidagar og hátíðir.* Hebrear héldu laugardaginn hátíðlegan sem hvíldardag. Í upphafi var meirihluti kristinna manna Hebrear, sem tekið höfðu við Jesú Kristi sem Messíasi. Kristnir Ísraelsmenn héldu því laugardaginn sem hvíldardag.³¹ Snemma hófst sá siður meðal kristinna manna að koma saman á sunnudögum, sem þeir nefndu Drottins dag til að lofa Guð og minnast upprisu Jesú Krists. Síðar varð sunnudagurinn almennur helgidagur kristinna manna. Hvern föstudag minntust þeir krossfestingarinnar með föstu.

Elsta hátíð kirkjunnar eru páskaþingir. Talið er, að þeir hafi þegar á dögum Jóhannesar postula verið haldnir hátíðlegir í Efesus, sem upprisuhatið Jesú Krists. Síðar varð hvítasunninn einnig kristin stórhátíð, til minningar um úthellingu heilags anda á hvítasunnudag í Jerúsalem. Á fjórðu og fimmtu öld, er síðan farið að halda Kristsmessu 24. – 25. desember í Róm, til að minnast fæðingar³² Jesú Krists. Ekki eru skráðar heimildir um hvers vegna 25. desember var valinn, sem fæðingardagur³³ Frelsarans. Líklegasta tilgátan er sú, að kaþólska kirkjan hélt upp á boðunardag Maríu (þann dag er Jesús var getinn af heilögum anda) 25. mars og því hafi fæðing hans verið dagsett níu mánuðum síðar.³⁴

Ofsóknir heiðinna manna gegn kristnum



Leifar Colosseum
hringleikahússins í Róm

Rómverjar voru frjálsslyndir í trúarefnum, svo sem fyrr er að vikið. Hver þjóð, sem þeir höfðu brotið undir sig, mátti halda fast við trú á þá guði, er hún hafði dýrkað áður. Rómverjar gerðu aðeins eina kröfu: Allir þegnar rómverska ríkisins urðu að sýna keisaranum guðlega lotningu og fórna reykelsi frammi fyrir mynd hans eða líkneski. Ef einhver neitaði því, var hann talinn hafa gert uppreisn gegn ríkinu. Við lá dauðarefsing. Þeir sem voru undir lögmáli Gyðinga höfðu einir undanþágu frá þessari fórnarskyldu, en voru af þeim sökum fyrirlitnir og hataðir af fjöldanum.

Upphaflega nutu kristnir menn góðs af þessum forréttindum Hellenista, því Rómverjar gerðu engan greinarmun á þeim (töldu þá sértrúarflokk innan gyðingdóms). En eftir því sem kristnin breiddist meira út

meðal heiðingja, kom þó skírar í ljós munurinn á Hellenistum og kristnum mönnum. Einkum munu Hellenistar sjálfir hafa reynt að sýna Rómverjum þennan mun. Bent var á að kristnir menn dýrkuðu sakamann sem Rómverjar hefðu tekið af lífi á krossi í Jerúsalem. Fljótlega dró

³¹ Hvíldardagsboðorðið í 2. Mósebók 20:8-11 („*Sex daga skalt þú erfða og vinna allt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínum...*“) er sjö daga hringur, óháður vikudögum og mismunandi aðferðum við tímatal. Deilur um hvaða vikudagur eigi að vera hvíldardagur, hafa ekki biblíulegan grundvöll.

³² Einnig var ákveðið að minnast fæðingar Jóhannesar skírara 6 mánuðum fyrr (23. - 24. júní) því Jóhannes og Jesús hefðu fæðst með sex mánaða millibili. Á Íslandi var minningarhátíð Jóhannesar kölluð Jónsmessa (skírara).

³³ Í frumkirkjunni var ekki haldið upp á fæðingardag Jesú Krists. Kirkjan í austurhluta Rómaveldis hóf í byrjun 3. aldar að halda upp á 6. janúar, sem fæðingardag Krists (kallaður: opinberunarhátíð, *epiphany*). Þegar Rómarkirkjan fór að halda Kristsmessu 24. - 25. desember var 6. janúar notaður til að minnast skírnar Jesú Krists og komu vitringanna til Betlehem.

Í Heimskringlu segir að Hákon konungur Aðalsteinsfóstri hafi um miðja 10. öld fært þriggja daga hátíð sem Norðmenn kölluðu jól frá einhverri „*hökunótt*“ um miðjan vetur, til sama tíma og kristnir menn héldu fæðingarhátíð Frelsarans. Orðið jól þýðir veisla og nafn mánaðarins „ýlir“ er trúlega dregið af nafni hátíðarinnar.

³⁴ Hér má bæta því við að í Lúkasarguðspjalli 2 kafla segir frá því sem gerðist nóttina sem Jesús fæðist: „*En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar.*“ Enn þann dag í dag er sauðfé í Ísrael víða haft í fjárbyrgjum sem fjárhirðar gæta yfir nóttina vegna hættu sem stafar af villidýrum. Frá þessu er aðeins ein undantekning, en það er sauðburður. Fjárbýrgin eru of þröng fyrir ærnar til að fæða þar lömbin. Sauðburður er *eina* skynsamlega ástæðan fyrir því að fjárhirðarnir voru með hjarðirnar úti í haga að nóttu til. Sauðburður í Ísrael er frá síðustu viku mars þar til í lok apríl.

til slita milli gyðingdóms og kristinna manna og átti missætti þessara hópa eftir að hafa mikil áhrif á gang sögunnar allt fram á okkar daga.

Brátt fór að bera á ofsóknum gegn kristnum mönnum, þótt þar væri alls ekki um samfelldar ofsóknir að ræða framan af.

Kristnir menn voru almennt taldir guðleysingar, vegna þess að þeir tignuðu ósýnilegan Guð. Kristnir menn voru einnig sakaðir um að stunda mannát og drekka mannaþóð á lokuðum samkomum. Í þriðja lagi voru þeir sakaðir um uppreisn gegn keisaranum með því að neita að færa fórnir honum til heiðurs og af þeim sökum væru þeir fjandmenn ríkisins.

Er fram liðu stundir og kristnir söfnuðir spruttu upp víða um Rómaveldi, urðu keisararnir hræddir um að kristnir menn myndu stofna ríki í ríkinu, sem orðið gæti Rómverjum skeinhætt. Hinn heiðni almúgi var fullur hindurvitra gegn kristnum mönnum. Ef einhvers staðar gengu dregsóttir, flóð varð eða jarðskjálfti, hungursneyð eða önnur óáran, voru heiðingjarnir sannfærðir að þar væri um að ræða refsingu frá guðunum, vegna þess að kristnir menn vildu ekki taka þátt í fórnunum. Þess vegna réðst múgurinn oft á kristna menn og misþyrmdi þeim. Þá urðu yfirvöldin oft að grípa í taumana til að varðveita frið og reglu. En kristnir menn stóðu mjög höllum fæti frammi fyrir dómstólunum, því þar var þess krafist, að þeir færðu keisaranum fórnir til að sanna hollustu sína við hann. Því neituðu kristnir menn. Oft reyndu dómarnir að fá þá til að láta undan. Létu sumir bugast fyrir ógnunum eða mútum, en langflestir stóðu stöðugir og létu ekki bugast. Þeir voru reiðubúnir til að hlýðnast keisaranum sem veraldlegu yfirvaldi og biðja fyrir honum, en þeir vildu ekki færa honum fórn sem guði. Dómarinn neyddist þá til að dæma þá dauðaseka og óvinir þeirra hrósuðu sigri. En djörfung og kjarkur hinna kristnu píslarvotta vakti undrun og aðdáun margra heiðingja. Þeir sannfærðust um, að kristindómurinn var ekki hjátrú, heldur trú, sem megnaði að veita kraft í lífi og dauða.

Blóð píslarvottanna varð besta útsæði kristninnar.

Ofsókn Nerós keisara

Áður er vikið að því, að Símon Pétur og Páll hafi trúlega báðir látið líf sitt í fyrstu ofsóknunum, sem rómverskir keisarar hófu á hendur kristnum mönnum í ríki sínu. Orsök þessarar ofsóknar var þó ekki trúarlegs eðlis.

Mikill eldur kom upp í Rómarborg á dögum Nerós keisara. Brann stór hluti borgarinnar. Kvittur komst á kreik um það, að keisarin ætti sjálfur sök á brunanum. Urðu borgarþáttar þá ævareidir. Keisarin greip þá til þess ráðs að kenna kristnum mönnum um brunann og gat beint reiði borgarþáttar gegn þeim. Hófst þá hin mesta ofsókn á hendur þeim. Sagt er að þá hafi þeir báðir verið handteknir, Símon Pétur³⁵ og Páll. Talið er að Páll hafi verið hálshöggvinn, en Símon Pétur krossfestur árið 64 e.Kr.

Ignatíus biskup í Antíókkíu

Á síðari hluta fyrstu aldar var farið að bera á svokölluðum *dóketisma* (gr. *dokeo* = að virðast, að líta út fyrir að vera) í Litlu-Asíu. Samkvæmt þessari stefnu var Jesús Kristur ekki raunverulegur maður, heldur virtist hann vera í mannlegu holdi. Fullkominn Guð gæti ekki birst í ófullkomnu (föllnu) holdi. Jesús hefði því verið í himneskum líkama. Af þessu leiðir, að Jesús hefði ekki raunverulega dáið líkamlegum dauða né risið upp aftur.

Ignatíus biskup fordæmdi dóketisma af miklum krafti og leit á þessa kenningu sem svik við hina postullegu boðun. Einnig sjáum við í 1 Jóhannesarbréfi (4:1-3), að Jóhannes postuli fer gegn þessari kenningu og segir hana frá anda Antikrists. „*Jesús sé Kristur kominn í holdi*.“ Sömu leiðis í 2 Jóhannesarbréfi versí 7 segir: „*Því að margir afvegaleiðendur eru farnir út í heiminn, sem ekki játa, að Jesús sé Kristur, kominn í holdi*.“

³⁵ Erfikenning kirkjunnar geymir þá sögu, að Símoni Pétri hafi með aðstoð vina sinna tekist að sleppa úr fangelsinu og flýja burt úr Rómarborg. En á veginum mætti hann frelsaranum, sem gekk í áttina til borgarinnar með kross á bakinu. Símon Pétur spurði hann þá: „*Quo vadis, Domine?*“ [Hvert fer þú Herra?] Jesús svaraði þá: „Til Rómarborgar til að láta krossfesta mig í annað sinn.“ Þá snéri Símon Pétur aftur til Rómarborgar, þar sem hann var krossfestur.

Í byrjun annarrar aldar hófust nýjar ofsóknir á hendur kristnum mönnum. Voru þeir dregnir fyrir dómstólana, þar sem þeim var skipað að færa keisaranum fórnir. Ef þeir neituðu, voru þeir teknir af lífi. Í þessum ofsóknum var Ignatíus handtekinn og pínður. Síðan var hann fluttur til Rómarborgar í hlekkjum, þar sem átti að varpa honum fyrir ljón. Ignatíus var þá orðinn gamall maður. Ignatíus varð að fara fótgangandi mestan hluta leiðarinnar og varðmenn hans léku hann hart, enda sagði hann, að þeir hefðu verið líkastir óargadýrum.

Þar sem leið Ignatíusar lá um, komu kristnir menn til fundar við hann. Hann veitti þeim blessun sína og hughreysti þá. Í borginni Smyrna hitti hann biskupinn þar, Polykarpus að nafni, sem lét sér annt um hann.

Á ferð sinni ritaði hann sjö bréf til kristinna safnaða og vina sinna, þar sem hann hvatti menn til þess að láta ekki bugast í ofsóknum. „Ég er reiðubúinn að láta lífið fyrir trú mína á Jesú Krist.“

Er hann kom til Rómarborgar, var hann leiddur inn á leikvanginn, þar sem aftaka hinna kristnu píslarvotta fór fram. Mikill mannfjöldi horfði á aftökurnar og hrópaði: „Kastið biskupnum fyrir ljónin.“ Ignatíus svaraði og sagði: „Því nær sem ég kemst sverðinu, því nær kemst ég Guði. Ég vil heldur deyja fyrir Jesú Krist en stjórna öllum heiminum.“ Er ljónin réðust að honum, bað hann sömu bænar og Stefán píslarvottur forðum: „Drottinn. Lát þá ekki gjalda þessarar syndar.“

Polykarpus biskup í Smyrna

Síðar varð Polykarpus³⁶ biskup í Smyrna³⁷ fórnarlamb ofsóknanna. Er ofsóknir hófust í Smyrna, fór hann úr borginni í felur. Óvinir hans fundu dvalarstað hans og umkringdu hann. Biskupinn hefði enn getað forðað sér á flóttu, en vildi það ekki, heldur sagði: „Verði Guðs vilji.“ Gekk hann síðan út til óvina sinna, sem fannst mikið til um þennan öldung. Bað hann þá leyfis að mega gera bæn sína í friði. Baðst hann fyrir í tvær stundir af slíkum eldmóði, að heiðingjarnir hrifust með. Að bænagerðinni lokinni fylgdist hann með þeim til borgarinnar. Var hann beðinn um að færa keisaranum fórn, en neitaði því afdráttarlaust. Var hann þá færður fyrir landstjórnann.

Landstjórinn kenndi í brjósti um Polykarpus og hét honum griðum, ef hann formælti Kristi.

Þá svaraði Polykarpus: „Í áttatíu og sex ár hef ég þjónað Kristi og hann hefur ætíð gert mér gott. Hvernig ætti ég nú að hallmæla konungi mínum og Drottni?“

Hinn heiðni mannfjöldi heimtaði, að biskupinn yrði líflátinn, ef hann afneitaði ekki trú sinni. En það vildi hann ekki.

Landstjórinn sagði við hann: „Ég hef óargadýr við höndina.“

Polykarpus svaraði: „Láttu þau þá koma.“

„Ef þú afneitar ekki trú þinni, þá mun ég láta brenna þig á báli,“ sagði landstjórinn.

„Sá eldur sloknar brátt,“ svaraði Polykarpus, „en þú þekkir ekki hinn komandi dóm eða eld hinnar eilífu reiði, sem bíður óguðlegra. Hvers bíður þú? Ger sem þú vilt.“

Það lá við, að landstjóranum féllust hendur við hugrekki Polykarpusar, en æstur mannfjöldinn hrópaði: „Á bálið með hann. Kastið honum fyrir ljónin.“

Menn hlóðu nú upp stóran bálköst og Polykarpus var leiddur upp á hann. Er kveikt var í bálkestinum, bað hann fyrir óvinum sínum, en eldslogarnir sveigðu framhjá líkama hans. Var hann að lokum lagður sverði og lét þannig líf sitt.

Irenæus biskup

Irenæus var af grískum ættum og fæddist í Litlu-Asíu, um 130. Sem unglingur sá hann Polykarpus biskup í Smyrna, en eins og áður er sagt, dó Polykarpus píslarvættisdauða árið

³⁶ Arfsögn kirkjunnar greinir frá því, að Jóhannes guðspjallamaður hafi orðið háaldraður og búið í Efesus síðustu æviárin, um líkt leyti og Polykarpus var að alast upp í Smyrna.

³⁷ Nú heitir borgin Izmir og er í Tyrklandi.

155. Irenæus³⁸ er oft talinn hinn fyrsti af svokölluðum *kirkjufæðrum*, en það voru kennimenn og rithöfundar, sem vörðu hina kristnu kenningu er postularnir boðuðu, gegn alls konar annarlegum boðskap. Vitað er, að þegar ofsóknir Markúsar Árelíusar keisara gegn kristnum mönnum standa yfir í Rómarveldi, þá er Irenæus öldungur við kirkjuna í Lyon í Gallíu.³⁹ Þegar Pothinus biskup í Lyon dó píslarvættisdauða, tók Irenæus við embætti hans. Þegar ofsókninni línnti, þá hóf Irenæus trúboð í Gallíu og einnig hóf hann baráttu gegn svonefndum *gnóstisma* (*trúspekistefna*), sem var útbreidd flóra af kenningum á þessum tíma. Gnóstismi (*gnosis* = þekking, víska) náði töluverðri útbreiðslu meðal kristinna manna og varð afar umdeild stefna í kirkjunni. Gnóstismi er samsuða margra heimspekikenninga og dulhyggju, sem gengur út á það, að þekking og leynd víska geti frelsað menn.⁴⁰

Kristnir gnóstíkar lögðu áherslu á að hver einasti sannkristinn maður ætti kost á því að eignast persónulega opinberun og persónulega þekkingu á Guði. Útkoman varð mikill fjöldi ólíkra kenninga af ýmsum toga. Í þessari fjölbreyttu kenningaflóru gnóstíka var sumt mjög andstætt kenningum kirkjufæðranna, sem leiddi til árekstra og deilna.

Svokölluð tvíveldishyggja (*dualism*) var útbreidd meðal gnóstíka. Frá eilífð voru til tvö ríki, ríki ljóssins og ríki myrkursins, góður heimur og illur. Þau voru algerar andstæður og svo var einnig um andann og efnið. Samkvæmt þessu, var hver maður tvískiptur. Andi mannsins var ættaður frá ríki ljóssins, en líkaminn var bústaður hins illa. Hinir útvöldu, ættu í sér neista frá



Irenæus

Guði sem væri fjötraður af holdinu og hefði glatað vitneskjunni um sitt himneska heimkynni. Fagnaðarerindið ætti að vekja sálina til vitneskju um hina háleitu köllun í Kristi og föðurlandið á himnum. Sú skoðun var útbreidd meðal gnóstíka, að eftir dauðann þyrfti sál mannsins að fara í hættulegan leiðangur gegnum ríki illra anda svo hún kæmist til himna. Gnóstíkar tóku upp kenningar heimspekingsins Platons um að hinn efnislegi heimur væri handarverk sköpunarguðs (*demiurge* = handverksguð), sem þekkti ekki hinn andlega veruleika, þar sem hinn æðsti Guð réði ríkjum. Samkvæmt þessari heimspeki var litið svo á að Yahweh og Kristur væru eilífðarverur (*aeon*) sem gengju út af hinum æðsta Guði.

Hlutverk trúarinnar væri að frelsa mennina frá valdi hins illa og til þess hefði Kristur komið í heiminn. Jesús hefði ekki verið sannur maður, því þá hefði hann einnig verið vondur sjálfur, heldur birtist hann í andlegum líkama (dóketismi). Hann veitti mönnum hina sönnu þekkingu (*gnosis*) á leyndardómum lífsins, sem ein megnaði að frelsa þá frá efnisheiminum og leiða þá til Guðs.⁴¹

Kristnir gnóstíkar voru sakaðir um að hafa sett til hliðar eða hafnað nokkrum grundvallarkenningum kristinnar trúar, eins og því; að Guð væri einn, að Jesús Kristur hefði lifað í mannlegu holdi, að dauði Krists væri friðþæging fyrir syndir og ekki síst að menn frelsuðust frá syndum og endurfæddust fyrir trú á Jesú Krist með því að taka við orði Guðs – fagnaðarerindinu í trú.

Irenæus hóf baráttu gegn þessum kenningum og skrifaði rit í fimm bindum, sem heitir: *Gegn villukenningum* (*Adversus hereses*). Irenæus hélt því m.a. fram, að röð biskupa kirkjunnar væri vel þekkt, allt til postulanna og enginn þeirra hafi aðhyllst gnóstisma. Því hljóti staðhæfingar gnóstíka að vera rangar. Röksemdir Irenæusar urðu upphafið að kenningunni um hina *postullegu embættisröð*, (*apostolic succession*), sem er enn við lýði, í

³⁸ Irenæus getur þess, að Jóhannes guðspjallamaður hafi lifað allt fram á daga Trajanusar keisara, sem ríkti á árunum 98-117.

³⁹ Gallía náði yfir töluverðan hluta af því landsvæði, sem nú er kallað Frakkland.

⁴⁰ Páll postuli fer gegn þessari stefnu í 1 Tímóteusarbréfi 6:20-21: „...og forðast hinar vanheilögu hégómaræður og mótsagnir hinnar rangnefndu þekkingar (*gnosis*), sem nokkrir hafa játað undir og orðið frávillingar í trúnni.“

⁴¹ Síðar kom maður að nafni Mani fram með afbrigði af þessari tvíveldishyggju, sem nefnist *Manikeismi*. Mani kenndi, að til væru tvö óháð og ævarandi grundvallarlögmál; lögmál ljóss og myrkurs. Lögmál Guðs og lögmál efnisins. Á fyrsta tímaskeiði veraldar, hefðu ljós og myrkur verið aðskilin, á næsta tímaskeiði hefðu þau blandast, en á því síðasta mundu þau verða aðskilin á ný. Jesús Kristur og aðrir trúarleiddtogar hefðu komið, til þess að leysa sálir úr hinu líkamlega fangelsi og leiða þær inn í ríki ljóssins.

sumum kirkjudeildum. Einnig er til eftir hann rit, þar sem hann útskýrir kristna trú, fyrir þeim sem ætla að taka skír. Irenæus hélt því einnig fram, að Ritning Hebrea, (Gamla testamentið, hebr.: *tanakh*) væri í fullu gildi, en því höfðu sumir gnóstíkar hafnað. Deilur við gnóstíka leiddu til þess að menn fóru að skilgreina betur hvað væri postulleg, eða almenn (*kapólsk*) kirkja.

Um náðargáfur í söfnuðinum skrifar Irenæus eftirfarandi: „Margir bræður í söfnuðinum hafa spámannlegar náðargáfur, tala mismunandi tungur í andanum og segja frá leyndardómum Guðs.“

Irenæus skrifaði eftirfarandi um Guðdóminn. „Á sama hátt eru allar birtingar Guðdómsins undir mismunandi nöfnum, eins og; Drottinn, Guð almáttugur, Hinn hæsti, Skaparinn og fleiri í þessum dúr, ekki nöfn eða titlar á mismunandi verum, heldur nöfn á hinum eina og sama Guði.“ Talið er að Irenæus hafi dáið stuttu eftir árið 200.

Tertúllíanus

Tertúllíanus er talinn hafa fæðst um 160 e.Kr. í borginni Karþagó í Norður-Afríku. Hann snérist til kristinnar trúar og varð afar afkastamikill rithöfundur og samdi fjölmörg trúvarnarrit á latínu. Tertúllíanus ritaði: „*Því fleiri sem verða teknir af lífi, þeim mun stærri verður uppskeran. Blóð píslarvottanna er útsæði kirkjunnar.*“ Sögur af kristnum píslarvottum breiddust hratt út meðal hins heiðna almúga og höfðu oft víðtækari áhrif en nokkur predikun. Hreinleiki og helgun eru grunnstefin í ritum hans, en hann taldi kirkjuna vera komna allt of langt í málamiðlun við hin veraldlegu öfl. Einstaklingurinn ætti að lifa eftir ströngustu kröfum kristindómsins, hins nýja lögmáls og verða auðugur af góðum verkum, því góðverkin hefðu gildi í eilífðinni frammi fyrir Guði. Þessi skoðun hafði örlagaríkar afleiðingar síðar varðandi stefnu kapólsku kirkjunnar. „*Það er alls ekki hlutverk trúarinnar að neyða menn með valdi til að trúa. Menn eiga að taka trú af frjálsum huga, ekki vegna þvingunar.*“ Rit hans höfðu mikil áhrif á þá sem síðar áttu eftir að móta kenningar kirkjunnar t.d. Kýpríanus og Ágústínus.

Tertúllíanus setti fram ýmsar kenningar og hugtök sem áttu eftir að fylgja kirkjunni fram á þennan dag. Má þar nefna skilgreiningu hans á þrenningunni, „Guð er einn að eðli en þrjár persónur,“⁴² Gamla- og Nýja testamenti,⁴³ sakramenti, yfirbót (*penance*), burthrífning og jarðneskt þúsund ára ríki. Einnig kom hann fram með staðgengilskenninguna, sem gengur út á það að Ísraelsþjóðin verði að þjóna kirkjunni, ef hún vilji hafa hlutverki að gegna í ríki Guðs. Tertúllíanus var andvígur því að konur tækju að sér að kenna, skíra eða predika í kirkjunni, því frá syndafallinu væri sérhver kona undir bölvun Evu. Karlmaðurinn væri skapaður í mynd Guðs en konan hefði síðar verið tekin út af manninum.

Á þessum tíma hafði leiðtogi að nafni Markion mikið fylgi. Markion vildi hreinsa kristnina af áhrifum gyðingdóms. Markmið hans var að mynda kirkju sem héldi sig alfarið við Jesú Krist og hinn nýja sáttmála. Hann hélt því fram að eina guðspjallið, sem mark væri á takandi,

⁴² Orðið *eðli* er ættað úr heimspekilegri orðræðu formladar, þar sem það merkir kjarnann, hið innsta í hverjum hlut, það sem kveður á um hvað eitthvað sé. Orðið persóna er latína og er ættað úr leiklistinni. Í fornöld báru leikendur grímu fyrir andliti. Gríman kallaðist *persona*. Síðar fór orðið að merkja hlutverk í leikriti (sbr. „persónur og leikendur“) og heldur þeirri merkingu enn. Á síðari öldum tók það einnig að merkja mannveru eða einstakling. Þegar orðið persóna er notað um guðdóminn merkir það „þann hátt sem guðdómurinn er til í og starfar í.“ Samkvæmt þrenningarkenningunni sem mótuð var af kirkjuþingum á fjórðu öld er Guð þrjár persónur; faðir, sonur og heilagur andi. En þessar persónur deila allar sama eðli, sama vilja, og sama persónuleika: Faðirinn er Guð, sonurinn er Guð, heilagur andi er Guð. Á miðöldum var orðið *persona* þýtt með orðinu grein á íslensku og þess vegna segir í helgikvæðinu *Lilju* um guðdóminn: „Eining sönn í þrennum greinum.“ Breytingin á merkingu orðsins persóna hefur ýtt undir þann misskilning í sumum kirkjudeildum að faðir, sonur og heilagur andi hafi mismunandi persónuleika.

⁴³ Orðið testamenti (lat. *testamentum*) þýðir vitnisburður eða sáttmáli. *Testamentum* var notað til að þýða hebreska orðið *berit* (sáttmáli) og gríska orðið *diatheke* sem þýðir ráðstöfun eða erfðaskrá. Hinn gamli og nýi sáttmáli eru báðir blóðsáttmálar, sbr. Sakarí 9:11 „*Vegna blóðs sáttmála þíns læt ég bandingja þína lausa...*“ og Matt. 26:28 „*þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda*“ og Lúkas 22:20 „*þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.*“ Blóðsáttmállinn er hinn rauði þráður Biblíunnar.

væri Lúkasarguðspjall. Hann neitaði einnig að viðurkenna ýmis önnur postulleg rit og setti Yahweh og Gamla testamentið til hliðar. Markion bjó til vísi að postullegu ritsafni með ellefu ritum.⁴⁴ Andstæðingar hans sökuðu hann um að setja til hliðar ýmislegt sem hentaði ekki þessari stefnu. Ritsafn Markions gerði kristnum mönnum ljósa þörfina fyrir ritsafn sem innhéldi hina upprunalegu postullegu kenningu.

Tertúllíanus skrifaði bækur gegn gnóstisma og ýmsum öðrum heimspeki-/ trúarstefnum samtímans sem honum fannst ganga gegn kenningum Biblíunnar þ.á.m. Markionisma. Hann fordæmdi tvenns konar nýbreytni, sem farin var að gera vart við sig meðal kristinna safnaða. Önnur villan var að skíra menn í staðinn fyrir þá sem dáið höfðu án þess að taka skírn (staðgengilsskírn) en hin að skíra ungbörn. Tertúllíanusi þótti kirkjan taka lítið mark á skoðunum sínum og snérist hann að lokum til fylgis við hina spámannlegu náðargjafahreyfingu Montanista.

Einvaldsstefna

Einvaldssinnar (*monarchianism*) voru andstæðingar þrenningarkenningarinnar. Einvaldssinnar héldu því fram að alvaldur Guð væri ein persóna – faðirinn. Einvaldssinnar skiptust í tvo hópa. Annar hópurinn var þeirrar skoðunar að Kristur hefði verið maður gæddur krafti Guðs (kraftstefnusinnar). Í stað þess að Orðið (*logos*) væri persóna guðdómsins, þá hefði Kristur verið maður⁴⁵ sem starfaði í krafti Guðs og heilagur andi væri kraftur eða nærvera Guðs föður. Meðal kraftstefnusinna voru einnig svokallaðir ættleiðingarsinnar, sem héldu því fram að eftir að Kristur hefði verið prófaður af Guði og staðist prófið, þá hefði hann við skírnina í ánni Jórdan fengið yfirnáttúrulegan kraft Guðs og verið ættleiddur sem Sonur Guðs. Hinn hópurinn hélt fram svokallaðri háttarhyggju (*modalism*),⁴⁶ sem byggist á því að faðir, sonur og heilagur andi séu mismunandi birtingarmyndir hins eina Guðs.

Montanistar

Um miðbik annarrar aldar voru þegar komin merki þess, þar sem kirkjustarf var orðið rótgróið, að dagar eldmóðsins væru liðnir. Kirkjurnar urðu stofnanakenndari þegar sú stefna varð ofaná, að einungis öldungar og biskupar ættu að þjóna í gjöfum andans innan safnaðarins.

Reynslan sýnir að fyrsta kynslóðin sem upplifir eldmóð og kraft heilags anda, endurfæðist til nýs lífs í krafti andans. Afkomendurnir alast oftast upp í kristnu umhverfi og upplifa ekki með sama hætti hina róttæku breytingu frá myrkri yfir í ljós eins og fyrri kynslóð fékk að reyna. Þegar tímar líða, þekkja nýjar kynslóðir ekki annað en kristindóm og hafa tilhneigingu til að verða sinnulausar um sinn andlega hag. Þegar hinn andlegi eldur fjarar út, festist kirkjan í hefðum og kenningakerfum og endar sem skipulögð trúrækni. Þá kemur glögglega í ljós að Guð á ekki barnabörn.

Montanus fæddist í Litlu-Asíu á fyrri helmingi annarrar aldar. Hann starfaði sem heiðinn prestur áður en hann snérist til kristinnar trúar. Montanus hafði áhyggjur af vaxandi siðleysi innan kirkjunnar. Montanus lagði áherslu á þörfina fyrir hið yfirnáttúrulega, einkum spádómsgáfuna í starfi kirkjunnar. Hann lagði einnig áherslu á að kristnir menn þyrftu að halda sig við biblíulegt siðgæði, sýna meiri sjálfsaga og skilja líf sitt betur frá hinum synduga heimi. Eitt af grundvallaratriðunum í kenningum Montanista, var að gjafir heilags anda, væru það sem gerði menn hæfa til þjónustu í kristilegu starfi.

⁴⁴ Á 4. öld hurfu mörg kristin trúarrit úr umferð. Kirkjuleiðtogar fóru þá í herferð gegn ritum, sem höfðu verið dæmd villutrúarrit. Árið 1945 fundust í eyðimörkinni í Egyptalandi á stað sem heitir *Nag Hammadi* 52 handrit, þar á meðal allmörg kristin trúarrit sem kirkjan hafði dæmt óhæf og talin voru glötuð. Þekktast þeirra er Tómasarguðspjall, sem gefið var út á íslensku árið 2001.

⁴⁵ Kirkjudeildir sem aðhyllast þessa skoðun á okkar tímum, eru m.a. Vottar Jehóva, Kristadelfíukirkjan og únitarar.

⁴⁶ Á þriðju öld var áhrifamikill guðfræðingur sem hét *Sabellius*. Sabellius var andstæðingur þrenningarkenningarinnar. Hann taldi að Guð væri ein persóna sem opinberaðist með þrennum hætti. Við gætum kynnst Guði sem föður í gegnum sköpunina, sem syni gegnum endurlausnina og loks sem heilögum anda með endurnýjun og helgun. Þessi útgáfa af háttarhyggju, kallast *Sabellianismi*.

Montanistar héldu því fram, að á tímum postulanna hefðu menn aðeins fengið heilagan anda í takmörkuðum mæli, en á tíma endalokanna yrði úthellt ómældum krafti og algjör fylling heilags anda stæði til boða. Þessi loka-úthelling heilags anda væri fyrirrennari endurkomu Jesú Krists.

Tertúllíanus greinir frá því hvernig andi spádómsgáfunnar starfaði í söfnuði Montanista:

„Við höfum á meðal okkar systir sem hefur fengið blessun með margvíslegum gjöfum opinberunar, er hún upplifir sem andlegar sýnir. Hún talar við engla og stundum jafnvel við Drottin. Hún bæði sér og heyrir margvíslega hluti [með yfirnáttúrulegum hætti]. Hún þekkir hvað býr í hjarta manna og hún veitir leiðsögn þeim sem eru í neyð... Þegar messu er lokið og messugestir eru farnir, segir hún okkur frá því sem hún hefur upplifað í sýn.“

Hreyfing Montanista breiddist hratt út um Litlu-Asíu, Norður-Afríku og síðar til Evrópu.

Helstu andstæðingar Montanista voru einvaldssinnar sem höfnuðu áherslu Montanista á heilagan anda. Einn af leiðtogum einvaldssinna Praxeas að nafni, fékk biskupinn í Róm til að hafna kenningum Montanista. Hreyfing Montanista hélt samt áfram starfsemi sinni allt fram á fimmtu öld.

Órígenes og Alexandríuskólinn

Í lok 2. aldar var settur á stofn trúnemaskóli í borginni Alexandríu í Egyptalandi. Skyldi hann veita heiðingjum sem vildu gerast kristnir fræðslu í kristindómi, áður en þeir tækju skírni og mennta kristna menn í guðfræði. Guðfræði skipaði öndvegi við þennan skóla, einkum trúfræðin og varð hann brátt frægur. Þekktastur allra kennara við skólann var Órígenes.

Órígenes var fæddur árið 185. Árið 202 hófst mikil ofsókn gegn kristnum í Alexandríu. Leið þá faðir hans píslarvættisdauða og allar eignir fjölskyldunnar voru gerðar upptækar. Órígenes ætlaði að gefa sig fram við yfirvöldin og fylgja föður sínum, en móðir hans faldi fötin hans, svo hann komst hvergi. Skömmu síðar varð hann kennari við trúnemaskólann og gat þannig unnið fyrir móður sinni og systkinum. Hann kenndi á daginn, en las á nóttunni. Einkum las hann Ritningarnar. Hann taldi að tvennt þyrfti til að skilja Ritningarnar, nám og bæn. Hann tókst á hendur löng ferðalög til að bæta við þekkingu sína og varð í hópi lærðustu manna í Rómarríki á 3. öld. Auðugur vinur hans, lagði honum mikið fé til vísindastarfa, svo að hann gat haft ritara sér til aðstoðar. Hann rannsakaði texta Ritninganna, með þeim hætti að hann lét rita Gamla testamentið á frummálinu og í fimm þýðingum í sex dálkum. Nefndist rit þetta *Hexapla* (sexdálkabók) og var það 27 ár í smíðum. Jafnframt skrifaði Órígenes skýringar við rit Biblíunnar. Eitt þekktasta rit hans var um frumsannindi kristindómsins og hefur það verið talið fyrsta kristna trúfræðin. Órígenes greinir frá því, að yfirnáttúrulegir atburðir við þjónustu innan kirkjunnar séu á undanhaldi og kennir hann um skorti á helgun og hreinleika í söfnuðunum. Órígenes lenti í deilum við Demetríus biskup í Alexandríu. Af þeim sökum varð hann að fara landflóttu til Ísraels og kenndi hann um hríð í Sesareu. Hann hélt því fram að sálin hefði andleg skilningarvit (andlega sjón, andlega heyrn o.s.frv.) samsvarandi hinum líkamlegu skilningarvitum. Sumar kenningar hans urðu mjög umdeildar. Meðal annars kom hann fram með kenningu um fortíveru sálarinnar og sömuleiðis að allir andar snúi að lokum aftur til Guðs. Einnig kenninguna um hina *almennu endurlausn* (sbr. Post. 3:21, „þegar Guð endurreisir alla hluti“) sem standi öllum til boða og að lokum muni allar sálir sameinast Guði, sem flokkast undir endurreisnartrú (*restorationism*). Órígenes taldi að hin upphaflega fullkomna sköpun hefði verið á hinu andlega sviði. Við syndafallið, hefði sköpunin fallið af hinu andlega sviði niður á hið veraldlega.

Órígenes velti fyrir sér vandamáli þrenningarinnar. Ef þrír mynda einn Guð, hver er þá munurinn á þeim? Svar hans var, að faðirinn sé grundvöllurinn, en faðirinn deili guðdóminum með syni og heilögum anda. Órígenes hafnaði því að sonurinn hefði verið skapaður af föðurnum á ákveðnum tíma. Sonurinn hefði verið hluti af föðurnum frá eilífi (sem tekið var upp í játningu sem samin var á kirkjupingi í Níkeu einni öld síðar).

Órígenes lagði áherslu á svokallaða allegóríska (*allegoria*: önnur saga) eða táknræna túlkun ritninganna, þar sem yfirleitt megi finna aðra og dýpri merkingu að baki frásögninni, en dæmisögur Jesú séu besta vitnisburðurinn um það. Órígenes taldi að þar sem maðurinn væri líkami, sál og andi þá væri ávallt hægt að meðtaka innihaldið í hverri ritningu á þrjá vegu. Hið bókstaflega innihald, höfðaði til líkamans, hið siðræna innihald höfðaði til sálarinnar og hið táknræna eða andlega innihald höfðaði til andans. Síðar voru nokkrar af kenningum hans dæmdar villukenningar af kirkjuleiðtogum. Órígenes leið píslarvætti og andaðist árið 254.

Kýpríanus kirkjufaðir

Kýpríanus var fæddur nálægt árinu 200, sonur auðugra foreldra í Norður-Afríku. Hann starfaði sem kennari og lögfræðingur í borginni Karþagó, áður en hann eignaðist trú á Krist og var skírður árið 246. Kýpríanus sagði að við afturhvarfið, hefði hann gert sér grein fyrir því að líf hans fram að þeim tíma hefði verið gagnslaust og fullt af synd. Fljótlega eftir skírningina, var hann gerður að djákna og stuttu síðar vígður sem prestur. Árið 249 var hann kjörinn biskup í Karþagó, gegn vilja presta og öldunga í borginni.

Árið 250 hóf *Decius* keisari í Róm ofsóknir gegn kristnum mönnum, með því að fyrirskipa þegnum ríkisins að færa guðunum fórnir opinberlega, en sæta lífláti ef þeir neituðu (fylgjendur gyðingdóms voru undanþegnir þessari skipun). Kýpríanus ákvað að fara í felur, frekar en að líða píslarvætti. Hann varði þessa ákvörðun með því, að það væri betra fyrir söfnuðina að hafa handleiðslu biskups í ofsókninni, þótt það væri úr fjarlægð.

Flótti Kýpríanusar hafði neikvæð áhrif innan safnaðanna. Flestir hinna kristnu í Karþagó, stóðust ekki ofsóknina og færðu þær fórnir sem tilskildar voru. Þeir voru á latínu nefndir „lapsi“ – *hinir föllnu*. Sumir höfðu þó í staðinn fyrir að færa guðunum fórnir, keypt sér undirritað vottorð (*libelli*), um að þeir hefðu framkvæmt það sem tilskilið var af yfirvöldum.

Kýpríanus gerði þá kröfu, að „hinir föllnu“, sem fært hefðu fórnir, þyrftu að gera yfirbót og bíða í allt að þrjú ár, áður en hægt væri að taka þá aftur inn í söfnuðina, en þeir sem hefðu raunverulega fallið frá trúnni um tíma ættu ekki kost á kvöldmáltíðinni, fyrr en þeir væru dauðvona. Þeim hópi er fengið hefði vottorð, án þess að færa fórnir, mætti hins vegar veita strax aðgang að kvöldmáltíðinni. Kýpríanus snéri til baka snemma árs 251. Þá höfðu prestar þegar leyft mörgum hinna föllnu að taka þátt í kvöldmáltíðinni, en aðrir héldu því fram að hinir föllnu gætu ekki fengið inngöngu í kirkjuna. Fljótlega hófust deilur sem leiddu til þess að Kýpríanus boðaði til kirkjuþings í Karþagó fyrir biskupa í Norður-Afríku í maí árið 251. Þar voru settar fastar reglur um þessi mál. Ákvarðanir kirkjuþingsins festu í sessi mikilvæg atriði, varðandi kirkjuaga. Kirkjan hefði vald til þess að láta syndir niður falla, jafnvel fráfall frá trúnni og biskupar hefðu úrslitavald varðandi kirkjuaga. Hin opinbera auðmýking sem yfirbótin hafði í för með sér fyrir „hina föllnu“ leiddi til þess að margir frestuðu því að skírast eins lengi og hægt var.

Í Róm hafði einnig komið upp klofningur, vegna inngöngu hinna föllnu. Hópur undir forystu *Novatians* taldi ófært að taka aftur inn í kirkjuna þá sem hefðu afneitað trúnni. Kýpríanus barðist gegn hópum sem ekki sættu sig við vald biskups á hverjum stað og taldi nauðsynlegt að endurskíra þá sem þar hefðu fengið skírn. Þessu mótmælti *Stefán biskup* í Róm. Stefán hélt því fram að þar sem Rómarbiskup væri arftaki Péturs postula hefði hann vald til að ákveða hvað væri rétt kenning.

Upp úr þessu ritaði Kýpríanus þekktasta rit sitt sem heitir, „*Um einingu kaþólsku kirkjunnar*“. Þetta rit er eitt af áhrifamestu ritum kirkjusögunnar. Þar heldur hann fram þeirri skoðun, að kirkjan sé eina hjálpræðisstofnun Guðs á jörðu og hver sem vill hólpin verða, þarf að vera hlýðinn sonur hennar. „Eiginkona Krists getur ekki verið hórkona, hún er óspillt og hrein.“ „Sá getur ekki átt Guð að föður, sem á ekki kirkjuna að móður.“ Sömu leiðis segir hann: „Utan kirkjunnar er engin sálhjálp.“ Hann hefur því oft verið kallaður kirkjufaðir kaþólsku kirkjunnar.

Vandamál kirkjunnar var að hún gat ekki stækkað svo hratt sem raun bar vitni og haldið áfram að vera eingöngu samfélag heilagra sem höfðu gefið Kristi líf sitt fullkomlega. Að lokum varð sú stefna ofaná, að kirkjan væri ekki aðeins skóli fyrir heilaga, heldur sjúkrahús fyrir syndara af öllu tagi sem þyrftu að fá lækningu af syndinni, því „*ekki þurfa heilbrigðir lækni við, heldur þeir sem sjúkir eru*.“ Kýpríanus var meðal þeirra sem töldu að það væri æskilegt að skíra börn sem fyrst, ekki vegna eigin synda heldur vegna syndar Adams sem þau hefðu fengið í arf. Kýpríanus var hálshöggvinn í ofsókn *Valeríans* keisara árið 258.

Katakomburnar

Rómverjar brenndu lík hinna látnu, en Hebrear grófu sína látnu. Kristnir menn fylgdu hér síð Hebrear. Snemma fóru menn að grafa lík í neðanjarðargrafreitum, þar sem jarðvegi var þannig hátt að, að auðvelt var að grafa í hann. Í Róm mynduðust smám saman langir

neðanjarðargangar. Er talið, að þeir hafi alls orðið um eitt þúsund kílómetrar. Þessir neðanjarðargrafreitir nefnast *katakombur* og þykja í dag hin mestu mannvirki.

Sums staðar breikkuðu gangarnir og mynduðu litlar grafhvelfingar, þar sem fólk gat safnast saman í smáhópum til bænahalds og neyslu kvöldmáltíðarinnar. Eftir að ofsóknir hófust gegn kristnum mönnum, varð algengara, að kristnir menn söfnuðust saman í katakombunum, því rómverskir hermenn máttu ekki koma þangað. Grafreitirnir voru friðhelgir.

Talið er, að katakomburnar hafi verið notaðar til greftrunar í a.m.k. þrjár aldir. Síðar var byrjað að flytja jarðneskar leifar hinna látnu til kirknanna. Féllu katakomburnar í gleymsku og fundust ekki aftur fyrr en eftir nokkrar aldir.



Áletrun á hleðslu í Efesus – IXΘΥΣ

Veggir og loft katakombanna eru skreytt myndum. Sýnir það að kristnir menn tóku listina snemma í þjónustu sína. Algengar eru myndir af Kristi. Þá eru einnig margar táknmyndir, sem minna á frásagnir Biblíunnar. Víða sjást myndir af hinum góða hirði, örkinni hans Nóa, Daníel í ljónagryfjunni, síðustu kvöldmáltíðinni og Lasarusi, þegar hann var vakinn upp frá dauðum, svo að nokkuð sé nefnt.


Loks er mikið um tákn, sem kristnir menn notuðu á þeim tímum. Einkum er víða mynd af fiski, en það tákn notuðu kristnir menn mikið, því að stafirnir í orðinu fiskur á grísku (*ichthus* [IXΘΥΣ] *IKΘYS*), eru fyrstu bókstafirnir í *Iaesous Kristos Deou Yios Sotaer*, sem þýðir: Jesús Kristur, Guðs Sonur, Frelsari.

Það vekur athygli, að hvergi í myndskreytingu katakombanna ber á hefndarmyndum, þótt þessi skreyting sé gerð meðan ofsóknirnar stóðu sem hæst.

Einnig var vinsælt meðal kristinna að nota fangamark Jesú Krists, með því að reyna að líkja eftir nafni hans á grísku með latínuletri (Jesús = IHCOYC, Kristur = XPICTOC). Voru þá notaðir latnesku stafirnir IHC eða IHS fyrir Jesús en XP var notað fyrir Kristur.




Krossinn varð síðar tákn kristinna manna. Voru hinir fyrstu krossar af mjög mismunandi gerðum. Þegar tímar liðu, var aðallega um tvær aðalgerðir krossa að ræða, á Vesturlöndum latneska krossinn, sem nú tíðkast mest, en þar er þverálman fyrir ofan miðju á lengdarálmunni og styttri en hún, og í Austurlöndum gríska krossinn, þar sem álmurnar eru jafnlangar og skera hvor aðra í miðju.




Antóníusarkross
(Egypskur kross)



Andrésarkross
Arfsögn kirkjunnar segir að Andrés postuli hafi verið líflátinn á krossi sem var eins og X.



Latneskur kross
Líklegt er talið að kross Jesú hafi verið af þessari tegund, þar sem sett var yfirskrift fyrir ofan höfuð Jesú.



Péturskross
Arfsögn kirkjunnar segir að Pétur postuli hafi verið krossfestur þannig að höfuðið snéri niður.



Málverk af postulum Páli, Pétri, Jóhannesi og Andrési sem fundust í katakombunum í Róm árið 2009. Málverkin eru talin frá síðari hluta 4. aldar. Þetta eru elstu myndir sem vítað er um af postulunum Jóhannesi og Andrési.

Lokaofsóknir

Þegar fram liðu stundir og kristnin hafði náð verulegri útbreiðslu um allt rómverska ríkið, urðu ofsóknirnar gegn kristnum mönnum meiri og almennari. Var oft um að ræða samfelldar ofsóknir, sem náðu yfir mestan hluta ríkisins. Voru kristnir menn þá beittir hroðalegustu pyntingum, en langflestir héldu fast við trú sína. Sumir fögnuðu því að fá að reyna samfélagið við Frelsarann í þjáningunni og væntu þess að fá betri upprisu og kórónu píslarvottsins.

Vissulega kom einnig fyrir að menn misstu kjarkinn og köstuðu trú sinni. Til merkis um fráhvarf sitt, áttu þeir að færa keisara og ríkisguðunum fórnir og afhenda kristin rit er þeir áttu, til þess að þau yrðu brennd. Voru slíkir menn nefndir afhendendur (*traditores*), en það orð fór hjá kristnum mönnum að merkja svikara og er svo á ýmsum tungumálum enn í dag.

Allar tilraunir til að brjóta kristindóminn á bak aftur með ofsóknum mistókust gersamlega. Kristnin náði stöðugt meiri útbreiðslu.

Síðasta mikla ofsóknin átti sér stað í upphafi fjórðu aldar. Þá sat að völdum *Díókletíanus* keisari, sem vildi endurreisa hið forna veldi Rómverja, sem farið var að hnigna. Taldi hann nauðsynlegt að útrýma kristinni trú. Hófst þá ægilegasta ofsókn, sem kristnir menn höfðu nokkru sinni orðið fyrir fram að þeim tíma. Náði hún um allt ríkið og stóð í átta ár. Talið er að ríflega 15 þúsund kristnir menn, hafi verið pyntaðir og drepnir en fjölmargir aðrir þolað margvíslegar þjáningar. Allt kom þó fyrir ekki, keisarinn beið algeran ósigur. Honum tókst ekki að útrýma kristinni trú. Þvert á móti varð nú mörgum ljóst, að kristin trú hafði sigrað. Hún var trú framtíðarinnar.

Innri barátta

Ofsóknir voru ekki eina hættan, sem steðjaði að kristninni. Mjög snemma gætti tilrauna til að steypa saman fjölmörgum trúarbrögðum í eitt heimspeki- og trúarkerfi. Voru þar að verki ýmsir þekktir heimspekingar. Þessar kenningar náðu oft töluverðri útbreiðslu í rómverska ríkinu. Nokkuð var um að kristnir menn yrðu fyrir áhrifum frá þeim.

Kirkjunni var því snemma mikil nauðsyn á því að verja hina upprunalegu kenningu. Eins og áður er sagt, eignaðist kirkjan ýmsa kennimenn og rithöfunda, sem settu fram hina kristnu kenningu og vörðu hana gegn árásum.

Fastara skipulag kirkjunnar

Þessi barátta kirkjunnar fyrir varðveislunni kenningarinnar varð til þess, að kirkjan kom miklu fastara skipulagi á starf sitt. Hinir einstöku söfnuðir tóku upp samband sín á milli. Síðan þótti mönnum nauðsynlegt að samræma helgisíði og helgiritasafn. Var það aðallega þrennt, sem menn töldu vera máttarstöðir kristinnar: Sameiginlegt *ritsafn* — **Nýja testamenti**, sameiginleg *trúarjátning* og sameiginleg *embætti*.

Í Nýja testamentið var safnað saman öllum þeim ritum, sem menn voru sammála um, að væru frá postulunum komin eða lærisveinum þeirra og hefðu inni að halda hina postullegu kenningu. Nýja testamentið í sinni núverandi mynd var þegar fullmótað fyrir aldamótin 400. Þetta var afar mikilvæg ákvörðun í kirkjunni. Eftir þetta var engin ný ritning tekin gild.

Kristnum mönnum þótti ekki nóg að eiga ákveðið helgiritasafn. Þeir vildu einnig leggja áherslu á réttar skýringar á sannindum trúarinnar til varnar gegn tilraunum til breytinga á kenningum hennar. Auk þess áttu þeir, sem skírast skyldu, að gera grein fyrir því, hverju þeir trygðu. Þetta varð upphafið að trúarjátningunni. Í trúarjátningunni er í stuttu máli gerð grein fyrir höfuðkenningum kristinnar trúar. En hvernig gátu menn rökstutt það, að Nýja testamentið og trúarjátningin væru í raun og veru frá postulunum runnin? Það gerðu menn með því að benda á hina *postullegu embættisröð*. Embætti biskups hefði verið stofnað af postulunum sjálfum. Fyrstu biskuparnir hefðu fengið frá postulunum, hina réttu og sönnu kenningu og þeir síðan eftirmönnum sínum og þannig koll af kolli.

Þetta þrennt, ritsafnið, trúarjátningin og embættin, var forsenda þess að söfnuðirnir gætu, er tímar liðu myndað stærri heild, hina *almennu (kapólsku) kirkju*.

Höfuðjátning rómversku- og Lútersku kirkjunnar er hin *postullega trúarjátning*.⁴⁷

⁴⁷ Elsta heimildin um trúarjátningu rómversku kirkjunnar er frá því um 150:

Guðspjöllin

Á dögum postulanna var Nýja testamentið enn ekki orðið til. Sjálfur lét Jesús Kristur ekkert rit eftir sig. Einu ritningar fyrstu kristnu safnaðanna voru því rit Gamla testamentisins. Postularnir virðast ekki heldur hafa hugsað um það framan af, að færa fagnaðarboðskapinn í letur. Þeir ferðuðust milli hinna einstöku safnaða og fluttu þeim munnlega hinn kristna boðskap. Lærisveinar postulanna námu síðan boðskapinn af vörum þeirra.

Eftir því sem tímar liðu, urðu kristnu söfnuðirnir fleiri og stærri. Postularnir dóu hver af öðrum og aðrir þeir, er sjálfir höfðu verið sjónarvottar að starfi og kennslu Jesú. Þá varð kristnum mönnum æ ljósari þörfin á rituðum heimildum, sem hefðu að geyma frásagnir postulanna af lífi og starfi Jesú Krists, svo að kenningin gæti varðveist hrein og ómenguð. Þess vegna hefur snemma verið farið að rita hið helsta úr frásögnum postulanna. Er þar ýmist að verki postularnir sjálfir eða lærisveinar þeirra. Á tímum Krists og postulanna, var gríska alþjóðlegt tungumál og því var Nýja testamentið ritað á grísku.⁴⁸

*Matteusarguðspjall*⁴⁹ er ritað af Matteusi postula. Það er sýnilega miðað við lesendur meðal Hebrea og vitnar mjög oft í Gamla testamentið. Þar eru margar tilvísanir í spádóma Gamla testamentisins, sem benda til þess, að Jesús frá Nasaret sé einmitt sá Messías, sem Guð hafði fyrir munn spámanna sinna heitið að senda þjóðinni.

Markúsarguðspjall er aftur á móti miðað við lesendur af heiðnum uppruna. Þar er aðeins einu sinni vitnað í Gamla testamentið og ennfremur er þar að finna skýringar á ýmsum siðum og venjum Gyðinga, sem engin þörf hefði verið á að útskýra fyrir Hebreum. (Til er erfikenning, sem segir að *Jóhannes Markús* hafi ritað guðspjallið eftir fyrirsögn Péturs postula, fyrir söfnuðinn í Rómarborg.)

Lúkasarguðspjall er ritað af Lúkasi lækni, samstarfsmanni Páls, eins og fyrr er getið. Er það tileinkað þeófilusi, einstaklingi sem ekkert frekar er vitað um. Sama máli gegnir um Postulasöguna.

Jóhannesarguðspjall er ritað af Jóhannesi postula. Það mun ritað nokkru seinna en hin guðspjöllin þrjú. Talið er að Jóhannes hafi ritað það, þegar hann dvaldist hjá söfnuðinum í Efesus. Sérkenni guðspjallsins er, að þar er leitast við að veita dýpri innsýn í leyndardóm veru Krists.

Önnur rit Nýja testamentisins

Páll postuli vann mikið starf á kristniboðsferðum sínum, eins og frá hefur verið greint hér að framan. Þó er það annar þáttur starfs hans, sem hefur haft enn meiri áhrif. Það eru bréfaskriftirnar. Auk guðspjallanna fjögurra og Postulasögunnar eru í Nýja testamentinu þrettán *bréf Páls* til hinna ýmsu safnaða kristinna manna í Rómarveldi. Er helstu bréfanna áður getið.

Flest eru bréf Páls rituð til safnaða, sem hann hafði sjálfur stofnað. Í bréfunum veitir Páll skýringar á ýmsum kenningaratriðum, um leið og hann gefur söfnuðinum ráð um ýmis atriði varðandi safnaðarskipun og stjórn. Enn fremur ræðst hann í bréfunum gegn villukenningum, sem þá voru uppi og hann óttaðist að næðu fótfestu í söfnuðinum. Sum þessara bréfa Páls, t.d. Þessalóníkubréfin, eru elstu rituðu heimildir kristindómsins.

Ástæða þess að Páll skrifar Rómverjabréfið og Galatabréfið virðist vera sú að einhverjir höfðu tekið að predika í söfnuðinum að þeir sem væru af heiðnum uppruna en tækju kristna trú, þyrftu að láta umskerast og lifa samkvæmt lögum Móse.

Auk bréfa Páls eru í Nýja testamentinu tvö bréf *Péturs postula*, þrjú bréf *Jóhannesar*, eitt bréf *Júdasar*, eitt bréf frá *Jakob*, „bróður“ Drottins og eitt *bréf til Hebrea*, sem ekki er víst,

„Ég trúí á Guð föður almáttugan og á Jesú Krist hans eingetinn son Drottinn vorn, sem var getinn af heilögum anda og Maríu mey; krossfestur á dögum Pontíusar Pílatúsar og grafinn; reis á þriðja degi upp frá dauðum; steig upp til himna og situr við hægri hönd föðurins, og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. Og á heilagan anda, heilaga kirkju, fyrirgefningu syndanna og upprisú líkamans.“

⁴⁸ Til eru fræðimenn sem telja að *Matteusarguðspjall* og *Hebreabréfið*, hafi upphaflega verið rituð á hebresku (eða arameisku sem er náskyld hebresku) og síðar þýdd yfir á grísku.

⁴⁹ Guðspjall, á ensku: *gospel*, latína: *evangelium*. Komið úr grísku (*euangelion*) og merkir *góðar fréttir* (íslensk þýðing: *fagnaðarerindi*).

hver hefur skrifað. Hebreabréfið er hvatning til safnaðar sem hefur sætt ofsóknum og á undir högg að sækja vegna fráfalls aftur til gyðingdóms, um að halda sig fast við fagnaðararindi Jesú Krists og falla ekki í þá gryfju að fylgja lögmálinu, því lögmálið sé aðeins ófullkomin skuggamynd af hinum nýja og betri sáttmála.



2. Korintubréf - hluti af 11. Og 12. kafli. Handrit frá 3. öld.

Öll þessi bréf eru okkur ómetanlega mikils virði til rétts skilnings á kenningum kristindómsins, því að þau sýna okkur skilning og skýringar frumkristninnar á lífi og starfi Jesú, dauða hans og uppris.

Síðasta rit Nýja testamentisins er *Opinberunarbók Jóhannesar*, þar sem Jóhannes opinberunarmaður⁵⁰ segir frá sýnum og opinberunum, sem hann fékk um Ísraelsþjóðina, kirkjuna og hina síðustu tíma, þegar hann var fangi á eyjunni Patmos (sbr. *Opinberunarbókin* 1:9).

Á kirkjupinginu í Karþagó árið 397, var samþykktur listi yfir þau 27 rit, sem ættu að tilheyra Nýja testamentinu.

Sigur kristninnar

Eins og fyrr getur, rann ofsóknin mikla gegn kristnum mönnum í upphafi fjórðu aldar út í sandinn. Hinn heiðni keisari beið ósigur og auðséð var, að ekki mundi líða á löngu, þar til kristnin bæri sigur úr býtum.

Árið 306 varð *Konstantínus mikli* keisari í öllu Rómarveldi. Hann var mjög hlynntur kristnum mönnum. Sagnir herma, að hann hafi eitt sinn séð sýn, skömmu áður en hann háði mikla orrustu. Sá hann þá ljómandi krossmark á lofti og ofan við það stóð lettað: Með þessu merki skaltu sigra! Lét hann þá gera krossmerki fyrir gunnfána. Síðar dreymdi hann draum þar sem honum var sagt að setja fangamark Krists á skildi hermanna sinna. * Vann hann síðan mikinn sigur.



Konstantínus keisari

Konstantínus leyfði kristna trú í ríkinu með svokölluðu *trúfrelsisboði* árið 313. Lét hann jafnvel byggja upp aftur ýmsar af þeim kirkjum, sem rifnar höfðu verið niður í ofsókninni miklu. Veitti hann kristnum mönnum ýmis forréttindi fram yfir heiðna menn og gerði sunnudaginn að helgidegi.

Við þessa breytingu á stöðu kristninnar í ríkinu gengu margir heiðnir menn henni á hönd. Sumir höfðu sannfærst um yfirburði hennar fram yfir heiðnina, en margir þeirra gerðu það aðeins að nafni til, án þess að hugur og hjarta fylgdi með. Sjálfur tók Konstantínus ekki skírn fyrr en í banalegunni.

Trúardeilur og kirkjuping

Í upphafi fjórðu aldar hófust miklar trúardeilur, sem stóðu marga áratugi og ollu kristninni miklu tjóni. Spurningin sem skipti mönnum upp í fylkingar var: „Hver er Jesús?“ Kirkjan tilbað hann sem Guð, Nýja testamentið kallaði hann Guð sbr. Jóhannesarguðspjall 1:1 „í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð“, en samt er það grunnstef ritninganna að Guð er einn og tilbeiðsla á einhverju öðru er guðlast og skurðgoðadýrkun.

Frumkirkjan fylgdi túlkun Gyðinga á Ritningunum að Guð væri einn. „Heyr Ísrael, Drottinn Guð (*Yehovah Elohiym*), er einn Drottinn (*Yehovah*).“ (5. Móseb. 6:4) Páll postuli segir í Efesusbréfinu 4:5-6. „Einn er Drottinn, ein trú, ein skírn, einn Guð og faðir allra, sem er yfir öllum, með öllum og í öllum.“ Jóhannes postuli segir sömuleiðis í 1. Jóhannesabréfi 1:3. „Og samfélag vort er við föðurinn og við son hans Jesú Krist.“ Áhersla frumkristninnar er því á tvíeina Guð (Föðurinn og Soninn). Frumkirkjan leit ekki á kjarna guðdómsins sem gátu eða þraut, er menn gætu skilgreint með rökrænni leikfimi.

Þrenningarkenningin sem upphaflega var sett fram í byrjun 2. aldar reyndist vera vandmeðfarin jafnvægislist. Þeir sem lögðu áherslu á einingu Guðs sökuðu þrenningarsinna um að tilbiðja þrjá Guði. Þeir sem lögðu áherslu á þrenninguna, sökuðu einingarsinna um að

⁵⁰ Er trúlega sami maður og Jóhannes postuli.

predika háttarhyggju (þar sem Guð getur komið fram í mörgum hlutverkum líkt og einstaklingur getur verið faðir, eiginmaður og sonur).

Aríus öldungur í Alexandríu gerði tilraun til að binda enda á þetta ástand. Aríus taldi að vandamálið lægi í þeirri kenningu að Kristur hefði verið til frá eilífð. Ef Kristur ætti ekkert upphaf, þá væru óhjákvæmilega tveir aðilar frá eilífð sem ekki hefðu verið skapaðir. Þetta gengi ekki upp. Faðirinn hlýti að hafa skapað soninn, því Páll postuli segir að Kristur sé „*frumburður allrar sköpunar*“ (Kól. 1:15). Sonurinn væri skapaður af föðurnum og undirgefinn honum (*subordinationism*). Aríus skrifaði: „Sonurinn hefur upphaf, en Guð er án upphafs.“ Aríus sagði að sonurinn er líks eðlis og faðirinn. Þessu andmæltu m.a. þeir *Alexander biskup* og *Apanasíus djákni* (síðar biskup) í Alexandríu. „Faðir og sonur eru *sama eðlis*, kristnir menn játa aðeins einn Guðdóm.“ Deilurnar um eðli og persónu guðdómsins, leiddu til þess að orðið *persona* fékk nýja merkingu. Í stað þess að vera notað í merkingunni hlutverk, var farið að nota það um einstaklinga.

Konstantínus keisari gerði sér vonir um að kirkjan gæti orðið það sameiningarafl sem myndi tengja saman hinar ólíku þjóðir í Rómaveldi, en þá þyrfti að ríkja sæmileg sátt um kenningar innan hennar. Þess vegna kallaði hann saman kirkjuþing í Níkeu árið 325. Þangað komu 300 biskupar víðs vegar að ásamt fylgdarliði sínu. Margir þeirra báru merki ofsókna og pyntinga á líkama sínum.



Laódíkea – skírnarlaug í kirkjugólfi

Kirkjuþingið úrskurðaði um deilumálin og var kenningu Aríusar hafnað, en hinu slegið föstu að Kristur sé „Guð af Guði, ljós af ljósi, sannur Guð af Guði sönnum, sömu veru og Faðirinn“, eins og komist er að orði í þeirri trúarjátningu sem kennd er við Níkeu. Níkeujátningin er önnur af höfuðjátningum kristinnar.⁵¹ Níkeujátningin er eina játningin sem allar stærstu kirkjudeildirnar þ.e. Rómarkirkjan, Rétttrúnaðarkirkjan, Enska biskupakirkjan ásamt meirihluta kirkjudeilda mótmælenda eru sammála um að nota. Á þinginu var einnig ákveðið, að hætta að nota tímatal Gyðinga til að reikna út hvenær kristnir menn héldu páska hátíðlega.⁵²

Níkeuþingið markaði tímamót. Hér var í fyrsta sinn, notuð sú aðferð að kveðja saman fulltrúa frá kirkjum í hinum ýmsu löndum Rómaveldis, til að skera úr um deilumál, og ákvarða um kenningar og starfsaðferðir.

Á kirkjuþinginu í Laódíkeu árið 365, var reynt að samræma helgihald enn frekar, t.d. banna kristið helgihald á laugardögum. Var þessi ákvörðun liður í að fjarlægja kristnina hinum gyðinglega uppruna sínum, en Hebrear voru afar óvinsælir í Rómaveldi eftir ítrekaðar uppreisnir þeirra gegn Rómverjum í Ísrael (sem leiddu til þess að árið 135 voru Hebrear reknir frá Jerúsalem og landið kallað Sýrlenska Palestína⁵³). Þrátt fyrir þetta, héldu fjölmargar kirkjur áfram helgihaldi á laugardögum, einkum í austurhluta rómverska ríkisins.

⁵¹ Hin er svokölluð *Apaníusarjátning*, sem er mun yngri og kennd við Apanasíus biskup í Alexandríu. Í henni segir m.a.: „Þannig er faðirinn Guð, sonurinn Guð, heilagur andi Guð og samt eru ekki þrír Guðir, heldur einn Guð.“

⁵² Í Litlu-Asíu höfðu kristnir menn haldið páska 14. dag nísan mánaðar eins og Gyðingar. Víða annars staðar höfðu kristnir söfnuðir tekið upp þá venju að halda páska næsta sunnudag eftir 14. nísan og föstudaginn næsta á undan sem krossfestingardag frelsarans.

⁵³ Orðið Palestína kemur úr grísku (*Palaistinē*) og er að öllum líkindum dregið af nafni Filista (hebr.: *peleshet*), en þeir voru þjóðflokkur frá grísku eyjunum sem settust að sunnarlega á strandlengju Kanaanslands (við Miðjarðarhaf) á 13. öld f. Kr. Nafnbreytingin var liður í aðgerðum Rómverja til að eyða gyðinglegum áhrifum á svæðinu eftir uppreisn sem kennd er við Bar Kokhba. Til viðbótar gerðu Rómverjar það að líflátssök að nota nafn Guðs, YHWH opinberlega í Ísrael. Var því ákveðið nota í staðinn titla eins og *Adonai* í töluðu og rituðu máli þar til Messías kæmi og frelsaði landið. Þegar kristnir menn létu þýða Ritningar Hebra (Gamla testamentið) á önnur tungumál fylgdu þeir hefðum Hebra, að nota titla eins og Drottinn eða Guð í staðinn fyrir hin raunverulegu nöfn í Ritningunum.

Júlían fráhverfingur

Eftir dauða Konstantínusar keisara settust synir hans þrír að völdum. Voru þeir vinveittir kirkjunni. Eftir dauða þeirra bræðra lét rómverski herinn gera *Júlían* frænda Konstantínusar að keisara. Júlían var alinn upp í kristni, en fékk mikla óbeit á því hvernig menn sem sögðust vera kristnir höguðu sér við keisarahirðina. Eftir að hann var gerður að keisara lýsti hann því yfir að hann væri heiðingi. Júlían réðst á kristnina bæði í ræðu og riti. Júlían taldi sig vera kallaðan til að endurreisa hina fornu trú og bæla kristnina niður. Júlían vildi sýna fram á að hin heiðna heittrúarstefna hans væri ekki síðri trú en kristindómur. Í riti hans *„Gegn hinum kristnu“*, lýsir hann kristninni sem samsafni af alls kyns ódyggðum og hroka Gyðinga.⁵⁴ Þrátt fyrir þetta, neyddist Júlían til að viðurkenna að „hinir guðlausu Galílear fæða hina snauðu meðal okkar, jafnframt sínum eigin.“ Júlían féll í hernaði gegn Persum árið 363. Það síðasta sem Júlían á að hafa sagt var: „Þú hefur sigrað Galílei.“

Að lokum var kristnin gerð að ríkistrú árið 380. Litlu síðar (391–392) var heiðinn átrúnaður bannaður í öllu Rómaveldi. Þá var *Þeódósíus mikli* keisari. Heiðninni var þó auðvitað ekki útrýmt með öllu. Hést hún einkum í afskekktum sveitahéruðum, svo að orðið *paganus* (eiginl. sveitamaður) fór að þýða heiðingi. Arfur heiðinnar reyndi einnig að smeygja sér inn í kirkjustarfið. Lotning fyrir píslarvottum leiddi til þess að þeir voru gerðir að dýrlingum. Dýrlingar tóku sæti fornra goða, helgir dómar og heitgöngur varðveittu fornaskjuna í breyttri mynd. Í staðinn fyrir gyðjur heiðinnar, komu María mey og fleiri helgar konur. María mey tók meðal annars við hlutverki himnadrottningarinnar, Astarte (Afródíta hjá Grikkjum). Kærleiksmálið hinna heilögu breyttist í yfirmátturulega fórnarathöfn, þar sem brauðið og vínið umbreyttist í líkama og blóð Jesú Krists.

Ambrósíus kirkjufaðir

Borgin Mílanó á Norður-Ítalíu var orðin miðstöð vesturhluta Rómaveldis um miðja fjórðu öld. Biskupar þar höfðu mikil völd. Voru biskupar valdir af almenningi.

Eitt sinn stóðu miklar deilur um biskupskjör. Lá við handalögmálum í kirkjunni, þar sem kosningin skyldi fara fram. Skarst þá landstjórinn, *Ambrósíus* að nafni, í leikinn.

Ambrósíus var ungur maður, aðeins 35 ára. Hann var nýskipaður landstjóri, er þetta var og naut mikilla vinsælda meðal almennings. Hann kom í kirkjuna til að skakka leikinn og fór að tala til fólksins. Þá hrópaði lítið barn allt í einu: „Ambrósíus biskup!“ Mannfjöldinn tók undir þessi hróp og um alla kirkjuna kvað við: „Ambrósíus biskup!“ Ambrósíus neitaði algerlega að taka kosningu, enda var hann þá enn óskírður, en fólkið lagði fast að honum. Reyndi hann að flýja, en allt kom fyrir ekki. Lét hann þá loks undan, tók skírn og biskupsvígslu. Hann gaf fátækum allar eignir sínar. Gerðist hann brátt áhrifamikill kirkjuleiðtogi og mikill mælskumaður. Komu menn víða að til að heyra hann prédika.


Ágústínus kirkjufaðir

Ágústínus fæddist í Norður-Afríku árið 354. Móðir hans, Móníka var kristin og kenndi honum kristin fræði í bernsku, en hann var þó ekki skírður. Ágústínus yfirgaf trúna sem táningur og ákvað að kanna hið svarta fljót syndar og losta. Þar átti hlut að máli uppreisnareðli unglingsáranna, en einnig gekk það fram af honum þegar hann las Biblíuna að helgir menn frömdu morð, áttu óteljandi konur, fórnðu dýrum og Guð sem gekk um á jörðu eins og maður.

Ágústínus var settur til mennta, enda var hann vel gefinn. Þrátt fyrir bænir móður sinnar, vildi hann ekki ganga kristinni trú á hönd, heldur leitaði fyrir sér í öðrum trúarbrögðum, einkum Manikeisma. Olli það móður hans mikilli sorg og bað hún ákaft fyrir honum. Einu

⁵⁴ Júlían taldi, að ef hann gæti fengið Gyðinga (Hellenista) til að endurbyggja musterið í Jerúsalem, væri þar minnisvarði sem sýndi komandi kynslóðum með ótvíræðum hætti að Kristur hefði verið falsspámaður. Hellenistar tóku þessu verkefni feginshendi sannfærðir um að endurbyggt musteri gæti leitt til komu Messíasar, en verkið misheppnaðist algjörlega. Eldar brutust út á byggingarsvæðinu, sem enginn gat útskýrt. Jarðskjálfti skemmdi grunninn að musterinu. Eldingar eyðilögðu verkfæri úr málmi. Dauði keisarans í júní árið 363 batt enda á þessa fyrirætlun.

sinni leitaði hún til biskups nokkurs með áhyggjur sínar vegna sonarins. Hann hughreysti hana og sagði, að hún skyldi vera róleg. „Sonur slíkra ára, getur ekki glatast.“



Ágústínus

Ágústínus var síðar ráðinn til Mílanó sem kennari í mælskulist. Þar komst hann í kynni við Ambrósíus biskup. Fyrst í stað fór hann að hlusta á prédikun hans til að dást að mælsku hans, en smám saman fór boðskapur kristindómsins að ná sterkari tökum á honum. Lenti hann í sálarbaráttu, sem hann lýsir sjálfur í frægasta riti sínu, ævisögu sem nefnist *Játningar*.

Segist hann eitt sinn hafa verið staddur úti í garði og átt í mikilli sálarbaráttu. Börn voru að leik í garði nágrannans og allt í einu heyrir hann barnsrödd, sem hrópar: „Tak þú og les! Tak þú og les!“ Ágústínus tók þetta sem bendingu frá Guði. Tók hann Biblíuna sína, opnaði hana og fór að lesa. Kom hann niður á eftirfarandi ritningarvers í Rómverjabréfinu: „*Framgöngum sómasamlega eins og á degi, ekki í ofáti né ofdrykkju, ekki í saurlífi né svalli, ekki í þrætu né öfund. Íklæðist heldur Drottin Jesú Kristi, og alið ekki önn fyrir holdinu, svo að það verði til að æsa girndir.*“ Eignaðist hann skyndilega þá trúarsannfæringu, sem hann hafði leitað að.

Ágústínus tók nú skírn hjá Ambrósíusi á páskavöku 24. apríl árið 387. Sagði hann lausu kennaraembætti sínu og fluttist aftur til Norður-Afríku. Varð hann prestur þar og síðar biskup. Starfaði hann í 40 ár og hafði mikil áhrif. Hann skipulagði líf presta eftir egypskri fyrirmynd og varð regla hans útbreidd á Vesturlöndum.

Ágústínus er þekktastur fyrir ritstörf sín. Þar fjallar hann um mörg meginatriði kristinnar menningar. Ágústínus gerði sér grein fyrir því að Guð er óumbreytanlegur, vegna þess að hann býr í eilífd eða vidd án tíma. Tíminn er hluti af sköpuninni og verður til um leið og veröldin.

Ágústínus mótaði þær kenningar, sem urðu fræðilegur grundvöllur að valdastefnu kirkjunnar á miðöldum, með riti sínu um *Borgríki Guðs* (*De Civitate Dei*). Þar bendir hann á fallvaltleika hinna veraldlegu ríkja og gat vissulega talað af sannfæringu, því um líkt leyti og Ágústínus færir rit sitt í letur, er Róm, „borgin eilífa“ hertekin af germönskum hersveitum og Rómaveldi að liða undir lok. (Ágústínus skrifaði bókina til að hrekja fullyrðingar hinna heiðnu í Róm um að innrás Vísigota og fall Rómar væri refsing guðanna vegna þess að kristnin hefði verið gerð að ríkistrú.) Á hinn bóginn er hið ódauðlega Guðs ríki, sem ávallt stendur stöðugt og er kirkjan ímynd þess í öllu umröti líðandi stundar á jörðinni. Hið veraldlega ríki skuli hlíta ráðum hennar og forsjá. Kirkjan eigi að leitast við með öllu móti, að ná þeim til sín, er villtir fara og breyta með því eftir orðum Krists: „*Þrýstu þeim að koma inn, svo að hús mitt fyllist.*“⁵⁵ Þetta var síðar notað sem rök fyrir þeim alvarlega misskilningi, að beita mætti kúgun í andlegum efnum.

Ágústínus bendir á að allt, jafnt hið smæsta sem hið stærsta er sköpun Guðs sem vakir yfir öllu. Í heiminum er hið andlega æðra hinu veraldlega og maðurinn er skapaður í mynd Guðs. Hver kristinn maður þarf að höndla að ganga í takt með Guði fyrir tilstilli heilags anda. Ágústínus barðist gegn stefnu *Donatista*, en það var hreintrúarstefna í anda Tertúllíanusar sem kom fram í Karþagó á 4. öld. Helsti leiðtogi þessarar stefnu hét *Donatus* og fékk hann mikið fylgi. Donatistar bentu á að allmargir kapólskir biskupar, hefðu afhent rit úr Biblíunni til að láta brenna þau, undir ofsókn Dókletíanusar keisara. Slík eftirgjöf, jafngilti fráfalli frá trúnni. Kirkjan gæti því aðeins verið heilög, að allir þjónar hennar væru einnig heilagir, annars væru sakramentin, er þeir veittu gagnslaus. Ágústínus hafnaði skoðun Donatista um hreina kirkju. Ágústínus hélt því fram að kirkjan væri samsafn fólks af margvíslegum toga. Í henni væri að finna bæði hveitið og illgresið, sem Jesús talar um í Matteusarguðspjalli 13. kafla. Ágústínus hélt því fram að heilagleiki sakramentanna byggðist ekki á heilagleika þjóna kirkjunnar, heldur á heilagleika Guðs ásamt því að prestar og biskupar hefðu verið vígðir til að þjóna Guði í ákveðnu embætti.

Skoðanir Ágústínusar mótuðu mjög kenningar kirkjunnar um margar aldir og höfðu mikil áhrif á sögu og menningu Vesturlanda. Sem dæmi má nefna *staðgengilsguðfræðina*, sem síðar

⁵⁵ Lúkasarguðspjall 14:23.

verður fjallað um. Sömuleiðis kenninguna um erfðasyndina, sem væri andlegur kynsjúkdómur er allir menn hefðu fengið í arf eftir syndafallið og einnig *fyrirhugunarkenninguna*, en það er sú kenning að sumum mönnum sé frá öndverðu ákveðin glötun, en aðrir séu útvaldir til að verða hólpnir. Það sé eingöngu náð Guðs, sem útvelur menn til hjálpræðis, en hinir eiga þess engan kost, að losna úr viðjum syndarinnar. Gegn þessari skoðun reis breskur meinlætamaður, *Pelagíus* að nafni og fylgismannaflokkur hans. Þeir héldu því fram, að maðurinn gæti sjálfur með einbeittum vilja snúið baki við syndunum. Um þetta urðu harðar deilur. Fékk Ágústínus því til leiðar komið á kirkjuþingum, að kenning Pelagíusar var dæmd villa. En skoðanir Pelagíusar⁵⁶ lifðu áfram. Síðar reyndu menn að fara bil beggja og kenndu að hjálpræði mannsins væri hvorutveggja að þakka, náð Guðs og einlægum vilja og viðleitni mannsins.

Ágústínus hélt því einnig fram að kirkjuleg skírn afmáði erfðasyndina (og uppsafnaðar syndir í lífinu), því væru börn sem hefðu dáið óskírð dæmd til glötunar, þótt Jesús hefði gefið það í skyn að börnin væru hólpin (*leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er himnaríki*). Þessi kenning Ágústínusar ýtti undir þá venju að skíra börn eins fljótt og mögulegt var eftir fæðingu.

Siðbótarmenn eins og Lúter og Kalvín lásu rit Ágústínusar og sóttu til hans rök fyrir ýmsum skoðunum siðbótarinnar sér í lagi varðandi synd, náð og fyrirhugun.

Heimsflóttastefna

Snemma bar á því, að einstakir kristnir menn drógu sig út úr skarkala heimsins og tóku sér bústað á áður óbyggðum stöðum, fjarri öðrum mönnum. Töldu þeir sig þannig geta betur helgað líf sitt algerlega þjónustunni við Guð og umhugsuninni um hann, því að þeir mundu losna við margar freistingar, sem gætti í fjölmenninu.

Þessir menn voru nefndir einsetumenn. Gætti þeirra fyrst einkum í Austurlöndum.

Antóníus helgi

Antóníus helgi er oft nefndur faðir einsetumannanna. Hann var fæddur í Egyptalandi á þriðju öld, sonur auðugra foreldra. Er hann var um tvítugt, heyrði hann einu sinni við guðþjónustuna lesin orð Jesú, er hann mælti við ríka unglinginn. Þau höfðu djúp áhrif á hann. Hann seldi allar eigur sínar og gaf fátækum andvirðið. Breytti hann algerlega um lifnaðarháttu og tók að lifa meinlætalífi.



Opið á helli
Antóníusar er
hátt uppi í brattri
fialshlíð

Síðar fluttist hann út í eyðimörkina og settist þar að. Hafðist hann við í helli og ræktaði landskíka til að afla sér nauðsynlegrar fæðu. Hann borðaði aðeins einu sinni á dag og neytti hvorki kjöts né víns. Hann lék líkama sinn hart og svaf eins lítið og unnt var að komast af með. Margir leituðu til hans að fá fyrirbæn. Fjölmargir læknuðust af líkamlegum meinum og aðrir losnuðu við illa anda þegar Antóníus bað fyrir þeim.

Eitt sinn er ofsóknir voru gegn kristnum mönnum, fór hann til Alexandríu, þar sem hann vonaðist til að hljóta píslarvættisdauða. Gekk hann um meðal kristinna manna, heimsótti þá í fangelsi og fylgdi þeim á aftökustaðinn, en enginn dirfðist að leggja hönd á hann. Antóníus

⁵⁶ Pelagíus var uppi á árunum 354-420. Honum ofbauð siðleysi hinna kristnu í Róm. Þeir misnotuðu frelsi sitt í Kristi og lausnina undan lögmálinu sem leiddi til þess að nafn Krists varð fyrir lasti. Pelagíus benti á það að í Nýja testamentinu er gerð sú krafa að lærisveinar Jesú Krists lifi helguðu lífi. „Kristinn maður,“ segir hann „er sá sem fylgir Kristi ekki aðeins í orði, heldur einnig í verki og í öllum hlutum líkir hann eftir og fetar í fótspor Krists.“

Andstæðingar Pelagíusar héldu því fram að hann gerði verkin ásamt náðinni að skilyrði fyrir réttlætingu mannsins. Fylgismenn hans vitnuðu m.a. í 5. Mósebók 24:16 til þess að afsanna kenninguna um erfðasyndina: „*Fæður skulu ekki líflátnir verða ásamt börnunum, og börn skulu ekki líflátin verða ásamt feðrunum. Hver skal líflátinn verða fyrir sína eigin synd.*“

Ágústínus hélt því hins vegar fram að maðurinn gæti aðeins frelsast frá erfðasyndinni fyrir náð og helgunin kæmi einnig fyrir náð.

Pelagíus var lýstur villutrúarmaður á kirkjuþinginu í Karþagó árið 418.

varð 105 ára gamall. Margir fóru að dæmi Antóníusar og gerðust einsetumenn úti í eyðimörkinni.

Fyrstu klaustrin

Áður er þess getið, að ýmsir snérust til fylgis við kirkjuna, án þess að fullur hugur fylgdi máli, þegar kristnin hafði borið sigur úr býtum í baráttunni við heiðnina. Létu þá margir skírast í hagnaðarskyni. Kirkjunni var lítill greiði gerður með því, eins og nærri má geta. Safnaðaraginn fór versnandi og ýmis óhæfuverk voru unnin undir yfirsíni guðhræðslunnar af þessum nafnkristnu mönnum. Þetta var sannkristnum mönnum til mikillar skapraunar. Reyndu þeir að spyrna eftir mætti gegn þessum óheillaáhrifum. Ýmsir töldu þröngu dyrnar vera orðnar víðari en góðu hófi gengdi. Illgresið væri byrjað að kæfa hveitið.

Hvert fara menn til að leita Guðs, þegar heimurinn hefur gert innrás í kirkjuna? Svarið var: „Út í eyðimörkina.“ Þetta leiddi til þess þeim mönnum fjölgaði mjög, sem leituðu einveru til guðsdýrkunar. Stundum bjuggu þá nokkrir menn saman. Myndaðist þannig fyrsti vísir klaustranna.⁵⁷

Fyrsta kristna klaustrið var sett á stofn árið 322 í Egyptalandi. Upphaflega var sett girðing umhverfis kofa einsetumannanna. Þeir karlmenn, sem gengu í klaustur, nefndust munkar, sem merkir einbúar. Forstöðumaður munkaklaustranna var ábóti eða prýor. Síðar mynduðust einnig kvennaklaustur. Nefndust konurnar nunnur og forstöðukona klaustursins abbadís eða prýorinna.

Klaustursamfélagið skyldi vera hin sanna kirkja, þar sem athyglin beindist að hinum eilífu verðmætum.

Marteinn frá Tours

Marteinn fæddist í Pannóníu (Ungverjalandi), nálægt 316 e.Kr. Faðir hans var hermaður í rómverska hernum í Ungverjalandi. Marteinn ólst upp í borginni Pavia á Ítalíu. Hann var kvaddur í rómverska herinn eins og faðir hans. Marteinn snérist til kristinnar trúar og var sendur með herdeild sinni til Amiens í Gallíu. Þá gerðist það á köldum degi í Amiens, að Marteinn hitti hálfnakinn betlara við borgarhliðið. Þegar hann sá betlarann skjálfa í kuldanum, tók hann yfirhöfn sína og skar hana í tvennt með sverðinu. Hann lét betlarann hafa helminginn af yfirhöfninni. Um nóttina, birtist Jesús honum í sýn og var frelsarinn klæddur í helminginn af yfirhöfninni sem Marteinn gaf betlaranum. Jesús sagði: „*Þótt Marteinn sé aðeins trúnemi, þá hefur hann klætt mig í þetta.*“ Meðan Marteinn var í hernum, sannfærðist hann um að kristinn hermaður ætti ekki að fara með vopnum gegn öðru kristnu fólki. Marteinn tók skírn og var stuttu síðar leystur úr herþjónustu í bænum Worms á bökkum Rínar. Árið 361 fór Marteinn aftur til Gallíu og settist að í bænum Poitiers. Hann stofnaði klaustrið Liguge, sem var fyrsta klaustrið í Gallíu. Fjölmargir aðrir fylgdu fordæmi hans og settust að í klaustrinu. Marteinn bjó í klaustrinu í tíu ár, en fór þaðan margar trúboðsferðir um Gallíu. Eru til margar sögur af kraftaverkum (læknaði sjúka og reisti upp dauða), þegar hann boðaði orð Guðs.

Stuttu eftir árið 370, var lagt hart að honum að taka við biskupsembættinu í Tours. Marteinn var ekki hrifinn af því að taka við þessu embætti, en lét til leiðast. Til að losna úr skarkalanum í Tours, þá ákvað hann að útbúa sér einsetumannskofa hinum megin við ána Leiru (Loire). Aðrir einsetumenn settust brátt að á staðnum og myndaðist þar nýtt klausturþorp, sem nefnt var Marmoutier. Þetta klaustur varð miðstöð trúboða, sem boðuðu kristna trú vítt og breitt um Gallíu og einnig Keltum á Írlandi og víðar.

Klaustur eflast á Vesturlöndum

Upphaflega átti klaustrahreyfingin ekki miklu fylgi að fagna á Vesturlöndum. Meinlætaliðnaður austurlensku klaustranna hafði ekki jafnmikið aðdráttarafl á menn þar. Síðar

⁵⁷ Orðið klaustur er komið úr latínu (*claustrum*) og merkir afgirt svæði.

varð þó mikil breyting á. Framgang klaustrahreyfingarinnar á Vesturlöndum má að verulegu leyti rekja til eins manns, *Benedikts frá Núrsía*.



Klaustrið á Cassinofjalli

Benedikt var fæddur laust fyrir aldamótin 500. Hann gerðist á unga aldri einsetumaður, vegna þess að honum ofbauð siðleysi og guðleysi fjöldans. Gekk hann í klaustur og varð síðar ábóti. Hann var þó ekki alls kostar ánægður með fyrirkomulag klausturlífnaðarins og vildi þar ýmsu breyta, en erfitt var að koma þeim breytingum á. Benedikt varð kunnur fyrir bænrita og kraftaverk sem gerðust við þjónustu hans. Hann var gæddur spádómsgáfu og gat sagt mönnum hvað þeir höfðu aðhafst að

honum fjarverandi. Einnig sagði hann fyrir um ókomna atburði.

Árið 529 stofnaði hann nýtt klaustur á *Cassinofjalli* á Mið-Ítalíu. Var það til húsa í gömlu hofi. *Cassinoklaustrið* varð síðar fyrirmynd fjölmargra klastra á Vesturlöndum.

Menningargildi klaustranna

Benedikt færði líf munkanna í mjög fastar skorður. Enginn mátti verða munkur fyrr en að undangengnum reynslutíma í eitt ár. Ef hann þá kaus að gerast munkur, varð hann að vinna hið þrefalda munkahéit: 1) að *dveljast í klaustri ævilangt*, 2) að *lifa ókvæntur og eignalaus*, 3) að *sýna yfirboðurum sínum í klaustrinu skilyrðislausu hlýðni*. Þessu héiti varð ekki breytt síðar.

Munkarnir urðu að skipta tíma sínum milli guðrækni og líkamlegrar vinnu. Margir lögðu stund á ritstörf, aðrir kenndu, enn aðrir garðyrkju og loks ráku mörg klaustrin kristnið meðal heiðingja. Þannig urðu mörg klaustranna á Vesturlöndum miklar menningarstofnanir. Margir munkanna urðu meðal fremstu vísindamanna hver í sinni grein. Leituðu því margir til klaustranna eftir fræðslu. Enn fremur varðveittu klaustrin mörg forn rit og bækur, sem ella hefðu með öllu glatast. Verður því seint þakkaður sá þáttur, sem klaustrin áttu í menningu og framförum um aldir, einnig í verkmenningu og tækni.

Algengt var að klaustur sinntu sjúkum, öldruðum og fötlum. Í Benediktsklaustum skyldi umönnun sjúkra, hafa forgang fram yfir önnur verkefni. Klaustur sem sinntu sjúkum, ræktuðu lækningajurtir og héldu úti nauðsynlegum lyfjaforða fyrir þá sjúklinga er leituðu til þeirra.

Ytri stjórn kirkjunnar

Upphaflega var aðeins mjög lauslegt samband milli einstakra safnaða kristinna manna í hinum ýmsu hlutum Rómaveldis. Hver söfnuður var sjálfstæður út af fyrir sig með eigin prestum og biskup. Allir biskupar voru jafntignir og enginn þeirra hafði yfir öðrum biskupum að segja.

Þetta breyttist smám saman. Þar kom að biskupar stærstu safnaðanna fengu meiri áhrif en aðrir, einkum þeir, sem sátu í stórborgum. Í hverju skattlandi var *erkibiskup* (metropolit), settur yfir biskupa og presta í umdæmi sínu. Er stundir liðu fram, má segja að fimm biskupar hafi fengið nokkra sérstöðu í kirkjunni. Það voru biskuparnir í *Rómarborg*, *Konstantínópel* (*Istanbul*), *Antíókkíu*, *Jerúsalem* og *Alexandríu*. Þeir urðu yfirbiskupar eða *patriarkar* og höfðu nokkurs konar yfirumsjón hver á sínu svæði.

Páfinn í Róm

Einn þessara fimm biskupa, biskupinn í Róm, fór snemma að gera tilkall til yfirráða yfir gervallri kristninni. Róm var höfuðborg rómverska ríkisins á fyrstu öldum kirkjunnar og kristnir söfnuðir þar hafa snemma orðið mjög öflugir.⁵⁸ Yfirráðakröfur sínar reistu biskuparnir í Róm á því, að þeir væru nokkurs konar arftakar Péturs postula, því að hann hefði

⁵⁸ Í bréfi Kornelíusar biskups í Róm frá árinu 215 segir hann að í borginni séu 46 prestar, 7 djáknar, 7 undirdjáknar, 42 altarisþjónar ásamt 52 særingamönnum, upplesurum og dyravörðum. Kirkjurnar í Róm hafi á framfæri sínu 1500 ekkjur og munaðarleysingja. Á þeim tíma er talið að fjöldi kristinna manna í Róm hafi verið 30 – 50 þúsund. Biskup var verndari fátækra og á honum hvíldi sú skylda að liðsinna þeim sem leituðu hjálpar hans.

verið fyrsti biskup í Róm. Sú fullyrðing er þó hæpin, þótt hitt sé líklegt, svo sem áður er getið, að Pétur postuli hafi dvalist í Róm síðustu ár sín og verið líflátinn þar.

Aðrir biskupar voru að vonum tregir til að beygja sig fyrir þessum kröfum biskupanna í Róm. Einkum mun biskupunum í Konstantínópel (Istanbul) hafa verið það óljúft, enda fluttu rómversku keisararnir aðsetur sitt til þeirrar borgar á fjórðu öld.

Biskuparnir í Róm nefndu sig *páfa*, sem merkir faðir (lat.: *papa*), en faðir var upphaflega titill allra biskupa. Völd þeirra jukust jafnt og þétt og söfnuðirnir á Vesturlöndum fóru smám saman að líta á þá sem yfirmenn kirkjunnar. Var því ýmsum álitaeftum skotið undir úrskurð þeirra.

Þegar söfnuðir kristinna manna breyttust í kirkju hins rómverska heimsveldis, fór svo að í stað þess að kristnir menn væru kallaðir úr heiminum (gr. *ecclesia*) inn í samfélag heilagra, varð kirkjan að stofnun í samfélaginu bæði fyrir sanntúð og nafnkristið fólk. Söfnuðinum var skipt niður í leika og lærða og einstaklingarnir voru flokkaðir eftir stöðu sinni í samfélaginu. Á fimm öldum breyttist kirkjan úr samfélagi hinna heilögu yfir í miðstýrt klerkaveldi með páfann á toppnum í embætti staðgengils Krists.

Gregoríus mikli

Gregoríus mikli var af yfirstéttarættum og naut ágæts uppeldis. Ungur að árum varð hann æðsti veraldlegur embættismaður í Róm. En hugur hans stefndi til annarra hluta. Sagði hann því af sér embætti og gekk í klaustur.

Árið 590 var hann kjörinn páfi, þótt honum væri mjög nauðugt að takast það embætti á hendur. Á páfastóli lét hann mjög til sín taka. Segja má að Gregoríus mikli, hafi lagt grunninn að veldi páfastólsins. Hann útrýmdi ýmsu úr kirkjunni, sem honum þótti minna á heiðni og kom föstu skipulagi á guðþjónustu, helgisiði og kirkjusöng. Gregoríus var mikilvirkur rithöfundur og festi hann í sessi ýmsar trúarkenningar, t.d. um helga dóma, dýrlinga, hreinsunareld og sálumessur. Gregoríus tók sér titilinn *þjónn guðs þjóna*, sem páfar nota enn í dag.

Kirkjan klofnar

Deilur milli kirkjunnar á Vesturlöndum og Austurlöndum urðu til þess, að klofningur myndaðist, því að patriarkinn í Konstantínópel (Istanbul) neitaði afdráttarlaust að viðurkenna yfirráð páfans í Róm. Það jók enn á klofninginn, að rómverska ríkið skiptist í tvo hluta árið 395.

Guðfræðin í austurkirkjunni þróaðist nokkuð á annan veg, en í vesturhlutanum. Þetta leiddi til deilna um ýmis trúaratriði, sem vestur- og austurhluta kirkjunnar greindi á um. Það sem endanlega fyllti mælinn, var breyting sem gerð var á Níkeujátningunni, þar sem talað er um heilagan anda. Í stað þess að segja að heilagur andi gangi út af föðurnum, var bætt við „og syni“. Austurhluta kirkjunnar, líkaði þessi breyting á Níkeujátningunni afar illa, bæði innihaldið og ekki síður að vesturhlutinn skyldi voga sér að breyta einni af grundvallarjátningum kirkjunnar, en áður hafði verið litið svo á, að játningunum mætti ekki breyta. Báðir hópar voru sammála um það að Guð væri einn í þremur persónum. Samt höfðu menn ólíka sýn á þrenninguna. Rómarkirkjan taldi að Guðdómurinn byggi jafnt í föður, syni og heilögum anda. Austurkirkjan hafði aðra skoðun. Þar töldu menn að kjarni Guðdómsins byggi aðeins í föðurnum. Faðirinn deildi síðan Guðdómi sínum með syni og heilögum anda. Austurkirkjan gat því samþykkt að andinn gengi út af föðurnum gegnum soninn, en hún gat ekki samþykkt að andinn gengi út af föður og syni. Það kæmi fram í Jóhannesarguðspjalli 15:26, að sonurinn sendi heilagan anda sem gengi út frá föðurnum („þegar hjálparinn kemur, sem ég sendi yður frá föðurnum, sannleiksandinn, er út gengur frá föðurnum...“).

Þessum deilum lauk um síðir með því, að kirkjan skiptist í tvær kirkjudeildir, *rómversk-kaþólsku kirkjuna* (kaþólsk = almenn) undir stjórn páfans í Róm og *réttrúnaðarkirkjuna* (*grísk-kaþólsku kirkjuna*), sem viðurkenndi patriarkann í Konstantínópel (Istanbul) sem yfirmann sinn.

Endanleg skipting kirkjunnar varð árið 1054.

Fornkirkjur Austurlanda nær og Norður–Afríku

Til eru enn í Austurlöndum nær og Norður–Afríku ýmsar kirkjur, sem mótuðust að mestu í fornöld eða snemma á miðöldum og hafa tekið litlum breytingum síðan. Helgisíðirnir eru oft nokkuð fornlegir. Trúarsetningar þeirra hafa mótast af þeim deilum, sem í upphafi stóðu um persónu, holdtekju og eðli Krists. Eitt af ágreiningsefnunum var hvort Jesús Kristur hefði á jarðvistardögum sínum verið maður sem Guð bjó í, eða Guð í mannlegu holdi.

Af þessum fornkirkjum eru sumar runnar frá hinum fornu eineðlissinum (*mónófýsítum*), sem héldu því fram að Kristur hefði aðeins haft guðlegt eðli en ekki mannlegt. Guð hefði verið krossfestur í Jesú Kristi. Helstar þeirra eru *koptíska kirkjan*, *epíópíska kirkjan*, *Jakóbítakirkjan* og *armenska kirkjan*.

Koptíska (kopti, dregið af gríska orðinu *aegyptos*) kirkjan starfar aðallega í Egyptalandi. Helgisíðir Kopta eru um margt líkir því, sem var í frumkristni. Helgimál þeirra er hamítískt, leitt af fornegyptsku. Í nánum tengslum við koptísku kirkjuna er epíópíska kirkjan, sem mun hafa verið stofnuð á 4. öld. Umskurn og fleiri helgisíðir úr gyðingdómi tíðkast enn í epíópísku kirkjunni. Klerkar mega kvænast fyrir prestsvígslu. Borgin Gondar (Gonder) hefur um langan aldur verið trúarmiðstöð epíópísku kirkjunnar.


Jakóbítakirkjan er kennd við *Jakob Baradeus*, sem var uppi á 6. öld. Hún starfar einkum í Sýrlandi og Írak.

Armenska kirkjan mun vera elst allra fornkirknanna, stofnuð fyrir lok 3. aldar. Henni svipar um margt til grísku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Á algjörlega öndverðum meiði við eineðlissinna, voru tvíeðlissinnar (*Nestoríana*), sem héldu því fram að eðli Krists hefði verið tvíþætt, sonur Guðs hefði tekið sér bólfestu í manninum Jesú. Nestoríana eru kenndir við *Nestoríos*, patriárka í Miklagarði (*Istanbul*) á 5. öld. Andstæðingar Nestoríana sökuðu þá um að gera Krist að tveimur persónum, þar sem önnur væri guðleg og hin maður. Nestoríos hafnaði þessum ásökunum og benti andstæðingunum á að María hefði augljóslega ekki verið móðir Guðs og Guð hefði ekki dáðið þegar Jesús gaf líf sitt á krossi. Jesús hefði bæði verið Guð og musteri Guðs. Þessi trúflokkur stóð með blóma á fyrri hluta miðalda og rak trúboð allt austur til Kína. Eru söfnuðir þeirra á víð og dreif í Íran, Norður–Írak, Austur–Tyrklandi og Sýrlandi. Stundum eru Nestoríana nefndir *kaldeísk kristnir*.

Sumir telja að *Tómasarkirkjan* á vesturströnd Suður–Indlands eigi rætur að rekja til trúboðs Nestoríana í fyrndinni. Sjálfir segja hinir Tómasarkristnu, að Tómas postuli hafi stofnað kirkju þeirra og þolað píslarvættisdauða á þessum slóðum. Tómasarkristnir eru mónófýsítar og hafa stundum viðurkennt yfirráð patriárka sýrlensku Jakóbítakirkjunnar.

Í hinum fornu deilum um eðli Krists kom einnig fram sú skoðun, að eðli Krists væri að vísu tvíþætt, guðlegt og mannlegt, en þessi ólíku eðli væru bundin saman af einum vilja. Nefndist þessi kenning *mónóteletismi* og var hún tilraun til að fara meðalveg milli eineðlissinna og Nestoríana.⁵⁹ Frá þessari stefnu er



Maronítakirkjan runnin. Dregur hún nafn af Maron einsetumanni, sem var uppi um 400 e.Kr. Frá krossferðatímanum hafa Maronítar eða *einviljasinnar* oftast játað yfirráðum páfa. Þó heldur þessi kirkja ýmsum sérkennum, t.d. er klerkum leyft að giftast eftir sömu reglum og í grísk–kapólsku kirkjunni. Fornsýrlenska er notuð sem helgi– og kirkjumál hjá Maronítum, en annars tala þeir arabísku. Flestir eru Maronítar í Líbanon, en þeir finnast einnig í Sýrlandi og á Kýpur.

⁵⁹ Rómversk–kapólska kirkjan snérist gegn öllum þessum kenningum og samþykkti á kirkjuþinginu í Kalkedón árið 451 að eðli Krists hefði verið tvíþætt, guðlegt og mannlegt en fullkomlega samtengt í einni persónu.

Meðlimir í þeim kirkjum í Austurlöndum nær, sem fóru gegn skoðunum eineðlissinna og samþykktu ákvörðun kirkjufingsins í Kalkedón varðandi persónu og eðli Krists (sjá skýringu 59 neðanmáls), kallast Melkítar (keisarasinnar). Kirkjur Melkíta er einkum að finna í Líbanon, Sýrlandi og Egyptalandi.

Miðaldir

Kristnin breiðist út um Evrópu

Alla fornöldina má segja, að höfuðvígi kristinnar sé í löndunum umhverfis Miðjarðarhaf, þar sem kristnin hafði dafnað lengst. Undir lok fornaldar og fram á miðaldir, tekur kristnin að breiðast norður um Evrópu. Í byrjun bar töluvert á Aríusarstefnu í Mið-Evrópu. Á fjórðu öld starfaði trúboði nokkur *Ulfilas* (Wulfilus) að nafni í Mið-Evrópu. Ulfilas var vígður biskup árið 341, af Eusebius biskupi í Konstantínópel (Istanbul), en hann fylgdi Aríusarstefnu. Ulfilas stundaði trúboð meðal Austgota sem bjuggu nálægt Dóná. Hann bjó til stafróf fyrir gotnesku og þýddi Biblíuna á gotneska tungu.

Kristni barst til Bretlands þegar á 3. öld, meðan landið var undir yfirráðum Rómverja. Þegar rómversku yfirráðunum lauk og heiðnir germanskir þjóðflokkar (Englar, Saxar og Jótar), lögðu undir sig Bretland, einangraðist kirkjan frá kristninni á meginlandinu og kristnin lagðist af á þeim svæðum sem Germanir lögðu undir sig. Gregoríus mikli páfi sendi kristniboða m.a. til Bretlands. Þangað sendi hann *Ágústínus ábóta* og 40 munka með honum. Þeir tóku land í Kent. Þar ríkti germanskur konungur sá er *Aðalbjartur* (*Ethelbert*) nefndist og átti hann kristna drottningu, franska að ætt. Konungur tók Ágústínusi og föruneysi hans hið besta. Gaf hann þeim leyfi til að reka kristniboð og sjálfur lét konungur skírast ásamt mörgum af mönnum sínum. Kristindómurinn varð Engilsöxum hið mesta alvörumál. Þeir byggðu kirkjur og klaustur, þýddu Nýja testamentið á sína tungu, ortu sálma og ráku víðtækt trúboð.

Gregoríus páfi, fylgdist vel með atburðunum á Englandi og styrkti trúboðið riflega. Varð honum líka mikill vegsauki að því, enda tryggði trúboðsstarfsemin, sem rekin var frá Rómarborg, páfanum mikil völd. Bretland varð ekki að fullu kristið fyrr en um 700.⁶⁰

Frá Englandi kom síðan sá maður, sem nefndur hefur verið „*postuli Þjóðverja*“ vegna þess hve mikinn þátt hann átti í kristniboði þar. Hann hét *Bónifatíus*. Bónifatíus ólst upp í klaustri og gerðist prestur að loknu námi. Fór mikið orð af honum fyrir mælsku og áhuga á heiðingjatrúboði. Hann fór fyrstu kristniboðsferð sína til Hollands, en gat lítið aðhafst, þar sem styrjöld var í landinu. Hélt hann fljótt heim til Englands og gerðist ábóti. Skömmu síðar fór hann aftur til Hollands og þaðan til ríkja þar sem nú er Þýskaland. Þar starfaði hann í full 30 ár. Hann var á sífelldu ferðalagi og komst oft í mikinn lífsháska.

Sú sögn er til, að í Hessen hafi staðið eik ein mikil, er vígð var Óðni. Eitt sinn var Bónifatíus þar, ásamt mörgum heiðingjum. Hann mælti: „Ef Óðinn býr í þessari eik, þá hefni hann sín; nú hegg ég!“ Með þessum ummælum greip hann öxi og tók að fella eikina. Heiðingjarnir stóðu og horfðu á. Þeir bjuggust fastlega við því, að guðinn mundi gera út af við Bónifatíus. En eikin féll og ekki sakaði Bónifatíus. Heiðingjarnir töldu þetta ekki einleikið og Óðinn glataði trausti þeirra fyrir seinlætið. Úr eikinni byggði Bónifatíus kapellu, sem hann helgaði Pétri postula.

Á efri árum fór Bónifatíus enn trúboðsferð til Hollands. Þar réðust heiðingjar á hann og felldu hann ásamt félögum hans, 50 að tölu árið 755.

Sumar hinna germönsku þjóða, voru tregar til að taka kristni, einkum Saxar. Það var ekki fyrr en um 800 að þeir urðu kristnir að nafninu til. Slavnesku þjóðirnar tóku flestar kristni á 9. og 10. öld. Kristnin barst til Rússa, Búlgara og Serba frá Konstantínópel, en til annarra þjóða í Austur-Evrópu, frá Vestur-Evrópu eða Róm.

Hið aukna kristniboð í Vestur-Evrópu, varð mjög til þess að styrkja vald páfans í Róm. Margar af hinum nýju kirkjum litu á hann sem sjálfsagðan yfirmann kristinnar. Öðrum var mjög illa við yfirráðastefnu Rómarkirkjunnar og reyndu að vera óháðar eins lengi og mögulegt var.

⁶⁰ Frá eyjunni *Jóna* eða *Hy*, hafði kristni borist til norðurhluta Bretlandseyja. Munkur frá Jóna, *Aidan* að nafni stofnaði klaustur á eyinni *Lindisfarne* nyrst við austurströnd Norðymbralands árið 634. Frá Lindisfarne var stundað öflugt kristniboð um norðurhluta Bretlands. Keltnesk kristni breiddist suður og vestur um Bretland þar til hún mætti hinu rómverska kristniboði í suðurhluta landsins.

Árás úr austri

Þó voru það aðrir atburðir, sem réðu meira um aukið vald páfa. Í austri var risin mikil hætta, sem ógnaði hinum gömlu kristnu löndum. Á Arabíuskaga komu fram ný trúarbrögð, sem nefndust *Múhameðstrú* (Islam⁶¹). Hún breiddist út meðal Araba þar, sem brátt fóru að hugsa til landvinninga í vesturátt.

Múhameð

Múhameð fæddist árið 570 í borginni Mekka í Arabíu. Gekk hann að eiga auðuga ekkju og ferðaðist víða í verslunarerindum. Komst hann þannig í kynni við Gyðinga og kristna menn. Brátt tók hann að boða nýja trú. Sagðist hann vera spámaður hins eina sanna guðs, sem hann nefndi *Allah*. Tók hann ýmislegt úr kristni og gyðingdómi og aðlagði fyrir hin nýju trúarbrögð sín.

Heldur gekk *Múhameð* erfiðlega í trúboði sínu í fyrstu og varð að flýja burt frá Mekka árið 622, en *Múhameðstrúarmenn* miða tímatal sitt við þann atburð. Smám saman fékk hann þó safnað um sig hópi fylgismanna.

Múhameð var forlagatrúar (*fatalism*). Skipaði hann áhangendum sínum að breiða út trúna með öllum tiltækum ráðum, einnig með vopnavaldi, ef þess gerðist þörf. Menn gætu óhræddir gengið út í orrustur, því að engir mundu falla nema þeir einir, sem til þess væru ákvarðaðir og þeim væri búin örugg sæluvist í paradís. Áður en *Múhameð* dó árið 632, höfðu fylgismenn hans lagt undir sig alla Arabíu. Eftirmenn hans nefndust *kalífar*.

Eftir dauða *Múhameðs* var farið að safna kenningum hans saman og þannig varð til helsta trúarrit múslima sem nefnist *Kóran*.

Múhameðstrúarmenn lögðu mikið kapp á trúboð og landvinninga. Varð þeim mjög mikið ágengt. Lögðu þeir undir sig flestöll lönd við austanvert og sunnanvert Miðjarðarhaf og réðust inn á Spán árið 711. Á fyrri hluta áttundu aldar réðust þeir inn í Frakkland, en biðu ósigur árið 732 og voru hraktir aftur til Spánar. Var sigurgöngu þeirra þar með lokið að sinni. En kristnin hafði beðið mikið afhröð í viðureigninni við þá. Leið kristin trú undir lok í fjölmörgum þeim löndum, þar sem hún hafði áður verið í miklum blóma. Miðstöð kristninnar færðist yfir á Vesturlönd. Þar með styrktist páfinn mjög í sessi, því þar höfðu völd hans verið mest áður.

Síðasta vígi múslima á Spáni, ríkið Granada féll árið 1492 fyrir her konungshjónanna *Ferdínands* af Aragón og *Ísabellu* af Kastilíu.⁶²

Karl keisari mikli

Einn þeirra manna, sem stuðluðu mjög að útbreiðslu kristninnar um vestanverða Evrópu, var *Karl keisari mikli* (*Karlamagnús*, *Charlemagne*) Frankakonungur. Hann kom til ríkis í Frakklandi eftir föður sinn árið 768. Lagði hann undir sig ýmis lönd í nágrenni Frakklands og réð að lokum yfir flestum þeim löndum, sem áður höfðu talist til vesturhluta hins forna rómverska keisaradæmis. Var hann krýndur keisari af Leó páfa III, á jóladag árið 800.

Karl rak mikið trúboð í löndum sínum og lét sér annt um hag kirkjunnar. Beitti hann oft vopnavaldi, ef honum þótti of seint ganga með öðru móti. Gaf hann þegnum sínum tvo kosti, að taka skírn eða týna lífi. Lögleiddi hann *tíund* í ríki sínu. Var hver maður skyldur að gjalda

⁶¹ Islam merkir: Að gefast undir vilja Allah.

⁶² Frá lokum 14. aldar og fram á 17. öld ríkti sterk þjóðernisstefna meðal Spánverja. Spænska þjóðin átti að standa sameinuð sem kaþólikkar og vildu yfirvöld því losa sig við Gyðinga og *Mára* (sem voru múslimar). Yfirrannsóknardómari rannsóknarréttarins á Spáni, *Tómas Torquemada* (sem sjálfur kom úr fjölskyldu sem snúist hafði frá Islam til gyðingdóms), fékk konungshjónin *Ferdínand* og *Ísabellu* til að vísa öllum Gyðingum úr landi, sem ekki vildu taka kristna trú árið 1492. Talið er að um 200 þúsund Gyðingar hafi þurft að flýja land. Á sama tíma fékk *Kristófer Kólabus* heimild konungshjónanna til að hefja rannsóknarleiðangur sem endaði með fundi Ameríku. Mikill fjöldi Gyðinga átti síðar eftir að flytjast til Ameríku.

tíunda hluta tekna sinna til þarfa kirkju og kristindóms. Þá lét Karl sér annt um fræðslu og menntun almennings. Lét hann stofna skóla í ríki sínu og gerði tilraun til að koma á fræðsluskyldu.

Deilur páfa við veraldlega valdsmenn hefjast

Vald Karls keisara var svo mikið, að segja má, að hann hafi raunverulega verið æðsti maður kirkjunnar á sinni tíð. Hann veitti æðstu embætti kirkjunnar og hélst hin sama skipun eftir hans dag.

Þessu undi páfi auðvitað illa og gerði margar tilraunir til þess að losa kirkjuna undan yfirráðum og áhrifum ríkisvaldsins. Taldi páfi að honum bæri skilyrðislaust öll völd í kirkjunni og sömuleiðis ættu allir veraldlegir valdsmenn að lúta honum einnig, því hann væri þeim öllum æðri.

Af þessu spunnust miklar og langvarandi deilur milli páfa og keisara.

Gregoríus 7

Gregoríus 7. varð páfi árið 1073. Hann var slunginn stjórnmalamaður og beitti sér mjög fyrir aukningu páfavalds. Hélt hann því hiklaust fram, að kirkjan væri hafin yfir alla veraldlega þjóðhöfðingja og þeir ættu að lúta valdi páfa. Hann sagði: „Páfinn er sól, en keisarinn er ekki annað en tungl, sem þiggur birtu sína frá sólinni.“

Það var einkum þrennt, sem Gregoríus beitti sér fyrir til að efla sjálfstæði kirkjunnar:

1. *Páfi skyldi kjörinn af kardínálum*, en svo voru æðstu virðingarmenn kirkjunnar nefndir. Keisarar og konungar skyldu þar hvergi koma nærri.

2. *Engir leikmenn máttu veita kirkjuleg embætti*. Embættissala skyldi algerlega bönnuð.

3. *Allir þjónar kirkjunnar skyldu lifa ókvæntir*. Talið var, að klerkar gætu verið heilli og óskiptari í þjónustu kirkjunnar, ef þeir væru ekki bundnir umhugsun um fjölskyldu.

Eins og nærri má geta, voru ekki allir jafnhrifnir af þessum kröfum páfa. Aðalandstaðan kom frá Þýskalandskeisara, sem þá var *Hinrik 4*. Gekk á ýmsu í viðskiptum þeirra. Páfi bannfærði keisara. Reyndist það keisara afdrifaríkt, því andstæðingar hans heima fyrir notuðu tækifærið til að rísa upp gegn honum. Varð keisari að auðmýkja sig til að fara á fund páfa og fá sig leystan úr banni. Páfi var þá staddur í klaustri einu á Norður-Ítalíu. Keisari varð að koma þrjá daga í röð að klausturhliðinu, berfættur og í yfirbótarklæðum, áður en hann náði fundi páfa. Fékk hann sig þá loks leystan úr banni og snéri heimleiðis. Var þá kyrrt með þeim um hríð.

Síðar blossaði deila þeirra upp á nýjan leik. Lauk viðskiptum þeirra með því, að Hinrik keisari náði Rómarborg á sitt vald og páfi varð að flýja borgina.

Gregoríus páfi andaðist í útlegð á Suður-Ítalíu. Andlátsorð hans voru bitur. „Ég hef elskað réttlætið og hatað ranglætið, þess vegna dey ég í útlegð.“

Síðar vann þó páfastóllinn sigur og fékk kröfum sínum framgengt.

Kaþólska kirkjan á hátindi valda

Völd kirkjunnar og páfa jukust jafnt og þétt. Kirkjunni safnaðist mikill auður, því margir trúir synir hennar gáfu henni stórgjafir, einkum á dánarbeði. Aðrir gáfu stórfé til þess, að sálumessur væru sungnar yfir ástvinum þeirra látnum. Uxu völd kirkjunnar að sama skapi.

Sá páfi, sem völdugastur varð allra páfa, var *Innocentíus 3.*, sem sat á páfastóli um og eftir aldamótin 1200. Beygði hann flesta þjóðhöfðingja í Evrópu undir vald sitt. *Sverrir Noregskonungur* var þó undantekning, því hann neitaði að lúta valdi páfa.

Ef kirkjunni var sýnd óhlýðni notaði hún einkum bannfæringu að vopni. Fyrsta stig bannfæringar var *forboð* (excommunicatio), en þá voru menn sviptir sakramentunum. Annað stig var *útskýfun* (anathema). Stundum var *allshejarbann* (interdictum) lagt á heil lönd eða héruð.

Upphaf kristniboðs á Norðurlöndum

Víkingar þeir, er Norðurlönd byggðu, voru *Ásatrúar*. Þeir voru herskáir og fóru langar ránsferðir á skipum sínum suður og vestur um Evrópu. Vöktu þeir hvarvetna ógn og skelfingu, þar sem þeir réðust á land, enda fóru miklar sögur af grimmd þeirra. Munu flestir hafa talið, að lítt mundi stoða að senda kristniboða þangað.

Í byrjun níundu aldar varð danskur konungur, *Klakk-Haraldur*, að flýja land. Leitaði hann á náðir *Loðvíks fráma* Frakklandskeisara. Keisarinnet hét honum fulltingi sínu til að vinna ríkið að nýju, ef konungur vildi taka kristna trú og leyfa kristni í landi sínu. Hét konungur því.

Ansgar

Nú var að finna mann, sem væri hæfur til þessa erfiða kristniboðs. Ungur munkur varð fyrir valinu, *Ansgar* (Ásgeir) að nafni. Hann hafði ungur misst móður sína og verið alinn upp í klaustri. Þar hafði hann fengið köllun til þess að verða kristniboði. Ansgar var aðeins 25 ára, þegar hann hóf kristniboðið.

Félagi Ansgars, *Auðbert* (Auðbjartur) að nafni, fór með honum til Danmerkur. Settust þeir að í Heiðarbæ í Slésvík, hófu þar starf og stofnuðu skóla. En margir snérust öndverðir gegn starfi þeirra og gerðu þeim erfitt fyrir. Urðu þeir brátt að hverfa burt aftur, því að konungurinn var enn rekinn frá ríkjum.

Ansgar fór skömmu síðar til Svíþjóðar. Þar náði hann konungsfundi og fékk leyfi til að starfa í landinu. Starfaði hann þar nokkra hríð.

Erkibiskupsstóll í Bremen

Ansgar hélt á fund Frakklandskeisara til að undirbúa nýja kristniboðsferð til Danmerkur. Var stofnaður erkibiskupsstóll í Hamborg og Ansgar vígður til hans. Hann varð þó brátt að flýja þaðan fyrir ofríki heiðinna danskra víkinga. Var biskupsstóllinn þá fluttur til Bremen.

Ansgar lét ekki bugast af erfiðleikum þeim, sem mættu honum. Hann vann stöðugt að kristniboðinu og varð talsvert ágengt, þó að andstaðan gegn starfi hans væri mjög hörð. Hann andaðist árið 865, eftir 40 ára starf, farinn að heilsu og kröftum. Hann hafði þráð mjög að fá að þola píslarvættisdauða fyrir trú sína, en sú ósk hans rættist ekki.

Þótt því færi fjarri, að Norðurlönd yrðu fullkristnuð um daga Ansgars, hefur hann verið nefndur „*postuli Norðurlanda*“.

Kristin trú sigrar á Norðurlöndum

Enn liðu margir áratugir, þar til kristindómurinn vann sigur á Norðurlöndum. Margir menn unnu dyggilega að kristniboðinu og varð allvel ágengt. Þegar fram liðu stundir, settust ýmsir konungar að völdum, sem sjálfir höfðu tekið kristna trú. Reyndu þeir eftir mætti að efla kristniboðið, en andstaða hinna heiðnu víkinga var hörð. Vildu þeir ekki þýðast hina nýju trú.

Kristinni trú varð fyrst komið á í Noregi. Norðmenn urðu fyrir áhrifum frá Englandi.⁶³ Ýmsir norskir konungar höfðu dvalist þar á uppvaxtarárum sínum og kynnst kristinni trú. Sumir þeirra snérust til kristinnar trúar. Einn þeirra var *Ólafur Tryggvason*. Þegar hann kom til ríkis, gekk hann að því með oddi og egg að vinna þjóð sína til fylgis við trúna. Þótt hann væri aðeins 5 ár við völd, varð honum mikið ágengt, enda beitti hann oft valdi til að brjóta

⁶³ Árið 793 gerðu víkingar árás á eyjuna Lindisfarne, sem var miðstöð trúboðs á Norður-Englandi. Sá atburður vakti mikla skelfingu í Vestur-Evrópu og er oft talinn marka upphaf víkingaaldar (793-1066). Víkingaöld var tímabil sem einkenndist af ránsferðum og strandhöggum norrænna manna við Eystrasalt, á Bretlandseyjum og í strandhéruðum Norður-Evrópu, en fljótlega einnig skipulegum hernaði og landvinningum sem leiddu til þess að þeir settust að í norðurhluta Englands, í borgum eins og Dyflinni á Írlandi og einnig í Normandí. Víkingar rændu kirkjur og klaustur, hnepptu efnilega einstaklinga í þrældóm en drápu aðra. Þegar kristni náði undirtökum á Norðurlöndum og víkingar samlöguðust þeim þjóðflokkum sem þeir höfðu lagt undir sig, fjaraði öld víkinganna út.

menn til hlýðni við vilja sinn, ef þeir létu sér ekki segjast með góðu. Má þó nærri geta, að margir hafi aðeins tekið kristið nafn að yfirsíkinu af ótta við konung. Ólafur fékk kristni einnig lögtekna á Íslandi.

Skömmu síðar varð Ólafur helgi Haraldsson konungur í Noregi. Hann lauk við að kristna Noreg og beitti oft vafasömum aðferðum eins og nafni hans áður.

Í Danmörku komst kristni ekki á að fullu fyrir en á síðari hluta elleftu aldar og Svíþjóð var ekki kristnuð fyrir en um aldamótin 1200.

Albigensar (kaparar)

Þegar kirkjan náði sífellt meiri völdum, komu fram stefnur, sem ekki vildu una einræði kirkjunnar og tóku að gagnrýna valdafíkn hennar og heimslund. Einnig kom fram gagnrýni á guðfræði hennar og starfsaðferðir. Þótt flestar þessar hreyfingar væru bældar niður með harðri hendi, áttu þær sinn þátt í að auka óánægjuna innan kirkjunnar.

Fyrsta alvarlega uppreisnarhreyfingin hófst í Suður-Frakklandi á 12. öld. Var það Albigensahreyfingin, sem var í algerri andstöðu við kirkjuna.

Albigensar (kaparar) lögðu áherslu á svokallaða tvíveldishyggju líkt og gnóstíkar. Þeir litu svo á að heimurinn væri vettvangur stríðs milli góðs og ills. Hin áþreifanlega veröld væri í eðli sínu spillt undir stjórn Satans, en hinn andlegi heimur væri vettvangur hins góða frá Guði. Því væri nauðsynlegt fyrir einstaklinginn að flýja veraldlegar eignir og girndir en sækjast eftir andlegum gæðum frá Guði. Þeir litu svo á að kaþólska kirkjan væri í grundvallaratriðum orðin veraldleg stofnun og því af hinu illa (skækjan mikla í 17. kafla Opinberunarbókarinnar). Albigensar kölluðu páfa Antikrist og vildu þeir láta rífa allar kirkjur, því kirkjan væri ekki hús, heldur samfélag trúaðra. Þeir höfnuðu öllum vígslum svo og hefðbundinni skírni og kvöldmáltíð, en töldu að eina skírinni sem máli skipti væri skírni í heilögum anda.

Kirkjan taldi að þeir höfnuðu því að Kristur hefði verið fullkominn maður, því þeir sögðu að hann hefði komið í gegnum Maríu líkt og rör. Trúlegra er að þeir hafi sett mál sitt fram með þessum hætti, vegna dýrkunar kirkjunnar á Maríu sem móður Guðs.

Þessi hreyfing var bæld niður með mikilli hörku snemma á 13. öld.

Waldensar

Á þessum tíma bar einnig talsvert á hreyfingu *Waldensa* í Frakklandi. Upphafsmaður að hreyfingu Waldensa var auðugur kaupmaður í Lyon í Frakklandi, *Peter Waldo* að nafni. Waldo lét þýða Biblíuna á tungumál sem talað var í Suður-Frakklandi. Hann hafði sannfærst um það af lestri Ritningarinnar að kaþólska kirkjan væri komin langa leið frá hugsjón sinni. Sannir lærisveinar Krists ættu að fara um fátækir og boða fagnaðarerindið. Höfu fylgismenn Waldo þessa starfsemi árið 1177. Þeir fóru tveir og tveir saman, prédikuðu og lásu úr Ritningunni. Hér voru á ferðinni einlægir umbótamenn. Kirkjan réðst af hörku gegn þeim, bannaði þeim að prédika, bannaði félagsskap þeirra og bannfærði þá sjálfa.

Við þetta tóku þeir að gagnrýna kirkjuna miklu meira en áður. Þeir höfnuðu páfadómi, dýrkun helgra manna, munkdómi, skriftum o.fl. Allt þetta gerðu þeir eftir orðum Biblíunnar og varð töluvert ágengt. Rannsóknardómstólarnir ofsóttu og eyddu þessari stefnu í Frakklandi, en í afskekktum héruðum á Norður-Ítalíu hafa Waldensar haldið út allt fram á þennan dag.

Rétttrúnaðarkirkjan

Árið 1054 varð alger sundrung milli hinnar austrænu og vestrænu kirkju, eins og áður er getið. Síðan hefur grísk-kaþólska kirkjan eða rétttrúnaðarkirkjan (orthodoxy: rétttrúnaður, „hin rétta kenning“) oftast farið sínar eigin leiðir og innan hennar hefur lítið gætt þeirra andlegu hreyfinga, sem komið hafa róti á trúmálin á Vesturlöndum. Að því er helgihald snertir, svipar því nokkuð til rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Hjá grísk-kaþólskum ber jafnvel enn meira á dýrkun dýrlinga, helgimynda og helgra dóma.

Kenningar grísk-kaþólsku kirkjunnar eru m.a. þær, að kirkjan telur endurlausnarverk Krists, fyrst og fremst í *holdtekju* hans, en ekki dauða hans. Í holdtekjunni tók Guð á sig mannlegt hold og gaf með því mannlegu eðli hlutdeild í því guðlega og ódauðlega. Upprisa Krists, er

vitnisburðurinn um þennan sigur lífsins yfir dauðanum. Hinir trúðu ganga á eftir, fyrir samfélagið við Krist. Áhersla er lögð á frelsun frá hrörnun og dauða frekar en frá syndinni. Erfðasyndarkenningin hefur aldrei náð festu í grísku kirkjunni. Líkt og hjá rómversku kirkjunni, lítur rétttrúnaðarkirkjan svo á, að hún sé eina hjálpræðisstofnunin. Utan hennar er engin von um sáluhjálp, því náð Guðs sé bundin við sakramentin og aðrar athafnir kirkjunnar. Prestum er leyft að kvænast einu sinni.

Trúaðir bera mikla lotningu fyrir kirkjunni, helgimyndum og athöfnum, pílgrímaferðum, hátíðum og sakramentum. Rétttrúnaðarkirkjan telur sig hafa best varðveitt siði og hefðir fyrsta safnaðarins og fylgja nánast þeim kennisetningum sem samþykktar voru á fyrstu sjö kirkjuþingunum sem haldin voru á 4. til 8. öld. Rétttrúnaðarkirkjan er ekki miðstýrð eins og sú kaþólska, heldur eru kirkjudeildirnar sjálfstæðar þjóðkirkjur. Yfir hverri kirkjudeild er pátíarkí, en pátíarkinn í Konstantínópel (Istanbul) nýtur meiri virðingar en hinir. Rétttrúnaðarkirkjan starfar sem þjóðkirkja í mörgum löndum á Balkanskaga og Austur-Evrópu, en Rússneska kirkjan er langstærst. Þessa kirkjudeild er einnig að finna á Kýpur, í Líbanon og Sýrlandi.

Upphaf krossferða

Frá fornu fari höfðu kristnir menn haft þann sið að fara pílgrímsferðir til Landsins helga, Ísrael. Heimsóttu þeir ýmsa staði, sem sagt er frá í Biblíunni. Þessar pílgrímsferðir jukust mjög undir aldamótin 1000, því margir væntu þess að dómsdagur væri nærri þegar þúsund ára tímaskeið kristindómsins væri liðið.

Meðan Arabar réðu yfir Landinu helga, leyfðu þeir slíkar pílgrímsferðir og tóku aðeins smávægilegt gjald af ferðamönnum. Árið 1009 lét *Al-Hakim* kalífi (sem kallaður hefur verið hinn íslamski Neró) gjöreyðileggja grafarkirkjuna í Jerúsalem og brjóta burt klettinn með gröf Krists. Fréttir af þessu framferði vöktu reiði í hinum kristna hluta heimsins. Árið 1071 komust yfirráð landsins í hendur Tyrkjum, sem voru strangtrúaðir Múhamedstrúarmenn og fjandsamlegir kristnum mönnum. Bárust margar sögur til Evrópu um þá grimmd, sem þeir beittu kristna pílgríma. Tyrkir sóttu líka að Austrómverska ríkinu og snéri keisarin sér til Vesturlanda með beiðni um aðstoð. Vaknaði þá sú hugmynd, að kristnir menn ættu að fara herferð til Landsins helga og frelsa það úr höndum Tyrkja.

Fyrsta krossferðin

Páfi, sem þá var *Úrban 2.*, sá að hér var gullið tækifæri fyrir kirkjuna að láta til sín taka og stefndi til kirkjuþings í Suður-Frakklandi árið 1095. Eggjaði hann menn þar lögeggjan að fara krossferð til Landsins helga og leysa það undan yfirráðum heiðingjanna. Sagði hann m.a.: „Álitið það forréttindi að fá að deyja fyrir Krist á þeim stað, þar sem hann dó fyrir ykkur.“ Mannfjöldinn, sem hlýddi á mál hans, varð gripinn mikilli hrifningu og hrópaði: „Guð vill það!“ Festu menn rauðan kross á öxl sér til merkis um, að þeir ætluðu að fara þessa för.

Árið eftir, 1096 var lagt af stað í fyrstu krossferðina undir stjórn baráttufúsra riddara. Eftir miklar þrautir og erfiðleika tókst meginhluta hersins að komast til Jerúsalem og ná borginni og nágrenni hennar á sitt vald sumarið 1099. Krossfararnir drápu stóran hluta íbúa borgarinnar bæði Gyðinga og múslima. Krossfararnir stofnuðu röð af krossfararíkjum frá Litlu-Asíu til Landsins helga, en þar stofnuðu þeir Konungsríkið Jerúsalem.

Síðari krossferðir

Krossfararnir unnu þó engan fullnaðarsigur á Tyrkjum í Landinu helga. Þeir urðu fyrir sífelldum árásum og þurftu að fá stöðugan liðsauka frá Evrópu, ef þeir áttu að geta haldið velli.

Alls voru farnar sjö aðalkrossferðir, auk fjölmargra smærri. Stóðu þessar herferðir yfir í nærri tvær aldir. Krossferðirnar voru fjölmennar styrjaldir með miklu mannfalli á báða bóga. Þrátt fyrir það, var þátttaka í krossferðunum tiltölulega almenn. Ýmsir völdugir þjóðhöfðingjar tóku þátt í þeim. Árið 1212 var farin svokölluð barnakrossferð, þar sem þátttakendur voru flestir 12 ára og yngri. Ekki er vitað hvað varð um börnin, en talið er að mörg þeirra hafi verið seld í þrældóm á leiðinni.

Allt kom þó fyrir ekki. Múhameðstrúarmönnum tókst að ná Landinu helga á sitt vald á nýjan leik og reka kristna menn á brott. Talið er, að alls muni um þrjár milljónir manna hafa látið lífið í þessum herferðum. Krossferðirnar hægðu á sókn múslima inn í Evrópu og juku mjög missættið milli Austur- og Vesturkirkjunnar. Færa má rök fyrir því að krossferðirnar hafi komið í veg fyrir að múslimar næðu markmiði sínu, að leggja Vestur-Evrópu undir sig.



Orrustan við Montgisard (Geser) 25. nóvember 1177 þegar Baldvin IV konungur í Jerúsalem sigraði her Saladín soldáns. (Málverk eftir Charles Philippe Larivière)

Þótt meginmarkmiði krossferðanna yrði ekki náð, að frelsa Landið helga úr höndum Múhameðstrúarmanna fyrir fullt og allt, höfðu þær mikil áhrif í Evrópu í trúarlegu og menningarlegu tilliti. Þá kynntust

Evrópumenn í fyrsta sinn náði, menningu Arababjóðanna og urðu fyrir sterkum áhrifum frá henni. Átti það sinn þátt í að draga úr valdi kirkjunnar, er frá leið.

Riddarareglur

Eftir fyrstu krossferðina, var farið að stofna kristnar riddarareglur undir verndarvæng kirkjunnar til að verja kristnina með hervaldi.

Þegar krossfarar höfðu unnið Jerúsalem árið 1099, jókst straumur pílgríma til Landsins helga. Ræningjahópar áttu það til að ræna og drepa kristna pílgríma í landinu. Kom þá fram sú hugmynd að stofna sérstaka riddarareglu til að sjá um öryggi pílgríma í landinu og kallaðist reglan Musterisriddarar. Reglan fékk framlög víðsvegar að úr Evrópu og varð mjög voldug fjárhagslega. Musterisriddarar gegndu mikilvægu hlutverki í mörgum krossferðum. Eftir að krossferðum lauk og Múhameðstrúarmenn náðu Landinu helga á sitt vald, varð staða þeirra erfið. Filippusi fríða Frakklandskonungi þótti nóg um völd Musterisriddara í Evrópu. Lét Filippus bera upplognar sakir á Musterisriddara og fékk páfa í lið með sér við að leysa regluna upp árið 1312.

Regla Jóhannesarriddara⁶⁴ var stofnuð árið 1023 til að hlynna að pílgrímum sem fóru til Landsins helga. Starfræktu þeir sjúkrahús í Jerúsalem. Við fall Landsins helga í hendur Múhameðstrúarmanna á 13. öld, færðu þeir starf sitt til eyjarinnar Kýpur og stuttu síðar til eyjarinnar Rhódos. Tyrkjasoldán hrakti þá þaðan. Svo fór að lokum settust þeir að á eyinni Möltu, þar sem þeir hafa enn aðsetur og kallast Mölturiddarar (*Sovereign Military Order of Malta*). Mölturiddarar reka hjúkrunar- og hjálparstarf í 120 löndum (*Malteser International*). Meðlimir eru um 13 þúsund, en með þeim starfa um 80 þúsund sjálfbóðaliðar og 25 þúsund hjúkrunarliðar. Höfuðstöðvar Mölturiddara eru í Róm.



Fáni Mölturiddara

Útbreiðsla siðbótarinnar um Evrópu leiddi til þess að Jóhannesarriddarar í Hollandi, Ungverjalandi, Svíþjóð, Stóra-Bretlandi og víðar gerðust mótmælendur og náði starf þeirra góðri fótfestu í Bretlandi á valdatíma Viktoríu drottningar. Þaðan breiddist starfið út um breska samveldið og einnig til Bandaríkjanna (*The Venerable Order of St. John*). Samtökin starfrækja alþjóðlegt hjálparstarf í 40 löndum, en meðlimir eru um 25 þúsund. Reglan starfrækir sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjálparstöðvar þar sem starfa um 400 þúsund sjálfbóðaliðar og starfsmenn. Reglan stundar einnig víðtækt hjálparstarf á ófriðarsvæðum.

Þess má geta að fáni Mölturiddara, hvítur kross á rauðum grunni var tekinn upp sem fáni Valdimars sigursæla Danakonungs á 13. öld. Danski fáninn varð síðan fyrirmynd að þjóðfánum annarra Norðurlanda.

⁶⁴ Jóhannesarriddarar eru einnig kallaðir spítalariddarar (*hospitallers*).

Kirkjan og endurreisnarstefnan

Snemma á 14. öld, hófust hræringar utan vébanda kirkjunnar. Kom þá fram stefna, sem kölluð er *endurreisnarstefnan* (*renaissance*: „endurreisn“) og átti eftir að setja svip sinn á trúar- og menningarlíf í Vestur-Evrópu í meira en tvær aldir. Í eðli sínu var endurreisnarhreyfingin andstæð miðaldakirkjunni. Þeir sem aðhylltust þessa stefnu litu svo á, að jarðlífið væri ekki aðeins undirbúningur undir annað líf, heldur hefði það sjálfstætt gildi og endurreisnarmenn teygðu nautnir þessa lífs, bæði holdlegar og andlegar. Á endurreisnartímanum hættu margir að trúa því, að allan sannleik væri að finna í helgiritum kirkjunnar, heldur tóku þeir að rannsaka og gera athuganir á eigin spýtur. Hjá endurreisnarmönnum kom fram hin mesta aðdáun á hinni grísk-rómversku fornaldarmenningu, og þá oft jafnframt á heiðni. Jafnhliða þessu, bar nokkuð á upplausn í siðferðilegum eignum, þar sem sumir töldu að afburðamenn væru ekki bundnir af kristlegu siðgæði.

Áherslur endurreisnarstefnunnar snérust um manninn sem einstakling, er ætti að leitast við að afla sér klassískrar menntunar í listum, bókmenntum og vísindum. Sömuleiðis væri manninum leyfilegt að sækjast eftir þægindum og ríkidæmi. Þessar áherslur voru fyrirrennari *humanismans*. Kenningar endurreisnarstefnunnar náðu um skeið verulegu fylgi innan kirkjunnar og voru nokkrir páfar fylgismenn þessarar stefnu (t.d. Júlíus II og Leó 10). Hið óheppilega samband kirkjunnar og endurreisnarhreyfingarinnar, átti þátt í að koma losi bæði á hugmyndakerfi og siðgæði innan kirkjunnar.

Skólaspekin

Um daga Gregoríusar 7. hófust í kirkjunni ný guðfræðileg vísindi, sem nefnd hafa verið *skólaspeki*. Draga þau nafn sitt af því, að þau voru fyrst iðkuð í skólum klaustranna. En á 12. öld risu háskólarnir og urðu þeir miðstöðvar vísindaiðkana. Helstir þeirra voru háskólarnir í París og Oxford. Skólaspekin byggist á þeirri sannfæringu að hægt sé að skilja tilveruna og gera grein fyrir henni með skynsemina eina að vopni.

Brautryðjandi skólaspekinnar, var *Anselmus erkibiskup* í Kantaraborg. Hann byggði á því, að kirkjukenningin væri algerlega sönn og í fullri samhljóðan við skynsemina og taldi það hlutverk guðfræðinnar að færa sönnur á þetta. Einkum var það tvennt, sem hann lagði megináherslu á að sanna. Annað var tilvera Guðs og hitt nauðsyn þess, að Guð gerðist maður. Í höfuðriti sínu, „Hvers vegna Guð–maður“ lagði hann grunninn að þeirri *friðþægingarkenningu*,⁶⁵ sem síðan hefur ríkt í kirkjunni, allt fram á okkar daga.

Af frönskum mönnum, var *Abælard* (frb.: Abelar) frægastur skólaspekingur. Hann var ekki á sama máli og Anselmus um það, að trúa öllu umsvifalaust, sem kirkjan kenndi. Hann vildi fyrst og fremst byggja á skynseminni. „Ég verð að skilja, svo að ég trúi“, var meginregla hans. Þó var langt frá því, að hann teldi skynsemina og heimspekina einhlíta til þess að gjörþekkja alla leyndardóma tilverunnar. Hann gagnrýndi kenningar kirkjunnar af frábærri skarpskyggni og söfnuðust þúsundir námsmanna að kennslustóli hans, til þess að hlýða á hann. Hann var dæmdur villutrúarmaður og lenti í margs konar raunum.

Frægastur allra skólaspekinga, var þó *Tómas frá Akvinum* á Ítalíu. Hann gerðist munkur 18 ára gamall og jók svo við nám sitt í Köln og París. Sagt er að skólabræður hans, hafi nefnt hann „mállausa nautið frá Sikiley“, en kennari hans á að hafa svarað að mállausa nautið myndi baula svo af lærdómi sínum, að heyrðist um heim allan. Síðar varð Tómas

⁶⁵ Friðþægingarkenningin gengur út á það, að eftir syndafallið hafi allir menn syndgað (sbr. Róm. 3:23, 5:12) og syndin leiði til eilífrar glötunar („*laun syndarinnar er dauði...*“ Róm. 6:23). Samkvæmt þeim lögum sem Guð gaf í gegnum Móse, þurfti stöðugt að úthella blóði fórnardýra, til að friðþægja fyrir syndirnar. Að lokum sendi Guð fullkominn syndlausan mann – hinn eingetna son, Jesú Krist í þennan heim, til að deyja fyrir syndir mannanna og verða hin fullkomna fórn, sem fullnægði réttlætiskröfu lögmálsins í eitt skipti fyrir öll og opnaði mönnum aftur leiðina til Guðs, þegar þeir taka við frelsisverki Krists í trú.

háskólakennari og rithöfundur. Það voru ekki síst kenningar gríska heimspekingsins Aristótelesar og rannsóknir hans á fyrirbærum náttúrunnar sem heilluðu Tómas.

Tómas fór að rannsaka gildi náttúrunnar sem vitnisburðar um handarverk og eðli Guðs og samræma kristna trú vaxandi skynsemishyggju í álfunni. Hann samdi alls um 50 rit, sem fjalla um allar greinar miðaldaguðfræðinnar. Mest þeirra og frægast, var trúfræði hans (*Summa Theologica*), sem kaþólska kirkjan byggir á enn í dag. Hann hélt fram kenningunni um sakramentin sjö og varði samþykkt kirkjuþingsins í Lateran árið 1215, að við kvöldmáltíðina breyttist brauð og vín í líkama Krists og blóð, en Tómas taldi umbreytinguna eiga sér stað í hinum huglæga raunveruleika.⁶⁶ Þá lagði Tómas mikla áherslu á vald páfans og varði þá skoðun, að páfinn væri óskeikull í ákvörðunum sínum.

Þegar Tómas var í heimsókn í páfagarði, sýndi *Innocentius 4.* páfi honum gífurleg auðæfi kirkjunnar og sagði: „Þú sérð að kirkjan ekki lengur í þeirri stöðu að hún geti sagt eins og Pétur postuli *silfur og gull á ég ekki*.“ Tómas svaraði: „Satt er það, en nú getur hún ekki sagt eins og Pétur við lama manninn, *statt upp og gakk*.“

Þann 6. desember 1273, eignaðist Tómas trúarreynslu er hann tók þátt í heilagri kvöldmáltíð. Þegar hann yfirgaf kapelluna sagði hann: „Allt sem ég hef skrifað virðist mér nú vera hálmur, miðað við það sem ég hef séð og fengið opinberun yfir.“ Tómas hætti að skrifa og andaðist þremur mánuðum síðar.



Péturskirkjan í Róm

⁶⁶ Kirkjuþingið í Lateran samþykkti einnig að prestar hefðu æðsta vald yfir hjálpræðinu innan kirkjunnar, því einungis vígður maður gæti umbreytt efnum kvöldmáltíðarinnar í líkama og blóð Krists.

Klaustur og einlífi

Bernharð frá Clairvaux

Hin auknu völd kirkjunnar, sem áður er lýst, reyndust oft hættuleg innra lífi kirkjunnar í trúarlegum og siðferðilegum efnum. Auðurinn leiddi oftast af sér spillingu og makræði, þar sem meira var hugsað um þægindi og eigin völd en efling siðgæðis og trúarlífs. Einnig var kirkjuvaldið notað til ofsókna á hendur ýmsum aðilum og hópum sem kirkjuleiðtogar töldu annað hvort að ógn stafaði af eða væru villutrúar.

Margir menn sáu brýna þörf endurnýjunar innan kirkjunnar. Einkum gætti þessara skoðana í hópi klausturmanna. Miðstöð þessara áhrifa var í klaustrinu *Cluny* í Frakklandi. Breiddust þau brátt þaðan út um öll kristin lönd.

Einn þekktasti munkur *Cluny*-hreyfingarinnar var *Bernharð frá Clairvaux* (frb. Klervó). Hann var riddarasonur, fæddur skömmu fyrir aldamótin 1100. Hann var snemma trúhneigður og gekk í klaustur á unga aldri. Fór fljótlega mikið orð af honum sem góðum og guðhræddum manni. Var honum falið að stofna nýtt klaustur í Clairvaux. Varð hann þar ábóti og setti allar reglur eftir sínu höfði. Agi var mjög strangur í klaustri hans, enda lifði Bernharð sjálfur meinlætalífi og lék líkama sinn hart. Munkarnir urðu að vinna mikið og lifa sparlega.

Regla Bernharðs breiddist skjótt út og vegur hans fór mjög vaxandi. Varð hann einhver valdamesti maður kirkjunnar á sinni tíð, þótt hann gegndi aldrei öðrum embættum innan hennar en ábótastörfum í Clairvaux. Bernharð var einnig mikið sálmaskáld og mælskumaður, svo að af bar. Bernharð varð einnig frægur vegna kraftaverka sem gerðust við þjónustu hans. Lamaðir gengu, daufir heyrðu og blindir fengu sýn.

Förumunkareglur

En þrátt fyrir þá miklu og góðu endurnýjun innan kirkjunnar, sem stafaði frá *Cluny* og Clairvaux, hélt áfram að bera á spillingu og agaleysi, einnig innan klaustranna. Þau voru mörg orðin stórrík, því fjölmargir urðu til að gefa þeim stórgjafir eftir sinn dag, bæði peninga og jarðir.

Voru því enn stofnaðar tvær nýjar munkareglur, sem voru allmjög frábrugðnar öllum fyrri munkareglum. Voru það svonefndar förumunkareglur, *grámunkar* (*Fransiskanar*) og *svartmunkar* (*Dóminíkanar*). Hver sá, sem gekk í reglur þessar, varð að afsala sér öllum eignum sínum. Munkarnir lifðu á bónbjörgum, því voru þeir oft nefndir betlimunkar. Þessir munkar fengu ekki fasta samastaði innan klausturveggja, heldur voru þeir sífellt á ferð úti meðal fólksins. Aðalstarf þeirra var boðun fagnaðarerindisins. Einnig áttu þeir að hjálpa fátækum og hjúkra sjúkum.

Svo sem nærri má geta, urðu munkar þessir fljótlega mjög vinsælir af almenningi fyrir líknarstörf. Förumunkar voru í miklum metum hjá páfa og kirkjustjórninni, því að þeir voru undirgefnir þjónar páfa. Þegar kemur fram á siðbótartímann, fengu svartmunkar á sig grimmdarorð, því þeim var falið að fylgja eftir hinni kirkjulegu kenningu og berjast gegn siðbótarmönnum.

Drógu þeir þá fjölda siðbótarmanna í kaþólskum löndum fyrir hina svonefndu *rannsóknardómara*,⁶⁷ þar sem þeir voru oft pyntaðir til að játa á sig ýmsar sakir og teknir af lífi.

Ógerlegt er að segja með vissu hversu fjölmennur sá hópur fólks er, sem kaþólska kirkjan hefur látið taka af lífi í gegnum aldirnar, en sagnfræðingar hafa giskað á að það séu 4 – 6 milljónir (*World Christian Encyclopedia*).

Hér má bæta því við að sá hópur skiptir tugum milljóna sem fallið hefur í trúarbragðastyrjöldum eða verið tekinn af lífi í nafni kristinnar trúar, af veraldlegum valdhöfum og margvíslegum misindislýð er valdi kristindóminn sem yfirvarp fyrir illvirki sín.

Frans frá Assisí

Grámunkar voru oft nefndir Fransiskanar eftir stofnanda reglunnar, *Frans frá Assisí*. Hann var fæddur í borginni Assisí á Mið-Ítalíu seint á tólftu öld, sonur auðugs kaupmanns. Í æsku ætlaði hann sér að verða frægur riddari og naut lífsins í ríkum mæli. Var hann fremstur í flokki vina og jafnaldra. En um tvítugsaldur veiktist hann. Breyttist hann þá mjög og fór að hugsa um trúarleg efni. Tók hann að starfa meðal sjúkra og fátækra, einkum holdsveikra. Fann hann hjá sér köllun til að helga allt líf sitt þjónustu við Krist. Afsalaði hann sér því öllu tilkalli til auðæfa föður síns, sem reyndi eftir mátti að fá son sinn ofan af þessum fyrirætlunum, en árangurslaust.



Grámunkur

Þessi afstaða Frans vakti mikla athygli í fæðingarborg hans. Sumir töldu hann vitstola, en aðrir hrifust af dæmi hans og slógust í fylgd með honum.

Dag einn, þegar hann var á bæn, talaði Drottinn til hans og sagði: „*Far þú Frans og reis við hús mitt, því það er að hrúni komið.*“

Frans ákvað að gefa eigur sínar til kirkjunnar og lifa í fátækt. Hann ferðaðist um, predikaði og bað fyrir sjúkum. Margir læknuðust þegar Frans bað fyrir þeim. Frans var mikill dýravinur og sóttu dýrin til hans. Frans predikaði yfir dýrunum að þau ættu að lofa sinn himneska föður sem elskaði þau. Síðar stofnaði Frans Grámunkaregluna. Hún náði brátt mikilli útbreiðslu og varð afar vinsæl meðal almennings, enda unnu grámunkarnir mikið að líknarstörfum. Fóru þeir ætíð saman tveir og tveir að dæmi postulanna. Frans stofnaði einnig reglu Fransiskussystra.

Frans er annar í röðinni (á eftir Páli postula, sbr. Galatabréfið 6:17), í hópi ríflega 300 einstaklinga, sem kaþólska kirkjan hefur staðfest að hafi borið blæðandi sáraför Krists (*stigmata*) á höndum, fótum og síðu.

⁶⁷ Rannsóknarréttur er heiti á ýmsum stofnunum innan kaþólsku kirkjunnar sem rannsökuðu brot gegn kirkjurétti, einkum villutrú, frá miðöldum til 19. aldar. Fyrstu rannsóknarréttirnir voru biskupsréttir sem settir voru upp í Suður-Frakklandi 1184 til að berjast gegn *kaparisma*. Nokkrum áratugum síðar fékk dóminíkanareglan það hlutverk að sjá um slíkar rannsóknir. Rannsóknarrétturinn var ekki endanlegur dómstóll eða sá um refsingar, heldur lét hann fanga sína í hendur á veraldlegum yfirvöldum sem sáu um útfærslu refsinganna, oftast þó samkvæmt fyrirmælum kirkjunnar. Rannsóknarrétturinn taldi þá villutrúarmenn sem ekki vildu samþykka kenningar kirkjunnar. Það væri góðverk að tortíma holdi þeirra á báli, til þess að bjarga þeim frá glötnu, sbr. 1. Korintubréf 5:5 — „*skal selja slíkan mann Satan á vald til tortímingar holdinu, til þess að andinn megi hólpin verða á degi Drottins Jesú.*“

Rannsóknardómstólarnir voru einnig pólitískt valdataeki og athafnasvið þeirra var breitt. Auk þess að rannsaka villutrú, tengdust þeir gyðingaofsóknum og norrnaveiðum. Meðal rannsóknaraðferða sem þeir notuðu voru pyntingar. Hinir seku voru látnir ganga opinbera iðrunargöngu (*autodafé*) áður en þeir voru teknir af lífi. Spænski rannsóknarrétturinn starfaði frá 1478 til 1834 og heyrði undir Spánarkonung. Portúgalski rannsóknarrétturinn heyrði á sama hátt undir konung Portúgals.

Forsaga siðbótar

Hnignun páfavalds

Hámarki valda sinna hafði páfadáemið náð á dögum Innócentíusar 3., eins og áður er getið. Eftir hans dag fer því heldur að hnigna. Í deilum sínum við Þýskalandskeisara neyddust páfar til að leita sér stuðnings Frakklandskonunga. Það reyndist þó hættulegt, þegar fram liðu stundir, því páfastóllinn varð Frökkum háður. Rétt eftir aldamótin 1300, lenti *Bonifatius 8.* páfi í deilum við Frakklandskonung, sem neitaði að viðurkenna skattfrelsi klerka og fleiri kröfur kirkjunnar. Þar kom að *Filippus fríði* Frakklandskonungur tók Bonifatius 8. páfa höndum og hélt honum í varðhaldi um hríð. Andaðist páfi skömmu síðar, háaldraður.

Franskur maður var kjörinn næsti páfi og tók sér nafnið *Klemens 5.* Hann sá sér þann kost vænstan að fara alls ekki til Rómarborgar, heldur settist að í Frakklandi, í smábænum *Avignon*. Páfadáemið setti mjög niður við þessa breytingu, svo sem nærri má geta, enda varð páfi nú enn háðari Frakklandskonungi en áður. Allt þetta dró stórlega úr virðingu manna fyrir kirkjunni.

Þessari herleiðingu páfa lauk eftir sjötíu ár. Fluttist hann þá að nýju til Rómarborgar og hefur setið þar æ síðan.

Þegar stóll páfa var aftur fluttur til Rómarborgar, hófust deilur milli kirkjuhöfðingja um páfavöld og stórveldin tefldu fram sínum páfa hvert. Þótt páfi sæti í Róm, var annar í *Avignon*. Um tíma urðu páfarnir þrír. Í fjörutíu ár (1378–1417) var kaþólska kirkjan klofin. Páfarnir bannfærðu hverjir aðra og umdæmi hver annars. Voru þannig öll lönd Vestur–Evrópu í banni um skeið. Loks tókst að binda enda á þennan klofning á kirkjuþinginu í Konstanz (1414–1418). Allt þetta leiddi til þess að vald páfans í veraldlegum efnum dvínaði stórlega frá því sem áður var.

Kenningar kaþólsku kirkjunnar o.fl.

Er hér var komið sögu, höfðu miklar breytingar orðið á kenningum kirkjunnar í ýmsum efnum. Mörgu hafði verið breytt frá boðskap Jesú Krists og postula hans, sem skráður er í Nýja testamentinu. Skal hér reynt að gera grein fyrir nokkrum helstu breytingunum.

1. *Biblían*. Biblían⁶⁸ var öllum almenningi lokað bók. Hún var ekki þýdd á önnur mál en latínu,⁶⁹ en latínu kunnu þá aðeins lærðir menn. (Á miðöldum var hlutfall almúgafólks í Vestur–Evrópu sem kunni að lesa, oftast 5–7%). Meiri áhersla var lögð á það, að fólk læsi ýmis þau rit, sem kirkjan hafði látið semja sérstaklega fyrir alþýðu manna. Var þar að finna útskýringar og túlkun kirkjunnar á trúaratriðum. Páfi og kirkjuþing höfðu algert úrskurðarvald um kenningar kirkjunnar. Voru þau talin óskeikul. Að öðru leyti var lögð mest áhersla á góðverk, ölmusugjafir og föstur. Voru menn hvattir til að gefa kirkjunni gjafir.

2. *Kirkjuhúsin og guðþjónustan*. Kirkjan lagði mikla áherslu á að gera kirkjuhúsin sem skrautlegust og guðþjónustuna íburðarmikla, enda eru margar kaþólskar kirkjur glæsilegar byggingar og ríkar að frábærum listaverkum. Messuklæði klerka voru íburðarmikil og mörg ölturu í stærri kirkjum, fagurlega búin.

3. *Dýrlingar*. Kirkjan byrjaði snemma á því að taka í helgra manna tölu ýmsa þá, sem þóttu hafa lifað sérstaklega vönduðu og grandvöru lífi. Voru þeir gerðir að dýrlingum⁷⁰ eftir dauða sinn. Sumir dýrlingar voru aðeins tignaðir í einstökum löndum, en aðrir um kirkjuna alla.

⁶⁸ *Biblía* (komið úr grísku og þýðir bækurnar).

⁶⁹ Á árunum 386 – 405 sá maður að nafni *Eusebius Hieronymous* um endurskoðun á þýðingu Biblíunnar á latínu. Sú þýðing gengur undir nafninu *Vulgata* (*Versio vulgata* = alþýðuþýðing) og er enn notuð af rómversk–kaþólsku kirkjunni.

⁷⁰ Uptaka manna í tölu dýrlinga er nefnd *kanonisation*, ef um allsherjardýrling er að ræða, en *beatification*, ef um er að ræða dýrlinga sem tignaðir eru í einstökum löndum eða héruðum. Kaþólska kirkjan hefur tekið um 10.000 einstaklinga í tölu dýrlinga.

Fremst allra dýrlinga var móðir Jesú, *María mey*. Er menn báðust fyrir, snéru þeir bænum sínum til dýrlinganna. Urðu þeir þannig eins konar milliliðir milli manna og Guðs.

Einnig fóru menn að keppa eftir að eignast ýmsa hluti, sem hinir helgu menn höfðu átt í lifanda lífi, eða jafnvel bein úr líkama þeirra. Þetta var nefnt helgir dómar (*reliquiae*). Voru þeir geymdir í sérstökum helgiskrínunum í kirkjum og klaustum. Fólk festi mikla helgi á þessum hlutum. Trúðu menn því jafnvel, að gerst gætu kraftaverk fyrir undramátt þeirra. Fóru pílagrímar oft í stórhópum til staða, þar sem helgir dómar voru geymdir.

4. *Skriftir*. Hverjum kaþólskum manni var skylt að skrifa að minnsta kosti einu sinni á ári, eftir að hann náði sjö ára aldri. Skriftir voru fölgnar í því, að menn gengu á fund prests síns og játuðu fyrir honum syndir sínar. Presturinn átti síðan að boða skriftabarninu fyrirgefningu Guðs, ef hann taldi það hafa til að bera sanna iðrun. Lagði hann ýmsar kvaðir á menn, t.d. föstu nokkra daga, pílagrímsför til ákveðinna staða eða einhverja sjálfsafneitan. Voru það nefnd yfirbótarverk.

Smám saman fór það að tíðkast, að menn gætu keypt sig lausa undan þessum yfirbótarverkum. Keyptu menn þá aflát eða eftirgjöf á yfirbótinni. Páfi gaf út aflátsbréf og lét selja þau í kaþólskum löndum. Þegar fram í sótti, varð sala þessara aflátsbréfa veruleg tekjulind páfastólsins.

5. *Sakramentin*. Sakramenti merkir leyndardómur. Er það notað sem heiti á tveimur athöfnum, sem Kristur stofnaði sjálfur til blessunar fyrir lærisveinana. Þessi tvö sakramenti eru *skírn* og *heilög kvöldmáltíð*. Kirkjan hafði smám saman fjölgað sakramentunum, svo að þau voru nú orðin sjö að tölu: Skírn, kvöldmáltíð, ferming, yfirbót, hjónavígsla,⁷¹ síðasta smurning og prestsvígsla.

Um kvöldmáltíðarsakramentið kenndi kirkjan, að brauðið og vínið breyttist í líkama og blóð Krists. Sú kenning nefnist *eðlisbreytingarkenningin* (*transsubstantiation*: eðlisbreyting). Prestar fóru mjög varlega með þessi efni. Almennigur fékk aðeins að neyta brauðsins. Til þess að koma í veg fyrir, að nokkuð af blóði Krists færi niður, máttu ekki aðrir bergja það en prestarnir sjálfir.

6. *Sálumessur*.⁷² Kirkjan skipti syndum í tvo flokka. Annars vegar syndir til dauða (sbr. 1 Jóhannesarbréf 5:16 og Matteus 12:32) sem væru þess valdandi að sálin færi eftir dauðann til heljar, hins vegar fyrirgefningar syndir sem leiddu til þess að eftir dauðann færi sálin í svokallaðan *hreinsunareld*, þar sem hún hreinsaðist af viðloðandi synd (sbr. Matteusarguðspjall 5:25-26 og 1 Korintubréf 3:15) og kæmist síðan til himna. Hægt væri að biðja fyrir sálum sem drýgt hefðu fyrirgefningar syndir. Til að styttu dvöl ástvina sinna í hreinsunareldinum gátu menn látið syngja sálumessur fyrir þeim. Greiddu menn ákveðna þóknun til kirkjunnar fyrir hverja sálumessu. Hafði kirkjan af því drjúgar tekjur.

Kirkjan leit svo á, að hún væri eina hjálpræðisstofnunin. Guðþjónustur og sakramenti hennar væru eina leiðin til að losna undan valdi syndarinnar og eilífri glötnu.

⁷¹ Í frumkristni komu einstaklingarnir inn í hið kristna samfélag með mismunandi hjúskaparstöðu. Í Gyðingdómi var stundað fjölkvæni, en Rómverjar gátu haft hjákonur. Páll postuli gerir þá kröfu að sá maður sem ætlar að starfa sem biskup, öldungur eða djákni sé einnar konu eiginmaður. Frumkirkjan leit á hjónabandið sem einkamál er fæli í sér samkomulag milli fjölskyldu brúðguma og brúðar. Rit Tertúllíanusar kirkjuföður við upphaf þriðju aldar, mótuðu hugmyndir kirkjunnar um hið kristna hjónaband. Tertúllíanus leggur áherslu á að hjónabandið bjóðist aðeins einu sinni hverjum einstaklingi. Ágústínus kirkjufaðir hélt því fram að Guð hefði stofnað hjónabandið, en einlífið væri hjónabandinu æðra.

Á 12. öld (1164) gerði kaþólska kirkjan hjónavígslu að sakramenti. *Sacramentum* er latnesk þýðing á gríska orðinu *‘mysterion’*. Í framhaldinu fór kirkjan að framkvæma formlegar hjónavígslur. Kirkjan byggði þessa ákvörðun á Efesusbréfinu 5:31-32 (þar sem Páll útskýrir vers 2:24 í 1. Mósebók, um að maður skuli yfirgefa föður og móður með eiginkonu sinni og muni þau tvö verða einn maður): „Þetta er mikill leyndardómur (mysterion). Ég hef í huga Krist og kirkjuna.“

⁷² Að biðja fyrir látnum ættingjum er hefð í gyðingdómi. Gert er ráð fyrir að sonur eða frændi hins látna einstaklings fari með sérstaka bæn (*Kaddish*) við guðþjónustu í sýnagógu í ellefu mánuði eftir útförina og síðan árlega á dánardegi. Frumkirkjan virðist hafa haldið í þessa hefð Gyðinga, að biðja fyrir látnum ættingjum, en aðlagð hana þjónustu kirkjunnar. Tertúllíanus kirkjufaðir segir t.d.: „Ekkja, sem biður ekki fyrir látnum eiginmanni, hefur svo gott sem skilið við hann.“

Svartidauði

Plága sem kennd er við *Jústínus I keisara* hófst árið 541 í Egyptalandi og breiddist út til landanna við Miðjarðarhaf. Faraldrar af þessari plágu blossuðu upp af og til næstu 200 árin. Nýlegar rannsóknir á líkamsleifum þeirra sem dóu úr farsóttinni benda til þess að orsökina hafi verið sýkillinn sem veldur svartadauða.

Árið 1347 sátu Mongólar um borgina Kaffa á Krímskaga og vörpuðu rotnandi líkamsleifum yfir borgarvegginn. Þeir sem lifðu af umsátrið, báru til Vestur-Evrópu skæða farsótt sem fékk nafnið svartidauði. Svartidauði geisaði í Litlu-Asíu, í löndunum við sunnanvert Miðjarðarhaf og í Evrópu. Á fjórum árum dó þriðjungur til helmingur íbúanna í þessum löndum úr veikinni.

Fólk brást misjafnlega við þessum hamförum. Sumir héldu svallveislur, aðrir fóru í iðrunargöngur til að biðja Guð um miskunn, því þeir trúðu því að veikin væri dómur frá Guði. Hinir auðugu létu munka hafa peninga til að tryggja að sungnar væru sálumessur að þeim látnum. Sumir kenndu Gyðingum um pláguna, sem leiddi til þess að heilum samfélögum Gyðinga var eytt.

Plágan blossaði upp hvað eftir annað, víða um Evrópu⁷³, en talið er að plágan mikla sem gekk í London 1665–1666, hafi verið síðasti meiriháttar faraldurinn. Talið er að á 14. öld hafi 25 milljónir manna (35% af íbúafjölda álfunnar) dáið úr svartadauða í Evrópu.

Morgunstjarna siðbótarinnar

Gegnum aldirnar voru til menntamenn sem gerðu sér grein fyrir að kirkjan hafði í mörgum atriðum breytt frá hinum upprunalegu kenningum frumkirkjunnar. Kirkja Krists hefði í raun verið yfirtekin af óguðlegu valdakerfi, sem ekki stæði á biblíulegum grunni. Þegar þar við bættist sívaxandi spilling meðal fjölmargra þjóna kirkjunnar, vildu margir reyna eftir mætti að hafa bætandi áhrif innan kirkjunnar og kippa í lag, því sem aflaga hafði farið. En allar slíkar tilraunir reyndust erfiðar. Áður er getið hinna miklu hreyfinga innan munkareglanna. Allar höfðu þær haft góð áhrif, en náðu þó of skammt og áhrifin hurfu of fljótt aftur. Vildi þá einatt sækja í sama horfið.



John Wyclif

En nú risu upp ýmsir einstaklingar, sem vildu hefja siðbót innan kirkjunnar. Enskur háskólakennari *John Wyclif* að nafni, ritaði gegn villukenningum kirkjunnar. Wyclif vefengdi rétt kaþólsku kirkjunnar til að ákveða hvað væri réttur kristindómur. Hann hélt því fram, að kristindómurinn ætti að byggjast á kenningum Biblíunnar og engu öðru. Jesús Kristur ætti að vera höfuð kirkjunnar um víða veröld, ekki biskupinn í Róm. „Veldi páfans er fullt af eitri — maður syndarinnar sem setur sjálfan sig ofar Guði.“ Wyclif hafnaði því að kirkjan gæti breytt brauði í hold Krists: „Kornið sem þú skerð upp í dag, verður ekki Guð á morgun.“

Kenningar hans náðu allmikilli útbreiðslu á Englandi og hafði þessi skoðun mikil áhrif á siðbótarmenn 16. aldar. John Wyclif þýddi Biblíuna úr latínu á ensku, til þess að alþýða manna ætti greiðan aðgang að orði Guðs. Hann hélt því fram, að Kristur væri einn meðalgangari milli Guðs og manna, en ekki klerkar og kirkja. Fylgismenn Wyclif voru nefndir *lollardar* og áttu þeir um skeið mikið fylgi meðal fátækari stéttanna. Einnig blandaðist þessi hreyfing ýmsum róttækum stjórnmálahreyfingum. Var þetta ein af orsökum þess, að konungsvaldið snérist öndvert gegn Lollörðum og bældi hreyfinguna niður með harðri hendi.

⁷³ Árið 1527 barst svartidauði til Wittenberg í Saxlandi. Marteinn Lúter neitaði að flýja borgina til að vernda sig og sína. Þessi ákvörðun kostaði dóttur hans Elísabetu lífið. Lúter skrifaði bréf til vinar síns *John Hess* í Slésíu. Í bréfinu segir Lúter m.a.: „Ég mun biðja Guð að varðveita okkur. Síðan mun ég svæla (húsakynni til sótthreinsunar), hreinsa loftið, útvega lyf og taka þau. Ég mun forðast staði og persónur þar sem ekki er þörf á nærveru minni til að sýkjast ekki og þannig valda öðrum skaða eða dauða vegna vanrækslu minnar. Ef Guð skyldi vilja taka mig héðan, þá mun hann finna mig og þau verk sem hann hefur ætlast til af mér. Þannig verð ég hvorki ábyrgur fyrir mínum eigin dauða eða annarra. Ef nágranni minn þarfnast mín samt sem áður, þá mun ég ekki forðast þann stað eða þann mann heldur fara þangað fúslega. Þetta er sönn trú samfara Guðsótta, því hún er hvorki hvatvís eða fíflgjörf og freistar ekki Guðs.“

Jóhann Húss

Kenningar Wyclif bárust einnig til Bæheims og náðu þar mikilli útbreiðslu. Margir ungir menntamenn aðhylltust skoðanir hans. Leiðtogi þeirra var kaþólskur prestur *Jóhann Húss*, sem kominn var af fátækum foreldrum, en hafði þó verið settur til mennta. Hann prédikaði mjög gegn hjátrú og valdagræðgi kirkjunnar. Húss krafðist þess, að kirkjugestum yrði útdeilt bæði brauði og víni, við kvöldmáltíðina. Einnig mótmælti hann því, að páfinn væri óskeikull. Húss naut mikilla vinsælda meðal Tékka og kenningar hans hlutu almennt fylgi. Blandaðist þessi trúarhreyfing í Bæheimi bæði tékkneskri þjóðernisstefnu og róttækum pólitískum hreyfingum, sem vildu koma á sameignarskipulagi. Kirkjunni mislíkaði stórlega starf hans, en hún gat ekki að gert lengi vel.

Loks kom þar, að Húss var bannfærður. Var honum síðan stefnt til kirkjupings í Konstanz. Fékk hann griðabréf frá keisaranum. Samt var hann tekinn á þinginu og varpað í fangelsi.

Mál hans var tekið fyrir á þinginu og reyndu menn að fá hann til að taka aftur kenningar sínar, en hann aftók það með öllu. Húss stóð upp og snéri sér rólega að Sigismundi keisara og sagði: „Ég kom hingað fullvissaður um að ofbeldi yrði ekki beitt gegn mér, svo ég mætti



Ur heimildarmynd um Húss

sanna sakleysi mitt.“ Húss kraup síðan niður og bað hárrí röddu: „Drottinn Jesús Kristur, ég bið þig um að fyrirgefa öllum óvinum mínum, vegna þinnar miklu miskunnsemi. Þú veist að þeir hafa ranglega ákært mig, leitt fram ljúgvitni og borið fram falskar ákærur.“

Keisarinn vissi að Húss hafði talað sannleikann. Þegar Húss horfðist í augu við keisarann varð andlit Sigismundar blóðrautt af skömm, en líkt og Pílatus forðum gerði keisarinn ekkert, til að bjarga honum. Var Húss þá dæmdur sekur um villutrú og brenndur á báli, 46 ára að aldri, sumarið 1415.

Sagan segir að þegar kveikt var í bálkestinum hafi böðullinn sagt: „Nú munum við steikja gæsina“ (,husa‘ á tékknesku þýðir gæs). „Já,“ svaraði Húss „en að hundrað árum liðnum mun koma svanur, sem þið getið ekki fangað.“ Þessi spádómur réttist ríflega hundrað árum síðar þegar Marteinn Lúter hóf siðbótarstarf sitt.

Eftir dauða Húss, var allstór hópur sem hélt tryggð við stefnu Wyclif og Húss í Bæheimi og Móravíu (Mæri). Árið 1457 var stofnaður í bænum *Kunvald* félagsskapur undir nafninu ,*Unitas Fratrum*‘ sem hægt er að þýða sem „eining meðal bræðranna“ eða „bræðralagið“. Bræðralagið lét þýða Ritningarnar og semja sálma á tékknesku. Þessir söfnuðir sættu miklum ofsóknum, svo að lokum flúði meirihluti meðlimanna til Póllands.

Starf innan vébanda kirkjunnar

Þrátt fyrir allt það, sem aflaga hafði farið í kenningum kirkjunnar og starfi m.a. vegna þess að embætti páfans í Róm hafði náð til sín óhóflegum völdum og þau verið misnotuð með margvíslegum hætti, má ekki gleyma öllu því jákvæða sem kristin trú kom til vegar í þjóðfélaginu. Við sjáum heiðnu þjóðfélögin gerbreystast fyrir áhrif kristindómsins. Mildi og kærleikur kristinnar boðunar breytir, svo dæmi sé tekið grimmum og miskunnarlausum víkingasamfélögum í friðsamar þjóðir og vekur mannúð og náungakærleika í hjörtum manna. Þannig bar kristnin ávöxt í hinu daglega lífi og bætti siðferði fólks.

Hin heiðnu þjóðfélög breyttust smám saman fyrir áhrif af boðskap kristinnar.

Kirkjan hóf almenna menntun, stofnaði skóla og annaðist uppfræðslu unglunga. Víða voru klaustrin menningarmiðstöðvar hvert á sínum stað. Flestir þeirra manna, sem menntunar nutu, gengu í þjónustu kirkjunnar og tóku þátt í starfi hennar. Sama má segja um líknarstörf og hjálp við bágstadda. Kirkjan rak víða stórfellda hjálparstarfsemi og lagði grundvöllinn að þeirri skipan, sem við búum við enn í dag. Klaustrin voru upphaf margra þeirra stofnana sem við þekkjum í dag, eins og barnaskóla, almenningsskólasafna, spítala, elliheimila og

gistiheimila. Einnig má minna á starf förumunkanna, sem unnu margir stórvirki við líknar- og hjálparstarf.

En þetta starf var meira unnið í kyrrþey og oft ber minna á því en hinu, sem miður fer. Þessi þáttur í sögu kristinnar má ekki gleymast. Þá sjáum við best þann reginmun, sem er á kristnu og heiðnu þjóðfélagi. Víða má greina árangurinn af starfi þess fólks, sem gerði sér grein fyrir því, að það er köllun sérhvers sannkristins manns að ávaxta talentur sínar, með því að leggja niður líf sitt til að þjóna öðrum í kærleika Krists. Og Guð gaf ríkulega ávexti af því starfi.

Siðbótin

Marteinn Lúter

Marteinn Lúter fæddist 10. nóvember árið 1483 í smábænum *Eisleben* í Saxlandi. Hann var ungur settur til mennta, en alla tíð í skóla var hann félítill. Sóttist honum námið ágætlega og lauk hann stúdentsprófi átján ára gamall. Hóf hann síðan háskólanám. Er hann hafði lokið heimspekinámi lagði hann stund á lögfræði. Þegar hann var að lesa í bókasafni háskólans, rakst hann í fyrsta skipti á alla Biblíuna. Áður hafði hann aðeins séð stutta þætti hennar með skýringum kirkjunnar. Lúter sökkta sér niður í lestur hinnar helgu bókar og því meira sem hann las, því kærari varð hún honum. Óskaði hann þess heitt, að hann gæti sjálfur eignast slíka bók og kennt öðrum eftir henni.

Um þetta leyti gerðist atburður, sem hafði mikil og varanleg áhrif á Lúter. Eitt sinn var hann úti í miklu þrumuveðri, þar sem félagi hans varð fyrir eldingu og dó. Varð hann þá hræddur um líf sitt og hugsaði til þess, hvort hann væri reiðubúinn til að ganga fram fyrir dómstól Guðs. Fyllti þessi hugsun hann svo mikilli ógn, að hann hrópaði: „Heilaga Anna, hjálpaðu mér, þá skal ég ganga í klaustur.“ Heilög Anna var móðir Maríu meyjar, mikils metinn dýrlingur.

Þetta heit var gefið án umhugsunar og Lúter sá eftir því, en taldi sig þó bundinn af því. Bæði faðir hans og vinir lögðu hart að honum að hætta við klausturgönguna, en hann sat fast við sinn keip. Gekk hann í klaustur og valdi stranga munkareglu. Samdi hann sig í öllu að klausturreglunum og fannst í fyrstu hann komast nær Guði. Lúter reyndi eftir mætti að ávinna sér velþóknun Guðs með góðverkum og vönduðu lífi.

Fyrir trú án verðskuldunar

En þetta fullnægði Lúter engan veginn og hjarta hans fylltist óróleika. Hann var sífellt að hugsa um syndir sínar og afbrot gegn Guði og hvernig hann gæti öðlast fyrirgefningu. Varð hann svo hugsjúkur, að hann lagðist veikur og menn óttuðust um líf hans. Öðlaðist hann ekki frið, fyrr en gamall reglubróðir hans minnti hann á þessi orð úr þriðju grein postullegu trúarjátningarinnar: „Ég trúí á ...fyrirgefningu syndanna ...“ Þá vaknaði skilningur Lúters á fyrirgefandi náð Guðs, sem veitist án verðskuldunar fyrir trúna eina, eins og Páll postuli ritar í Rómverjabréfinu. Lúter skrifaði síðar: „Ég fann að ég hafði fæðst að nýju og hlið himinsins höfðu opnast. Ritningarnar fengu nýja merkingu. Eftir þetta fyllti orðasambandið *‘réttlæti Guðs’* mig ekki lengur með reiði, heldur varð það ólýsanlega ljúft vegna þess að í því fólst stórkostlegur kærleikur.“ Réttlæti Guðs, er gjöf sem menn taka við í trú, án verðskuldunar.

Opinberun Lúters um að menn „réttlætist aðeins af trú“, átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Ef menn réttlætast aðeins af sinni eigin trú frammi fyrir Guði, þá var ekki lengur þörf fyrir milligöngu presta eða munda, bænir til dýrlinga, skriftir og yfirbótarverk.

Á þessum árum fór Lúter sendiför fyrir klaustur sitt til Rómarborgar. Sú ferð varð síðar mjög merkileg fyrir hann, því hann kynntist af eigin raun spillingunni og agaleysinu, sem ríkti við páfahirðina. Þó var gagnrýni hans á kirkjunni og kenningum hennar enn ekki vöknuð fyrir alvöru.

Aukin aflátssala

Árið 1512 gerðist Lúter kennari við háskólann í *Wittenberg* í Saxlandi. Varð hann brátt doktor í guðfræði og fór að prédika og flytja fyrirlestra um Biblíuna. Vöktu fyrirlestrar hans mikla athygli og voru vel sóttir. Þótti hann brátt í fremstu röð meðal þýskumælandi guðfræðinga. Árið 1514 hóf Lúter einnig að þjóna sem sóknarprestur í Wittenberg.

Um þessar mundir stóð yfir bygging Péturskirkjunnar í Róm. Leó páfa 10. skorti fé til byggingarinnar. Lét hann þá hefja aflátssölu í ríkum mæli í kápólskum löndum. Græddi hann ógrynni fjár á þeirri sölu.

Aflátssalan byggðist á þeirri kenningu, að helgir menn hefðu gert meira gott en þeir þurftu, til þess að verða sáluhólpnir. Samkvæmt þessu, áttu þeir inni hjá Guði í svokölluðum *verðleikasjóði*. Páfinn taldi sig ráða yfir þessari inneign. Aflátsbréfin eða yfirbótarkvittanirnar, væru því eins konar ávísanir á þessar inneignir. Fáfræði almennings var mikil og páfastóllinn notaði hana sem féþúfu.

Einn aflátssalanna var svartmunkur, *Jóhann Tetzel* að nafni. Hann ferðaðist um héruðin umhverfis Wittenberg og seldi aflátsbréf. Fólk kom til hans í stórhópum til að kaupa af honum, enda hafði hann mikinn og ósvífinn áróður í frammi. Hann hafði meðferðis kross einn mikinn, sem hann sagði að væri jafnmáttugur til frelsis og kross Krists. Gortaði hann af því að hafa frelsað fleiri sálir með aflátsbréfum sínum en postularnir Pétur og Páll hefðu frelsað með bréfum sínum og prédikunum. Hins vegar var hvergi minnst á þörf iðrunar eða afturhvarfs.

Upphaf siðbótar

Lúter ofbauð frekja og ósvífn þessa aflátssala og reyndi að vinna á móti aflátssölunni, en varð ekki mikið ágengt fyrst í stað. Ef hann vandaði um við sóknarbörnin, sýndu þau honum aflátsbréf sín og töldu sig þar með laus allra mála.

Þá tók Lúter sig til og samdi hinar frægu *95 greinar um aflát yfirbótarinnar (indulgentiarum)*,⁷⁴ þar sem hann réðst af hörku gegn aflátssölunni. Hinn 31. október árið 1517 festi hann þær upp á dyr hallarkirkjunnar í Wittenberg. Bauð hann öllum til kappræðu um efni þeirra. Var þetta siður lærðra manna á þeim tímum. Í greinum þessum leggur Lúter mikla áherslu á nauðsyn iðrunar mannsins sem undanfara fyrirgefningar Guðs.

Greinar þessar eru upphaf siðbótar Lúters. Vöktu þær geysimikla athygli í borginni og voru fljótt prentaðar. Breiddust þær út um héraðið og síðar um öll þýsku ríkin. Hvarvetna var mikið talað um þær og margir dáðust að hugrekki hans að þora þannig opinberlega að mótmæla kenningum kirkjunnar. Mörgum blöskraði óskammfeilni kirkjunnar í aflátssölunni og fylgdu Lúter að málum.

Það kom Lúter að góðu haldi, að *Jóhannes Gutenberg* hafði skömmu áður komið fram með prentlistina.

Deilur hefjast

Ýmsir forsvarsmenn kirkjunnar reyndu að rita bæklinga til andsvara greinum Lúters, en hann hrakti rök þeirra jafnharðan og sýndi fram á, að þessi ósiður kirkjunnar ætti enga stoð í Biblíunni.

Fyrst í stað lét páfi deilur þessar sér í léttu rúmi liggja. Hélt hann, að þær mundu hjaðna niður smám saman. Svo fór þó ekki, heldur héldu deilurnar áfram og hörðnuðu. Þótti páfa

⁷⁴ **Yfirbót** (lat. *paenitentia, penance* á ensku): Á þriðju öld e.Kr. hófu kirkjur að setja upp formlegt iðrunarferli þar sem þeir einstaklingar í söfnuðinum sem höfðu syndgað gróflega eftir skírn sína fengu eitt tækifæri til að gera iðrun með því að játa syndir sínar fyrir söfnuðinum og var bannað að neyta kvöldmáltíðarinnar með trúuðum. Þetta ferli gat tekið frá einu og upp í 20 ár. Þær syndir sem í upphafi féllu undir þetta iðrunarferli kirkjunnar voru m.a. guðlast, fráfall frá kristinni trú, fóstureyðing og morð (syndir til dauða). Þegar öldungar viðkomandi kirkju töldu einstaklinginn hafa sýnt með fullnægjandi hætti fram á iðrun sína og afturhvarf voru lagðar yfir hann hendur í fyrirbæn og viðkomandi fékk aftur að neyta kvöldmáltíðarinnar.

Á kirkjuþinginu í Nikeu árið 325 e.Kr. var biskupum falið að hafa umsjón með þessu iðrunarferli. Á kirkjuþinginu sem haldið var í Chalon-sur-Saône í Frakklandi árið 625 e.Kr., var þessu ferli breytt þannig að sá sem hafði fallið í synd þurfti til viðbótar að framkvæma mismunandi verk (*yfirbótarverk*) í samræmi við alvarleika syndarinnar. Í lok miðalda fór bera á því að veittar væru undanþágur frá þessum yfirbótarverkum gegn greiðslu. Sérstakar yfirbótarkvittanir voru þá gefnar út sem nefndust aflátsbréf.

Með siðbótinni endurreistu Lúter og Kalvín kenningu Ágústínusar um að menn frelsist frá erfðasyndinni af náð fyrir trú, en töldu þessa náð ekki bundna við sakramenti kirkjunnar (sakramenti sé ytra tákni um innri andlega náð hins trúaða). Sömuleiðis geti menn ekki unnið sér inn fyrirgefningu Guðs með góðverkum, heldur þurfi þeir að gera iðrun og snúa sér frá sínum vondu vegum.

loks mál til komið að grípa í taumana og kallaði Lúter á sinn fund til Rómarborgar. *Friðrik 3. kjörfursti af Saxlandi*, þjóðhöfðingi Lúters, sem vildi halda hlífiskildi yfir honum, fékk því til vegar komið, að hann var kvaddur á fund fulltrúa páfa í Saxlandi. Reyndi hann að fá Lúter til þess að taka aftur það, sem hann hafði ritað, en hann neitaði því algerlega.

Fljótlega þurfti Lúter margsinnis að taka þátt í kappræðum um trúmál, eins og venja var meðal lærðra manna á þeim tíma. Stóðu slíkar kappræður oft í marga daga. Gekk Lúter þá enn lengra en áður í ýmsum greinum, einkum í því, er varðar vald páfa og kirkjuþinga til að ákveða kenningu kirkjunnar. Lúter hafnaði því, að völd páfastólsins væru byggð á Biblíunni. Taldi hann, að kenningin yrði að byggjast á því, sem stæði í Biblíunni því hún væri eini grundvöllur trúarinnar. Menn yrðu aðeins hólpnir fyrir trú á Jesú Krist og þyrftu ekki milligöngu presta eða kirkju til þess. Góð verk kæmu af sjálfu sér eins og ávextir á tré, þegar menn hefðu eignast trúna. Lúter fjallar um þetta í ritgerð sem ber yfirskriftina *Um frelsi kristins manns*:

„...kristinn maður lifir ekki sjálfum sér, heldur í Kristi og náunga sínum: Í Kristi fyrir trúna, í náunganum fyrir kærleikann... Þetta er hið rétta andlega, kristilega frelsi, sem gjörir hjartað frjálst frá öllum syndum, lögmálum og boðorðum...”

Lúter hafnaði því algjörlega að hinn guðlausi maður hefði frjálstan vilja. Vilji mannsins væri fjötraður og spilltur af ánaud syndarinnar. Guð einn hefði allt vald á himnum og jörðu og menn gætu aðeins gefist Guði fyrir náð.⁷⁵ „Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggd á verkum, enginn skal geta miklast af því“ (Efesusbréfið 2:8-9).

Lúter hélt því fram að samkvæmt Biblíunni væru yfirvöldin komin frá Guði og því þyrfti að sýna þeim virðingu og hlýðni. Lúter setti einnig fram „*tveggja ríkja kenninguna*“. Samkvæmt henni eru þjóðirnar undir andlegri og veraldlegri stjórn. Hin andlega stjórn á að byggjast á orði Guðs og leiðsögn heilags anda. Hin veraldlega stjórn byggist á stjórn konunga, prinssa og embættismanna sem ráða í krafti laga og valdbeitingar.

Teningunum kastað

Nú var sýnt orðið, að ekki varð aftur snúið. Lúter hafði alls ekki ætlað sér að segja skilið við kirkjuna eða gera uppreisn gegn henni. Hann réðst upphaflega aðeins gegn sölu aflátsbréfa.



Marteinn Lúter

En nú var auðséð, að hér stefndi til fullra slita með honum og kirkjunni, enda leið ekki á löngu, áður en páfi bannfærði Lúter. Er bannfæringarbréf páfa barst til Wittenberg, kveiktu stúdentarnir bál og brenndu bréfið á því. Þannig svöruðu þeir þeim úrskurði páfa, að öll rit Lúters væru villutrúarrit, sem skyldu brennd á báli.

Teningunum var kastað. Siðbót Lúters var hafin.

Lúter sagði sjálfur, að hann hafi aldrei af ráðnum hug ætlað að verða siðbótarmaður, en hann hlýddi rödd samvisku sinnar og sannfæringu. Hið almenna fylgi, sem skoðanir hans hlutu meðal þjóðarinnar, stappaði einnig í hann stálinu og hvatti hann til að standa fast við skoðanir sínar. Þá varð honum það ómetanlegur styrkur, að Friðrik kjörfursti var eindreginn fylgismaður hans.

Lúter skrifaði mikinn fjölda bæklinga og bóka til skýringar á kenningum sínum og til andsvara gegn árásum andstæðinga sinna.

Lúter fer til Worms

Þegar hér var komið sögu, hafði nýr keisari tekið við völdum í keisaradæminu. *Karl 5.* keisari hafði tekið við ríki. Boðaði hann til ríkisþings í *Worms* árið 1521, þar sem gert skyldi út um mál Lúters. Á því þingi voru andstæðingar Lúters í miklum meirihluta og sendimaður páfa, krafðist þess að Lúter yrði dæmdur villutrúarmaður. En fylgismenn Lúters stóðu fast

⁷⁵ Bók Lúters *Um ánaud viljans* var gefin út á íslensku árið 2003.

saman og kröfðust þess, að hann fengi sjálfur að koma á þingið til að verja málstað sinn. Varð það úr, að Lúter var stefnt til þings og heitið fullum griðum.

Margir vinir hans löttu hann til fararinnar og minntu hann á örlög Jóhanns Húss. En Lúter lét það ekkert á sig fá. Fyrir hans varð líkust sigurför. Hvarvetna sem hann kom, þyrptust menn saman til að sjá þennan hugrakka mann, sem dirfst hafði að rísa upp gegn veldi páfans og kaþólsku kirkjunnar. Andstæðingar hans efndu til margra bókabrenna, þar sem rit Lúters voru brennd. Lúter lét það ekkert á sig fá og sagði: „Þótt þeir kyndi bál milli Wittenberg og Worms svo hátt, að það nái frá jörð til himins, skal ég koma í Drottins nafni og játa Jesú.“

„Hér stend ég, ég get ekki annað“

Koma Lúters til Worms vakti mikla athygli. Var honum stefnt fyrir þingið daginn eftir. Á borði í þingsalnum hafði öllum ritum hans verið komið fyrir. Var honum bent á bækurnar og spurt, hvort hann vildi taka aftur allt það, sem hann hafði skrifað. Lúter bað um frest til næsta dags. Þótti ýmsum hann næsta uppburðarlítill og lágmæltur.

Næsta dag mætti hann aftur frammi fyrir þinginu. Var fjöldi áheyrenda viðstaddur þingfundinn, því að mikill hiti var í mönnum og áhugi á framgangi kærunnar gegn honum. Var hann enn spurður, hvort hann vildi taka aftur það, sem hann hafði skrifað.

Nú var Lúter allur annar en daginn áður. Hann svaraði hátt og skýrt: „Ef ekki er unnt að sannfæra mig með vitnisburði heilagrar ritningar og ljósum rökum, því að ég treysti hvorki



Ríkisþingið í Worms 1521
Málverk eftir Anton von Werner

páfa né kirkjuþingum, þá er ég bundinn af orðum Ritningarinnar og samviska mín skyldar mig til að hlýða Guðs orði. Þess vegna get ég ekki og vil ekki taka nokkuð aftur, því það er hvorki rétt né ráðlegt að breyta móti samvisku sinni. Guð hjálpi mér. Amen.“

Lúter var þá spurður hranalega, hvort hann dirfðist að halda því fram, að kirkjuþingum hefði skjátlást. Hrópaði hann þá: „Hér stend ég, ég get ekki annað.“

Þessi stutta ræða Lúters hafði mikil áhrif.

Vinir hans voru ánægðir með frammistöðu hans, en andstæðingar hans hrópuðu: „Á bálíð með hann.“ Keisarin neitaði þó að ganga á bak orða sinna og rjúfa grið á Lúter. Leyfði hann Lúter að fara burt af þinginu. Þegar keisarin var spurður af hverju hann hefði ekki rofið loforð sitt við Lúter, svaraði hann: „Mig langaði ekki til að roðna eins og Sigismundur forðum, fyrir framan Jóhann Húss.“

Lúter í Wartburg



Wartburgkastali

Lúter hélt þegar heim á leið. Andstæðingar hans neyttu meirihluta síns á þinginu til að dæma hann rétttrúan villutrúarmann. Þótti því nauðsyn til bera, að Lúter færi huldu höfði um hríð. Er hann var á leiðinni til Wittenberg, var ráðist á hann og honum rænt. Voru þar að verki vinir hans, sem vildu koma honum undan ofsóknum kirkjunnar. Fóru þeir með hann til Wartburgkastala.

Í Wartburg dvaldist Lúter í tíu mánuði undir nafninu Georg.

Vann hann þar mikið að ritstörfum. Gerði hann grein fyrir skoðunum sínum og afstöðu til kenninga kirkjunnar. En mikilvægasta verkið, sem hann vann þar að, var þýðing hans á Biblíunni. Lauk hann þýðingu Nýja testamentisins á ellefu vikum. Er það ótrúlegt þrekvirki. Lúter sagði um þýðinguna, að hann hefði neytt Pál postula til að tala þýsku. Síðar þýddi hann alla Biblíuna á þýsku og lagði þar með grundvöllinn að þýsku ritmáli. Þykir þessi biblíuþýðing Lúters frábært afrek.

Fyrst eftir að Lúter fór til Wartburg, héldu margir að hann væri látinn. En brátt sáu menn af ritum þeim, sem frá honum bárust, að hann var enn á lífi og í fullu fjöri. Gladdi það vini hans mjög. Um þetta leyti snérist mikill fjöldi mikilhæfra guðfræðinga til fylgis við Lúter. Studdi það mjög að vexti siðbótarinnar. Frægasti samstarfsmaður Lúters hét *Filippus Melanchton*.

Uppbót í Wittenberg

Þegar Lúters naut ekki lengur við í Wittenberg, fór að bera á ósamkomulagi meðal siðbótarmanna. Komu fram ýmsir, er vildu kollvarpa öllu sem verið hafði og gerbreyta kirkjusiðum. Jafnframt komu til borgarinnar *endurskírendur* (*anabaptistar*) er höfðu aðrar skoðanir á mörgum atriðum en Lúter. Þeir höfnuðu barnaskírn og sökuðu Lúter um að fara málamiðlunarleið í trúarefnum. Sumir hópar ruddust inn í kirkjur og brutu þar myndir og ýmis fræg listaverk. Fékk kjörfurstinn ekki við neitt ráðið.

Þegar Lúter frétti um þessa ókyrrð í Wittenberg, flýtti hann sér þangað til að koma á reglu, þótt ýmsir vinir hans vöruðu hann við að fara, því þeir óttuðust um líf hans. Þegar hann kom til Wittenberg, prédikaði hann fyrir borgarbúum átta daga í röð. Svo mikið var vald hans og áhrif meðal borgarbúa, að á þessum átta dögum tókst honum að koma á kyrrð og ró í borginni.

Hin nýja kirkjuskipan Lúters

Lúter vildi breyta mörgu í ytri siðum kirkjunnar, en hann lét samt ýmislegt sem orkaði tvímælis⁷⁶ kyrrt liggja, ef það bryti ekki beinlínis í bág við rétta kenningu samkvæmt orði Guðs. Lúter hélt til dæmis í barnaskírnina, þótt niðurdýfingarskírn trúaðra væri hin biblíulega skírnaraðferð. Var það m.a. vegna þess að hann taldi börnin ekki hólpín vegna erfðasyndarinnar. Að neita börnum um skírn, vegna þess að þau hefðu ekki getað tekið afstöðu til fagnaðarerindisins, væri ein af birtingarmyndum réttlætningar af verkum.

Helstu breytingar hans voru þessar:

1. Yfirstjórn kirkjunnar var tekin úr höndum páfa og fengin þjóðhöfðingjunum. Var ætlast til að þeir sæju kirkjunni fjárhagslega borgið, verðu hana og vernduðu.

2. Klaustur voru lögð niður og munkum og nunnum leyft að ganga í hjónaband. Þjóðhöfðingjarnir fengu eignir klaustranna. Jafnframt var prestum leyft að kvænast. Sjálfur gekk Lúter að eiga konu, sem verið hafði nunna, *Katrínu frá Bóra*.

3. Dýrkun dýrlinga og helgra dóma var afnumin. Kirkjur siðbótarmanna urðu skrautminni en áður var.

4. Sakramenti kirkjunnar urðu aðeins tvö, eins og verið hafði í fyrstu, skírn og kvöldmáltíð. Í kvöldmáltíðinni var afnumin kenningin um eðlisbreytingu kvöldmáltíðarefnanna, en Lúter kenndi að Jesús Kristur væri sjálfur nálægur í kvöldmáltíðarefnunum. Þá var öllum leyft að bergja á kaleiknum, í stað þess að áður höfðu prestarnir einir haft þennan rétt.

5. Á sjálfri guðþjónustunni varð sú meginbreyting, að hún var miðuð við boðun orðsins. Skyldi hún fara fram á móðurmáli safnaðarins. Jafnframt vildi Lúter fá söfnuðinn til þátttöku í almennum sálmasöng. Í því skyni orti hann marga sálma, sem urðu afar vinsælir og eru sumir sungnir enn í dag. Frægasti sálmur Lúters er: *Vor Guð er borg á bjargi traust*.

Lúter reyndi að koma á fót evangelískri fátækrahjálpi, sem gæti komið í stað klaustranna sem voru afnumin, en sú tilraun náði ekki fótfestu.

⁷⁶ Meðal evangelísk-lúterskra manna missti María mey þann sess sem hún hafði meðal kaþólskra. Siðbótarmenn andmæltu þeirri túlkun að María væri sérstakur talsmaður manna frammi fyrir Guði og voru þar af leiðandi andvígir því að kristið fólk ákallaði Maríu. Lúterskir siðbótarmenn héldu samt í tvær kennisetningar sem kaþólska kirkjan hafði sett fram um Maríu mey. Önnur var þess efnis að María hafi ekki aðeins fætt manninn Jesú Krist, heldur líka Guð í Kristi og sé hún því réttnefnd *Guðs móðir* (gr. *peotokos*). Þessi kennisetning var staðfest á kirkjuþinginu í Efesus árið 431. Hin var þess efnis að María hafi verið meýja fyrir, í og eftir fæðingu Krists, eins og kom fram í ályktun kirkjuþingsins í Konstantínópel árið 553.

Lúter hélt fram kenningunni um *hinn almenna prestdóm*, er gengur út á það að sá sem tekið hefur skír, sé þar með orðinn hluti af hinu „konunglega prestafélagi“ sem Pétur postuli talar um og hver húsráðandi skuli sjá um guðþjónustu á sínu heimili.

Þannig myndaðist ný kirkjudeild, óháð hinni kaþólsku páfakirkju. Hin nýja kirkjudeild hefur síðan oftast verið kennd við siðbótarmanninn og nefnd *Lúterska kirkjan*.

Aukin alþýðmenntun

Jafnframt þessum breytingum á kirkjuskipuninni lét Lúter sig miklu varða skóla- og fræðslumál almennings. Skoraði hann á þjóðhöfðingja að koma á fót skólum, svo að allir þeir, sem hæfileika hefðu, gætu komist til mennta. Hann skildi, að nauðsynlegt var að auka menntun fólks til að efla siðbótina. Fólk varð að læra að lesa, svo að það gæti sjálft lesið í Biblíunni. Jafnframt ritaði Lúter bækur til kennslu í kristnum fræðum. Útbreiddast slíkra rita varð „*Fræðin minni*“, en það er stutt skýring fyrir almenning á boðorðunum, trúarjátningunni, Faðir vor og sakramentunum.

Mótmælendur

Margir af þýsku furstunum, lögleiddu hina nýju kirkjuskipan Lúters í ríkjum sínum. Hinir voru þó fleiri, sem snérust gegn henni og bönnuðu þegnum sínum að aðhyllast kenningar siðbótarinnar. Lúter taldi hins vegar, að hverjum manni ætti að vera frjálst að fylgja sannfæringu sinni í trúarefnum. Árið 1529 var haldið ríkisþing í bænum Speyer. Keisarinn studdi málstað kaþólsku furstanna og vildi útrýma siðbótinni. Fengu kaþólskir menn það samþykkt, að banna skyldi alla boðun Lúterskrar trúar. Því mótmæltu fylgismenn Lúters í sérstöku riti, sem þeir lögðu fram fyrir keisara. Þess vegna hafa Lúterstrúarmenn oft verið nefndir *mótmælendur*, en það heiti hefur einnig verið notað sem samheiti yfir nokkrar aðrar kirkjudeildir siðbótarmanna til viðbótar, eins og Kalvínstrúarmenn, ensku kirkjuna og fleiri.

Bændauppreisnin

Hugmyndir mótmælenda um að breyta valdi kirkjunnar komu af stað róttækum hreyfingum sem vildu einnig sjá breytingar á skipulagi samfélagsins, ekki síst meðal fátækra bænda sem voru undir yfirstéttina settir. Á árunum 1524–1525 hófu bændur í Suður-Þýskalandi uppreisn og settu fram kröfugerð í 12 greinum. Kröfðust þeir m.a. að fá að kjósa sína eigin presta, söfnuðir fengju yfirráð yfir tíundinni og áttahagafjötrar væru afnumdir (bændur máttu ekki skipta um búsetu nema með leyfi landsdrottins). Einnig að dregið skyldi úr kvaðavinnu (skylduvinna um tiltekinn tíma) og jarðarafgjöld (greiðsla leiguliða fyrir ábúð á jörð) lækkuð. Aðallinn brást illa við og á skammri stundu logaði suðurhluti landsins í átökum. Uppreisnarmenn töldu að Lúter myndi styðja þá. Lúter hafði í upphafi samúð með bændum en snérist síðan gegn þeim og fylgdi málstað aðalsmanna og þjóðhöfðingja, til að tryggja framgang siðbótarinnar. Eftir mikil átök var uppreisnin brotin á bak aftur og féllu um 100.000 manns í þessu stríði. Uppreisnarmenn töldu sig svikna af siðbótarmönnum og snéru flestir aftur til kaþólskrar trúar en aðrir gengu til liðs við endurskírendur.

Ríkisþingið í Ágsborg

Karl keisari 5. boðaði til ríkisþings í *Ágsborg* (Augsburg) árið 1530. Þar ætlaði hann að reyna að brjóta siðbótina á bak aftur. Allir þjóðhöfðingjar þýsku smáríkjanna voru boðaðir til þings. Þar áttu þeir að gera grein fyrir trúarskoðunum sínum.

Lúter gat ekki sjálfur komið á þetta þing, því að hann var dæmdur villutrúarmaður. Melanchton var því foringi Lúterskra manna þar. Samdi hann og lagði fram trúarjátningu þeirra, sem síðan hefur verið nefnd *Ágsborgarjátningin*. Gerði hann þar grein fyrir höfuðatriðum trúarinnar og reyndi að ná samkomulagi við kaþólsku kirkjuna, ef það mætti takast, án þess að gefa nokkuð eftir af hinni Lútersku kenningu.

Ekkert dró þó saman með deiluaðilum. Keisari lét semja svar við játningu siðbótarmanna og kvað síðan upp þann úrskurð, að játningar þeirra væru hraktar, þótt svo væri alls ekki. Skipaði hann öllum að hverfa til kaþólsku kirkjunnar eða vera gerðir útlægir ella.

Bandalag Lúterskra þjóðhöfðingja

Siðbótarmennirnir vildu auðvitað ekki una þessum úrskurði og héldu þegar burt af þinginu. Var búist við, að nú mundi verða látið til skarar skríða gegn siðbótinni. Lútersku þjóðhöfðingjarnir stofnuðu því til varnarbandalags⁷⁷ sín á milli og bjuggust til að verja trú sína með vopnum. Karl keisari sigraði bandalag mótmælenda, í stríði á árunum 1546–47.

Árið 1551 gerðu mótmælendafurstar bandalag við Frakka og neyddist Karl til að láta undan kröfum mótmælenda með *Ágsborgarfriðnum* árið 1555, þar sem þjóðhöfðingjum þýsku ríkjanna var það í sjálfs vald sett, hvort þeir fylgdu mótmælendum eða kaþólskum. Ef þegnarnir voru ósáttir við trú þjóðhöfðingjans, máttu þeir flytja úr landi.

Ævilok Lúters

Á efri árum, gerðist Lúter nokkuð óbilgjarn í skoðunum gagnvart þeim sem voru honum ósammála. Ritaði hann m.a. tvö fræg ádeilurit. Í öðru þeirra fordæmdi hann Gyðinga, en í hinu páfann.

Lúter andaðist hinn 18. febrúar árið 1546 í fæðingarbæ sínum, Eisleben.

Er hann fann, að dauðinn nálgaðist, sagði hann: „Í þína hönd fel ég anda minn og þú munt frelsa mig, Drottinn þú trúfasti Guð.“ Einn vina hans spurði hann þá, hvort hann héldi enn fast við kenningar sínar við dyr dauðans. Lúter svaraði hiklaust: „Já.“ Var það síðasta orð hans, áður en hann andaðist.

Siðbótin í Sviss

Lúter var ekki eini siðbótarmaðurinn. Suður í Sviss hafði komið fram maður, sem reis upp gegn kenningum kaþólsku kirkjunnar um svipað leyti og Lúter. Hét hann *Ulrich Zwingli*. Siðbót hans breiddist út um mikinn hluta Sviss þrátt fyrir andstöðu kirkjunnar. Zwingli og Lúter voru að nokkru leyti sammála um þær breytingar sem gera þyrfti á kenningum og kirkjustarfi, en þó bar töluvert á milli. Zwingli var mun róttækari í breytingum sínum og hélt sig mun fastar við bókstaf Biblíunnar. Hann reyndi að nema burt úr kirkjustarfinu það sem ekki var skipað í Biblíunni. Guðþjónustan mátti ekki vera neitt annað en lestur Biblíunnar, prédikun og bæn. Samt var haldið í barnaskírtnina og barist gegn endurskírendum, sem vildu taka upp niðurdýfingarskírtn trúaðra eins og tíðkaðist í frumkirkjunni.

Zwingli lagði áherslu á eftirfarandi tíu atriði:

1. Að Kristin kirkja, hafi aðeins eitt höfuð, sem er Jesús Kristur. Kirkjan sé fólk sem hafi fæðst af Orðinu, lifi fyrir Krist og hlusti ekki á rödd ókunnugra.
2. Að þessi kirkja leggi ekki byrðar á samvisku fólks, án þess að slíkt sé í samræmi við orð Guðs.
3. Að í Kristi einum sé bæði réttlæti okkar og endurlausn og að treysta á eitthvað annað jafngildi því að hafna Kristi.
4. Að ekki sé hægt að sanna út frá heilagri Ritningu, að líkami og blóð Jesú Krists, séu efnislega til staðar í brauðinu og víninu við heilaga kvöldmáltíð. Kvöldmáltíðin sé eingöngu helgithöfn.
5. Að hin kaþólska messa, þar sem Kristur er borinn fram fyrir Guð sem syndaförn fyrir syndir lifenda og dauðra sé andstæð heilagri Ritningu og vanvirðing gagnvart förnardauða Jesú Krists.
6. Að kristnir menn eigi ekki að biðja til dauðra milliliða eða fyrirbiðjenda, heldur aðeins til Jesú Krists.
7. Að ekki sé hægt að finna í heilagri Ritningu neitt sem staðfesti hreinsunareldinn.
8. Að setja upp myndir og dýrka þær, sé andstætt Biblíunni og þær beri að eyðileggja, ef hætta er á dýrkun þeirra.
9. Að hjónaband sé leyfilegt bæði leikmönnum og klerkum.
10. Að það sé skaðlegt fyrir verk Guðs ef þjónar kirkjunnar lifi syndugu og skammarlegu lífi.

⁷⁷ Þessu bandalagi var komið á fót í febrúar árið 1531 í bænum Schmalkalden í Þýringalandi (*Thüringen*) og var það kallað *Schmalkaldenbandalagið*.

Zwingli var herskár og lenti oft í bardögum við kaþólska menn. Féll hann að lokum í orrustu.

Jóhann Kalvín og siðbót hans

Nokkru síðar kom fram siðbótarmaður frá Frakklandi, *Jóhann Kalvín* að nafni. Kalvín hafði kynnst kenningum Zwingli og hrifist af þeim. Kalvín varð landflótti vegna kenninga sinna og settist að í Genf í Sviss árið 1541. Kalvín samdi löng guðfræðirit, þar sem hann útskýrir kenningar sínar. Guðshugmynd Kalvíns er mótuð af hátign Guðs og ströngum heilagleika. Guð er almáttugur og alvitur. Lögmálið er opinberun vilja hans og það er allt í gildi.



Jóhann Kalvín

Fagnaðarerindið er framhald lögmálsins, en nemur það hvergi úr gildi. Ritningin er öll jafngild. Hún er skýr, ótvíræð og algild lögbók. Einhver frægasta kenning Kalvíns, er kenning hans um *fyrirhugunina*. Guð hlaut, að skoðun Kalvíns að hafa vitað, áður en hann skapaði manninn hvernig fara mundi og hverjir mundu öðlast eilíft líf. Samkvæmt kenningum Kalvíns hlýtur fyrirhugunin einnig að hafa náð til sjálfs syndafallsins. Hlutverk kirkjunnar er að sjá til þess að ríki Guðs komi hér á jörðu. Undir forystu Kalvíns, breiddist siðbótin frá Sviss til annarra landa. Kirkjudeild sú, sem runnin er frá svissnesku siðbótinni, er kennd við nafn hans og

kölluð *Kalvínska kirkjan*. Meðal Kalvínstrúarmanna var kirkjunni stjórnað af safnaðaröldungum, en ekki þjóðhöfðingjum eins og meðal Lúterstrúarmanna. Kalvín barðist enn harðar en Lúter gegn öllu því, sem honum fannst minna á dyrkun dýrlinga og helgra dóma. Skraut var gert útlægt úr kirkjunum, því Kalvín þótti allt slíkt minna á skurðgoðadyrkun. Guðþjónustan var gerð mjög einföld. Bæði Zwingli og Kalvín héldu því fram að kvöldmáltíðin væri eingöngu minningarathöfn. Kalvín hélt því einnig fram að kvöldmáltíðin væri jarðneskur forsmekkur hinnar himnesku brúðkaupsveislu. Kalvín fordæmdi veraldlegar skemmtanir, eins og dans, spil og leikhús. Einstaklingarnir ættu hins vegar að vera iðjúsamir og ástunda sparsemi. Kalvín var ekki hrifinn af jólum og jólahaldi. Hann taldi þessa hátíð eitt af uppátækjum kaþólsku kirkjunnar, sem ekki ætti sér stoð í Biblíunni. Hver söfnuður ætti að ráða því hvort haldið væri upp á jól.

Kalvínstrú breiddist út um Sviss, Ungverjaland, Holland og England (*púritanar*) og síðar til Bandaríkjanna. Kirkjur þær sem aðhyllast kenningar Zwingli og Kalvíns eru oft nefndar *endurbættar*, *siðbættar* eða „*reformeradar*“ kirkjur.

Galdratrú og galdraofsóknir

Á þessum tímum eykst mjög trú á galdra og gerninga. Árið 1484 gaf *Innocentius 8.* páfi út páfabréf gegn galdramönnum og norðum. Breiddist þetta galdrafár út eins og farsótt. Siðbótarmenn höfðu til að byrja með í öðru að snúast, en galdraofsóknum. Þar kom þó að þessi trú náði fótfestu meðal siðbótarmanna. Vildu Lúterskir menn sýna að þeir væru ekki eftirbátar annarra í þessari baráttu gegn Satan og illþýði hans. Kom þar einkum til hræðsla við villulærdóma, sem varð loks að ofsóknaræði. Á þessum tíma, var mönnum illa við alla aðra fræðslu, en trúarlega. Sérstaklega þóttu náttúruvísindin varhugaverð. Þar væri hætta á að út úr fræðagrufli, þá gæfu menn sig vondum verum á vald og gerðust galdramenn. Galdrahræðslan greip svo um sig, að gekk nærri vitfirringu. Voru þeir menn, sem galdraorð hvíldi á, miskunnarlaust dregnir fyrir lög og dóm og brenndir á báli.

Galdraofsóknirnar eru einn ljótasti bletturinn á allri sögu Norðurlálfunnar.

Siðbótin eftir daga Lúters

Lúter reyndist sannspár þegar hann sagði: „Meðan ég lifi verður þolanlega friðsælt og engin sérstök hætta hjá Þjóðverjum, ef Guð lofar, en þegar ég er farinn, þá þurfið þið að biðja. Þá verður sannarlega þörf á bænum og börn okkar munu þurfa að taka upp spjót sín, svo alvarlegt verður ástandið.“

Eftir daga Lúters kom til vopnaviðskipta milli Lúterskra manna og kaþólskra. Ætlaði Þýskalandskeisari þá að útrýma siðbótinni, en sú tilraun mistókst. Vestur-Evrópa var samt

meira og minna undirlögð af trúarstýrjöldum⁷⁸ fram undir miðja sautjándu öld. Biðu þýsku ríkin af þeim mikinn hnekki, en framgangur siðbótarinnar var tryggður.

Mótmælendur lögðu áherslu á að Biblían hefði úrslitavaldið, varðandi trú þeirra, en mikið vantaði á að menn væru sammála um hvernig ætti að túlka orð Biblíunnar. Þetta leiddi til þess að kristnum trúarhreyfingum fjölgaði hratt.

Á þessum tíma ríkti á Englandi *Hinrik konungur 8.* Hann var mikill andstæðingur siðbótarinnar og sæmdi páfi hann heiðursnafninu „verndari trúarinnar“, sem Englandskonungar bera síðan. Hinrik vildi láta kirkjuna ógilda hjónaband sitt við *Katrínu af Aragón*. Hinrik vildi eignast son sem ríkisarfa, til að tryggja erfðaröðina, en þeim hjónum gekk erfiðlega að eignast fleiri börn. Páfi stóð gegn þessum fyrirætlunum konungs því Katrín var frænka Karls 5. keisara, sem páfinn vildi ekki styggja. Endaði með því, að konungur tók í sínar hendur æðstu völd yfir ensku kirkjunni. Páfi bannfærði Hinrik, en þjóðin fylgdi konungi að málum og var bannið því áhrifalaust. Hinrik var fjarri því að vilja koma á breytingu í anda siðbótarinnar. Kirkjan átti að vera kaþólsk ríkiskirkja og lét hann ofsækja þá, sem héldu fram skoðunum siðbótarmanna.⁷⁹

Eftir dauða Hinriks konungs, hófst siðbótarstarf í ensku kirkjunni, sem var undir áhrifum frá kenningum Lúters og Kalvíns. Sonur Hinriks og þriðju eiginkonu hans, *Játvarður 6.* varð konungur en andaðist aðeins 16 ára gamall. Þá tók *María 1.* dóttir Hinriks og Katrínar við krúnunni, en hún vildi snúa landsmönnum til kaþólskrar trúar. Hún fékk viðurnefnið „blóð María“ eftir að hún lét taka 283 leiðtoga mótmælenda af lífi, þeirra á meðal erkibiskupinn af Kantaraborg, *Tómas Cranmer*. Það var síðan *Elísabet 1.* drottning, dóttir Hinriks og *Önnu Boleyn*, sem kom Englandi á millivegin, milli kaþólskra og mótmælenda. Á síðari hluta 16. aldar og fram á miðja 17. öld, stóð mikil barátta í landinu milli hinna kaþólsku og ýmissa flokka Kalvínsinna, sem aðhylltust hreintrúarstefnu (*púritanisma*). Hreintrúarmenn vildu losa ensku kirkjuna við kaþólsk áhrif. Hluti þeirra vildi auka sjálfstæði safnaðanna, (*safnaðarstefna, congregationalismi*). Í þeirra augum átti hver söfnuður að vera fullkomlega sjálfstæður. „*Independentar*“, þ.e. hinir óháðu, kölluðust harðsnúnustu Kalvínsinnarnir. Þeir vildu engri yfirstjórn lúta, hvorki páfa, biskupum né prestaráðum og jafnframt aðskilja ríki og kirkju. Sættu þeir miklum ofsóknum, einkum á valdatíma *Jakobs I, konungs*. Áttu þeir helst griðastað í Hollandi. Árið 1620 sigldi hópur þessa fólks til Norður–Ameríku. Þessir landnemar hafa síðan verið kallaðir *pílagrímafeður*.



Pílagrímafeður koma á land í Ameríku
Málverk eftir Edward P. Moran

Allmargir siðbótarmenn höfðu flúið ofsóknir í Englandi og flutt til Sviss. Þar unnu þeir m.a. að þýðingu á Biblíunni á ensku sem fékk nafnið Genfarbiblían. Genfarbiblían var gefin út í Skotlandi árið 1560. *Jakob I* vildi koma á einveldi í Englandi (eins og í Frakklandi og á Spáni), í stað þess að konungurinn stjórnaði landinu í samstarfi við þingið. Jakob konungi líkaði illa vaxandi útbreiðsla Genfarbiblíunnar, því á spássíum Biblíunnar voru útskýringar samkvæmt kalvínskri biblíutúlkun, er gerðu m.a. lítið úr guðlegum rétti konunga til valda. Jakob lét hefja vinnu við nýja þýðingu Biblíunnar á

⁷⁸ Þrjátíu ára stríðið var röð styrjalda sem háðar voru í þýsku ríkjum á árunum 1618 til 1648. Þegar styrjöldunum lauk, var ljóst að mótmælendur í norðurríkjunum og kaþólskir í suðurríkjunum gætu ekki ráðið niðurlögum hvors annars, en átökin og plágur sem þeim fylgdu lögðu mörg héruð því sem næst í auðn.

⁷⁹ William Tyndale þýddi Nýja testamentið á enska tungu og var það gefið út í Köln árið 1525 og smyglað til Englands. Kaþólska kirkjan fordæmdi þýðinguna og Hinrik 8. konungur lét taka Tyndale af lífi árið 1536 fyrir villutrú, en þá hafði nokkur þúsund eintökum af þýðingu hans verið dreift um allt England. Þegar átti að taka Tyndale af lífi bað hann þessarar bænar: „Drottinn, opnaðu augu konungsins.“ Er Hinrik 8. lét síðan gefa út Biblíuna á ensku árið 1539, byggðist sú þýðing að miklu leyti á vinnu Tyndale. Tyndale hafði sannarlega verið bænheyrður.

ensku. Tæplega 50 þýðendur voru fengnir til verksins árið 1604 og kom þessi þýðing fyrst út árið 1611. Hefur biblíuþýðing Jakobs konungs verið talin meðal helstu meistaraverka á enskri tungu og er hún enn mikið notuð meðal enskumælandi þjóða. Þessi þýðing hefur oft verið höfð til hliðsjónar þegar Biblían hefur verið þýdd á önnur tungumál. (Í þessari þýðingu var YHWH umritað yfir í Iehouah eða Iehovah á nokkrum stöðum en oftast þýtt með LORD.) Nokkrum áratugum síðar kom fram predikari og rithöfundur meðal púritana sem hét *John Bunyan* (1628–1688). Árið 1653 tók hann niðurdýfingarskírni hjá baptistum. Bunyan skrifaði frægustu kristilegu skáldsögu sem um getur, meðan hann var í fangelsi fyrir að predika án leyfis frá yfirvöldum. Bókin heitir „*The Pilgrim's progress*“ (*För pílagrímsins*) og kom út í endanlegri mynd árið 1678. För pílagrímsins hefur verið þýdd á 200 tungumál og er ein útbreiddasta og mest lesna sögubók allra tíma.⁸⁰

Fjöldi fólks fluttist af trúarástæðum frá Bretlandseyjum til Ameríku. Þótti Englandskonungi *Karli I*, þetta horfa til landauðnar og bannaði flutning fólks af landi brott. Einn af leiðtogum Kalvínssinna (úr flokki „independenta“) sem lenti í þessu banni konungs hét *Oliver Cromwell*. Gerðist hann nú foringi andstæðinga konungs, en þá geisaði borgarastyrjöld í Englandi. Her Cromwells vann að lokum sigur á her konungs. Eftir líflát Karls konungs var stofnað lýðveldi á Englandi. Lýðveldi Cromwells leið undir lok stuttu eftir hans dag.

Allöngu síðar var siðbótinni endanlega komið á í Englandi, þótt margt væri ólíkt með ensku siðbótinni og þeirri Lútersku. Guðþjónustan var áfram viðhafnarmikil og líktist um sumt þeirri kaþólsku. Einnig hélt kirkjan fast við þá skoðun eins og kaþólska kirkjan, að biskupsembættið ætti rætur sínar að rekja til postulanna og sambandið héldist sí og æ, með vígslum biskupa. Aðalsérkenni ensku siðbótarinnar eru hin miklu völd biskupanna. Hefur kirkjan verið nefnd *Anglikanska kirkjan* eða enska biskupakirkjan.

Leiðtogi siðbótarmanna í Skotlandi hét *John Knox*. Hann var undir sterkum áhrifum frá Kalvín og varð skoska siðbótarkirkjan því Kalvínsk kirkja. Siðbótarmenn í Skotlandi áttu í baráttu við konungsvaldið í landinu. *María Stúart* drottning á að hafa sagt: „Ég óttast bænir John Knox meira en alla sameinaða heri Evrópu.“ Hver söfnuður siðbótarmanna var tiltölulega sjálfstæður og stjórnað af presti og safnaðaröldungum.⁸¹ Söfnuðirnir höfðu sameiginleg þing í hverju umdæmi en æðsta valdið í höndum Almenna kirkjuþingsins. Er hið skoska form af Kalvínstrú nefnt öldungakirkjustefna (*presbyterianismi*).

Kalvínstrú á einnig verulegu fylgi að fagna í Wales og á Norður–Írlandi.

Siðbótin á Norðurlöndum

Danir kynntust fljótt siðbót Lúters. Forvígismaður siðbótarinnar þar í landi var munkurinn *Hans Tausen*. Þar sem hann var bæði vel gefinn og námfús, var hann sendur til framhaldsnáms í Saxlandi. Hann dvaldi í Wittenberg um skeið og gerðist þar ákafur fylgismaður siðbótarinnar. Þegar hann kom heim til Danmerkur, tók hann að boða hinn nýja sið. Var hann þá settur í einskonar klausturfangelsi, en hann prédikaði eftir sem áður. Stóð hann innan við gluggann á klefa sínum og prédikaði, en fólkið stóð úti fyrir og hlustaði á boðskapinn. Síðan losnaði hann úr prísundinni og fékk leyfi konungs til að prédika. Breiddist þá hinn ný siður óðfluga út um ríkið. Árið 1536, urðu konungaskipti, er *Kristján 3*. náði völdum eftir þriggja ára stríð (*Greifastríðið*). (Kristján hafði verið viðstaddur ríkisþingið í Worms árið 1521, þegar Marteinn Lúter var kallaður fyrir þingið.) Til að standa undir herkostnaðinum, vildi konungur innheimta sérstakan skatt, en biskupar landsins neituðu því alfarið. Lét konungur þá fangelsa alla biskupana á einum og sama degi (í ágúst 1536) og sleppti þeim ekki þaðan, fyrr en þeir höfðu afsalað sér öllu andlegu og veraldlegu valdi. Á ríkisþingi í Kaupmannahöfn þá um haustið, fékk konungur aðgerðir sínar samþykktar og var Lúterstrú lögtekin í ríkinu. Við það, komust allar eignir kirkjunnar undir konung.

⁸⁰ Séra Oddur V Gíslason þýddi á íslensku og lét gefa För pílagrímsins út í London undir heitinu „Krossgangan, úr þessum heimi til hins ókomna“ á árunum 1864–1865. Eiríkur Magnússon guðfræðingur og bókavörður í Cambridge þýddi För pílagrímsins einnig á íslensku. Var hún gefin út í London árið 1876 og síðan á Íslandi árið 1971.

⁸¹ Öldungur (presbyter). Einstaklingur sem falið er að sinna trúnaðarstörfum í viðkomandi söfnuði.

Á þessum tíma voru Noregur og Ísland hluti af Danaveldi. Norðmenn þekktu lítið til Lúterstrúar, er Kristján 3. settist að völdum og gekk fremur seint að koma siðbótinni á, þar í landi. Almenninnur var fastheldinn á hinn kaþólska sið og mikill skortur var á hæfum Lúterskum kennimönnum. Engin sérstök biblíuþýðing var gerð fyrir Norðmenn, heldur var notast við danska þýðingu, danska sálmaþók og danska presta, sem alþýða manna skildi illa.

Konungur Svía, *Gústaf Vasa*, gaf Lúterskum prestum leyfi til að boða hinn nýja sið í ríki sínu. Jafnhliða var Biblían þýdd á sænska tungu. Árið 1544 lögleiddi ríkisþingið í Vesturási síðan Lúterstrú þar í landi.

Gagnsókn kaþólsku kirkjunnar

Siðbót Lúters breiddist hratt út um flest lönd Evrópu. Varð hún um tíma mjög sterk í Austurríki og á Ítalíu. Í Frakklandi og Hollandi náði siðbót Kalvíns mikilli útbreiðslu. Í Frakklandi voru siðbótarmenn nefndir *húgenottar*. Talið er að siðbótarmenn í Frakklandi hafi verið fjórði hluti þjóðarinnar þegar þeir voru fjölmennastir.

Kaþólskum mönnum var ljóst, að þeim var nauðsyn á að hefja gagnsókn (*gagnsiðbót*) á hendur siðbótinni, ef kaþólska kirkjan átti að halda velli. Var því boðað til kirkjuþings í Trentó á Norður-Ítalíu (1545–1563), þar sem kirkjukenningin var endurskoðuð og dregið úr ýmsu því, sem mestri mótspyrnu hafði valdið. Jafnframt var tekin afstaða til þeirra deiluefna, sem komin voru á dagskrá. Þingið hafnaði því að Biblían væri eina uppspretta hins kristna sannleika. Postularnir hefðu ekki skrásett allt sem Kristur og heilagur andi hefðu kennt þeim. Kirkjan hefði fengið í arf frá frumkirkjunni hefðir og kenningar sem væru ekkert síður innblásnar af Guði en Nýja testamentið. Samkvæmt samþykkt þingsins, lýsti páfi því yfir að Biblían og erfikenning kirkjunnar séu jafnvægar undirstöður trúar og kenningar. Kenningu Lúters um réttlætingu af trú, var vísað á bug, svo og kvöldmáltíðarlærdómi hans. Þá stuðlaði Trentóþingið að eflingu rannsóknardómstóla, er skyldu komast fyrir villukenningar. Einnig átti að leita vandlega að ritum sem kirkjan taldi villutrúarrit og brenna þau.

Á þessum árum var stofnuð ný munkaregla, *Jesúítar* eða Kristsmunkar. Stofnandi hennar var spænskur aðalsmaður *Ignatius Loyola* að nafni. Kjörorð hans var: „Biddu eins og líf þitt og framtíð byggist algjörlega á Guði, en starfaðu eins og hjálpræði þitt sé á þína eigin ábyrgð.“ Loyola hélt því fram að leiðin í átt að andlegri fullkomnum, fæli í sér að granskoða samviskuna og gera iðrun þar sem þess væri þörf. Að því loknu ættu kristnir menn ekki að vera sér meðvitandi um synd. Með réttri beitingu ímyndunaraflsins væri hægt að efla viljastyrk mannsins og gera hann undirgefinn Guði. Hann hélt því einnig fram að sjúkdómar, hungur og þjáning kæmi frá hinum vonða og kristnir menn væru beinlínis kallaðir til þess að bæta úr slíku ástandi.

Eitt helsta markmið reglunnar var að endurreisa völd og áhrif kaþólsku kirkjunnar. Kaþólska kirkjan notaði einkum Jesúítapresta til að berjast gegn siðbótinni. Tókst þeim að brjóta siðbótina á bak aftur í mörgum löndum, þar sem hún hafði náð mikilli útbreiðslu, t.d. á Spáni, Ítalíu, Frakklandi, Póllandi og víða í Suður-Þýskalandi. Upphaflega var reglan trúboðsregla, en síðar helgaði hún sig einnig uppfræðslu og prédikun. Til að verða Jesúíti þurfti tíu ára þjálfun í einum af þeim skólum, sem reglan setti á laggirnar. Gátu Jesúítar sér mikið orð sem lærdómsmenn og kennarar. Reglan beitti afli sínu mjög að uppeldismálum og stofnaði skóla víða um lönd. Einnig beittu Jesúítar sér fyrir víðtæku heiðingjatrúboði. Einn ötulasti trúboði Jesúítareglunnar var *Francis Xavier*. Hann lagði grunn að trúboði Jesúíta í Indlandi, Malajalöndum og Japan. Mestum árangri náðu Jesúítar í Suður-Ameríku, en þar náðu þeir völdum í ríkinu Paraguay í byrjun 17. aldar og stjórnuðu landinu langt fram á 18. öld.

Árið 1562 hófust innanlandsátök í Frakklandi, milli siðbótarmanna og kaþólskra. Ófriðurinn náði hámarki á Bartólómeusmessu, 24. ágúst árið 1572, þegar talið er að 30 til 70 þúsund siðbótarmenn hafi verið drepnir. Talið er að á 17. öld og á fyrri hluta 18. aldar hafi um hálf milljón siðbótarmanna flúið frá Frakklandi.

Spánverjar sendu flotann ósigrandi til Englands í maí árið 1588, til að koma þar aftur á kaþólskri trú. Árás ensks orrustuskipis olli því að innrásin fór út um þúfur og hinn mikli floti, ýmist strandaði eða tvístraðist í óvenjulegu ofviðri. Elísabet I drottning lét slá minnispeninga

til minningar um atburðinn. Á einn þeirra er letrað á latínu: „*Flavit Jehovah et Dissipati Sunt*“ sem þýðir; „Jehóva blés og þeir tvístruðust“.

Trúardeilur og ófriður í Evrópu á 17. öld hafði þau áhrif, að fjölmargir Evrópubúar brugðu á það ráð að leita trúfrelsis í Ameríku, eins og áður er getið.

Arminiusarstefna

Jacobus Arminius var hollenskur guðfræðingur. Árið 1603 varð hann prófessor í guðfræði við háskólann í Leyden í Hollandi. Arminius snérist gegn sumum kenningum Kalvínsku kirkjunnar, einkum fyrirhugunarkenningunni. Arminius hélt því fram að maðurinn hefði frjálstan vilja og gæti því ákveðið að þiggja eða hafna náð Guðs. Arminius hafnaði því að fyrirhugun Guðs væri skilyrðislaus. Guð hefði útvalið þá sem hann vissi fyrirfram að myndu eignast trúna.

Aðalatriðin í kenningum Arminiusar má draga saman í 7 liði:

1. Menn geta ekki eignast hjálpræði af sjálfsdáðum.
2. Menn eignast hjálpræðið aðeins fyrir náð Guðs.
3. Menn réttætast ekki af verkum.
4. Trú á Jesú Krist er skilyrði fyrir náðarútförningu.
5. Friðþægingarverk Jesú Krists, var fyrir alla menn.
6. Guð leyfir þeim sem trúa ekki, að standa gegn náðinni.
7. Menn geta glatað hjálpræði sínu, því skilyrði fyrir hjálpræðinu er að eiga trú á frelsarann.

Frægasti fylgismaður kenninga Arminiusar, var John Wesley frumkvöðull meþódismans. Kenningar Arminiusar um almennan hjálpræðisvilja Guðs, hafa verið útfærðar á ýmsa vegu og náð mikilli útbreiðslu í mörgum kirkjudeildum mótmælenda, einkum á 19. og 20. öld.

Jansenistar

Snemma á 17. öld, kom fram stefna meðal kaþólskra, sem nefndist *Jansenismi* og olli talsverðum deilum. Stefnan er kennd við flæmskan guðfræðing, *Cornelius Jansen*, en hann hélt fram svipuðum kenningum og Kalvínstrúarmenn um náðarútförningu Guðs og vilji mannsins væri því ekki frjálst að þessu leyti. Byggði hann þessar kenningar einkum á ritum Ágústínusar kirkjuföður. Segja má að Jansenismi hafi verið kaþólsk hliðstæða *píetisma* sem síðar verður fjallað um. Jansenismi náði um hríð talsverðri útbreiðslu í Frakklandi og á Niðurlöndum. Var franskur stærðfræðingurinn og heimspekingurinn *Blaise Pascal* einn af leiðtogum Jansenista. Einkum voru það Kristsmunkar, sem réðust af hörku gegn Jansenistum og héldu fram kenningunni um frelsi viljans (*indeterminismi*). Hreyfing Jansenista lognaðist smám saman út af, en þó eru enn til söfnuðir þeirra í Hollandi.

Staðgengilsguðfræði og gyðingahatur

Kirkjuféðurnir töldu flestir að eyðing Jerúsalem árið 70 og brottrekstur Gyðinga frá hluta Júdeu árið 135 væri merki þess að Guð hefði sett Ísraelsþjóðina til hliðar og kirkjan hefði tekið við hlutverki hennar. Klemens frá Alexandríu ritaði: Ísrael „hafnaði Drottinn“ og „fyrirgerði þar með hlutverki sínu sem hið sanna Ísrael.“ Tertúllíanus lýsti því yfir að „Ísrael er fraskilinn“ frá Guði. Órígenes sagði að „Ísraelsmenn hefðu verið yfirgefnir vegna synda sinna.“ Ágústínus kirkjufaðir og *Cassiodorus* segja frá því að á þessum tíma hafi einnig verið útbreidd sú skoðun, að við endalokin, þegar hinir útvöldu meðal heiðingjanna væru komnir inn í Guðs ríkið, myndi Guð snúa sér aftur að Ísraelsþjóðinni. Ritningarnar, eins og Sakaríja 12. kafli, Malakí 4. kafli og Rómverjabréfið 11. kafli, bentu ótvírætt til þess að hið sanna Ísrael meðal þjóðarinnar myndi að lokum taka við Jesú Kristi sem Messíasi.

Ágústínus lagði grunninn að staðgengilsguðfræðinni í upphafi 5. aldar e.Kr. Staðgengilsguðfræðin varð einn af hyrningarsteinum rómversk-kaþólskrar guðfræði. Þegar kirkjudeildunum fjölgaði, tóku þær hana upp hver af annarri t.d. rétttrúnaðarkirkjan, mótmælendur og enska kirkjan.

Staðgengilsguðfræðin (*supersessionismi*) snýst um þá kenningu að hinn nýi sáttmáli, komi í grundvallaratriðum í stað lögmálsins sem Ísraelsþjóðinni var gefið á Sínaí. Kjarninn í þessari guðfræði er að kirkjan eða kristindómurinn hafi tekið við þeim fyrirheitum og því hlutverki sem Ísrael er fengið í Biblíunni. Ágústínus ritaði: „Þvert á móti er kristið fólk Ísrael.“ Ágústínus hélt því fram að Gyðingar og gyðingdómur hefðu nú það hlutverk að vera vitnisburður um áreiðanleika Gamla testamentisins og sönnun fyrir því að kristnir menn hefðu ekki búið til fyrirheitin um Messías.

Annað afbrigði af staðgengilsguðfræði gengur út á það að kirkjan hafi tekið við hinu andlega hlutverki Ísraelsþjóðarinnar, því hið jarðneska Ísrael hafi lokið sínu hlutverki með dauða Jesú Krists. Kirkjan sé hluti af uppfyllingu fyrirheitanna og framhald á því hlutverki sem Ísraelsþjóðin hafði í áætlun Guðs. Hugmyndina að kirkjan sé hið andlega Ísrael í dag, er einnig að finna í svokallaðri sáttmálaguðfræði (*covenant theology*).⁸²

Þegar á 2. og 3. öld e.Kr., var farið að bera á andgyðinglegum viðhorfum í kristnum söfnuðum. Þegar tímar liðu varð sú skoðun útbreidd í kirkjunni að Gyðingar eigi sér enga framtíð, nema þeir geri iðrun og taki trú á Jesú Krist. Á fjórðu öldinni breyttist viðhorf kirkjunnar til Gyðinga úr vanþóknun yfir í hatur og ofsóknir.

Staðgengilsguðfræðin hefur verið notuð til að réttlæta mismunun og ofsóknir gegn Gyðingum allar götur síðan. Til að réttlæta andgyðinglega afstöðu sína, fóru kristnir guðfræðingar m.a. að kenna að dauði Krists væri á ábyrgð Gyðinga einna og þeir væru því sekir um glæp glæpanna — *Guðsmorð*. Gyðingar hefðu kallað yfir sig bölvun, þegar Pílatús gaf þeim kost á velja milli Barabbas og Jesú, með því að velja að Jesús yrði líflátinn og segja: „*Komi blóð hans yfir oss og yfir börn vor!*“ Þeir hefðu verið merktir líkt og Kain til þess að vera landflótta og flakkandi á jörðinni.

Til að refsa Gyðingum fyrir hlutdeild sína í morðinu á Kristi, hefndu krossfararnir sín grimmilega á Gyðingum sem bjuggu í Evrópu og Landinu helga. Gyðingar voru reknir frá Englandi árið 1290, frá Frakklandi árið 1306, frá Spáni árið 1492, frá Portúgal árið 1496 og þannig mætti lengi telja. Í gegnum aldirnar hafa fjölmargir Gyðingar tekið kristna trú til að bjarga lífinu en aðrir hafa neitað og látið lífið fyrir trú sína.

Á síðari hluta 19. aldar varð mikil aukning á ofsóknum gegn Gyðingum í Austur-Evrópu, einkum í Rússlandi og Úkraínu. Í Rússnesku er sérstakt hugtak *progrom*, notað yfir gyðingaofsóknir. Í framhaldi af þessu flúðu margir Gyðingar frá Evrópu til Ameríku.

Gyðingahatrið náði hámarki í síðari heimsstyrjöldinni (1939 – 1945), þegar þjóðernissósíalistar (nasistar) í Þýskalandi undir forystu *Adolfs Hitler* framkvæmdu skipulagða útrýmingarherferð gegn Gyðingum, sem kölluð hefur verið *helförin* (*holocaust*).⁸³

Nasistar aðhylltust kenningar *Friedrich Nietzsche* um yfirburðamenn (*übermensch*), sem ættu að ráða og ríkjast í krafti yfirburða sinna. Einnig tóku þeir upp kenningar *Houston Stewart Chamberlain* sem var mjög andsnúinn Gyðingum. Hann taldi að germanskar þjóðir Norður-Evrópu væru af indó-evrópskum uppruna og þær gætu rakið ættir sínar til þjóðflokks *Aría*, sem hefði verið yfirburðarþjóðflokkur. Nasistar héldu því fram að þann 1. september 1939 hæfist nýtt tímabil í sögunni. Þessi tímamót áttu að vera upphafið að nýju arísku kynþáttahreinu þúsund ára ríki nasismans.

⁸² Í sáttmálaguðfræði er Biblían túlkuð út frá ákvæðum þess sáttmála milli Guðs og manna, sem er í gildi á hverju tímaskeiði. Fyrsti sáttmálinn er fyrir upphaf hinnar jarðnesku sköpunar, *sáttmáli endurlausnarinnar*, þar sem Guð ákvað fyrirfram að gefa ákveðnum hópi einstaklinga endurlausn frá synd heimsins með því að útvelja þá og frelsa. Biblíunni er síðan skipt í tvo grundvallarsáttmála, *sáttmála verkanna* (fyrir syndafallið) og *sáttmála náðarinnar* (eftir syndafallið).

⁸³ Þess má geta hér að Íslendingar tóku hlutfallslega við fæstum flóttamönnum allra Evrópuríkja á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld. Hlutfall brottvísana virðist einnig hafa verið langsamlega hæst. Íslensk stjórnvöld ráku a.m.k. 20 Gyðinga úr landi. Einnig höfðu dönsk sendiráð fjölda umsókna frá Gyðingum um dvalarleyfi á Íslandi, samkvæmt fyrirmælum íslenskra yfirvalda.

Áætlun nasista um þjóðarmorð á kynþætti Gyðinga hét: *Lokalausnin á gyðingavandanum* (*Die Endlösung der Judenfrage*). Gyðingar voru pyntaðir og teknir af lífi á kerfisbundinn hátt. Þegar stríðinu lauk, höfðu sex milljónir Gyðinga verið drepnir, meirihlutinn í sérstökum útrýmingarþáttum nasista. Þótt nokkuð væri um að kirkjuleiðtogar í Evrópu fordæmdu aðgerðir nasista gegn Gyðingum, var almenningur áhugalaus um málið eða hlynntur ofsóknunum. Nasistar gátu því framkvæmt útrýmingarherferð sína gegn Gyðingum, án mikillar andspyrnu.



Ráðstefna 'Glaubensbewegung Deutsche Christen' samtakanna í nóvember 1933. Þessi kirkjusamtök mótmælenda studdu andgyðinglega stefnu nasista.

Kirkjan á síðari öldum

Veraldlegt vald kirkjunnar minnkar

Eftir siðbót verður mikil breyting á sögu kirkjunnar. Hið veraldlega vald hennar er miklu minna en áður var, bæði hjá Lúterskum og kaþólskum. Saga kirkjunnar er því ekki í sama mæli og áður veraldarsaga um átök kirkjuvalds og veraldlegs valds, styrjaldir og valdabaráttu. Kirkjusagan verður nú meira frásögn af starfi innan kirkjunnar.

Árið 1846 tók Píus 9. við páfadómi. Árið 1848 skulu boðaföll febrúarbyltingarinnar á mörgum ríkjum og var páfaríkið þar á meðal. Píus var í byrjun frjálslundur í skoðunum, en þegar allt fór í uppnám og hann varð að flýja Róm um tíma, snéri hann við blaðinu. Lét hann bæta við nýjum trúgreinum hjá kaþólskum. Árið 1854 var með páfabréfi gert að trúgrein, að María mey⁸⁴ hafi verið getin án erfðasyndar. Árið 1864 gaf Píus út annað páfabréf og fylgdi því skrá yfir villu- og vantrúarstefnur, sem byltingarhreyfingar í heiminum hafi haft í för með sér. Meðal hinna fordæmdu stefna voru: Algyðistrú, mótmælendastefna, jafnaðarmannastefna, kommúnismi, leynifélög, biblíufélög, skoðanafrelsi, trúarbragðafrelsi, prentfrelsi, afskipti ríkis af kirkjumálum, borgaralegt hjónaband o.fl.

Árið 1869 kvaddi Píus til kirkjuþings í Róm, sem kallað er Vatíkanþingið. Á þessu þingi, árið 1870 var samþykkt trúgrein um óskeikulleika páfans. Er hún í því fólgin, að þegar páfi talar sem hirðir og lærifaðir allra kristinna manna, þá er hann óskeikull og getur enginn haggð úrskurði hans.

Allmargir kaþólskir menn, vildu ekki viðurkenna óskeikulleika páfans og voru þeir nefndir *gamalkaþólskir*. Áttu þeir framan af, einkum fylgi í Þýskalandi. Gamalkaþólskir neita að viðurkenna yfirráð páfans og hafa tekið upp ýmis trúaratriði frá mótmælendum. Hreyfing gamalkaþólskra hefur að miklu leyti lognast út af í Þýskalandi. Enn starfa söfnuðir gamalkaþólskra í Hollandi, en aðrir hafa runnið saman við Jansenista.

Ýmsar stefnur meðal siðbótarmanna

Í lok sextándu aldar hefst það tímabil í sögu Lútersku kirkjunnar, sem nefnt hefur verið *réttrúnaðartímabilið*. Var þá lögð megináhersla á að varðveita hina hreinu og réttu Lútersku kenningu. Lítið var hugsað um líf í guðsótta og góðum siðum, en meira gert úr lærðum ræðum og trúfræði. Þegar tímar liðu fannst mörgum, að kirkjan hefði staðnað í ófrjórri trúfræði á kostnað innilegs trúarlífs. Töldu þeir þörf á trúarvakningu innan kirkjunnar, þar sem lögð væri áhersla á nauðsyn þess, að trúin bæri sýnilega ávexti í lífi hins kristna manns. Þannig myndaðist *heittrúarstefnan* eða *píetisminn*⁸⁵ í lok sautjándu aldar. Náði hún mikilli

⁸⁴ Árið 1950 gaf Píus páfi 12. út páfabréf um að það væri trúaratriði, að María mey hefði við lok jarðvistar sinnar farið beint til himna, eða risið upp frá dauðum. Svipuð kenning, hafði reyndar komið snemma fram í kirkjunni og var hún lýst villutrú af tveimur páfum á 5. og 6. öld, en kenningin var lífseig og hefur alla tíð síðan átt fylgjendur innan kaþólsku kirkjunnar. Hér má geta þess, að Mariudýrkun varð snemma útbreidd í kirkjunni og ýmsar kenningar þar að lútandi, t.d. að hún hefði verið hrein mey alla sína ævi, þrátt fyrir fæðingu Jesú. Systkini Jesú, hefðu verið börn Jósefs af fyrra hjónabandi.

⁸⁵ Helsti frumkvöðull píetismans hét *Phillipp Jakob Spener* (1635-1705) prestur í Frankfurt. Hann tók upp þá stefnu að skipta meðlimum kirkjunnar í tvo hópa, annars vegar þá sem hefðu gefist Kristi heilshugar (eignast persónulegt samfélag við Krist) og hins vegar þá sem voru kristnir að nafninu til. Fyrri hópurinn kom saman á sérstökum samkomum til að lesa Biblíuna og biðja. Árið 1675 gaf Spener út bækling, *Pia Desideria*, sem er eins konar stefnuskrá píetismans. Í þessu riti birtist áhersla á hinn almenna prestdóm, þ.e. á ábyrgð og þátttöku leikmanna og ennfremur að kirkjan byggðist ekki eingöngu á þjónustu guðfræðinga og presta. Spener lagði einnig áherslu á að kristin trú væri ekki kenning heldur líf og trúin fælist ekki aðeins í orðum heldur í raunverulegri kærleikþjónustu. Spener lagði áherslu á að við raunverulega iðrun kæmi endurfæðing, helgun og fullvissa um að vera hólpin, atriði sem marga í hinni Lútersku kirkju virtist skorta. Andstæðingar Speners, sökuðu hann um að ala á ósamkomulagi og úlfúð með því að skipta kirkjunni í tvo flokka, sem ættu takmarkaða samleið.

útbreiðslu í löndum Lúterskra manna. Pietistar lögðu litla áherslu á hin ytri form, allt væri komið undir innilegu trúarlífi og samfélagi við Guð. Mönnum bæri að endurfæðast og verða ný sköpun í Kristi. Þessi stefna gerði skýra aðgreiningu milli trúaðra og vantrúaðra, milli Guðs barna og veraldar barna. Annað hvort væri einstaklingurinn á mjóa veginum, sem liggur til lífsins, eða á breiða veginum sem liggur til glötunar. Pietistar lögðu bæði áherslu á trú og góð verk. Þeir komu á fót mörgum líknarstofnunum, svo sem elliheimilum og hælum fyrir munaðarlaus börn. Þeir höfðu megna óbeit á veraldlegum skemmtunum, eins og vándrykkju og dansi og líktust að þessu leyti Kalvínstrúarmönnum. Heittrúarmenn lögðu mikla áherslu á almennan lestur Biblíunnar. Unnu þeir mjög að útbreiðslu Biblíunnar. Þá stuðluðu þeir að bættri alþýðumenntun og létu taka aftur upp ferminguna. Loks má geta þess, að þeir hvöttu til trúboðs meðal heiðingja. Frá Þýskalandi barst stefnan til Norðurlanda og hafði þar mikil áhrif á fyrri hluta 18. aldar.

Kristján 6. var á þessum tíma konungur Danmerkur, Noregs og Íslands og varð hann fyrir miklum áhrifum af heittrúarstefnunni. Vildi hann gera það sem í hans valdi stóð, til að greiða henni veg með þegnum sínum. Taldi hann að lagaboð gætu komið þar að góðu gagni. Skipaði hann svo fyrir, að hver sá, er ekki vildi sækja guðshús á helgum dögum, skyldi sæta sektum eða vera settur í gapastokk. Sjónleikir, dans og þessháttar gleðskapur var bannaður. Hins vegar fyrirskipaði hann að börn skyldu uppfrædd í Guðs orði og *fermd*, að þeirri fræðslu lokinni. Fermingartilskipunin var gefin út árið 1736.

Bræðrasöfnuðir

Einn af leiðtogum heittrúarmanna var *Zinsendorf greifi*. Zinsendorf fæddist í Dresden í Saxlandi árið 1700. Hann var af aðalsættum og átti að gerast veraldlegur valdsmaður. En hugur hans hneigðist snemma að trúarlegum efnum. Eitt sinn var hann á ferðalagi og kom inn í málverkasafn. Þar sá hann mynd af frelsaranum með þyrnikórónuna. Neðan við myndina voru skráð þessi orð: „Þetta gerði ég fyrir þig. Hvað gerir þú fyrir mig?“ Þessi spurning brenndi sig inn í hug hans og hafði mikil áhrif á hann.



Nikolaus Zinsendorf

Zinsendorf þræði að sameina alla kristna menn án tillits til kirkjudeilda. Árið 1722 komu til hans flóttamenn frá Mæri sem tilheyrðu söfnuðum Bræðralagsins (*Unitas Fratrum*) og höfðu neyðst til að flýja land vegna trúarskoðana sinna. Zinsendorf leyfði þeim að setjast að á landareign sem hann átti í Saxlandi og hét Berthelsdorf. Þar byggðu þeir þorp og stofnuðu söfnuð sama ár, sem hlaut nafnið „*Herrnhut*“ (varðveisla Herrans). Óx hann brátt og varð Zinsendorf leiðtogi hans. Árið 1727 kom mikil vakning heilags anda yfir söfnuðinn með spádómsgáfu, tungutali og gjöf lækningar. Söfnuðurinn tók upp ýmislegt sem sagt er frá í Nýja testamentinu, eins og fótaþvott, bróðurkross og kærleiksmáltíðir. Safnaðarmeðlimir ávarpa hver annan „bróðir“ og „systir“. Söfnuðurinn leitast við að vera eins og ein kristin fjölskylda, þar sem allir reyna að lifa og starfa í kærleika og eindrægni.

Eftirfarandi fimm atriði hafa verið áberandi í starfinu:

1. Komið var á fót bænasamkomu, sem stóð allan sólarhringinn samfelld í 100 ár.
2. Dreifing á ritningarversum til íhugunar fyrir hvern dag ársins (*Daily Watchword*). Þessi listi yfir ritningarvers er endurnýjaður á hverju ári og gefinn út á 50 tungumálum.⁸⁶
3. Sett hafa verið upp 30 samyrkjubú víðs vegar um heiminn, þar sem íbúarnir lifa einföldu lífi.
4. Mikil áhersla á trúboð meðal heiðingja. Á 25 árum sendi Herrnhut söfnuðurinn (sem taldi tæplega 300 sálir) út 100 trúboða. Bar starf þeirra góðan árangur. Sumir seldu sig

⁸⁶ Bræðrasöfnuðir eru einnig taldir brautryðjendur í að prenta til dreifingar nokkur hundruð pappírsmiða með tilvitnun í Biblíuvers á hverjum miða. Þessir miðar hafa hér á landi verið kallaðir *Mannakorn*.

jafnvel í þrældóm, svo þeir gætu náð með fagnaðarerindið til þræla á eyjum í Karíbahafi. Margir þeirra létu líf sitt á kristniboðsákrinum.

5. Komið var á fót mörg hundruð hópum (*diaspora groups*), sem störfuðu innan vébanda hefðbundinna kirkna í Evrópu, til að hvetja fólk til persónulegs trúarlífs svo sem að stunda bænir, tilbeiðslu, biblíulestur, játa syndir sínar og taka virkan þátt í kristilegu starfi.

Bræðrasöfnuðir skíra niðurdýfingarskírnr. Börn eru skírð við 13 ára aldur. Niðurdýfing fer fram þrisvar sinnum, í nafni föður, sonar og heilags anda. Síðan eru lagðar hendur yfir hinn skírða og beðið fyrir honum, að hann fyllist heilögum anda.

Starf og stefna Bræðrasafnaðanna hafði sterk áhrif á ungan prest í ensku kirkjunni, *John Wesley* að nafni, en hann varð síðar leiðtogi trúarvakningar í Bretlandi.

Skynsemistrúin

Upphaf skynsemistrúarinnar (*rationalisma*) var á Englandi. Á 17. og 18. öld tóku miklar uppgötvanir á sviði náttúruvísinda, að hafa áhrif á hugsunarhátt manna. Fóru menn að treysta skynseminni meira en áður og hugsa á annan hátt um lífið og tilveruna. Dæmi um þetta eru rannsóknir stjörnufræðingsins *Galileós Galilei* (1564–1642), sem taldi kenningar annars frægs stjörnufræðings, *Kóperníkusar*, vera réttar, þ.e. að sólin snerist ekki um jörðina, heldur snerist jörðin um sólu. Forysta rómversk kapólsku kirkjunnar fór gegn þessum kenningum og byggði þar ekki síst á kenningum Aristótelesar.

Í Englandi tóku lærðir menn að gagnrýna kenningar kirkjunnar um Guð og manninn, syndina og friðþæginguna. Þeir afneituðu ekki tilveru Guðs og ódauðleik sálarinnar, en Kristur var að þeirra dómi ekki frelsari, aðeins mikill fræðari og fögur fyrirmynd. Skynsemistrúarmenn vefengdu kraftaverkasögur Biblíunnar, eins og raunar flest allt sem þeir gátu ekki skilið eða þreifað á. Skynsemistrúin varð til þess, að fjöldi fólks í Englandi snéri baki við kirkju og kristindómi. Trúin á skynsemina og vísindaleg fræðsla var sett í öndvegi. Frá Englandi barst skynsemistrúin til Frakklands, þar sem hún náði mestri útbreiðslu. Þar risu upp margir heimspekingar og rithöfundar, sem afneituðu kristindómi með öllu. Má þar nefna rithöfundinn *Voltaire*. Í stjórnarbyltingunni miklu, sem hófst árið 1789, var kristin trú afnumin með lögum í Frakklandi og skynsemistrú löggleidd í staðinn. Klaustrunum var lokað og eignir kirkjunnar gerðar upptækar. Kristnar guðþjónustur voru bannaðar og kristið tímatal fellt úr gildi. Var allt gert sem unnt var, til að útrýma kristindóminum, en þær tilraunir mistókust allar. Þó dró mikið úr áhrifum hans, einkum meðal menntamanna. En meðal almennings náði skynsemistrúin aldrei mjög mikilli útbreiðslu. Þegar kemur fram á nítjándu öldina, fer að draga úr áhrifum skynsemistrúarinnar.

Í Frakklandi varð almenningur þreyttur á skynsemisdýrkuninni. Til þess að láta að vilja þjóðarinnar, veitti *Napóleon Bonaparte* henni trúfrelsi og vingaðist við páfakirkjuna og veitti henni fjárhagslegan stuðning, meðan hún var að taka upp starf að nýju.

Á 19. öld urðu miklar deilur um trú og vísindi, sérstaklega eftir að *Charles Darwin* gaf út rit sitt *Um uppruna tegunda*, árið 1859. Við blasti að sköpunarsaga Biblíunnar og þróunarkenningin gætu ekki átt samleið.⁸⁷

Skynsemistrúin hefur átt miklu fylgi að fagna um allan heim allt fram á þennan dag, meðal annars undir merkjum efnishyggju (*materialism*), upplýsingastefnu (*enlightenment*) og manngildishyggju (*humanisma*). Hið lýðræðislega fagnaðarerindi stjórnarbyltingarinnar byggist á því að upphefja manninn í staðinn fyrir Guð. Þessi stefna hefur það markmið að byggja mannlegt þjóðfélag á guðlausri mannhyggju. Biblíuleg siðferðisgildi eiga þá undir högg að sækja. Sannleikurinn felst í vilja meirihlutans og sá ræður sem valdið hefur.

⁸⁷ Prófessor *Harold J. Morowitz* segir í bók sinni *Energy Flow in Biology* (1968), að líkindin til þess að einfaldasta lífvera sem þekkt er í dag (einfrumungur) geti myndast með tilviljanakenndum hætti við bestu hugsanlegar aðstæður í hafsjó af einsykrumum (monomers) sé 1 á móti $10^{340.000.000}$. Einn á móti 340 milljónum! Það er líklegra að það myndist herpota með því að henda sprengju í ruslahaug, en að lífverur myndist af sjálfu sér.

Nýguðfræðin

Þessi nýja guðfræðistefna var svar frjálslyndra guðfræðinga meðal mótmælenda við vaxandi áhrifum skynsemistrúar og upplýsingastefnu innan kirkjunnar. Frumkvöðlar þessarar stefnu voru Þjóðverjar, *Albrecht Benjamin Ritschl* og síðar *Adolf von Harnack*. Reyndu menn að beita rökfræði og heimspeki til að skýra og skilja hugtök guðfræðinnar. Nýguðfræðin miðaðist við að prófa allt í ljósi skynseminnar. Einkum var fengist við rannsóknir á hinum sögulegu þáttum, þ.e. kirkjusögu og sögulegri rannsókn Biblíunnar. Efast var um margar af fornum kenningum kirkjunnar, svo sem um *erfðasyndina*, *bókstafsinnblástur Biblíunnar*, *þrenninguna*, *tilvist heljar*, *tilveru djöfulsins* og *eilífa útskúfun*. Þessi gagnrýna guðfræði, setti þann mælikvarða á kenningar kristinna manna, að það eitt mætti boða, sem stæðist vísindalega gagnrýni, en kennivaldið gæti aðeins byggst á því, sem hægt væri að rekja beint til hins sögulega Jesú. Efahyggja margra nýguðfræðinga gekk jafnvel svo langt, að þeir töldu útilokað að Guð leyfði sér nokkur afskipti af lífi manna, sem þýddi að þeir töldu kraftaverk ekki geta átt sér stað. Árið 1906 kom út bókin *Leitin að hinum sögulega Jesú*, eftir *Albert Schweitzer*. Schweitzer hélt því fram að nýguðfræðingum hefði mistekist að ná árangri með hinum sögulegu rannsóknum á Biblíunni.

Bókstafstrúarstefnan

Deilur um áreiðanleika Biblíunnar og kennivald hennar urðu mjög harðar á síðari helmingi nítjándu aldar og fram eftir þeirri tuttugustu. Mörgum kristnum mönnum blöskraði, hversu mjög var farið að sverfa að grundvallarkenningum kristindómsins og vildu standa vörð um þær. Þannig myndaðist hreyfing bókstafstrúarmanna víða um heim í byrjun tuttugustu aldarinnar. Þessi stefna fékk mest fylgi í Bandaríkjunum, þar sem guðfræðingar úr mörgum kirkjudeildum snérust til fylgis við hana auk margra þekktra vakningarprédikara. Megináherslan er á óskekulleika Biblíunnar, þar sem hver stafkrókur hennar er talinn innblásinn af Guði (*fundamentalism*). Þessi stefna leggur áherslu á fimm grundvallaratriði (*fundamentals*) kristinnar trúar:

1. Biblían sé innblásið og óskeikult orð frá Guði.
2. Að Kristur hefði verið fæddur af meyjju.
3. Að dauði Jesú Krists væri friðþæging fyrir syndir.
4. Að Kristur hefði risið upp líkamlega.
5. Að kraftaverk Jesú Krists væru söguleg staðreynd.

Kristniboð eflist

Áður er getið kristniboðs Bræðrasafnaðarins. Segja má að upphaf nútíma kristniboðs sé á Englandi. Kristnir menn þar í landi stofnuðu félög, sem sendu kristniboða út til margra heiðingjalanda. Má þar nefna Trúboðsfélag Mepódista (*Methodist Missionary Society*) stofnað árið 1786, Trúboðsfélag Baptista (*Baptist Missionary Society*) stofnað 1792 og Trúboðsfélag Lundúna (*London Missionary Society*) stofnað 1795. Síðar voru kristniboðsfélög stofnuð víða um hinn kristna heim.

Hér má einnig geta Breska og erlenda Biblíufélagsins (*British and Foreign Bible Society*) sem stofnað var árið 1804 og hafði það markmið að sjá heiminum fyrir Biblíum.⁸⁸

⁸⁸ Lúter og Kalvín litu svo á, að apokrýf rit Gamla testamentisins væru ekki hluti af hinum svokallaða *'kanón'* eða viðurkenndu ritsafni Biblíunnar, en þau voru samt prentuð áfram sem viðbót við Gamla testamentið, því í þeim væri efni sem væri gagnlegt fyrir trúaða. Breska og erlenda Biblíufélagið samþykkti árið 1825, að sleppa apokrýfu ritunum úr öllum útgáfum af Biblíunni (sú íslenska þar með talin árið 1866). Árið 1880 samþykkti ameríska Biblíufélagið að sleppa þeim einnig. Árið 1885 ákvað erkibiskupinn af Kantaraborg að sleppa apokrýfu ritunum úr Biblíu ensku kirkjunnar (*ESV - English Revised Version*). Árið 1901 var einnig ákveðið að sleppa þeim úr bandarískri útgáfu Biblíunnar (*ASV - American Standard Version*).

Mebódisminn og enska vakningin

Á Englandi höfðu orðið stórfelldar breytingar á atvinnuháttum. Fólkið flyktist úr sveitum Suður-Englands til námuhéraðanna og hinna nýju iðnaðarborga. Þessi gífurlegi tilflutningur á fólki og skyndileg breyting á lífsháttum, hafði í för með sér óöryggi, lausung og spillingu. Kirkjan starfaði lítið meðal verksmiðjufólks og námamanna. Hér var þörf á nýju starfi og trúarlegri vakningu.

Frumkvöðull mebódismans var John Wesley. Wesley stundaði háskólanám í Oxford og safnaði brátt um sig hóp áhugasamra manna. Þeir höfðu það markmið að þaullesa Biblíuna og



John Wesley

kafa sem dýpst í sannleiksorð hennar, vanda líferni sitt og semja það eftir föstum reglum. Þeir höfðu brauðsbrotningu í hverri viku og heimsóttu einnig fanga og fátæklinga. Þeir fræddu börn og hjálpuðu nauðstöddum, þótt fátækir væru. Þeir héldu nákvæmar dagbækur um sinn andlega hag. Voru þeir í háði kallaðir: „Heilag klúbburinn“ eða mebódistar, sennilega vegna þess hve föstum reglum þeir bundu allt, bæði líf sitt og nám.

John Wesley var vígður prestur í Ensku kirkjunni og fór til Vesturheims. Hann starfaði sem prestur meðal indíána í nýlendunni Georgíu í tvö ár. Á leiðinni yfir hafið kynntist hann, farþegum úr Bræðrasöfnuði.⁸⁹ Skipið hreppti mikið óveður. Flestir töldu að skipið væri að farast. Neðst í skipinu, á ódýrasta farrými, voru nokkrir menn úr Bræðrasöfnuðinum. Þeir sungu sálma, báðust fyrir og virtust vera fullkomlega óhræddir. Wesley dáðist að guðstrausti þeirra og hjálpræðisvissu, sem hann vantaði. Eftir heimkomuna til Englands, hitti hann Zinsendorf sjálfan.

Þegar Wesley var á kristilegri samkomu í Aldersgate í London 24. maí 1738 og heyrði lesinn formála Lúters fyrir Rómverjabréfinu, þá var allt í einu eins og ólýsanlegur friður og fögnuður streymdi inn í sál hans. Hann fann að hann var persónulega orðinn hólpinn, fyrir frelsandi mátt Jesú Krists. Taldi hann afturhvarf sitt frá þessum atburði. Hann fæddist á þessu augnabliki til nýs lífs með Guði.

Mórávímenn í Englandi höfðu stofnað kristilegan félagsskap sem hét „Fetter Lane félagið“, því félagsmenn komu saman í húsi við Fetter Lane 33 í London. John Wesley og fleiri gengu í þetta félag. Á gamlárskvöld árið 1738 komu 60 félagsmenn í Fetter Lane félaginu saman til að snæða kvöldverð, hafa brauðsbrotningu og áramótavöku þar sem beðið var fyrir nýju ári. Bræðurnir John og Charles Wesley, George Whitefield og nokkrir fleiri frá Oxford mættu á þessa samkomu í London. John Wesley skrifaði eftirfarandi um þessa samkomu: „Það var kl. 3 um nóttina, þegar við vorum í bæn, að kraftur Guðs kom kröftuglega



George Whitefield predikar í júní 1750 á útisamkomu í Bolton

yfir okkur. Margir hrópuðu upp af gleði, aðrir féllu á gólfið. George Whitefield skrifar um dagana á eftir: „Þetta var tími hvítasunnuúthellingar. Stundum eyddum við heilum nóttum á bæn. Við fylltumst af nýju víni og hin heilaga nærvera var yfirþyrmandi.“ Úthelling heilags anda var svo öflug að enginn viðstaddur gat gleymt henni. Nokkrum mánuðum síðar fóru George Whitefield og Wesley bræður af stað til að predika undir berum himni, því þeim var ekki leyft að predika í kirkjum og tugir þúsunda gáfust Kristi. Whitefield og Wesley bræður predikuðu á götum og gatnamótum um synd og komandi dóm,

⁸⁹ Þessi hreyfing er á ensku kölluð Moravians (Mórávímenn): Einnig notað um fólk frá Móravíu eða Mæri, þar sem hreyfingin átti upptök sín. Móravía tilheyrir nú Tékklandi.

svo að sumir skelfdust en aðrir hneyksluðust. Fyrir kom að ráðist var að ræðumönnum meðódista og fylgismönnum þeirra með grjótkasti.

„Öll veröldin er sókn mín“ ritaði John Wesley í dagbók sína og eftir þessari reglu lifði hann. Hann ferðaðist á hestbaki um England, Skotland og Írland um 50 ára skeið. Er talið að hann hafi flutt um 40.000 prédikanir.

Eitt sinn var John Wesley á ferð í Cornwall, að vitja veikrar konu. Æstur múgur sló hring um húsið og nokkrir brutust inn, til að ná í John. Hann gekk stillilega til fundar við þá og sagði: „Hér er ég. Hef ég nokkrum yðar vondur verið?“ Þá blygðuðust þeir sín og hurfu þaðan hljóðir.

Whitefield ferðaðist einnig afar mikið. Fór hann sjö sinnum til Ameríku og hvar sem hann kom, prédikaði hann og fylgdi honum mikill vakningarkraftur. Boðskapur hans var einfaldur: „Þið verðið að endurfæðast.“

Í upphafi var fyrirkomulag starfsins, þannig að þeir sem urðu fyrir áhrifum af vakningunni, skipuðu sér í bænahópa 12–20 í hverjum hóp. Hver hópur hafði hópstjóra, sem kallaði hópinn saman einu sinni í viku til benasamkomu og samræðna. Gerðu menn þar grein fyrir sínum andlega hag og sóttu ráð til þeirra sem reyndari voru í trúnni.

Meþódisminn er ensk hliðstæða píetismans og Bræðrasafnaðanna á meginlandi Evrópu, en hefur bæði í Englandi og Ameríku orðið miklu víðtækari og varanlegri. Því má telja forystumenn meþódismans, einhverja áhrifamestu menn Englands á 18. öld. Smám saman losnaði meþódisminn frá ensku kirkjunni og varð að sjálfstæðri kirkjudeild.

Nokkur skoðanamunur var frá upphafi meðal leiðtoga meþódista. Wesley bræður, héldu fram almennum hjálpræðisvilja Guðs, en Whitefield hélt fram strangri fyrirhugunarkenningu að hætti Kalvíns. Eftir dauða Whitefield, klofnaði meþódisminn í ýmsar undirgreinar, eftir kenningum og stjórnarfyrirkomulagi. En þrátt fyrir þetta, var stefnan í raun og sannleika ein. Synd og náð, glötun og afturhvarf eru ávallt meginhugtökin. Í augum meþódista, er heimurinn syndum spilltur og hann ber að forðast. Skírinn skiptir í þeirra augum minna máli en afturhvarfið og helgunin getur þokað manninum áfram í átt til fullkomleika. John Wesley hélt því fram að hinn fullkomni kristni maður, hefði öðlast huga Krists og innra með honum væri brennandi kærleikur Guðs. Wesley lagði áherslu á persónulegt samband hvers einstaklings við Guð ásamt mikilvægi trúboðs og líknarstarfs. Meþódistar hafa orðið fjölmennir, einkum í Ameríku og unnið mikið að heiðingjatrúboði, bæði með fjárframlögum og eigin starfi.

Talið er að ríflega fimmtungur Breta hafi eignast afturhvarf til lifandi trúar á Jesú Krist í þessari vakningu.

Baptistar

Baptistar eða *skírendur* eru hreyfing, sem kom fram stuttu eftir að siðbótin fór að ryðja sér til rúms. Í þýsku ríkjunum voru þeir kallaðir „*anabaptistar*“ (*endurskírendur*). Endurskírendur töldu fráleitt að blanda saman stjórn ríkis og kirkju. Kirkjan ætti að vera sjálfstætt og óháð samfélag trúaðra. Þeir héldu því einnig fram að kristnir menn þyrftu að gerast sannir lærisveinar, með því að fylgja Jesú Kristi hvern einasta dag og þjóna öðrum. „Enginn getur þekkt Krist, nema fylgja honum í hinu daglega lífi.“ Hver kristinn einstaklingur ætti að sinna kærleiksbjónustu sem bróðir eða systir í Kristi gagnvart öðrum kristnum og trúboði gagnvart hinum vantrúuðu. Þeir höfðu einnig þátttöku í hernaði eða ofbeldi (*notkun sverðsins*) ásamt því að sverja eiða. Á meginlandi Evrópu sættu þeir ofsóknum bæði af hálfu kapólskra og mótmælenda. Í Englandi varð til sérstök hreyfing skírenda á 16. öldinni og sætti töluverðum ofsóknum. Baptistar viðurkenndu ekki ungbarnaskírni og vildu láta skíra niðurdýfingarskírni. Baptistar komust að þeirri niðurstöðu, að þar sem maðurinn réttlætist aðeins fyrir það að taka persónulega afstöðu til fagnaðarerindis Jesú Krists og ómálga börn séu eðlilega ófær um slíkt, þá hljóti menn að þurfa að taka skírni síðar á ævinni. Baptistar tóku upp ýmislegt úr siðbót Kalvíns.

Á 19. öld voru baptistar orðnir allfjölmennir og gengust fyrir vakningarsamkomum heima fyrir og trúboði í heiðingjalöndum. Baptistar voru frumkvöðlar að hinni miklu trúboðsstarfsemi þessara tíma, en í hópi þeirra var skósmiðurinn *William Carey*, sem kom af stað mikilli trúboðshreyfingu (*Baptist Missionary Society*).

Í baptistakirkjunni starfaði einn mesti prédikari, sem ensk kristni hefur átt, en hann hét Charles H. Spurgeon. Spurgeon ólst upp meðal safnaðarkirkjusinna (congregationalista), snérist til trúar fyrir áhrif meþódistna og varð að lokum baptistaprestur.

Plymouth–bræður og ráðstöfunarkenningin

Upphaf Plymouth–bræðra, má rekja til *John Nelson Darby*. Hann fæddist í London árið 1800. Darby gerðist síðar prestur í ensku kirkjunni og þjónaði á Írlandi. Honum þótti ástandið frekar dauft innan kirkjunnar og fór að leita eftir samfélagi við kristna hópa utan hennar. Darby flutti frá Írlandi til London og síðan til hafnarborgarinnar Plymouth. Darby varð brátt einn áhrifamesti boðberi kenningarinnar um að endurkoma Jesú Krists, myndi leiða til jarðnesks þúsund ára ríkis. Upp úr 1830, mótaði hann nýja útgáfu af kenningunni og hefur sú útgáfa verið nefnd ráðstöfunarkenningin (*dispensationalism*).

Ráðstöfunarkenningin gengur út á það, að Guð hafi ráðstafað mannkyninu nokkrum aðgreindum tímaskeiðum, þar sem hann opinberi mönnunum aðeins hluta vilja síns hverju sinni, reyni hlýðni þeirra og frelsi hina trúuðu af náð sinni. Til að byrja með skipti Darby mannkynssögunni í tvennt, tímaskeið Ísraels og tímaskeið kristindómsins. Hann leit svo á, að tímaskeið Ísraels hefði fyrst og fremst varðað jarðneska hluti og lýð Guðs, Ísraelsmenn, en tímaskeið kristindómsins hefði snúist um himneska hluti og kirkjuna. Lærisveinar Darby skiptu mannkynssögunni svo enn frekar niður, eða í sjö tímaskeið:

1. Tímaskeið sakleysis, frá sköpuninni fram að syndafallinu.
2. Tímaskeið samviskunnar, frá syndafallinu til flóðsins mikla.
3. Stjórnarfarstímaskeiðið frá Nóa til Abrahams.
4. Tímaskeið fyrirheitins, frá Abraham til Móse.
5. Tímaskeið lögmálsins, frá Móse til Jesú.
6. Tímaskeið náðarinnar, frá krossdauða Jesú Krists, fram að endurkomu hans.
7. Tímaskeið þúsund ára ríkisins, frá endurkomu Jesú Krists, fram til eilífðarinnar.

Níundi kaflinn í spádómsbók Daníels gegndi lykilhlutverki í kenningu Darby, en þar segir að „sjöttíu sjöundir“, þ.e. sjöttíu vikur, hafi verið ákveðnar Ísraelslýð, til að endurreisa Jerúsalem eftir herleiðinguna til Babýlon og fullna þar með ráðsályktun Guðs. Darby var sannfærður um, að hér væri ekki um venjulega vikudaga að ræða heldur ár (sbr. Daníel 9:2). Þetta þýddi að Ísrael hefði verið úthlutað 490 árum ($70 \times 7 = 490$). En þar sem Daníel hafði spáð því, að „hinn smurði“ yrði afmáður áður en þessu tímaskeiði væri lokið, taldi Darby, að Guð hefði gert hlé á því við krossdauða Jesú og síðasta vikan, þ.e. sjö ár í viðbót, hæfist ekki fyrr en að tímaskeiði kristindómsins væri lokið. Hann leit svo á, að kristnir menn yrðu að hverfa af jörðinni áður en tímaskeið Ísraels gæti hafist. Lausnina fann Darby í einu bréfa Páls postula, þar sem segir að Jesús muni við endurkomu sína stíga niður af himni til að hrífa hina sannkristnu burt í skýjum til fundar við sig í loftinu (1. Þessalóníkubréf 4:16-17).



John Nelson Darby

Burthrífningin myndi því verða í upphafi sjö ára langs þrengingartímabils áður en jarðneskt þúsund ára ríki færi í hönd. Á þessu þrengingartímabili myndu Gyðingar fá sérstakt tækifæri til að gefast Guði á ný.

Þessi framsetning sannfærði Darby um, að endurkoma Jesú Krists yrði í raun tvíþætt. Fyrst kæmi hann ósýnilega í upphafi þrengingartímans til að hrífa hina sannkristnu með sér til himna, en aðrir yrðu skildir eftir. Að loknum þrengingartímanum kæmi hann svo á ný í fylgd hinna heilögu til að stofnsetja þúsund ára ríki sitt hér á jörðu.

Þess má geta, að árið 1830 fékk fimmtán ára gömul stúlka að nafni *Margaret MacDonald* úr Kaþólsku postulakirkjunni (söfnuður hennar var staðsettur í Skotlandi), spádómsgjöf heilags anda og spáði hún að endurkoma Jesú Krists, yrði með þessum hætti. Margaret hafði enga vitneskju um kenningar Darby.

Darby taldi að eitt af skilyrðunum fyrir endurkomu Messíasar, væri heimkoma Hebrea til Landsins helga. Kenningar Darby áttu stóran þátt í útbreiðslu á kristnum Síonisma. Kristnir

Síonistar telja að það sé eitt af hlutverkum kirkjunnar, að hjálpa Gyðingum (ásamt fleiri ættkvíslum Hebraea) að komast aftur til Landsins helga, Ísraels og eiga þannig hlutdeild í að uppfylla fyrirheit Biblíunnar um endurreisn þjóðarinnar.

Árið 1845 kom upp ágreiningur í hreyfingunni um nokkur kenningarleg atriði, sem leiddi til þess að árið 1848 klofnaði hreyfingin í tvær fylkingar. Önnur fylkingin kallast „opnir söfnuðir“ en þekktastur í þeim hópi var trúboðinn *George Müller* (sem rak stórt munaðarleysingjahæli og skóla í borginni Bristol) og „lokaðir söfnuðir“ (en Darby fylgdi þeim að málum). Lokuðu söfnuðirnir töldu að altarisakramentið væri aðeins ætlað þeim sem tilheyrðu viðkomandi söfnuði. Einnig töldu þeir að samskipti og samstarf við fólk utan „lokuðu“ hreyfingarinnar væri óæskilegt. Þeir sem ekki sættu sig við þetta, voru látnir víkja úr söfnuðunum.

Árið 1859 varð mikil vakning á Englandi, sem efldi Bræðrasöfnuðina mjög og varð til þess að æ fleiri kynntust kenningum Darby. Darby hélt til Bandaríkjanna árið 1862 til að halda vakningarsamkomur hjá ýmsum kirkjudeildum. Margir áhrifamiklir predikarar vestanhafs, tóku að boða kenningar Darby. Þekktastir þeirra voru *D.L. Moody*, *R.A. Torrey* og *C.I. Scofield*. Sá síðastnefndi skrifaði skýringar með Biblíunni á grundvelli ráðstöfunarkenningarinnar og er hún kölluð „Scofield Biblían“ (*Scofield Reference Bible*), en hún var fyrst gefin út árið 1909. Seldist hún afar vel og átti mikinn þátt í að móta biblíutúlkun í Bandaríkjunum næstu hálfu öldina.

Clarence Larkin gaf út bókina „*Dispensational Truth*“ árið 1918, þar sem hann dró upp ýtarlegar myndir af atburðarás Biblíunnar, samkvæmt kenningum Darby og útlistunum Scofield.

Kvekarar

Stofnandi kvekarahreyfingarinnar var Englendingurinn *George Fox*. Á yngri árum gekk honum erfiðlega að eignast persónulegt samfélag við Guð og þótti honum leiðsögn kirkjunnar manna frekar hindrun en hjálp á þeirri vegferð. Eitt sinn þegar hann átti í miklu sálarstríði, heyrði hann innri rödd segja: „*Það er Jesús Kristur einn, sem getur talað inn í aðstæður þínar.*“ Árið 1848 fór hann að prédika um „ljósið hið innra“. Hann kenndi að öll ytri form væru mönnunum fánýt og skaðleg. Hann skar ekki hár sitt, klæddist einföldum skinnfötum, viðhafði engar kurteisisreglur, þóraði t.d. engan. Brátt safnaðist hópur manna að Fox, einkum úr hópi baptista og annarra heittrúarmanna. Þeir kölluðu sig sjálfir „*Religious society of friends*“, en nafnið *kvekarar* (quakers) festist við þá. Það nafn er dregið af sögninni „*to quake*“, þ.e. að skjálfa. Árið 1650 var Fox leiddur fyrir dómarana *Gervase Bennet* og *Nathaniel Barton*, sakaður um guðlast. Samkvæmt ævisögu Fox, þá var Bennett fyrstur til að kalla söfnuðinn „quakers“, því Fox sagði þeim að skjálfa fyrir orði Guðs.

Í upphafi voru gjafir heilags anda áberandi meðal kvekara.

Kjarni kenningar kvekara er kenningin um „ljósið hið innra með oss“, en það er vitnisburður andans í hugskoti hvers einstaks kristins manns. Þetta ljós, er eina uppspretta trúarlífsins og samfélagsins við Guð. Biblían er að vísu frá Guði komin, en hún er dauður bókstafur öllum nema þeim er lesa hana við „ljósið hið innra.“ Flestir kvekarar líta svo á að ljósið sé heilagur andi eða andi Krists. Kvekarar leggja einnig áherslu á hinn almenna prestsdóm hvers einasta kristins manns, sbr. 1 Pétursbr. 2:9. Kvekarar hafna öllum siðum og formsatriðum. Þeir hafna kirkjunni sem ytri stofnun, helgisíðum, sakramentum, embættum og hátíðum. Smám saman urðu til drög að kvekaraguðfræði og siðareglum, er mörkuðu afstöðu þessarar stefnu skýrt. Kvekarar neita að vinna eið fyrir rétti og gegna herþjónustu. Þeir lentu því í heiftarlegri andstöðu við ríkisvaldið.

Það varð kvekurum til bjargar, að eignast leiðtoga sem leiddi þá til nýs lands. Þessi maður hét *William Penn*. Penn var bæði auðugur og menntaður sonur flotaforingja í sjóher Breta. Faðir hans átti fjárfúlgðu inni hjá ríkissjóði Bretlands. William Penn fékk ríkisstjórnina til að greiða skuld þessa með því að láta af hendi við hann allstóra landspildu í Norður–Ameríku. Var landsvæði þetta nefnt *Pennsylvania* eða Pennskógur. Þangað fór Penn og þeir trúbræður hans sem fara vildu. Reistu þeir þar borgina *Fíladelfíu* (bróðurkærleik), eftir söfnuðinum í Opinberunarbókinni. Þar var komið á lýðræði og trúfrelsi. Á síðustu öld tók ákveðinn

minnihluti kvekara að fylgja afar frjálslyndri guðfræði, sem flokkast frekar undir friðarstefnu (*pacifism*) en kristindóm.

Tveir forsetar Bandaríkjanna hafa komið úr röðum kvekara, þeir Herbert Hoover og Richard Nixon.

Safnaðarkirkjusinnar

Safnaðarkirkjusinnar (*congregationals*) spruttu upp úr hreyfingu hinna óháðu (*independents*) í Englandi á dögum Cromwells. Hinir óháðu voru hópur, sem klofnaði frá púritönnum um 1600. Safnaðarkirkjusinnar telja að Kristur sé einn höfuð kirkjunnar og vilja því enga ytri kirkjustjórn, heldur skuli hver söfnuður stjórna sér sjálfur. Þeir tóku snemma að flytjast til Norður–Ameríku og stofnuðu þar nýlenduna *Rhode Island*. Þeir voru fjölmennir um tíma og tóku mikinn þátt í heiðingjatrúboðinu. Af þeirra flokki var t.d. *David Livingstone* sem gerðist trúboði og landkönnuður í Afríku.


Hjálpræðisherinn

Skömmu eftir miðja 19. öld, spratt upp úr jarðvegi meþódismans í Englandi hreyfing sem átti eftir að hafa geysimikil áhrif og fara víða um lönd, en það er Hjálpræðisherinn.

Stofnandi Hjálpræðishersins var meþódistapresturinn *William Booth*. Booth var 15 ára gamall þegar hann eignaðist afturhvarf til lifandi trúar og 17 ára þegar hann predikaði sína fyrstu predikun. Eftir að hann hafði komist til trúar, fékk hann draum eða sýn um að hann hefði dáið og farið til himins. Þar sá hann að bók var opnuð. Í þessari bók var líf hans skráð í smáatriðum, bæði hugsanir og orsakir fyrir gerðum hans. Booth sá að hann hafði sóað lífi sínu fram að þessu, með því að lifa fyrir sjálfan sig. Jesús sagði við hann: „*Farðu aftur til jarðarinnar, ég gef þér annað tækifæri til að sanna að þú sért reiðubúinn að lifa lífi sem er samboðið mínu nafni. Sýndu heiminum að þú hafir minn anda með því að vinna mín verk og leiða menn til frelsis fyrir mína hönd.*“

Um þetta sagði Booth sjálfur: „*Endurfæðingin gerði mig á svipstundu að boðbera fagnaðarerindisins.*“

Booth og kona hans *Catherine*, hófu starf sitt í aumlegustu fátækrahverfum Austur–Lundúnaborgar árið 1865. Í fyrstu urðu þau fyrir aðkasti, en þau létu það ekki á sig fá, heldur sungu og prédikuðu og hjálpuðu þeim sem voru bágstaddir.



William Booth

Árið 1878 var Hjálpræðisherinn stofnaður. William Booth var hershöfðingi, en undir honum störfuðu aðrir foringjar með sömu embættisheitum og í venjulegum her. Allir báru einkennisbúninga og það ríkti strangur heragi. Með þessum her, sagði William Booth nú syndinni stríð á hendur og bjó sig undir að vinna almúgann úr greipum hennar. Marserað var um göturnar með fánum og lúðrablaesti. Ortir voru sálmar og sungin hergöngulög.

Á samkomunum voru vitnisburðir og hvassar prédikanir, sem brýndu menn til að snúa sér frá synd og löstum og eignast afturhvarf. Eignaðist þá oft fjöldi manna afturhvarf til lifandi trúar og var þeim veitt viðtaka í Herinn.

Árið 1880 sagði Herinn synd allra landa stríð á hendur og hreyfingin átti eftir að ná fótfestu í fjölmörgum löndum. Víða um lönd er gefið út blað Hjálpræðishersins, sem heitir Herópið (*The War Cry*). Á síðari árum hefur starfsemin einkum beinst að trúboði og líknarmálum.

Hjálpræðisherinn leggur megináherslu á að kalla fólk til iðrunar og afturhvarfs og eftir það að helga lífernið. Meðlimir hersins geta verið meðlimir í kirkju, en víðast er Herinn lítið fyrir hefðbundið kirkjustarf, athafnir og sakramenti. Börnin eru ekki skírð, heldur færð Guði og umsjá Hersins. Í starfi sínu, leggur Hjálpræðisherinn áherslu á jafnræði kynjanna og allra kynþátta.

Fríkirkjuhreyfingin í Skotlandi

Í upphafi 19. aldar varð trúarvakning í Skotlandi og var *Thomas Chalmers* einn af leiðtogum hennar. Afleiðingin af þessari vakningu var sú, að fjölmargir prestar og leikmenn gengu úr skosku þjóðkirkjunni og stofnuðu fríkirkjur. Síðar sameinuðust fríkirkjurnar í einni

hreyfingu og varð sú hreyfing nánast jafn stór og þjóðkirkjan. Árið 1929 voru síðan þjóðkirkjan og friðkirkjuhreyfingin sameinaðar í hinna frjálsu skosku þjóðkirkju.

Irvingstefnan

Stefnan er kennd við skoskan prest, *Edward Irving* að nafni, sem starfaði við öldungakirkjusöfnuð í London. Á þessum árum, í byrjun 19. aldar gengu hörmungar Napóleonsstyrjaldanna yfir meginland Evrópu. Kom þá upp opinberunarstefna, sem heimfærði spádóma Gamla- og Nýja testamentisins, en einkum Opinberunarbókarinnar til þess tíma. Einn af fylgismönnum þessarar opinberunarstefnu bankamaðurinn *Henry Drummond* sótti samkomur hjá Irving. Irving gerðist einnig fylgismaður þessarar stefnu og flyktist fólk að honum. Hann boðaði að eftir tíma postulanna, hefði kristnin farið villur vegar og nú þyrfti að byrja að nýju. Endurkoma Krists væri nálæg og nú bæri að endurvekja náðargáfur postulatímabilsins. Hann taldi að kirkjustarfið ætti að vera nákvæm eftirmynd frumkirkjunnar og leiðtogar kirkjunnar væru arftakar postulanna tólf. Fjöldi fólks hreift af þessu og í kirkju hans braust út náðargjafavakning, einkum með tungutali og spádómsgáfu. Var Irving fljótlega vikið úr öldungakirkjunni og var þá stofnuð ný kirkja, hin kaþólska postullega kirkja. Eftir dauða Irving hélt þessi stefna áfram og voru nú valdir 12 postular og veröldinni skipt milli þeirra í 12 kynkvíslir. Þegar tekist hefði að innsigla 12 þúsundir af hverri kynkvísl, átti endurkoman að eiga sér stað. Spámenn kirkjunnar sáu um að skipa menn í stöður eftir náðargjöfum hvers og eins. Hver söfnuður fékk sinn forstöðumann eða „engil“ sbr. Opinberunarbókina. Guðþjónustunni var hagað svipað og í kaþólsku kirkjunni. Hreyfingin hélt einnig fram eðlisbreytingarkennningunni. Endurkoman dróst og postularnir fóru að týna tölunni. Er síðasti postullinn andaðist árið 1901, mátti heita að stefnan kulnaði út. Þegar ákveðinn hópur stóð fyrir því að velja nýja postula, klofnaði hreyfingin. Þessi hópur nefnir sig Nýju postulakirkjuna. Hafa fylgjendur þessarar stefnu hætt hinna kaþólsku guðþjónustu og tekið upp guðþjónustu sem líkist því sem úðkast í kirkjum mótmælenda.

Kirkjustarf meðal mótmælenda eflist á ný

Á skynsemistrúartímabilinu dró mjög úr kirkjusókn. Almennungi gekk illa að átta sig á hinna nýju kenningu og kunni ekki við sig í kirkjunum. En þegar fram liðu stundir, urðu umskipti í boðun kirkjunnar og þar með kom nýtt líf í kirkjustarfið. Kirkjustarf meðal mótmælenda eflist á ný og mynduðust ýmsar vakningarhreyfingar, sem náðu mikilli útbreiðslu meðal almennings og urðu til eflingar kirkju- og kristnlífi.



YMCA í Jerúsalem

Árið 1844 stofnaði *George Williams*, '*Young Men's Christian Association*' (YMCA) í London. Markmið samtakanna er að útbreiða lifandi trú meðal ungra manna af öllum stéttum. Nú hafa þessi samtök deildir í 120 löndum (Ísland þar á meðal) og 64 milljónir taka þátt í starfinu.

Í Ameríku hófst á seinni hluta 19. aldar, *Hin kristilega alþjóðlega stúdentahreyfing*, sem síðan breiddist út um allan heim.

Í Danmörku, kom sálmaskáldið *Grundtvig*, nýrri andlegri hreyfingu af stað. Grundtvig barðist mjög fyrir bættri alþýðufræðslu í Danmörku. Má því kalla hann föður dönsku *lýðskólanna*. Grundtvigssinnar lögðu mikla áherslu á trúargleði, bæði yfir fegurð náttúrunnar og fagnaðarerindi Krists.

Í Noregi var það ungur prédikari, *Hans Nielsen Hauge*, sem kom af stað trúarvakningu. Á þeim tímum, leyfðu lög í Noregi ekki leikmönnum að ferðast um og prédika, nema prestarnir gæfu til þess samþykki sitt. Hans skeytti því engu og prédikaði þar sem því varð við komið. Var hann því oft settur í fangelsi fyrir vikið. En Hauge og fylgismenn hans, unnu mjög bug á skynsemistrúnni í Noregi.

Í Svíþjóð kom einnig vakning um aldamótin 1800. Þá tók sænskur almenningur, sérstaklega í Norður-Svíþjóð, að koma saman til að lesa Biblíuna, rit Lúters og aðrar guðsorðabækur. Þar af fengu þeir nafnið: „*Lesarar*“. Lesararnir voru alvörugefnir og höfðu samkomur og kvöldmáltíðarsakramenti í heimahúsum.

Upphaf kirkjustarfs í Norður–Ameríku

Á öndverðri 17. öld, hófst landnám Englendinga á austurströnd Norður–Ameríku. Árið 1607 var fyrsta nýlendan stofnuð og fékk nafnið *Virginia*. Myndaðist þar vísir að anglikanskri kirkju að enskum hætti. Trúarofsóknir og átök í Englandi og víðar í Evrópu, voru meginorsök fólksflutninga vestur um haf. Mikill fjöldi af sanntrúuðu kristnu fólki fluttist til Ameríku og stofnaði það söfnuði í hinum nýju heimkynnum. Í fyrstu bar mikið á strangtrúuðum Kalvínskum púritönum frá Englandi, en það voru mótmælendur sem vildu einfalda helgihald og draga úr skrauti innan ensku kirkjunnar. Pílagrímafeðurnir, sem áður er getið voru sumir púritanar. Þeir klæddust látlausum fötum, báru hvorki skart né farða og voru mótfallnir skemmtunum eins og dansi og leiksýningum. Þeir vörðu miklum tíma í bænahald.

Skömmu eftir að Karl konungur I tók við völdum í Bretlandi árið 1625 settu púritanar auknum ofsóknum í landinu. Allmargir prestar sem þegar hafði verið bannað að predika, söfnuðu þá um sig hópum sóknarbarna sinna og fluttu til Vesturheims. Þessir innflytjendur stofnuðu nýlenduna *Massachusetts Bay* árið 1630. Svipuð umhyggja fyrir hlutskipti kaþólskra manna í Bretlandi átti þátt í stofnun nýlendunnar *Maryland*.

Þegar öld var liðin frá komu fyrstu landnemanna, hafði átt sér stað mikil siðferðileg hnignun í nýlendunum. Draumur púritana um að stofna hið fyrirheitna land kristindómsins í Ameríku, átti ekki upp á pallborðið hjá annarri og þriðju kynslóð afkomenda þeirra. Drykkjuskapur og siðleysi af öllu tagi blómstraði.

Áhrif frá skynsemishyggju og upplýsingarstefnu leiddu til þess að margar kirkjur fóru að aðhyllast *frumgyðistrú (deism)*⁹⁰ eða *kristna algildisstefnu (Christian universalism)*⁹¹ og sjaldgæft var að predikað væri um þörf þess að eignast afturhvarf frá syndum. Samtímamaður dró upp dökka mynd af ástandinu: „Kristindómurinn í nýlendunum var í dauðateygjunum. Þetta leit út fyrir að vera vonlaust ástand.“

Þrátt fyrir þetta voru alltaf hópar sem héldu fast í trú feðranna og báðu stöðuglega fyrir landinu og íbúum þess.

Árið 1734 hófst mikil vakning í þessum nýlendum. Safnaðarkirkjuprédíkari *Jonathan Edwards* og hinn þekkti meþódistaprédikari *George Whitefield*, höfðu mikil áhrif. Þessi vakning er kölluð fyrsta stóra vakningin (1734–1770).⁹² Síðan kom sjálfstæðisfyrirlýsingin og frelsisstríð Bandaríkjanna 1776–1783, sem reyndi mjög á þolrif þjóðarinnar. Vakningin leiddi til þess að kristin trú og öflugt kirkjustarf mótaði þjóðina og hafði afgerandi áhrif á fyrirkomulag þjóðfélagsins.

Eitt áhrifamesta sérkennið á fyrirkomulagi kirkjustarfs í Bandaríkjunum, var að ríkisvald og kirkja voru aðskilin, ekki af fjandskap, heldur af þeirri sannfæringu að það væri báðum fyrir bestu.

Vakningar á 19. öld

Margar vakningarbylgjur gengu yfir Bandaríkin á 19. öldinni. Fyrsta vakningin hófst árið 1800, síðan 1810, 1826–31, 1857–58 og eftir 1870.

Í september árið 1857 hóf prédikari að nafni *Jeremiah Lanphier*, vikulegar benasamkomur í hádeginu í New York borg. Í október var farið að hafa samkomurnar daglega. Í upphafi árs 1858, þurfti að þrískipta bænahópnum vegna plássleysis og bænahópar fóru að spretta upp víða í borginni. Í mars, komu þær fréttir í blöðunum, að yfir 6000 manns sæktu bænahópa í New York daglega og álíka fjöldi í Pittsburgh. Í Washington þurfti að hafa benasamkomur 5

⁹⁰ Frumgyðistrú (*deism*) er trú á guð sem ópersónulegt afl, sem skipti sér ekki af manninum né náttúrulögmálum heimsins. Guð hafi gefið manninum nægilega skynsemi til að greina rétt frá röngu og vitneskju um að Guð sé til. Þeir sem aðhyllast frumgyðistrú hafna yfirleitt hugmyndum um kraftaverk og opinberun frá guði. Þessi stefna var málamiðlun þeirra er aðhylltust upplýsingastefnuna, en vildu halda í eitthvað af hinum kristna trúararfi.

⁹¹ Kristin algildisstefna (*Christian universalism*) gengur út á það að allir menn verði hólpnir, fyrr eða síðar.

⁹² Þar sem mikið var um óvenjulega hegðun og yfirnáttúrulega atburði á samkomum í þessari vakningu, setti Jonathan Edwards fram fimm kennimerki sem hann taldi skera úr um hvort andleg trúarreynsla er frá Guði: 1) Trúarreynslan upphefur Krist í lífi hins trúaða. 2) Trúarreynslan stríðir gegn hagsmunum Satans. 3) Trúarreynslan er í samræmi við Biblíuna. 4) Trúarreynslan hjálpar öðrum að höndla sannleikann, sem er Jesús. 5) Trúarreynslan ber vitni um kærleika til Guðs og manna.

sinnum á dag til að fólkið kæmist fyrir. Á þessum tíma varð algengt að sjá skilti í búðargluggum: „Opnum aftur þegar bænastund er lokið.“

Í maí var talið að af 800.000 íbúum New York borgar, hefðu 50.000 eignast afturhvarf. Dagblöð fluttu fréttir af því, að vakningin hefði valdið feiknarlegri breytingu á hugarfari fólks á allri austurströnd landsins. Í sumum þorpum hefði ekki fundist einn einasti fullorðinn maður, sem ekki taldi sig eiga lifandi trú. Giskað var á, að í Nýja-Englandi byggju um 30 milljónir og þar af hefði að minnsta kosti ein milljón komist til lifandi trúar og álíka margir til viðbótar hefðu endurnýjað trú sína.

Margir prédikarar komu við sögu á þessum vakningartímum. Einn þeirra var *Charles Grandson Finney*. Hann var ungur lögfræðingur, þegar hann eignaðist sitt afturhvarf. Daginn sem hann frelsaðist, kom mikill kraftur heilags anda yfir hann og hann sá Jesús í sýn. Þegar Finney ferðaðist, þá hafði hann ekki með sér neinn lofgjörðarleiddtoga, heldur vildi hann aðeins hafa bænheitan ferðafélaga. Finney ferðaðist mikið, bæði í Ameríku og Evrópu. Finney er talinn upphafsmaður þeirrar aðferðar á samkomum, að kalla þá sem vilja gefa Guði líf sitt, fram til sérstakrar fyrirbænar.

Annar vakningarprédikari á þessum tíma var *Dwight L. Moody*.⁹³ Moody hlaut enga menntun í æsku, en hann upplifði afturhvarf til lifandi trúar í sunnudagaskóla. Moody hóf starf í KFUM og í sunnudagaskólum. Smám saman færðist hann í aukana sem ræðumaður.

Dag nokkurn eignaðist Moody trúarreynslu sem breytti lífi hans: „Guð opinberaðist mér og ég upplifði kærleika Hans í svo ríkum mæli, að ég þurfti að biðja Hann um að halda aftur af.“

Áheyrendur Moodys urðu svo gagnteknir af því sem hann sagði, að viðstaddir gleymdu stað og stund. Þó var boðun hans ákaflega einföld, um kærleiksríkan Guð sem ekki vildi að neinn glataðist. Áætlað er að boðun Moody hafi leitt til þess að hundrað milljónir fengu að heyra fagnaðarerindið predikað og milljón sálir gefist Jesú Kristi.

Á Norður-Írlandi braust út vakning (*Ulster vakningin*) á nákvæmlega sama tíma og í Bandaríkjunum, í september 1857. Þá hófu fjórir ungir menn, að koma saman í þorpsskóla til að biðja. Árið 1858 höfðu sprottið upp óteljandi bænahópar og árið 1859 var talið að 100.000 manns hefðu eignast afturhvarf til lifandi trúar. Árið 1860 hafði glæpum fækkað svo mikið í landinu, að dómáramur voru verkefnalausir suma dagana. Vakningareldurinn breiddist út til Wales, Englands og Skotlands og þúsundir einstaklinga eignuðust afturhvarf til lifandi trúar. Talið er að tíundi hluti skosku þjóðarinnar hafi eignast afturhvarf í þessari vakningu og samtals um ein milljón á Bretlandseyjum.

Helgunarhreyfingin

Helgunarhreyfingin hófst fljótlega eftir lok þrælastríðsins í Bandaríkjunum árið 1865. Forystumenn hreyfingarinnar voru flestir ýmist meþódistar, fyrrverandi meþódistar eða úr trúflokki með svipaðar skoðanir. Einn af frumkvöðlum þessarar stefnu, var *William Boardman* sem skrifaði bókina „*The Higher Christian Life*“ árið 1858. Árið 1867 var farið að



Samkomugestir við tjald í bænum Wichita í Kansas árið 1909

halda samkomuherferðir og kristilegar útihátíðir. Fjöldi fólks sótti þessar samkomur og margir töldu sig hafa tekið við sérstakri „blessun helgunarinnar“, sem sumir töldu að væri skírn í eldi (sbr. Matt. 3:11). Frá 1867 til 1880, jókst fylgi við helgunarhreyfinguna bæði meðal meþódista og annarra kirkjudeilda. Helgunarhreyfingin lagði áherslu á, að kristnir menn þyrftu að meðtaka sérstaka gjöf helgunar, til þess að geta þjónað Guði og hjá þeim voru dæmi um náðargjafir eins og tungutal. Margir sem fylgdu þessari stefnu héldu því fram að frelsisverkið væri tvíþætt. Fyrri náðarverkið (*first work of grace*) væri frelsun sálarinnar en síðara

⁹³ D. L. Moody stofnaði árið 1886 biblíuskóla í borginni Chicago. Eftir dauða Moody, fékk skólinn nafnið *Moody Bible Institute (MBI)*. Skólinn hefur útskrifað fjölda trúboða og einstaklinga sem tekið hafa þátt í kristilegu starfi víða um heim. Moody stofnunin, hefur einnig haft mikil áhrif í Bandaríkjunum með því að gefa út tímarit, bækur og kristilega tónlist ásamt því að framleiða og dreifa efni fyrir útvarp og sjónvarp. Í dag eru starfandi um 40 þúsund trúboðar sem hafa útskrifast frá MBI.

náðarverkið (*second work of grace*) er endurnýjun og helgun hugarfarsins, því kristið fólk komi með ýmsa fjötra á sálinni inn í nýja lífið. Helgun hugarfarsins komi m.a. með því að sökkva sér niður í Orð Guðs („...*helga hana og hreinsa í laug vatnsins með orði*“) eins og segir í Efesusbréfinu (5:26). Helgunin væri nauðsynleg til að leysa fjötra syndarinnar af sálinni, sem myndi einnig leiða til andlegs og líkamlegs heilbrigðis, því flestir sjúkdómar væru afleiðing synða.

Fjölmargar kirkjudeildir í Norður–Ameríku

Fyrst má telja þær kirkjudeildir, sem eiga uppruna sinn að rekja til hinna fyrstu innflytjenda, en það eru safnaðarkirkjusinnar og Öldungakirkjan.

Safnaðarkirkjusinnar röktu ættir sínar til sjálfra pílagrímafeðranna. Stefna þeirra hafði mótandi áhrif á hugsjónir hins nýja þjóðfélags. Þeir töldu að menn ættu að vera frjálsir, óháðir og djarfir til orðs og verka. Þeir tóku snemma að beita sér fyrir menntun þjóðarinnar og komu á fót næst elsta háskólanum, Yale (1701). Þeir stofnuðu Harvarðháskóla, en misstu hann úr höndum sér til *únitara*.⁹⁴

Öldungakirkjan er meginstoð hinnar hreinu Kalvínsstefnu og átti hún höfuðvígi sitt í Princetónháskóla. Þessi kirkjudeild eflaðist mjög við það, að mikill fjöldi Skota flutti vestur um haf.

Anglikanska kirkjan, var eins og áður er sagt elst allra kirkjudeilda Norður–Ameríku, enda byrjaði hún sem hluti af ensku þjóðkirkjunni. Eftir skilnaðinn við England, átti hún erfitt uppdráttar. Sú kirkjudeild sem þróaðist frá anglikönsku kirkjunni í Bandaríkjunum er oft nefnd Biskupakirkja (*Episcopal church*). Kirkjan leggur áherslu á óslitna vígsluröð biskupa, allt frá tímum postulanna.

Baptistar eru ein af elstu kirkjudeildunum í Norður–Ameríku. Baptistahreyfingin varð allstór í Bandaríkjunum á 18. öld, einkum í suðurfylkjunum. Klofningur varð árið 1845, milli baptista í Norðurríkjunum og Suðurríkjunum, út af deilum um þrælalönd. Þá varð til sérstök hreyfing *Suður–baptista*, sem hefur starfað fram á þennan dag. Á 18. öld, voru flestar bandarískar baptistakirkjur Kalvínssinnaðar. Á 19. og 20. öldinni hafa ýmsar guðfræðisstefnur rutt sér til rúms innan baptistahreyfingarinnar, því hreyfingin hefur alla tíð haft mjög frjálslega stjórn. Hreyfingin sem slík, skiptir sér lítið af starfi einstakra safnaða. Í dag er því að finna mörg blæbrigði og fylkingar innan hreyfingarinnar. Einkum er lögð áhersla á afturhvarf, niðurdýfingarskír, víðtækt safnaðarstarf og heiðingjatrúboð.

Mepódistar eru um ýmsa hluti líkir baptistum, en þeir hafa fastari og sterkari kirkjustjórn, oftast biskupastjórn. Hefur mepódistum oft verið líkt við Lútersku kirkjuna og kallaðir „ensk útgáfa af Lúterstrú.“ Mepódistar hafa alla tíð stundað mikið trúboð meðal heiðingja.

Lúterska kirkjan var framan af fremur fámenn. Á síðari hluta 19. aldar, streymdi geysimikill fjöldi Þjóðverja og Norðurlandabúa til Ameríku og óx þá tala Lúterskra svo, að þessi kirkjudeild komst í hóp hinna fjölmennustu. Lúterskir söfnuðir í Ameríku, mynduðu kirkjufélög eða „synóður“ og urðu þessi félög ærið mörg.

Rómversk–kaþólska kirkjan er fjölmennari en nokkur hinna einstöku kirkjudeilda mótmælenda. Kaþólska kirkjan í Bandaríkjunum er hluti af hinni alþjóðlegu rómversk–kaþólsku kirkju, með fjölda klerka, biskupa, erkibiskupa og kardinála.

Sér í flokki verður að telja *kvekara*, þótt fáir séu. Hafa þeir verið í fremstu röð í mannúðarmálum og eru í Ameríku eins og annarsstaðar eindregnir fulltrúar „tilbeiðslu í anda og sannleika“ án nokkurs tildurs eða tilbúnings.

Mennonítar, eru upprunnir úr hreyfingu anabaptista í Evrópu á 16. öld. *Menno Simons*, var kaþólskur prestur, sem yfirgaf þá kirkju og gekk til liðs við anabaptista. Hann kom á skipulagi og setti fram kenningakerfi sem varð til þess að hreyfingin fékk nafn af honum og var kölluð

⁹⁴ Únitarismi kom fram á Ítalíu um miðja 16. öld. Únitarar litu svo á að Guð væri ein persóna en ekki þrjár eins og þrenningarkenningin gerir ráð fyrir. Þeir töldu að Jesús hefði verið spámaður Guðs, en ekki Guð í holdi. Þeir höfnuðu einnig kenningunni um erfðasyndina og fyrirhugunarkenningunni. Á 19. og 20. öldinni hefur þessi stefna runnið saman við algildisstefnu (*universalism*) og manngildishyggju (*humanisma*). Meðal sögufrægra únitara má nefna *Charles Darwin*, *Albert Schweitzer* og *Florence Nightingale*.

Mennonítar. Mennonítar eru fjölmennastir í Bandaríkjunum. Einn þekktasti hópur mennoníta, er upprunninn í Sviss og kallast amish fólkið (*Old Order Amish*). Mennonítar kenna m.a. að trúaður einstaklingur gangi gegn Biblíunni ef hann gangi að eiga vantrúaðan maka og að hjónaband fraskilins einstaklings, sé hórdómur, ef fyrri maki er á lífi. Þeir telja einnig gegn Ritningunni, að fylgja veraldlegum tískuháttum, taka þátt í stríði, sverja eiða og ganga í lokuð félög. „Old Order Amish“ flokkurinn býr í tiltölulega lokuðum samfélögum og setur fólki strangar reglur um klæðaburð. Þeir stunda sjálfsþurftabúskap, bæði jarðyrkju og húsdýrahald. Þeir eru á móti menntun umfram barnaskóla og hafna tækninýjungum. Þeir hafna því að nota rafmagn, síma, miðstöðvarhitun, bíla, traktora o.fl. Kjörorð þeirra er: „*Það gamla er best. Það nýja er frá Djöflinum.*“

Hutterítar, er hreyfing sem líkist mennonítum að ýmsu leyti, enda eru þeir einnig upprunnir úr hreyfingu anabaptista. Nafn sitt fengu þeir frá leiðtoga sínum *Jakob Hutter*, sem leið pítarsvættisdauða árið 1536. Hutterítar flúðu undan ofsóknum til Vesturheims. Þeir búa í lokuðum samfélögum á samyrkjubúum sem nefnast „*Bruderhof*“ (bræðrabýli). Hutterítar leggja áherslu á sjálfsþurftabúskap og að veraldleg gæði, séu sameiginleg eins og í frumsöfnunum. Þeir eru ákveðnir friðarsinnar og neita að taka þátt í hernaði. Á hverju samyrkjubúi er barnaskóli fyrir börn á skólaskyldualdri. Talið er að Hutterítar séu um 20 þúsund og samyrkjubú þeirra er að finna bæði í Bandaríkjunum og Kanada.

Á fyrri hluta 19. aldar kom fram *opinberunarstefna*, er boðaði nálæga endurkomu Krists. Einn af þeim sem aðhylltist þessa stefnu, hét *William Miller*. Hann reiknaði út eftir Daníelsbók og Opinberunarbókinni, að Kristur mundi koma á tímabilinu 21. mars 1843 til sama tíma árið 1844. Í fyrstu var ekki stefnt að nýrri safnaðarmyndun með þessu, en brátt rak að því, að þeir sem fylgdu þessu hældust ekki við í kirkjudeildum sínum. Flestir voru baptistar. Varð það úr að þeir mynduðu nýja hreyfingu og voru kallaðir *aðventistar*. Þegar tíminn leið án þess að spádómarnir rættust, var farið að leita að nýjum degi og varð 22. október 1844 fyrir valinu. Þegar ekkert sérstakt gerðist þennan dag (kallaður *Hin miklu vonbrigði*) var hætt að tala um dagsetningar, en stefnan hélst fyrir því. Hafa aðventistar klofnað í margar deildir. Fjölmennastir eru sjöunda-dags aðventistar, er halda helgan laugardaginn. Þeir líta svo á, að kona að nafni *Ellen G White*⁹⁵ hafi verið spámaður, en kenningar hennar hafa haft mikil áhrif á hreyfinguna.

Aðventistar halda því fram að maðurinn hafi ekki sál, heldur sé hann sál. Við dauðann þá sofni sálin og verði í því ástandi fram að endurkomu Drottins (fari því hvorki til himna eða helvítis), en þá muni þeir sem hafi tekið við Jesú Kristi sem frelsara sínum eignast ódauðleika. Hinir glötuðu rísa upp þúsund árum síðar, við lok þúsund ára ríkisins og er síðan eytt í eldi ásamt Satan. Maðurinn sé því í eðli sínu dauðlegur. Aðventistar trúa því að hinir frelsuðu muni ríkja á himnum í þúsund ár með Jesú, en á meðan verði jörðin mannlaust fangelsi fyrir Satan og engla hans. Við lok þúsund ára ríkisins, muni hin nýja Jerúsalem koma niður frá himnum og í henni verði Jesús með hinum réttlátu. Þeir verði síðan vitni að lokauppreisni dauðra og eyðingu þeirra. Síðan muni hinir réttlátu lifa um eilífð á endurskapaðri jörð. Sjöunda-dags aðventistar leggja áherslu á tíund og fylgja ýmsum reglum lögmálsins um mataræði. Þeir borða ekki svínakjöt eða önnur óhrein dýr.

Vottar Jehóva: Þeir eru trúlega fáir sem komnir eru til vits og ára og hafa aldrei fengið heimsókn frá Vottum Jehóva. Upphafsmaður þessara samtaka hét *Charles Taze Russell*. Hann gerðist meþódisti, en leið illa yfir hugmyndum um Helvíti. Russell var undir sterkum áhrifum af kenningum aðventista. Biblíurannsóknir hans sannfærðu hann um að orðið Helvíti í Biblíunni ætti að þýða sem gróf. Hann byrjaði að prédika árið 1872 og mörgum leist vel á að hann skyldi afneita eilífri refsingu. Russell andaðist árið 1916. Eftirmaður hans hét *Joseph F. Rutherford*. Rutherford endurskoðaði kenningar Russell og lýsti því yfir árið 1931, að hér eftir skyldi hreyfingin heita Vottar Jehóva. Lögð er áhersla á að Guð sé einn og hið biblíulega nafn Guðs á hebresku sé *YHWH*, eða Jehóva. Þeir telja að Jesús sé það eina sem Guð hafi skapað

⁹⁵ Nokkrar af þeim bókum eftir Ellen G White, sem gefnar hafa verið út á íslensku: Deilan mikla, milli Krists og Satans (1911,1976,2003), Þrá aldanna (1999), Kristur frelsari vor (1912,1913,1914,1996), Vegurinn til Krists (1898,1962,1980,1995), Daglegt líf (1979,1993), Drottinn kemur (1984), Frá ræðustóli náttúrunnar (1928), Boðskapur til safnaðarins (1974), Heimilið og fjölskyldan (1994).

með beinum hætti. Jesús Kristur hafi skapað allt annað. Þeir telja einnig að Míkael erkiengill, Abbadón og Orðið, séu allt mismunandi nöfn á Jesú Kristi. Vottar afneita guðlegu eðli Jesú Krists (Ariúsarstefna). Þeir afneita einnig að hann hafi risið líkamlega upp frá dauðum, heldur aðeins sem andi (*dóketismi*) og benda þar á 1 Pétursbréf 3:18 (*„Hann var deyddur að líkamanum til, en lifandi gjörður í anda“*). Þeir telja allar aðrar kirkjudeildir falskar og tilheyra skækjunni miklu og þeim verði eytt af Sameinuðu þjóðunum, sem þeir telja að sé skarlatsrauða dýrið í Opinberunarbókinni 17. kafla. Vottar telja að mannkynið lifi á síðustu dögum. Orrustan milli Satans og Krists, *Armageddon* geti hafist hvenær sem er. Samkvæmt kenningum þeirra hóf Kristur að ríkja sem konungur í október árið 1914, er Satan og andaverum vonskunnar var varpað niður á jörðina. Mannkynið hefur þegar gengið inn í þúsund ára ríkið (*millennialism*: þúsaldarhyggja), sem á að ljúka árið 2914. Vottar telja sig verða áhorfendur að *Armageddon*, sem marki upphaf þrengingarinnar miklu, þar sem hinir óguðlegu farast. Síðan verði Satan kastað niður í hyldýpi. Eftir þrenginguna, muni Guðs ríki á jörðu hefjast og jörðinni verður breytt í paradís, sem líkist hinum upphaflega garði í Eden. Hinir réttlátu muni fylla jörðina það sem eftir er af þúsund ára ríkinu. Hinir dauðu munu sofa í gröfum sínum fram að upprisunni sem fer fram í þúsund ára ríkinu. Hinir óguðlegu fá þar annað tækifæri til að gefast Guði. Við lok þúsund ára ríkisins verði lokapróf, þar sem Satan er leystur til að afvegaleiða mannfólkið. Satan og þeim sem fylgja honum verður eytt, en eftir verður fullkomið mannkyn og síðan muni Kristur afhenda Guði allt vald.

Aðeins örlítill hluti samtakanna, getur myndað hina útvöldu kirkju, því þeir telja fjöldann sem fær vist á himnum og ríkir með Jesú Kristi aðeins 144 þúsund manns. Í dag telur einn af hverjum 500 vottum, að hann sé meðlimur í þessari „brúði“. Það besta sem aðrir vottar geta vonað, er að tilheyra „öðrum sauðum“ og vera brúðinni til aðstoðar og lifa síðan að eilífu á jörðinni. Þeir halda ekki jól og hafna blóðgjöfum. Samtökin hafa gefið út sérstaka biblíuþýðingu á ensku, *„New World Translation“*. Eitt af tímaritum hreyfingarinnar og útgáfufyrirtæki heitir Varðturninn (*Watchtower*). Vottar Jehóva hafa tileinkað sér nútímataækni í sölumennsku og leggja allt kapp á að vinna fleiri til fylgis við hreyfinguna. Aðventistar og Vottar Jehóva eru oft kallaðir *Millerítar*.

Mormónatrú: Árið 1830 kom bandarískur iðnaðarmaður, *Jósef Smith* að nafni fram með nýja trúarstefnu, mormónatrú. Skrifaði hann bók sem mormónar nota ásamt Biblíunni, *Mormónsbók*. *Mormónatrú* flokkast undir endurreisnartrú (*restorationism*). *Mormónar* trúa því að fagnaðarerindið um Jesú Krist hafi verið til frá upphafi mannkyns í aldingarðinum í Eden. Mannkynið hafi í gegnum aldirnar glatað niður þekkingunni á Guði. *Mormónar* trúa því að Jósef Smith hafi verið kallaður af Guði til að endurreisa hina sönnu þekkingu á Guði. Í *Mormónsbók* eru frásagnir af fyrstu frumbyggjum Ameríku, sem eiga að hafa bjargast úr Nóaflóði, en dáið síðan út. Jósef Smith hélt því fram, að frumbyggjar þessir hefðu skilið eftir sig áletraðar þunnar gulllitaðar plötur og hann hefði fengið heimsókn frá engli, sem sagði honum hvar plöturnar væri að finna og hvernig ætti að ráða í letrið með því að nota steina (úrím og túmmín) eins og æðstu prestarnir notuðu í Biblíunni. Töflurnar hefðu verið ritaðar á tímabilinu 600 f.Kr. fram á 4. öld e.Kr. Síðasti spámaðurinn af ætt frumbyggjanna hefði heitið *Moroni* (*Mormón*). *Moroni* hefði grafið plöturnar í jörð.

Brátt safnaðist mikill fjöldi manna að Jósef Smith, en þeir sættu ofsóknum og fórst Smith í uppþoti. Tók þá *Brigham Young* við stjórninni. Hann var ötull forystumaður og fór með flokkinn til Utah og stofnaði þar mormónaríki.

Mormónar trúa því að andi mannsins hafi verið með Guði almáttugum áður en einstaklingurinn fæðist á jörðinni og Guð hafi gegnum áætlun hjálpræðisins gefið börnum Hans tækifæri til þess að þroskast og líkjast Guði. Áætlun hjálpræðisins feli í sér, að andar (andleg börn Guðs) fái jarðneskan líkama og gangi gegnum þrautir og þolraunir hér á jörðinni til þess að læra, þroskast og höndla hinn „fullkomna fögnuð.“

Mikilvægasti hluti hjálpræðisáætlunar Guðs felur í sér að elsti sonur Guðs, Jesús Kristur, kom til jarðarinnar til að sigrast synd og dauða, svo að önnur börn Guðs gætu snúið aftur. *Mormónar* trúa því að sérhver einstaklingur sem hefur lifað á jörðinni verði reistur upp og eftir upprisuna verði meirihluta þeirra úthlutað mismunandi dýrðlegum bústöðum. Til þess að eiga bústað í „ríki hins hæsta“, þurfa menn að taka við Jesú Kristi í trú og gera iðrun meðan þeir eru á jörðinni.

Mormónar kenna að í alheiminum séu ýmsir minni guðir, sem geta af sér „anda-börn“ sem holdgist síðan á hinum mismunandi plánetum. Þessir guðir voru áður menn, en menn sem uppfylla ákveðin skilyrði, geta orðið „guðir“ og þeir muni halda áfram um eilífu að geta anda-börn með fjölmörgum eiginkonum sínum. Til þess að geta orðið guð í þessum skilningi, þarf maðurinn að eiga margar eiginkonur.

Mormónar kenna að faðirinn og sonurinn séu tveir guðir. Elóhím sé faðirinn, en Jehóva sé sonur hans.

Fljótlega varð ljóst að kenningar Mormóna um fjölkvæni voru andstæðar lögum alríkisins en hreyfingin leit svo á að þarna væri um mannréttindi að ræða. Endaði sú barátta með því að mormónar neyddust til að leggja af opinbert fjölkvæni í Bandaríkjunum árið 1890.

Mormónar leggja áherslu á staðgengilsskírni og að biðja fyrir sálum látinna ættingja. Því reka þeir eitt stærsta ættfræðisafn sem til er í heiminum. Mormónar reka ákaft trúboð vítt og breitt um heiminn. Mormónar skiptast í nokkrar deildir. Sú útbreiddasta nefnist *Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu*. Mormónar reka stóran háskóla, *Brigham Young University* í Utah.

Í mörgum kirkjudeildum er sú skoðun ríkjandi að kenningar Votta Jehóva og Mormóna séu svo frábrugðnar hefðbundnum kristindómi, að ekki sé hægt að telja kirkjur þeirra með í hópi kristinna kirkna.

Loks má geta eins fyrirbæris, sem þróaðist í Bandaríkjunum, en það er jólasveinninn. Í upphafi, var hér um að ræða einn af verndardýrlingum kaþólsku kirkjunnar, sem heitir heilagur Nikulás. Hann var biskup í borginni Myra, í Litlu-Asíu á 4. öld. Við siðaskipti, lagðist af trú á þennan dýrling í löndum mótmælenda, nema í Hollandi. Hollenskir landnemar í Ameríku, tóku þann sið með sér, að tengja heilagan Nikulás (*Santa Claus*) jólahaldi sínu og þá sérstaklega jólagjöfum. Þessi siður náði verulegri útbreiðslu í Bandaríkjunum á 19. öld, en á þeirri 20. hefur hann breiðst út um allan heim.

Gídeonhreyfingin

Í september árið 1898, neyddust tveir bandarískir sölumenn til að deila saman herbergi, vegna þrengsla á hótelinu sem þeir bjuggu á. Þeir voru báðir trúaðir og lásu í Biblíum sínum og báðu saman. Þá kviknaði sú hugmynd að kristnir menn úr viðskiptalífinu, ættu með sér félagsskap.

Gídeonhreyfingin var síðan stofnuð 1. júlí 1899 af þremur mönnum. Samuel E. Hill var forseti, William J. Knights varaforseti og John H. Nicholson ritari. Meginmarkmið hreyfingarinnar, er að vinna sálir fyrir Krist með persónulegum vitnisburði og einnig með því að dreifa orði Guðs. Fljótlega setti félagsskapurinn sér það markmið, að koma Biblíum fyrir á sérhverju hóteli, þar sem Gídeonmenn væru fastagestir. Árið 1916 var ákveðið að dreifa Biblíum á öllum bandarískum sjúkrahúsum, við hvert sjúkrahús. Í byrjun, var allri Biblíunni dreift, en síðar var farið að dreifa sérstakri útgáfu af Nýja testamentinu með Davíðssálmum. Á árunum 1936–7, var farið að dreifa Biblíum í allar skólastofur í Bandaríkjunum, þar sem það var ekki bannað með lögum. Árið 1941 hófu Bandaríkin þátttöku í síðari heimsstyrjöldinni. Þá var ákveðið að stefna að því, að gefa öllum bandarískum hermönnum Nýja testamenti með Davíðssálmum. Síðar var einnig ákveðið að gefa öllum konum, sem stunduðu hjúkrunarstörf í hernum sama rit og hermönnum. Árið 1944 kom upp sú hugmynd að dreifa Nýja testamentinu og Davíðssálmum til allra skólabarna. Vegna laga um trúfrelsi í Bandaríkjunum, eru ýmsar lagalegar hindranir á dreifingu í skóla landsins. Gídeonhreyfingin hefur leitað allra löglegra leiða til að ná markmiðum sínum við útbreiðslu á orði Guðs og hreyfingin hefur náð miklum árangri á þessu sviði. Hreyfingin barst einnig til annarra landa. Nú eru meðlimir Gídeonhreyfingarinnar ríflega 300 þúsund í 195 löndum.

Nýréttrúnaðurinn

Meirihluti guðfræðinga í kirkjudeildum mótmælenda⁹⁶ aðhyllist nú á dögum svonefndan *sögulegan biblíuskilning*, en í því felst að litið er á Biblíuna sem trúarbók, sem orðið hafi til í ákveðnu sögulegu samhengi, vegna þess að höfundar hennar töldu sig hafa mikilvægan boðskap að flytja. Þessir guðfræðingar vilja því flestir halda boðskap Ritningarinnar á lofti eins og bókstafstrúarmenn leggja áherslu á, þótt þeir rannsaki hana með þeim gagnrýnu aðferðum sem nýguðfræðingarnir þróuðu. Sú skoðun er útbreidd meðal guðfræðinga í dag, að Biblíuna beri að rannsaka í ljósi þess þjóðfélags, sem skóp hana, en túlkunin miðist við þann söfnuð sem notar hana. Hér er því um einskonar málamiðlun að ræða, milli bókstafstrúar og nýguðfræði.

Samkirkjuhreyfingin



Höfuðstöðvar Alkirkjuráðsins
í Genf

Samkirkjuhugsjónin er ekki ný af nálinni, en það sem formlega markaði upphaf núverandi samkirkjuhreyfingar, var trúboðsráðstefna sem haldin var í Edinborg árið 1910. Í byrjun neitaði rómversk-kaþólska kirkjan að taka þátt í starfinu, en fáeinir grísk-kaþólskir söfnuðir í Vestraenum ríkjum tóku þátt. Samkirkjustefnuna var því aðallega að finna í kirkjum mótmælenda. Eftir síðari heimsstyrjöld var ljóst, að andrúmsloftið hafði breyst og var *Alkirkjuráðið* (World Council of Churches) stofnað á ráðstefnu í Amsterdam árið 1948. Viðhorf rómversk-kaþólsku kirkjunnar breyttist árið 1959, þegar Jóhannes 23. páfi, kallaði saman annað Vatíkanþingið. Þá var komið á samstarfshópi, sem sér um tengslin milli Vatíkansins⁹⁷ og Alkirkjuráðsins. Stór hluti grísk-kaþólsku kirkjunnar tekur nú þátt í starfi ráðsins. Níundi áratugur 20. aldar einkenndist af vaxandi samstöðu hinna ýmsu kirkjudeilda varðandi kenningar og auknu samstarfi á ýmsum sviðum. Samstarfið hefur einkum beinst að rannsóknaverkefnum, þróunarhjálp, aðstoð við þurfandi eftir náttúruhamfarir, flóttamannahjálpi o.þ.h. Hafa 350 kirkjudeildir eða kirkjufélög með um 590 milljónir meðlima í 150 löndum, gengið til liðs við ráðið.

Nokkrar stórar kirkjudeildir eru enn utan ráðsins. Fyrir utan rómversk-kaþólsku kirkjuna, sem áður er nefnd, má nefna hreyfingu Suður-baptista (*Southern-Baptists*) í Bandaríkjunum.

Evangelískur kristindómur

Á siðbótartímanum var hugtakið evangelískur⁹⁸ kristindómur notað til aðgreiningar frá kaþólskum sið. Með því var vísað til þess að Lúterskir siðbótarmenn héldu því fram að fagnaðarerindið eins og það er skráð í Nýja testamentinu sé eini grundvöllur trúarinnar (*sola scriptura*).

⁹⁶ Kunnasti guðfræðingur Kalvínstrúarmanna á 20. öld, var þýsk-svissneski prófessorinn *Karl Barth*. Hann snérist gegn tilraunum nýguðfræðinga til að sameina trú og skynsemi, því trúin væri í eðli sínu leyndardómsfullt samband milli Guðs og hvernar mannssálar og það væri ekki hægt að skilja með fræðilegum aðferðum. Allt sambland trúar og vísindalegrar gagnrýni væri því fráleitt. Kenningar Barths, nefnast *dialektisk guðfræði* og hafa haft mikil áhrif á marga Lúterska guðfræðinga.

⁹⁷ Vatíkanið eða Páfagarður er aðsetur páfans í Rómarborg og var það gert að sjálfstæðu ríki árið 1929.

⁹⁸ Orðið *‘evangelískur’* kemur frá latínu (*evangelium*). Upphaflega kemur orðið úr grísku (*euangelion*). Orðið *‘euangelion’* er oftast þýtt á íslensku með orðunum guðspjall eða fagnaðarerindi. Evangelískur er því eiginl. sá sem er guðspjallatrúar.

Hver er evangelískur? *Albert Schweitzer*⁹⁹ svaraði spurningunni á þennan hátt: „Evangelískur er sá, sem er á valdi þeirrar þrár að ríki Guðs dafni hið innra í sjálfum honum og í öllum heimi. Predikun Jesú er predikun um komu Guðsríkisins.“

Upphaf hinnar evangelísku stefnu á okkar dögum, má rekja til 17. og 18. aldar, þegar púritanismi, Móravíumenn og píetismi kom fram á sjónarsviðið. Mikil fjölgun þeirra sem aðhylltust þessar stefnur og meðvitund um sameiginlega hagsmuni leiddi til þess að evangelísk-kristnir úr nokkrum kirkjudeildum frá átta löndum stofnuðu samtökin *Evangelical Alliance* (nú *World Evangelical Alliance*, WEA) í London árið 1846, undir kjörorðinu: „Við erum einn líkami í Kristi.“ Samtökin hafa nú tæplega 600 milljónir meðlima innan sinna vébanda. Trúarvakningar í Bandaríkjunum á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar leiddu til þess að evangelískur kristindómur varð útbreiddur þar í landi.

Evangelísk-kristið fólk er að finna í öllum kirkjudeildum mótmealenda. Evangelísk-kristnir leggja áherslu á að eina leiðin til að frelsast frá glötun, sé fyrir persónulega trú á Jesú Krist sem frelsara. Þeir telja að endurfæðing hins trúaða (fyrir heilagan anda) sé grundvallaratriði til að viðkomandi geti eignast samfélag við Guð. Þeir telja einnig að Biblían sé innblásin opinberun um það hver Guð er og hún hafi ótvírætt kennivald fyrir líf hins trúaða. Ennfremur eigi kristnir menn að taka þátt í að breiða út fagnaðarerindið.



John R. W. Stott

Vaxandi áhrif frjálslyndrar guðfræði innan flestra kirkjudeilda mótmealenda á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar drógu mjög úr sýnileika þeirra sem aðhylltust evangelísk viðhorf. Undir lok síðari heimsstyrjaldar fóru hinir evangelísk-kristnu í Bandaríkjunum, að stofna samtök m.a. til að gæta hagsmuna kristinna fjölmiðla og efla trúboð. Má þar nefna samtökin „*National Association of Evangelicals* NAE“ sem stofnuð voru árið 1942, *National Religious Broadcasters* – NRB (1944), biblíuskólinn „*Fuller Theological Seminary*“ (1947) og tímaritið „*Christianity Today*“ (1956). NAE hefur nú um 30 milljónir meðlima innan sinna vébanda. Leiðtogar evangelísku hreyfingarinnar í Bandaríkjunum á síðustu öld voru m.a. *Harold*

John Ockenga og *Billy Graham*. Einn helsti postuli þessarar stefnu í Evrópu var *John R. W. Stott*, er starfaði lengi sem prestur í ensku kirkjunni. Stott sagði að kirkjan hefði það hlutverk að vera salt og ljós í samfélaginu ásamt því að sinna neyð náungans: „Við höfum verið send inn í þennan heim eins og Jesús, til að þjóna. Það er eðlileg tjáning á kærleika okkar til náungans. Við elskum, við förum út, við þjónum.“ Stott skrifaði meira en 50 bækur. Tvær af bókum hans hafa verið gefnar úr á íslensku: *Sannleikurinn um Krist* (1974) og *Kristindómur í jafnvægi* (1976).



Ronald Reagan heldur ræðu á ársfundi NAE 8. mars 1983 þar sem hann kallaði Sovétríkin „heimsveldi hins illa“.


⁹⁹ Albert Schweitzer var þekktur guðfræðingur, heimspekingur, rithöfundur, orgelleikari og læknir, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1952. Hann kaus að eyða síðari hluta ævi sinnar (1913-1965) sem trúboðslæknir í Afríku.

Á síðari hluta 20. aldar hafa evangelísk–kristnir öðlast aukin áhrif t.d. í Bandaríkjunum, m.a. vegna mikillar fjölgunar hvítasunnnumanna og karismatískra safnaða sem hafa svipaðar skoðanir á hinum evangelísku áhersluatriðum. Á okkar dögum teljast 25% kristinna Bandaríkjamanna aðhyllast evangelísk–kristin viðhorf. Árið 2016 var talið að fjöldi evangelísk–kristinna í heiminum væri um 630 milljónir eða ríflega fjórði hver kristinn maður.

Nokkrar vakningar og hreyfingar á 20. öld

John Alexander Dowie

John Alexander Dowie fæddist árið 1847 í Edinborg í Skotlandi. Dowie vissi þegar við sjö ára aldur, að hann var kallaður til að þjóna Guði. Fjölskylda Dowie flutti til suðurhluta Ástralíu meðan hann var barn. Þegar hann var tvítugur tók hann ákvörðun um að hlýða kalli Guðs og snéri aftur til Edinborgar, til að læra guðfræði.



John Alexander Dowie

Eftir að námi lauk flutti Dowie til Ástralíu. Þar var hann vígður til þjónustu hjá safnaðarkirkju í maí árið 1872. Dowie starfaði sem forstöðumaður í nokkrum kirkjum í Suður-Ástralíu.

Á þessum tíma voru fjölmennar kirkjudeildir mótmælenda (t.d. þær sem aðhylltust siðbót Kalvíns) þeirrar skoðunar að náðargáfur postulatímabilsins hefðu fjarð út með postulunum og væru ekki ætlaðar kirkjunni eftir það (*cessationism*).

Svartidaudi kom upp í bænum Newton þar sem Dowie var forstöðumaður. Eftir að allmargir safnaðarmeðlimir höfðu látist úr veikinni, ákvað Dowie að snúa vörn í sókn og biðja fyrir þeim sem voru sjúkir. Árangurinn var stórkostlegur. Enginn sem Dowie bað fyrir lést úr veikinni.

Dowie stofnaði kirkju í borginni Melbourne. Þegar hann predikaði gegn ýmsum löstum eins og vínsölu og drykkjuskap, mætti honum margvísleg mótstaða. M.a. voru gerðar tilraunir til að ráða hann af dögum. Kvöld eitt heyrði hann nokkrum sinnum rödd sem sagði honum að yfirgefa húsið þar sem hann hafði skrifstofu sína. Í fyrstu hélt hann að þetta væri ímyndun, en að lokum ákvað hann að fara út. Þegar hann var kominn út úr húsinu, sprakk það í loft upp. Andstæðingar Dowie höfðu komið fyrir dýnamíti undir skrifborðinu hans.

Árið 1886 flutti Dowie með fjölskylduna til Ameríku og byrjaði að þjóna í San Fransisco. Næstu árin ferðaðist hann um Bandaríkin, bað fyrir sjúkum og predikaði. Síðar flutti hann til borgarinnar Chicago. Þar stofnaði hann árið 1896¹⁰⁰ Kristilegu kaþólsku kirkjuna (*Christian Catholic Church*).



Samkoma í Siloh Tabernacle


Í þjónustu Dowie, gerðust stórkostleg kraftaverk. Daufir heyrðu, blindir sáu og lamaðir gengu. Dowie predikaði af hörku gegn lastafári af ýmsu tagi sem var áberandi í flestum borgum Bandaríkjanna á þessum árum. Þetta aflaði honum fjölmargra óvina, sem áttu eftir að ofsækja hann næstu árin.

Andstæðingar hans komu úr hópi blaðamanna, presta, lækna og lögreglunnar. Eitt sumarið var hann til dæmis handtekinn 100 sinnum vegna upploginna sakarefna. Það var því vel skiljanlegt að Dowie dreymdi um að koma upp borg, þar sem íbúarnir væru eingöngu sannkristið fólk.

Árið 1899 kynnti hann söfnuðinum hugmyndir sínar um að stofna nýja borg. Hann hóf brátt að kaupa upp land á strönd Michiganvatns, fyrir vestan Chicago. Þar stofnaði hann bæinn Zion. Zion byggðist með undraverðum hraða. Í Zion, lét hann byggja geysistört samkomuhús (*Shiloh Tabernacle*). Veggirnir í samkomusalnum, voru brátt þaktir hækjum og öðrum hjálparbúnaði, sem eigendurnir höfðu ekki lengur þörf fyrir.

¹⁰⁰ Árið 1895 var haldin ráðstefna í London sem hét „*The Bethshan Conference on Holiness and Healing*“, að frumkvæði predikaranna William Edwin Boardman frá Bandaríkjunum (*The Higher Life Movement*) og A.B. Simpson frá Kanada (*The Christian and Missionary Alliance*). Þessi ráðstefna er af mörgum talin vendipunktur í endurreisn kristilegrar lækningaþjónustu og mikilvæg hvatning fyrir predikara eins og John Alexander Dowie.

Dowie gaf einnig út tímaritið „*Leaves of Healing*.“ Fræðð hans barst víða. Talið er að árið 1905, þegar starfið var á hápunkti, hafi fylgjendur Dowie verið um 30.000, þar af 7.500 í borginni Zion.



Stoðtæki á veggjum Shiloh Tabernacle

Eftir að nokkrir forstöðumenn komu til hans og sögðu að hann væri Elía, sá sem Ritningin gefur til kynna að eigi eftir að koma, afneitaði hann því með öllu og fordæmdi vangaveltur af þessu tagi. En þessi uppástunga átti eftir að hljóma lengi í eyrum hans og þar kom að hann lýsti því sjálfur yfir að hann væri sá Elía, sem Malakí spámaður talar um.

Brátt varð mikil sundrung í Zionborg og ýmsir atburðir áttu sér stað, sem urðu til þess að starfið missti fylgjendur. Dowie andaðist 9. mars árið 1907.

John Alexander Dowie var einn þekktasti og jafnframt umdeildasti predikari Bandaríkjanna á sinni tíð. Lækningaþjónusta Dowie, var forsmekkur af þeirri lækningavakningu, sem átti eftir að hafa mikil áhrif síðar á öldinni. Þjónusta Dowie opnaði augu fjölmargra fyrir því að Guð væri enn að lækna fólk með yfirmáttúrulegum hætti eins og á dögum postulanna.

John G. Lake

John Graham Lake fæddist árið 1870 í Ontario í Kanada. Hann fluttist með foreldrum sínum til Bandaríkjanna, þegar hann var 16 ára. Skömmu síðar eignaðist hann lifandi trú á samkomu hjá Hjalpræðishernum. John stofnaði tvö dagblöð, en hóf síðan starfsemi sem fasteignasali. Hann kvæntist 21 árs gamall og var vígður sem prestur í meþódistakirkju.

John hafði kynnst sjúkdómum og dauða frá barnæsku, því 8 af 15 systkinum hans voru þá dáið úr hinum ýmsu sjúkdómum. Æskuminningar hans voru blendnar, því oftast var einhver á heimilinu sjúkur, deyjandi eða látinn. Þegar ein systir hans var að dauða komin, sendi John símskeyti til John Alexander Dowie og bað hann um að biðja fyrir henni. Dowie sendi þetta svar til baka:



John G Lake

„Haltu fast í Guð. Ég er að biðja. Hún mun lifa.“ Og það gekk eftir sem Dowie hafði spáð. Árið 1898 eftir aðeins 5 ára sambúð, varð eiginkona hans Jennie fársjúk og ekki hugað líf. John ákvað að standa á Orði Guðs og standa gegn óvininum. Hann bað fyrir konu sinni og samdægurs reis hún upp alheilbrigð.

Árið 1901 flutti John til Zion í Illinois, til að kynna sér guðlega lækningu hjá John Alexander Dowie. Árið 1904 flutti hann til Chicago og náði þar afar góðum árangri í viðskiptum. Árið 1907 heimsótti hann hvítasunnnumenn í Azusastræti í Los Angeles og skírðist í heilögum anda. Skömmu síðar ákvað hann að selja allar eigur sínar og þjóna Guði í fullu starfi. Árið 1908 tóku þau hjónin ákvörðun um að flytjast með sjö börn til Suður-Afríku. Þau höfðu aðeins fjármuni fyrir farinu með skipinu. Þegar þau komu til Jóhannesarborgar, var John boðið afleysingastarf sem forstöðumaður kirkju í borginni. Yfir 500 Zulumenn komu á fyrstu samkomuna. Vakningarkraftur heilags anda kom yfir staðinn og

næstu fimm árin átti gífurlegur fjöldi eftir að eignast lifandi trú, læknast og skírast í heilögum anda. Á innan við einu ári, hafði hann stofnað 100 söfnuði. Þessi feiknarlegi árangur var þó ekki án fórna, því 22. desember 1908 andaðist eiginkona hans vegna þreytu og vannæringar. Árið 1912 flutti hann aftur til Bandaríkjanna, eftir að hafa stofnað 625 söfnuði sem mynduðu samtökin „*Apostolic Faith Mission*“ og leitt 100.000 manns til lifandi trúar. Árið 1913 kvæntist hann síðari konu sinni Florence Switzer. Þau settust að í bænum Spokane í Washingtonfylki. Þar stofnaði hann söfnuð og kom á fót aðstöðu (*healing rooms*) þar sem sjúkt fólk gat búið og fengið fyrirbætur og lausn inn í sitt líf. Árið 1920 fluttu þau hjónin til bæjarins Portland í Oregon, þar sem hann stofnaði kirkju og hóf svipaða starfsemi eins og í Washington. Árið 1924 frelsaðist Gordon Lindsay á samkomu hjá John, en hann átti eftir að koma við sögu lækningavakningarinnar síðar á öldinni.

John andaðist 16. september árið 1935. Vegna hinnar miklu vakningar, sem braust út í Suður-Afríku, hefur hann verið nefndur „postuli Afríku.“ Kristileg lækningaþjónusta (*healing rooms*), sem sniðin er eftir þjónustu John G. Lake, er stunduð víða um heim og hefur borið góðan ávöxt.

Sadhu Sundar Singh

Sundar Singh, var fæddur í þorpinu Rampur í Punjab á Indlandi árið 1889. Fjölskylda hans var síkatrúar. Sem drengur fékk hann fræðslu í kristnum skóla. Dauði móður hans, þegar hann var 14 ára var mikið áfall fyrir hann og fór hann að ofsækja kristið fólk. Hann keypti Biblíu og brenndi hana blað fyrir blað fyrir framan vini sína. Honum fannst að leit hans í trúarbrögðum Hindúa og kristinna, hefði ekki leitt til neins. Að lokum ákvað hann að taka líf sitt, með því að standa fyrir lest á lestarteinum í nágrenninu. Um nóttina eftir þá ákvörðun fylltist herbergi hans skyndilega af ljósi og Jesús birtist honum. Jesús sagði: „Því ofsækir þú mig? Sjá, ég dó á krossi fyrir þig og fyrir allan heiminn.“

Sundar Singh eignaðist trú á Jesú Krist og var skírður á 16. afmælisdegi sínum 3. september árið 1905. Honum fannst kirkjan á Indlandi, vera allt of vestræn í háttum, svo hann ákvað að verða kristinn sadhú.



Sundar Singh

Frá upphafi hafði hann löngun til að boða fagnaðarerindið í Tíbet, sem þá var nánast lokað land. Átján mánuðum eftir skírni sína, fór hann fyrstu trúboðsferðina til Tíbet.

Hann fékk að reyna fjölmörg kraftaverk á ferðum sínum í Tíbet. Eitt sinn var hann handtekinn af tibetskum munkum og fleygt niður í brunn, þar sem hann átti að deyja. Þriðju nóttina í brunninum var honum bjargað með yfirnáttúrulegum hætti, þrátt fyrir að lokið væri læst yfir brunninum.

Á árunum 1919 – 1922 ferðaðist hann víða um heim og heimsótti bæði Evrópu¹⁰¹ og Ameríku. Hann var afar vonsvikinn yfir ástandi kirkjunnar á Vesturlöndum, sem hann sagði að væri upptekin af efnishyggju og gersneydd skilningi á andlegri þjónustu. „Hjá okkur (á Indlandi) er því svo farið að menn eru að verða þreyttir á hjáguðunum, en svo virðist að þið séuð að þreytast á hinum lifandi Guði.“ Honum þóttu deilur milli kristinna manna sorglegar og spurði hvernig menn ætluðu að búa saman á himnum, ef þeir gætu ekki starfað saman hér á jörðu.

Sundar sagði eftirfarandi dæmisögu þegar hann predikaði í júní árið 1920 á sumarmóti KFUM fyrir framhaldsskólanemendur við Georgs vatn (*Lake George*) í New York fylki: „Eitt sinn var veiðimaður sem tók eftir því að tígrisdýr var á hælum hans. Hann óttaðist ekki, því hann taldi sig hafa lykil að veiðikofa í nágrenninu. Þegar hann kom að kofanum komst hann að því, að hann var ekki með lykilinn á sér og týndi lífi. Sama á við um marga sem kalla sig kristna hér í Ameríku. Þótt þeir vinni mörg góð verk, eru þeir glataðir eins og veiðimaðurinn sem hélt hann hefði lykilinn.“

Úr ræðu sem Sundar flutti í Basel í Sviss 20. mars 1922:

„*Að hlusta á mína rödd, hjálpar þér ekki; þú verður að heyra rödd Hans. Ef þú aðeins nærð að komast í kyrrð, þá munt þú heyra Hann tala og þá munt þú skilja hvað það var, sem þessi maður eignaðist er kemur til þín úr heiðnu landi. Hjálpræðið er einungis í Kristi. Sá sem lifir í Honum deyr syndinni og eignast eilíft líf.*“

Sundar sagði þessa dæmisögu: „Dag nokkurn í Himalayafjöllum, sat ég á árbakka. Ég tók upp úr vatninu fallegan sívalan stein og braut hann sundur. Grjótið í steininum var þurrt undir yfirborðinu. Þessi steinn hafði legið lengi í vatninu, en samt hafði vatnið ekki komist inn í hann.

¹⁰¹ Ung kona, *Corrie ten Boom*, hlustaði á vitnisburð Sundar í Hollandi. Hún spurði Sundar áhyggjufull af hverju hún hefði aldrei séð Jesú í sýn eða upplifað kraftaverk. Sundar svaraði henni að hún sjálf hefði fengið stærra kraftaverk. Hún hefði aðeins heyrt en trúað samt, því „*sælir eru þeir, sem hafa ekki séð og trúa þó.*“

Í síðari heimsstyrjöld tók Corrie og fjölskylda hennar þátt í að bjarga um 800 Gyðingum frá útrýmingarþúðum Nasista. Eftir styrjöldina ferðaðist hún víðsvegar um heiminn og sagði frá þeim kraftaverkum sem Guð hafði gert í hennar lífi. Bókin *Fylgsnið*, sem fjallar um sögu Corrie var gefin út á íslensku árið 1980.

Sama á við um fólk hér í Evrópu. Það hefur verið laugað í kristindómi í margar aldir. Það hefur fengið að njóta þeirra blessana sem kristindómurinn hefur í för með sér, en kristindómurinn hefur ekki náð inn í hjarta þeirra og er ekki í þeim. Það er ekki við kristindóminn að sakast, heldur harðúð hjarta þeirra. Efnishyggja og vitsmunahyggja hafa gert hjörtu þeirra hörð.“

Boðskapur hans til hinna kristnu á Vesturlöndum var þessi: „*Þeir sem velja að leyfa sínu eigin lífi að lifa, munu aldrei upplifa vilja Guðs fyrir líf sitt. Þeir sem eiga að vera ljós heimsins verða sjálfir að brenna upp og verða smærri og smærri. Við getum ekki unnið aðra án þess að leggja niður okkar eigið líf.*“

Sundar Singh hvarf í síðustu trúboðsferð sinni til Tíbet árið 1929. Þar með rættist spádómur hans, þar sem hann sagðist ekki búast við því að snúa til baka frá Tíbet.

Sundar Singh skrifaði átta bækur, sem sumar hafa náð mikilli útbreiðslu. Nokkrar þeirra hafa verið þýddar á íslensku: *Vitranir frá æðra heimi* (1927,1956), *Drottinn kallar* (1934,1958) og *Við fótiskör meistarans* (1993). Einnig var gefin út *Ævisaga Sundar Singh* eftir Bjarna Jónsson árið 1926.

Maria Woodworth-Etter

Maria Woodworth-Etter fæddist árið 1844 í Ohio í Bandaríkjunum. Hún eignaðist lifandi trú á kristilegri samkomu þegar hún var 13 ára. Fljótlega eftir að hún komst til trúar, heyrði hún rödd sem sagði: „Far þú út um brautir og gerði að sækja hina týndu sauði.“ Nokkrum árum síðar, giftist hún Philo Harris Woodworth. Þau hófu búskap í sveit, en búskapurinn gekk ekki vel. Þau eignuðust son, sem dó á barnsaldri. Þau eignuðust annan son, sem dó skömmu síðar og Maria varð einnig alvarlega veik. Þriðja barn þeirra var dóttirin Georgie. Hún varð alvarlega veik við sjö ára aldur og dó eftir miklar þjáningar. Maria var sjálf heilsulítil og var margsinnis nærri dauða. Á þessu tímabili misstu þau hjónin fimm af sex börnum sínum. Fjölskyldan var harmþrungin vegna dauða barnanna.

Allan tímann, fannst henni að Guð væri að kalla hana til að vitna fyrir hinum glötuðu. Helgunarkirkjan sem hún var í kallaðist Lærisveinakirkjan (*Disciples Church*). Þessi kirkja leyfði konum ekki að predika.

Síðar fékk hún tækifæri til að tala á samkomu hjá Kvekurum. Þegar hún fór að tala, sá hún djúp heljar og fólk sem var óafvitandi á leið þangað. Henni fannst Guð kalla hana til að halda áfram á þessari braut, en þar sem hún hafði takmarkaða þekkingu á Biblíunni, taldi hún sig vanhæfa til þjónustu.



Maria Woodworth-Etter

Frelsarinn birtist henni um nótt í sýn og spurði hana hvað hún væri að gera á jörðinni. Hún svaraði því til, að hún ætlaði í framtíðinni að starfa í víngarði Drottins. Drottinn spurði: „Hvenær?“ Hún svaraði: „Þegar ég er tilbúin.“ Drottinn svaraði henni: „Veistu ekki, að meðan þú ert að undirbúa þig, eru sálir að glatast? Farðu þegar af stað og ég mun vera með þér.“ Guð gaf henni þá þegar, hæfileika til að lesa og tala Orð Guðs. Þar sem búskapurinn gekk illa, ákváðu þau hjónin að taka sig upp og gerast farandpredikarar. Maria predikaði og fór mikið orð af krafti Guðs á samkomum hennar. Fljótlega fannst systir Etter, Guð kalla hana til að biðja fyrir sjúkum og stórkostleg kraftaverk fylgdu í kjölfarið. Stundum kom kraftur Guðs yfir heilu bæina þar sem hún hélt samkomur. Syndarar fundu fyrir mikilli syndaneyð og sumir þeirra féllu niður eins og þeir væru meðvitundarlausir í nokkra klukkutíma. Þegar þeir komu aftur til meðvitundar, sögðu þeir frá ýmsu sem þeir höfðu upplifað. Margir vitnuðu um að hafa farið í ferðalag til himins og heljar og þeir fengið að sjá aðstæður sálna á báðum stöðum.

Á samkomum hennar var einnig nokkuð um að menn sáu í sýn óorðna atburði.¹⁰² Í ævisögu hennar, segir frá atviki sem átti sér stað á samkomu í bænum Syracuse í Indíana haustið 1884. Guð gaf opinberun á þessari samkomu um að einstaklingar í bænum sem hefðu hafnað Guði, væru glataðir. Þegar samkomunni lauk, kom í ljós að hjón sem hafði verið boðið að mæta, en vildu ekki koma, höfðu farið á skauta en ísinn gaf sig og þau drukknuðu í vatninu.

Einnig er frásögn af atburðum sem áttu sér stað í ágúst árið 1886 á samkomu í bænum Anderson í Indíana. Andi Guðs gaf til kynna að margir á samkomunni væru ekki alveg reiðubúnir að gefast Guði. Systir Etter talaði til hópsins og sagði að þetta væri síðasta tækifæri þeirra, til að gefast Kristi. Hún bað Guð um að hrista jörðina, ef það væri það sem þyrfti til að sannfæra viðstadda. Kraftur Guðs kom yfir staðinn og kirkjan fór að hristast vegna jarðskjálfta, sem síðar kom í ljós að átti upptök nálægt bænum Charleston í Suður Karólínu.

Í nóvember árið 1914 fékk Maria lungnabólgu og hélt að hún myndi deyja, en Drottinn gaf henni sýn af sér, sem sigurvegara yfir dauða og sjúkdómum. Þegar í janúar árið eftir, var hún aftur farin að ferðast um og predika. Árið 1918 stofnaði hún kirkju í borginni Indianapolis. Hún hélt þó ferðalögunum áfram og predikaði einkum í Miðvesturríkjunum. Maria Woodworth-Etter andaðist 16. september árið 1924 áttæð að aldri. Maria var einn af fáum predikurum úr helgunarhreyfingunni, sem taldi náðargjafir eins og tungutal eiga heima í kirkjunni. Hún hefur því oft verið kölluð „amma Hvítasunnuhreyfingarinnar.“

Vakningin í Wales



Evan Roberts

Evan Roberts fæddist árið 1878 í bænum Loughor í Wales. Þegar hann var 11 ára fór hann að vinna í kolanámu með föður sínum og starfaði sem námumaður í 12 ár. Evan notaði hverja lausa stund til að biðja og lesa í Biblíunni. Hvern einasta dag bað hann Guð um að nota sig til að frelsa 100 þúsund sálir. Dag nokkurn varð sprenging í námunni og fimm starfsfélagar hans dóu. Evan var að lesa Biblíuna þegar sprengingin varð. Evan sakaði ekki, en blöðin í Biblíunni hans sviðnuðu af eldinum.

Haustið 1904 eignaðist Evan skírni í heilögum anda. Evan fékk leyfi forstöðumannsins í kirkju meþódistna í Loughor (*Moriah Chapel*) til þess að tala við unga fólkið í kirkjunni um komandi vakningu eftir bænastund mánudaginn 31. október 1904. Þegar samkomunni lauk höfðu allir sem sátu á kirkjubekkjunum vitnað um að eiga lifandi trú á Jesú Krist.

Evan sagðist hafa boðskap frá Guði í fjórum liðum:

- Þið þurfið að játa syndir ykkar fyrir Guði og biðja um fyrirgefningu. Ennfremur biðja þá einstaklinga fyrirgefningar sem þið hafið syndgað gegn.
- Þið þurfið að leggja af allt óguðlegt hátterni.
- Þið þurfið að hlýða heilögum anda án tafar.
- Þið þurfið að játa trú ykkar á Jesú Krist opinberlega.

Evan lagði áherslu á að þeim sem hefðu eignast afturhvarf til lifandi trúar, stæði til boða að skírast í heilögum anda. Evan Roberts og fleiri, hófu brátt að ferðast um og predika og mikil vakning braust út. Fréttir af vakningunni breiddust út um allt Wales, m.a. vegna ýtarlegra fréttu í dagblöðum. Talið er að á rúmlega einu ári hafi ríflega 200 þúsund manns í Wales eignast

¹⁰² Bróðir H. C. Mears, var öldungur sem fékk oft að sjá í sýn, atburði framtíðarinnar. Eitt sinn fékk hann að sjá atburði endalokanna í sýn frá Guði: „Ég sá mikla eyðileggingu í heiminum. Það var mikið um þrumur og eldingar, regn, hagl og flóðbylgjur. Jörðin var hjúpuð myrkri, bæði í hinu andlega og náttúrulega. Ég sá mikið af hersveitum og einkennisklæddum hermönnum. Ég sá eldingar koma af himni, sem eyðilögðu heilu húsín. Ég sá hina kristnu, lofa Guð í hvítum klæðum, en sumir voru í hvítari klæðum en aðrir. Þeir sem voru í alhvítum klæðum, voru teknir í burtu úr þessari þrengingu, en aðrir voru skildir eftir. Ég sá dýrið sem lýst er í 13. kafla Opinberunarbókarinnar. Ég sá vottana tvo sem sagt er frá í 11. kafla Opinberunarbókarinnar. Þeir báru nöfnin Enok og Elía.“

Einnig voru vitnisburðir um að menn sáu Jesú Krist sækja brúði sína og einnig sjálfa brúðkaupsveisluna. Sömuleiðis voru vitnisburðir um að menn sáu Jesús koma til jarðarinnar sem konungur konunga, ásamt himneskum hersveitum og hinum heilögu á hvítum hestum.

afturhvarf til lifandi trúar. Vakningin fjaraði snögglega út í Wales, en breiddist út til Kóreu, Frakklands, Indlands og Madagaskar.

Í kolanámunum kom upp nýtt vandamál, því námuhestarnir hættu að skilja skipanir námumanna þegar þeir hættu að blóta.



Samkoma með Evan Roberts í Anglesey, 4. júlí 1905

Rees Howells

Einn þeirra fjölmörgu sem tók þátt í vakningunni í Wales á árunum 1904–1905 var kolanámumaðurinn *Rees Howells*. Hann hafði reyndar eignast afturhvarf til lifandi trúar skömmu áður í Bandaríkjunum. Hann gekk í hjónaband árið 1910. Þegar einkasonurinn Samuel var fæddur, sýndi Guð honum að ef hann gæfi soninn frá sér þá myndi það leiða til þess að 10 þúsund sálir gætu eignast trú í Suður–Afríku. Þau hjónin gáfu frá sér soninn og héldu til Suður–Afríku árið 1915. Þegar þau komu til Suður–Afríku, braust út mikil vakning sem stóð til ársins 1920.

Fjórum árum eftir að þau komu til baka heim til Wales, stofnuðu þau biblíuskóla í bænum Swansea árið 1924.¹⁰³ Guð átti eftir að nota Rees



Biblískólinn í Swansea

Howells ásamt starfsliði og nemendum skólans, með stórkostlegum hætti sem fyrirbiðjendur. Á árunum 1936 – 1945, opinberaði Guð ný og ný bænarefni varðandi þjóðirnar og styrjöldina sem geisaði um alla heimsbyggðina. Hvað eftir annað, gaf Guð sigur gegnum fyrirbæn og lét þau vita að málið væri afgreitt í hinu andlega. Nokkrum dögum síðar gátu þau lesið í dagblöðunum frásagnir af atburðum, sem voru

nákvæmlega eins og það sem Guð hafði opinberað þeim í fyrirbæninni. Guð notaði þannig rúmlega hundrað fyrirbiðjendur í Wales til að hafa áhrif á gang stríðsins.

Eftir stríðið tók við fyrirbæn fyrir framtíð Gyðinga, sem lauk með ályktun Sameinuðu þjóðanna árið 1947 um að stofna sjálfstætt ríki fyrir Gyðinga í Palestínu (fulltrúi Íslands hjá S.Þ., *Thor Thors* gegndi mikilvægu hlutverki við að leysa það mál). Ísraelsríki var síðan formlega stofnað 14. maí árið 1948. Rees Howells andaðist árið 1950.¹⁰⁴

Hvítasunnuvakningin

Rætur hvítasunnuvakningarinnar er að finna í ensku vakningunni á 18. öld. John Wesley hélt því fram, að þeir sem hefðu frelsast og væru stöðugir í trú sinni, gætu vænst þess að eignast skírn í heilögum anda. Skírn í heilögum anda gerði mönnum kleift að eignast nánara samfélag við Guð og leiddi menn á braut helgunar í átt að fullkominun. Smám saman hafði áherslan á helgunina innan meþódistahreyfingarinnar minnkað. Helgunarhreyfingin sem áður er getið, reyndi að breyta áherslum í kirkjustarfi aftur í átt til aukinnar helgunar og hafði töluverð áhrif.

Upphaf hvítasunnuvakningarinnar er að jafnaði rakið til tveggja manna, þeirra *Charles Fox Parham* og *William J. Seymour*. Parham var fyrrverandi meþódistaprédikari og stofnaði biblíuskólann Betel í Topeka í Kansas fylki árið 1900. Hann hvatti nemendur sína til að rannsaka Biblíuna, til að finna út hvort eitthvað gæti staðfest skírn í heilögum anda. Á gamlársdagkvöld

¹⁰³ Einn þekktasti nemandi skólans er trúboðinn *Reinhard Bonnke* frá Þýskalandi, sem einkum hefur starfað að trúboði í Afríku. Bonnke stofnaði trúboðsstarf sem heitir „*Christ for all Nations*.“ Talið er að ríflega 70 milljónir hafi gefist Jesú Kristi á samkomum Reinhard Bonnke.

¹⁰⁴ Ævisaga Rees Howells á ensku heitir: *Intercessor*, höfundur Normann P. Grubb.

árið 1900 hófst áramótavaka í skólanum. *Agnes N. O. LaBerge* (áður *Agnes N. Ozman*) var meðal nemenda í skólanum. Eftir miðnætti, þegar árið 1901 var runnið upp, bað hún Parham um



William J. Seymour

að biðja fyrir sér, að hún mætti eignast skírn í heilögum anda. Þegar beðið var fyrir henni, hóf hún að tala tungumál, sem virtist vera kínverska. Þegar Parham kom til biblíuskólans eftir stutt ferðalag tveimur dögum síðar, var fjöldi nemenda farinn að tala tungum. Parham þótti nærvera Guðs svo yfirþyrmandi, að hann kraup niður til að biðja. Þar meðtók hann skírn heilags anda og fór að tala á tungumálum sem hann kunni ekki. Parham trúði því að úthelling heilags anda og tungutalið væru merki þess, að hinir síðustu tímar væru runnir upp og Jesús Kristur myndi brátt koma aftur til að stofnsetja þúsund ára ríki sitt hér á jörð. Auk þess lagði hann áherslu á helgun, kraftaverkalækningar og kristnið.

Vakningin var bundin við Kansas, þar til Parham stofnaði annan biblíuskóla í borginni Houston í Texas árið 1905. Þangað komu ýmsir menn, sem áttu eftir að verða leiðandi innan hreyfingarinnar, t.d. *Howard A. Goss* og *William J. Seymour*, en hann kom frá helgunarhreyfingunni.

Seymour hélt til Los Angeles í Kaliforníu í mars árið 1906 til að kynna skírn heilags anda fyrir borgarbúum. Þar hófst vakningin mánuði síðar, þegar ung kona *Jennie Moore* að nafni, meðtók heilagan anda og fór að tala í tungum. Brátt bættust fleiri í hópinn, sem fann sér aðsetur í tómrí vöruskemmu (hafði upphaflega verið kirkja meðódist) við Azusastræti í miðborg Los Angeles í apríl sama ár. Næstu árin flyktist þangað fjöldi manns, alls staðar að úr heiminum, til að kynnst vakningunni og meðtaka skírn heilags anda. Samkomur voru haldnar á þessum stað, nær daglega til ársins 1909.



Azusastræti 312

Vakningareldur heilags anda kviknaði um svipað leyti víða um heim. Á Indlandi hófst vakning árið 1905, í Kína árið 1908 og í Chile árið 1909.

Meðódistapresturinn *T.B. Barratt* frá Noregi, ferðaðist til Bandaríkjanna árið 1906, til að safna fé fyrir trúboðsstarf í Noregi. Hann varð fyrir áhrifum af vakningunni og skírðist í heilögum anda árið 1907. Barratt snéri til Noregs og hóf að predika hvítasunnuboðskapinn. Fólk úr öllum kirkjudeildum flyktist á samkomurnar og hóf að tala nýjum tungum. Maður að nafni *A.A. Boddy*, sem var sóknarprestur í borginni Sunderland í Englandi kom í heimsókn til Barratt í Noregi. Þegar hann sneri heim, hófst vakning í hans eigin kirkju, sem síðan átti eftir að breiðast út. Meðal þeirra sem skírðust í heilögum anda á samkomum hans, var maður að nafni *Smith Wigglesworth*, er átti eftir að verða þekktur vegna gjafa trúar og lækningar í hans þjónustu.



Nokkrir af nemendum skólans

Guð læknað heyrnarleysi hjá 35 nemendum í heyrnleysingjaskóla

Kennari í heyrnleysingjaskóla kom með alla nemendur skólans, 35 að tölu á samkomu í Azusastræti. Þar var ungur maður, bróðir Fox, er hafði það sérstaka verkefni að biðja fyrir heyrnarlausum. (Á samkomum í Azusastræti, var notuð sú aðferð að ákveðinn einstaklingur hafði það verkefni að biðja fyrir ákveðnum sjúkdómum.) Þegar Fox bað fyrir heyrnarlausum, hvíslaði hann í eyra þeirra „andi heyrnarleysis, kom út í Jesú nafni!“ Þá heyrðist oft smellur og viðkomandi hafði fengið heyrn!

Þegar Fox hitti heyrnleysingjakennarann, sagði hann: „Af hverju komst þú með þau hingað? Nú verður þú atvinnulaus!“ Kennarinn svaraði: „Þú talar eins og þau eigi öll eftir að lækna.“ Fox svaraði: „Já!, ég vænti þess að sú verði raunin.“ Þar sem kennarinn hafði ekki trú á lækningu, bað Fox hann um að færa sig frá þeim.

Bróðir Fox gaf hópnum merki um að mynda hring og haldast í hendur. Síðan hvíslaði hann í eyra eins þeirra og nemandinn læknaðist samstundis. Þegar hinir nemendurnir sáu félagan sinn læknað, kom eftirvænting í hjarta þeirra og þau fengu öll lækningu, án þess að beðið væri fyrir þeim. Bróðir Fox varð síðar trúboði á Indlandi.

Hvítasunnuhreyfingin

Einn helsti leiðtogi hvítasunnnumanna næstu árin var Howard A. Goss. Hann stofnaði fjölda nýrra safnaða í Texas og Arkansas, auk þess sem hann ferðaðist víða um sem prédikari. Hann var jafnframt einn helsti hvatamaður að stofnun *Assemblies of God* árið 1914, en það er stærsta kirkjudeild hvítasunnnumanna um allan heim. Margar smærri hvítasunnukirkjur kusu þó að vera óháðar, en þær höfðu flestar verið stofnaðar fyrir aldamótin sem helgunarkirkjur og vildu að hver söfnuður réði sér sjálfur undir handleiðslu heilags anda, án þess að vera bundinn af sérstökum játningum eða utanaðkomandi miðstýringu. Aðstandendur *Assemblies of God* töldu hins vegar, að hvítasunnnumenn þyrftu á ákveðnu skipulagi að halda, þar sem slíkt gæti eftir kristnið í fjarlægum löndum.

Hvítasunnnumenn tóku snemma að deila um nokkur mikilvæg kenningarleg atriði, sem urðu til þess að skipta þeim í fylkingar. Það varð til þess, að helstu kirkjur þeirra tóku að skilgreina sjónarmið sín nánar með sérstökum yfirlýsingum og skilyrðum fyrir inntöku nýrra meðlima.

Fyrsti ágreiningurinn varðaði helgun kristinna manna, en þar tókust á tvö andstæð sjónarmið. Annars vegar var talið, að mönnum stæði þrennt til boða og þá í þessari röð: Að endurfæðast til samfélags við Guð, meðtaka gjöf helgunar í eitt skipti fyrir öll og skírast síðan í heilögum anda. Þetta var einkum sjónarmið þeirra hvítasunnnumanna, sem komu úr röðum helgunarhreyfinganna. Hins vegar var talið, að helgunin væri ekki sérstök gjöf Guðs til hins kristna, heldur aðeins þáttur í endurfæðingu hans til samfélags við Guð, sem ætti að móta allt líf hans, þar til fullkomnun væri náð. Því stæði mönnum aðeins tvennt til boða: Að endurfæðast og síðan að skírast í heilögum anda. Þessi kenning, sem nefnd var „fullnaðarverkið á Golgata“, kom upphaflega frá E. W. Kenyon¹⁰⁵, en William H. Durham, sem var áhrifamikill safnaðarleiðtogi hvítasunnnumanna í Chicago kom henni rækilega til skila bæði í ræðum og tímaritinu „*The Pentecostal Testimony*“. Meirihluti leiðtoga hvítasunnnumanna aðhylltist þessa kenningu fljótlega, þar á meðal Howard A. Goss. *Assemblies of God* tók því upp sjónarmið Durhams.

Annar ágreiningur sem kom upp, varðaði skírnarorð kristinna manna og þrenningarlærdóminn. Þegar einn af leiðtogum hvítasunnnumanna, R.E. McAlister að nafni gat þess í skírnarræðu á fjölmennu móti vorið 1913, að í Postulasögunni væri aðeins talað um skírn í Jesú nafni en ekki í nafni föður, sonar og heilags anda eins og í Matteusarguðspjalli, vakti það athygli margra viðstaddra og tóku þeir að velta þessu misræmi fyrir sér. Ári síðar komst einn þeirra, Frank J. Ewart, að þeirri niðurstöðu, að þar sem „nafn“ föður, sonar og heilags anda væri í eintölu, hlyti það einfaldlega að vísa til nafnsins Jesús.¹⁰⁶ Ewart sannfærðist jafnframt um, að Guð væri ekki þrí-einn, heldur aðeins ein persóna, sem hefði opinberað sig sem faðir, sonur og heilagur andi á ýmsum tímaskiðum og væri Jesús Kristur sú persóna. Þetta rökstuddi Ewart m.a. með þeim orðum Páls postula, að í Jesú Kristi byggji öll fylling guðdómsins líkamlega (Kól. 2:9). Faðirinn, sem væri heilagur andi, dveldi því í mannlegum líkama, sem teldist sonur hans. Þessi kenning er ýmist kölluð „*Jesus only*“ eða „*onenessism*“ á ensku, en það má þýða á íslensku sem „einhyggja“ eða „einhyggjukenningin.“

Enda þótt Ewart hafi verið sá sem mótaði þetta trúaratriði einhyggjusinna, var kenningin ekki að öllu leyti ný af nálinni. Undir lok annarrar aldar e.Kr. kom fram kenning, er kallast háttarhyggja (*modalism*). Sú kenning gengur út á að Guð sé aðeins ein persóna, sem hafi tekið

¹⁰⁵ Essek William Kenyon (1867–1948) var áhrifamikill baptistapredikari og rithöfundur, sem starfaði einnig meðal hvítasunnnumanna. Hann hafnaði kenningum meþódista um að frelsisverkið kæmi í tveimur eða þremur áföngum. Kenyon var upphafsmaður að kenningunni um „fullnaðarverkið á Golgata“ sem átti eftir að verða vinsæl meðal hvítasunnnumanna. Kenyon lagði áherslu á að hinn endurfæddi maður, væri ný sköpun í Kristi, sem hefði vald frá Guði til að tala út orð trúarinnar og þyrfti að höndla fjársjóð fyrirheita hins nýja sáttmála sem Kristur hefði greitt dýru verði á Golgata. Ný sáttmálinn væri órjúfanlegur blóðsáttmáli og kvöldmáltíðin væri vitnisburður um mikilvægi hans. Kenyon lagði áherslu á að maðurinn væri í eðli sínu andleg vera, sem þyrfti að taka við sigri Krists á hinu andlega sviði er fæli í sér fyrirheit um andlegt og líkamlegt heilbrigði. Kenningar hans áttu eftir að hafa mikil áhrif á fjölda predikara, eins og John Alexander Dowie, John G. Lake, Fred F. Bosworth, T.L. Osborn, Kenneth Hagin o.fl. Kenningar Kenyon mynduðu grunninn að kenningum trúarhreyfingarinnar síðar á öldinni.

¹⁰⁶ Nafnið Jesús (hebr. *Yeshua*) er stytting á nafninu Jósúa (hebr. *Yehoshua*). Yehoshua er samsett af Ye(hovah) og sögninni *lehoshiah*, sem merkir að frelsa, þ.e. Guð frelsari.

háttarskiptum með því að opinberast sem faðir, sem sonur og heilagur andi. Tertúllíanus kirkjufaðir mótmælti þessari kenningu harðlega og var hún að lokum lýst villukenning af kirkjunni.

Þegar Ewart kynnti síðan þessa niðurstöðu sína um guðdóminn og nafn hans í ræðu og riti vorið 1914, vakti hún strax ákafar deilur. Þar sem fjölmargir kristniboðar voru áskrifendur að tímariti hans „*Meat in Due Season*“, fengu sjónarmið hans hins vegar góða kynningu víða um heim.

Þúsundir hvítasunnumanna tóku nú endurskrín til Jesú nafns, þar á meðal Howard A. Goss og *E.N. Bell*, en þeir voru báðir leiðtogar Assemblies of God. Reyndar hafði Parham tekið að skíra í Jesú nafni fljótlega upp úr aldamótum, en það hafði hins vegar ekki vakið neina eftirtekt að ráði. Þrátt fyrir þetta hélt meirihluti leiðtoga Hvítasunnumanna enn tryggð við skín í nafni þrenningarinnar og *J.R. Flower* var einn helsti talsmaður hennar, en hann var ásamt þeim Goss og Bell leiðtogi Assemblies of God.

Síðla árs 1916 kom Flower því svo til leiðar, að samþykki þrenningarlærdómsins var gert að skilyrði fyrir inngöngu í Assemblies of God og var þá öllum vikið brott, sem ekki viðurkenndu hann eða vildu aðeins skíra í nafni Jesú. Af 585 safnaðarleiðtogum samtakanna voru því 156 reknir burt. Hinir brottreкну mynduðu þá ný samtök í samstarfi við annan hóp sjálfstæðra hvítasunnumanna og var Goss einn af forystumönnum þeirra, en Bell hafði snúist aftur til fylgis við þrenningarskírninga. Á árunum 1924–25 klofnuðu þau samtök síðan í þrennt. Tuttugu árum síðar sameinuðust flestir einhyggjusinnar á ný í *United Pentecostal Church*, en hún er önnur fjölmennasta deild hvítasunnumanna í heiminum. Auk þess er til fjöldi smærri hvítasunnukirkna, sem teljast einnig til einhyggjusinna. Talið er að um fjórðungur hvítasunnumanna í Bandaríkjunum, séu einhyggjusinnar.

Fyrstu tvo áratugina höfðu flestar deildir hvítasunnumanna í Bandaríkjunum bæði hvíta og litaða meðlimi, en klofnuðu eftir kynþáttum á þriðja áratug 20. aldar.

Þegar leið að síðari heimsstyrjöld fóru leiðtogar Assemblies of God að leita eftir nánara samstarfi við aðrar kristnar kirkjudeildir og fengu þeir smám saman viðurkenningu flestra þeirra. Ýmsum meðlimum Assemblies of God, þótti starfsemin hins vegar vera orðin full stofnanakennd á þessum tíma. Þegar mikil vakning braust út í lok seinna stríðs, gripu ýmsir prédikarar tækifærið og stofnuðu sínar eigin hreyfingar og kirkjur, svo sem *Oral Roberts* og *A.A. Allen*.

Segja má að Assemblies of God hafi öðlast fulla viðurkenningu sem kristin kirkjudeild eftir að hún komst undir stjórn *Thomas F. Zimmerman* árið 1959, en hann lagði megináherslu á að efla þverkirkjulegt samstarf og trúboð. Með árunum hafa fjölmargar stefnur þróast meðal hvítasunnumanna og náðargjafasinna og er talið að þær séu nú um 11.000 talsins.

Í dag teljast hvítasunnumenn ásamt ýmsum náðargjafahreyfingum, fjölmennasta fylking mótmælenda í heiminum með 640 milljónir fylgjenda (2020), sem starfa í flestum kirkjudeildum.

Aimee Semple McPherson

Fjölmargir predikarar hafa náð eyrum Bandaríkjamanna í gegnum árin, en fáir öðlast jafn miklar vinsældir og *Aimee Semple McPherson*. Aimee fæddist árið 1890 í Ontario í Kanada. Faðir hennar var bóndi en móðir hennar starfaði í Hjálpræðishernum. Móðir hennar *Minnie* þurfti að sinna fjölskyldu sinni og gat því ekki tekið fullan þátt í starfi hersins, en gaf dóttur sína til þjónustu við Guð með þessum orðum: „Ég gef þessa dóttur skilyrðislaust til þjónustu við Guð, svo hún mætti predika það orð sem ég hefði átt að predika, fylla það skarð sem ég hefði átt að fylla og lifa því lífi sem ég hefði átt að lifa í þinni þjónustu.“

Aimee eignaðist trú árið 1907, á samkomu í heimabæ hennar með hvítasunnupredikaranum *Robert Semple*. Aimee skírðist í heilögum anda, talaði tungum og fann að hún var kölluð til þjónustu. Aimee og Robert gengu í hjónaband árið 1908. Robert fékk köllun til að starfa sem trúboði í Kína og fluttu þau hjónin til Hong Kong árið 1910. Á leiðinni til Hong Kong, stoppuðu þau í London, þar sem Aimee predikaði í fyrsta sinn í Royal Albert Hall, yfir 15 þúsund áheyrendum. Aimee sagðist ekki hafa talað af eigin rammleik, ræðan hefði alfarið komið frá heilögum anda. Robert lést úr blóðkreppusótt aðeins tveimur mánuðum eftir komuna til Hong

Kong. Aimee fæddi dóttur í Kína sem fékk nafnið *Roberta*. Þær mæðgurnar fluttu fljótlega aftur til Bandaríkjanna og settust að í New York. Aimee starfaði með móður sinni fyrir Hjálpræðisherinn í New York.




Aimee Semple McPherson

Aimee giftist árið 1912 *Harold McPherson* með því skilyrði að ef svo færi að Guð kallaði hana til þjónustu, þá myndi hún fara. Þau hjónin eignuðust árið 1913 son sem fékk nafnið *Rolf*. Aimee varð alvarlega sjúk eftir fæðingu sonarins. Hún fékk botnlagnabólgu og var ekki hugað líf. Fársjúk heyrði hún rödd Guðs segja: „*Viltu nú fara?*“ Hún skildi það svo, að annað hvort færi hún í þjónustu eða yfir í eilífðina. Í þessari upplifun hét hún Guði því að fara út með fagnaðarerindið. Þau hjónin tóku ákvörðun árið 1915 að ferðast um, halda samkomur og predika. Árið 1919 hófu þau samkomuherferð í Los Angeles, sem átti eftir að gera hana þjóðþekkta innan 12 mánaða. Árið 1921 gerðist kraftaverk á samkomu í bænum San Diego, þegar eldri kona stóð upp úr hjólastól og fleiri fylgdu á eftir sem svipað var ástatt um.

Kraftaverkin héldu áfram og samkomurnar urðu sífellt fjölmennari. Stöðug ferðalög áttu ekki við Harold, svo árið 1921 ákváðu þau Aimee að skilja í kyrrþey.

Árið 1922 skilgreindi hún í fyrsta sinn, kenninguna um „*fjögurra sanninda fagnaðarerindi*“ (*foursquare Gospel*). Spámaðurinn Esekíel lýsir í 1. kafla spádómsbókar sinnar, fjórum verum og hver þeirra hefur fjögur andlit (mannsandlit, ljónsandlit, nautsandlit og arnarandlit). Aimee taldi að þessi andlit opinberuðu fjóra grunnþætti fagnaðarerindis Jesú Krists. Jesús væri; frelsari,



Póstkort sem sýnir Aimee, Angelus Temple og mastur útvarpsstöðvarinnar

sá er skírur í heilögum anda, læknir og komandi konungur. Aimee hafði dramatískan predikunarstíl og íburðarmikla umgjörð á samkomum sínum.

Árið 1922 lét hún og móðir hennar Minnie er sá um skipulag og rekstur starfsins reisa kirkju í Los Angeles sem fékk nafnið „*Angelus Temple*“. Kirkjan sem tekur 5300 manns í sæti var vígð 1. janúar árið 1923. Árið 1924 setti hún á stofn kristilega útvarpsstöð KFSG (*Kall Four Square Gospel*), sem útvarpaði frá samkomum og einnig predikunum. Hún stofnaði árið 1926 Biblíuskóla sem heitir „*Lighthouse of International Foursquare*

Evangelism (LIFE).“ Skólinn hefur útskrifað ríflega 3 þúsund hvítasunnutrúboða. Árið 1935 útskrifaðist Theodore M. Hicks úr skólanum, en hann varð síðar þekktur sem lækningapredikarinn *Tommy Hicks*.

Árið 1926 hvarf Aimee í fimm vikur. Hún birtist aftur í Mexíkó og hélt því fram að sér hefði verið rænt og henni haldið fanginni í eyðimörkinni.

Kirkja hennar sinnti víðtæku hjálparstarfi, einkum í kreppunni, þegar söfnuðurinn deildi út einni milljón matarskammta og hjálpaði fjölmörgum um föt og aðrar nauðsynjar.

Árið 1931 giftist hún tenórsöngvaranum *David Hutton*, en þau skildu þremur árum síðar. Aimee náði meiri árangri en nokkur annar predikari á þeim tíma, í því að koma fagnaðarerindinu til skila gegnum fjölmiðla.

Árið 1927 þegar kom hún til New York var henni boðið í einn af klúbbum fína fólksins sem hét 300 klúbburinn. Þar var blaðamaður sem kallaði upp yfir alla í gríni að Aimee ætti að fá að tala. Kófdrukknir gestir staðarins létu það gott heita. Aimee stóð upp og sagði:

„Að baki þessum fallegu fötum, handan við þessa góðu tíma, handan þessara fallegu bygginga ykkar, verslana og lystisemda bíður annað líf. Það er eitthvað sem bíður handan við. *„Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn, en fyrirgjöra sálu sinni?“* Í

öllum þessum auðæfum, skemmtunum og góðæri gleymið ekki að það er til Drottinn. Þið þurfið mest af öllu að taka við Honum í hjarta ykkar.“

Aimee átti við erfiðleika að stríða því ýmsir vildu stjórna henni og um leið starfinu sem leiddi til þess að hún fékk nokkrum sinnum taugaáfall. Aimee andaðist í september árið 1944 af of stórum skammti svefnlyfja. Sonurinn *Rolf McPherson* tók við forstöðu starfsins eftir dauða móður sinnar. Í dag eru 76 þúsund kirkjur víðs vegar um heiminn sem tilheyra „*The International Church of the Foursquare Gospel (ICFG)*“ hreyfingunni, með um 9 milljónir meðlima.

Keswick ráðstefnan

Fyrsta *Keswick ráðstefnan* var haldin í tjaldi sumarið 1875, af sóknarprestinum *T.D. Harford-Battersby* í bænum Keswick í vatnahéraðinu Kumbriu í Bretlandi. Kjörorð ráðstefnunnar er: „Allir eru eitt í Kristi Jesú.“ Ráðstefnan stóð í fimm daga (frá mánudegi til föstudags) og þátttakendur voru ríflega 400. Ráðstefnan var frá upphafi undir áhrifum helgunarhreyfingarinnar (*higher life*) og þekktra vakningarleiðtoga eins og John Wesley og Charles Finney. Kalvínsk guðfræði og ráðstöfunarkenningin hafa verið áberandi hjá predikurum á þessari ráðstefnu.



Keswick ráðstefnan árið 1927

Innan helgunarhreyfingarinnar var sú skoðun ríkjandi, að frelsisverkið væri tvíþætt: Fyrst þyrftu menn að frelsast með því að gefast Jesú Kristi og síðan þyrftu menn að höndla hina kristnu göngu með því að helga líf sitt, eignast sigur yfir syndunum (*deyja syndinni*) og lifa fyrir Krist.

Keswick ráðstefnan hefur lagt sérstaka áherslu á kristniboð og haft víðtæk áhrif á því sviði, sérstaklega í nýlendum Breta. Fjölmargir hafa farið út á kristniboðsakerinn, eftir að hafa tekið þátt í ráðstefnunni í Keswick.

Billy Graham var ræðumaður við hátíðahöld á 100 ára afmæli ráðstefnunnar árið 1975.

Árið 1969 var annarri viku bætt við ráðstefnuna, svo þátttakendur hefðu einnig tíma til að skoða sig um í héraðinu. Árið 2001 var þriðju vikunni bætt við, sem einkum er ætluð fyrir unglinga og fólk með börn.


Í dag er Keswick ráðstefnan enn haldin árlega í tjaldi síðari hluta júlímánaðar og þátttakendur eru um fimmtán þúsund.

Vakning í Kóreu

Fyrsti kristni trúboðinn sem sögur fara af í Kóreu, var Jesúitapresturinn *Gregorious de Cespedes*, sem kom til landsins árið 1593. Þegar kaþólsk trú fór að breiðast út í landinu á fyrri hluta 19. aldar leist yfirvöldum ekki á blikuna, því páfinn hafði bannað forfeðradyrkun meðal kaþólskra. Ráðamenn töldu að kaþólsk trú væri ógn við ríkjandi hefðir í landinu. Hófust þá ofsóknir gegn kristnum í landinu, sem náðu hámarki árið 1866, þegar 8 þúsund kaþólikkar voru teknir af lífi og álíka margir dóu úr hungri, er þeir flúðu til fjalla. Sama ár reyndi trúboðinn *Robert J. Thomas* frá Wales sem starfaði í Kína fyrir trúboðsfélag Lundúna, að flytja Biblíur á Kínversku til Kóreu. Skipið sem flutti hann var bandarískt vopnað kaupfar *USS General Sherman*. Skipið sigldi upp fljótið *Taedong*, en strandaði skammt frá höfuðborginni *Pyong-Yang*. Eftir að skipverjar hófu átök við kóreska hermenn, gerði kóreski herinn árás og kveikti í skipinu. Robert henti Biblíunum á árbakkann og var síðan tekinn af lífi. Yfirvöldin gáfu út skipun um að eyða Biblíunum, en íbúunum þótti það soun og sumir nýttu blaðsíðurnar sem veggfóður. Allmargir Kóreubúar komust til trúar, við að lesa þessar Biblíur eða biblíuvers á veggfóðri úr þeim. Um svipað leyti hófst trúboð mótmælenda í landinu. Var þar einkum um að ræða bandaríska trúboða frá öldungakirkjunni og meþódistum. Trúboðar á vegum meþódista héldu sjö daga ráðstefnu í ágúst árið 1903 í borginni *Wonsan*. Aðalræðumaður á ráðstefnunni var *Dr. Robert A. Hardie* læknir og trúboði frá Kanada. Hardie ræddi um harðúð hjartans og játaði

opinberlega þá synd að hafa litið niður á íbúa Kóreu. Þegar aðrir á ráðstefnunni gerðu slíkt hið sama, braust út vitjun heilags anda. Eftir eitt ár, höfðu 10 þúsund Kóreubúar gefist Jesú Kristi.

Árið 1906 tóku trúboðar frá öldungakirkjunni og meþódistakirkjunni sem heyrt höfðu af vakningunni í Wales árið 1905 að biðja fyrir því á hverjum degi að vakningareldur kviknaði í



Bænastund í kirkju meþódista í Pyong-Yang á fyrsta eða öðrum áratug 20. aldar.

Kóreu. Þann 14. janúar 1907 söfnuðust 1500 manns saman á árlegri biblíuráðstefnu öldunga-kirkjunnar í höfuðborginni og mikill bænarandi kom yfir þátttakendur. Þetta varð upphafið að fjölsóttum biblíulestrar- og bænasamkomum sem hafa einkennt kirkjustarf í Kóreu upp frá því. Talið var að um mitt ár 1907 hefðu 30 þúsund manns eignast afturhvarf til lifandi trúar. Á sama tíma var kristið fólk ofsótt af Japönnum, sem réðu landinu. Árið 1911 hafði mótmælendum í Kóreu fjölgað í 200 þúsund. Pyong-Yang var kölluð Jerúsalem austursins.

Fyrir heimsstyrjöldina síðari bjuggu 2/3 kristinna Kóreubúa í

norðurhluta landsins. Í Kóreustríðinu 1950–1953, flúðu flestir hinna kristnu suður. Eftir Kóreustríðið (1955–1990) hófst öflug vakning í suðurhlutanum meðal kaþólikka og mótmælenda, sem leiddi til þess að í dag eru 29% íbúanna kristnir (9% kaþólskir og 20% mótmælendur). Kristindómurinn í Suður-Kóreu hefur einkennst af sterku bænalífi og öflugu trúboði heima og erlendis. Í höfuðborginni Seoul starfa 6 af 10 fjölmennustu kristnu söfnuðum í heiminum. *David Yonggi Cho* stofnaði þar árið 1958 hvítasunnusöfnuð (*Yoido Full Gospel Church*), sem er stærsti söfnuður í heimi með 830.000 meðlimi. Kirkjan hefur komið upp aðstöðu til bæna á svokölluðu bænaþjalli í klukkutíma fjarlægð frá Seoul. Þar er aðstaða til að taka á móti allt að 10 þúsund manns, í litlum bænaklefum.



Bænaklefar á bænaþjallinu í Suður-Kóreu

Vakningareldur víða um heim á fyrri hluta 20. aldar

Árið 1914 byrjaði heilags anda vakning í Belgíska Kongó (nú Lýðveldið Kongó).

Í Rússlandi var mikil úthelling heilags anda frá upphafi byltingar kommúnista árið 1917 fram til ársins 1927. Lifandi kirkjustarf stórkjóst. Til dæmis fjölgaði baptistum úr nokkrum þúsundum í 100.000 á þessum áratug. Á sama tíma var heiftarleg ofsókn af hálfu ríkisstjórnar kommúnista.

Árið 1936 hófst innan vébanda ensku kirkjunnar svokölluð *Austur-Afríkuvakning* á trúboðsstöð í bænum *Gahini* í Rúanda. Vakningin breiddist út til nágrannaríkjanna Burundi, Úganda, Tansaníu, Kenía og Kongó. Boðunin var keimlík því sem predikað var á Keswick ráðstefnunni í Englandi. Vakningin hafði mikil áhrif til endurnýjunar innan flestra kirkjudeilda mótmælenda í þessum löndum. Vandamál kirkjunnar var að meirihluti klerka og

safnaðarmeðlima voru af annarri kynslóð kristinna í landinu og fylgdu Kristi aðeins að nafninu til, sem leiddi til þess að helsti munurinn á heiðingjum og kristnum var sá að kristnir reyndu að fela syndir sínar. Í þessari vakningu var sú skoðun ráðandi að menn þyrftu að gefast Jesú Kristi af heilum hug og játa syndir sínar opinberlega. Kristinn maður væri sá sem hefði gert iðrun, gefist Kristi og heilagur andi bæri sýnilegan ávöxt í lífi hans. Í vakningunni var lögð áhersla á að einstaklingurinn þyrfti að endurfæðast og eignast nýtt líf í Kristi. Vakningin hafði einnig áhrif í mörgum skólum sem trúboðssamtök höfðu komið upp. Vakningin leiddi fólk til róttækrar iðrunar, gaf því löngun til að helga líf sitt og vinna að útbreiðslu trúarinnar. Kristið fólk setti miklum ofsóknum í Úganda á áttunda áratugnum, í valdatíð *Idi Amin* sem var múslimi. Þótt töluverð vakning sé enn í þessum löndum, hefur dregið úr krafti hennar frá því sem áður var.

H A Baker



H A Baker

Harold Armstrong Baker (þekktari sem *H A Baker*) var bandarískur rithöfundur og trúboði sem starfaði í Tíbet, Kína og Taiwan. Árið 1911 fór hann ásamt eiginkonu sinni, *Josephine* til Kína í trúboðserindum. Eftir tveggja ára nám í kínversku, fluttu þau til bæjarins Batang við landamærin að Tíbet. Eftir fimm ára starf í Batang þurftu þau að flytja til Bandaríkjanna vegna veikinda *Josephine*. Í Bandaríkjunum kynntust þau hvítasunnuvakningunni og skírðust í heilögum anda.

Árið 1924 fluttu þau aftur til Kína, sem hvítasunnutrúboðar á eigin vegum og hófu starf í bænum Kotchiu (nú Gejiu) í Yunnan héraði. Þar stofnuðu þau munaðarleysingjahæli fyrir drengi sem fékk nafnið „*Adullam Rescue Mission*.“ Fljótlega hófst vakning meðal drengjanna á munaðarleysingjahælinu með þeim hætti að þeir upplifðu sýnir þar sem þeir fengu að sjá ýmislegt í hinum andlega heimi m.a. illa anda og engla. Drengirnir fengu einnig að sjá aðstæður sálna sem komnar voru til himna svo og þeirra sem komnar voru til heljar. Sömuleiðis fengu þeir að sjá

atburði endalokanna líkt og í kvikmynd. Einnig fengu þeir að fara til himnaríkis í sýn. Þar sáu þeir hina himnesku Jerúsalem, engla fljúga og hina heilögu eiga samfélag við Krist og englana. Hápunkturinn var þegar börnin fengu að koma í fylgd engla, að hásæti Krists.

Árið 1932 hófu Baker hjónin trúboðsstarf meðal þjóðflokka (*Miao* og *Yi*) í fjallabyggðum í suðvesturhluta Yunnan héraðs og braust út mikil vakning á svæðinu. Þegar bylting kommúnista hófst árið 1949, voru þau neydd til að yfirgefa landið. Afrakstur starfsins voru 40 kirkjur í Yunnan héraði. Harold og *Josephine* fluttu til Bandaríkjanna og hófu fyrst trúboð meðal indíána, en fluttust síðan til *Taiwan* og stunduðu þar trúboð meðan þeim entist ævin.

Baker skrifaði nokkrar bækur um vakninguna meðal drengjanna og trúboðsstarfið í Kína. Hann skrifaði einnig bækur með vitnisburðum fólks sem farið hafði til himna eða heljar.¹⁰⁷

Sonarsonur Baker hjónanna, *Rolland Baker* stofnaði ásamt eiginkonu sinni *Heidi Baker*, trúboðsstarf árið 1980. Árið 1995 hófu þau starf í Mósambík í Afríku og reka þar m.a. munaðarleysingjahæli og hjálparstarf sem heitir „*Iris Global*“. Trúboðsstarf *Rolland* og *Heidi Baker* hefur stofnað ríflega 1800 kirkjur, flestar í Austur-Afríku.

Dietrich Bonhoeffer

Dietrich Bonhoeffer var einn þekktasti þýskumælandi guðfræðingur 20. aldar. Hann skrifaði m.a. bók, sem í enskri þýðingu heitir „*The Cost of Discipleship*“ (1937), þar sem hann leggur áherslu á að líf hins sannkristna manns verði að vera í samræmi við fagnaðarerindi Jesú Krists. Þótt frelsið í Kristi sé ókeypis, muni trúarganga hins sanna lærisveins kosta hann allt. Bonhoeffer hafnaði ódýrum náðarboðskap. Það sé fólksk boðun að telja fólki trú um að hægt sé að taka við náð Guðs og halda síðan áfram óhlýðnum, eigingjörnum og syndugum lífsmáta.

„Við Lúteranar höfum safnast líkt og ernir kringum hræið af hinum ódýra náðarboðskap, og þar höfum við drukkið eitrið sem drepur lífið er felst í því að fylgja Kristi.“ „Ódýr náðarboðskapur, er predikun um fyrirgefningu án iðrunar, skírín án aga..., ódýr náðarboðskapur er náð án þess að gerast lærisveinn, náð sem er án krossins, náð án þess að koma til Jesú Krists.“ — „Ódýr náð er hættulegasti óvinur kirkjunnar... Baráttan verður einungis einhvers virði, þegar menn greiða fullt gjald.“ — „Sá sem á raunverulega trúarsannfæringu, hlýðir Kristi... Sérhver

¹⁰⁷ Meðal þeirra bóka sem H A Baker skrifaði má nefna: „*Visions Beyond the Veil*“ (1938), „*God in Ka Do Land*“ (1937), „*Seeking and Saving*“ (1940), „*Heaven and the Angels*“, „*Plains of Glory and Gloom*“, „*They Saw Hell*“ og sjálfsævisöguna „*Under His Wings*“.



Dietrich
Bonhoeffer

köllun sem er frá Jesú Kristi, er köllun sem felur í sér að deyja.“ „*Sá sem ætlar að finna líf sitt, týnir því, og sá sem týnir lífi sínu mín vegna, finnur það.*“ (Matt. 10:39)

Bonhoeffer hélt því fram að kirkjan ætti að byggjast á einlægri trú, ekki trúrækni. Kirkjan ætti að vera samfélag heilagra sem eru lærisveinar Krists í orði, verki og allri hegðun — lærisveinar sem lifa fyrir aðra. Kirkjan ætti að starfa á öllum sviðum samfélagsins. „Köllun hins kristna manns, er aldrei lengra í burtu en næsti samferðamaður sem er í neyð.“

Bonhoeffer var einn af stofnendum og leiðtogum *Játningarkirkjunnar*. Hún var fremur fálíðaður hópur af Lúterskum kirkjum í Þriðja ríkinu sem störfuðu á grundvelli *Barmen yfirlýsingarinnar*. Í Barmen yfirlýsingunni er lögð áhersla á að Kristur sé höfuð kirkjunnar en ekki Foringinn. Meirihlutinn innan Lútersku kirkjunnar í landinu (25 umdæmi af 28) sem starfaði undir heitinu „*Deutsche Christen*“ taldi hins vegar að kirkjan ætti að vera hlýðin stjórnvöldum landsins, m.a. með því að fjarlægja allt sem minnti á gyðingdóm úr kirkjulegu starfi. Bonhoeffer varð þekktur fyrir baráttu sína gegn nasistum í Þýskalandi. Hann var handtekinn árið 1943 og tekinn af lífi árið 1945.

Árið 2015 var bókin *Fangelsisbréfin* gefin út á Íslandi. Bókin inniheldur allmörg bréf sem Bonhoeffer skrifaði meðan hann var í fangelsi.

Lækningavakning eftir lok síðari heimsstyrjaldar

Ný vakning hófst í Bandaríkjunum eftir lok síðari heimsstyrjaldar. Helsti leiðtogi þessarar vakningar var lítt þekktur prédikari *William Marrion Branham* að nafni. Branham starfaði fyrst innan baptistahreyfingarinnar, en fljótlega stofnaði hann sjálfstæðan söfnuð í Jeffersonville í Indíanafylki. Hann vildi láta kalla sig bróður Branham, því kristið fólk væri bræður og systur í Jesú Kristi.

Sumarið 1933, þegar bróðir Branham var að skíra fólk í Ohioánni eftir vakningarsamkomur og nálægt 4.000 manns stóðu á bakkanum í sól og heiðskíru veðri, þá leiftraði skyndilega ljós á himni. Frá þessu ljósi kom mikill hvinur eða þytur sem allir urðu varir við. Síðan heyrði bróðir Branham rödd tala. Röddin sagði: „*Eins og Jóhannes skírari var sendur sem fyrirrennari fyrri komu Krists, svo munt þú verða sendur og boðskapur þinn verður fyrirrennari endurkomu Krists.*“ Bróðir Branham sagði að árið 1946, hefði engill Drottins komið til sín. Engillinn hefði sagt, að bróðir Branham mundi fá tvö tákn frá Guði, eins og Móse, til að sanna að það sem hann talaði út væri satt. Fyrri táknið var þannig, að hann gæti greint sjúkdóma, eftir því hvernig þeir fengju hönd hans til að bóligna upp. Ef bólignan hvarf eftir að hann hafði beðið fyrir viðkomandi, gat hann fullyrt að hinn sami hefði læknað. Engillinn sagði einnig, að hann mundi síðar geta sagt fólki leyndardóma hjarta þess, (sem enginn vissi nema Guð og viðkomandi einstaklingur).

108

¹⁰⁸ Predikarinn *Jack Coe*, var einn af þeim sem tók þátt í lækningavakningunni. Eftirfarandi er frásögn hans af atburðum sem hann varð vitni að á samkomu William Branham:

„Ég var með tjaldsamkomu í borginni San Antonio, þegar ég frétti af predikara sem hét William Branham, er væri að biðja fyrir sjúkum og hefði þá gjöf frá Guði, að geta sagt fólki frá atvikum sem enginn vissi um nema Guð og viðkomandi einstaklingur. Þegar mér var sagt frá þessu, hélt ég fyrst að þetta væri spásagnarandi. Ég ákvað að komast að því sjálfur, hvað hér væri að gerast, þar sem hann var með samkomu í sömu borg. Ég fór á samkomu hjá Branham og sá að hann var að greina frá ýmsu í lífi þeirra einstaklinga sem beðið var fyrir og lýsa því síðan yfir að þeir væru læknaðir. Þarna var beðið fyrir manni sem hafði ekki augu, aðeins tómar augnatóttir. Branham sagði við manninn að augu kæmu til með að myndast innan þriggja daga. Ég hugsaði með mér: „Það getur hver sem er gefið svona yfirlýsingu.“ Þegar Branham yfirgaf samkomuna, eftir að hafa lokið við að biðja fyrir sjúkum, þá gekk hann fram hjá þeim stað þar sem ég sat. Hann stoppaði, lagði hendur yfir mig og bað í hljóði. Síðan sagði hann: „Þú hefur efasemdir um hvort þetta sé frá Guði eða ekki. Ég vil láta þig vita að þetta er frá Guði og við erum báðir að berjast við sama óvin. Haltu áfram með vakningarsamkomurnar, því þú hefur einnig verið kallaður til að biðja fyrir sjúkum.“ Að þremur dögum liðnum, ákvað ég að kanna hvað hefði gerst hjá manninum sem vantaði augun. Það var komið hádegi þegar ég fann hann. Þá sá ég að augu höfðu myndast, en hann var enn blindur. Síðan fór maðurinn að sofa og svaf til klukkan 7 um kvöldið. Þegar hann vaknaði fór hann að hlaupa um og lofa Guð, vegna þess að hann hafði fengið sjónina. Frá þeim degi, vissi ég að William Branham væri ekki venjulegur predikari, hann hefði einstaka köllun frá Guði fyrir okkar tíma.“

Bróðir Branham hélt vakningarsamkomur sem fljótlega vöktu þjóðarathygli fyrir stórkostleg lækningakraftaverk. Daufir heyrðu, lamaðir gengu, krabbamein hurfu og dauðvona fólk í sjúkrahúsum reis upp alheilbrigt.

Þeir sem fylgdust með þessum samkomum gerðu sér fljótlega grein fyrir því að hér var á ferðinni kröftugri snerting Guðs, til að lækna fólk, en menn höfðu áður séð. Hér virtist Guð starfa með sama hætti og sagt er frá í guðspjöllunum og Postulasögunni. Margir prédikarar gengu til liðs við þessa nýju vakningu. Má þar nefna Oral Roberts,¹⁰⁹ A.A. Allen, T.L. Osborn, Ern Baxter, Gordon Lindsay o.fl.



William Marrion Branham
í Sam Houston Coliseum
24. janúar 1950

Til að fleiri fengju að vita um hin stórkostlegu kraftaverk, sem Guð gerði fyrir hendur William Branham og fleiri prédikara, hóf Gordon Lindsay að gefa út mánaðarlegt tímarit, sem nefndist „*The Voice of Healing*.”¹¹⁰

Árið 1950 fór bróðir Branham í samkomuherferð til Skandinavíu. Leiðin lá um London og var hann beðinn um að biðja fyrir Georg 6. Bretakonungi, sem átti orðið erfitt með gang, vegna æðapregsla í fótum (*Buerger's* sjúkdómur). Bróðir Branham fór til Buckinghamhallar, bað fyrir konungi og fékk hann þegar fullkominn bata af sjúkdómi sínum, þannig að konungur gat spilað 18 holur í golfi tveimur dögum síðar.

Í Finnlandi gerðist sá atburður, að bróðir Branham kom að umferðarslysi, þar sem ungur drengur hafði látist. Bróðir Branham bað fyrir drengnum og Guð reisti hann upp frá dauðum.

Árið 1951 fór bróðir Branham í samkomuherferð til Suður-Afríku. Gífurlegur fjöldi sótti þessar samkomur og þar áttu sér stað fjölmörg stórkostleg kraftaverk. Þar gerðist það, að þrjátíu þúsund manns tóku á móti Jesú Kristi sem frelsara sínum á einu kvöldi.

Vakningin náði hámarki sínu á árunum 1956 – 1957.

Bróðir Branham var talsmaður fyrirhugunarkenningarinnar, líkt og margir prédikarar baptista. Hann boðaði, að samkvæmt Postulasögunni bæri að skíra fólk til nafns Jesú Krists. Hann hélt því einnig fram að það væri á móti orði Guðs, að konur tækju að sér prédikun og hlutverk safnaðarleiðtoga og þær ættu að klæðast með siðprúðum hætti.

Varðandi deilur hvítasunnumanna um einingu eða þrenningu Guðdómsins, sagði bróðir Branham, að báðir aðilar hefðu nokkuð til síns máls. En báðar fylkingarnar hefðu fallið í þá gryfju að oftúlka Biblíuna, til að styðja sinn málstað. Þar með hefðu báðir aðilar lent út af veginum, sitt hvoru megin. Ef Biblían væri skoðuð gaumgæfilega, þá kæmi í ljós að sannleikurinn lægi einhversstaðar mitt á milli. Guð væri einn og þar af leiðandi hefði hann aðeins einn persónuleika, en Guð kæmi engu að síður fram í þremur mismunandi hlutverkum, sem faðir, sem sonur og sem heilagur andi.

Upp úr 1960 fór bróðir Branham að prédika beittari boðskap. Hann sagði að langflestar kirkjudeildir hefðu komið sér upp kerfi embættismanna, sem hefði á hendi yfirstjórn yfir söfnuðum og kirkjustarfinu yfirleitt. Öll kirkjustjórn sem sett væri yfir leiðtoga safnaðanna, væri af hinu illa, því samkvæmt orði Guðs væri höfuð kirkjunnar aðeins eitt og það væri Jesús Kristur. Hann sagði að allar kirkjudeildirnar með tölu, hefðu að einhverju marki snúið frá orði Guðs. Allar hefðu þær fallið í þá gryfju að prédika mannasetningar, sem ekki stæðu í Guðs orði, í stað þess að halda sig við hina postullegu boðun og allar hefðu þær hagrætt sannleikanum með því að prédika aðeins það sem hentaði viðkomandi kirkjudeild. Bróðir Branham sagði áheyrendum sínum, að ef þeir vildu ganga þrönga veginn með Jesú Kristi, þá þyrftu þeir að gera iðrun, snúa sér frá kennisetningum kirkjudeildanna og helga líf sitt með því að hafna syndinni í hinum fallna heimi og leita leiðsagnar í orði Guðs milliliðalaust. Annars ættu þeir á hættu að

¹⁰⁹ Oral Roberts stofnaði háskóla sem fékk nafnið *Oral Roberts University* (ORU) í borginni Tulsa í Oklahoma árið 1963.

¹¹⁰ „*Voice of Healing*“, hélt einnig ráðstefnur fyrir predikara sem tóku virkan þátt í vakningunni. Síðar voru stofnuð alþjóðleg samtök sem fengu nafnið „*Full Gospel Fellowship of Churches and Ministers, International*“ (FGFCMI). Samtökin hafa nú innan sinna vébanda um 700 kirkjur, 700 kristileg félagasamtök ásamt 1100 einstaklingum sem sinna kristilegu starfi um allan heim.

Árið 1970 var starfsemi „*Voice of Healing*“ breytt í trúboðsskóla, sem heitir „*Christ for the Nations, Institute*“ (CFNI). Nú stunda 1200 nemendur nám hjá CFNI.

taka á sig eitt af merkjum dýrsins, sem væri kirkjudeildarstefnan (*denominationalism*). Slíkur boðskapur féll í ákaflega grýttan jarðveg meðal kristinna í hinum ýmsu kirkjum og kirkjudeildum. Meirihluti þeirra sem áður fylgdu honum og studdu hann, snéru við honum baki.

Bróðir Branham sagði að í mars árið 1963 hefði hann fengið heimsókn af sjö englum. Einn þeirra talaði til hans og sagði honum að fara til Jeffersonville í Indíana, predika um innsiglin sjö í Opinberunarbókinni og englarnir myndu gefa honum upplýsingar um hvað hann ætti að segja. Bróðir Branham hlýddi þessu og predikaði með hjálp englanna alls níu ræður þar sem hann útlistar innsiglin sjö í Opinberunarbókinni. Einnig skrifaði hann bók um kenningar sínar og opinberanir, sem heitir Kirkjualdirnar sjö (*The Seven Church Ages*). Þar fjallar hann m.a. um kirkjurnar sjö í upphafi Opinberunarbókarinnar, hvernig þar megi lesa yfirlit yfir kirkjusöguna fram á þennan dag.

Bróðir Branham sagði að sköpunin hefði átt sér stað stig af stigi, en það hefði ekkert með þróun að gera. Fyrst hefði Guð skapað jurtirnar, frá þeim smæstu og einföldustu til hinna



Lækningasamkoma William Branham í borginni Tacoma í apríl 1948

flóknari. Síðan hefði Hann skapað dýrin og endað á að skapa manninn í mynd Guðs.

Sumar þeirra kenninga, sem bróðir Branham predikaði, urðu talsvert umdeildar. Sérstaklega má þar nefna kenninguna um eðli syndafallsins. Hann taldi að ástæðan fyrir syndafallinu

væri sú, að Eva hefði orðið þunguð af völdum höggormsins og þannig hefði Kain orðið til.¹¹¹ (Upphaflegi höggormurinn hefði verið hinn svokallaði „týndi hlekkur“ í sköpunarröðinni, en Guð hefði breytt tegundinni í skriðdýr eftir syndafallið). Einnig hélt hann því fram, að Jesús hefði ekki verið afkomandi Maríu, heldur hefði hún aðeins verið staðgöngumóðir fyrir fósturvísi sem Guð hefði skapað. Jesús hefði því ekki verið í föllnu holdi, heldur í upprunalegum líkama eins og Adam fyrir syndafallið (hinn síðari Adam).

Branham sagði að Yahweh Gamla sáttmálans væri Jesús í hinum Nýja sáttmála. Sonurinn Jesús gæti ekki verið sinn eigin faðir, þess vegna hefði Guð í mannlegri mynd ekki verið til frá eilífð. Faðirinn hefði skapað himneskan líkama (*theophany*) fyrir sjálfan sig, svo hann gæti opinberast sköpuninni í mannsmynd undir nafninu Yahweh. Guð hefði að lokum komið inn í þennan heim með því að taka á sig mannlegt hold í Jesú Kristi til að fallnir menn, gætu eignast lausn frá synd og glötun. Ákveðinn hópur sem Biblían talar um sem bróði Jesú Krists, hefði verið í Guði frá því fyrir grundvöllun heimsins, sbr. Efesusbréfið 1. kafla. „Áður en heimurinn var grundvallaður hefur hann útvalið oss í Kristi, til þess að vér værum heilagir og lýtalausir fyrir honum.“ Jesús hefði endurleyst bróði sína, með því að úthella blóði sínu á krossi. Branham benti á að í Ritningunum segir frá því að lífið (sálin) sé í blóðinu. Þegar blóði Jesú Krists (blóði Guðs) var úthellt á Golgata opnaðist leiðin fyrir menn að taka við eilífu lífi (*zoë*) Guðs.

Þessi vakning, hafði mikil áhrif í þeim kirkjudeildum sem telja að Guð geti læknað sjúkdóma fyrir kraft heilags anda. Í slíkum kirkjum varð mikil aukning á því að beðið væri fyrir sjúku fólki með handayfirlagningu og sú skoðun varð útbreidd að þetta væri hin biblíulega aðferð og sjúkt fólk gæti vænst lækningar frá Guði.

Eftir að William Branham lést í bílslysi árið 1965,¹¹² skiptust fylgismenn hans í hópa. Flestir halda á lofti minningu hans, kenningum, spádómum og halda því fram að hann hafi verið

¹¹¹ Branham vitnaði máli sínu til stuðnings m.a. í 1. Mósebók 3:13: „Höggormurinn tældi mig...“, 1 Jóhannesarbréf 3:12 (KJV) „Kain, sem var af hinum vonda...“, Jóhannesarguðspjall 8:44 „þér eigið djöfulinn að föður...“ og Matteusarguðspjall 23:33 „Höggormar og nöðru kyn, hvernig fáði þér umflúið helvítisdóm?“

¹¹² Ævisaga William Branham á ensku heitir: *Supernatural*, höfundur Owen Jorgensen.

spámaður með köllun eins og Elía og Jóhannes skírari. Bróðir Branham hafi verið sendur af Guði sem fyrirrennari með alvarlegan boðskap til hinnar hálfvolgu kirkju endatímans sem kennd er við Laódíkeu.¹¹³ Einnig hefði hann flutt boðskap¹¹⁴ til að undirbúa hina sönnu kirkju fyrir burthrifninguna og brúði Krists fyrir brúðkaupið.

Ákveðinn minnihluti heldur því fram, að bróðir Branham hafi verið Jesús endurkominn, því enginn nema Jesús sjálfur hefði getað gert slík kraftaverk.

Hreyfing sem kennd er við vorregn — „latter rain“¹¹⁵

George Hawtin sem starfaði m.a. fyrir „Pentecostal Assemblies of Canada“ (PAOC), hafði árið 1935 stofnað biblíuskólann „Bethel Bible Institute.“ Hawtin og samstarfsmaður hans, Percy G. Hunt (ásamt 70 nemendum) yfirgáfu Bethel skólann vegna ágreinings við PAOC vorið 1947 og stofnuðu biblíuskólann Sharon, ásamt Herric Holt forstöðumanni „North Battleford Saskatchewan Church of the Foursquare Gospel“. Á þessum tíma þótti mörgum mikill andlegur þurrkur meðal hvítasunnnumanna í Kanada.

Í byrjun nóvember árið 1947, mættu Hawtin, Hunt og fleiri úr biblíuskólanum á samkomu í borginni Vancouver hjá bróður Branham. Hin yfirnáttúrlegu kraftaverk og kraftur Guðs, sem þeir sáu á samkomunni hafði mikil áhrif á þá. Þeir hófu að leita Guðs í bæn um að þeir mættu sjá slíkan kraft heilags anda og undur í sinni þjónustu. Biblíuskólinn gaf út fréttabréf sem heitir „The Sharon Star.“¹¹⁶

Eftirfarandi klausa er úr fréttabréfi þeirra eftir samkomuna með bróður Branham:

„Allar vakningar fortíðarinnar, hafa haft til að bera ákveðinn part af sannleikanum. Það opinberaðist fyrir Lúter að maðurinn réttlætist fyrir trú. Wesley hafði opinberun yfir helgunina. Baptistar kenndu um upphrifninguna, sem undanfara þúsund ára ríkisins. Hvítasunnvakningin hefur endurreist skírn í heilögum anda. Næsta vakning mun einkennast af öllu þessu, en einnig munum við sjá allar níu gjafir andans, starfa með ennþá kröftugri hætti en á tímum postulanna. Þessi vakning mun verða stutt og hin síðasta áður en kemur að upphrifningu kirkjunnar.“

William Branham lagði áherslu á handayfirlagningu eins og sagt er frá í Postulasögunni, þegar beðið er fyrir fólki sem vill öðlast skírn í heilögum anda, eða þegar reka þarf illan anda út af einstaklingi. Bræðurnir í Sharon biblíuskólanum tóku einnig upp þessa aðferð. Um þetta leyti, hafði maður að nafni Franklin Hall skrifað bók, sem varð víðlesin meðal kristinna manna, en bókin hét „Atomic Power With God Through Prayer and Fasting.“ Bók þessi kenndi grunnatriðin varðandi langar föstur og lýsir því hvernig fasta lægir holdið og gefur heilögum anda aukið svigrúm til að starfa. Flestir lækningaprédikarar á þessum tíma, lásu bókina og margir fóru eftir henni.

Hunt og Hawtin fengu nemendur skólans með sér að stunda langar föstur árið 1947. Á þessum tíma, spáði kona nokkur, að mikil vakning mundi brjótast út frá Sharon biblíuskólanum á næsta ári. Þann 12. og 13. febrúar 1948 kom kraftur heilags anda yfir skólann og vakning hófst, með tungutali, söng í tungum, yfirnáttúrlegum lækningum og spádómsgjöf. Í júlí árið 1948, var haldið sumarmót á vegum skólans, þar sem mættu ríflega eitt þúsund manns. Á þessu móti hófu þeir Hall og Hawtin að kenna grunnatriðin í kenningum þeim um endurreisn kirkjunnar sem síðar hafa verið kenndar við vorregn (latter rain).

Eftirfarandi er stuttur listi yfir nokkrar kenningar „latter rain“ hreyfingarinnar:

- 1) Þegar beðið er fyrir þeim, sem vilja skírast í heilögum anda eða öðlast aðrar gjafir andans, ber að leggja hendur yfir þá. Þegar reka þarf illan anda út af einstaklingi, ber einnig að leggja hendur yfir hann og sömuleiðis ber að leggja hendur yfir þá, sem þarfnast lækningar frá Guði.
- 2) Guð hefur nú á þessum tíma endurreist allar gjafir andans í kirkjunni og hina fimmföldu þjónustu (sbr. Efesusbréfið 4:11), en sér í lagi þjónustu spámanna og postula.

¹¹³ Sbr. Opinberunarbókin 3:14-22. Nafnið Laódíkea er myndað úr tveimur grískum orðum, „laos“ sem þýðir maður eða fólk og „dike“ sem þýðir réttlæti. Nafnið merkir því „réttlæti fólksins“ eða „réttlæti mannsins“.

¹¹⁴ Hljóðupptökur af ríflega 1100 predikunum William Branham eru aðgengilegar á internetinu.

¹¹⁵ Í Biblíunni er á nokkrum stöðum talað um haustregn (former rain) og vorregn (latter rain). Fylgjendur „latter rain“ hreyfingarinnar töldu að hvítasunnvakningin sem hófst árið 1906, hefði verið haustregnið (former rain).

¹¹⁶ Kemur út annan hvern mánuð: www.thesharonstar.org

- 3) Endurreisn lofgjörðar sem er fyllt krafti og smurningu heilags anda líkt og í tjaldbúð Davíðs. Lögð er áhersla á að kröftug lofgjörð sé leið til að kalla fram nærveru Guðs og leiða Guðs fólk inn í nærveru hans.
- 4) Söngur Drottins, þ.e. söngur í tungum, sem er túlkanlegur.
- 5) Lögð er áhersla á að hver og einn einstaklingur eigi kost á opinberunum frá Guði og spádómum til leiðsagnar fyrir sig og aðra.
- 6) Konur hafi fullkomlega jafngilt hlutverk í kirkjunni og karlar, þ.e. sem hirðar (pastorar),¹¹⁷ öldungar, spámenn o.s.frv.

„Latter rain“ hreyfingin var andvíg ráðstöfunarkenningunni um að tiltölulega fáar sálir myndu frelsast áður en Antikristur tæki völdin á jörðinni, en hélt því í staðinn fram að kirkjan myndi verða sigursæl og að lokum komast til fullþroska og ná vaxtartakmarki Krists fyllingar (sbr. Efesusbréfið 4:13).

Hreyfingin kenndi að Ísrael og kirkjan væru eins og tvær hliðar á sömu myntinni. Ísrael væri hinn veraldlegi hluti Guðs ríkisins, sem þyrfti að fást við veraldlegar þjófdir og konunga, meðan kirkjan sem væri hið andlega Ísrael þyrfti að höndla andleg yfirráðasvæði og andlegar tignir. Sagan sýndi með ótvíræðum hætti að endurreisn Ísraels og kirkjunnar héldist í hendur, skref fyrir skref (*parallelism*).

Eitt helsta áhersluatriði hreyfingarinnar er her Jóels (sbr. Jóel 2. kafli). Þegar styttest í endatímamann, myndu sigurvegarar rísa upp innan kirkjunnar. Þessir opinberuðu synir Guðs (*manifest sons of God*¹¹⁸), sem hefðu náð *vaxtartakmarki Krists fyllingar*¹¹⁹ yrðu líkir Jesú, þegar hann var hér á jörðinni. Þeir gætu farið af einum stað á annan með yfirnáttúrulegum hætti (eins og Filippus í Postulasögunni). Þeir gætu einnig talað hvaða tungumál sem er fyrir heilagan anda (líkt og Postularnir í Jerúsalem gerðu á hvítasunnudag) og myndu geta framkvæmt lækningar og önnur kraftaverk. Þeir myndu verða lokakaflinn í endurreisn mannsins aftur til þess sem var fyrir syndafallið og leiða til komu þúsund ára ríkisins.

Ákveðinn minnihluti, aðhyllist þá kenningu, að þeir sem séu opinberaðir synir Guðs muni alls ekki deyja venjulegum dauðdaga, heldur öðlast dýrðarlíkama áður en þeir yfirgefa jörðina.

Hvítasunnumenn og fleiri tóku þessum kenningum fálaga og 20. apríl 1949, lýstu samtökin Assemblies of God yfir andstöðu sinni við þær kenningar sem einkenndu „latter rain“ hreyfinguna. Hvítasunnumenn töldu að spádómar yfir einstaklingum ásamt yfirfærslu gjafa heilags anda milli manna, með handayfirlagningu væru ekki biblíuleg vinnubrögð. Flestar hvítasunnukirkjur stóðu gegn þessum kenningum og sumar þeirra misstu töluverðan fjölda meðlima fyrir vikið. Þetta leiddi til þess að stofnaðar voru margar nýjar kirkjur, sem aðhylltust kenningar „latter rain“ hreyfingarinnar. Fjölmargar kirkjur sem kenna sig við postullega eða spámannlega þjónustu fylgja kenningum „latter rain“ hreyfingarinnar. Nafnkunnir spámenn og postular þessarar stefnu voru t.d.: *Paul Cain, Rick Joyner, John Wimber, Turnel Nelson, Jefferson Edwards, Dr. Noel Woodroffe, Mike Bickle*¹²⁰ o.fl.

Eftir að Assemblies of God, fordæmdi „latter rain“ hreyfinguna, er lítið um opinbera starfsemi undir þessu nafni, en sumar kenningar hennar og áherslan á að tákn og undur eigi að fylgja þeim sem trúa, kom m.a. fram í svokallaðri náðargjafavakningu, sem síðar verður getið.

Billy og Franklin Graham

Billy Graham fæddist árið 1918. Hann var vígður til þjónustu af samtökum Suður-baptista árið 1939. Billy stóð fyrir fjölsóttum samkomuherferðum víða um heim á árunum 1947 til 2005, þegar hann dró sig í hlé vegna aldurs. Árið 1949 hélt hann samkomuherferð í Los Angeles, sem stóð í átta vikur. Talið er að alls hafi 350 þúsund manns mætt á þessar samkomur og þrjú þúsund

¹¹⁷ Pastor (úr latínu) = fjárhirðir.

¹¹⁸ Sbr. Rómverjabréfið 8:19 (KJV).

¹¹⁹ Sbr. Efesusbréfið 4:13.

¹²⁰ Mike Bickle stofnaði árið 1999 trúboðssamtök sem heita *‘International House of Prayer’* (IHOP) í borginni Kansas í Missouri. Þessi samtök leggja áherslu á lofgjörð, bæn og föstu. Miðstöð IHOP í Kansas hefur stöðuga 24 tíma lofgjörðar- og benasamkomu allt árið, sem er send út á netinu.

skrifuðu nafn sitt á miða, þar sem þau sögðust hafa tekið við Jesú Kristi. Herferðin í Los Angeles gerði Billy Graham landsþekktan í Bandaríkjunum.



Ríflega ein milljón sótti lokasamkomu Billy Graham í Seoul (Suður Kóreu) í júní árið 1973

Árið 1950 stofnaði Billy Graham „*Billy Graham Evangelistic Association*“ BGEA, með aðsetur í Minneapolis. Síðar var aðsetur starfsins flutt til Charlotte í Norður-Karólínu. Talið er að Billy Graham hafi predikað fagnaðarerindið persónulega til 215 milljóna einstaklinga í 185 löndum. Billy Graham predikaði einnig í útvarpi og sjónvarpi um öll Bandaríkin og síðar víða um heim. Því er ljóst að hann hefur predikað fagnaðarerindið til fleiri einstaklinga en nokkur annar trúboði í sögunni. Billy Graham var persónulegur ráðgjafi allmargra þjóðhöfðingja þ.á.m. 12 forseta Bandaríkjanna. Árið 2000 tók sonur hans *Franklin* við forstöðu BGEA samtakanna. Franklin Graham veitir einnig forstöðu hjálparsamtökum sem nefnast „*Samaritan's Purse*“.


Pistlar eftir Billy Graham sem nefndust „Svar mitt“ voru birtir í Morgunblaðinu um langt árabíl. Billy Graham hefur skrifað nokkrar bækur. Ein þeirra, *Heimur í báli* hefur verið gefin út á Íslandi.

Árið 1978 hélt Billy Graham samkomuherferð í Skandinavíu er hét *Scandia 78*. Samkomurnar hófust 24. september í Osló. Í Stokkhólmi voru fimm samkomur 27. september – 1. október. KFUM & K, Kristileg skólasamtök, Kristilegt stúdentafélag, Samband ísl. kristniboðsfélaga og Þjóðkirkjan létu taka samkomurnar í Stokkhólmi upp á myndsegulband og túlka jafnóðum á íslensku. Húsfyllir var í Neskirkju þegar myndböndin voru sýnd dagana 29. september – 3. október. Á árunum 1985–1995 sjónvarpaði Billy Graham starfið boðunarherferðum og ráðstefnum gegnum gervihnetti, m.a. til Íslands (1993 og 1995).

Franklin Graham heimsótti Ísland árið 2013. Haldnar voru tvær samkomur í Laugardalshöll, þann 28. og 29. september sama ár, undir nafninu *Hátíð vonar*.



Franklin Graham talar í Laugardalshöll



Billy Graham og Elísabet Englandsdrottning árið 1989



Lokasamkoma Billy Graham á Wembley í London 1954. Þessi samkomuherferð var fyrsta herferðin af 18 í Englandi og stóð í þrjá mánuði. Tvær milljónir mættu og tugir þúsunda eignuðust afturhvarf til lifandi trúar.

Lausanne hreyfingin

Billy Graham hafði þá hugsjón að sameina krafta evangelískra kirkna, til þess að boða fagnaðarerindið um allan heim. Upphafið að alþjóðlegu samkirkjustarfi BGEA samtakanna var ráðstefna sem Billy Graham hélt í Berlín árið 1966. Þegar árin liðu taldi hann þörf fyrir nýja ráðstefnu með þátttakendum frá fleiri kirkjum og samtökum.

Í júlí árið 1974, söfnuðust 2.700 þátttakendur og gestir frá 150 þjóðum saman í borginni Lausanne í Sviss, í boði BGEA samtakanna. Tímaritið *Time* lýsti þessari ráðstefnu þannig að þarna hefði verið saman kominn víðfeðmasti hópur kristinna manna í sögunni, af ýmsum þjóðum og kynþáttum, frá fjölmörgum kirkjum og kirkjusamtökum.



Billy Graham skrifar undir Lausanne sáttmálann

Ræðumenn voru m.a. Billy Graham, John R. W. Stott, Francis Schaeffer, Carl Henry og Ralph Winter. Á Lausanne ráðstefnunni var reynt að skilgreina hvernig best væri að höndla kristniboð á 20. öld. Þarna var m.a. lögð áhersla á að kristniboð ætti að einbeita sér að þjóðum og þjóðabrotum sem ekki hefðu fengið að heyra fagnaðarerindið. Sömu leiðis var það talið mikilvægt að boðun fagnaðarerindisins væri aðlöguð aðstæðum á hverjum stað, sbr. 1 Korintubréf 9:22: „Ég hef verið öllum allt, til þess að ég geti að minnsta kosti frelsað nokkra.“

Niðurstaða Lausanne ráðstefnunnar var sett fram í svokölluðum „[Lausanne sáttmála](#)“, sem John R. W. Stott frá Bretlandi átti stærstan þátt í að semja. Í sáttmálanum eru talin upp fimmtán trúaratriði sem séu kenningarlega mikilvæg fyrir kristniboð. Meðal annars er fjallað um; áætlun Guðs, kennivald Biblíunnar, sérstöðu Krists sem frelsara, eðli kristniboðs, ábyrgð kirkjunnar á boðun fagnaðarerindisins, samstarf um kristniboð, að kristniboð sé mjög áriðandi verkefni, andlega baráttu, trúfrelsi og trúarlegar ofsóknir, kraft heilags anda og endurkomu Krists. Í Lausanne sáttmálanum, kemur fram að menn frelsist aðeins frá syndinni fyrir trú á Jesú Krist sem frelsara. Einnig er fjallað um samfélagslega ábyrgð kirkjunnar, en hjálparstarf geti aldrei komið í staðinn fyrir að predika fagnaðarerindið öllum mönnum. Kirkjan þurfi að finna jafnvægi milli trúboðs og þjónustu við samfélagið.

Lausanne sáttmálinn hefur haft mikil áhrif á kristniboðsstarf víða um heim. Lausanne hreyfingin sem heldur utan um starfsemi samtakanna hefur síðan haldið alþjóðlegar ráðstefnur m.a. í Manilla á Filippseyjum (1989) og í Höfðaborg í Suður-Afríku (2010).

Vakningar í Argentínu

Upphaf vakningar í Argentínu má rekja til ársins 1949. Hvítasunnutrúboðinn R. Edward Miller frá Oregon í Bandaríkjunum, var forstöðumaður trúboðskirkju í borginni Mendoza. Mikil deyfð var yfir kirkjustarfi í landinu og trúboð bar lítinn árangur. Miller fékk opinberun frá Guði þess efnis að í stað þess að fara út á götur í trúboð, þyrfti hann að biðja fyrir starfinu 8 klukkutíma á dag. Eftir þrjá og hálfan mánuð, kom orð frá Guði um að vakning væri í vændum, en fyrst þyrfti söfnuðurinn að taka sig á og hafa bænastundir frá sjö að kvöldi til miðnætis á hverjum degi. Bænastundirnar stóðu í tæplega eitt ár. Úthelling heilags anda kom yfir borgina og fjöldi fólks frelsaðist og læknaðist.

Miller fór síðan að kenna í biblíuskóla sem hét „*Instituto Biblico Rio de la Plata – IBRP*“ í bænum City Bell, skammt utan við höfuðborgina Buenos Aires. Einn af nemendum skólans, sem hét Alexander, hafði verið á bæn á hverri nóttu í nokkra mánuði. Alexander var að biðja úti á akri að nóttu, þann 4. júní árið 1951, þegar engill Drottins mætti á staðinn. Andi iðrunar og ótta Drottins kom yfir skólann og í 12 vikur voru bænastundir 8–10 tíma á dag og jafnvel lengur. Einnig kom spádómsorð um að það þyrfti að gráta frammi fyrir Guði vegna Argentínu („*Cry for me Argentina*“). Nemendur og starfsmenn skólans fylltust mikilli neyð og grétu heilu bænastundirnar vegna synda íbúa Argentínu. Á föstudagsmorgni í september sama ár, kom orð frá Guði: „*Grátið ekki lengur, ljónið af Júda ættkvísl hefur sigrað. Ég hef sigrað prinsinn yfir Argentínu.*“ Einnig komu spádómar þess efnis að í landinu yrðu haldnar samkomur þar sem Guð

mundi fylla stærstu leikvanga landsins af fólki. Þegar skólaárinu lauk, fóru nemendur skólans í trúboð vítt og breitt um landið og fjöldi fólks eignaðist lifandi trú á Jesú Krist.



Tommy Hicks

Árið 1952, var lækningapredikarinn *Tommy Hicks* að halda samkomur í bænum Tallahassee í Flórída. Þar sýndi Guð honum í sýn kort af Suður–Ameríku, þar sem löndin líktust hveitiökrum tilbúnum til uppskeru. Hveitið breyttist í fólki, sem kallaði til hans að koma og hjálpa þeim. Tommy fékk annan spádóm um að hann ætti eftir að fljúga til Suður–Ameríku, áður en tvö sumur væru liðin. Árið 1954 var lækningatrúboðanum T. L. Osborn boðið að halda samkomur í Buenos Aires. Osborn gat ekki þegið boðið, svo Tommy Hicks var boðið að koma í staðinn. Það eina sem hann hafði fengið frá Guði, var að hann átti að hitta mann sem bar nafnið Perón og fá afnot af leikvangi sem tæki a.m.k. 25 þúsund manns. Þegar hann kom til Argentínu, vildi hann fá að hitta *Juan Perón* forseta.¹²¹ Flestir töldu það útilokað. Tommy fór og heimsótti kirkjumálaráðuneytið. Ritari kirkjumálaráðherrans haltraði. Tommy spurði ritarann hvort hann mætti biðja fyrir honum. Ritarinn svaraði: „Þótt Jesús Kristur væri hér í eigin persónu, gæti hann ekki læknað þennan fót.“ Tommy bað fyrir ritaranum sem læknaðist samstundis. Eftir það var auðsótt að fá leyfi til að hitta forsetann.

Perón spurði Tommy hvort Guð gæti læknað hann af slæmum útbrotum (*psoriasis*). Perón og Tommy héldust í hendur og forsetinn læknaðist. Í þakklætisskyni, veitti forsetinn Tommy leyfi til að halda samkomur á útileikvöngum landsins og veitti honum aðgang að ríkisútvarpinu. Í margar vikur var stærsti útileikvangur landsins fullur af fólki þegar Tommy Hicks predikaði. Á eftirmiðdegi þegar Tommy Hicks var að predika um skugga Péturs, féll skuggi Tommy á röð af fólki á sjúkrabörum, í hjólastólum og á hækjum sem varð til þess hópurinn læknaðist samstundis. Bylgja eftirvæntingar fór um leikvanginn og fjöldi fólks fékk lækningu.



Óþörf stoðtæki

Á þremur mánuðum er talið að 6 milljónir hafi fengið að heyra fagnaðarerindið, 100 þúsund staðfestu með undirritun að hafa tekið við Jesú Kristi og þúsundir fengu lækningu meina sinna.

Ósigur Argentínumannanna í Falklandseyjastríðinu í júní árið 1982 var mikið áfall fyrir þjóðina. Sama ár hófst mikil vakningaralda í landinu, sem stóð í fimmtán ár. Þekktasti leiðtogi vakningarinnar heitir *Carlos Annacondia*. Eftir þessa vakningaröldu var talið að um tíundi hluti þjóðarinnar ætti lifandi trú. Vakningaraldan í Argentínu hafði veruleg áhrif á leiðtoga vitjana bæði í Toronto (1994) og Brownsville (1995), sem síðar verður getið.



Huracán leikvangurinn: Þegar Atlantic leikvangurinn varð of lítill fyrir samkomur Tommy Hicks, voru þær færðar á stærsta leikvang landsins sem tekur 48 þúsund í sæti

¹²¹ Spíritismi var útbreiddur í Argentínu. Forsetafrúin *Eva Perón* var einn af leiðtogum spíritista í landinu. Eva hafði mikil pólitísk áhrif í þjóðþinginu vegna vinsælda sinna meðal almennings. Þann 7. maí árið 1952 samþykkti þingið yfirlýsingu um að Eva Perón væri „andlegur leiðtogi þjóðarinnar“. Eva Perón lést úr krabbameini nokkrum mánuðum síðar. Lík hennar var smurt til varðveislu.

Árið 1976 skrifaði Andrew Lloyd Webber söngleikinn *Evita* sem er byggður á ævi Evu Perón. Frægasta lagið úr þeim söngleik við texta Tim Rice heitir: „*Don't cry for me Argentina*.“

Kathryn Kuhlman

Kathryn Johanna Kuhlman fæddist árið 1907 í bænum Concordia í Missouri í Bandaríkjunum. Hún endurfæddist þegar hún var 14 ára í meþódistakirkjunni á staðnum. Þegar hún var 17 ára fór hún að ferðast með eldri systur sinni, sem var gift predikara.

Árið 1928 var henni boðið að predika í bænum Boise í Idaho. Hún þjónaði í Idahofylki næstu árin. Árið 1935 stofnaði hún kirkju (*Denver Revival Tabernacle*) í Denver í Colorado. Þar kynntist hún predikaranum *Burroughs Waltrip* frá Texas. Kathryn og Waltrip gengu í hjónaband árið 1938. Kathryn og Waltrip ákváðu að skilja sex árum síðar.



Kathryn Kuhlman

Kathryn flutti til Austurstrandarinnar og fór árið 1946 að predika í bænum Franklin í Pennsylvaníufylki. Stuttu síðar fór hún einnig að predika í útvarpi í nágrenninu. Brátt fóru undursamleg kraftaverk að gerast á samkomum hennar. Fólk fór að vitna um að hafa læknað m.a. af blindu og krabbameini á þessum samkomum. Fjöldi þeirra sem sótti samkomurnar fór sívaxandi. Kathryn flutti til borgarinnar Pittsburgh og kom þar á fót Kathryn Kuhlman stofnuninni. Kathryn hélt stórar lækningasamkomur vítt og breitt um Bandaríkin og einnig erlendis. Kathryn predikaði einnig í útvarpi og síðar í sjónvarpi. Árið 1965 byrjaði hún að halda mánaðarlegar samkomur í Kaliforníu. Þessar samkomur voru afar vel sóttar. CBS sjónvarpsstöðin hóf að taka upp hálf tímaþætti með henni fyrir sjónvarp. Brátt kom að því, að sjónvarpsþættir hennar voru sýndir um öll Bandaríkin. Kathryn skrifaði nokkrar bækur, sem sumar náðu mikilli útbreiðslu. Þar má nefna bækurnar „*Ég trúí á kraftaverk*“ og „*Ennþá gerast kraftaverk*“, sem báðar hafa verið gefnar út á íslensku. Bækurnar innihalda vitnisburði fólks, sem læknaðist með yfirnáttúrulegum hætti.

Árið 1973 hóf ungur maður Toufik Benedictus Hinn að nafni að sækja samkomur hennar í Pittsburgh. Þjónusta Kathryn Kuhlmann átti eftir að hafa mikil áhrif á hann og verða fyrirmynd hans, þegar hann fór sjálfur að predika. Flestir þekkja hann í dag sem sjónvarpspredikarann *Benny Hinn*. Kathryn Kuhlman andaðist árið 1976.

Vakningin í Kína – Heimakirkjur

Í Kína hefur andúð á útlendingum verið landlæg gegnum aldirnar. Þar sem Kína hafði verið menningarland frá fornu fari, var hefð fyrir því meðal Kínverja að líta á útlendinga sem barbara.

Saga kristindóms í Kína nær aftur til 7. aldar, þegar Nestoríanskir munkar komu til landsins eftir Silkeveginum. Kínverjar hafa átt stormasama sambúð við kristindóm, stundum hefur honum verið hafnað, en oftast tekið af mikilli varúð.

Eftirspurn eftir silki, postulíni og tei var mikil í Evrópu á 17. og 18. öld og verslun með vörur milli breska heimsveldisins og Qing keisaradæmisins var Bretum í óhag. Bretar keyptu ógrynnin öll af telaufum frá Kína en höfðu í raun ekkert til að selja Kínverjum á móti. Til að rétta af viðskiptahallann var afráðið að reyna að sökkva Kínverjum í eiturfjafíkn. Bretar, nánar tiltekið Austur-Índíafélagið, áttu mikið ræktarland á Indlandi sem var lagt undir valmúaræktun.

Kínverjar reyndu að stöðva innflutning ópíums eftir að neyslan byrjaði að lama allt samfélagið og í kjölfar þess lýstu Bretar yfir stríði til að neyða þá til að kaupa meira ópíum. Ópíumstríðin svonefndu — tvö verslunarstríð sem háð voru um miðbik 19. aldar þegar Kínverjar reyndu að stöðva ólöglega ópíumverslun þar í landi — enduðu með ósigri Kínverja sem voru þvingaðir til að lögleiða ópíuminnflutning og opna fyrir starfsemi Vesturlandabúa í Kína, trúboð þar með talið. Það var ástæðan fyrir því að upp úr 1860 fengu erlendir kristniboðar heimild yfirvalda til að boða kristna trú um allt Kínaveldi. Vestræn trúboðssamtök höfðu töluverð samskipti og samvinnu við landa sína sem stunduðu viðskipti í landinu. Einn áhrifamesti trúboðinn sem sögur fara af í Kína, hét *Hudson Taylor*. Hann stofnaði trúboðssamtökin „*China Inland Mission*“ árið 1865. Eftirmaður Taylor, hét *Dixon Edward Hoste*. Hann markaði ákveðna stefnu fyrir kirkjustarf í Kína. Stefnan fólst í þremur grundvallaratriðum, sem kallast sjálfstæðisþrenningin (*three selfs*). Það er fjárhagslegt sjálfstæði, stjórnumarlegt sjálfstæði og sjálfstæði varðandi útbreiðslu. Tilgangurinn var að draga úr tortryggni gagnvart kristilegu starfi sem landsmenn töldu vera stjórnað erlendis.

Að undirlagi kínverskra stjórnvalda gerði hópur Kínverja svokallaðir Boxarar uppreisn árið 1900 gegn erlendum áhrifum í landinu og var kristindómur þeirra helsta skotmark. Talið er, að um 32 þúsund kristnir Kínverjar hafi verið drepnir í þessari uppreisn ásamt 239 erlendum kristniboðum. Þegar Boxarar hófu umsátur um hverfi sendimanna erlendra ríkja í Peking, sendu ríkin herlið til Kína, sem bældi uppreisnina niður.

Þegar kommúnistar tóku völdin í Kína árið 1949, hófust miklar ofsóknir gegn kristilegu starfi. Landlæg andúð á útlendingum (trúarbrögð þeirra meðtalin) og nýlendustefnu var meðal þess, sem Mao Tse-Tung nýtti sér til að öðlast vinsældir og ná völdum í landinu. Til að efla tök sín á kristilegu starfi í Kína, stofnuðu kommúnistar árið 1954 kristileg samtök, sem kallast „*Three Self Patriotic Movement (TSPM)*.“ Tilgangur samtakanna er að tryggja hollustu kristinna Kínverja sem aðhyllast játningar mótmælenda við stefnu kommúnista.

Kristnir leiðtogar, sem neituðu að starfa með samtökunum voru grimmilega ofsóttir, pyntaðir og drepnir. Frá árinu 1958 til 1977, bönnuðu stjórnvöld allar kristilegar samkomur í landinu án sérstaks leyfis yfirvalda. Meirihluti kristinna Kínverja vildi ekki taka þátt í TSPM, því starfsemin snérist aðallega um pólitíska innrætingu. „*China Christian Council (CCC)*“ var stofnað árið 1980 sem heildarsamtök mótmælendakirkna undir verndarvæng ríkisins með 23 milljónir meðlima. Í daglegu tali kalla Kínverjar bæði þessi samtök „tvíeykið“ (*lianghui*).

Árið 1957 var „kapólsk“ kirkjudeild sett á laggirnar undir stjórn kommúnistaflokksins og nefnist hún „*Chinese Patriotic Catholic Association (CPCA)*.“ Þessi kirkjudeild fylgir þeim kenningum rómversk–kapólsku kirkjunnar, sem ekki stríða gegn stefnu stjórnvalda og hefur um 6 milljónir meðlima.

Kínverjinn John Sung (Sung Shang-chieh) starfaði sem trúboði meðal meþódista o.fl. í Kína og Suðaustur-Asíu á árunum 1928 – 1940. Hann predikaði gegn synd innan kirkjunnar og sagði eins og Jóhannes skírari: „*Berið þá ávöxt samboðinn iðruninni!*“ Sung hvatti kirkjur til þess að láta meðlimina mynda þriggja manna trúboðshópa, sem færu út og boðuðu fagnaðarerindið einu sinni í viku að minnsta kosti. Þótt starf hans væri stutt, er talið að um 100 þúsund hafi frelsast og mikill fjöldi kristinna gert iðrun og gefist Kristi heilshugar þegar hann predikaði.



Watchman Nee

Árið 1926 stofnaði Kínverjinn Nee Shu-Tsu (Watchman Nee), samtökin „*Christian Assemblies*“, sem betur eru þekkt undir nafninu: „Litla hjörð.“ Stjórnvöld létu handtaka Nee árið 1952 og slepptu honum aldrei. Hann skildi eftir skilaboð undir koddanum í fangelsinu áður en hann andaðist árið 1972:

„*Kristur er sonur Guðs, sem dó til þess að endurleysa syndara og reis upp frá dauðum eftir þrjá daga. Þetta er mikilvægasti sannleikur í alheiminum. Ég dey vegna trúar minnar á Krist.*“

Watchman Nee

Hann skrifaði fjölda bóka, sem náð hafa talsverðri útbreiðslu á Vesturlöndum.¹²²

Á árunum 1966 til 1976 stóðu kommúnistar fyrir svokallaðri „menningarbyltingu“, þar sem m.a. var með skipulegum hætti reynt að útrýma starfi allra trúflokka í landinu og innleiða Maóisma. Afleiðingin varð sú, að kristnir Kínverjar fóru að koma saman í heimahúsum um land allt, til að uppörva hver annan, biðja saman og neyta kvöldmáltíðarinnar. Þannig byrjaði hin svokallaða heimakirkja í Kína. Ekki er hægt að fullyrða um fjölda þeirra sem taka þátt í starfi hennar.

Árið 1977 á valdatíma Deng Ziaoping, tóku kínversk stjórnvöld upp mýkri stefnu í ýmsum málefnum, trúmálum þar á meðal. Næsta áratuginn var gríðarmikil vakning í heimakirkjunni. Kristnir menn búa samt enn við ofsóknir víða í landinu. Nú er giskað á, að um 8% Kínverja séu kristinnar trúar.

Í febrúar 2018, voru settar nýjar reglur í Kína sem takmarka trúfrelsi verulega. Stjórnvöld hafa það markmið að „kínavæða“ trúarbrögðin í landinu, sem m.a. felur í sér að endurskoða kínverska þýðingu Biblíunnar, til samræmis við stefnu kommúnistaflokksins.

¹²² Meðal bóka eftir Watchman Nee má nefna, *The Normal Christian Life, Changed into His Likeness, Love Not the World, A Living Sacrifice* og *The Spiritual Man*.

Aftur til Jerúsalem hreyfingin

Þessi stefna hófst upphaflega í Kína upp úr 1920 í kínverskri hvítasunnuhreyfingu sem hét *Jesúfjölskyldan*. Síðan hafa nokkur kristileg samtök í Kína haldið uppi merkjum þessarar stefnu. Fylgjendur þessarar stefnu, telja að þar sem fagnaðarerindið hafi upphaflega komið frá Jerúsalem eftir Silkiveginum til Kína, þá sé það köllun kínversku kirkjunnar að fara með fagnaðarerindið til baka eftir Silkiveginum og boða Krist þeim þjóðum sem þar búa og fara alla leið til Jerúsalem áður en Jesús kemur aftur. Stefna hreyfingarinnar er að Kínverjar sendi 100 þúsund kristniboða eftir Silkiveginum, til að boða fagnaðarerindið.



Bróðir Yun

Kína og býr ásamt fjölskyldu sinni í Þýskalandi.

Campus Crusade for Christ (CRU)

CRU eru kristileg trúboðssamtök sem kaupsýslumaðurinn *Bill Bright* stofnaði árið 1951 fyrir nemendur Kaliforníuháskóla í Los Angeles. Samtökin störfuðu upphaflega eingöngu að trúboði meðal háskólanema, en síðar hófst trúboð meðal sérfræðinga á háskólasviði, íþróttamanna og menntaskólanema.

Árið 1976 fjármögnuðu samtökin framleiðslu á kvikmyndinni Jesús, sem byggð er á texta Lúkasarguðspjalls.

Árið 1981, hófst svokallað „Jesúmyndarverkefni“ (*Jesus film project*¹²³), en það hefur fjármagnað endurgerð, þýðingu og talsetningu eða textun kvikmyndarinnar á 1.300 tungumál. Trúboðar um allan heim hafa sýnt myndina. Talið er að þessi kvikmynd, hafi fengið meira áhorf en nokkur önnur kvikmynd frá upphafi.

Í samtökunum eru 25 þúsund trúboðar sem starfa í 190 löndum. Samtökin reka hjálparstarf, sem kallast „*Global Aid Network*.“ Höfuðstöðvar samtakanna eru í borginni Orlando í Flórída.

Trúarhreyfingin (Word of Faith Movement)



Kenneth E Hagin

Segja má að þessi hreyfing hafi komið í beinu framhaldi af „*latter rain*“ hreyfingunni. Upphaf hennar er rakið til *Kenneth E. Hagin*. Hann hafði starfað með Oral Roberts, Gordon Lindsay og T.L. Osborn í lækningavakningunni á fimmta og sjötta áratugnum. Hagin varð einnig fyrir miklum áhrifum af kenningum *E. W. Kenyon*. Hagin stofnaði árið 1974 biblíuskóla í borginni Tulsa í Oklahoma, sem fékk nafnið *Rhema*. Hagin skrifaði á fjórða tug bóka sem áttu eftir að hafa mikil áhrif (65 milljónir eintaka hafa selst)¹²⁴ og gaf út tímarit sem heitir „*Word of Faith Magazine*“. Biblíuskólinn varð mjög vinsæll og hefur útskrifað 40.000 nemendur.

Þessi hreyfing átti eftir að vaxa hratt m.a. gegnum kristilegt sjónvarp eins

¹²³ Vefsíða myndarinnar er: jesusfilm.org Árið 2014 var horft á myndina á vefnum 700 þúsund sinnum á mánuði í 195 löndum á 1.000 tungumálum.

¹²⁴ Eftirfarandi bækur Kenneth Hagin hafa verið gefnar út á íslensku: Vald hins trúaða (1988), Endurfæðingin (1992), Læknislyf guðs (1992) og Markviss bæn megnar mikið (2003).

og TBN (*Trinity Broadcasting Network*¹²⁵), sem *Paul Crouch* hafði stofnað árið 1973. Sjónvarpspredikarinn *Kenneth Copeland* er annar nafnkunnur postuli þessarar stefnu. Síðar hafa fleiri predikarar bæst í hópinn og má þar nefna *Creflo Dollar* og *Joel Osteen*.

Þessi stefna gengur út á það að endurfæddur maður sé ný sköpun í Jesú Kristi og sem slíkur geti hann tekið við öllum fyrirheitum Orðs Guðs í trú gegnum hinn nýja sáttmála (*Nýja testamenti*), sem sé órjúfanlegur blóðsáttmáli með betri fyrirheitum en sá gamli. Kristnir menn séu því erfingjar fyrirheita Biblíunnar gegnum trú á Jesú Krist, og í því felist m.a. fullkomin lækning til anda, sálar og líkama vegna fórnardauða Jesú. Í því felist einnig að kristnu fólki eigi að vegna vel á öllum sviðum lífsins, því öll fyrirheit Biblíunnar (andleg og veraldleg) tilheyri þeim. Þessi stefna á því ýmislegt sameiginlegt með svokallaðri velgengni– eða allsnægtaguðfræði (*prosperity theology, health & wealth*). Einnig er lögð mikil áhersla á „játninguna“, þ.e. að tala út opinberað orð frá Guði (*rhema*) í trú og vænta þess að það rætist, því heilagur andi Guðs búi í hinum endurfædda manni og Guð hafi skapað heiminn með því að tala orð trúarinnar. Þetta þýðir hins vegar að trúað fólk, verður að gæta orða sinna, því neikvæð vantrúarorð geta haft neikvæðar afleiðingar. Hinn endurfæddi maður sé musteri Guðs á jörðinni og hafi það hlutverk að líkjast Jesú Kristi og gera sömu verk og Hann gerði. Sumir fylgjendur þessarar stefnu predika að hinn endurfæddi kristni maður, sé í rauninni „*lítill guð*“ því hann sé skapaður í Guðs mynd og heilagur andi Guðs búi í honum og einstaklingurinn eigi að þjóna sem sendifulltrúi (*ambassador*) Guðs á jörðinni. Þessi stefna hefur verið kölluð „*name it and claim it*“ guðfræði bæði í gamni og alvöru.

Hagin gaf árið 2000 út bók, sem heitir „*The Midas Touch*“, þar sem hann varar við ofuráherslu á fjárhagslega velgengni í kirkjunni, en jafnframt þurfi menn að varast, að upphefja fátækt og skort sem dyggð. Hófsemi sé hinn biblíulegi meðalvegur.

Í dag eru starfandi þúsundir kirkna, sem kenna sig við hið opinberaða Orð (*rhema*) eða orð trúarinnar (*Word of Faith, Word of Life*), og hefur þessi hreyfing haft víðtæk áhrif um allan heim.

Livets Ord í Svíþjóð

Á Norðurlöndum, hefur trúarhreyfingin náð mestum vinsældum í Svíþjóð. *Ulf Ekman* stofnaði söfnuð sem heitir *Livets Ord* í Uppsölum árið 1983. *Livets Ord* rekur grunnskóla, menntaskóla og biblíuskóla í Uppsölum. Biblíuskólinn hefur útskrifað rúmlega 13.000 nemendur frá upphafi og meðal þeirra eru allmargir Íslendingar.

Livets Ord hefur lagt áherslu á trúboð í fyrrum Austantjaldslöndum, þar með talið Rússland og Kákasuslýðveldin. Þeir söfnuðir sem þar hafa myndast eru með um 200.000 meðlimi. Rúmlega 600 söfnuðir um allan heim starfa undir handarjaðri *Livets Ord*.

Náðargjafavakningin

Þessi vakning hófst á sjötta áratug síðustu aldar innan margra sjálfstæðra bænahópa í heimahúsum meðlima rótgróinna kirkjudeilda, sem lítil samskipti höfðu t.d. haft við hvítasunnnumenn. Það vakti gífurlega athygli, þegar *Dennis Bennett*, prestur stórs safnaðar innan biskupakirkjunnar í Bandaríkjunum, tilkynnti opinberlega árið 1960, að hann hefði hlotið gjöf heilags anda og talaði nú tungum. Bók hans „*Nine O’Clock in the Morning*“, náði metsölu víða um heim.

Náðargjafahreyfingin (*charismatic movement, neo-pentecostalism*) stuðlaði að aukinni þátttöku í kirkjustarfi, opinskárrí tjáningu við tilbeiðslu, fyrirbænum með handayfirlagningu, heitu bænalífi, þrá eftir að miðla trúnni og eftirsókn eftir náðargjöfum, eins og tungutali, spádómsgáfu og lækningagáfu. Þessi vakning varð nokkuð umdeild og þótti sumum hún ganga út í öfgar, en dæmi voru um að kirkjur klofnuðu í afstöðu sinni til hennar. Meirihluta þeirra sem tilheyrðu þessari vakningu, var þó að finna í kirkjudeildum eins og rómversk-kaþólsku kirkjunni og gamalgrónum kirkjum mótmælenda. Töluverður hluti þessa hóps sagði sig úr gömlu kirkjunum og stofnaði nýjar, en slíkar kirkjur skipta þúsundum og eru flestar smáar.

¹²⁵ *Trinity Broadcasting Network* (TBN), er stærsta kristilega sjónvarpsstarf í heiminum. TBN næst á 98% heimila í Bandaríkjunum og 26 milljónum heimila í Bretlandi. TBN sendir út 30 sjónvarpsrásir, sem dreift er gegnum 85 gervihnetti og 20.000 kapalkerfi víðsvegar um heiminn.

Sumar af þeim kirkjum sem stofnaðar voru á áttunda og níunda áratug síðustu aldar eru blanda náðargjafa- og trúarhreyfingar.

David J. du Plessis

David Johannes du Plessis var fæddur í Suður-Afríku árið 1905. Foreldrar hans frelsuðust á samkomum hjá John G. Lake árið 1914. David frelsaðist þegar hann var 10 ára og skírðist í heilögum anda 13 ára gamall. David var vígður sem hvítasunnupredikari 25 ára gamall. Á árunum 1936 – 1948 starfaði hann sem framkvæmdastjóri (aðalritari) „*Apostolic Faith Mission (AFM)*“ sem eru fjölmennustu samtök hvítasunnnumanna í Suður-Afríku

Í desember árið 1936 kom Smith Wigglesworth til Suður-Afríku að predika á ráðstefnu hjá AFM. Wigglesworth spáði yfir David að það myndi koma mikil vakning yfir hinar „gömlu“ rótgrónu kirkjudeildir. Komandi vakning myndi taka fram öllum fyrri vakningum meðal þessara kirkjudeilda. Fjölmargir leiðtogar innan hefðbundnu kirkjudeildanna myndu skipta um skoðun og fara frá andstöðu yfir í velvild varðandi skírn í heilögum anda.



David J. du Plessis

David myndi eiga áberandi þátt í þessari hreyfingu, ef hann starfaði í auðmýkt og trúfesti og hann ætti eftir að ferðast meira en flestir.

Árið 1949 flutti David til Bandaríkjanna og starfaði m.a. fyrir „*Assemblies of God*.“ Hann sagði að þegar Guð sendi hann til að ræða við hinar mismunandi kirkjudeildir um skírn í heilögum anda, hefði andinn sagt við sig: „Áður en þú talar við nokkurn mann, vertu þá

viss um að þér sé ekki nöp við neitt sem hann predikar, kennir eða framkvæmir. Algjör fyrirgefning er nauðsynleg.“ David hélt því fram að veigamesta ástæðan fyrir deilum og aðskilnaði milli kristinna manna í dag, væri skortur á auðmýkt og fyrirgefningu.

Á 50 ára ferli var David óþreytandi að hvetja til samstarfs milli hvítasunnnumanna, hefðbundinna mótmælendakirkna og kaþólsku kirkjunnar, sem varð til þess að hann fékk viðurnefnið: „Herra hvítsynningur (Mr. Pentecost).“ David predikaði einnig um mikilvægi þess að skírast í heilögum anda. Menn tækju ekki við heilögum anda, heldur tæki heilagur andi við þeim og Guð úthlutaði hverjum og einum þeim gjöfum andans sem þörf væri fyrir.

Samstarf þessa sjálfskipaða sendimanns (*ambassador*) Hvítasunnuhreyfingarinnar við Alkirkjuráðið og kaþólsku kirkjuna vakti ekki hrifningu innan hans eigin samtaka (*Assemblies of God*), sem töldu hann málamiðla með Guðs orð. David var rekinn úr samtökunum árið 1962 og ekki tekinn í sátt fyrr en árið 1979, þegar ljóst var að starf hans hafði borið mikinn ávöxt fyrir ríki Guðs. Starf hans ásamt hraðri fjölgun hvítasunnnumanna á heimsvísu átti þátt í því að hinar hefðbundnu kirkjudeildir gerðu sér grein fyrir, að hvítasunnnumenn væru ekki fámennir tungutalandi sértrúarsöfnuðir, heldur fjölmenn og áhrifamikil hreyfing kristinna manna.

Harald Bredesen

Harald Bredesen var Lúterskur prestur sem starfaði m.a. í New York. Árið 1946 fór hann á sumarsamkomum hjá hvítasunnnumönnum í borginni og skírðist í heilögum anda. Árið 1957 varð hann forstöðumaður fyrir kirkju í New York sem hét „*First Dutch Reformed Church of Mount Vernon*.“ Bredesen réði ungan guðfræðinema Marion Gordon („Pat“) Robertson sem aðstoðarprest við kirkjuna. Af ótta við álit kirkjudeildarinnar, auglýstu þeir ekki samkomur í Mount Vernon þar sem tungutal og spádómsgáfa var áberandi. Fljótlega talaði Guð til þeirra, að þeir ættu að segja opinberlega frá starfi heilags anda.

Robertson hitti Norman Vincent Peale¹²⁶ og eiginkonu hans Ruth Stafford Peale og sagði þeim frá þeim stórkostlegu hlutum sem Guð væri að gera. Peale hjónin gáfu út víðlesid tamarit sem hét

¹²⁶ Eftirfarandi bækur Norman Vincent Peale hafa verið gefnar út á íslensku: Vörðuð leið til lífshamingju (1965, 1985 og 2017 undir heitinu *Máttur jákvæðs hugarfars*), Lífðu lífinu lífandi (1967, 1985), Sjálfstjórn í stormviðrum lífsins (1970), Leiðsögn til lífs án ótta (1973), Undraverður árangur jákvæðrar hugsunar (1975), Bjartsýnin léttir þér lífið (1979), Jákvæður lífskraftur (1984), Minnisstæðar tilvitnanir (1992), Fjár sjóður jóla (1993) og Máttur bænarnar (1994, 2000).

„Guideposts Magazine.“ Frú Peale fékk ritstjóra tímaritsins hjónin John og Elizabeth Sherrill til að skrifa um þessa nýju vitjun. Sherrill hjónin skírðust í heilögum anda og skrifuðu bók sem heitir „They Speak With Other Tongues“, sem hefur verið gefin út á íslensku (*Þau tala tungum*). Bredesen kynnti Sherrill hjónin fyrir ungum hvítasunnupredikara, David Wilkerson að nafni, er leiddi til þess að þau hjálpuðu Wilkerson að skrifa bók sem átti eftir að verða metsölubók um allan heim.

Þegar Pat Robertson stofnaði kristilega sjónvarpsstöð árið 1960 sem heitir „Christian Broadcasting Network (CBN)“ var Bredesen í stjórn hennar frá upphafi.

Bredesen þekkti persónulega all marga þjóðarleiðtoga, m.a. forseta Egyptalands Anwar Sadat. Bredesen skrifaði árið 1978 bréf sem hafði yfirskriftina: „Ákall til bæna.“ Bredesen sendi bréfið



Viðtal Bredesen við Anwar Sadat í Kaíró var sýnt á CBN árið 1976

til Anwar Sadat, Jimmy Carter og Menachem Begin. Þessir þrír sendu afrit af bréfinu til þjóðarleiðtoga víða um heim, stuttu áður en leiðtogafundur Bandaríkjanna, Egyptalands og Ísraels hófst haustið 1978 í sumarhúsum Bandaríkjaforseta sem nefnast „Camp David.“ Eftir 12 daga viðræður var undirritað friðarsamkomulag milli Egyptalands og Ísraels. Egyptar viðurkenndu tilverurétt Ísraels og fengu aftur yfirráð yfir Sínaískaga og gátu opnað Súezskurðinn.

Jimmy Carter sagði eftirfarandi þegar samkomulagið lá fyrir. „Við höfum þennan leiðtogafund með „ákalli til bæna.“ Niðurstaða fundarins hefur farið langt fram úr

öllum væntingum þeirra sem metið hafa aðstæður af sanngirni. Ég er kristinn og Jesús sagði: „Sælir eru friðflytjendur.““

Ungt fólk með hlutverk (*Youth With a Mission*)

Árið 1956 fékk ungur bandaríkjamaður Loren Cunningham að nafni, sýn þar sem hann sá fylkingar ungmenna koma úr hafinu og ganga á land í öllum heimsálfum og boða trúna. Hann stofnaði *Ungt fólk með hlutverk* (*Youth With a Mission, YWAM*) árið 1961. Markmið hreyfingarinnar er að boða trúna, einkum í þéttbýli með götutrúboði, húsgöngutrúboði, tónlist o.fl. og stunda hjálparstarf. Hreyfingin rekur umfangsmikið trúboð í borgum vítt og breitt um heiminn, þjálfunarskóla fyrir lærisveina og tvö hjálparskip.

Þeir sem vilja starfa innan hreyfingarinnar, fá ekki greidd laun, heldur verða þeir sjálfir að finna leiðir til að fjármagna eigin framfærslu. Miðstöðvar starfseminnar eru tvær, á Hawaiieyjum og í Amsterdam.

FGBMFI



Carl Williams, William Branham og Tommy Hicks á samkomu FGBMFI í Chicago

Alþjóðleg samtök kaupsýslumanna á bandi fagnaðarerindisins (*Full Gospel Business Men's Fellowship International – FGBMFI*) voru stofnuð árið 1952 í Bandaríkjunum af Demos Shakarian, sem var af armenskum uppruna. Hlutverk samtakanna er að efla kristin gildi í samfélaginu og stunda kristilegt boðunarstarf. Samtökin stækkuðu með miklum hraða og voru deildir stofnaðar víða um heim. Eftir dauða Demos Shakarian árið 1993, tók sonur hans, Richard Shakarian, við formennskunni. Þessi samtök hafa klofnað í nokkra hópa.



Ljósmynd frá ráðstefnu FGBMFI á Puerto Rico í febrúar árið 1959

FGBMFI hópurinn heimsótti m.a. fangelsi í borginni San Juan. Frá vinstri: Jack Moore framkvæmdastjóri samtakanna, William Branham, Demos Shakarian, Sally Olsen og Billy Paul Branham.

Sally Olsen rak barnaheimili og sinnti fangahjálpi í borginni. Var Sally oft nefnd „engill fanganna á Puerto Rico.“

David Wilkerson

Árið 1958 fékk forstöðumaður hvítasunnukirkju í Bandaríkjunum, *David Wilkerson* að nafni, köllun til að boða eiturfjafíklum í New York orð Guðs. Þessi þjónusta náði feiknarlegum árangri í undirheimum borgarinnar. Þúsundir losnuðu úr viðjum áfengis og eiturfjafa og eignuðust nýtt líf, í gegnum endurhæfingarstarf sem fékk nafnið „*Teen Challenge*“. Árið 1963 gaf hann út bók um upphaf starfsins, sem gefin hefur verið út á íslensku. Bókin heitir *Krossinn og hnífsblaðið* og varð hún metsölubók. David stofnaði síðar kirkju við Times Square í New York, sem heitir *Times Square Church*. David Wilkerson stofnaði árið 1971 „*World Challenge*“, sem sinnir trúboði og hjálparstarfi í allmörgum löndum.



David Wilkerson

Vakning á eyjunni Tímor

Á sjöunda áratugnum var mikil pólitísk ólga í *Indónesíu*. Múslimar og kommúnistar börðust um völdin í landinu sem endaði með blóðbaði er hófst 30. september 1965 og lauk ekki fyrr en hálf til ein milljón kommúnista ásamt fólki sem grunað var um samúð með kommúnistum hafði verið tekið af lífi. Í lok október árið 1965, birtist halastjarnan *Ikeya-Seki* á himni og sást vel í tvær vikur. Aldraðir íbúar *Tímor*, töldu að halastjarnan væri merki um stríð og blóðsúthellingar. Meðal kristinna var halastjarnan talin endatímataákn. Þegar vakningin hófst, ríkti ótti og skelfing í landinu vegna pólitískra fjöldamorða og þurrkar höfðu orsakað alvarlega hungursneyð.

Árið 1964 hófst vakning á eyju sem heitir *Rote* í Indónesíu, en hún er skammt frá eyjunni *Tímor*. Vakningin leiddi til þess að bænahópar spruttu þar upp. Í júlí árið 1965, kom trúboðshópur nemenda við „*Indonesian Bible Institute*“ ásamt Lúterskum trúboða frá Þýskalandi í heimsókn til *Tímor* og hélt hópurinn samkomur í tvo mánuði. Boðskapurinn fjallaði um nauðsyn þess að gera iðrun, endurfæðast og helga líf sitt.

Nahor Leo var átján ára menntaskólanemandi í fjallabænum *Soe*. Hann hafði verið alinn upp við kristindóm, en gert uppreisn og stundaði kukl eins og vinsælt var meðal innfæddra. Hann hafði einnig fengið köllun um að þjóna *Kristi*, en þráðist við. Þegar hann var einn daginn ásamt nokkrum nemendum úr skólanum að sinna heimaverkefnum, missti hann skyndilega sjónina. Hann sagðist hafa séð *Krist* í sýn og fengið þau skilaboð að hann þyrfti að losa sig við töfragrip og þjóna *Kristi* einum. Þegar prestur safnaðarins hafði beðið fyrir *Nahor*, fékk hann sjónina aftur. Sunnudaginn 26. september árið 1965 vitnaði *Nahor* bæði við morgun- og síðdegismessu í hollensku öldungakirkjunni á staðnum um það hvernig Guð hefði kallað hann til þjónustu. Um kvöldið var haldin bænastund í kirkjunni. Þá kom eitthvað sem líktist mikilli vindhviðu ásamt eldslogum yfir kirkjuna. Þetta vakti athygli íbúanna svo lögregla og slökkvilið mættu á staðinn. Eldurinn var þó ekki af jarðneskum toga, heldur var hér eldur heilags anda á ferðinni. Andi Guðs kom yfir söfnuðinn, sem fór að tala á tungumálum sem fólkið kunni ekki og mikla Guð. *Nahor Leo* fékk 23 unga einstaklinga sem höfðu gefist *Kristi* með sér í trúboðshóp. Vakningin breiddist út um eyjuna. Um 90 trúboðshópar voru myndaðir og gjafir heilags anda voru áberandi. Fyrsti hópurinn sá 9.000 manns eignast afturhvarf í bæ einum á tveimur vikum. Á fyrstu þremur árum vakningarinnar er talið að 200.000 manns hafi snúist til kristinnar trúar á *Tímor*.



Maranatha kirkjan í Soe - þar sem vakningin hófst

Yfirnáttúruleg fyrirbæri voru áberandi í þessari vakningu, sem stóð í níu ár. Blindir fengu sjónina, daufir heyrðu, lamaðir gengu og dauðir risu upp. Dæmi voru um að trúboðshópar sem ella hefðu ekki komist leiðar sinnar til að halda samkomur, gengu yfir óbrúaðar kolófærar ár. Nokkrum sinnum fóru trúboðar milli staða með yfirnáttúrulegum hætti eins og í *Postulasögunni*. Einnig gerðist það oft þegar vantaði messuvín, að vatn breyttist í vín þegar beðið var yfir því.

Guðsríkisguðfræðin

Hugmyndirnar að baki þessari stefnu, eiga einkum rætur að rekja til Kalvínskra guðfræðinga í Bandaríkjunum á 20. öld. Þessi guðfræðistefna hefur gengið undir ýmsum nöfnum, t.d. „*dominion theology, kingdom now theology*“ eða „*reconstructionism*“.

Guðsríkisguðfræðin kennir m.a. að fyrir vald Jesú Krists, þá hafi hinn trúaði vald yfir öllum sviðum í sínu lífi. Hinir trúðu eru þegar komnir inn í Guðs ríkið.

Nokkur áhersluatriði guðsríkisguðfræðinnar:

1. Satan náði völdum yfir sköpuninni, af mannum í aldingarðinum Eden.
2. Kirkjan er verkfæri Guðs til að ná valdinu yfir sköpuninni til baka frá Satan.
3. Jesús Kristur mun ekki snúa aftur til jarðarinnar, fyrr en hinir kristnu hafa náð völdum á jörðinni, með því að ná stjórn yfir veraldlegum stofnunum og veraldlegu ríkisvaldi.
4. Til að helga líf sitt, þarf kristið fólk að fylgja reglum lögmálsins í Gamla testamentinu, nema þar sem nýi sáttmálinn gerir þær óþarfar t.d. varðandi fórnir.
5. Lögmál Gamla testamentisins á að vera grundvallarlög í hverju landi.
6. Kirkjan hefur tekið við stöðu Ísraelsþjóðarinnar og á að fylgja lögmálinu, nema að því leyti sem nýi sáttmálinn gerir lögmálið óþarft.
7. Hinir kristnu, verða hér á jörðinni á endatímanum og leiða endatímavakninguna.
8. Þegar þjóðfélögin hafa umbreytst undir guðlegri stjórn, kemur frelsarinn aftur og hið endanlega Guðs ríki á jörðu tekur við.

Einn þáttur guðsríkisguðfræðinnar, að kristnir menn eigi að sækjast eftir veraldlegum völdum, hefur náð talsverðum vinsældum í ólíkum kirkjudeildum einkum í Bandaríkjunum. Sem dæmi um það má nefna sjónvarpstrúboðann Pat Robertson, sem bauð sig fram til forseta Bandaríkjanna í forkosningum Repúblikana árið 1988.

Hér má bæta því við að árið 1975 komu þeir Bill Brighth (CRU) og Loren Cunningham (YWAM) fram með áherslu á sjö fjöll þjóðfélagsins, sem kristindómurinn þyrfti að sigra til að þjóðfélagið gæti tekið stakkaskiptum. Þessi fjöll eru: Fjall trúarinnar, fjall fjölskyldunnar, fjall menntunarinnar, fjall ríkisvaldsins, fjall fjölmiðla, fjall lista og skemmtunar og fjall viðskiptalífsins.

Jesúfólkið

Á sjöunda áratug síðustu aldar (1964–1968) jókst gagnrýni meðal ungs fólks á Vesturlöndum á kynþáttastefnu, hernaðarkapphlaup, stríðsrekstur, neysluhyggju og peningadýrkun hins kapítalíska iðnaðarsamfélags. Því var m.a. haldið fram að taumlaus efnishyggja og ómanneskjulegir framleiðsluhættir hefðu gert líf fjöldans að innantómum þrældómi. Undirrótin væri kapítalisminn sem snerist um auð og völd en ekki fólk. Vorið 1968 hófust stúdentaóeirðir í París í Frakklandi. Franskir stúdentar sóttu hugmyndir sínar til *Karls Marx*, *Sigmund Freud* og heimspekingins *Jean-Paul Sartre*. Næstu árin urðu stúdentaóeirðir í um 2.000 háskólum víða um heim. Stúdentahreyfingin í þessum skólum lagði áherslu á uppreisn gegn yfirvaldi og hefðbundnum valdakerfum ásamt baráttu fyrir jafnrétti á fjölmörgum sviðum.

Um sömu mundir tók sérstæð neðanjarðarmenning að skjóta upp kollinum. Andmenning sú sem átti eftir að slá í gegn á síðari hluta sjöunda áratugarins kom fyrst fram í San Francisco. Um var að ræða ungt fólk sem bjó í kommúnunum, gekk í skrautlegum klæðnaði og neytti maríjúana og LSD í „hugvíkkunarskyni“. Síðan komu hipparnir með sitt hár skrýtt blómum, grænmetisát, popptónlist og frjálsar ástir. Þeir voru undir áhrifum frá austrænum trúarhugmyndum ásamt menningu svertingja og indíána.



Skírn í Kyrrahafinu

Á árunum 1968–1970 höfðu margir af þeim einstaklingum sem tóku þátt í uppreisn unga fólksins gegn kristilegu siðgæði og hefðbundnu fjölskyldulífi, komist að þeirri niðurstöðu, að eiturfjaneysla, stóðlíf og austurlensk trúarbrögð væru ekki sú alsæla sem sumir vildu vera láta. Kaldur raunveruleiki blasti við fjölmörgum. Þeir stóðu uppi einir, allslausir og fjötraðir í viðjar fíkniefnanna. Sumir reyndu að fara í meðferð á

meðferðarstofnunum, til að losna við eiturfjafíknina, en án mikils árangurs.

Jesúfólkið átti upphaf sitt í Suður-Kaliforníu, þar sem fjöldi hippa fór að leita inn í kirkju sem heitir *Calvary Chapel Foursquare Church* í bænum *Costa Mesa*. Á þremur árum (1968–70) gerðist það að ríflega 20 þúsund einstaklingar gáfu Guði líf sitt og 8 þúsund voru skírðir í Kyrrahafinu.

Þessi vakning breiddist út um Bandaríkin og síðar vítt og breitt um heiminn. Boðskapurinn var einfaldur: „*Jesús er eina leiðin til Guðs.*“

Jesúfólkið taldi að í kristilegu starfi ætti að hafa frumkirkjuna sem fyrirmynd, varðandi skipulag og starfshætti, því kirkja samtímans væri í fráfalli. Margir bjuggu í kristnum kommúnunum, þar sem íbúarnir lögðu fram sín veraldlegu gæði til sameiginlegra afnota eins og sagt er frá í Postulasögunni.

Þessir fyrrverandi hippar, komu inn í nýja lífið með ýmislegt frá sínum fyrri lífsmáta. Hippaklæðnaður, sítt hár, gítartónlist og popptaktur fylgdi með. Jesúhreyfingin lagði áherslu á kristilega tónlist (Jesúrokk) sem trúboðstæki bæði innan kirkju og úti á strætum. Þótt Jesúhreyfingin hafi liðið undir lok kringum 1980, hefur tónlistararfur hennar dreifst út um allan heim og haft mikil áhrif t.d. í náðargjafa- og hvítasunnukirkjum.

EFTIRLÝSTUR JESÚS KRISTUR

Öðru nafni: Messías, Sonur Guðs, Konungur konunganna, Lávarður lávarðanna, Prins friðarins, etc.

- Grunsamlegur leiðtogi neðanjarðar frelsishreyfingar.
- Eftirlýstur fyrir eftirfarandi:
 - Stundar lækningar, vinframleiðslu og matvæla-dreifingu án leyfis.
 - Truflar kaupskýslumenn í hofum sínum.
 - Umgengst þekktu glæpamenn, róttæka stjórnmálamenn, undirróðursstarfsmenn, vændiskonur og flækingsa.
 - Kveðst hafa vald til að gera fólk að „börnum Guðs“.

ÚTLIT: Venjulegur hippi — síðhærður með skegg og í kufli og sandöllum. — Tíður gestur í fátækrahverfum, á fáa efnaði vini og hverfur oft út í eyðimörkina.

ATHUGIÐ: Þessi maður er ákaflega hættulegur. Boðskapur hans er þó sérlega hættulegur ungu fólki, sem ekki hefur verið kennt að láta hann afskiptalausán ennbá. Hann breytir fólki og þykist geta frelsað það.

Varúð: Hann er ennbá laus!



Auglýsing með boðskap Jesúhreyfingarinnar

Hirðishreyfingin (The Shepherding movement)

Þessi stefna hófst snemma á sjöunda áratug síðustu aldar, þegar fjórir vel þekktir lærifeður innan náðargjafahreyfingarinnar, þeir *Bob Mumford*, *Derek Prince*,¹²⁷ *Charles Simpson* og *Don Basham*, urðu vitni að siðferðisbresti í kirkju í Suður-Flórída. Síðar bættist *Ern Baxter* í hópinn. Þessi hópur var kallaður Fort Lauderdale fimmmenningarnir. Þeim þótti náðargjafahreyfingin vera orðin óþægilega full af einstaklingshyggju, eiginhagsmunapoti og öðrum vandamálum af veraldlegum toga. Vandamálið sem upp kom í þessari ákveðnu kirkju var ekki einstakt, því töluvert var um að þeir sem voru nýir í trúnni, ættu erfitt með að fóta sig og þroskast í því umhverfi sem margar náðargjafakirkjur á þessum tíma höfðu að bjóða. Til að bæta úr þessu, lögðu fimmmenningarnir til að sérhver kristinn maður skyldi að velja sér einhvern læriföður og

¹²⁷ Derek Prince var einn þekktasti biblíufræðari og rithöfundur náðargjafahreyfingarinnar. Derek skrifaði 45 bækur sem margar náðu mikilli útbreiðslu. Útvarpsþáttur hans, „*Today With Derek Prince*“ var sendur út víða um heim.

Árið 1945 kynntist hann dönskum trúboða í Jerúsalem sem hét Lydia Christiansen. Lydia rak athvarf fyrir munaðarlausar stúlkur í Jerúsalem. Derek og Lydia gengu í hjónaband og gerðust fósturforeldrar níu barna. Bók þeirra hjóna um starfið í Ísrael hefur verið gefin út á íslensku og heitir *Stefnumót í Jerúsalem*.

Derek fjallaði mikið um Ísrael og var þeirrar skoðunar, að heimkoma Gyðinga og endurreisn Ísraelsríkis, væri augljós uppfylling á fyrirheitum Biblíunnar.

Árið 1973 átti hann þátt í því að samtökin „*Intercessors for America*,“ voru stofnuð. Samtökin hafa það markmið að biðja fyrir þjóðum og þjóðarleiðtogum.

verndara. Talið var að það fælist ákveðin vernd í því að setja sig undir yfirvald annars kristins einstaklings. Fimmmenningarnir ákváðu því að gangast undir yfirvald hvers annars. Ýmsir leiðtogar innan náðargjafahreyfingarinnar töldu þörf fyrir ábyrgari hegðun, meiri persónuþroska og dýpra samfélag innan kirknanna. Hreyfingin var undir áhrifum kenninga Watchman Nee, en



Fimmmenningarnir frá vinstri: Ern Baxter, Derek Prince, Charles Simpson, Don Basham og Bob Mumford

hann er höfundur bókar sem heitir „*Spiritual Authority*“ og fjallar um hlýðni við yfirvald innan kirkjunnar. Aðrir leiðtogar tóku fljótlega að setja sig undir yfirvald postulanna fimm eða fulltrúa þeirra. Þannig myndaðist hreyfing sem talið var að hefði meira en 100.000 einstaklinga innan sinna vébanda, þegar flest var. Þessi hreyfing sætti mikilli gagnrýni og leið að miklu leyti undir lok upp úr 1990.

Síðar sagðist Derek Prince iðrast þess að hafa tekið þátt í þessari hreyfingu: „Ég trúir því að við höfum verið sek um það sem talað er um í Galatabréfinu, að byrja í anda en fara síðan fljótlega að starfa í holdi.“

„Þriðja“ vakningarbylgjan


Þessi stefna (*neo-charismatic movement*) hófst snemma á níunda áratug síðustu aldar, þegar John Wimber og C. Peter Wagner byrjuðu með námskeið við guðfræðiskólann „*Fuller Theological Seminary*“ sem hét: „*Signs, Wonders and Church Growth*.“ Um er að ræða áherslur í kristilegu starfi sem lögðu grunninn að því sem átti eftir að einkenna „*Vineyard*“ hreyfinguna. Lögð var áhersla á „*power evangelism*“, sem felst í því að tákna og undur eigi að fylgja boðuninni. Fylgjendur þessarar stefnu voru oftast meðlimir rótgróinna kirkjudeilda, sem hvorki vildu kenna sig við hvítasunnumenn né náðargjafavakninguna, en töldu engu að síður, að heilagur andi veiti kristnum mönnum margvíslegar náðargjafir t.d. til að lækna sjúka, reka út illa anda og spá. Sérkenni þessarar vitjunar voru helst, að skírn í heilögum anda var álitin órjúfanlegur þáttur í endurfæðingunni, en ekki sérstök gjöf frá Guði, sem menn gætu öðlast jafnvel löngu síðar eins og margir hvítasunnumenn kenna. Það sem hvítasunnumenn hafa hins vegar kallað skírn í heilögum anda, var sagt vera fylling heilags anda, sem kristnir menn geti í raun sóst eftir á hverjum degi. Lítil áhersla var lögð á tungutalið, enda ekki talið ætlað öllum kristnum mönnum. Sumir leiðtogar þessarar vitjunar, sögðust jafnvel aldrei biðja í tungum. Sérstakar náðargjafir voru ekki taldar ætlaðar einhverjum tilteknum einstaklingum, heldur samfélagi kristinna í heild, því til uppbyggingar.

Áhersla var jafnan lögð á að forðast allt, sem valdið gæti sundurþykkju eða klofningi í söfnuðum kristinna og var þjónusta náðargjafanna því aðlöguð að viðteknu helgihaldi viðkomandi kirkna.

„Vineyard“ hreyfingin

Hjónin Kenn og Joanie Gulliksen sem starfað höfðu innan „*Calvary Chapel Foursquare*“ kirkjunnar, hófu árið 1974 kristilegt starf í Los Angeles, sem gekk undir nafninu „*Vineyard Church*“. Allmargir þekktir leikarar og tónlistarmenn sóttu samkomur kirkjunnar, t.d. *Bob Dylan*. Starfið óx hratt og árið 1982 voru Vineyard kirkjurnar orðnar 7 talsins.

Árið 1977 stofnuðu hjónin John og Carol Wimber kirkju í tengslum við „*Calvary Chapel Foursquare*“ kirkjuna, sem einnig hét „*Calvary Chapel*“ í bænum Yorba Linda í Kaliforníu. John hafði starfað sem tónlistarmaður og einnig verið kennari við guðfræðiskóla sem heitir „*Fuller Theological Seminary*“. Árið 1982 var ákveðið að Vineyard kirkjurnar og Calvary Chapel kirkjan hæfu samstarf og stofnuð voru ný samtök sem fengu nafnið „*Vineyard Christian Fellowships*“. John Wimber mótaði stefnu og starfsemi samtakanna, en hann hafði kynnst lækningapredikurum eins og Agnesi Sanford og Kathryn Kuhlman. Hann las rit guðfræðingsins *George Eldon Ladd*, sem hélt því fram að allar náðargjafir heilags anda ættu að starfa í kirkjunni.



John Wimber

John hélt því fram að kirkjan ætti að líkja eftir þjónustu Jesú Krists, sem lýst er í Nýja testamentinu. Hlutverk einstaklingsins innan kirkjunnar væri að leita samfélags við Krist og eignast persónulega upplifun m.a. gegnum innilega lofgjörð í heilögum anda. Hver kristinn maður ætti að vera gangandi vitnisburður um kraft Guðs og kærleika í þjóðfélaginu. Kirkjan ætti að predika fagnaðarerindið um ríki Guðs á jörðu í krafti heilags anda, sem myndi staðfesta boðunina jafnóðum með yfirnáttúrulegum kraftaverkum jafnt innan kirkju, sem úti á götu. Kirkjan þyrfti að feta hinn vandrataða „róttæka meðalveg“ milli áherslu bókstafstrúarmanna á Biblíuna og náðargjafahreyfingarinnar á heilagan anda. Inntak boðunarinnar er: „*Komdu til Krists eins og þú ert í dag, en ekki vera svona til frambúðar.*“

John var talsmaður guðsríkisguðfræðinnar og einnig þeirrar skoðunar að tungutal væri ein af náðargjöfum Guðs fyrir kirkjuna, en ekki sönnun um skírn í heilögum anda.

Vineyard hreyfingin hefur lagt áherslu á að stofna kirkjur víðsvegar um heiminn. Nú eru 2.400 kirkjur í 95 þjóðlöndum innan hreyfingarinnar.

Toronto vitjunin

Hjónin John og Carol Arnott hófu safnaðarstarf í borginni Toronto í Kanada árið 1988. Starfið tengdist fljótlega Vineyard hreyfingunni og fékk nafnið *Toronto Airport Vineyard Church*.

Í nóvember árið 1993, fóru þau John og Carol til Buenos Aires í Argentínu, á samkomur hjá Claudio Freidzon,¹²⁸ en hann var einn af leiðtogum vakningar í landinu. Claudio bað fyrir þeim hjónum að þau fengju að upplifa vakningarkraft heilags anda.



John og Carol Arnott
stofnendur Toronto
Airport Vineyard
kirkjunnar

Í janúar árið 1994, kom forstöðumaðurinn Randy Clark frá St. Louis Vineyard kirkjunni í Missouri, í heimsókn til Toronto Airport kirkjunnar sem gestapredikari. Clark hafði kynnst heilögum hlátri á samkomum hjá predikaranum Rodney Howard-Browne frá Suður-Afríku sem starfaði í Bandaríkjunum. Ætlunin var að hafa fjórar samkomur. Fyrsta samkoman var haldin 20. janúar. Clark vitnaði fyrir söfnuðinum og fljótlega höfðu fjórir af hverjum fimm á samkomunni orðið fyrir miklum áhrifum. Sumir féllu í gólfíð en aðrir dönsuðu um. Sumir hristust eða grétu en aðrir hlógu, kölluðu, öskruðu eins og ljón, mjálmuðu eins og kettir, geltu eins og hundar og fleira því um líkt. Sumir lágu á gólfinu hreyfingarlausir í marga klukkutíma, en aðrir svo sólarhringum skipti. Þar með var hafin vitjun, sem átti eftir að breiðast út um allan heim. Fljótlega varð

húsið sem söfnuðurinn kom saman í, allt of lítið og endaði með því að tekin var á leigu aðstaða í ráðstefnumiðstöð.

Árið 1995 þurfti söfnuðurinn að yfirgefa Vineyard hreyfinguna og breytti um nafn og kallaðist nú „*Toronto Airport Christian Fellowship*“.¹²⁹ Í maí 1994 braust vitjunin út í anglikanskri kirkju í London. Sú kirkja heitir *Holy Trinity Brompton*.¹³⁰ Ári seinna var talið að áhrifa frá Toronto vitjuninni gætti í fjögur þúsund söfnuðum í Bretlandi. Vitjunin hefur síðan breiðst út til fjölmargra landa, t.d. Sviss, Þýskalands, Ungverjlands, Noregs, Finnlands, Hollands, Japan, Suður-Afríku, Zimbabwe, Kóreu, Indlands, Taiwan, Taílands, Guyana, Kambódíu, Ástralíu, Nýja-Sjálands, Indónesíu, Malasíu, Singapore, Tékklands, Rússlands, Kína, Danmerkur, Íslands, Svíþjóðar, Rúmeníu, Nýju-Gíneu, Kenýa og Ísrael.

Fjölmargir predikarar hafa gengið inn í þessa vitjun með einum eða öðrum hætti.

¹²⁸ Claudio Freidzon hafði árið áður heimsótt safnaðarstarf Benny Hinn í Flórída og upplifað skírn í eldi heilags anda. Þess má einnig geta, að John Arnott og Benny Hinn voru vinir og skólafélagar á unglingarárum í Toronto.

¹²⁹ Árið 2010 var nafni kirkjunnar breytt í „*Catch the Fire Toronto*“. Tæplega 30 „*Catch the Fire*“ kirkjur eru nú starfandi á heimsvísu og ein þeirra starfar á Íslandi.

¹³⁰ Starf innan þessarar kirkju, leiddi síðan til þess að farið var að halda grunnnámskeið um kristna trú, sem kallast *Alfa-námskeið*, en þessi námskeið hafa verið vinsæl í mörgum löndum.

Brownsville vakningin

Brownsville vakningin sem einnig gengur undir nafninu Pensacola vakningin hófst 18. júní 1995 í hvítasunnukirkju sem heitir *Brownsville Assembly of God* í Pensacola í Flórída.


Forstöðumaður Brownsville Assembly of God kirkjunnar, *John Kilpatrick* hóf sérstaka bænaherferð fyrir vakningu á árunum 1993 – 1995.

Árið 1993 kom forstöðumaðurinn David Yonggi Cho frá Kóreu, fram með spádóm á samkomu í Seattle. David benti á kort af Bandaríkjunum og sagði: „Ég mun senda vakningu yfir strandbæinn Pensacola og hún mun breiðast út eins og eldur þar til eldurinn hefur breiðst út um öll Bandaríkin.“

Sunnudaginn 18. júní 1995, var trúboðinn *Steve Hill* gestapredikari í Brownsville kirkjunni. Steve Hill, hafði m.a. starfað sem trúboði í Suður-Ameríku, aðallega í Argentínu og kynnst vakningarkrafti heilags anda á samkomum *Carlos Annacondia*, sem var einn af leiðtogum vakningarinnar í landinu. Eftir predikunina bauð hann þeim sem vildu, að koma fram og fá fyrirbæn. Þegar fyrirbænin hafði staðið í nokkurn tíma, kom vindhviða sem fór um kirkjuna og vakning hófst. Steve sagði að á þessari stundu hafi sér liðið eins og hann stæði í ósýnilegu straumvatni.

Talið er að í þessari vakningu hafi 200 þúsund einstaklingar gefist Jesú Kristi, mikill fjöldi fékk lækningu meina sinna og hundruð þúsunda fengu endurnýjaðan þrótt til að ganga heilshugar með Guði. Talið er að rúmlega 4 milljónir manna hafi sótt vakningarsamkomur í þessari kirkju á árunum 1995 – 2000.

Kirkjudeildir (einfölduð mynd)



Kristnisaga Íslands

Papar

Kristnisaga Íslands er jafngömul sögu landsins. Er fyrstu norrænu landnámsmennirnir komu út til Íslands á síðari hluta níundu aldar, hittu þeir menn hér fyrir. Voru það írskir munkar, sem leitað höfðu hingað langt norður í höf til að geta verið í friði með trúariðkanir sínar.




Bænhúsið í Papey

Sagan segir að trúboð heilags Patreks, hafi orðið til þess að Írar tóku kristna trú á 5. öld. Írska kirkjan þróaðist með töluvert sérstæðum hætti og varð afar öflug trúboðskirkja. Írska kirkjan naut upphaflega verulegs sjálfstæðis, en játaðist fyrst formlega undir páfa árið 664. Miðstöðvar kirkjulífsins voru hin stóru klaustur, þar sem þúsundir munda bjuggu í smákofum umhverfis kirkju og sameiginlegan matsal. Andlegur áhugi var mikill í írsku

kirkjunni á þessum tíma og trúboðsáhugi feiknarlegur. Áhersla var lögð á að ná sem greiðlegast til fólksins, með því að boða trúna í einföldum búningi og láta guðþjónustur fara fram á móðurmálinu. Lítið var um miðstýringu kirkjustarfs, en munkar ferðuðust víða í trúboðserindum.

Á seinni hluta 8. aldar kom til sögunnar ný regla einsetumanna innan írsku kirkjunnar. Nokkrar hnignunar virðist þá hafa farið að gæta innan klaustranna og eftirsókn eftir veraldlegum gæðum farið í vöxt. Var hér um að ræða hliðstæða þróun og oft gerði vart við sig innan klaustrahreyfinga á miðöldum, sem leiddi til dvínandi trúaráhuga.




Hólf fyrir helgistytta í manngerðum helli á Hellnum í Landsveit

Þá kom fram hreyfing „kúldea“ (céli dé) eða „förunautar Guðs.“ Hefur hin keltneska kristni á Írlandi og í Skotlandi stundum verið nefnd eftir þeim og

kölluð kúldeiska kirkjan. Kúldear lögðu meiri stund á meinlætaliðnað en lærdóm og héldu þeir oft hópinn. Miðstöð kúldea var í klaustrinu Tallaght nærri Dyflinni. Ljóst er að írskumælandi einsetumenn settust oft að á afskekktum stöðum, jafnvel á Íslandi.¹³¹ Þessir kristnu einsetumenn kærðu sig lítið um sambýli við hina heiðnu, norrænu víkinga, sem síðar tóku að flytjast til landsins og héldu sumir burt aftur. Ætla má að frumkristni á Íslandi hafi að verulegu leyti dregið dóm af írsk-skoskri kristni.

Hinir írskumælandi munkar voru af norrænum mönnum nefndir *papar* (írski: *papa* = faðir, prestur, munkur). Enginn veit með vissu, hvenær papar hófu að flytjast til landsins, en talið er að þeir hafi verið hér a.m.k. heila öld, áður en landnám Íslands hófst frá Noregi. Ýmis örnefni hér á landi minna á veru papanna, t.d. *Papey* og *Papós*.

Talið er að papar, hafi flestir siglt til Íslands frá *Suðureyjum* (Hebrideseyjum), sem liggja vestur af Skotlandi.



Papakrossinn í Heimakletti. Þetta er kross með norsk-ensku lagi sem virðist eiga fyrirmynd í Noregi.


¹³¹ „En áður Ísland byggðist af Noregi höfðu þar verit þeir menn er Norðmenn kalla papa. Þeir hafa verit kristnir. Þar fundust eftir þeim bækur, írskar bjöllur ok baglar, ok enn fleiri hlutir þeir er þaðan af mátti skilja at þeir voru kristnir menn er þar höfðu bygt ok komnir til vestan um haf. Vísa ok svo til enskar bækur at í þann tíma hafi verit farit í milli landa.“ (*Ólafs saga Tryggvasonar*)

Kólumba (Kolumkilli)

Kólumba (írska: *colum*, „dúfa“) fæddist á Írlandi árið 521. Hann var af konungaættum. Kólumba hlaut fræðslu í klausturskóla í Moville á Írlandi og gerðist djákni. Síðan gekk hann í klaustrið Clonard, sem var eitt frægasta klaustur landsins. Af einhverjum ástæðum fékk hann viðurnefnið „*cille*“ (írska: klausturklefi eða kirkja). Talið er, að hann hafi tekið prestvígslu um 551. Kólumba stofnaði kirkjur og klaustrið Daire Calgaich í Derry og einnig klaustrið Dairmagh í Durrow.

Kólumba lenti í útistöðum við *Diarmain* konung í Cooldrevny (Cuil Dreimhne) árið 561. Endaði með því, að árið 563 varð Kólumba að yfirgefa Írland. Fór hann þá ásamt 12 lærisveinum og settist að á eyjunni Jóna (*Iona* eða *Hy*), sem er við strönd Skotlands. Kólumba og félagar reistu klaustur á eynni og hófu síðan kristnið á meginlandinu.

Eftir að hafa eytt nokkrum árum við kristnið meðal Skota í héraðinu Dalriada, hóf Kólumba kristnið hjá þjóð sem hét Piktar. Kólumba reyndi að ná fundi konungs sem hét *Brude* og hafði aðsetur nálægt Inverness. Öll hlið inn í þorpið, voru lokað. Kólumba fór þá að biðja. Hann bað Guð um að opna leiðina inn, svo hægt væri að tala við fólkið. Skyndilega, opnaðist hliðið með yfirnáttúrulegum hætti. Íbúarnir urðu agndofa yfir þessu kraftaverki og fjölmargir tóku við trúnni.



Kólumba (Colum Cille)

Kólumba ferðaðist vítt og breitt um Skotland og nærliggjandi eyjar og boðaði kristna trú. Var boðun hans staðfest með fjölmörgum kraftaverkum. Kólumba notaði m.a. þá aðferð, að senda tólf menn í hóp, inn á heiðið landsvæði og láta þá byggja þar lítið þorp, þar sem allt var mótað eftir orði Guðs. Þeir sem tóku kristna trú á svæðinu, gátu þá flutt sig um set og farið að búa í þorpinu. Þannig mynduðust sterkir kristnir kjarnar, sem stunduðu öflugt kristnið. Kristnið

Kólumba átti stóran þátt í því, að Skotar og fleiri þjóðir urðu kristnar.

Kristnir landnámsmenn

Flestir hinna norrænu landnámsmanna voru heiðnir, Ásatrúar. Þó er getið nokkurra landnámsmanna, sem kristnir voru. Flestir þeirra komu frá Suðureyjum. Af kristnum landnámsmönnum skulu þessir nefndir: *Auður* (*Unnur*) *djúpauðga*, sem nam land í Dölum, *Helgi bjóla*, sem nam land á Kjalarnesi og *Ketill fíflski*, sem settist að í Kirkjubæ á Síðu, en „þar höfðu áður setið papar“ segir í Landnámabók. Viðurnefnið gáfu honum heiðnir nágrannar, sem drógu dár að trú hans.

Einn af hinum kristnu landnámsmönnum, var Helgi magri Eyvindarson er nam land í Eyjafirði og settist að í Kristnesi. „Helgi var blandinn mjök í trú. Hann trúði á Krist, en hét á Þór til sjófara ok harðæða“ segir í Landnámabók. Saga kristindóms á Íslandi ber þess merki að blendni í trúnni, hefur loðað við þjóðina frá upphafi allt fram á þennan dag.

Ekki verður vart við mikinn áhuga hjá þessum kristnu landnámsmönnum til að reyna að útbreiða trúna. Svo fór, að niðjar þeirra flestra hurfu til heiðindóms.¹³² Svo var þó ekki um niðja Ketils í Kirkjubæ. Þeir héldu fast við kristna trú. Var það mál manna, að í Kirkjubæ mættu ekki heiðnir menn búa.

Í *Kristni sögu* segir að Þorvarður Spak-Böðvarsson



Útaltari á Esjubergi til minningar um fyrstu kirkjubyggingu á Íslandi sem sögur fara af.

¹³² „Margir voru þeir menn er skírðir komu út hingat ok námu hér land. En fyrir því at myklu voru fleiri landnámamenn heiðnir ok blótmenn miklir, þeir er með öllu afli stóðu móti réttum átrúnaði ok með illgerðum smáðu ok fordæmdu kristna menn..., en hinir sjálfir ungir [í] trúnni. En þó at nökkurir landnámsmenn kastaði eigi með öllu kristni, þá voru þau börn þeirra nálíga öll heiðin ok afkvæmi, því at kennimenn voru öngir [í] landinu, þeir er fólkið siðaði.“ (*Ólafs saga Tryggvasonar*)

hafi reist kirkju á bæ sínum Ási í Hjaltadal 16 árum fyrir kristnitöku.

Kólumba er víða getið í íslenskum fornritum. Vitað er um tvær kirkjur á Íslandi fyrir kristnitöku, sem voru helgaðar Kólumba (Kolumkilla), en það voru kirkjurnar að Esjubergi á Kjalarnesi¹³³ og Hólmi á Akranesi.

Ljóst er, að Ísland hefur þá sérstöðu meðal allra landa á byggðu bóli, að þar hefur nafn Jesú Krists átt sér játendur allt frá fyrstu byggð.

Upphaf kristniboðs

Íslendingasögur geyma frásagnir af ferðalögum íslenskra manna, til landa sem þegar voru kristin. Í slíkum ferðum kynntust menn óhjákvæmilega kristinni trú. Til að auðvelda samskipti við kristna menn létu margir prímsignast og eru þar á meðal annarra nefndir *Egill Skallagrímsson*, *Þórólfur* bróðir hans og *Gísli Súrsson*. Prímsigningin var í því fólgin, að einungis var viðhaft það atferli, er fylgdi upphafi skímarathafnarinnar, en henni sjálfri sleppt. Sá sem vildi prímsignast var signdur merki hins heilaga kross og hét að láta af blótum.

Eftir það mátti hann ganga til guðþjónustu og hafa annað samneyti við kristna menn. Einnig er ljóst, að hluti þeirra þræla og ambátta sem landnámsmenn höfðu með sér hingað til lands, voru af keltenskum uppruna og því annað hvort kristið fólk, eða þekktu eitthvað til kristinnar trúar.¹³⁴

Haraldur blátönn Danakonungur sendi til Íslands fyrstu kristniboða sem sögur fara af. Það voru þeir *Þorvaldur Koðránsson* sem kallaður var hinn víðförli og saxneskur biskup sem *Friðrik* hét. Þeir dvöldust hér í fimm ár. Ferðuðust þeir einkum um Norðlendingafjórðung og boðuðu mönnum kristna trú. Varð þeim allvel ágengt og allmargir menn tóku trú. Heiðnir menn veittu þeim harða mótspyrnu og reyndu á allan hátt að hindra starf þeirra. Ortu þeir níð um Þorvald, sem hann svaraði með því að drepa þá, sem níðið höfðu ort. Mislíkaði biskupi stórlega, að Þorvaldur skyldi hefna sín þannig. Magnaðist nú mjög fjandskapur heiðinna manna gegn þeim. Loks fór svo, að þeir voru dæmdir sekir á Alþingi og urðu að fara af landi brott. Þar með var lokið fyrstu tilraun til kristniboðs á Íslandi, sem sögur fara af.

Stefnir Þorgilsson varð næstur til að reyna kristniboð hér. Ólafur konungur Tryggvason var þá kominn til valda í Noregi. Hann var mjög áhugasamur um útbreiðslu kristinnar trúar, eins og áður er getið. Fékk hann Stefni til að fara til Íslands, að boða kristna trú. Heiðnir menn tóku erindi Stefnis illa. Reiddist Stefni þá svo hann tók að brjóta hof og hörga¹³⁵ og brenna skurðgoð. Heiðnir menn snérust til varnar og Stefni varð því að flýja á náðir frænda sinna. Næsta sumar var í lög tekið á Alþingi, að hver sá er lastaði goðin, skyldi útlægur af Íslandi. Stefni fór þá aftur til Noregs. Var þá lokið kristniboði hans.

Þangbrandur

Ólafur konungur gafst þó ekki upp við áform sitt um að kristna Íslendinga. Sendi hann enn kristniboða til Íslands. Valdi hann til fararinnar þýskan prest, sem *Þangbrandur* hét. Þangbrandur tók land á Austfjörðum haustið 997. Fyrsta veturinn dvaldi hann hjá *Síðu-Halli*, sem bjó í Álftafirði. Hann var áhrifamikill höfðingi. Um veturinn tók Síðu-Hallur trú og fólk hans. Sumarið eftir hóf Þangbrandur að ferðast um landið og boða trúna. Hann fór miklu spaklegar en Stefni, enda varð honum miklu meira ágengt. Þó þoldi hann illa mótgerðir og svaraði oft í sömu mynt, er heiðnir menn veittu honum mótspyrnu. Þangbrandur dvaldist á Íslandi í tvö ár og ferðaðist víða. Skírði hann ýmsa af mestu höfðingjum landsins, t.d. *Flosa* á

¹³³ Talið er að kirkja hafi staðið á Esjubergi á Kjalarnesi um hundrað árum fyrir kristnitöku. Í Landnámu (Sturlubók) segir að Örlygur Hrappsson hafi fengið frá Patreki Suðureyjabiskupi: „Kirkjuvið ok járnklukku ok plenárium (guðsorðabækur á latínu) ok mold vígða“ til að nota í kirkju sem reisa skyldi þar hann næmi land og eigna hinum helga Kólumba. Örlygur reisti síðan kirkju á Esjubergi.

¹³⁴ Rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar benda til þess að meira en helmingur landnámskvenna hafi verið ættaðar frá Bretlandseyjum.

¹³⁵ Hörgur: Heiðið vé, blótstallur.

Svínafeili, *Njál* á Bergþórshvoli, *Gissur hvíta* og *Hjalta Skeggjason*. En þrátt fyrir þennan árangur af starfi sínu, bar Þangbrandur Íslendingum illa söguna, er til Noregs kom.

Íslendingar í Noregi láta skírast

Ólafur konungur reiddist mjög, er hann frétti af ferðum Þangbrands. Þótti honum seint ganga að snúa Íslendingum til kristinnar trúar.

Þá voru margir Íslendingar staddir í Noregi. Meðal þeirra voru synir ýmissa helstu höfðingja landsins. Lét konungur kalla þá fyrir sig og hótaði að láta drepa alla þá, sem ekki höfðu tekið kristna trú. Þá gengu þeir Hjalta Skeggjason og Gissur hvíti fyrir konung og báðu löndum sínum griða. Þeir kváðu von til þess, að koma mætti á kristni á Íslandi, ef farið væri með gætni. Töldu þeir Þangbrand hafa beitt of miklum ofstopa í trúboði sínu. Lofuðu þeir Gissur og Hjalta að vinna eið að því, að kristni yrði lögtekin á Íslandi. Við þetta sefaðist reiði konungs. Létu allir Íslendingar í Noregi skírast og dvöldust með konungi um veturinn.

Vorið 1000 héldu Íslendingar í Noregi heim. Þó hélt konungur fjórðum höfðingjasonum eftir sem gíslum til að tryggja, að betur væri tekið málaleitan hans. Áttu þeir að vera í haldi, þar til kristni væri lögtekin.

Á Alþingi árið 1000¹³⁶

Er þeir Gissur og Hjalta komu út til Íslands,¹³⁷ riðu þeir þegar til Alþingis. Hittu þeir þar fyrir vini sína og frændur. Kristnir menn héldu vel hópinn og höfðu fjölmennt til Alþingis, því



Alþingi á Þingvöllum (Málverk eftir W.G. Collingwood)

þeir vissu, að nú myndi draga til úrslita í átökunum milli kristinnar og heiðinnar. Heiðnir menn fjölmenntu einnig og leit mjög ófriðlega út. Þó fengu gætnir menn komið í veg fyrir bardaga.

Gissur og Hjalta báru nú upp erindi konungs við þingheim og fluttu hinn kristna boðskap. Gerðist þá háreysti mikil og sögðu kristnir menn og heiðnir sig úr lögum hvorir við aðra. Virtist nú ekki annar kostur en sá, að landið skiptist í tvö ríki, kristið og heiðið. Horfði þá til algerra friðslita með mönnum.

Um sama leyti kom sendimaður til Alþingis. Kvað hann jarðeld¹³⁸

kominn upp skammt frá Ingólfsfjalli og sagði hraunið stefna á bæ eins kristna goðans. Þá sögðu heiðingjarnir: „Eigi er undur í, að goðin reiðist tölum slíkum.“ Þá svaraði *Snorri Þorgrímsson* goði á Helgafelli: „Um hvað reiddust goðin, þá er hér brann hraunið, er nú stöndum vér á?“

¹³⁶ Samkvæmt nýlegum rannsóknum á íslenskum fornsögum, þykir nú líklegt að kristnitakan hafi átt sér stað árið 999 samkvæmt núverandi tímatali.

¹³⁷ Í Kristni sögu segir frá því að Ólafur Tryggvason hafi sent Hjalta Skeggjason og Gissur hvíta með við til kirkjubyggingar á Íslandi og sagt þeim að reisa kirkju þar sem þeir kæmu fyrst að landi. Létu þeir reisa kirkju á Hörgaeyri í Vestmannaeyjum úr norskum viðum.

¹³⁸ Rannsóknir Jóns Jónssonar jarðfræðings benda til þess að eldgosið þegar kristnitakan fór fram, hafi komið úr Eldborg nyrðri (og Eldborg syðri stuttu síðar), milli Bláfjalla og Lambafells og hraunið sem rann sé hraunfláki sá er heitir Svínahraunsbruni en almennt kallaður Svínahraun í daglegu tali.

Kristni lögtekin

Foringi kristinna manna var *Hallur Þorsteinsson* (Síðu–Hallur), en fyrir heiðnum mönnum var *Þorgeir Þorkelsson Ljósvetningagoði*. Þeir voru báðir gætnir menn. Sáú þeir, að til stórvandræða horfði, ef tvö ríki yrðu stofnuð í landinu, hvort öðru andstætt. Vildu þeir reyna að ná sáttum, ef unnt væri.

Sömdu þeir um það sín í milli, að Þorgeir skyldi segja upp sáttargerðina. Skuldbundu báðir aðilar sig til að hlíta úrskurði hans. Þorgeir gekk til búðar sinnar og breiddi feld yfir höfuð sér. Hugsaði hann mál sitt vandlega, áður en hann kvæði upp úrskurð sinn.



Staffakirkja í Vestmannaeyjum - Þjóðargjöf Norðmanna í tilefni þúsund ára kristnitökuafmælis

Loks kvaddi hann allan þingheim saman og talaði frá *Lögbergi*. Hóf hann mál sitt með því að segja, að allir skyldu hafa ein lög og einn sið. Brýndi hann fyrir mönnum, að í óvænt efni væri komið, ef menn hefðu eigi ein lög í landinu. „Það mun vera satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“

Að síðustu mælti Þorgeir: „Það er upphaf laga vorra, að hver maður á Íslandi, meiri og minni, skal vera kristinn og skírn taka. Hof öll og skurðgoð skulu vera óheilög og niður brotin, en hverjum manni skal varða fjörbaugsgarð,¹³⁹ er blótar skurðgoð, svo að vottum komi

við. En með því að menn, er mest hafa í móti gengið kristniboðinu, koma varla skilning á, að það megi saman fara að fæða upp börn öll, þau er alin eru, svo fátækra manna sem auðugra, en banna til mannafeðu þá hluti, sem alþýðunni er mestur styrkur í, — þá skulu hin fornu lög standa um barnaútburð og hrossakjötsát¹⁴⁰ og eigi skal saknæmt þó að menn blóti á laun, svo að eigi verði vottfast. Svo skulum vér og halda öll önnur hin fornu lög, þau er eigi standa berlega á móti kristnum dómi.“



Vígðalaug á Laugarvatni

Þingheimur beygði sig fyrir úrskurði Þorgeirs, þótt ýmsir væru óánægðir. Mörgum heiðnum mönnum þótti hann hafa svikið málstað þeirra. Ýmsum kristnum mönnum hefur eflaust fundist of langt gengið til samkomulags. En úrskurður Þorgeirs stóð. Kristni var lögtekin og þeir sem óskírðir voru í landinu þurftu að taka niðurdýfingarskírn. Heiðnir alþingismenn létu flestir skírast niðurdýfingarskírn,¹⁴¹ annaðhvort á Alþingi eða á heimleið, t.d. í heitri laug á Laugarvatni sem kölluð er Vígðalaug.¹⁴²

Þannig var kristnin lögtekin fyrir land allt samkvæmt tillögum heiðins manns af heiðnum meirihluta. Þess ber þó að gæta, að hér hefur ekki hugur fylgt máli hjá öllum þeim heiðnu mönnum, sem játuðust undir kristna trú. Þrátt fyrir það, á kristnitakan á Alþingi áreiðanlega fáar hliðstæður í trúboðssögu kristninnar. Þessi ákvörðun er án efa sú mikilvægasta sem

¹³⁹ Fjörbaugsgarður: Brottrestur úr landi í þrjú ár.

¹⁴⁰ Þar sem hrossakjöt var mikið notað við heiðin blót, þótti kristnum mönnum ófært að nota það til matar (fórarkjöt). Þær undanþágur sem samþykktar voru við kristnitökuna voru þó fljótlega felldar úr lögum. Í kristinrétti hinum forna (lögtekinn 1122-1133) er refsing fyrir hrossakjötsát fjörbaugsgarður. Þegar kristinréttur hinn nýi tók gildi árið 1275 var dregið úr refsingu fyrir hrossakjötsát og varðaði það sektum og skriftum. Við siðaskipti var refsingu breytt þannig að í staðinn fyrir skriftir, kom húðstrýking.

¹⁴¹ Hér á landi var niðurdýfingarskírn viðhöfð fram á 14. eða 15. öld, en eftir það var látið nægja að ausa höfuð barna vatni.

¹⁴² Þegar Hjalti Skeggjason var vottur að skírn Runólfs úr Dal undir Eyjafjöllum, sem áður hafði sótt hann til saka fyrir að vanvirða í orði frjósemisgyðjuna með því að líkja henni við tík (,grey þykir mér Freyja!), mælti hann: „Gömlum kennum vér nú goðanum að geifla á saltinu.“ Kapólska kirkjan lét tilvonandi skírnarþega bragða á salti, sem tákn um hreinsun af syndum og ennfremur ætti hinn kristni einstaklingur að vera ,salt jarðar‘.

Alþingi hefur tekið frá því það var stofnað á Þingvöllum árið 930. Kristindómurinn átti eftir að hafa afgerandi áhrif á flesta þætti íslensks samfélags.

Ólafur konungur gladdist mjög, þegar hann frétti um kristnitöku Íslendinga. Gaf hann þegar lausa þá fjóra gísla, sem hann hafði haft í haldi hjá sér. Konungi varð ekki langra lífdaga auðið eftir þetta, því að hann féll fáum vikum síðar í Svoldarorustu.

Kristnin festir rætur

Svo sem nærri má geta, var langt í frá, að íslenska þjóðin væri orðin kristin þjóð með lögtöku kristinnar einni. Enn vantaði mikið á, að áhrif trúarinnar hefðu náð að móta líf og starf manna. Margir sem skírni höfðu tekið, áttu lítinn skilning á eðli og boðskap kristindómsins. Það hefur því tekið allan tíma, þar til kristnin festi rætur með alþýðu manna.

Fljótlega má sjá ýmsa ávexti kristinnar í þjóðlífinu. Þótt fastmótuð kirkjustjórn væri ekki til í landinu um áratuga skeið, voru tekin í lög ýmis ákvæði sem mótuð eru af kristnum sið. Hólmgöngur voru bannaðar fáum árum eftir kristnitöku, þar sem þær þóttu ekki sæma kristnum mönnum. Útburður barna er bannaður aðeins 16 árum eftir kristnitökuna. Virðist svo sem það bann hafi ekki sætt mikilli mótspyrnu.

Mannúðaráhrif kristindómsins virðast fljótlega fara að bera ávöxt. Þrælshald hverfur fyrr en varir. Miskunnarleysið, sem munaðarlausir og bágstaddir höfðu átt að mæta, minnkar stórum. Menn fóru að finna til skyldu sinnar gagnvart náunganum. Í lok elleftu aldar, voru sett lög um tíund. Þar var kveðið á um, að fjórði hluti hennar ætti að renna til fátækra. Einnig má geta þess, að á síðari hluta sömu aldar eru sett á stofn fyrstu bú til ómagaframfærslu. Einstakir menn gáfu jarðir sínar í því skyni. Voru slík bú nefnd *Kristbú*.

Fastari skipan kemst á málefni kirkjunnar

Það sem mest stóð í vegi fyrir útbreiðslu þekkingar á trúnni, var prestafæðin fyrstu áratuginu eftir kristnitöku. Goðar brutu niður hof sín og byggðu kirkjur í staðinn. Svo munu fleiri bændur hafa gert. Bændur áttu því kirkjurnar og jarðirnar, þar sem þær voru reistar. Þeir sáu þeim fyrir búnaði, svo sem bóku, messuskrúða o.fl., en víða vantaði presta til að þjóna við þær. Kirkjurnar skiptust í alkirkjur, hálfkirkjur og bænahús, en æðstar voru dómkirkjurnar á biskupsstólunum.



Geirsstaðakirkja í Hróarstungu er endurgerð torfkirkja byggð skammt frá grunni kirkju sem talið er að hafi verið reist fljótlega eftir kristnitöku.

Við alkirkjur var þjónað hvern helgan dag, við hálfkirkjur var þjónað annan hvern messudag. Fyrstu prestarnir voru enskir og þýskir menn, sem skildu lítið í tungu landsmanna. Þess vegna fékk almenningur ónóga uppfræðslu í trúarefnum. Fyrstu innlendu biskuparnir eru vígðir eftir miðja elleftu öld. Þeir létu sér annt um menntun presta og stofnuðu skóla fyrir prestsefni heima á biskupsstólunum. Smám saman bar starf þeirra ávöxt í auknum áhrifum kristindómsins á daglegt líf manna og breytni, og þekkingin í trúarefnum eykst að sama skapi.

Ísleifur Gissurarson biskup

Gissur hvíti, var einn þeirra höfðingja, sem öflugast unnu að því, að koma á kristinni trú í landinu. Hann kom syni sínum sem Ísleifur hét, í klausturskóla suður í Saxlandi. Þar lærði hann prestleg fræði. Var hann fyrstur Íslendinga, sem fór til náms í erlendan skóla svo vitað sé.

Ísleifur kom heim að námi loknu og settist að á föðurleifð sinni í Skálholti. Þegar Ísleifur var fimmtugur, báðu landsmenn hann að gerast biskup þeirra. Hann varð við þessari beiðni og fór utan til vígslu. Var hann vígður biskup yfir Íslandi og Grænlandi af Aðalbjarti erkibiskupi í Bremen á hvítasunnudag árið 1056.

Ísleifur biskup sat á jörð sinni í Skálholti og stjórnaði þaðan málefnum kirkjunnar. Hann átti við marga örðugleika að etja í embætti sínu. Kirkjan var enn að mótast og fjárhagslega snauð. Fjárhagur hans sjálfs var þröngur. Hann hafði engin laun fyrir embætti sitt, en mikinn kostnað af því. Óhlýðni höfðingja og siðleysi olli biskupi miklum erfiðleikum. Ísleifur biskup stofnaði til fyrsta skólans á Íslandi. Hann tók til sín marga höfðingjasyni og kenndi þeim til prests.

Gissur Ísleifsson biskup

Gissur Ísleifsson varð biskup eftir föður sinn í Skálholti. Gissur vildi ekki verða biskup, en lét undan fyrir þrábeiðni landsmanna, gegn því að þeir hétu honum að vera honum hlýðnari um kristnihald en þeir höfðu verið föður hans.

Gissur varð ástsæll og áhrifamikill kirkjuhöfðingi, svo að sagt er, að hann hafi bæði verið sem biskup og konungur yfir landinu. Hann kom á svo góðum friði, að vopnaburður lagðist nær niður. Vildu helstu höfðingjar gera vilja hans. Í biskupstíð hans er sagt, að margir höfðingjar hafi verið lærðir og prestvígðir. Gissur reisti dómkirkju í Skálholti og fékk lögfest



Skálholt árið 1772 (Málverk eftir Cleveley)

að þar skyldi vera biskupsstóll. Hann gaf stólnum jörðina Skálholt með þeim ummælum, að þar skyldi biskupsstóll vera, meðan kristin trú héldist á Íslandi.

Gissur biskup fékk samþykkt með aðstoð Sæmundar fróða í Odda og fleiri höfðingja, að allir bændur, sem ættu skuldlausu eign, skyldu greiða kirkjunni tíund af eign sinni.¹⁴³ Það gerðist árið 1096.

Tíundin skiptist í fjóra hluta. Einn fékk kirkjan, annan biskup, þriðja prestar og fjórða hlutann fengu fátækir. Hér áttu höfðingjar og bændur kirkjurnar. Þeir réðu oft presta til þeirra og guldu þeim lítil laun. Þeir tóku við tíund bæði kirkju og prests. Það urðu þeim drjúgar tekjur, en þeir áttu í staðinn að sjá um viðhald og útbúnað kirknanna og launa prestana. Víða sáu höfðingjar um fátækraframsýrslu og ráðstöfuðu þá einnig þeim hluta tíundarinnar.

Um daga Gissurar hófst einnig sá siður, að menn hétu á kirkjur og gáfu þeim gjafir sér til sálubótar.

Einnig létu menn syngja *sálumessur* til að stytta veru látinna ættingja í hreinsunareldinum. Fyrir allt þetta fengu kirkjurnar fé, sem stuðlaði að vaxandi auðsæld þeirra, en eigendur kirknanna réðu hvernig því væri ráðstafað.



Skálholt: Árið 1956, á 9 alda afmæli biskupsstóls í Skálholti, var lagður hornsteinn að nýrri dómkirkju á grunni hinnar eldri. Árið 1963 var hún vígð. Skálholtsskóli var reistur árið 1972 og vígslubiskup hefur setið í Skálholti frá 1992.

¹⁴³ Erlendis var tíundin venjulega 10% tekjuskattur. Tíundarlögin íslensku voru eigna- aukaskattur. Gert var ráð fyrir að eignir manna ykjast að jafnaði um 10% á ári. Af eignaaukanum greiddu menn 10% í tíundarskatt (ef aukningin er 10%, er skatturinn 1% af heildareign). Framan af höfðu kirkjubændur mikinn hag af því að gefa kirkjum sínum eignir, því kirkjurnar voru skattfrjálssar.

Pílagrímsferðir

Íslendingar tóku snemma að sækja heim helga staði bæði hér á landi og erlendis. Nokkuð var um að menn gengju suður til Rómar og var það kallað suðurganga, en einstaka menn héldu alla leið til Landsins helga. Margvíslegar ástæður voru fyrir suðurgöngum. Oft voru þær af trúarlegri þörf t.d. að eignast sáluhjálp eða taka við lækningu. En einnig í yfirbótarskyni eða vegna áheita. Menn voru líka dæmdir til suðurgöngu eða hún var hluti af sættagerð. Sumir áttu erindi við páfa eða embættismenn kirkjunnar í Róm.

Í riti Nikulásar ábóta á Munkaþverá, sem hann kallar Leiðarvísi, er fjallað um helstu staði þar sem íslenskir pílagrímar höfðu viðkomu á ferðum sínum.

Þessar pílagrímsferðir til Rómar tóku venjulega þrjú ár báðar leiðir ef farið var gangandi. Frá Norðurlöndum var einkum um tvær leiðir að velja, að því er talið er. Önnur var sú leið er Njáluhöfundur kallar „hina vestri leið“, um Frakkland (Norðmandi). Um ferð Flosa Þórðarsonar er sagt að hann fór þá leið og lagði af stað frá Skotlandi.

Hin leiðin er svonefnd „eystri leið“, en hún lá um þýsku ríkin. Hana fór Kári Sölmundarson. Henni má eiginlega skipta í þrjár leiðir; pílagrímarirnir fóru annaðhvort um núverandi Þýskaland vestanvert, Sviss og þar til Ítalíu, eða sigldu til Fríslands (Norðursjávarstrandar Þýskalands), og áfram upp eftir Rínarfljóti og þar yfir Mundíufjöll (Alpafjöll), eða í þriðja lagi um núverandi Þýskaland austanvert, Týröl og Austur-Ítalíu.

Við fyrstgreindu leiðina sigldu menn venjulega fyrst frá Noregi til Álaborgar í Danmörku, þaðan var tveggja daga ferð til Vebjarga (Viborg), síðan viku ferð til Heiðabæjar í Slésvík. Næstu áfangastaðir voru við Ægisdyr (áin Eider í Holtsetalandi - Holstein), Stöðuborg (Stade) við Saxelfi (Elbe), Ferðuborg (Verden), Nýjaborg (Nienburg), Mundíuborg (Minden), Pöddubrunnar (Paderborn), Friðlar (Fritzlar) og til Meginzuborgar (Mainz). Þaðan er haldið til Stransborgar (Strassburg). Síðan var kölluð tveggja daga ferð til Boslaraborgar (Basel) og er þá komið til Svisslands og Mundíufjöll (Alpafjöll) tekin við. Sæluhúsið fræga í St. Bernharðsskarði þar sem hundar leita uppi týnda ferðamenn kölluðu forfeður okkar Bjarnarðs spítala. Þar litlu sunnar, er Þrelaþorp (Estrouble). Næstu staðir á leiðinni eru Augusta (Aosta) og Jöfurey (Ivrea), Friðsæla (Vercelli), enda er þá komið til Ítalíu. Þar heldur ferðin áfram gegnum Langbarðaland (Lombardy), Mélansborg (Mílanó), Papey (Pavia), Domnaborg (Borgo a San Domingo) og Táraborg (Borgo di val di Taro). Fjallgarðurinn framundan er Munbarð („Cisa“ skarð í Appenínafjöllum), en sunnan þess er Hangandaborg (Acquapendente). Rétt áður en kemur til borgar páfans, heitir Feginsbrekka (Mons Mario) og hefur sjálfsagt einhver verið feginn að sjá fyrir endann á suðurgöngu sinni.

Leiðin um Frísland lá um Kolnisborg (Köln) til Mainz, en leiðin um Austur-Þýskaland lá fyrst um Lúbiku (Lübeck), síðan um Austborg (Ágsborg eða Augsburg), Trentudali í Týröl og svo suður á Ítalíu.

Jerúsalem var kölluð Jórsalir og þeir sem fóru alla leið til Landsins helga, Jórsalalands voru kallaðir Jórsalafarar eða pálmara (þeir tóku pálmagrein með heim til sannindamerkis) og var það ferðalag mikil þrekraun.

Leiðin sem þessir menn fóru, nefndist Pálmravegur, en um ýmsar leiðir var að velja. Stundum héldu menn vestan við Evrópu og um Njörvasund (Gíbraltarsund) og eftir Miðjarðarhafi, eða menn héldu til Rómar og þaðan til Jórsala – með því slógu menn tvær flugur í einu höggi – heimsóttu tvær helstu borgir heimsins.

Loks fóru sumir suður um Garðaríki (Suður-Rússland og Úkraínu) sem einnig var kallað Austurvegur til Miklagarðs (Konstantínópel, Býsans) og áfram til Jórsala. Þeir sem fóru til Jórsala frá Róm, héldu fyrst til Bár (Bari), (þar var miðstöð fyrir pílagríma) eða Brandeis (Brindisi).

Þaðan héldu menn á skipi yfir til Grikklands um Vísarðshöfn (sundið milli eyjanna Kefalleníu og Ípöku) við Grikklandsstrendur. Síðan var siglt til Kýpur og þaðan til Akursborgar (Accre) í Jórsalalandi. Þaðan var nokkurra daga ferð ef farið var gangandi til sjálfrar Jórsalaborgar.

Ef farið var um Miklagarð, var um tvær aðalleiðir að ræða. Annarri þeirra er lýst í Heimskringlu, þar sem segir frá heimför Sigurðar Jórsalafara Noregskonungs frá Jórsalalandi. Við Engilsnes (Kap. Malea) syðst á Grikklandi, lá skip Sigurðar hálfan mánuð, en hélt síðan til Miklagarðs, þar sem Kirjalax (afbökun úr grísku: Herra Alexíos) keisari lét upp lúka því borgarhliði sem kallað var Gullvarta (eiginl. Gullna hliðið). Var þetta gert til heiðurs hinum norræna Jórsalafara. Um heimförina segir Snorri: „Sigurður (konungur) fór fyrst á Bolgaraland (Búlgaríu) og þá um Ungaraland og um Pannóníam (Austurríki-Ungverjaland) og um Sváfa (Sváfaland [Swabia], var syðst í Þýskalandi) og Býjaraland (Bæheim).“

Aðra leið gátu pálmara einnig farið af Norðurlöndum og lá hún m.a. um Rýzaland (Rússland) og Grikkland. Talið er að Þorvaldur víðförli hafi farið þessa leið.



Pálmravegur

Þegar biskupsstóll hafði með lögum verið settur í Skálholti, þótti Norðlendingum of langt að sækja þangað og óskuðu þess að biskup yrði settur yfir Norðurland.

Gissur biskup studdi ósk þeirra. Var biskupsstólnum valinn staður á Hólum í Hjaltadal.

Jón Ögmundsson var fyrsti biskupinn á Hólum. Jón var nemandi Ísleifs biskups, en hann mun einnig hafa stundað nám erlendis. Hann varð mikill kennimaður og áhrifamaður um kirkju og skólalald. Jón biskup var siðavandur og barðist gegn heiðnum venjum. Fjórir vikudagar báru áður nöfn eftir hinum heiðnu guðum, en Jón biskup fékk breytt nöfnum þeirra í það horf, sem nú er. Týsdagur varð þriðjudagur, Óðinsdagur miðvikudagur, Þórsdagur fimmtudagur og Freysdagur (frjádagur) breyttist í föstudag.

Jón Ögmundsson setti skóla á staðnum og fékk til hans erlenda kennara. Hann vandaði mjög til skólans og fengu þar margir prestar menntun. Biskup var mildur við alþýðu manna og ljúfur fátækum.

Kirkjuskipan

Í upphafi var íslenska kirkjan undir valdi höfðingja landsins,¹⁴⁴ háð lögum landsins og dómsvaldi, en jafnframt var hún í tengslum við hina alþjóðlegu kaþólsku kirkju, sem laut eigin stjórn, lögum og páfa. Umboðsmenn páfa voru erkibiskupar. Íslenska kirkjan laut fyrst erkibiskupinum í Bremen og Hamborg, en síðar erkibiskupinum í Lundi, sem þá taldist til Danmerkur.

Erkibiskupsstóll var settur í Niðarósi (Þrándheimi) í Noregi árið 1153, og laut kirkjan á Íslandi honum. Eftir það átti erkibiskup auðveldara með að fylgjast með kirkjunni hér. Síðar voru gerðar tilraunir til að gera kirkjuna hér óháða landslögum og skipa henni undir alþjóðalög kaþólsku kirkjunnar.

Lengi framan af máttu prestar kvænast, en biskupar máttu það ekki. Urðu þeir að skilja við konur sínar, væru þeir kvæntir áður. Svo er sagt, að það hafi þeir orðið að gera Ísleifur biskup og Jón Ögmundsson. Síðar kom einnig krafa um að prestar skyldu vera einir og ókvæntir, svo að þeir mættu betur helga sig prestsstarfi og þjónustunni við kirkjuna. Biskupar voru kjörnir af prestum og höfðingjum á Alþingi. Þeir voru æðstu stjórnendur kirkjunnar innanlands, en áttu að vera háðir erkibiskupi og alþjóðalögum kirkjunnar.

Föstur var hverjum manni skylt að rækja frá tólf ára aldri til sjötugs. Þeim var skipt í almennar föstur, sem allir áttu að hlíta tilskilda daga og gagnföstur, sem menn gengust sérstaklega undir í yfirbótarskyni. Helstu almennu fösturnar voru lögboðnar og nefndust *lögföstur*, en aðrar buðu biskupar umfram og nefndust þær *boðföstur*.

Samkvæmt landslögum skyldi fasta einn dag í viku hverri (föstudaginn), og ennfremur aðfangadag ýmissa stórhátíða. Aðrar helstu föstur voru sjöviknafasta eða langafasta, sem stóð frá öskudegi,¹⁴⁵ þar til sól rann á fjöll á páskadagsmorgun. Jólafasta var haldin næstu þrjár vikur fyrir jól og imbrudagar, sem haldnir voru í byrjun hverrar árstíðar (vetrar, vors, sumars og hausts) þrjá daga í senn.

Settar voru ýtarlegar reglur um hvernig fastað skyldi og um undanþágur. Undanþágu höfðu þeir sem voru sjúkir, vanfærar konur, vinnufólk sem gekk að heyskap o.fl. Föstum var hagað með mismunandi hætti, eftir því hversu strangar þær voru. Aldrei mátti neyta kjöts á föstu. Stundum mátti einungis neyta þurrs matar sem kallað var (fiskur og jarðávextir), en mjólkurmat sleppt. Í annan tíma var vatnsfastað og var þá einungis leyft að leggja sér til munns vatn og brauð. Þá gat fasta verið fólgin í því, að neyta aðeins einnar máltíðar á dag og

¹⁴⁴ Þetta breyttist árið 1275, þegar Árni biskup Þorláksson fékk samþykktan nýjan kristinrétt á Alþingi. Með þeim lögum var kirkjunni veitt dómsvald í öllum þeim málum er vörðuðu hana sjálfa og klerka hennar. Vald höfðingja yfir kirkjunni minnkar og hún breytist í biskupakirkju eins og tíðkaðist í Evrópu. Einnig fékk kirkjan dómsvald í hjúskaparmálum, meinsærismálum, trúvillu og okri.

¹⁴⁵ Öskudagur: Iðrunardagur í upphafi sjöviknaföstu. Heiti dagsins kemur af því að þá var ösku dreift yfir höfuð kirkjugesta t.d. með vendi.

var svo um föstudaga í hverri viku. Þann mat sem sparaðist við föstuhaldið, skyldi hver bóndi gefa þurfamönnum.

Hafa ber í huga að á Íslandi voru ýmis vandkvæði á því að fylgja föstufyrirmælum hinnar kaþólsku kirkju, vegna þess hve landið var harðbýlt og matur fábreyttur. Af þessum ástæðum fengu Íslendingar síðar ýmsar undanþágur.

Fastan var undirbúningur að helgihaldi Drottinsdaga, en þeir voru allir sunnudagar og nokkrir helgidagar að auki, þar á meðal stórhátíðirnar jól, páskar og hvítasunna og messudagar höfuðdýrlinga.

Kirkjan leit á ferminguna sem áréttingu skírnarinnar. Biskupar kirkjunnar væru eftirmenn postulanna. Biskupar gætu einir veitt þetta sakramenti og átti það rót sína að rekja til þess, er postularnir lögðu hendur yfir þá sem voru skírðir og þeir meðtóku heilagan anda.¹⁴⁶ Almennt voru börn fermd (biskupuð) 6–12 ára gömul, en margt bendir til að hér á landi hafi einnig tíðkast að biskupa börn á unga aldri.

Hjónaband taldist eitt af sakramentum kirkjunnar, en kirkjuleg hjónavígsla virðist ekki hafa rutt sér til rúms hér á landi fyrr en á 13. öld.

Segja má, að á tólftu öld hafi verið svo komið, að kirkjan setti mjög svipmót sitt á þjóðlífið. Biskuparnir voru orðnir æðstu valdsmenn innlendir og létu til sín taka í veraldlegum málefnum ekki síður en andlegum. Saga kirkjunnar er því snar þáttur í Íslandssögunni á þessum öldum. Helst svo fram yfir siðbót.

Íslensk klaustur (fram að siðaskiptum)

Heimildir eru til um einsetulífnað kristinna manna á Íslandi fyrir kristnitökuna á Alþingi áður en klaustur voru stofnuð. Meðal þeirra er frásögn af Ásólfi Konálssyni frá Írlandi. Hann vildi ekki eiga samneyti við heiðna menn. Máni hinn kristni er talinn hafa byggt kirkju að Holti á Kólumýrum í Húnavatnssýslu og þjónað þar nótt sem nýtan dag.

Fyrsta klaustur á Íslandi var sett fyrir áhrif Jóns biskups Ögmundssonar á *Þingeyrum* í Húnavatnssýslu (1133–1551). Síðar fjölgaði klastrum ört, voru þau að lokum níu; sjö munkaklaustur og tvö nunnuklaustur. Munkaklaustur voru starfrækt á *Möðruvöllum* (1296–1547) og *Munkaþverá* í Eyjafirði (1155–1551), *Flatey* á Breiðafirði (1172–1184) flutt síðan að *Helgafelli* á Snæfellsnesi (1184–1543), *Viðey* hjá Reykjavík (1226–1539), *Keldum* á Rangárvöllum (1193–1222), *Þykkvabæ* í Álftaveri (1168–1548) og *Skriðu* í Fljótsdal (1493–1554). Flest klaustrin voru af reglu sem kennd er við Ágústínus kirkjuföður, en klaustrin á Þingeyrum og Munkaþverá voru Benediktsklaustur.¹⁴⁷ Nunnuklaustur af Benediktsreglu voru starfrækt á *Reynistað* í Skagafirði (1295–1551) og *Kirkjubæ* á Síðu (1186–1542).

Íslensku klaustrin gegndu allmiklu menningarhlutverki, því þau urðu flest aðsetur lærdóms og bóklegra fræða. Engum vafa er undirorpið, að mjög mörg þeirra handrita Íslendingasagna, sem varðveist hafa, eru afrituð í klastrunum, auk þess sem eitthvað af sögunum hefur verið frumsamið þar. Auk ritunar og annarra lærdómsstarfa unnu munkar að margvíslegum verkum bæði innan húss og utan. Klaustrin sáu um að hjálpa fátækum, hjúkra sjúkum og sinna öldruðum sem leituðu til þeirra.

Til að tryggja framfærslu sína í ellinni, gátu efnaðir einstaklingar gert samkomulag (*próventusamning*) við höfðingja, bónda eða klaustur, um að leggja fram ákveðnar eignir (*próventu*), en fengu í þess stað húsnæði, sæmilegan mat og klæði til dauðadags. Af þessu fyrirkomulagi kemur orðtakið „að setjast í helgan stein.“

Loks er þess að geta, að frá klastrunum koma ýmsir þeir menn, sem móta starf og stefnu kirkjunnar um sína daga.

¹⁴⁶ Postulasagan 8:17.

¹⁴⁷ Takmarkaðar heimildir eru um Hítardalsklaustur (1166–1207) og Saurbæjarklaustur í Eyjafirði (1200–1224).



Tölvugerð tilgáta að útliti Skriðuklausturs — Vala Gunnarsdóttir
Rústir Skriðuklausturs voru grafnar upp á árunum 2002-2012. Í Ágústínusarklaustum sátu prestlærðir menn sem kölluðust kanúkar eða kórbræður, en prior hét sá sem veitti klaustrinu forstöðu. Talið er að 5-6 kórbræður hafi verið á Skriðuklaustri. Í klaustrinu var rekið gistiheimili, skóli, bókagerð, sjúkrahús og stórbúskapur.

Kirkjudeilur

Á síðari hluta tólftu aldar hófst barátta fyrir að gera kaþólsku kirkjuna eins sjálfstæða og óháða landslögum og mögulegt var. Hefur þessi tilraun verið nefnd *kirkjuvaldstefnan*. Hún var af erlendum toga og alþjóðleg.


Eins og áður getur, þá byrjaði í klaustrinu Cluny í Frakklandi, hreyfing sem beitti sér fyrir siðbót innan klaustra og kirkju. Stefna þessi náði miklu fylgi. Æðstu stjórnendur kirkjunnar fylgdu henni og kröfðust þess, að kirkjan yrði sjálfstæð og óháð veraldlegu valdi. Þeir vildu, að kirkjan réði embættismönnum sínum, hefði yfirráð eigna sinna og fengi löggjafarvald og dómsvald í eigin málum. Samkvæmt hinum alþjóðlegu kirkjulögum var litið svo á að allar kirkjur væru sjálfseignarstofnanir, sem engir menn af þessum heimi hefðu eignarrétt á.



Dómkirkjan í Niðarósi er stærsta miðaldabygging á Norðurlöndum. Á gaffli hennar eru 57 stytur. Ein þeirra er af Þorláki helga Þórhallssyni.

Þorlákur helgi Þórhallsson biskup varð fyrstur til þess hérlandis að bera fram kröfur kirkjunnar í samræmi við þessa stefnu. Hafði hann til þess stuðning erkibiskupsins í Niðarósi. Þorlákur ólst að mestu upp í Odda og nam þar til prests. Hann stundaði síðan nám í París og á Englandi. Hann varð síðan fyrsti ábótinn í Þykkvabæjarklaustri. Hann var siðavandur við sjálfan sig og aðra og stjórnsamur. Fór svo mikill orðstír af honum, að hann var kosinn biskup í Skálholti 1173.

Hann klæddist áfram klausturbúningi, eftir að hann varð biskup og hélt klausturvenjum um föstur og bænahald.



Á fyrstu yfirreið sinni um biskupsdæmið krafðist Þorlákur að boði erkibiskups allra kirkna og eigna þeirra undir forræði biskups og kirkjunnar. Varð honum allvel ágengt í fyrstu.

Þá var mestur höfðingi á Suðurlandi Oddaverjinn Jón Loftsson. Hann þurfti að láta vígja kirkju á einni af jörðum sínum. Þegar biskup kom þangað, spurði hann Jón, hvort hann hefði heyrt erkibiskups boðskap, en Jón svaraði:

„Heyra má ég erkibiskups boðskap, en ráðinn er ég í að halda hann að engu.“ Jón Loftsson neitaði með öllu, að verða við kröfum þeirra um afhendingu kirkju og kirkjufjár. Deilan harðnaði og hótaði biskup Jóni bannfæringu. Vinir biskups og alþýða báðu hann að vægja og lét hann þá undan.

Eftir þetta varð biskup að láta af kröfum. Yfirmaður hans, erkibiskupinn í Niðarósi, sem haldið hafði ákæft fram kirkjuvaldstefnunni, varð um þetta leyti að flýja land. Féllu þá niður um sinn kröfur kirkjunnar hér um eignayfirráðin.

Þorlákur biskup andaðist 23. desember árið 1193¹⁴⁸ sextugur að aldri. Fimm árum síðar, árið 1198 var samþykkt á Alþingi að leyfa áheit á Þorlák biskup, sem helgan mann og sama sumar voru bein hans tekin upp og lögð í skrín 20. júlí. Er það síðan Þorláksmessa á sumri.

Kröfur kirkjunnar til kirkjueigna ollu deilum milli biskupa og leikmanna, sem stóðu lengi. Sá biskup, sem lengst gekk í þessum efnum, var Árne Þorláksson, oft nefndur *Staða-Árne*. (Fékk hann því framgengt að lögtekin var nýr kristinréttur árið 1275. Með þessari lagasetningu fékk kirkjan vald yfir málefnum kirkna og presta, kirkjuréttar- og siðferðismálum.) Lauk þessum deilum með málamiðlun árið 1297 fyrir milligöngu Noregskonungs.¹⁴⁹ Í málamiðluninni var kveðið á um að leikmenn skyldu halda þeim kirkjustöðum sem þeir ættu helming í eða meira, en aðrir falla undir biskup. Í Hólabiskupsdæmi var fyrrgreindri meginskipan eigi komið á fyrr en nokkrum áratugum síðar

¹⁴⁸ Jóhannes Páll II páfi, gerði Þorlák biskup Þórhallsson að verndardýrtingi Íslands árið 1985. Dánardagur biskups, 23. desember er messudagur hans (Þorláksmessa).

Í kaþólskum sið var fastað fyrir jólin (jólafasta) og átti þá að vera sem mestur munur á föstumat og hátíðarmat. Ekki þótti við hæfi að borða kjöt á dánardegi heilags Þorláks. Þessir matsiðir héldu áfram með þjóðinni, þótt hætt væri að tigna Þorlák sem helgan mann eftir siðbót. Aðalreglan var að borða lélegan fisk á Þorláksmessu. Á Vestfjörðum veiddist helst skata í desember. Hún var algengur Þorláksmessumat á þeim slóðum, enda þótti kæst skata enginn herramannsmatur. Um miðja 20. öld byrjuðu fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu að hafa kæsta skötu á boðstólum í desember. Síðan bættust veitingahús í hópinn með skötuveislu á Þorláksmessu. Nú borðar um þriðjungur þjóðarinnar jafnt trúaðir sem trúlausir kæsta skötu á Þorláksmessu til minningar um Þorlák helga og halda þannig við þjóðlegri hefð.

¹⁴⁹ Árið 1253 var samþykkt á Alþingi, að Guðslög skyldu ráða, þar sem þau greindi á við landslög. Svo fór þó, að Íslendingar þrjóskuðust við að viðurkenna gildi þessarar samþykktar.

(1354). Í kjölfarið óx vald kirkjunnar á kostnað veraldlegra höfðingja. Árni biskup reyndi einnig að fylgja fram kröfum kirkjunnar um einlífi klerka, þótt aldrei tækist að framfylgja þeirri kröfu til fulls hér á landi.

Guðmundur biskup góði



Stytta á Hólum af Guðmundi biskupi Arasyni

Guðmundur Arason var alinn upp hjá föðurbróður sínum, prestvígðum manni og barinn til bókar. Guðmundur var snemma kappsamur og skapmikill. Þegar hann var um tvítugt, lenti hann í skippreika og brotnaði illa á fæti. Átti hann lengi í sárum og þjáðist mikið. Upp frá því gerðist hann mikill trúmaður og meinlætasamur. Hann var vinur fátækra og gaf þeim jafnan það sem honum áskotnaðist. Ungur vígðist hann til prests, en hélt ekki kyrru fyrir.

Hann var á sífelldu ferðalagi um landið, vígði brunna¹⁵⁰ og björg. Hann bað fyrir fólki með handayfirlagningu og er greint frá mörgum kraftaverkum sem gerðust við þjónustu hans.

Þegar Guðmundur var prestur hjá Má Finnssyni, bónda í Viðvík í Skagafirði, er sagt frá því að bóndi gekk til kirkju þar sem Guðmundur var á bæn: „En er hann kom í kirkju, þá sá hann, at fugl lítill fló upp af öxl Guðmundi presti í loft og hvarf honum þá. Hann þóttist eigi vita,

hvat fugla þat var, því hann var óvanr at sjá heilagan anda.“

Kolbeinn Tumason var um þetta leyti mestur höfðingi norðanlands. Hann var trúmaður og skáld gott. Guðmundur og Gyðríður kona Kolbeins voru bræðrabörn. Eftir Kolbein er einn sálmur, sem sunginn hefur verið hér á landi fram á þennan dag: „*Heyr himnasmiður, hvers skáldið biður.*“

Kolbeinn réð mestu um að Guðmundur var kosinn biskup á Hólum. Var það álit margra, að hann teldi sig þá ráða bæði kirkju og leikmönnum á Norðurlandi ef Guðmundur yrði biskup. Guðmundur var ófús að taka að sér embættið, en lét undan þrábeiðni manna. Hann var vígður biskup í Niðarósi 13. apríl árið 1203, þá 41 árs gamall.

Guðmundur var varla fyrr sestur á biskupsstól, en deilur hófust með honum og Kolbeini.

Biskup sat á Hólum og safnaðist að honum mikill fjöldi snauðra manna, en auk þess nokkrir aðdáendur hans af höfðingjaættum. Eitt sinn er fundið var að gjafmildi hans, svaraði biskup því til: „...að fátæks manns hönd sé féhirsla vors Herra.“

Deilur Kolbeins og biskups urðu hatrammar og langvinnar. Viðskiptum þeirra lauk á þann veg, að Kolbeinn hélt með miklu liði heim að Hólum og settist um staðinn. Laust þar í bardaga með mönnum biskups og Kolbeins. Féll Kolbeinn í byrjun bardagans.

Eftir fall Kolbeins sameinuðust norðlenskir höfðingjar gegn Guðmundi. Þoldu þeir illa, að biskup notaði eigur biskupsstólsins til að hjálpa snauðum förulýð. Þeir fóru heim á staðinn og ráku hann þaðan. Eftir það var biskup á sífelldum hrakningi. Stundum fór hann um landið og fylgdi honum fjöldi förumanna. Endaði með því að biskup var handtekinn í Grímsey og látinn fara erlendis í fjögur ár. Biskup krafðist óskoraðs valds kirkjunnar í málefnum hennar, meðan hann mátti. Reyndi hann með öllum ráðum að losa kirkjustarfið undan valdi veraldlegra höfðingja og bænda, sem réðu yfir kirkjum landsins og ráðstöfuðu fjármunum þeirra. Deilur þær er um hann spunnust, áttu þátt í því að norskir valdhafar, erkibiskup og konungur, tóku að skipta sér af málefnum Íslendinga.

Guðmundur biskup fæddi og klæddi fátæka, læknaði sjúka og sagði siðspilltum höfðingjum mitt í blóðugri valdabaráttu Sturlungaaldar til syndanna. Má því hiklaust telja hann í hópi þeirra manna sem fastast hafa fetað í fótspor Jesú Krists á þessu landi.

¹⁵⁰ Þar á meðal Gvendarbrunna í Reykjavík.

Niðurlægingartímar

Þegar kemur fram yfir aldamótin 1300, fara í hönd hnignunar– og niðurlægingartímar í sögu þjóðarinnar. Íslenska þjóðin hafði glatað sjálfstæði sínu, er hún gekk Noregskonungi á hönd árið 1262. Konungur fór að hafa meiri afskipti af innanlandsmálum en áður hafði verið. Auk þess hefur veðurfar einnig farið versnandi¹⁵¹ hér á landi á þessu tímabili, þannig að lífsbarátta þjóðarinnar sjálfrar hefur orðið erfiðari en áður var.

Sömu hnignunar gætir einnig á bókmenntasviðinu. Ritun Íslendingasagna er að mestu lokið. Þó er frá þessu ein undantekning, því á fjórtánda öld er ort eitt frægasta helgikvæði, sem ort hefur verið á íslenska tungu bæði fyrr og síðar. Er það *Lilja*, sem *Eysteinn munkur Ásgrímsson* orti. Þar rekur höfundur sögu mannanna allt frá sköpun heims og lýsir því þegar Guð sendi son sinn Jesú Krist til að fullkomna hjálpræðisverkið, með lífi sínu, dauða og uppris. Þykir kvæðið snilldarvel ort. Lilja náði geysimikilli útbreiðslu meðal Íslendinga. Þótti sjálfsgætt að kunna kvæðið allt utanbókar. Hést svo fram undir siðbót. Einnig var sagt, að allir vildu Lilju kveðið hafa.

Svartidauði var skæð farsótt sem talin er hafa borist til landsins árið 1402. Talið er að um helmingur landsmanna hafi dáið af völdum svartadauða á tveimur árum. Þetta varð til þess að kirkjan eignaðist fjölda jarða því fólk hét á kirkjur og dýrlinga og gaf stórfé sér til sálhjálp. Árið 1494 kom aftur plága til landsins sem orsakaði mikinn mannfelli og erfiðleika.

Í sögu kirkjunnar gætir þessa hnignunarskeiðs í ríkum mæli. Eftir að landið komst undir Danakonung, varð allmikil breyting á, að hlýtt væri ráðum erkibiskups um biskupsval hér. Um miðja fjórtánda öld tók páfi sjálfur að skipa í embættin, en sneiddi hjá vilja erkibiskups og klerka hans um biskupsval.

Jón Gerreksson frá Danmörku varð biskup í Skálholti um 1430. Áður hafði hann verið erkibiskup í Svíþjóð, en hrökklaðist úr embætti. Hann var vinur *Eiríks af Pommern*, fyrsta konungs Kalmarsambandsins¹⁵² og fyrir tilstuðlan hans, fékk hann biskupsembættið í Skálholti. Á leiðinni til landsins kom hann við í Englandi til að frelsa íslensk börn, sem Englendingar höfðu rænt. Hann hafði með sér flokk manna sem átti að stemma stigu við verslun Englendinga hér á landi. Fóru menn biskups um biskupsdæmið með ránum og illvirkjum. Tóku þeir meðal annars til fanga tvo ríka höfðingjasyni. Þeir sluppu úr varðhaldinu í Skálholti og komu nokkru seinna fjölmennir á staðinn. Tóku þeir Jón Gerreksson höndum í kirkjunni, settu hann í poka og drektu honum í Brúará.

Ýmsir þeirra erlendu biskupa, sem sátu hér á biskupsstóli á seinni hluta fjórtánda aldar og fram á þá fimmtánda, voru heldur óvinsælir meðal Íslendinga. Virðing kirkjunnar þvarr og óánægjan magnaðist. Loks var fyrir þetta tekið. Konungur samþykkti þau ákvæði, að í biskupsembætti hér yrðu ekki aðrir skipaðir en þeir, sem dómprestaráðið í Niðarósi og erkibiskup hefðu samþykkt.

Upphaf siðbótar á Íslandi

Eins og áður er getið, hóf Lúter siðbót sína í bænum Wittenberg í Saxlandi árið 1517. Kenningar siðbótarmanna bárust fljótlega út til Íslands.

Ýmsir ungir námsmenn, sem dvöldust við nám í þýsku ríkjunum á fyrstu árum siðbótarinnar, hrifust af hinum nýju kenningum og snérust til fylgis við siðbótina. Meðal þessara manna voru sr. Jón Einarsson prestur í Skálholti, Oddur Gottskálksson og Gissur Einarsson.

Oddur þýddi Nýja testamentið á íslensku. Til þess að geta verið öruggur við þýðingu sína, lét hann gera sér pall úti í fjósi. Sagði hann við einn vina sinna: „Jesús, lausnari vor, var lagður á asnastall, en nú tek ég að snúa orðum hans á móðurmál mitt í fjósi.“ Það hafði ómetanlegt gildi fyrir íslenska menningu og bókmenntir, að við eignuðumst svo skjótt

¹⁵¹ Nýlegar rannsóknir á borkjörnum úr Grænlandsjökli og Suðurskaupsnum benda til þess að gríðarmikið eldgos hafi átt sér stað nærri miðbaug jarðar árið 1257. Í kjölfar eldgossins lækkaði meðalhiti á jörðinni um allt að 4°C í nokkur ár.

¹⁵² Margrét Valdimarsdóttir drottning í Danmörku, kom því til leiðar árið 1397, að Danmörk, Noregur og Svíþjóð sameinuðust undir eina stjórn. Sambandið var stofnað í Kalmar í Svíþjóð.

þýðingu Nýja testamentisins á íslenska tungu, en hún var prentuð árið 1540 í Hróarskeldu í Danmörku.

Síðustu kaþólsku biskuparnir

Síðustu biskupar kaþólskir fyrir siðbót voru þeir *Ögmundur Pálsson* í Skálholti og *Jón Arason* á Hólum. Þeir voru litlir vinir, enda hafði Ögmundur með ofbeldi reynt að hindra, að Jón næði biskupstign, en þær tilraunir mistókust. Þess vegna var aldrei full samstaða milli þeirra, er áhrifa siðbótarinnar fór að gæta hér á landi. Jón Arason átti sér fylgikonu, *Helgu Sigurðardóttur* og teljast allir Íslendingar á okkar dögum, sem ættfærðir verða af íslenskum ættum, komnir af Jóni biskupi og Helgu.

Kirkjulög þau, er Kristján konungur 3. lét semja fyrir Danaveldi, sendi hann árið 1538 til Íslands og ætlaðist til að þau yrðu samþykkt umyrðalaust og Lúterstrú þar með lögtekin, en þetta fór öðruvísi. Biskupar landsins, héldu fast við hinn kaþólska sið og eyddu því, að við kirkjulögunum væri tekið.

Gissur Einarsson

Gissur Einarsson, sem fyrr er nefndur, hafði alist upp í Skálholti hjá Ögmundi biskupi. Þótti snemma koma í ljós, að hann væri ágætum gáfum gæddur. Studdi biskup hann því til náms. Ungur að aldri var hann sendur í nám til Hamborgar, en þar snérist hann til fylgis við siðbótina.

Er Ögmundi barst það til eyrna, vildi hann í fyrstu hvorki heyra hann né sjá. En hann tók að gerast gamall og missa mjög sjón. Var honum nauðsyn að fá einhvern mann sér til aðstoðar við biskupsstörf. Kallaði hann þá Gissur til staðarins. Var Gissur með Ögmundi um hríð honum til aðstoðar, enda mun hann lítt hafa haft hinar nýju skoðanir sínar í hámaeli. Hefur hann eflaust ógjarna viljað skaprauna velgerðarmanni sínum að öþörfu.

Nú var aðstaða kaþólsku biskupanna orðin örðug, því að konungur Danaveldis, sem réð fyrir Noregi og Íslandi, hafði þegar innleitt siðbótina í sumum löndum sínum. Vildi hann einnig koma henni á hér á landi.

Biskuparnir reyndu að vinna á móti því eftir mætti. Brátt kom svo, að Ögmundur neyddist til að láta af biskupsdómi vegna sjóndepru og elli.

Klausturrán

Vorið 1539 veitti Danakonungur *Klaus van der Marwitz* hirðstjóra Viðeyjarklaustur að léni. Umboðsmaður hirðstjórans¹⁵³ var *Diðrik frá Minden*, þýskrar ættar. Var hann illa þokkaður af landsmönnum. Hann fór með hóp manna út í Viðey og lagði undir sig klaustrið. Árásin var gerð að morgni hvítasunnudags, þegar ábóti var ekki heima. Heimamenn flýðu burt og árásarmenn slógu eign konungs á allar eigur klaustursins. Var það í samræmi við venjur í öðrum löndum siðbótarmanna, þar sem eignir klaustranna voru lagðar undir þjóðhöfðingjann, um leið og klaustrin voru lögð niður.



Rústir Viðeyjarklausturs

Þetta klausturrán mæltist að vonum illa fyrir hjá öllum almenningi. Er Ögmundur fékk þessar fréttir í Skálholt, lét hann kjósa Gissur Einarsson sem biskupsefni og sendi hann utan á konungsfund samsumars.

Diðrik lét þó ekki sitja við Viðeyjarrán eitt. Hélt hann austur í sveitir og hugðist gera klaustrunum í Skaftafellssýslu sömu skil.

Á leiðinni þangað kom hann við í Skálholti, en þar

¹⁵³ Hirðstjórar voru æðstu umboðsmenn konungs í landinu. Um miðja fjórtándu öld tók konungur upp á því að leigja landið, með sköttum og skyldum til nokkurra ára í senn. Þeir sem tóku landið á leigu, hafa verið nefndir *leiguhirðstjórar*. Þegar fram liðu stundir hættu hinir erlendu hirðstjórar að sitja hér. Þeir komu hingað á sumrin, en höfðu hér umboðsmenn sína sem nefndust *fógetar*. Voru sumir þeirra vandræðamenn og urðu mjög óvinsælir.

safnaði ráðsmaður staðarins liði gegn honum og lét taka hann af lífi og menn hans alla. Er konungur frétti dráp sinna manna, brást hann hinn versti við. Var Ögmundi kennt um vigin.

Gissur tekur við biskupsdómi

Gissur kemur út til Íslands og tekur við biskupsembætti árið 1540. Biskupsvígslu hlaut hann þó eigi fyrr en tveimur árum síðar. Árið 1540 var kirkjuskipan Kristjáns Danakonungs algerlega hafnað af Alþingi. Þar að auki voru menn sýknaðir vegna vígs Diðriks fógeta.

Líklegt má telja, að Ögmundur hafi gert sér vonir um að geta áfram fengið að ráða miklu í Skálholtsbiskupsdæmi. Mjög fór þó á annan veg, því að skjótlega dró til missætta með þeim. Gissur hóf þegar, að reyna að koma hinni nýju skipan siðbótarinnar á málefni kirkjunnar í biskupsdæmi sínu. Ögmundi líkaði það að vonum illa og reyndi eftir mætti að hindra framgang siðbótarinnar. Hefur honum eflaust fundist Gissur erfiðari í taumi en hann hafði ætlað. Leitaði hann stuðnings Jóns Arasonar. Allur þorri presta og almennings fylgdi Ögmundi að málum, svo að Gissur átti mjög erfitt starf fyrir höndum.

Ögmundur handtekinn

Vorið 1541 sendi konungur herskip með þýskum málaliðum út til Íslands. Tilgangurinn var tvíþættur: Að tryggja framgang hinnar nýju kirkjuskipunar með valdi, þar sem andstaðan var svo almenn sem raun bar vitni og jafnframt að hegna Ögmundi vegna vígsins á Diðrik frá Minden og mönnum hans. Herforingi konungs var *Kristófer Hvítfeldt*.

Hann boðaði Gissur biskup strax á sinn fund. Jafnframt sendi hann flokk hermanna austur fyrir fjall til að handtaka Ögmund. Vinir hans höfðu beðið hann um að fara austur í Skaftafellssýslu og dveljast í klastrunum þar, meðan hermenn konungs væru hér á landi, en hann mun hafa talið sér óhætt.

Ögmundur var handtekinn á Hjalla í Ölfusi, þar sem hann dvaldist hjá systur sinni. Var hann beittur mikilli hörku og fluttur út í herskipið, þar sem hann var hafður í haldi. Síðar var hann fluttur brott með skipinu. Tvennum sögum fer af andláti Ögmundar. Sumir sagnfræðingar halda því fram að hann hafi andast á leiðinni til Danmerkur. Til eru heimildir sem benda til þess að Ögmundur hafi verið settur í gæsluvarðhald í Sóreyjarklaustri á Sjálandi og andast þar trúlega snemma árs 1542. Eftir brottflutning Ögmundar var lítið um skipulagða mótspyrnu gegn siðbótinni í Skálholtsbiskupsdæmi. Gissur hóf að breyta kirkjusiðum eftir fyrirmælum hinnar nýju skipunar.

„En við þann boðskap varð leikum og lærðum undarlega, héldu það villu, og þá villumenn sem með þetta fóru. Og svo kom að sumir prestarnir sögðu af sér embættið og voru [kirkjustaðir] prestlausir eitt eður tvö eður þrjú ár.“
(*Biskupaannálar*).

Gissuri varð ekki langra lífdaga auðið, því að hann andaðist árið 1548.

Uppreisn Jóns biskups Arasonar

Hólabiskup mun lítt hafa haft sig í frammi um málefni Skálholtsbiskupsdæmis, meðan Gissur sat á biskupsstóli. En eftir dauða hans verður mikil breyting á.

Áður en Alþingi kom saman árið 1548, var haldin prestastefna í Skálholti til að ráðstafa biskupsdæminu eftir lát Gissurar. Lúterskir prestar komu saman í dómkirkjunni og kusu til biskups *Martín Einarsson* frá Staðarstað, en á staðnum var 300 manna lið til varnar. Norðan túns voru hins vegar Jón Arason og synir hans með 200 manna lið. Þar var haldin kaþólsk prestastefna er kaus *Sigvarð* ábóta *Halldórsson* í Þykkvabæ til biskups, en fól Jóni Arasyni forsjá Skálholtsstiftis meðan Sigvarður færi á fund Danakonungs til að fá biskupskjörið staðfest. Jón lét það verða sitt fyrsta verkefni að stýra áhlaupi á Skálholtsstað, en það mistókst.

Biskupsefnin héldu nú á konungsfund. Djörfung kaþólskra að senda utan biskupsefni, tengist gangi mála suður í Evrópu. Árið 1547 höfðu þeir fallið frá, *Frans I. Frakkakonungur* og Hinrik 8. Englandskonungur, sem hvorugur var kaþólskum mönnum mikill harmdauði. Í

Þýsku ríkjunum hafði hins vegar Karl keisari 5., sem var trúr þjónn páfakirkjunnar hafið sókn gegn mótmælendum og reynst sigursæll. Honum skrifaði Jón Arason bréf og hefur væntanlega beðið hann að koma því áleiðis við Danakonung, sem var lénsskyldur keisaranum sem hertogi í Holtsetalandi, að Íslendingar fengju að halda trú sinni og biskupsefni kaþólskra hlyti löglega vígslu.

Árið 1549 kyrrsetti Kristján konungur 3. Sigvarð biskupsefni við þá iðju að læra fræði Lúters, en sendi Marteín Einarsson til Íslands með biskupsvígslu og með honum opið bréf til Íslendinga þar sem Jón Arason er lýstur friðlaus og útlægur.

Um haustið sendi Jón Arason menn sína til Skálholts og lét handtaka Marteín biskup. Var hann hafður í haldi á Hólum og allhart leikinn. Er konungur frétti um þessar aðfarir Jóns, brást hann hinn reiðasti við og gaf út skipun um að handtaka hann.

Sumarið 1550 hélt Jón með fjölmenni til Alþingis. Réð hann þar lögum og lofum. Þaðan fór hann í Skálholt og síðan út í Viðey, þar sem hann rak alla Dani burt og endurreisti klaustrið. Þá mátti segja, að hann hafi ráðið öllu landinu. Sagði hann sjálfur: „Nú hef ég undir mér allt Ísland nema hálfan annan kotungsson.“ Átti hann þar við mág Marteíns biskups, *Daða í Snóksdal* sem konungur hafði falið að handtaka Jón og annan mann til.

Jón Arason hálshöggvinn

Haustið 1550 frétti Jón af Daða vestur í Dölum og hélt þangað til að handtaka hann. Daði frétti um för biskups og lét safna liði. Varð hann miklu fjölmennari. Viðureign þeirra lauk svo, að Daði vann sigur og handtók Jón biskup og syni hans. Voru þeir síðan fluttir til Skálholts.

Jón mun hafa gert sér vonir um að Norðlendingar mundu safna saman liði og koma til að leysa þá úr haldi. Daði og fylgismenn hans óttuðust hið sama. Þess vegna reyndist þeim erfitt að koma föngunum fyrir um veturinn. Er þetta var rætt í Skálholti, komust menn að þeirri niðurstöðu, að „öxin og jörðin geymdi þá best.“ Þótti hinum danska umboðsmanni konungs þetta hið mesta snjallræði. Ákvað hann, að þeir skyldu líflátnir þá strax um haustið, þótt sú aftaka væri ólögleg, því að dómur hafði ekki gengið í máli þeirra. Aftakan fór fram 7. nóvember 1550, í Skálholti. Var Jón biskup líflátinn og synir hans tveir, Björn og Ari. Urðu þeir vel við dauða sínum. Sagt er að prestur nokkur, Sveinn að nafni, hafi viljað hughreysta biskup og sagt: „Líf er eftir þetta líf, herra.“ „Veit ég það, Sveinki,“ á biskup þá að hafa sagt. Þótti honum áminningin óþörf.

Siðbót kemst á

Í janúar 1551 kom flokkur 60 manna suður yfir heiðar. Fóru þeir um Suðurnes og drápu alla Dani sem þeir fundu, hvort sem þeir höfðu átt þátt í aftöku Hólafeðga eða ekki. Um vorið sendi konungur nokkur herskip með þýskum málaliðum til Íslands. Tvö herskip voru send til Norðurlands með 300 manna liði, og lauk þá opinberri andstöðu gegn siðaskiptum í Hólabiskupsdæmi. Herinn fór um landið, rændi kirkjur og klaustur og tók vopn af landsmönnum. Kaþólsk trú var algjörlega bönnuð og refsingin var líflát eða útleigð. Klaustrin voru lögð niður og lausafé þeirra gert upptækt, en verðmætasti hlutinn fluttur í fjárhirslu Danakonungs, sem einnig varð yfirmaður kirkjunnar. Konungur sölsaði einnig undir sig eignir biskupsstólanna að jarðeignum undanskildum, eignir kirkna og einkaeignir biskupanna án heimildar í íslenskum lögum. Fyrir siðaskipti, höfðu Íslendingar setið að mestu einir að auðæfum landsins, því engir erlendir aðilar höfðu komist hér yfir teljandi eignir. Í kjölfar siðaskiptanna átti sér stað stórfelld eignaupptaka á jörðum og auðlindum landsins og síðar dönsk verslunareinokun, sem þegar fram í sótti gerði Íslendinga að einni fátækustu þjóð Evrópu.

Alþýðu manna mislíkaði margt af því sem siðbótarmenn létu framkvæma hér á landi. Sem dæmi má nefna að Gissur biskup lét fjarlægja helgan kross úr kirkjunni í Kaldaðarnesi í Flóa, sem almenningur hafði mikla trú á til áheita og lækninga.¹⁵⁴


Það er miður, að saga siðbótarinnar á Íslandi er nátengd auknum tilraunum erlends konungsvalds til yfirráða yfir málefnum Íslands. Þess vegna hafa ýmsir forvígismenn siðbótarinnar fengið óvægna dóma fyrir framkomu sína. Jarðvegurinn var alls ekki eins vel undirbúinn hér og víðast hvar annars staðar, þar sem siðbótin vann skjótan sigur. Hér skorti bæði bækur til skýringa og vel menntaða presta til að útskýra og boða hina nýju kenningu.

Siðbótin festir rætur



Guðbrandur Þorláksson

Segja má að siðbótin hafi ekki til fulls komist á hér á landi fyrr en eftir aldamótin 1600. Óhætt er að fullyrða, að einn maður hafi öðrum fremur stuðlað að útbreiðslu hennar meðal almennings. Það var *Guðbrandur Þorláksson*, biskup á Hólum. Enginn íslenskur biskup hefur setið jafnlengi í embætti og hann, en hann var biskup í 56 ár. Má hiklaust telja hann einn allra mesta skörung, sem setið hefur á biskupsstóli á Íslandi frá upphafi kristni.



Forsíða Guðbrandsbiblíu

Guðbrandi var ljóst, er hann settist á biskupsstól, að mikið vantaði enn á, að þjóðin hefði snúist til fylgis við siðbótina. Enn skorti almenna þekkingu á kenningum hennar. Setti hann sér það markmið, að reyna að bæta úr þessu og hófst handa við mikla og merka bókaútgáfu. Jón Arason hafði látið flytja prentsmiðju til landsins, en hún hafði lítið verið notuð. Guðbrandur lét flytja prentsmiðjuna til Hóla og prenta þar margar guðsorðabækur. Merkust þeirra bóka var Biblían, sem Guðbrandur gaf fyrstur út á íslensku árið 1584. Sú útgáfa er nefnd *Guðbrandsbiblía* og þykir hið mesta þekkvirki. Sjálfur varð Guðbrandur að þýða mikinn hluta Gamla testamentisins, en hann notaði Nýja testamentisþýðingu Odds Gottskálkssonar. Auk þess gaf Guðbrandur út sálmasöng (1589), sem náði mikilli útbreiðslu meðal almennings og messusöngsbók árið 1594, sem á latínu hét *graduale* en í daglegu tali kölluð Grallarinn. Bókaútgáfa hans stuðlaði mjög að útbreiðslu siðbótarinnar með þjóðinni.

Kirkjustarf breyttist með tilkomu siðbótarinnar. Horfið var frá latneskum messusöng en í hans stað kom lestur úr Biblíunni og predikun á íslensku. Þá jókst þátttaka safnaðarins í messuhaldinu með almennum sálmasöng á móðurmálinu. Helgimyndir hurfu úr kirkjum og dýrlingar voru aflagðir. Sálumessur og skriftir lögðust niður. Óljóst er hvort fermingar hafi alveg verið lagðar niður hér á landi. Guðbrandur biskup lét taka upp ferminguna fyrir aldamótin 1600 í Hólabiskupsdæmi. Fermingartilskipun Kristjáns 6. Danakonungs, sem áður er getið, tók gildi á Íslandi árið 1741.

¹⁵⁴ Kaldaðarnes í Flóa varð snemma kirkjustaður, helgaður heilögum krossi. Kirkjan átti kross, sem mikill átrúnaður hvíldi á. Vegna þessa kross var ævinlega margmenni á staðnum, þó flest á krossmessu vor og haust. Fólk kom með áheit og gjafir til kirkjunnar. Helgigöngur úr fjarlægum byggðarlögum voru skipulagðar til Kaldaðarness. Oft dugði fyrir þessa ferðamenn að sjá heim að staðnum, t.d. af Kambabrunn eða frá Kvennagönguhólum á Selvogsheiði, til að fá bót meina sinna.

Gissur Einarsson biskup, tók krossinn niður við siðaskiptin. Krossinn var fluttur að Skálholti. Trúin rénaði ekki við það, að Gissur biskup varð veikur og dó skömmu eftir Kaldaðarnesförina. Gísli Jónsson, biskup í Skálholti lét síðar kljúfa krossinn og brenna. Almennigur trúði svo heitt á krossinn, að margir reyndu að ná flísum eða ösku úr honum.

Stóridómur

Stóridómur var samþykkt um siðferðismál sem samin var að frumkvæði lögmanna tveggja, *Páls Vigfússonar* og *Eggerts Hannessonar*, eftir hvatningu frá *Páli Stígssyni* hirðstjóra Danakonungs. Samþykktin var undirrituð á alþingi árið 1564 og staðfest sem lög af konungi árið eftir. Tilgangurinn var að koma reglu á dóma í siðferðismálum sem kaþólska kirkjan hafði haft með höndum fram að siðaskiptum. Niðurstaðan var sú að refsingar í þessum málum urðu harðari en áður, einkum fyrir sifjaspell sem við var lögð dauðarefsing. Sömuleiðis var það dauðasök að eiga barn með mágkonu. Hórdómsbrot vörðudu sektum en þriðja brotið lífláti (sem alltaf var breytt í útlegð) og frillulífi (barneignir utan hjónabands eða dulsmál) varðaði einnig háum sektum.


25 karlar og 25 konur voru tekin af lífi vegna sifjaspellsbrota samkvæmt Stóradómi. Síðasta aftakan fyrir slíkt brot fór fram árið 1762. Á síðari hluta 18. aldar var almennt farið að milda refsingar fyrir þessi brot. Háar sektir við barneignum utan hjónabands komu til meðal annars vegna ótta við sveitarómaga og annað framfærslulaust fólk. Þau ákvæði voru numin úr lögum árið 1812 en önnur refsíákvæði skömmu síðar. Stóridómur var þó ekki numinn úr lögum í heild fyrr en með nýjum hegningarlögum í Danmörku árið 1870.

Galdratrú

Eftir siðaskiptin magnaðist galdratrú hér á landi, eins og í allri Norðurálfunni. Lærðir menn og leikir trúðu því, að menn gætu með töfrum komist í samband við Satan og fengið hann til að vinna alls konar hermdarverk á öðrum. En sá sem fékkst við slíkt, hafði gefið sig Satan á vald og varð illa séður fyrir vikið. Galdratrúin var eins og farsótt, sem breiðist út. Fólk var haldið ofsalegri hræðslu við galdra, bæði háir og lágir. Sumir töldu sig vera göldrótta, játuðu á sig alls kyns afbrot og álitu sig hafa valdið veikindum og dauða manna. Sumir lærðustu menn þjóðarinnar voru haldnir ofstækisfullri galdratrú og stóðu fyrir ofsóknum gegn mönnum fyrir galdra. Þeir sem dæmdir voru fyrir galdra, voru brenndir á báli. Talið er að 23 karlar og ein kona hafi verið brennd fyrir galdra á Íslandi. Galdrabrennur voru bannaðar hér á landi rétt fyrir aldamótin 1700, en trú á galdra hélst lengi meðal almennings.

Passíusálmarnir og Vídalínspostilla

Þegar kemur fram á sautjándu öld, eignast Íslendingar þann dýrgrip, sem tvímælalaust hefur haft mest áhrif á trúarlíf landsmanna, að Biblíunni einni undanskilinni. Það eru *Passíusálmur Hallgríms Péturssonar*, sem síðast var prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Sálmarnir voru gefnir út árið 1666. Passíusálmarnir, sem eru fimmtíu að tölu, lýsa pínu og dauða frelsarans.




Hallgrímur Pétursson

Þeir eru ódauðlegt listaverk, þrungnir trúarhita og trúarsannfæringu, enda hefur ekkert annað íslenskt rit orðið þjóðinni jafnhjartfólgið. Má segja, að fjöldi manna hafi kunnað alla sálmana utan bókar allt fram á 20. öld. Áður fyrr voru sálmarnir lesnir á heimilum landsmanna á hverri föstu.

Annað rit, sem mikið var lesið á íslenskum heimilum um langan aldur, var húslestrarbók *Jóns biskups Vídalíns* í Skálholti, *Vídalínspostilla*. Vídalínspostilla hafði mikil áhrif á trúarlíf íslendinga frá því hún kom fyrst út í upphafi átjándu aldar (1718–1720), því hún var notuð við húslestra á nánast hverju heimili í tæplega tvö hundruð ár. Postillan var mönnum nærtæk viðmiðun um réttlæti og ranglæti, enda náði Vídalín góðu sambandi við fólkið í baðstofunni. Trúarhiti og mælska biskups varð til þess að sumir kunnu heila kafla postillunnar utan að. Til orða meistara Jóns var vitnað eins og sjálfrar Ritningarinnar.

Hér er stutt tilvitnun úr postillu Vídalíns: »Ó, þér kristnir menn!... Gefið gætur að sjálfum yður og allri hjörðinni, sem Guð hefir afrekað með sínu eigin blóði, hver í sinn stað. Pundið er stórt, reikningsskapurinn er mikill, Guðs blóð er dýrt, hans reiði



Jón biskup Vídalín

er þung, dómarinn er strangur, lífið er stutt, dauðinn er vís, helvíti er heitt, eilífið er löng og þér vitið ekki nær hann kemur.«

Jón Vídalín er í hópi öflugustu predikara á Norðurlöndum fyrr og síðar.

Hnignunartímar

Með átjándu öldinni hefst eitt ömurlegasta tímabil í sögu íslensku þjóðarinnar, þar sem segja má að hver plágan af annarri hafi gengið yfir þjóðina. Stórabóla eins og bólusóttin var kölluð á Íslandi gekk yfir landið á árunum 1707–1709 og varð þriðjungur þjóðarinnar að aldurtíla. Skaftáreldar hófust á hvítasunnudag 8. júní árið 1783. Gosinu fylgdi mikið hraunrennsli. Sunnudaginn 20. júlí sama ár messaði séra Jón Steingrímsson í kirkjunni á Kirkjubæjarklaustri, en þá rann hraunið fram eftir farvegi Skaftár og stefndi á kirkjustaðinn.

Séra Jón flutti þá frægustu predikun á Íslandi fyrr og síðar:

„Biðjum til Guðs í réttilegri andakt – að Hann í náð sinni vilji ei í hasti eyðileggja oss. Hver og einn sé án ótta biðjandi. Hver og einn sé reiðubúinn að láta lífið, ef Honum þóknast. Ekki oss, heldur þínu nafni gefum vér dýrðina. Sumir eru óguðlega talandi, æða og láta illa en einnig þeir munu verða auðmjúkir og þolgóðir. Einum Guði, sé æra! Ákallið Guð og líðið þolinmóðlega það sem hann á leggur. Guð gerir alla hluti vel og ei óréttvíslega. Hann veit betur en menn hvað þeim er gagnlegt. Gefið Guði dýrðina og prísíð Hans háleita nafn.“

Eftir messu gengu sóknarbörnin út að hrauninu. Kom þá í ljós að hraunrennslið hafði stöðvast.



Skaftá við Systrastapa – jaðar Eldhraunsins í baksýn

Hörmungarnar sem fylgdu Skaftáreldum eru kallaðar Móðuharðindin eftir gosmóðunni.¹⁵⁵ Þær stóðu yfir til ársins 1785 og kostuðu fimmtung þjóðarinnar lífið. Enginn efi er á því, að alþýða manna sótti mikinn styrk til trúarinnar í þessum erfiðleikum.

Um aldamótin 1800 voru hinir fornu biskupsstólar lagðir niður og sameinaðir. Eftir það sat biskup fyrst í Laugarnesi og síðar í Reykjavík. Um sama leyti nær skynsemistrúin sem áður er nefnd, allmiklum tókum hér á landi. Helsti talsmaður skynsemistrúar og upplýsingastefnu hér á landi var Magnús Stephensen. Skynsemistrúin náði aldrei eins mikilli útbreiðslu meðal almennings hér, eins og verið hafði víða um Evrópu. Ollu því meðal annars hin miklu áhrif, sem Passíusálmarnir og Vídalínspostilla höfðu í trúarefnum. Þótti sjálfsagt að sækja kirkju að staðaldri bæði til að sinna trúarlegum þörfum og eiga samneyti við sveitunga og vini, einnig eftir að það hætti að vera borgaraleg kvöð. Á vetrum var þó víða torsótt að sækja kirkju. Ef veður voru válynd, fór aðeins húsbóndinn og hugsanlega annar með honum til messu og endursögðu predikunina þegar heim var komið.



Biskupssetrið í Laugarnesi árið 1836
Mynd eftir Auguste Mayer

Á hverju heimili voru kvöldvökur allan veturinn þar sem menn sögðu sögur og fóru með kvæði. Þegar prentefni varð almenningsseign var einnig lesið upphátt úr veraldlegum bókum. Að lokinni kvöldvöku var lesinn húslestur, en hann fór þannig fram að fyrst var sunginn sálmur, þá var lesið Guðs orð og síðan sunginn seinni hluti sálmsins eða nýr sálmur. Að loknum húslestri þökkuðu heimilismenn lesaranum fyrir lesturinn. Húslestur fór einnig fram á hverjum sunnudegi ef ekki var farið til kirkju og var þá lesið úr húslestrarbók heimilisins t.d. Vídalínspostillu. Í húslestrarbókinni var biblíutexti (Guðspjall) og predikun fyrir alla sunnudaga ársins.

¹⁵⁵ Gosmóðan barst um Evrópu og er talin hafa valdið uppskerubresti og matarskortri víða í álfunni. Matarskorturinn átti þátt í að magna upp óánægju meðal almennings, sem leiddi til frönsku stjórnarbyltingarinnar árið 1789. Móðan barst einnig til Norður Ameríku.

Kirkjan og alþýðufræðslan

Þegar kemur fram á 17. öld, fór lestrarkunnáttu landsmanna hnignandi. Snemma á 18. öld tóku lærðir menn að hreyfa því, að þörf væri á barnaskólum, svo að almenningur lærði að lesa.

Í trúmálum var um þetta leyti ráðandi í Danmörku heittrúarstefna (*píetismi*). Lögðu fylgjendur hennar kapp á að breytni fólks væri í samræmi við trú þess og heilaga Ritningu. Þeir voru andstæðir fánýtum skemmtunum, en lögðu áherslu á uppeldi barna og trúarlega fræðslu. Þeir voru því hlyntir skólum og námi.

Kristján konungur 6. sendi hingað prest, *Lúðvík Harboe* að nafni, til að rannsaka ástandið í kirkju- og trúmálum, svo og fræðslu almennings. Af skýrslum Harboe (1741–1745) má t.d. ráða að rösklega helmingur íbúa í Hólabiskupsdæmi var læs, en í Skálholtsbiskupsdæmi var lestrarkunnáttan öllu lakari.

Samkvæmt tillögum Harboe voru latínuskólarnir á Hólum og í Skálholti endurbættir og betur vandað þar til kennslu prestsefna. Prestum var gert skylt að fylgjast með lestrarnámi barna og kristindómsfræðslu. Var þeim bannað að ferma ólæs börn. Þeir áttu að húsvitja hver í sínu prestakalli til þess að geta fylgst með uppfærðslu sóknarbarna sinna.

Hið íslenska Biblíufélag



Ebenezer Henderson

Hið íslenska Biblíufélag er elsti starfandi félagsskapur á Íslandi, en það var stofnað á prestastefnu 10. júlí 1815, að frumkvæði skoska trúboðans *Ebenezer Henderson*. Henderson varð innlyksa í Kaupmannahöfn árið 1805 þegar hann var á leið til trúboðsstarfa í danskri nýlendu á Indlandi. Hann kynntist mönnum sem höfðu stofnað félagsskap í Danmörku til að dreifa kristilegum ritum og Biblíum. Þeir höfðu komist að því, að á Íslandi væri mikill skortur á Biblíum. Vegna þess hve Íslendingar voru illa staddir fjárhagslega á þessum tíma, voru Biblíur og Nýja testamenti nánast ófáanleg á íslensku. Henderson vakti athygli Breska og erlenda Biblíufélagsins á brýnni þörf Íslendinga. Félagið ákvað að veita verulegu fjármagni til útgáfu á Biblíu sem dregið gæti úr biblíuskortinum á Íslandi. Henderson kom færandi hendi til Íslands árið 1814 á vegum Breska og erlenda Biblíufélagsins. Henderson ferðaðist um landið og dreifði ríflega 4000 eintökum af Biblíunni og 6600 eintökum af Nýja testamentinu. Þessi heimsókn átti stóran þátt í að gera Biblíuna að almenningseign á Íslandi. Síðar öðlaðist Hið íslenska Biblíufélag bolmagn til að geta séð um útgáfu Biblíunnar á íslensku og hefur haft það verkefni síðan.

Árið 1897 var farið að vinna að nýrri þýðingu Biblíunnar úr frummálunum og birtust nýjar þýðingar einstakra rita í biblíuútgáfum fyrir og um aldamótin. En það var ekki fyrr en 1908 að út kom ný þýðing á Biblíunni úr frummálunum. Þessi þýðing kom síðan út endurbætt árið 1912 og hélst lítið breytt allt til þess að ný biblíuútgáfa kom út árið 1981. Árið 2007 kom síðan út ný útgáfa Biblíunnar á íslensku, sem kölluð hefur verið Biblía 21. aldar. Í þessari útgáfu er ný þýðing á Gamla testamentinu, bréfum Nýja testamentisins og Opinberunarbókinni. Eldri þýðing á guðspjöllunum og Postulasögunni frá 1981 hefur verið endurskoðuð. Einnig hefur endurskoðaðri þýðingu á hinum apokrífu bókum Gamla testamentisins, verið bætt við í þessari útgáfu.

Þjóðleg og kristileg endurreisn

Hér á landi varð bæði þjóðleg og kristileg endurreisn á fyrri hluta 19. aldar. Þjóðlegu endurreisnina hefja aðallega Fjölnismennirnir og þeir áttu þátt í því, að þýdd var á íslensku sú bók, sem hnekkti mjög skynsemistrúnni hér á landi, en það voru *Hugleiðingar um höfuðatriði kristinnar trúar* eftir J. P. Mynster Sjálandsbiskup.

Jón Jónsson lærði, á Möðrufelli í Eyjafirði beitti sér fyrir vakningu á kristilegum grundvelli. Eftir heimsókn Ebenezer Henderson árið 1815 stofnaði Jón *Íslenska evangeliska*

smáritafélagið, sem gaf út fjölda kristilegra smárita meðan hann lifði. Hann barðist einnig fyrir því, að Íslendingar hæfu heiðingjatrúboð.

Prestaskóli Íslands, var stofnaður í Reykjavík árið 1847. Áður taldist stúdentspróf nægileg menntun fyrir presta. Síðar sameinaðist hann guðfræðideild Háskóla Íslands. Einn af kennurum prestaskólans var *Helgi Hálfdánarson*. Hann samdi barnalærdómskver, sem lengi var notað við fermingarundirbúning. Einnig átti hann stærstan hlut í undirbúningi að útgáfu nýrrar sálmaabókar árið 1886. Helgi þýddi og frumorti marga sálma í sálmaabókinni.

Íslenska þjóðkirkjan

Eftir siðbót minnkar smám saman hið veraldlega vald biskupa og kirkju. Er hér um að ræða sömu þróun og annars staðar í heiminum á þessum tíma. Menntun presta varð meiri, er á leið eins og áður er getið.

Árið 1874, setti *Kristján konungur* 9. Íslendingum nýja stjórnarskrá, sem veitti landsmönnum trúfrelsi, en kveðið var á um að hin Evangelíska-lúterska kirkja væri þjóðkirkja. Árið 1886 voru síðan sett lög um starfsemi sjálfstæðra trúarsafnaða.

Jarðeignir kirkjunnar¹⁵⁶ og tíund stóðu undir þjónustu kirkjunnar og öðrum rekstri allt til ársins 1907. Þá tók ríkið við ábyrgð á launagreiðslum til presta og umsjá jarðeigna, kirkjugarða og prestssetra.¹⁵⁷ Miklu af jarðeignum kirkjunnar var ráðstafað frá ríkinu á 20. öld.

Árið 1997 var gerður samningur milli ríkis og kirkju, þar sem ríkið tekur að sér að greiða laun biskupa, presta og starfsmanna biskupsstofu, gegn því að fá fullan eignarrétt yfir kirkjujörðum, að prestssetrum frátöldum.

Það fyrirkomulag sem tekið var upp árið 1907 leiddi af sér að Þjóðkirkjan varð blanda af trúfélagi og ríkisstofnun, því starfsmenn hennar voru ríkisstarfsmenn til ársins 2020, þegar lögum var breytt. Þjóðkirkjan, hefur ákveðið sjálfstæði varðandi ákvarðanatöku í málum er varða innra skipulag og starfshætti. Innan Þjóðkirkjunnar eru um 270 sóknir, sem skiptast í 9 prófastsdæmi. Sóknin er grunneining og sóknarkirkjurnar eru sjálfseignarstofnanir í vörslu sóknarnefnda. Kirkjuþing sækja 29 kjörnir fulltrúar, þ.e. 12 prestar og 17 leikmenn, og ákveða starfshætti og skipulag kirkjunnar innan ramma laga. Kirkjuþing kys Kirkjuráð sem fer með framkvæmdavald í málefnum Þjóðkirkjunnar, en biskup Íslands er forseti Kirkjuráðs. Biskup Íslands kallar saman presta landsins ár hvert til prestastefnu, sem fjallar um málefni kirkjunnar og samfélagsins. Vígslubiskupar sitja á hinum fornu biskupsstólum í Skálholti og á Hólum. Þeir hafa umsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum.

¹⁵⁶ Talið er að við siðaskiptin hafi 45% jarðeigna í landinu verið í eigu kirkjunnar.


¹⁵⁷ Sóknargjöld voru fyrst innleidd á Íslandi með lögum árið 1909 en með sömu lögum var tíund afnumin ásamt með ýmsum öðrum gjöldum sem runnið höfðu til kirkjunnar. Sóknargjald var tvískipt og fólst annars vegar í prestsgjaldi og hins vegar kirkjugjaldi. Gjöldin áttu allir yfir 15 ára aldri að greiða, óháð kyni eða stöðu og kom það í hlut sóknarnefnda að innheimta það.

Árið 1987 voru sett lög á Alþingi þar sem ríkið tók yfir innheimtu sóknargjalda á landsvísi. Í lögnum var *Fjárýsly ríkisins* falið að reikna á hverju ári samkvæmt verðlagsþróun frá fyrra ári hvert sóknargjaldið skyldi vera hverju sinni. Fyrsta sóknargjaldið samkvæmt lögnum var því framreiknað gjald það sem Þjóðkirkjan hafði sjálf innheimt meðal safnaðarmeðlima sinna í hverri sókn fyrir sig árið á undan.

Í núverandi lögum um sóknargjöld er kveðið á um að Þjóðkirkjan og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög eigi ákveðna hlutdeild í tekjuskatti, sem kallast sóknargjöld. Sóknargjöld reiknast fyrir hvern þann sem orðinn er 16 ára hinn 31. desember árið áður en gjaldár hefst. Gjald einstaklings sem skráður er í Þjóðkirkjuna rennur til þeirrar sóknar sem hann tilheyrir. Gjald einstaklings sem tilheyrir skráðu trúfélagi eða skráðu lífsskoðunarfélagi rennur til hlutaðeigandi félags. Til viðbótar greiðir ríkið í þrjá sjóði Þjóðkirkjunnar: 18,5% af sóknargjaldi í *Jöfnunarsjóð sókna*, 14,3% í *Kirkjumálasjóð* og ennfremur í *Kristnisjóð* sem fær framlag er nemur launagjöldum fimmtán presta.

Gjald einstaklinga, sem hvorki voru í Þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi rann áður til Háskóla Íslands. Því fyrirkomulagi var breytt með lögum árið 2009 þannig að ekki eru innheimt sóknargjöld af þeim sem eru utan trú- og lífsskoðunarfélaga.

Í upphafi 20. aldar hófst skipulegt barnastarf innan Þjóðkirkjunnar. Var þá byrjað að halda barnaguðþjónustur og starfrækja sunnudagaskóla. Þá var einnig farið að stofna kristileg félög innan vébanda kirkjunnar. Má þar nefna æskulýðsfélögin KFUM og KFUK, sem stofnuð voru af barnavininum, *séra Friðrik Friðrikssyni*. Fyrir tilstuðlan hans hófst kristileg vakning meðal barna og unglinga um og eftir aldamótin 1900. Á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, varð töluverð vakning innan KFUM & K. Þessi vakning með hófst árið 1936 eftir heimsókn hóps frá *Kristilegu norsku stúdenta- og menntaskólahreyfingunni* undir forystu próf. Ole Hallesby.¹⁵⁸



Séra Friðrik Friðriksson

Leiðtogar KFUM á þessum árum, höfðu sterk tengsl við *Norska heimatrúboðið*. Samstarfið við Norska heimatrúboðið flutti með sér anda norskrar heittrúarstefnu inn í raðir félagsins. Tengslin við Noreg áttu þátt í að farið var að standa fyrir kristilegum æskulýðsvikum á vegum KFUM & K og halda almenn kristileg sumarmót hér á landi.

Barna- og unglingastarf innan KFUM & K hefur verið umfangsmikið, einkum í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Á seinni árum hefur nálægt því fimmta hvert barn á grunnskólaaldri á Stórreykjavíkursvæðinu, tekið þátt í starfi innan samtakanna. Samtökin hafa rekið sumarbúðir í Vatnaskógi, Vindáshlíð, Kaldárseli, Ölveri og Hólavatni.

Þjóðkirkjan rekur sumarbúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal og Eiðavatn á Fljótsdalshéraði. Í allmörgum kirkjum hafa verið stofnuð æskulýðsfélög, sem saman mynda Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar (ÆSKÐ).

Kristilegt stúdentafélag var stofnað árið 1936, en það starfar einkum innan Háskóla Íslands. Kristileg skólahreyfing (KSH) er samstarfsvettvangur fyrir Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF).

Í fjölmörgum sóknum eru starfandi kvenfélög kirkjunnar og í nokkrum sóknum, sérstök félög fyrir karlmenn, bræðrafélög. Innan vébanda Þjóðkirkjunnar er sérstakt útgáfufyrirtæki, *Skálholtsútgáfan* og hjálparstofnun sem heitir *Hjálparstarf kirkjunnar*. *Tónskóla Þjóðkirkjunnar* er ætlað að halda uppi kennslu í kirkjutónlist og mennta organista til að starfa við kirkjur landsins. Þjóðkirkjan rekur einnig fræðslusetur að Löngumýri í Skagafirði.

Þjóðkirkjan er aðili að Lúterska heimssambandinu og Alkirkjuráðinu.

Evangelísk-lúterskar fríkirkjur

Á Íslandi starfa fjórar evangelísk-lúterskar fríkirkjur, þ.e. Fríkirkjan í Reykjavík, Óháði söfnuðurinn, Fríkirkjan í Hafnarfirði og Íslenska Kristskirkjan.

Skynsemistrú og efnishyggja

Þótt margt væri jákvætt í kirkjustarfi og trúarlífi hér á landi, á 19. öldinni, þá var einnig í gangi á sama tíma stefna sem nefnist skynsemistrú eða efnishyggja. Vísindin voru stöðugt að

¹⁵⁸ Fyrir þann hóp presta Þjóðkirkjunnar, sem voru andvígir nýju guðfræðinni, var heimsókn Hallesby og félaga til uppörvunar og mikilvæg hvatning til að halda sig fast við játningabundna Lúterska guðfræði.

Um heimsóknina til Íslands sagði Ole Hallesby í blaði *Kristilegu norsku stúdenta- og menntaskólahreyfingarinnar* m.a.: „... hversu mikilsvert gæti það verið ef fleiri tækju að biðja um vakningu fyrir Ísland. Sannarlega er þess líka þörf! Biskupinn, sem ég varð samferða til Kaupmannahafnar, sagði sjálfur, að í allri sögu landsins hefði yfirleitt aldrei risið kristileg vakning á Íslandi! Biskupinn er sjálfur kirkjusögufraeðingur og veit því hvað hann syngur í þeim efnum. Persónulega veit ég varla nokkurt land í Norðurálfunni svo illa státt í kristilegum efnum sem Ísland. Kristindómur er þar að vísu, en það er mest líflaust útvortis form. Það er heldur ekki að undra, þegar það t.d. kemur á daginn, að sá guðfræðiprófessor, sem lengi hafði forustuna — hann er nú dáinn — var spíritisti! Aðstaðan er því mjög erfið. Það er mín persónulega skoðun, að kristindómurinn muni hverfa af Íslandi ef þar kemur ekki trúarvakning. En þótt við erfiðleika sé að etja, þá getur Guð ráðið fram úr því. En þá verðum við að herða á bænunum. Við verðum að stunda bænargjörð meir en áður ... og biðjið þess, að vindar vakningarinnar megi alvarlega taka að næða um Íslands þurru þorp og sveitir.“ (Vísir 28. janúar 1937)

fjarlægjast hin andlegu viðhorf kristindóms um tilveruna. Vísindin leituðu með sínum eigin aðferðum að Guði og fundu hann ekki. Sömuleiðis að sál mannsins, en handsömuðu hana ekki. Ályktunin sem vísindamenn drógu af þessu, var sú að hvorki Guð né sálin væru til í raun og veru. Skynsemistrúin lagðist eins og mara á kirkjulíf, á síðustu áratugum 19. aldarinnar. Húslestrar voru aflagðir á sumum heimilum fyrir aldamótin 1900, en með tilkomu útvarpsguðþjónustu Ríkisútvarpsins sem tók til starfa árið 1930, hurfu þeir úr íslensku þjóðlífi.

Mormónar

Saga Mormónakirkjunnar á Íslandi hófst árið 1851.¹⁵⁹ Tveir Íslendingar í Kaupmannahöfn, þeir *Guðmundur Guðmundsson* og *Þórarinn Hafliðason* höfðu kynnst trú Mormóna. Þeir hófu trúboðsstarf í Vestmannaeyjum. Starfið mætti mikilli mótspyrnu og voru samkomur haldnar fyrir luktum dyrum á árunum 1853 til 1855. Árið 1854 fluttu nokkrir af meðlimunum til Bandaríkjanna. Fljótlega fylgdu fleiri á eftir og settust að í smábæ sem heitir *Spanish Fork* í Utah. Frá 1854 til aldamóta fluttu um 150 fjölskyldur frá Íslandi til Utah. Starfsemi Mormóna lagðist niður hér á landi árið 1914 og hófst ekki aftur fyrr en árið 1975, þegar *Byron T. Gíslason* og fjölskylda hans fluttist frá *Spanish Fork* til Íslands. Reykjavíkurgrein kirkjunnar var stofnuð 8. ágúst 1976. Söfnuðurinn hlaut löggildingu yfirvalda árið 1984.¹⁶⁰ Öll helgirit mormóna, hafa nú verið þýdd á íslensku. Mormónsbók var gefin út á íslensku árið 1981.

Kirkjustarf í Vesturheimi

Harðindi og erfiðleikar vegna eldgosa á síðustu áratugum 19. aldar leiddu til þess að um 17 þúsund Íslendingar, eða fjórðungur þjóðarinnar flutti til Ameríku (Brasilíu, Bandaríkjanna og Kanada). Í Kanada mynduðust margir hefðbundnir Lúterskir söfnuðir meðal Íslendinga. Einnig mynduðust þar söfnuðir sem lögðu áherslu á nýguðfræði og únitarisma.

Söfnuðir Íslendinga í Vesturheimi studdu einnig trúboð meðal heiðingja. Má þar nefna trúboð í Japan. *Steingrímur Oktavíus Þorláksson* flutti árið 1916 ásamt konu sinni *Karólínu Kristínu* til Japan og hófu þau starf sem kristniboðar á vegum „*American Lutheran Mission*“ og „*Icelandic Synod of America*“. Störfuðu þau hjónin að kristniboði á nokkrum stöðum í landinu fram að síðari heimsstyrjöld, er þau fluttu aftur til Bandaríkjanna.

Kapólska kirkjan á Íslandi eftir siðaskipti

Árið 1857 kom fyrsti kapólski trúboðinn til Íslands eftir siðaskipti. Hann var franskur prestur, *Bernard* að nafni. Ári seinna kom annar franskur prestur, faðir *Baudoin*. Opinberlega, var markmið þessara presta, að þjóna frönskum sjómönnum, sem komu á mörg hundruð skútum á hverju sumri, frá Frakklandi til fiskveiða hér við land. Faðir *Baudoin* starfaði hér í næstum tuttugu ár, en trúboðið bar ekki sýnilegan ávöxt, þar sem þjóðin hafði ekki fengið trúfrelsi. Árið 1859 var jörðin Landakot keypt, en hún var hjáleiga við Reykjavík. Faðir *Baudoin* átti þátt í því að ungur piltur, *Jón Sveinsson* fékk aðstoð til að fara í nám erlendis við kapólskan skóla. Jón Sveinsson gerðist síðar prestur af reglu Jesúíta og varð frægur


¹⁵⁹ Mormónarnir áttu ekki sjö dagana sæla í Vestmannaeyjum. Um það vitnar blaðagrein frá 1853, sem segir frá því að sýslumaður hafi haldið réttarrannsóknir yfir þeim og prestur safnaðarins áminnt þá margsinnis. „Er nú um það rætt, að hafin verði málaferli gegn mormónum í Vestmannaeyjum fyrir að halda samkomur og prédika fyrir fólki ókirkjulegar trúarsetningar, og fyrir að reyna að afvegaleiða fólk,“ segir í greininni. Nokkrir Vestmanneyingar tóku þessa nýju trú þrátt fyrir að yfirvöld reyndu hvað þau gætu til að koma í veg fyrir það. Einn trúskiptinga var vel stæður bóndi sem valinn hafði verið til þátttöku á þjóðfundinum í Reykjavík 1851. Þegar trúskipti hans urðu kunn var þegar fallið frá því að senda hann. Til dæmis um hina harkalegu andstöðu sem mætti mormónunum af hendi yfirvalda er það, að prófastur skipaði prestinum í Vestmannaeyjum að koma í veg fyrir að mormónar kæmst upp á meginlandið til að útbreiða trúna. Var öllum sem vildu sigla til meginlandsins gert að framvísa skilríkjum sem sýndu að viðkomandi væri trúur hinni evangelísku lúthersku kirkju. (Heimild: Morgunblaðið, 1999).

¹⁶⁰ Árið 1992 gaf *Gunnar Þorsteinsson* forstöðumaður Krossins, út bók sem heitir *Frelsa oss frá illu*, þar sem hann varar við kenningum og starfsaðferðum Mormóna og Votta Jehóva.

rithöfundur undir nafninu *Nonni*. Árið 1895 hóf Jón Sveinsson fjársöfnun í Danmörku, Belgíu og Frakklandi til að reisa holdsveikraspítala í Reykjavík.

Árið 1895 voru tveir prestar sendir frá Danmörku til landsins og næsta ár komu systur af reglu St. Jósefssystura. Stuttu eftir komu sínar, hófu systurnar barnafræðslu og var þetta upphafið að kaþólska skólanum á Landakoti. Árið 1897 færðu systurnar út kvíarnar þegar þær stofnuðu sjúkraskýli í Reykjavík og á Fáskrúðsfirði fyrir franska sjómenn, sem á þeim árum sóttu mikið á Íslandsmið. Undir stjórn St. Jósefssystura voru reist sjúkrahús á Landakoti (tekið í notkun 1902) og í Hafnarfirði (1926). Sjúkraskýlið á Fáskrúðsfirði var lagt niður árið 1904, þegar franska ríkið reisti þar sjúkrahús. Einnig var reist sjúkrahús í Stykkishólmi sem tekið var í notkun árið 1935, undir stjórn Fransiskussystura.

Árið 1929 var Landakotskirkja vígð af *Willem van Rossum* kardínála og vígði hann einnig *Martin Meulenberg* sem biskup kaþólskra á Íslandi. Eftir andlát Meulbergs, varð íslenskur maður biskup kaþólskra á Íslandi. Hét hann *Jóhannes Gunnarsson*.



Jóhannes Páll II páfi ræðir við börn við komuna til Íslands

Á þriðja áratug 20. aldar var nokkuð um að menntamenn gengju til liðs við kaþólsku kirkjuna. Kunnastur þeirra var *Halldór Laxness* rithöfundur. Halldór dvaldist um skeið í klaustri í Lúxemborg. Halldór tók þar skír og var kallaður bróðir Kiljan (eftir írskum dýrtingi sem hét Kilian).

Í júnímánuði árið 1989 var *Jóhannes Páll II* fyrsti páfinn sem kom í heimsókn til Íslands. Hann tók þátt

í samkirkjulegri guðspjónustu á Þingvöllum og útimessu við Landakotskirkju.

Vegna lítillar endurnýjunar í reglu St. Jósefssystura hér á landi, þurftu þær að láta af hendi sjúkrahúsin í Reykjavík og Hafnarfirði. Íslenska ríkið keypti Landakotsspítala árið 1976 og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði árið 1987. Árið 2001 lauk starfi Jósefssystura á Íslandi. Ríkissjóður keypti sjúkrahúsið í Stykkishólmi árið 2006. Árið 1989 var stofnuð Íslandsdeild *Caritas*, hjálparamtaka kaþólsku kirkjunnar.

Kaþólska kirkjan á Íslandi skiptist í átta sóknir: Kristssókn (Reykjavík, vesturhluti), sókn St. Frans frá Assísí (Vesturland), sókn St. Jóhannesar postula (Vestfirðir), St. Péturssókn (Norðurland), St. Mariúsókn (austurhluti Reykjavíkur, Kópavogur, Mosfellsbær og Suðurland), St. Jósefssókn (Hafnarfjörður og Garðabær), St. Þorlákssókn (Austurland) og sókn St. Jóhannesar Páls II (Suðurnes).

Klaustur á Íslandi eftir siðaskipti

Með siðbótinni lagðist klausturlífnaður af í landinu og hélst svo allt til ársins 1896 að St. Jósefssystur komu hingað til lands frá Danmörku og settust að á Landakoti í Reykjavík.

Árið 1935 komu Fransiskussystur til Stykkishólms, en þeim hafði verið falin umsjón með rekstri sjúkrahúss í bænum. Í tengslum við sjúkrahúsið var einnig byggt klaustur, kirkja og síðar prentsmiðja. Fransiskussystur fóru af landi brott árið 2009, en Mariúsystur frá Suður-Ameríku (*Sisters of the Servants of the Lord and the Virgin of Matará*) tóku þá við starfsemi klaustursins.

Árið 1939 hófst bygging klausturs fyrir Karmelsystur við Jófríðarstaði í Hafnarfirði. Vegna heimsstyrjaldarinnar var ekki hægt að taka klaustrið í notkun fyrr en árið 1946. Karmelsystur hafa lagt sig fram við að bjóða fyrir Íslandi og íslensku þjóðinni. Eilífðin mun leiða í ljós þær blessanir og náð sem Ísland hefur notið vegna fyrirbæna Karmelsystura.

Undir lok ársins 1996 komu hingað til lands systur af reglu móður Teresu frá Kalkútta.



Kirkja heilags Þorláks á Kollaleiru

Systurnar hafa komið á fót hjálparstarfi sem nefnist *Kærleiksboðberarnir*. Starfið hefur aðsetur að Ingólfsstræti 12, en þar bjóða systurnar upp á morgunmat þeim sem þurfa.

Árið 2001 settust Karmelsystur að á Akureyri. Þar hafa þær m.a. sinnt daggæslu barna. Árið 2006 komu prestar af *Reglu hins Holdgerða Orðs* frá Argentínu til starfa á Jófríðarstöðum í Hafnarfirði, þar sem þeir sinna bænahaldi og prestþjónustu. Á árunum 2004–2009

komu nokkrir Kapúsínamunkar (Hettumunkar) frá Slóvakíu og settust að á bænum Kollaleiru í Reyðarfirði. Kapúsínar eru deild úr reglu Fransiskusbræðra. Frá árinu 2007 hefur þar verið starfrækt klaustur sem heitir Boðun Drottins og kirkja kennd við Þorlák helga. Er þetta fyrsta munkaklaustrið á Íslandi eftir siðaskipti.

Hjálpræðisherinn

Hjálpræðisherinn hóf starfsemi sína á Íslandi í maí árið 1895, þegar hermenn undir forystu adjutant *Christian Eriksen* frá Danmörku, fóru að halda samkomur í Reykjavík. Sama haust, keypti Herinn Hótel Reykjavík við Kirkjustræti og gerði að bækistöðvum sínum. Húsið var fljótlega nefnt Herkastalinn. Árið 1916 var gamli Herkastalinn rifinn og lagður hornsteinn að nýrri byggingu, sem enn stendur. Hjálpræðisherinn hóf snemma starfsemi út um land, t.d. í



Útisamkoma Hjálpræðishersins á Lækjartorgi árið 1903

Hafnarfirði, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Hjálpræðisherinn starfar aðallega á tveimur sviðum. Annars vegar er trúboð, þar sem samkomur oft undir berum himni með hljóðfærslætti og söng hafa lengi þótt aðalsmerki Hersins. Hins vegar er líknarstarf af margvíslegu tagi, t.d. með aðstoð við sjúka og þurfandi, þar sem trúin kemur fram í verki.

Hjálpræðisherinn hefur staðið að rekstri gistiheimila, sem um langt árabil þjónuðu sjómönnum í miklum mæli og voru þau öðrum þræði sjómannaheimili. Gistiheimili var opnað í Reykjavík 1898, á Akureyri 1916, í Hafnarfirði 1920, á Ísafirði 1922, á Seyðisfirði

1923 og tilraunir gerðar árið 1924 á Norðfirði og í Vestmannaeyjum. Gistiheimilin voru einnig samastaður fólks sem var heimilislaust. Var slík þjónusta oft vel þegin af bæjaryfirvöldum sem studdu þessi gistiheimili fjárhagslega.



Landskunnur hermaður Guðs og síðar Bretakonungs, Jón (Kristófer) kadett (t.h. á palli) túlkar ræðu Joachim Myklebust ofursta á Austurvelli árið 1935

Samverjinn, líknarfélag sem sá um matargjafir til fátækra, starfaði nokkur ár frá 1916 á Ísafirði á vegum Hersins. Samskonar skipulagt líknarstarf hófst einnig í Reykjavík árið 1928.

Gisti- og hjúkrunarheimili var rekið af foringjum Hersins í Hafnarfirði. Það var kostað af frjálsum framlögum en mestu munaði þó um framlög sýslu- og bæjarfélagsins. Árið 1928 var heimilið alfarið tekið í notkun sem sjúkrahús og þá breytt í berklahæli, en rekið áfram af Hernum til ársins 1932. Á þessum tíma höfðu St. Jósefssystur reist myndarlegan spítala í Hafnarfirði og olli það þáttaskilum í þjónustu við sjúklinga þar í bæ.

Á vegum Hersins voru starfræktar tvær sjómannastofur á Akureyri frá 1934 fram að stríðsárunum. Einnig var starfrækt vöggustofa í Reykjavík árin 1941 – 1942 og skólaheimili á Seltjarnarnesi árin 1965 – 1967 fyrir stúlkur sem höfðu komist í kast við lögin.



Útisamkoma á Lækjartorgi árið 1985

Innan Hjálpræðishersins er kvennastarf sem kallast heimilasamband. Hin síðari ár, hefur Hjálpræðisherinn aðallega starfað í Reykjavík, á Akureyri og í Reykjanesbæ. Hjálpræðisherinn rekur Vistheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi sem veitir geðfötluðum einstaklingum heimili. Á aðventunni safnar Hjálpræðisherinn fé í svokallaða jólapotta fyrir hjálparstarfið. Herinn veitir mataraðstoð þeim sem eru þurfandi og starfrækir einnig saumavinnustofu

fyrir hælisleitandi konur. Á aðfangadag jóla býður herinn einstæðingum, heimilislausum og hælisleitendum á jólasamkomu og jafnframt að snæða jólamat. Hjálpræðisherinn gefur út blað sem kallast *Herópið* og starfrækir nytjamarkað sem heitir *Hertex*. Hjálpræðisherinn hefur frá öndverðu starfað með Þjóðkirkjunni að ýmsum mállefnum.

Nýjar andlegar stefnur

Hér á landi var aldrei mikið um opinbera guðsafneitun á efnishyggjutímanum, en því meira um kirkjulega deyfð. Skyndilega varð breyting á því undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar. Til landsins bárust þrjár nýjar andlegar stefnur á fáum árum: *Nýguðfræði*, *spíritismi* og *guðspeki*. Stóð nokkur styr um þessar stefnur bæði innan Þjóðkirkjunnar og utan á fyrri hluta 20. aldar

Einn af frumkvöðlum nýju guðfræðinnar var *Þórhallur Bjarnason*, síðar biskup, sem gaf út *Kirkjublaðið* (1891 – 1897). Þórhallur var einnig ritstjóri *Nýja kirkjublaðsins* (1906 – 1916). Með útgáfu þessara blaða, var lagður grunnur að útbreiðslu frjálslyndrar guðfræði meðal almennings. Annar forvígismaður nýju guðfræðinnar, var *Jón Helgason biskup*, sem var afkastamikill rithöfundur. Í nýguðfræðinni var trú á helvíti og eilífa glötun sett til hliðar, en áhersla lögð á að Guð væri fyrst og fremst kærleiksríkur.

Árið 1948 stofnuðu 30 þjóðkirkjuprestar og guðfræðingar *Félag játningartrúrra presta*. Var því ætlað að vera vettvangur fyrir þá presta sem ekki voru sáttir við frjálslyndu guðfræðina.



Haraldur Níelsson

Fyrir sálarrannsóknunum börðust þeir hlið við hlið *Haraldur Níelsson* prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands og *Einar H. Kvaran* rithöfundur. Haraldur hafði slík áhrif í guðfræðideildinni að talsverður hluti íslenskra presta aðhylltist eða var jákvæður gagnvart spíritisma næstu áratugi. Hann hélt því fram að sálarrannsóknir gætu útskýrt margt af því yfirnátúrulega í Biblíunni, sem fólk ætti erfiðast með að skilja. Á árunum 1897 – 1908 þýddi Haraldur Gamla testamentið úr frumtextanum

á íslensku.

Frumkvöðlar guðspekinnar¹⁶¹ hér á landi, voru séra *Jakob Kristinsson* og *Sigurður Kristófer Pétursson*. Guðspekin er blanda dulspeki og indverskra trúarbragða. Meðal annars var því haldið fram að indverskur piltur, Jiddu Krishnamurti væri Jesús Kristur endurholdgaður.

Sigurbjörn Einarsson prófessor var kjörinn biskup árið 1959 og gegndi því embætti í ríflega 22 ár. Sigurbjörn hafði forgöngu um að lyfta Þjóðkirkjunni upp úr átökum nýguðfræði og rétttrúnaðar, með því að opna kirkjuna fyrir áhrifum nýréttrúnaðarins og endurnýja messuformið.

Árið 1934 var gerð sú breyting á postullegu trúarjátningunni í helgisiðabók Þjóðkirkjunnar, að í stað *upprisú holdsins*, kom *upprisa dauðra*, til þess að leggja áherslu á trú á framhaldslíf eftir líkamsdauðann. Að tilhlutan Sigurbjörns biskups, var árið 1981 aftur gerð breyting á helgisiðabók Þjóðkirkjunnar þar sem sett var inn *upprisa mannsins*, til að leggja áherslu á að upprisan fæli ekki aðeins í sér líkamlega upprisu, heldur upprisu mannsins í heild sinni. Sigurbjörn beitti sér fyrir endurreisn Skálholtsstaðar og byggingu Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Bræðrasöfnuðir á Íslandi

Fyrsti trúboði úr bræðrasöfnuði sem sögur fara af hér á landi var danskur og hét *Dines Piper*. Kom hann til landsins árið 1739 (eða 1740) og settist að á Suðurnesjum, en var knúinn til að fara af landi brott eftir nokkur ár, því þjóðin hafði ekki trúfrelsi. Árið 1897 ferðaðist

¹⁶¹ Framgangur skynsemistrúar og nýguðfræði í fjölmönnum kirkjudeildum mótmælenda, myndaði frjóan jarðveg fyrir stefnur, sem töldu sig geta veitt leitandi fólki svör við ýmsum spurningum varðandi hina andlegu tilveru. Þessar stefnur áttu það sameiginlegt að telja fólki trú um að það hefði ekki þörf fyrir að gera iðrun og taka við frelsisverki Jesú Krists. Spíritistar voru m.a. undir áhrifum frá kenningum *Emanuel Swedenborg*. Spíritistar héldu því fram að miðlar gætu haft samband við andaverur til að leysa ýmis vandamál í þessum heimi. Andi mannsins væri ódauðlegur, en þyrfti að endurholdgast mörgum sinnum til að ná nauðsynlegum þroska. Með góðum verkum og auknum andlegum þroska bæði í þessum heimi og hinum andlega gætu menn komist til betri bústaða á hinum ýmsu plánetum í alheiminum. Þjóðtrú Íslendinga (t.d. trú á afturgöngur, álfa og tröll) sem lifað hafði með þjóðinni frá upphafi var farin að dala vegna áhrifa frá menntun og skynsemistrú. Rannsóknir spíritista á yfirnátúrulegum fyrirbærum hér á landi voru því einskonar 20. aldar áframhald á þjóðtrúnni.

enskur maður *Alexander Marshall* að nafni, til Íslands. Hann fór með skipi umhverfis landið og dreifði kristilegum smáritum. Þegar Marshall kom aftur til Bretlands, skrifaði hann frásögn í tímarit og sagði þar að Ísland væri trúboðsaker hvítur til uppskeru.

Maður nokkur á Englandi *Frederick H. Jones*, las þessa frásögn. Það varð síðan úr að hann fór til Íslands árið eftir og settist fyrst að á Húsavík, en fluttist síðan til Akureyrar. Hann keypti lóð á Akureyri og reisti þar hús og samkomusal. Jones hafði starfað í Bræðrasöfnuði (Plymouth-bræður) á Englandi. Jones sendi út til Englands, ýmsar lýsingar og upplýsingar um Ísland og Íslendinga.



Skírn á Akureyri 30. júní 1908

Einn af þeim sem las skrif Jones, hét *Arthur Charles Gook*. Árið 1902 kallaði Guð hann, að fara til Íslands og þjóna sér þar.


Gook gaf út bók sem hét „*Can a Young Man Trust His Bible?*“ Þessi bók átti eftir að verða útbreidd víða um heim og var hún þýdd á nokkur tungumál.

Þegar Gook kom til Íslands árið 1905, var Jones farinn af landi brott. Gook byrjaði á því að læra íslensku og halda samkomur á Akureyri. Síðar ferðaðist hann víða um landið á hestbaki, hélt samkomur og talaði við fólk. Gook starfaði einnig töluvert sem smáskammtalæknir (hómópati).

Árið 1912 hóf Gook að gefa út kristilegt mánaðarrit, sem hlaut nafnið *Norðurljósið*. *Norðurljósið* hlaut góðar viðtökur og náði brátt nokkrum vinsældum meðal almennings.

Þótt safnaðarstarf hafi hafist mun fyrr, var núverandi söfnuður á Sjónarhæð, stofnaður 9. september árið 1917. Árið 1926 var söfnuðurinn skráður opinberlega sem trúfélag og var Gook forstöðumaður.

Gook var mjög ákveðinn andstæðingur guðspeki og spíritisma og fór ekki með veggjum. Gook deildi á hvort tveggja bæði í ræðu og riti. Gook gaf út bækling sem heitir: „*Getur guðspeki samrýmt kristindóminum?*“



Arthur Charles Gook

Gook átti í ritdeilu við sr. Matthías Jochumsson skáld um spíritisma. Einnig taldi hann að biblíuþýðing Haraldar Nielssonar og kennara prestaskólans væri gölluð vegna áhrifa af nýguðfræði og spíritisma.¹⁶²



Útvarpsmöstrin gnæfa sitt hvoru megin við gil er nefnist Barðsgil
Myndin tekin 1928

Á árunum 1929–1932 hafði vakning gengið yfir Fljót í Skagafirði vegna trúboðs Arthur Gook o.fl. Talsverður fjöldi fólks í sveitinni vaknaði til lifandi trúar, þar á meðal *Ásmundur Eiríksson*, sem síðar varð forstöðumaður

¹⁶² Meðal þeirra ríflega 1500 er fórust þegar *Titanic* hvarf í hafið þann 15. apríl 1912, var breski spíritistinn og blaðamaðurinn William Thomas Stead. Fljótlega eftir dauða Stead birtust frásagnir af því að hann hefði opinberast miðlum og var séra Matthías Jochumsson, sem þá var búsettur á Akureyri, fljótur að fagna fréttunum. Arthur Gook trúboði var á hinn bóginn vantrúaður og kallaði þetta svik og svindl og reyndi að benda Akureyringum á villuna í allri andatrú. Matthías tók þetta óstinnt upp. Ekki væri allt sem sýndist og margt mætti finna í sjálfri Biblíunni sem ekki stæði í valdi manna að skilja eða sanna án þess að það rýrði neitt sannleiksgildi hennar. „Gæti Gook til dæmis sannað að asna Bíleams hefði talað hebresku?“ Gook svaraði: „Ég hef enga ástæðu til að ætla að asna Bíleams gæti ekki talað hebresku fyrst ég hef heyrt um asna sem getur talað íslensku og kann ofurlítið í öðrum tungumálum. Og því skyldu ekki asnar tala eins og menn fyrst menn tala stundum eins og asnar?“

hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu í Reykjavík. Í Fljótunum starfaði söfnuður um tíma, sem hét Narsissa.

Árið 1925 kom upp sú hugmynd meðal trússystkina í Englandi, að styrkja Gook til að koma upp kristilegri útvarpsstöð hér á landi. Þá var ekkert ríkisútvarp komið til sögunnar. Stöðin var afar dýr og kostaði meira en upphaflega var gert ráð fyrir. Að lokum þegar búið var að safna nægilegu fé og koma stöðinni upp var farið að senda út á langbylgju árið 1927. Vegna skorts á rafmagni, þurfti að kaupa sérstaka rafstöð frá Englandi fyrir útvarpsstöðina. Styrkur útvarpsstöðvarinnar var 4,5 kW og tækjabúnaðurinn vó meira en tvö tonn. Lesnar voru fréttir og flutt tónlist af hljómplötum ásamt predikunum og vitnisburðum. Einnig var beint útvarp frá samkomum safnaðarins. Sendingar stöðvarinnar náðust víða um heim, t.d. í Kanada og Ástralíu. Um svipað leyti var íslenska ríkið farið að undir-búa útvarpsstöð. Stjórnarskipti höfðu orðið og sú stjórn sem fór með völd, tók aftur útvarpsleyfi það, sem veitt hafði verið. Fékkst það aldrei aftur og varð útvarpsstöðin, sem gefin hafði verið Íslendingum, ónýt með öllu.

Gook gaf út bók árið 1906, sem hét *Kristur, Biblían og vantrúin* eftir Dr. R.A. Torrey. Þessi bók var prentuð í 5.000 eintökum og var dreift um allt land. Margir keyptu hana og lásu. Talsverður fjöldi hafði samband við Gook og sögðu frá því að þeir hefðu snúið sér til Krists, þegar þeir lásu þessa bók. Gook gaf einnig út ævisögu George Müller árið 1955.

Árið 1955 hætti Gook sem forstöðumaður safnaðarins og flutti til Englands af heilsufarsástæðum. Jóhann Steinsson tók þá við starfi hans. Í Englandi þýddi Gook Passíusálmana á ensku áður en hann andaðist árið 1959.

Árið 1946, hóf söfnuðurinn rekstur sumarbúða fyrir drengi austur við Ástjörn í Kelduhverfi. Bogi Pétursson veitti sumarbúðunum forstöðu um langt árabil.

Árið 1909 kom trúboðinn og læknirinn James Love Nisbet, sem einnig tilheyrði Plymouth-bræðrum ásamt systur sinni Deboru til Ísafjarðar. Nisbet stofnaði söfnuðinn *Kristnir bræður* á



James Nisbet skírir konu á Ísafirði í maí árið 1910

Ísafirði árið 1911 og í júní 1914 skírði hann 13 manns niðurdýfingarskírni. Á árunum 1912–13 lét hann reisa safnaðarhúsið Hebron. Nisbet var kallaður til að gegna herþjónustu í fyrri heimsstyrjöld haustið 1917 og hvarf þá af landi brott. Eftir stríðið kom Nisbet aftur til Íslands og settist að í Hafnarfirði. Nisbet starfaði þar til ársins 1921, er hann flutti alfarinn frá landinu.

Árið 1938 hóf Jón Betúelsson skósmiður og trúboði safnaðarstarf á Bræðraborgarstíg 34 í Reykjavík og veitti því forstöðu í ríflega 20 ár. Jón andaðist árið 1966 en starfið á Bræðraborgarstíg 34 hélt áfram til ársins 1972. Á

árunum 1975 – 1996 var safnaðarstarf á Grettisgötu 62 undir nafninu *Elím*. Á síðari hluta áttunda áratugar síðustu aldar stóð Elím fyrir útsendingum á kristilegu útvarpsefni á íslensku með hjálp útvarpssendis á stuttbylgju (síðar á langbylgju) í Monte Carlo. Útvarpsþættirnir sem voru 15 mínútna langir, hétu *Orð krossins*. Í Kópavogi starfar samfélag sem heitir Akurinn.

Ólafía Jóhannsdóttir

Ólafía Jóhannsdóttir var fædd að Mosfelli í Mosfellssveit 22. október 1863, dóttir Jóhanns prests Benediktssonar og Ragnheiðar Sveinsdóttur, systur Benedikts alþingismanns og sýslumanns, föður Einars skálds. Hún ólst aðallega upp hjá móðursystur sinni Þorbjörgu Sveinsdóttur ljósmóður. Þorbjörg var þjóðkunn baráttukona fyrir réttindum kvenna. Ólafía stundaði nám við Kvennaskólann og lauk 4. bekkjar prófi frá Lærða skólanum (utanskóla, þar sem hún var kona). Eftir einn vetur við kennslu fór Ólafía til Danmerkur árið 1892, til náms á lýðskóla í Askov og í misserisdvöl við búskaparnám á dönskum bóndabæ. Var hún um það leyti með áform um að stofna menntaskóla fyrir konur á Íslandi. Þaðan fór hún til Noregs og var þar í nokkra mánuði árið 1894. Í Noregi kynntist Ólafía starfi Hvítabandsins (*White Ribbon* sem hét í upphafi *Woman's Christian Temperance Union*) og hélt fyrirlestra í Osló, m.a. um nauðsyn háskóla á Íslandi. Kynni hennar af hinum trúuðu leiðtogum Hvítabandsins í Osló, urðu til þess að Ólafía gerði sér grein fyrir því að hún ætti ekki lifandi trú á Frelsarann. Í júní sama ár, í lestinni frá Osló til Kaupmannahafnar, kraup hún niður í tómunum

járnbrautarvagni og bað Guð um að fyrirgefa sér syndir sínar og endurnýja trú sína á Jesú Krist, sem hún hafði átt sem barn. Eftir þessa bæn varð hún „himinglöð“, hún hafði eignast trúna að nýju. Ólafía gerðist umboðsmaður lífsábyrgðarfélagsins Star á Íslandi og í Færeyjum og nýtti sér vinnuferðir til að kynna hugsjónir sínar. Hún tók þátt í stofnun Hins íslenska kvenfélags og var formaður Hvítabandsdeildar þess frá stofnun árið 1895. Ólafía vann mikið í Góðtemplarareglunni og fór einnig á vegum Hvítabandsins til Bandaríkjanna og Kanada á árunum 1897–8. Haustið 1897 var Ólafía á tveimur samkomum í borginni Harrisburg í Pennsylvaníufylki, með hinum þekktu predikara D. L. Moody, sem hafði mikil áhrif á hana. Ólafía skrifar: „Aldrei á ævi minni hef ég séð nokkurn mann jafn gagntekinn sem hann af kærleika Guðs til syndugra manna.“ Moody spurði Ólafíu hvort hún ætlaði að kunngera íslensku þjóðinni nafn Jesú Krists, þegar hún kæmi heim.

Ólafía ritstýrði (ásamt Jarþrúði Ólafsdóttur) tímaritinu Framsókn á árunum 1899–1901, barnablaðinu Æskunni árið 1899 og Ársriti hins íslenska kvenfélags árin 1895–1897 og 1899.



Ólafía var afburða ræðumanneskja sem barðist fyrir hugsjónum á sviði menntunar, kvenfrelsis og bindindis ásamt líknarþjónustu meðal umkomulausra með fórnfýsi og eljusemi. Á heimsþingi Hvítabandsins í Edinborg árið 1900 var hún ráðin til starfa fyrir samtökin í Bretlandi um sumarið. Frá Bretlandi fór hún til Noregs og stóð fyrir samkomum þar í landi. Heimkomin árið 1901 heimsótti hún sjúka, vann að aðhlynningu drykkjumanna og flutti erindi.

Eftir lát Þorbjargar árið 1903, seldi hún eigur sínar og hélt til Noregs, kölluð af Hvítabandinu. Í endurminningum sínum, segir hún frá trúarreynslu í Noregi haustið 1903, þegar hún endurfæddist mitt í erfiðum sjúkleika. Hún segir: „Þá var eins og hvíslað væri í sál minni: *Blóð Jesú, sonar hans, hreinsar oss af allri synd*‘.“ Hún losaði sig við allt þrjál og viðhafnarklæði. Hún gerði sér grein fyrir því að allt, sem hún ætti, yrði henni því aðeins til gleði, að aðrir gætu notið þess með henni. Hún sá að syndari, er ekki aðeins sá sem fremur hið illa, heldur einnig sá sem lætur hið góða ógert — „*hver sem því hefur vit á gott að gjöra, en gjörir það ekki, hann drýgir synd*.“ Hún þyrfti að höndla sína köllun með því að leggja niður sitt eigið líf (eigin áform og hugmyndir), ganga með Jesú Kristi og gera Hans vilja. Ólafía þurfti að bíða í fimm ár eftir að köllun hennar kæmi í ljós.

Árið 1909¹⁶³ kom Ólafía á fót hjálparstarfi í fátækustu hverfum Osló (*Vaterland* og *Grønland*) sem fékk nafnið „*Boðun vonarinnar*“ (*Haabets Mission*). Vann hún líknarstörf og hjálpaði vegalausum, drykkjufólki og vændiskonum. Ólafía varð forstöðukona nýs kvennahælis Hvítabandsins í Osló árið 1912. „Ef ég get bjargað einni einustu mannsál, vinn ég ekki til einskis,“ sagði hún. Ólafía var ávallt klædd í íslensk peysuföt með skotthúfu. Það átti þátt í því að skjólstæðingar hennar kölluðu hana „*søster Island*“. Ólafía gerðist baptisti árið 1913 og tók niðurdýfingarskírni. Hún veiktist árið 1915 og lét af forstöðunni, en vann áfram ötullega. Lánleysingar og syndarar voru í hennar augum jafningjar sem hún bauð inn til sín daglega. Bók hennar „*De ulykkeligste*“ (1916) snerti við samvisku þjóðarinnar og örvaði fjársöfnun til nýs kvennahælis. Þá hélt hún erindi víða í Noregi. Heim til Íslands kom hún árið 1920 og hélt samkomur, einkum í KFUM. Þótti henni hinu andlega ástandi þjóðarinnar hafa hrakað stórlega. „Hér er hræðilegt andlegt myrkur, andatrú og guðspeki,

¹⁶³ Í skjölum Hvítabandsins í Osló má finna eftirfarandi: „Fyrstu tildrögin að stofnun Hvítabands-hælisins voru þau, að nokkrar félagskonur tóku árið 1904 að vitja sjúklinga að staðaldri í Ullevaal- og ríkissjúkrahúsinu, og þá sérstaklega þeirra stúlkna, er höfðu kynsjúkdóm. Þær gáfu sjúklingum kristileg rit og stofnuðu gott bókasafn við Ullevaal sjúkrahúsið. Þegar árin liðu varð þeim ljóst, að full þörf var á, að einhver gæti alveg helgað sig þessu starfi og stutt stúlkurnar, sem komust aftur til heilsu. Báðum við „herra uppskerunnar“ að senda okkur „verkakonu“, er væri fær um það. Um júlín 1908 kom til okkar íslenska konan Ólafía Jóhannsdóttir. Hún kvaðst vera farin að ná sér aftur eftir langvinnt heilsuleysi, svo hún gæti farið að gera eitthvað til gagns, ef hún hefði hugmynd um, hvað Guð ætlaði sér sérstaklega að starfa. Þá sáum við, að Guð hafði sent okkur hana og skýrðum henni frá þörf okkar og bænum. Hún leit á þetta sem köllun Guðs. Hún fluttist til borgarinnar og hóf starf sitt 3. febrúar 1909. Við hefðum ekki getað fengið neina konu betur fallna til þessa starfs. Henni var svo vel lagið að skilja fólk, uppgötva góðu kostina og vekja vonir vonarsnauðra.“

ásamt almennri afneitun og vantrú. En svo er Guði fyrir að þakka, að hann á nokkra af sínum einnig hér.“

Þegar leið á ævina, vildi Ólafía ekki halda á lofti baráttu sinni fyrir kvenfrelsi. Hún hafði eignast þá biblíulegu opinberun, að giftar konur ættu að undirgefast eiginmanni sínum og sinna fjölskyldu sinni af trúfesti.

Á sextugsafmælinu arfleiddi hún fátæka og Hvítabandið að fjármunum sínum. Í janúar 1924 fór hún heilsutæp frá Íslandi á *Lovisenbergspítala* og þaðan á *Menighetssøsterhjemmet* í Osló, þar sem hún andaðist 21. júní sama ár. Jarðneskar leifar Ólafíu voru fluttar til Íslands og hún jarðsett með viðhöfn við hlið Þorbjargar frænku hennar. Brjóstmynd af Ólafíu var reist nálægt Vaterland brúnni í Osló árið 1930. Einnig er brjóstmynd af henni í Háskóla Íslands. Starf hennar varð landsþekkt í Noregi og er því stundum líkt við starf móður Teresu í Kalkútta síðar á öldinni. Göngudeild vegna kynsjúkdóma við háskólasjúkrahúsið í Osló, heitir eftir Ólafíu (*Olafiaklinikken*). Árið 1990 var gata í Vaterland hverfinu skírd eftir Ólafíu, *Olafíagangen*.



Brjóstmynd af Ólafíu
í Vaterland garði

Frá því er sagt að þegar skjólstæðingar Ólafíu, kvenfangar í landsfangelsinu í Osló, fregnuðu lát hennar og að hún yrði ekki jarðsett í Noregi, hafi nokkrar þeirra tekið sig til og grafið með berum höndum lítið blómabeð í einu horni fangelsisgarðsins til minningar um hana.

Þess má geta að íslenskir félagsráðgjafar líta á Ólafíu sem frumkvöðul í greininni, vegna bókar hennar *Aumastar allra*. Rit eftir Ólafíu eru; *Daglegt ljós* (1908,1952,1992), „*De ulykkeligste*“ (1916 og 1921) á norsku, einnig á ensku (að hluta) „*The Waiting Shadow*“ (1936) og íslensku *Aumastar allra* (1923). Æviminningar *Frá myrkri til ljóss* (1925). *Sigurbjörn Á. Gíslason* lét gefa út minningarrit um Ólafíu árið 1927, sem heitir: „*Í skóla trúarinnar*.“ Árið 1930 var gefin út á norsku ævisaga Ólafíu, eftir Miriam Devold, sem heitir: „*De ulykkelige venn*.“ Árið 1957 voru bækurnar „*Frá myrkri til ljóss*“ og „*Aumastar allra*“ gefnar út á Íslandi. Formála að æviminningunum ritaði Bjarni Benediktsson

síðar forsætisráðherra. Ævisagan, *Ólafía*, eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur var gefin út árið 2006.

Aðventistar

Svíinn *David Östlund* kom til Íslands árið 1897, í trúboðsferð. Vegna boðunar Östlund festi söfnuður Sjöunda-dags aðventista rætur á Íslandi. Östlund hóf útgáfu á blaði sem hét *Frækorn*. Blaðið var vinsælt og náði fljótlega mikilli útbreiðslu. Östlund kom á fót barnaskóla í Reykjavík árið 1905. Deilur innan safnaðarins leiddu til þess að á árunum 1911 til 1914 störfuðu tveir söfnuðir aðventista í Reykjavík. *Olav Johan Olsen* kom til landsins árið 1911 og tók við af Östlund. Olsen ferðaðist víða um landið og voru stofnaðir söfnuðir í Keflavík, Bolungarvík, Vestmannaeyjum, Siglufirði, Akureyri og Fáskrúðsfirði auk safnaðarins í Reykjavík. Árið 1936 byrjaði Olsen að safna fé fyrir unglingaskóla og árið 1947 var jörðin Vindheimar í Ölfusi keypt. Þar var síðan reistur skóli sem nefndist Hlíðardalsskóli. Skólustarf í Hlíðardalsskóla lagðist af, eftir að söfnuðurinn hóf að starfrækja Suðurhlíðarskólann í Reykjavík, sem er ætlaður fyrir allt grunnskólastigið. Í Vestmannaeyjum var starfræktur barnaskóli á árunum 1928–1978.

Aðventistar reka bókaforlag sem heitir *Frækornið* og *Líknarfélagið Alfa*.

Nú eru starfandi söfnuðir í Reykjavík, á Akureyri, í Hafnarfirði, á Suðurnesjum, á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Í apríl árið 1998 stofnaði *Dr. Steinhórför Þórðarson* o.fl. nýtt samfélag, sem kallast Boðunarkirkjan.

Hvítasunnuhreyfingin á Íslandi

Vestur-Íslendingurinn *Guðmundur Páll Jónsson*, sem gerst hafði hvítasunnuprédikari, kom hingað til lands árið 1918 og hóf fyrstur hvítasunnnumanna starf í Reykjavík, en hafði ekki erindi sem erfiði. Það var ekki fyrr en norski trúboðinn *Erik Ásbö* var sendur ásamt konu sinni Signe til landsins árið 1920, að hvítasunnvakningin náði að skjóta rótum meðal landsmanna. Ásbö hafði áður fengið sýn um hvar hann ætti að hefja starf sitt, en á ferð sinni hringinn í kringum landið fann hann staðinn hvergi. Eftir árangurslítið boðunarstarf með Páli Jónssyni í Reykjavík ákvað Ásbö sumarið 1921 að halda heim á leið, en með viðkomu í Vestmannaeyjum. Er skemmst frá því að segja, að þar fann hann loks þann stað, sem hann hafði séð í sýninni og var honum útvegað húsaskjól af Gísla Johnsen konsúl, einum valdamesta manni Vestmannaeyja, sem hafði tekið á móti honum fyrir misskilning. Gísl hafði ætlað að sækja norskan fuglaskoðara niður á bryggju, sem átti að gista hjá honum, en villtist á honum og Ásbö. Hann vildi þó ekki vísa Ásbö burt, þar sem hann var kominn heim til hans nema að koma honum fyrir annars staðar, sem hann og gerði. Auk þess hjálpaði hann Ásbö í leiðinni að finna stað fyrir samkomur. Ásbö hjónin höfðu nokkru áður kynnst *Sveinbjörgu Jóhannsdóttur*, sem frelsast hafði á samkomu hjá Hjálpræðishernum á Akureyri og kynnst hvítasunnvakningunni úti í Kanada (*Sveinbjörg* var systir Ólafíu Jóhannsdóttur sem áður er getið). *Sveinbjörg* gerðist túlkur þeirra hjóna. Ásbö hjónin ásamt *Sveinbjörgu* héldu samkomur um sumarið. Voru það einkum eiginkonur verkamanna og sjómanna í bænum sem tóku við boðskapnum. Þegar andstaða við trúboð Ásbö hófst og reynt var að hrekja þau hjónin burt úr byggðinni, fóru *Sveinbjörg* og *Signe* að ganga milli húsmæðra í bænum, tala við þær og hafa biblíulestra í heimahúsum. Íbúar Vestmannaeyja voru tortryggir gagnvart svokölluðum sértrúarsöfnuðum, eftir deilur í tengslum við trúboð Mormóna og brottflutning 200 eyjamanna til Utah í Bandaríkjunum.

Fyrsti söfnuður hvítasunnnumanna, Betelsöfnuðurinn í Vestmannaeyjum, var stofnaður 19. febrúar 1926, eftir að reist hafði verið safnaðarhús, með tilstyrk Svía, en við það tækifæri tóku 19 manns niðurdýfingarskírni og tveir til viðbótar skömmu síðar. Einn hafði tekið skírni í Danmörku.



Einar J. Gíslason

Árið 1936 kom Norðmaðurinn *Thomas B. Barratt*, sem áður er getið til landsins, en hann hefur verið kallaður faðir hvítasunnuhreyfingarinnar í Evrópu. Barratt átti þátt í stofnun fjölda safnaða hvítasunnnumanna víðsvegar um Evrópu og reyndar einnig um allan heim. Í maímánuði þetta ár, stofnaði Barratt söfnuð í Reykjavík og einnig á Akureyri sem báðir báru nafnið Fíladelfía. Árið 1948 varð Ásmundur Eiríksson forstöðumaður í Reykjavík og *Einar J. Gíslason* í Vestmannaeyjum. Áður höfðu sænskir trúboðar gengt þessum störfum, t.d. *Eric Ericson*, sem var fyrsti forstöðumaðurinn í Reykjavík. Árið 1970 varð *Einar J. Gíslason* forstöðumaður safnaðarins í Reykjavík.

Fíladelfíukórinn (síðar *Gospelkór Fíladelfíu*) hefur hljóðritað og gefið út mikið af kristilegri tónlist ásamt því að halda tónleika. Kórinn heldur árlega jólatónleika til styrktar bágstöddum. *Fíladelfía forlag* hefur gefið út allmargar bækur. Tímaritið *Afturelding* kom út á árunum 1934 – 1991. *Barnablaðið* kom út á árunum 1938–1996.

Árið 1950 var byrjað að halda síðsumarmót (Kotmót) yfir verslunarmannahelgina í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð.

Hvítasunnnumenn hafa tekið þátt í hjálparstarfi fyrir vímuefnasjúklinga, sem heitir Samhjálp. Hvítasunnukirkjur eru starfandi á eftirtöldum stöðum: Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Keflavík, Selfossi, Kirkjulækjarkoti, Vopnafirði, Stykkishólmi,



Eric Ericson skírir konu í sundlauginni í Varmahlíð í Skagafirði

Höfn í Hornafirði og Akranesi. Hvítasunnusöfnuðir hafa starfað um lengri eða skemmri tíma t.d. á Húsavík, í Hrísey, á Ólafsfirði, á Sauðárkróki, Siglufirði og Skagaströnd.

Kristniboð í útlöndum

Séra Egill Þórhallsson er fyrsti íslenski trúboðinn sem starfaði erlendri grund. Hann stundaði nám í guðfræði í Kaupmannahöfn á árunum 1759–1765. Hann var einnig við nám í Grænlenka trúboðsskólanum í Kaupmannahöfn (1763–1765). Egill var vígður sem prestur og trúboði á Grænlandi 11. apríl 1765 af Lúðvík Harboe Sjálandsbiskupi. Egill starfaði á vegum danska Trúboðsráðsins sem trúboði og prestur á Suður-Grænlandi í áratug (1765–1775). Egill sinnti einnig rannsóknum á náttúrufari Grænlands og skrifaði kennslubækur á grænlensku.

Íslendingar vöknðu seint til skilnings á gildi kristniboðsins. Það er ekki fyrr en á 20. öldinni, að íslendingar senda kristniboða út til heiðinna þjóða.¹⁶⁴ Nokkur félög hafa verið stofnuð hér á landi í tengslum við Þjóðkirkjuna til þess að vinna að kristniboði. Þau félög mynda *Samband íslenskra kristniboðsfélaga* (*Kristniboðssambandið*), sem var stofnað árið 1929. Stærstu félögin eru Kristniboðsfélag karla, Kristniboðsfélag kvenna og Salt – kristið samfélag sem öll starfa í Reykjavík.

Kristniboðssambandið studdi í fyrstu kristniboðsstarf Ólafs Ólafssonar er hóf starf í Kína



Ólafur Ólafsson kristniboði (til hægri í kínverskum búningi) úthlutar mat til þurfandi þegar hungursneyð var á stóru svæði í Kína eftir mikil flóð árið 1931

árið 1921 og síðar Jóhanns Hannessonar, en báðir dvöldu árum saman í Kína ásamt fjölskyldum sínum. Árið 1953 hófst kristniboð í Afríku þegar kristniboðarnir *Felix Ólafsson* og *Kristín Guðleifsdóttir* fóru til Eþíópíu. Þar var reist kristniboðsstöð í Konsó héraði í suðurhluta landsins og síðar í Voitolalnum nokkru vestar. Einnig hafa íslenskir kristniboðar starfað allra syðst í landinu á stað sem heitir Ómó Rate. Frá árinu 1978 hafa íslenskir kristniboðar starfað í Pókothéraði í Vestur-Kenýa, í samstarfi við Norðmenn og kirkju heimamanna. Þar var reist kristniboðsstöð í Cheparería og hefur starfið breiðst út um héraðið. Árið 2010 hófst einnig kristniboð í Japan.

Kristniboðssambandið styrkir einnig útvarps- og sjónvarpsútsendingar á kristilegu efni erlendis.

Kristniboðssambandið gefur út *Kristniboðsfréttir* fjórum sinnum á ári. Sambandið rekur einnig nytjamarkað í Reykjavík sem heitir *Basarinn*. Kristniboðssambandið og Salt ehf. gefa út tímarit um kristna trú sem heitir *Bjarmi*.

Árið 1934 hófu hvítasunnnumenn á Íslandi að styrkja kristniboð í Swaziland, fyrst á vegum norsks trúboða, sem hét *Gunda Solheim Liland* og síðar mikla útgáfu og dreifingu á biblíum, smáritum og kristilegum bókum á vegum *Páls Lútherssonar* trúboða, þar til hann andaðist árið 1981. Einnig tók hreyfingin þátt í trúboði á árunum 1961–1965 í bænum Narsaq á Grænlandi sem *Þórarinn Magnússon* hafði umsjón með.

¹⁶⁴ Árið 1902 fluttu hjónin dr. *Charles Arthur Hayes* og kona hans dr. *Steinunn Jóhannesdóttir* (*Alice J.*) *Hayes* frá Bandaríkjunum til Kína, til þess að stunda þar hjálpar- og kristniboðsstarf á vegum „*American Southern-Baptist Mission*“. Þau hjónin höfðu bæði læknismenntun. Steinunn var einnig guðfræðingur og hafði starfað sem aðstoðarprestur meðal baptista. Eftir nám í kínversku á eyjunni *Macao*, hófu þau starf í borginni *Ying Tak* (*Yingde*) í Kína. Síðar fluttu þau starfið til borgarinnar *Kanton*. Charles var í mörg ár yfirlæknir á stóru sjúkrahúsi í borginni. Árið 1938 hertóku Japanir Suður-Kína. Ári síðar voru þau tekin til fanga, en voru leyst úr haldi fyrir milligöngu Bandaríkjanna í fangaskiptum árið 1942. Árið 1947 fór Steinunn til Kína, til að vera viðstödd afhjúpun minnisvarða í Kanton um eiginmann hennar, sem lést árið 1946.

Aðalsteinn M. Loftsson tók skírni baptista í Vesturheimi og fór sem kristniboði á vegum Alþjóðatrúboðssambandsins til Kína árið 1921. Aðalsteinn fluttist síðar til Filippseyja.

Um líkt leyti og Aðalsteinn var að leggja af stað til Kína, var *Margrét Sveinsson* í New York að undirbúa kristniboð á Indlandi. Starfaði hún m.a. við kristniboð í borginni Benares.

Heimatrúboð

Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason guðfræðingur, kynntist starfi danska heimatrúboðsins (*indre mission*) í Danmörku. Heimatrúboðið sendi Sigurbjörn til Íslands haustið 1901 og starfaði hann hér á þeirra vegum til ársins 1927. Trúboðsstarfsemi Sigurbjarnar var aðallega fólgin í samkomuhaldi ásamt útgáfu og dreifingu á kristilegum ritum. Sigurbjörn vann einnig að bindindis- og þjóðþrifamálum eins og stofnun Elliheimilisins Grundar.

Vestur-Íslendingurinn *Samuel O. Johnson* kom sem trúboði til Reykjavíkur árið 1902. Samuel mun hafa starfað innan helgunarhreyfingar *Horneríta* í Kanada (*Holiness Movement Church*).¹⁶⁵ Hafði hann samkomur og biblíulestra. Samuel lét byggja samkomuhúsið Sílóam við Grundarstíg og var það vígt árið 1907, (David Östlund trúboði aðventista notaði húsið einnig til samkomuhalds um tíma). Á árunum 1904–1907 gaf Samuel út mánaðarrit sem hét *Trú*.

Í nóvember árið 1928 stofnaði *Ármann Eyjólfsson* o.fl. heimatrúboðsfélag í Reykjavík. Félagið starfaði á játningagrunni Þjóðkirkjunnar. Ármann hafði áður starfað í KFUM, en hann hafði kynnst kristilegri starfsemi meðal leikmanna í Danmörku.

Félagið hóf árið 1931 að gefa út blað, sem hét *Kristilegt vikublað*. Ritstjóri þess var *Sigurður Guðmundsson*. (Sigurður hóf einnig á eigin vegum útgáfu tímarits árið 1953 sem hét *Rödd í óbyggð*.) Árið 1952 tók *Sigurður Vigfússon* við sem ritstjóri blaðsins og sá um útgáfuna þar til blaðið hætti að koma út árið 1979. Félagið hélt almennar samkomur og starfrækti sunnudagaskóla í Síon á Óðinsgötu 6A í Reykjavík. Árið 1934 var einnig byrjað að halda samkomur í Hafnarfirði. Félagið starfaði fram á miðjan níunda áratug 20. aldar.

Farandrúboðar sem hafa starfað á Íslandi um lengri eða skemmri tíma eftir að þjóðin fékk trúfrelsi eru fleiri en svo, að gerlegt sé að nálgast upplýsingar um þá alla. Á fyrri hluta 20. aldarinnar störfuðu hér á landi trúboðarnir *Runólfur Jónsson* á Sauðárkróki, *Pétur Sigurðsson* og *Lárus Jóhannsson* trúboði meþódista, svo nokkrir séu nefndir.




Sigurður Sveinbjörnsson (1875–1967) predikar á Lækjartorgi í Reykjavík.

Á árunum 1939 - 1960 höfðu bræðurnir Bjarni og Þórður Jóhannessynir samkomur á Lækjartorgi á sunnudögum.



Á þessari mynd er Sigurður Sveinbjörnsson á bryggjunni á Þingeyri og predikar yfir farþegum á strandferðaskipinu Heklu.

¹⁶⁵ *Ralph Cecil Horner* starfaði sem prestur og trúboði hjá meþódistum í Kanada. Árið 1895 stofnaði hann *The Holiness Movement Church* (HMC) í Ottawa. Horner var í hópi þeirra sem héldu fram kenningunni um „þriðja náðarverkið“ (*third work of grace*), sem kæmi á eftir frelsun og helgun. Þriðja náðarverkið væri skírn í eldi heilags anda.



Sigurður Jónsson hélt boðuninni á Lækjartorgi áfram eftir að nafni hans Sveinbjörnsson hætti. Trúboð af kassa á Lækjartorgi stóð óslitið í fjórutíu ár, frá 1930 til 1970.


Kristilegt sjómannastarf

Séra Oddur V Gíslason telst frumkvöðull að kristilegu sjómannastarfi á Íslandi. Oddur var prestur að Stað í Grindavík á árunum 1878–1894. Lét hann gefa út smárit sem hét *Hjálpræðisorð*. Árið 1892 hóf hann útgáfu á kristilegu blaði fyrir sjómenn er hét *Sæbjörg*.

Kaþólska kirkjan kom á fót sjúkraskýli fyrir franska sjómenn í Reykjavík og einnig á Fáskrúðsfirði árið 1897 eins og áður er getið.

Síðan hafa fjölmargir aðilar sinnt sjómannatrúboði víðsvegar um landið um lengri eða skemmri tíma m.a. með því að halda samkomur fyrir sjómenn og dreifa Biblíum, Nýja testamentum og kristilegum smáritum til sjómanna. Má þar nefna, Hjálpræðisherinn og Heimatrúboð sjómanna í Noregi (*Den indre Sjömannsmisjon*) sem einkum starfaði á Siglufirði (1905-1939, 1945-1966) og Seyðisfirði (1953-1968). Árið 1915 var reist sérstakt hús fyrir sjómannaheimilið á Siglufirði. Færeyska sjómannatrúboðið hóf starfsemi í Reykjavík árið 1922 og eignaðist húsnaði fyrir sjómannastofu árið 1958. Árið 1991 var nýbyggt hús fyrir starfið tekið í notkun, sem fékk nafnið Sjómannaheimilið Örkin. Jóhannes Sigurðsson vann að sjómannatrúboði í samstarfi við Færeyska sjómannatrúboðið í Reykjavík og sjómannatrúboð Norðmanna á Siglufirði 1923–1939.

KFUM starfrækti sjómannastofu í Reykjavík á árunum 1902-1906. Árið 1929 hóf KFUM í Vestmannaeyjum rekstur sjómannastofu sem var starfrækt í ríflega 40 ár.



Meðan skipið er í landi kemur Þórður M. Jóhannesson frá Kristilegu sjómannastarfi alltaf um borð og dreifir kristilegum baklingum. Hér afhendir hann Nils Brattholm, kokki á Velu norskt rit sem nefnist Bud og hilsen. Þórður hefur sinnt þessu starfi í nær þrjá áratugi.

(Sjómannablaðið Víkingur 1983)

Sigurður Guðmundsson ritstjóri sem var formaður og sá um útgáfu á ritinu *Vinur sjómannsins*. Sjómannastarfið lét einnig framleiða veggplatta með kristilegum boðskap. Sjómannastarfið opnaði sjómannastofu árið 1973 að Vesturgötu 19 í Reykjavík. Árið 1979 flutti sjómannastofan starfsemina að Bárugötu 15.

Sjómannastarfið Vitinn á Ísafirði, var stofnað árið 1994 af hjónunum Guðmundi Sigurðssyni og Kolbrúnu Dagbjörtu Sigurðardóttur. Vitinn hætti starfsemi árið 2001.

Gústi guðsmaður

Gústi hét fullu nafni *Guðmundur Ágúst Gíslason* og fæddist í Dýrafirði árið 1897. Móðir hans dó þegar hann var á öðru ári og ólst drengurinn upp hjá frændfólki sínu í Hnífsdal og síðar á Ísafirði. Gústi frelsaðist þrettán ára gamall. Árið 1923 hóf hann sjómennsku á fragtskipum og kom víða við erlendis. Árið 1929 stundaði hann nám við biblíuskólann í Fjellhaug í Noregi og flutti síðan til Siglufjarðar. Árið 1949 kallaði Guð hann til að vera trúboði. Hann ætti að kaupa bát og nota afraksturinn af útgerðinni til þess að dreifa Guðsorði um heiminn. Gústi keypti trillu sem fékk nafnið Sigurvin og hóf útgerð með Guði. Gústi var djarfur í sjósókninni og söng sálma á hafi úti, ekki síst þegar veður voru válynd. Gústi lifði sparlega og nýtti þá fjármuni sem útgerðin gaf af sér, til að styrkja fátæk börn erlendis til náms, styðja erlent kristniboð og prentun á Biblíum. Hann kostaði m.a. þýðingu Nýja testamentisins á mál lítills ættflokks indíána í Bólivíu og Jóhannesarguðspjalls á tungu þjóðflokks frumbyggja í Afríku. Á sunnudögum og stundum einnig þegar ekki gaf á sjó, dreifði hann miðum með handskrifuðum ritningargreinum og predikaði í miðbæ Siglufjarðar og víðar þegar færi gafst. Lag Gylfa Egissonar, 'Gústi guðsmaður' hefur haldið uppi minningu guðsmannsins á Siglufirði frá því það kom út árið 1985. Árið 2019 kom út ævisagan *Gústi*, eftir Sigurð Egisson.



Stytta af Gústa á Siglufirði

Vottar Jehóva

Stafsemi Votta Jehóva hér á landi hófst með því að Vestur-Íslendingurinn *Georg Fjölfnir Líndal*, fluttist frá Kanada til Íslands árið 1929. Á árunum 1929–1953 heimsótti hann alla þéttbýlisstaði og flesta sveitabæi landsins. Árið 1947 bættust tveir trúboðar í hópinn og aðrir tveir ári síðar. Árið 1955 var stofnaður söfnuður í Reykjavík og fékk hann löggildingu sem trúfélag árið 1969. Vottarnir halda samkomur tvisvar í viku í ríkissölum sínum. Söfnuðir eru starfandi í Reykjavík, í Reykjanesbæ, á Akureyri, á Egilsstöðum og á Selfossi.

Margir gagnrýnenda Votta Jehóva halda því fram trúfélög þeirra geti ekki talist kristin. Þegar Vottar Jehóva hófu trúboð á Akureyri árið 1952, gagnrýndi Arthur Gook boðun þeirra harðlega. Gook skrifaði m.a. grein í *Norðurljósið* árið 1953: „... þá eru þessir menn ljúgvottar um Guð, en ekki Vottar Jehóva.“ Sigurbjörn Einarsson biskup Þjóðkirkjunnar, gaf árið 1962 út bækling sem heitir *Vottar Jehóva – Aðvörun*.

Kristilegt bókmenntafélag

Árið 1932 stofnuðu nokkrir meðlimir í KFUM *Kristilegt bókmenntafélag*. Félagið gaf út kristilegt almanak (og árbók) með svipuðu sniði og almanak Hins íslenska þjóðvinafélags. Félagið gaf út kristilegar bækur og um tíma einnig kristilega barnablaðið *Ljósberann*. Félagið hætti starfsemi árið 1938.

Kristilegt stúdentafélag (KSF)



Útisamkoma á Arnarhóli árið 1950, þegar fyrsta kristilega norræna stúdentamótið var haldið á Íslandi.

Kristilegt stúdentafélag (KSF) starfar innan Háskóla Íslands og hefur það markmið að sameina kristna stúdenta og annað kristið ungt fólk á aldrinum 20–30 ára sem vill rækta trú sína. Félagið var stofnað 17. júní 1936, á 25 ára afmæli Háskólans. Á hverju vori er haldið stúdentamót utan Reykjavíkur. Félagið tekur þátt í árlegu móti kristilegu norrænu skólahreyfinganna sem skipulagt er af samstarfsvettvangi þessara hreyfinga, NoSA (*Nordisk samarbejdsorganet*). Félagið er hluti af „*International Fellowship of Evangelical Students*“ (IFES).

Almennu kristilegu mótin



Hraungerðismót - sönghópur við kirkjuna

Á árunum 1936 og 1937 héldu nokkrir meðlimir KFUM & K í Reykjavík æskulýðsmót um verslunarmannahelgina í grashvammi nálægt Elliðavatni. Í júní árið 1938 var fyrsta almenna mótið haldið að Hraungerði í Flóa þar sem *Sigurður Pálsson* var prestur. Þegar þátttakendum fjölgaði, var kirkjan í Hraungerði of lítil og voru mótin haldin á Akranesi í þrjú ár (1942–1944). Var þessum mótum m.a. ætlað að vera mótvægi gegn framgangi frjálslyndu guðfræðinnar innan Lútersku kirkjunnar á Íslandi. Á

árunum 1940–1948 voru einnig haldin kristileg sumarmót á Brautarhóli í Svarfaðardal. Á árunum 1945–1998 voru almennu kristilegu mótin haldin í Vatnaskógi þar sem KFUM hafði komið upp aðstöðu fyrir sumarbúðir. Fram á 7. áratuginn hélt Kristniboðssambandið kristniboðsþing annað hvert ár þegar almenna mótinu var lokið.

Vakning í Hafnarfirði



Sigurður Sigvaldason

Á fjórða áratug síðustu aldar, hélt lækningapredikarinn *Sigurður Sigvaldason* biblíulestra í heimahúsum á Íslandi. Sigurður var Vestur-Íslendingur og hafði áður verið kennari og trúboði í Kanada. Sigurður ferðaðist um, predikaði, dreifði bæklingum og seldi Biblíur. Fyrir bænir Sigurðar gerðust undursamlegir hlutir, en hann var gæddur náðargjöf lækningar. Sigurður samdi fjölda sálma og tvær af bókum hans voru gefnar út á íslensku.¹⁶⁶ Sigurður var beinskeyttur predikari og oft kallaður Biblíu-Siggi, til aðgreiningar frá nafna sínum, *Sigurði Sveinbjörnssyni* (kallaður Siggi á kassanum), sem predikaði á kassa í miðbæ Reykjavíkur.

Þáttaskil urðu í þessari sögu, þegar *Helga Þorkelsdóttir* eiginkona *Einars Einarssonar* klæðskera í Hafnarfirði, læknaðist af berklum á lokastigi eftir fyrirbæn Sigurðar. Einar var meðlimur í KFUM og Helga var formaður Kristniboðsfélagsins. Fljótlega var farið að halda kristilegar samkomur á heimili þeirra hjóna. Árið 1935 bar það við, að ljósmóðirin *Guðrún Jónsdóttir* skírðist í heilögum anda, en hún hafði áður tekið þátt í starfi KFUK. Sigurður fór síðan til Kanada í eitt ár til að þjóna þar. Þegar Sigurður var farinn, tók Guðrún við leiðtogahlutverkinu ásamt *Salbjörgu Eyjólfsdóttur* (sem læknaðist af berklum eftir fyrirbæn Sigurðar). Einar byggði skömmu síðar samkomuhús við heimili sitt að Austurgötu 6 í Hafnarfirði.

Árið 1940 hófst vakning heilags anda af miklum krafti m.a. með tungutali. Fljótlega kom í ljós, að Guðrún hafði náðargjöf lækningar í ríkum mæli. Varð hún eftirsóttur fyrirbiðjandi. Fjölmargar undursamlegar lækningar áttu sér stað, eftir fyrirbæn Guðrúnar. *Vilborg Björnsdóttir* starfaði lengi með Guðrúnu og Salbjörgu, en hún hafði læknað af alvarlegum augnsjúkdómi eftir fyrirbæn Guðrúnar. Árið 1943 var farið að halda samkomur í Reykjavík. Árið 1948, hóf starfið að Austurgötu 6, útgáfu tímarits sem nefndist *Fagnaðarboði*. Í upphafi flutti tímaritið m.a. fréttir af lækningavakningunni í Bandaríkjunum ásamt vitnisburðum um lækningakraftaverk á Íslandi og víðar. Árið 1958 var nýtt samkomuhús tekið í notkun að Hörgshlíð 12 í Reykjavík. Hörgshlíðarstarfið studdi



Frá vinstri: Vilborg Björnsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Salbjörg Eyjólfsdóttir

¹⁶⁶ Bækur á íslensku eftir Sigurð eru: *Guð minn, Guð minn, hví hefir þú yfirgefið mig* (1919) og *Daníel og musterið* (1923). Sigurður gaf einnig út sálmaþekur, allmörg sálmahefti, ljóðahefti og hugvekjur.

kristilegt hjálparstarf, m.a. fatasendingar til Kóreu, dreifingu á Biblíum í Austur-Evrópu og barnaheimili *Sally Olsen* á Puerto Rico.

Guðrún varð landsþekkt vegna bænþjónustunnar. Var starfið í daglegu tali kennt við hana og kallað „Guðrúnarsöfnuðurinn“. Eftir andlát Guðrúnar höfðu þær *Elín Bjarnadóttir* og *Margrét Erlingsdóttir* umsjón með safnaðarstarfinu.

Baptistar

Baptistar hafa lengst af verið frekar fámennir á Íslandi. Lengi var hægt að telja á fingrum sér fjölskyldur baptista á Íslandi. En það breyttist skyndilega við komu herliðs Bandaríkjamanna árið 1941. Fór starfsemi baptista aðallega fram í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Upp úr 1980, hófst safnaðarstarf „First Baptist Church,“ í Njarðvík. Árið 1994 hóf söfnuðurinn að byggja kirkju á Fitjum í Njarðvík.

Árið 1999, hófu trúboðarnir *Patrick* og *Vicki Weimer* frá Bandaríkjunum safnaðarstarf fyrir Íslendinga, sem kallaðist Baptistakirkjan á Suðurnesjum. Þegar herlið Bandaríkjanna fór af landi brott árið 2006, sameinuðust söfnuðirnir undir nafninu Fyrsta Baptistakirkjan.

Árið 2001 hófu trúboðarnir *Jeremy Gresham* og *Ben Wharton* safnaðarstarf á höfuðborgarsvæðinu, sem fékk nafnið Emmanúel baptistakirkjan.

Löftstofan baptistakirkja hóf starfsemi í Reykjavík árið 2013. Í janúar 2015 gekk Emmanúel baptistakirkjan til liðs við Löftstofuna.

Gídeonhreyfingin á Íslandi

Gídeonfélagið á Íslandi, var stofnað 30. ágúst 1945 í Reykjavík, að frumkvæði Vestur-Íslendinga *Kristins Guðnasonar*, sem lengi hafði starfað innan hreyfingarinnar í Kaliforníu. Fyrsti formaður félagsins var *Þorkell G. Sigurbjörnsson*. Í byrjun dreifði félagið enskum Biblíum í hótélherbergi. Árið 1949 var farið að dreifa Biblíum á íslensku. Biblíunum var einkum dreift í hótélherbergi, fangaklefa og farþegaskip. Síðar var farið að dreifa Nýja testamentum í sjúkrahús, til hjúkrunarkvenna og í dvalarheimili aldraðra. Haustið 1954, var Nýja testamentum í fyrsta sinn dreift til allra 12 ára barna, í skólum landsins. Starf þetta hefur haldið áfram allt til þessa dags, þannig að ætla má að allir Íslendingar sem hafa farið í 10 ára bekk í íslenskum grunnskóla, frá þessum tíma hafi fengið Nýja testamentið að gjöf frá Gídeonfélaginu. Árið 1965 var stofnað Gídeonfélag á Akureyri og Akranesi. Þá var einnig stofnað Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi. Síðar voru stofnuð félög í Vestmannaeyjum, í Keflavík, á Ísafirði og á Egilsstöðum. Árið 1995 hafði Gídeonhreyfingin á Íslandi úthlutað tæplega 239 þúsund Biblíum, Nýja testamentum og sérprentunum úr Ritningunni.

Náðargjafavakningin



Grensáskirkja – vakningarsamkoma

Náðargjafavakningin barst til Íslands, með hreyfingu Jesúfólksins frá Svíþjóð árið 1972. Upp úr þessu varð trúarvakning meðal fólks úr nokkrum kristnum samfélögum í Reykjavík. Þetta fólk kom í upphafi aðallega úr KFUM & K. Fljótlega varð til bænahópur sem kallaður var „karismatíski hópurinn“. Sóknarpresturinn í Grensáskirkju, séra *Halldór S. Gröndal*, hafði skírt í heilögum anda árið 1975.¹⁶⁷ Halldór og „karismatíski hópurinn“ hófu sérstakar samkomur á fimmtudögum í Grensáskirkju snemma árs

1976, sem fljótlega urðu þungamiðjan í náðargjafavakningunni hér á landi. Fólk úr þessum hópi, sem vildi standa á grundvelli játninga Þjóðkirkjunnar og starfa í tengslum við hana, stofnaði síðan með sér samtök, *Ungt fólk með hlutverk* á hvítasunnudag árið 1976 og veitti *Friðrik Ó. Schram* starfinu forstöðu.

¹⁶⁷ Séra Halldór skrifaði bókina *Tákn og undur* (1990), þar sem hann segir frá náðargjafavakningunni og sinni eigin trúarreynslu. Séra Halldór skírðist í heilögum anda í ágústmánuði árið 1975, þegar þátttakendur í kristilegu norrænu stúdentamóti báðu fyrir honum.

Ungt fólk með hlutverk átti samstarf við sambærilega hreyfingu í Noregi, sem heitir „*Ungdom i oppdrag*“. Árið 1997 stofnaði meirihluti meðlimanna nýja kirkju, sem nefnist Íslenska Kristskirkjan. Kirkjan rekur einnig kristilega miðstöð og gistiheimili að Eyjólfsstöðum á Völlum á Fljótsdalshéraði.

Vakningin fæddi af sér fleiri nýja söfnuði og má þar nefna: Veginn, Trú og líf, Orð lífsins, Klettinn, Frelsið – kristilega miðstöð og Samfélag trúaðra – Messías. Þessir söfnuðir mótuðust af náðargjafa- og trúarhreyfingu.

Vakningin fjaraði út á árunum 1996 – 2000.

Kristilegt félag heilbrigðisstétta

Kristilegt félag heilbrigðisstétta (KFH) var stofnað 16. janúar 1978. Fyrir daga þess félags var annað félag til, Kristilegt félag hjúkrunarkvenna sem var stofnað árið 1952.

Markmið félagsins er að sameina kristið starfsfólk í heilbrigðisstéttum, hvetja það og kenna því að ná til sjúklunga sinna og samstarfsfólks með kristinn boðskap og fagnaðarerindið um Jesú Krist og mæta þannig trúarlegum og andlegum þörfum þeirra.

Samfélagið Krossinn

Samfélagið Krossinn, var stofnað í Kópavogi árið 1979, af fyrrverandi meðlimum úr hvítasunnusöfnuðinum í Reykjavík sem voru þeirrar skoðunar að skíra bæri til nafns Jesú Krists. *Gunnar Þorsteinsson* veitti samfélaginu forstöðu. Nýtt líf, safnaðarstarf *Willy Hanssen* eldri gekk til liðs við Krossinn á sama tíma.



Gunnar Þorsteinsson

Í tengslum við Krossinn var rekið áfangaheimili sem hét Krossgötur, fyrir fólk er lent hafði í erfiðleikum vegna vímuefnaneyslu.

Krossinn hafði frá upphafi nokkur tengsl við „*Christ Gospel Churches International*“¹⁶⁸ í Jeffersonville í Indiana í Bandaríkjunum, því Gunnar Þorsteinsson og kona hans *Ingibjörg Guðnadóttir* höfðu stundað nám við biblíuskóla hreyfingarinnar í Jeffersonville. Árið 1999 slitnaði upp úr samstarfi Krossins og *Christ Gospel Churches International*. Hluti safnaðarins, sem vildi

halda samstarfinu áfram stofnaði nýjan söfnuð í mars árið 2000, sem heitir Betanía.

Í júní árið 2014 var nafni samfélagsins breytt úr Krossinn í Smáراكirkja.

Fríkirkjan Vegurinn

Vegurinn kristið samfélag var stofnað í október 1982 af hópi fólks sem starfað hafði í Ungu fólki með hlutverk (UFMH). Þessi hópur taldi heppilegra að starfa utan Þjóðkirkjunnar, m.a. vegna andstöðu hennar við niðurdýfingarskírni trúaðra, en söfnuðurinn tók þó ekki afgerandi afstöðu um nauðsyn þess að skírast niðurdýfingarskírni fyrr en 1990. Í upphafi voru feðgarnir *Stefán Ágústsson* og *Björn Ingi Stefánsson* í forystu fyrir starfinu.

Árið 1985, var samfélagið skráð sem trúfélag af Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Vegurinn hefur átt talsvert samstarf við Livets Ord í Uppsölum í Svíþjóð. Allmargir þeirra sem tekið hafa þátt í starfi kirkjunnar hafa útskrifast úr biblíuskóla Livets Ord.

Nafni samfélagsins var breytt í Fríkirkjan Vegurinn árið 1996.

Vegurinn hefur m.a. staðið fyrir trúboðsferðum til Grænlands og trúboði í miðbæ Reykjavíkur á laugardagskvöldum.

Kristilegir ljósvakamiðlar

Þegar hefur verið sagt frá útvarpsstöðinni sem Sjónarhæðarsöfnuður lét reisa á Akureyri árið 1927, en yfirvöld afturkölluðu útvarpsleyfi hennar og varð því að hætta starfsemi.

¹⁶⁸ Þessi samtök voru stofnuð af *systir Bernice R. Hicks* árið 1957. Hicks starfaði í söfnuði William Branham um skeið fram til ársins 1950, en hóf eigin trúboðsstarf stuttu síðar. Í dag tengjast rúmlega 1.400 kirkjur í 135 löndum þessum samtökum.

Árið 1929 voru sett lög um einkarétt ríkisins á útvarpi. Einkaréttur ríkisins á útvarpi og sjónvarpi var síðan afnuminn 1. janúar 1986.

Haustið 1986 hóf *Eiríkur Sigurbjörnsson* rekstur kristilegrar útvarpsstöðvar í Reykjavík, sem hét *Alfa* og starfaði hún í tvö og hálf ár. Þá tóku nokkrir kristnir söfnuðir við rekstrinum og keyptu síðan aðra útvarpsstöð sem hét *Stjarnan* og var stöðin rekin undir því nafni um tíma.



Eiríkur Sigurbjörnsson

Sumarið 1992 hóf Eiríkur Sigurbjörnsson rekstur kristilegrar sjónvarpsstöðvar í Reykjavík sem fékk nafnið *Sjónvarpsstöðin Omega*. Útsendingarsvæði stöðvarinnar var í upphafi Reykjavíkur og síðar Suðvesturland. Dagskrá Omega er í dag aðgengileg gegnum myndlykla fyrir sjónvarp Símans. Omega er einnig send út á rás 41 (UHF) í Reykjavík og nágrenni.

Allmargir þekktir prédikarar hafa heimsótt Ísland á vegum Omega. Stærstu samkomuherferðirnar voru á árunum 1994 og 1995, þegar prédikarinn Benny Hinn heimsótti Ísland. Talið er að ríflega 11

þúsund hafi sótt samkomur Benny Hinn hér á landi.

Vorið 2002 hóf Omega sjónvarpsútsendingar gegnum gervihnött til Skandinavíu og síðar til fleiri landa undir nafninu *Gospel Channel*. Dagskrá Omega og Gospel Channel er send út á internetinu.

Kristileg miðstöð er starfrækt í Ljósafossskóla í Grímsnesi. *Heimakirkja* er safnaðarstarf í tengslum við Omega.



Samkoma með Benny Hinn
í Laugardalshöll í júlí 1995



Mike og Sheila Fitzgerald

Í nóvember árið 1994 hóf *Júlíus Sveinsson*, rekstur kristilegrar útvarpsstöðvar í Reykjavík, sem fékk nafnið *Lindin*. Í marsmánuði 1995, tóku trúboðarnir *Mike* og *Sheila Fitzgerald* við rekstri Lindarinnar. Lindin hefur sett upp allmarga útvarpsþenda. Er því hægt að ná útsendingum stöðvarinnar víða í þéttbýli á landinu. Lindin sendir einnig út á internetinu. Árið 2000 átti Lindin þátt í að koma á fót kristilegu útvarpsstöðinni Lindin í Færeyjum. Lindin hefur gefið út allmikið af kristilegu margmiðlunarefni. Í apríl 2016

tók Hafsteinn G Einarsson við starfi útvarpsstjóra Lindarinnar.

Árið 1998 hófu feðgarnir Sverrir og Júlíus Sveinsson, rekstur kristilegrar útvarpsstöðvar í Reykjavík sem kölluð var *Hljóðneminn*. Byrgið (meðferðarstarf fyrir fíkla), tók síðar við rekstrinum og flutti útvarpsstöðina til Rockville skammt frá Sandgerði og gaf henni nafnið *KFM*. Þessi útvarpsstöð hætti rekstri þegar Byrgið flutti frá Rockville.

Þann 1. september árið 2001 hóf Boðunarkirkjan rekstur útvarpsstöðvar sem kallast *Útvarp Boðun*. Stöðin sendir út á höfuðborgarsvæðinu og einnig á Akureyri.

Nýja postulakirkjan

Nýja postulakirkjan hóf starfsemi í Hafnarfirði í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar, en flutti síðar til Reykjavíkur. Í upphafi var safnaðarstarfið í tengslum við Nýju postulakirkjuna í Kanada, en upp úr 1990 færðist söfnuðurinn undir umsjón kirkjudeildarinnar í Norður-Þýskalandi. Einnig hefur söfnuðurinn átt samstarf við kirkjudeildina í Bretlandi.

AGLOW á Íslandi

Aglow International er þverkirkjuleg hreyfing kristinna kvenna sem starfar í yfir 170 löndum í sex heimsálfum. Aglow vinnur að hugsjón sinni með markvissum hætti í gegnum bæn og trúboð, sem eru tveir grundvallarstólpar hreyfingarinnar. Markmið Aglow er að virkja

konur í Guðs ríkinu, hjálpa þeim að breyta lífi sínu til hins betra og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt.

Aglow á Íslandi hóf starfsemi árið 1987 og nú starfa hér sex Aglow hópar.

Fríkirkjan Kefas

Kefas kristið samfélag var stofnað árið 1992 af bænahóp sem kom saman á heimili *Ármanns J. Lárussonar* og *Bjargar R. Árnadóttur* í Kópavogi. Árið 2001 var nafni kirkjunnar breytt í Fríkirkjan Kefas. Kirkjan hefur starfað í Kópavogi frá upphafi.

Samfélag trúaðra – Messías



Séra Guðmundur Örn
Ragnarsson

Séra Guðmundur Örn Ragnarsson þjónaði sem prestur í Þjóðkirkjunni þar til biskupinn, Ólafur Skúlason sá til þess að hann héldi ekki starfi sínu, fyrir að predika yfir söfnuðinum að helvíti væri raunverulegt og þangað færu þeir sem höfnuðu Jesú Kristi. Guðmundur Örn var í hópi þeirra presta sem tóku þátt í náðargjafavakningunni. Hann starfaði með *Eiríki Sigurbjörnssyni* við útvarpsstöðina *Alfa* og síðan við *Sjónvarpsstöðina Omega* þegar hún hóf útsendingar. Guðmundur var einnig þátttakandi í starfsemi Orðs Lífsins um tíma. Árið 1996 stofnaði hann ásamt fleirum *Samfélag trúaðra – Messías* sem m.a. hefur stutt trúboð í sjónvarpi á Omega og Gospel Channel.

Kristnihátíð á Íslandi

Kristnihátíð á Íslandi var haldin frá því í apríl 1999 til páska 2001. Hátíðin var röð atburða um land allt til að minnast kristnitökunnar árið 1000. M.a. var sett upp samkomutjald fyrir kristilegar samkomur á Lækjartorgi 15. – 20. ágúst árið 2000. Hápunktur hátíðahaldanna var tveggja daga hátíð á Þingvöllum 1. – 2. júlí árið 2000 þar sem þúsundir Íslendinga komu og tóku þátt í margvíslegri dagskrá og helgihaldi.

Árið 1990 samþykkti Alþingi að standa að samningu ritverks um kristni á Íslandi og áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár. Ritið *Kristni á Íslandi* í fjórum bindum var síðan gefið út árið 2000. Alþingi stofnaði árið 2001 sérstakan sjóð *Kristnihátíðarsjóð*, sem veitti 100 milljónum á ári í 5 ár til ýmissa verkefna, einkum fornleifarannsókna og einnig til fræðslu og rannsókna á kristnum trúar- og menningararfi þjóðarinnar. Meðal þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkti voru fornleifarannsóknir á Þingvöllum, á Hólum í Hjaltadal, í Skálholti, í Reykholti, á Kirkjubæjarklaustri, á Skriðuklaustri og á Gásum í Eyjafirði.

Vineyard heimakirkja og Himinn á Jörðu

Hjónin *Thomas Jan Stankiewicz* og *Unnur María Ingólfssdóttir* lögðu grunn að starfsemi Vineyard heimakirkju haustið 2000. Starfið var byggt upp sem heimahópar. Vineyard starfið stóð einnig fyrir samkomuhaldi og námskeiðum í all mörg ár. Eftir að hafa sótt biblíuskóla Bethel kirkjunnar í Reading í Kaliforníu, þá stofnuðu þau Thomas og Unnur ásamt fleirum nýtt samfélag í ágúst árið 2010 sem heitir *Himinn á Jörðu* eða „*Bethel Iceland*.“

Rétttrúnaðarkirkjan

Hér á landi eru starfandi tvö trúfélög sem tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni. Söfnuður Moskvu-patríarkatsins í Reykjavík (kenndur við heilagan Nikulás) var stofnaður árið 2001. Annað trúfélag sem heitir Serbneska rétttrúnaðarkirkjan – fæðing heilagrar guðsmóður, var stofnað árið 2002.

Bænahúsið

Hjónin *Kolbeinn Sigurðsson* og *Guðrún Erla Gunnarsdóttir* stofnuðu í apríl árið 2006 kristilegt starf sem nefnist Bænahúsið (*Iceland House of Prayer – ICEHOP*). Markmið starfsins er bæn fyrir Íslandi, íslensku þjóðinni og margvíslegum öðrum bænaefnum ásamt lofgjörd dag og nótt.

Kærleikurinn og CTF

Baldur Freyr Einarsson og fleiri sem áður höfðu starfað í undirheimum Reykjavíkurborgar hófu kristlegt starf, sem fékk nafnið Kærleikurinn, sumarið 2007 í samkomusál við Ármúla í Reykjavík. Í framhaldinu varð vakning meðal fólks sem var í eiturfjaneyslu eða tengdist fíkniefnaheiminum á höfuðborgarsvæðinu. Töluverður fjöldi losnaði undan ánauð fíkniefnanna eftir að hafa eignast lifandi trú á Jesú Krist. Kærleikurinn og „*Catch the Fire Reykjavík*“ (CTF), sem Guðbjartur Guðbjartsson og Sigríður Helga Ágústsdóttir stofnuðu 2008, höfðu samstarf um árabil. Í júlí árið 2014 sameinaðist Kærleikurinn og CTF.

Hjálparstarf á kristilegum grunni

Hvítabandið: Hvítabandið er líknarfélag kvenna sem var stofnað 17. apríl 1895 og hét fyrst Bindindisfélag kvenna. Var Ólafía Jóhannsdóttir aðalhvatamaður að stofnun þess, en hún



Sjúkrahús Hvítabandsins –
Skólavörðustígur 37

hafði kynnst starfsemi sambærilegra samtaka í Noregi. Félagið gerðist aðili að kristilegum alþjóðlegum samtökum „*Woman's Christian Temperance Union*“, á stofnári sínu. Þegar samtökin breyttu nafni sínu í „*The White Ribbon*“, tók félagið hér upp nafnið Hvítabandið.

Félagið hefur frá upphafi helgað sig mannúðar- og líknarmálum. Einkunnarorð félagsins eru: „*Fyrir Guð, heimilið og þjóðina.*“

Félagið lét byggja húsið að Skólavörðustíg 37 og var það vígt þann 18. febrúar 1934. Upphaflega átti það að verða hvíldar- og hressingarheimili fyrir konur að aflokinni spítalavist, en vegna

mikils skorts á sjúkrarúmum í Reykjavík var því breytt í sjúkrahús. Sjúkrahúsið var fyrst rekið sem sjálfseignarstofnun, en árið 1943 fékk Reykjavíkurborg húsið að gjöf með öllum áhöldum og innanstokksmunum. Sjúkrahús Hvítabandsins var fyrsta almenna sjúkrahúsið sem yfirvöld í höfuðstaðnum ráku. Hefur félagið alla tíð haft sterka tengingu við sjúkrahúsið og látið sig starfið þar varða. Í dag er þar rekin göngudeild geðdeildar Landspítalans, fyrir fólk með átraskanir. Félagið hefur einnig stutt önnur hjálparstarf, eins og Barnahjál Sameinuðu þjóðanna, Mæðrastyrksnefnd og Dyngjuna, áfangaheimili fyrir konur sem lokið hafa áfengis- og fíkniefnameðferð.

Hjálparstarf kirkjunnar: Þjóðkirkjan stofnaði Hjálparstarf kirkjunnar árið 1969. Starfið hét þá Hjálparstofnun kirkjunnar en nafninu var síðar breytt enda þótti nýja nafnið meira




Flugvél Flughjálpar hlaðin 10 tonnum af
hjálpargögnum með handafli.

lýsandi þar sem allar kirkjur innan Þjóðkirkjunnar standa að starfinu en ekki ein stofnun. Tildrögin að stofnun starfsins voru þau að Þjóðkirkjan hafði árið áður staðið fyrir landssöfnun til styrktar sveltandi fólki í Biafrahéraði í Nígíeríu. Þá þótti tími til kominn að hefja skipulegt hjálparstarf á vegum Þjóðkirkjunnar meðal bágstaddra þjóða, eins og tíðkast hafði lengi hjá nágrannaþjóðum okkar. Síðan hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið þátt í hjálparstarfi víða um heim og einnig veitt margvíslega aðstoð hér á landi. Eitt stærsta verkefni hjálparstarfsins á síðari árum er að

útvega drykkjarhæft vatn í Eþíópíu og bæta þar ræktunaraðferðir á korni.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að hjálparstarfi Lúterska heimssambandsins og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, *ACT Alliance*.

Hjálparstarf í Biafra: Sumarið 1967 braust út borgarastyrjöld í Nígeríu, þegar íbúar í suðausturhluta landsins gerðu uppreisn gegn stjórninni og stofnuðu eigið ríki, Biafra. Stjórnarherinn setti Biafra í herkví með það markmið að svelta íbúana til uppgjafar. Í ágúst 1968 stofnuðu hjálparstofnanir þjóðkirkna í Skandinavíu samtök *NordChurchAid*, með það hlutverk að koma neyðaraðstoð til Biafrabúa. Fljótlega bættust 36 samtök mótmælenda, kaþólskra og Gyðinga á Vesturlöndum undir nafninu *Joint Church Aid (JCA)* í hóp þeirra sem héldu uppi loftbrú með matvæli og hjálpargögn. Fjölmíðlar kölluðu JCA oft „*Jesus Christ Airlines*.“ Hjálparstofnanirnar settu upp búðir í nágrenni við Nígeríu. NordChurchAid tók flugvélar á leigu frá flugfélaginu Transair í Svíþjóð, Sterling Airways og Fred Olsen Air Transport. Flogið var frá lítilli eyju í Gíneufloa undir stjórn Portúgala sem heitir São Tomé og lent á þjóðvegi nálægt þorpinu Uli í Biafra. Í september 1968 voru leigðar vélar frá hollenska flugfélaginu Transavia og Loftleiðum. Transavia fékk Þorstein E. Jónsson flugstjóra til að sjá um flugreksturinn á São Tomé. Stjórnarher Nígeríu gerði oft árásir á flugvélarnar og lendarastaðinn við Uli úr lofti. Þegar Transavia tók ákvörðun um að hætta þessu hjálparflugi og erfiðlega gekk að fá aðrar flugvélar í staðinn, var leitað til Loftleiða sem vantaði verkefni fyrir flugvélar. Í apríl 1969 var ákveðið að stofna íslenskt flugfélag um reksturinn. Félagið fékk nafnið *Flughjálpar (Aid by Air)* og var í eigu NordChurchAid (45%), íslensku Þjóðkirkjunnar (35%) og Loftleiða (20%). Stjórnarformaður félagsins var Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands. Hjá félaginu störfuðu oftast á annan tug Íslendinga. Þorsteinn E. Jónsson flugstjóri hafði umsjón með starfinu á São Tomé.



Sigurbjörn Einarsson
biskup

Árið 1969 stóð Hjálparstofnun kirkjunnar fyrir söfnun vegna sveltandi fólks í Biafra og safnaðist á annan tug milljóna í því átaki. Framlöggin voru notuð til að kaupa íslenska skreið og mjólkurduft fyrir hjálparstarfið.

Þegar Biafrastríðinu lauk snögglega í janúar 1970, hafði Flughjálpar flutt um þriðjung þeirra 60 þúsund tonna af matvælum og hjálpargögnum sem umræddar hjálparstofnanir sendu flugleiðis til landsins. Í stríðinu létu tvær milljónir manna lífið, aðallega vegna hungurs. Í Biafrafluginu létu 35 hjálparstarfsmenn (þar af 17 flugliðar) frá ýmsum löndum lífið vegna slysa og stríðsátaka. Talið er að loftbrúin hafi bjargað lífi einnar milljónar Biafrabúa.

Flugvélar Flughjálpar, fimm Douglas DC-6 voru að lokum gefnar til hjálparflugs vegna jarðskjálfta í Perú.

Þorsteinn Jónsson og félagar í eldlínunni

Kúlnahríðin dundi á vél Flughjálpar í seinustu Biafra-ferðinni í fyrrinótt

10 farþegar særðust, flugmennina sakaði ekki

□ Þrír íslenskir flugmenn í hjálparfluginu í Biafra urðu í fyrrinótt fyrir skotárás í flugvél sinni í Uga í Biafra. Var vélin að leggja af stað frá Uga með 45 farþega innanborðs og særðust tíu þeirra. Flugmennina, Þorstein Jónsson, Einar Guðlaugsson og Runólf Sigurðsson, sakaði ekki.

Loftleiðum bárust í gær skýti um það frá Sao Tome, að í fyrrinótt hefði Þorsteini Jónssyni flugstjóra Flughjálpar tekið að komast á DC 6-B vél félagsins til Biafra með tvö tonn af skreið og eitthvað af lyfjum og fleiri vörum. Lentu hann á flugbrautinni Uga, um 25 km frá Uli flugvöllum, sem Nígeríumenn hafa nú á valdi sínu.

Skothríð hófst á vélina strax og hún lentu, en áhöfninni, Þor-

steini, Einari Guðlaugssyni aðstoðarflugmanni og Runólfi Sigurðssyni flugvélstjóra, tókst að afferma vélina og koma um borð í hana 45 farþegum, sem flytja

átti til Sao Tome. Dundi kúlnahríðin á fólkinu meðan það fór um borð og hélt stöðugt áfram meðan vélin var að hefja sig til flugs, en Þorsteini og áhöfn hans tókst þó að koma henni aftur til Sao Tome og þykja þeir hafa unnið mikið afrek.

Tíu farþeganna særðust og liggja nú á sjúkrahúsi í Sao Tome, en engan flugmannanna sakaði. Flugvélin var talstær skódduð, með skotgötum á stjórnklefa og skrokknum og tvo af fjórum hreyflum ógangfæra.

Ekkí ber saman fregnum um hvaða fólk þarna var verið að flytja til Sao Tome, töldu Loftleiðamenn að um væri að ræða starfsmenn líknarstofnana, en í frétt frá NTB, sem rúkin er til Krum-Hansens majors hjá hjálparstöðum norðrænu kirkjunnar, eru farþegarnir blafranskir flóttamenn.

★

Nóttina áður, meðan Uli flugvöllur lá undir skothríð gerðu fimm flugvélar tilraun til að flýga vörum til Biafra og barst skýti um það í gær, að tveim þeirra hefði tekið að lenda.

sennilega í Uga, og hefði önnur verið íslensk. Vélarnar komust aftur til Sao Tome heilu og höldnu.

Þorsteini Jónssyni flugstjóra og áhöfn hans er mjög hrósað í fregnumum sem berast frá Sao Tome, en hann hefur nú flogið yfir 400 sinnum með matvæli og lyf til Biafra síðan í október 1968.

Mikið magn er enn í Sao Tome af matvælum og lyfjum, sem ekki hefur komið til Biafra og sagði Möllerup, talsmaður hjálparstákta kirkjunnar í Kaupmannahöfn, í gær, að reynt yrði að halda hjálparfluginu áfram.

(Þjóðviljinn 14. janúar 1970)

Samhjálp: Georg Viðar Björnsson hóf hjálparstarf fyrir vímuefnasjúklinga árið 1971. Í upphafi fékk starfið inni í bílskúr á Sogavegi í Reykjavík og fljótlega var því gefið nafnið *Samhjálp hvítasunnumanna*.



Georg Viðar Björnsson

Þegar Einar J. Gíslason forstöðumaður Fíladelfíu varð fimmtugur árið 1973, tók hann ákvörðun um að láta afmælisgjafir renna til starfsemi Samhjálp. Gjafir vegna afmælis Einars voru nýttar sem útborgun við kaup á húsnæði fyrir meðferðarheimili. Í júlí árið 1974, var tekið í notkun meðferðarheimili í Hlaðgerðarkoti í Mosfellsdal fyrir 14 vistmenn.

Á árunum 1977–2000 veittu Óli Ágústsson og kona hans Ásta Jónsdóttir starfinu forstöðu. Líknarsjóðurinn „*Samverjinn*“ var stofnaður haustið 1978. Tilgangur sjóðsins var að styrkja líknarmál og byggja upp starfsaðstöðu fyrir Samhjálp. Til að afla fjár fyrir sjóðinn var ráðist í útgáfu á fyrstu hljómplötu Samhjálp sem kom út 1978. Það var platan „*Jesús lifir*“, með Fíladelfíukórnum í Reykjavík. Bókin „*Krossinn og hnífsblaðið*“ var líka gefin út 1978, en hún hafði þá verið þýdd á 40 tungumál og selst í yfir 20 milljónum eintaka. Ágóði af plötu- og bókaútgáfu rann óskiptur til uppbyggingar starfsins í Hlaðgerðarkoti. Útgáfa Samhjálpblaðsins hófst svo árið 1983 og stendur enn.

Árið 1980 festi Samhjálp kaup á húsnæði við Hverfisgötu 42. Þar var í upphafi félagsmiðstöð og einnig voru þar haldnar kristilegar samkomur. Kaffistofa var opnuð árið 1983 og áfangaheimili fyrir 15 vistmenn stuttu síðar.

Samhjálp rak Gistiskýlið í Reykjavík um langt árabil sem athvarf fyrir útigangsmenn.

Starfsemi Samhjálp er nú m.a. rekstur á meðferðarheimili í Hlaðgerðarkoti fyrir 30 vistmenn, kaffistofa í Borgartúni 1A, sem gefur 67 þúsund máltíðir árlega og áfangaheimili fyrir 17 einstaklinga að Vagnhöfða 7.

Samhjálp sér einnig um rekstur 19 íbúða að Höfðabakka 1, fyrir Félagsbústaði. Ennfremur sér Samhjálp um rekstur stuðnings- og áfangaheimilis að Miklubraut 18 fyrir Félagsþjónustuna í Reykjavík. Samhjálp sér um rekstur áfangaheimilis að Nýbýlavegi 30 fyrir velferðarsvið Kópavogsbæjar.

Byrgið – meðferðarheimili fyrir fíkla:

Áður en Byrgið var stofnað hafði Guðmundur Jónsson tekið inn á heimili sitt fólk sem var í óreglu og reynt að hjálpa því, en fljótlega kom í ljós að meira þurfti til. Guðmundur ásamt nokkrum einstaklingum stofnuðu Byrgið 1. desember 1996. Stofnendurnir höfðu sjálfir verið fíklar en losnað frá fíkninni. Byrgið var rekið sem sjálfseignarstofnun af samnefndu sjálfseignarfélagi.

Byrgið var fyrst með aðstöðu að Hvaleyrarbraut 23 í Hafnarfirði, en þar var aðstaða fyrir 12 manns. Annað hús opnaði árið 1997 að Vesturgötu 18, einnig í Hafnarfirði, og þar var húsnæði fyrir 16 til 18 manns. Árið 1997 fékk Byrgið húsnæði í Hlíðardalsskóla í Ölfusi og var þar aðstaða fyrir 80 – 90 manns. Árið 1999 fékk Byrgið aðstöðu í húsnæði sem áður hýsti radarstöð Bandaríkjahers í Rockville á Miðnesheiði. Starfsemi Byrgisins flutti árið 2003 frá Rockville að Efri-Brú í Grímsnesi.

Hluti þeirra sem fóru í meðferð í Byrginu, var fólk sem hafði reynt önnur meðferðarúrræði en byrjað aftur í neyslu. Einnig voru vistaðir í Byrginu langt leiddir fíkniefnaneytendur af götum höfuðborgarinnar, fólk sem hafði verið í neyslu árum eða áratugum saman.

Meðferðin byggðist á 12–spora kerfi AA–samtakanna. Meðferðin var í formi dagskrár sem hófst snemma morguns og stóð fram á kvöld. Ætlast var til að vistmenn ynnu einhver störf á meðan á dvöl þeirra stóð. Í meðferðinni var lögð áhersla á heilbriggt daglegt lífni, þar sem agi var í fyrirrúmi. Markmiðið var að einstaklingurinn gæti verið ábyrgur í samfélaginu og axlað ábyrgð á eigin lífi. Einhverjir vistmenn náðu að mennta sig meðan á vist þeirra stóð í Byrginu.

Í Byrginu var kristileg samkoma haldin vikulega. Einnig var boðið upp á biblíulestra og bænastundir. Byrgið sinnti fólki sem aðrir höfðu gefist upp á og margir einstaklingar sem í

dag eru góðir og gegnir borgarar, komust á rétta braut vegna hugsjóna þeirra sem unnu þar óeigingjarnt starf.

Starfsemin naut góðs af starfi sjálfboðaliða og var fjármögnuð með styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum og ríki. Vismenn tóku einnig þátt í kostnaði vegna vistunar þeirra.


Starfsemi Byrgisins var lögð niður í janúar árið 2007, eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjármál starfsins var lögð fram, en þar var lagt til að kostnaðarþátttöku Ríkisins í starfseminni yrði hætt. Hluti skjólstæðinga Byrgisins fékk inni hjá Samhjálp.

ABC Barnahjálp: ABC Hjálparstarf var stofnað árið 1988, en síðar var nafninu breytt í ABC Barnahjálp. *Guðrún Margrét Pálsdóttir* var ein af stofnendum og veitti hún starfinu forstöðu í 27 ár. ABC barnahjálp útvegar þurfandi börnum menntun, umönnun og framfærslu auk þess að byggja skóla og heimili sem börnin sækja og dvelja á. Félagið rekur skóla fyrir börn á Indlandi, Filippseyjum, Pakistan, Úganda, Kenía og Búrkina Fasó. Börnin búa á barnaheimilum og heimavistum ABC eða eru hjá aðstandendum og sækja skólana.

ABC skólarnir veita börnum frá 3ja ára aldri ókeypis menntun, skólagögn, skólabúning, læknishjálp og mat. Árið 2012 voru nemendur um 11 þúsund, þar af bjuggu rúmlega 2.600 á heimavistum ABC.

ABC Barnahjálp rekur nytjamarcað í Reykjavík og Hafnarfirði.

United Reykjavík: United Reykjavík er kristilegt líknarstarf í Reykjavík. United Reykjavík sinnir hjálparstarfi meðal fíkla og útigangsfólks og rekur áfangaheimili sem kallast Draumasetrið að Héðinsgötu 10 í Reykjavík.



Þjóðir sem telja sig kristnar við lok 20. aldar.

Eftirmáli

Samkvæmt skoðun Páls postula, þýðir hugtakið að „frelst“ það að verða hluti af lýð Guðs, með því að endurfæðast fyrir heilagan anda inn í fjölskyldu Guðs. Hinir frelsuðu (heilögu) verða hluti af líkama Krists og musteri Guðs á jörðu. Guð er ekki aðeins að frelsa einstaklinga og undirbúa þá fyrir himininn, heldur er hann einnig að gera þá að lýð sem elskar Hann, ker sem Hann getur dvalið í og líf þeirra endurspeglar bæði kraft Guðs og karakter Guðs í samtímanum.

(Gordon Fee)

„Mörg ríki beggja vegna Atlantshafs, hafa yfirgefið rætur sínar og kristin gildi þar með talin. Ríkin hafa tekið upp þá stefnu að leggja að jöfnu hjónaband af gagnstæðu kyni og sambönd af sama kyni, trú á Guð og trú á Satan. Þetta er vegferð hnignunarinnar.“

(Vladimir Putin)

„Hinnaríki hefur múr og ströng skilyrði fyrir landvist. Helvíti hefur opin landamæri.“

(Donald J. Trump)

Í þessu riti eru í bland við verk manna sem í góðri trú töldu sig vera að þjóna Guði, lýsingar á sumu af því sem Jesús Kristur hefur notað menn til að framkvæma fyrir heilagan anda í gegnum kirkju sína á jörðinni síðustu 2000 árin. Í dag telur tæplega þriðjungur (31%) íbúa jarðarinnar sig vera kristinn.

Í upphafi fær lesandinn að kynnst fyrstu lærisveinum Krists sem fengu opinberun yfir það hver Jesús er. Fiskimenn og tollheimtumenn, Gyðingar og Grikkir frá afskekktu skattlandi Rómverja í Austurlöndum nær, breiddu út trúna. Við höfum einnig séð hvernig frumkirkjan starfaði í krafti andans og eldur heilags anda kveikti ljós trúarinnar meðal allra þjóða umhverfis Miðjarðarhaf. Þegar tímar liðu, fjaraði vakningareldurinn út og kirkjan breyttist úr samfélagi trúaðra í lærða og leika, embættismenn og almenning. Smám saman breyttist kirkjan í miðstýrt klerkaveldi, með biskupinn í Róm á toppnum. Þegar kristnum mönnum fjölgaði mjög í Rómarveldi, leist ráðamönnum í Róm ekki á blikuna, hér væri kominn hópur sem fljótlega gæti orðið ríki í ríkinu. Hófust þá miklar ofsóknir gegn kristnum í Rómarveldi, en allt kom fyrir ekki. Kristnin bar sig úr bítum og kirkja Krists breyttist í kirkju hins rómverska heimsveldis. Í stað þess að kirkjan væri samfélag hinna trúuðu, varð hún að stofnun sem þurfti að sinna þegnum keisarans, bæði hinum sanntrúuðu og einnig nýskírðum heiðingjum. Til að sinna þörfum heiðingjanna var hluti af hinum heiðna menningararfi samtímans klæddur í kristilegan búning og lagaður að þjónustu kirkjunnar. Það var einn kaflinn í langri vegferð kirkjunnar burt frá hinni upprunalegu kenningu postulanna, sem endaði með því að munkur Marteinn Lúter að nafni benti á hið augljósa, að sala kirkjunnar á svokölluðum aflátsbréfum ætti sér enga stoð í Biblíunni.

Á 1500 árum hafði kirkjan tapað niður miklu af þeirri opinberun, sem frumkirkjan hafði og starfaði eftir. Vakning Lúters endurreisti þann sannleika, að maðurinn geti aðeins frelst frá glötun fyrir trú á Jesú Krist. Baptistar endurreistu niðurdýfingarskrín trúaðra. Vakning meþódistanna í Englandi með John Wesley í fararbroddi endurreisti þann sannleika, að hinn kristni maður eigi að lifa helguðu lífi. Hvítasunnvakningin sem hófst árið 1906 endurreisti þann sannleika að hinn kristni maður þurfi að eignast skírni í heilögum anda. Náðargjafavakningin endurreisti þann sannleika að lærisveinar Krists geti lagt hendur yfir sjúka og þeir verði heilbrigðir. Næsta skref er að endurreisa þann sannleika, að trúarganga hins sanna lærisveins felur í sér að yfirgefa sitt gamla líf og ganga heilshugar með Jesú Kristi, líkt og postularnir og lærisveinar þeirra. „Sá sem ætlar að finna líf sitt, týnir því, og sá sem týnir lífi sínu mín vegna, finnur það.“ (Matt. 10:39) Lærisveinar Krists þurfa að verða fullþroska, ná vaxtartakmarki Krists fyllingar, eins og segir í 4. kafla Efesusbréfsins, og verða hin hreina mey sem Páll talar um í 11. kafla síðara Korintubréfs. Framundan er lokakaflinn í sögu kristinnar — vakning endatímans sem sagt er frá í spádómsbók Jóels, þegar kristnir menn eiga ekki annars úrkosta en að gera það upp við sig hvort þeir ætla að vera kaldir eða heitir, tímar hálfvelgjunnar sem kenndir eru við Laódíkeu verða þá liðnir.

Við sem nú lifum, höfum fengið að gjöf biblíuskilning og opinberun sem að mestu leyti er arfur fortíðarinnar. Við sem lifum á 21. öldinni höfum ekki efni á að hreykja okkur upp af einu eða neinu, því það sem við höfum er ávöxtur af erfiðri annarra. Þótt við sjáum í sögunni ýmislegt sem aflaga fór innan kirkjunnar, höfum við enga vissu fyrir því að ef þeir sem nú fylgja Kristi ættu að höndla aðstæður fortíðarinnar, hefðu gert það með betri hætti. Það er auðvelt að vera vitur eftir á.

Á jörðinni eru aðeins tvö andleg ríki, ríki Guðs og ríki Antikrists. Þegar andlegur kraftur kirkjunnar fjarar út, og starfsemin verður vélræn endurtekning á síðum og hefðum kemur vakning í ríki Antikrists.

Þegar hinn andlegi kraftur kirkjunnar í Austurlöndum nær, var að fjara út um 600 e.Kr., kom maður að nafni Múhameð fram með nýja trú, Islam. Á hundrað árum lögðu Múhameðstrúarmenn undir sig hinar kristnu þjóðir í Austurlöndum nær ásamt Norður-Afríku og tóku einnig Íberíuskaga. Krossferðirnar höfðu upphaflega þann tilgang að vinna Jerúsalem og Landið helga úr greipum múslima, en það sem máli skipti var að þær stöðvuðu frekari sókn múslima inn í Evrópu, þar til Ottómanar lögðu undir sig Balkanskaga á 14.–16. öld. Sagan endurtekur sig. Nú á okkar dögum sjáum við kraft og áhrif kirkjunnar fjara út í Evrópu og Norður-Ameríku, en vakningu meðal múslima sem sækja fast að komast til áhrifa í þessum löndum.

Á miðöldum breiddist kristnin út um Evrópu og einnig til eyjanna í Atlantshafinu, Íslands þar á meðal. Kristnin breiddist síðustu tvær aldir, frá Evrópu og Norður-Ameríku út um allan heim. Sem dæmi má nefna að kristnir menn eru nú (árið 2019); 601 milljón í Suður-Ameríku, 631 milljón í Afríku, 388 milljónir í Asíu og 29 milljónir í Eyjaálfu samanborið við 277 milljónir í Norður-Ameríku.¹⁶⁹ Í dag mæta fleiri kristnir einstaklingar á hverjum sunnudegi í kirkju í Kína kommúnismans, heldur en í Vestur-Evrópu eða Norður-Ameríku. Þessi árangur hefur einnig orsakað ofsóknir gegn kristnum mönnum víða um heim. Í dag eru á annan tug einstaklinga drepnir á hverjum degi í heiminum vegna þess að þeir eru kristnir. Milljónir kristinna sæta mismunun, harðræði eða grímulausum ofsóknum vegna trúar sinnar líkt og átti sér stað á fyrstu öldum kirkjunnar.

Ein mikilvægasta breytingin innan kristinnar á síðustu öld, er mikil fjölgun þeirra sem segjast vera hvítasunnnumenn eða náðargjafasinnar. Á einni öld hefur þessi hópur vaxið úr nánast engu upp í ríflega 600 milljónir (ca. 27% kristinna manna).

Íslendingar tóku kristna trú við lok fyrsta árpúsundsins eftir Krist. Kirkjur voru byggðar upp af höfðingjum, sem töldu sig geta sinnt bæði landsforráðum og kirkjurekstri. Þegar tímar liðu vildu kirkjunnar menn losna undan ofurvaldi höfðingja og gera kirkjuna að biskupakirkju eins og tíðkaðist víðast í Evrópu. Eftir mikil átök um eignir og völd tókst íslensku kirkjunni að losna undan valdi höfðingja að hluta til. Siðbótin gerði það að verkum, að íslenska kirkjan og hluti af eignum hennar voru yfirteknar af Danakonungi. Þegar Íslendingar fengu stjórnarskrá árið 1874, var trúfrelsi lögfest á Íslandi, en Lúterska kirkjan gerð að Þjóðkirkju. Síðan hafa ýmsar kirkjur og kirkjudeildir reynt að hasla sér völl á Íslandi, með misjöfnum árangri.

Á 20. öld hafa áhrif kristinnar trúar í Þjóðfélaginu verið á undanhaldi á Vesturlöndum. Þjóðkirkjur í Vestur-Evrópu hafa þurft að málamiðla við ríkisvaldið með því að gefa eftir varðandi sum af hinum kristnu siðferðisgildum. Sama þróun hefur átt sér stað hér á landi. Sem dæmi má nefna fóstureyðingar. Fimmta hverju fóstri á Íslandi er eytt í móðurkviði, þótt það sé augljóslega brot á boðorðinu: „*Dú skalt ekki morð fremja.*“ Annað dæmi eru hjónavígslur samkynhneigðra. Hjónaband samkynhneigðra var heimilað með lögum árið 2010, en þáverandi biskup Íslands, *Karl Sigurbjörnsson* lét þau orð falla þegar þetta mál var til umræðu árið 2006, að hugtakinu hjónaband væri þar með hent á sorphaug. Samviskufrelsi presta Þjóðkirkjunnar, til að neita þátttöku í slíkum hjónavígslum var síðan afnumið á Kirkjuþingi árið 2015.

Þrátt fyrir að meðlimum íslensku Þjóðkirkjunnar hafi farið hlutfallslega fækkandi á síðari árum, þá skírir hún og fermir enn um 90% barna í landinu, því meirihluti þjóðarinnar vill halda í kirkjulegar athafnir. Vaxandi afkristnun íslenska menntakerfisins á 20. öld og það sem af er 21. öldinni, mun væntanlega hafa afgerandi afleiðingar þegar tímar líða.

Jesús og lærisveinarnir fóru fótgangandi um Ísrael til að breiða út fagnaðarboðskapinn. Á hvítasunnudag í Jerúsalem kviknaði vakningareldur sem átti eftir að fara vítt og breitt um heiminn. Á okkar dögum hefur Guð reist upp fjarskiptatækni; sjónvarp, útvarp, farsíma, tölvur og netið til þess að allir geti átt þess kost að sjá og heyra fagnaðarerindið. Jesús sagði: „*Farið út um allan heim, og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. Sá sem trúir og skírast, mun hólpinn verða, en sá sem trúir ekki, mun fyrirdæmdur verða.*“ Í dag er í fyrsta sinn í sögunni tækni til staðar, sem gerir það kleift að predika fagnaðarerindið öllu mannkyni. Í frumskógum Afríku og Asíu hafa menn farsíma, sem geta tengst netinu. Jesús sagði einnig: „*Og þetta fagnaðarerindi um ríkið verður predikað um alla heimsbyggðina öllum þjóðum til vitnisburðar. Og þá mun endirinn koma.*“

¹⁶⁹ Center for the Study of Global Christianity: [Global Christianity 2018 - Infographic](#)

Persónuleg trúarjátning

„Sá sem trúir á soninn, hefur eilíft líf, en sá sem óhlýðnast syninum, mun ekki sjá líf, heldur varir reiði Guðs yfir honum.“ (Jóhannes 3:36)

„Syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann og dauðinn fyrir syndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað.“ (Róm. 5:12)

„Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ (Jóhannes 3:16)

Jesús sagði: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið; enginn kemur til föðurins nema fyrir mig.“ (Jóhannes 14:6)

Það segir í Rómverjabréfinu 10:9. „Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn – og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða. Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis.“

Þú munt taka afstöðu. Annað hvort vilt þú eignast samfélag við frelsara þinn og eignast eilíft líf eða ekki. Það er ekki til neinn millivegur hjá Guði. Það segir í Matteus 12:30. „Hver sem ekki er með mér, er á móti mér, og hver sem safnar ekki saman með mér, hann sundurdreifir.“ Ef við viljum ekki taka afstöðu, þá höfum við í raun sagt NEI við því sem Jesús Kristur gerði fyrir okkur.

Við vitum ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér, en orð Guðs segir svo: „Nú er hagkvæm tíð, nú er hjálpræðis dagur.“ (2. Kor. 6:2) Það er enn tími til að iðrast og snúa sér til Guðs.

Núna er tækifæri til að taka afstöðu með Jesú. Núna hefur þú tækifæri til að gefa Jesú Kristi líf þitt og eignast eilíft líf með Honum. Þú getur farið upphátt með stutta bæn. Það skiptir ekki öllu máli, hvernig þessi bæn er orðuð. Það sem skiptir öllu máli, er að það sem þú segir, komi frá hjartanu. Guð veit hvort okkur er alvara.

Frelsisbæn

Heilagi faðir.

Ég kem til þín í Jesú nafni. Ég bið þig að fyrirgefa mér syndir mínar.

Ég bið þig að taka við mér og frelsa mig. Ég trúi því að Jesús Kristur sé sonur Guðs og Hann sé upprisinn. Ég játa Hann nú sem Drottinn minn og frelsara.

Amen.

Ég hef tekið á móti Jesú Kristi inn í mitt líf í dag. Jesús Kristur er minn frelsari, héðan í frá og að eilífu.

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____

Viðauki:

Gyðingdómur

„*Sh'ma Yisraeil, Adonai Eloheinu, Adonai Echad*“
„Heyr Ísrael, Drottinn vor Guð, er einn Drottinn!“
(5. Móseb. 6:4)

Samkvæmt trú Gyðinga, á líf mannanna að endurspegla þá staðreynd, að Guð Ísraels er einn almáttugur Guð skapari himna og jarðar og enginn Guð nema Hann. Allt lífið á að helgast. Þar er engin aðgreining, engin skipting í helguð svið og vanhelig. Heimilið er helgidómur Guðs, borðið altari og mannleg samskipti eiga að bera réttlætinu vitni. Guðrækin Gyðingur gengur sín daglegu spor með þakkargjörð. Hann blessar mat sinn og drykk, engu síður en helgidagsljósin og ný klæði. Lögmálið (*torah*), sem skráð er í fimm bókum Móse, inniheldur söguleg atriði, ýmis lagafyrirmæli, siðareglur og helgireglur (613 boð og bönn). Þar eru tíu boðorð Guðs, en auk þess nákvæmar reglur um fæðu, siðferðismál, ölmusugjafir, bætur fyrir gerðan skaða og fjölmargt fleira. Maðurinn er skapaður í Guðs mynd og hefur frjálsræði til að gera hið góða, Guðs vilja, eða snúa baki við því, falla frá Guði og syndga. Gyðingar neita meðfæddum syndugleik, en þeir viðurkenna meðfædda hneigð til ills. Gyðingar hafna kenningum kristindóms um frelsi frá syndum.

Ef maðurinn elskar Guð og reynir að keppa í átt til hans, verður hann líka að elska það sem Guð hefur skapað, fyrst og fremst aðra menn. Kærleikur Guðs og lögmálið eru eitt. Gyðingar



Orthodox (Haredi) Gyðingur

telja að framundan sé koma hins fyrirheitna spámanns, Messíasar¹⁷⁰ og friðarríkis hans, er þjóðirnar munu „smíða plógjárn úr sverðum sínum“. Gyðingar trúa á ódauðleik sálarinnar og réttvíst endurgjald í öðrum heimi.

Þegar Guð gerði Ísrael að sinni útvöldu þjóð, lagði hann skyldur á herðar henni. Hann gerði þjóðina að þjóni sínum, er kunngjöra skyldi öðrum þjóðum orð Hans. Margir Gyðingar og kristnir menn líta svo á, að það sé köllun gyðingdómsins allt til endaloka sögunnar að bera þjóðunum vitni um drottinvald Guðs yfir veröldinni.

Ritningar Hebrea, (hebr. *tanakh*), sem kristnir menn kalla Gamla testamenti, eru

aðallega á hebresku en einnig eru kaflar á arameísku. Ritningunum er skipt í þrjá flokka. Lögmálið (*Torah*), spámennina (*Nevi'im*) og ritin (*Ketuvim*), **TaNaKh**. Ritin eru flokkuð í þrjá hluta, þ.e. sálma og ljóð, spekirit og sögurit.

¹⁷⁰ *Messíanskir* kallast þeir Gyðingar, sem hafa tekið við Jesú Kristi sem Messíasi, en fylgja áfram gyðinglegum venjum og hefðum. Meirihluti messíanskra Gyðinga heldur því fram að Jesús hafi kennt og uppfyllt lögmálið og það sé því í fullu gildi. Börn Ísraels og landið Ísrael séu þungamiðjan í áætlun Guðs á jörðinni. Meirihluti messíanskra Gyðinga fylgir þrenningarkenningunni, en minnihlutinn telur hana ekki samrýmast grunnstefi lögmálsins, að Guð skapari himna og jarðar sé aðeins einn. Messíanskir Gyðingar skiptast einnig í tvo hópa, varðandi guðdóm Jesú Krists. Meirihlutinn telur Jesú Krist guðlegs eðlis en minnihlutinn telur hann hinn fyrirheitna spámann (Messías), en ekki guðlegs eðlis.

Talið er að nú séu um 360 þúsund messíanskir Gyðingar víðs vegar um heiminn (þar af um 20 þúsund í Ísrael).

Eftir uppreisn gegn Rómverjum í Ísrael sem kennd er við Bar Kokhba gerðu Rómverjar það að líflátssök að nota nafn Guðs, YHWH opinberlega í landinu. Var því ákveðið nota í staðinn titla eins og *Adonai* í töluðu og rituðu máli þar til Messías kæmi og frelsaði landið.

Við eyðingu Jerúsalem 70 e.Kr., var musterið eyðilagt og fórnir samkvæmt lögmálinu lögðust af og Gyðingabjóðin dreifðist vítt og breitt um veröldina. Lögmálið *torah*, hélt áfram að vera þungamiðjan, en lögvitringarnir, *rabbínar* komu í stað presta og spámanna. Öldum saman höfðu menn skýrt fyrirmælin í bókum Móse, aukið þau og samræmt nýjum aðstæðum. Þannig varð erfikenningin „*talmud*“ til. Talmúd¹⁷¹ verður helst líkt við trúarlegar alfræðibækur. Þar eru teknar fyrir og ræddar allar meiriháttar spurningar er varða líf Gyðinga. Þar eru lögmálsútskýringar, trúarlærdómar, textatúlkun, prédikanir, sögulegur fróðleikur og smásögur, hvað innan um annað. Menn reyndu að finna út frá orðum Gamla testamentisins nákvæmar reglur, boð og bönn, um öll tilfelli lífsins, raunveruleg og hugsanleg. Strangtrúaðir Gyðingar reyna að halda allar 613 reglur lögmálsins. Gyðingar fylgja fjölmörgum reglum varðandi fæðu og matargerð. Þessar reglur nefnast einu nafni „*kashrut*“. Bannað er að leggja sér óhrein dýr til munns, svo sem svín, humar og rækjur. Dýrum þarf að slátra eftir réttum reglum, þannig að sem mest af blóðinu fari úr skrokknum. Einnig er bannað að borða sínar spendýra, er það byggt á frásögunni um glímu Jakobs. Einnig er bannað að neyta blóðs, því að sálin býr í blóðinu. Ekki má blanda saman kjötmeti og mjólkurmat, því í 5. Mósebók segir: „Þú skalt ekki sjóða kið í mjólk móður sinnar.“ Matur sem matreiddur er eftir settum reglum, er kallaður „*kosher*“.

Öll sveinbörn þarf að umskera á áttunda degi. Umskurnin er tákn þess að einstaklingurinn sé undir sáttmálanum sem Guð gerði við Abraham. Allir sem eiga Gyðing að móður, teljast til Gyðingabjóðarinnar. Gyðingar líta á allar aðrar þjóðir, sem heiðingja.

Hvíldardagurinn (sabbatsdagurinn) er hátíð fjölskyldunnar. Hvíldardagurinn hefst við sólarlag á föstudegi og lýkur við sólarlag á laugardeg. Strangtrúaðir Gyðingar forðast hvers kyns verk á sabbatsdegi. Þeir ferðast ekki, nota ekki síma, skrifa ekki, snerta ekki peninga, kveikja ekki ljós og láta ekki taka af sér myndir. Tuttugu mínútum áður en sabbatshelgin hefst, tendrar húsfreyjan sabbatsljósin. Síðan blessar heimilisfaðirinn vínið og sneiðir sabbatsbrauðið. Eftir það er borðaður hátíðarmatur. Á laugardögum fer fram guðþjónusta í samkunduhúsum Gyðinga. Guðþjónusta Gyðinga er tiltölulega fábrotin. Samkunduhúsin hafa engar myndir. Það þarf að lágmarki tíu karlmenn, til að hægt sé að hafa guðþjónustu. Guðþjónustan samanstendur af bænum, sálmasöng, upplestri úr lögmálinu (*parshah*) og síðan úr ritum spámannanna (*haftarah*). Rabbíninn í viðkomandi samkunduhúsi (*synagógu*), sér um að prédika. Rabbíninn sér einnig um giftingar og jarðarfarir. Þótt lögmálið banni ekki



Ljósastika úr gulli sem á að lýsa í þriðja musterinu í Jerúsalem – musteri friðarríkisins.

fjölkvæni, hefur það ekki tíðkast meðal Gyðinga s.l. 1000 ár.

Að fornri venju, eru sveinar blessaðir í samkunduhúsinu á næsta sabbatsdegi eftir 13. afmælisdag. Þá hafa þeir áður fengið uppfræðslu í lögmálinu og er falið að lesa upp úr lögmálinu við guðþjónustuna viðkomandi sabbatsdag. Þá verður sveinninn „Bar Mitzvah“, sonur lögmálsins. Á síðustu öld var sambærileg athöfn „Bat Mitzvah“ tekin upp fyrir stúlkur.

Helsta hátíð Gyðinga er *páskar* (*pesach* = *framhjáganga*), þegar

Gyðingar minnst þess að Guð leiddi þjóðina út úr Egyptalandi. Um kvöldið við upphaf páskadags (14. dag nísan mánaðar), er páskamáltíðin (*seder*). Það er hátíðarmáltíð, þar sem

¹⁷¹ Talmúd skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn, *Misnah*, er hið munnlega lögmál sem þróast hafði gegnum aldirnar og var skráð um 200 e.Kr. Síðari hlutinn var skráður um 500 e.Kr. og kallast *Gemara*. Prentuð útgáfa af Talmúd, er ríflega 6 þúsund blaðsíður.

fylgt er gömlum hefðum. Sálmar og textar úr 2. Mósebók 12. – 15. kafla eru lesnir til skiptis, meðan máltíðin stendur yfir. Við máltíðina er brotið ósýrt brauð, etið af páskalambinu og drukknir fjórir bikarar af víni samkvæmt hefðinni. Daginn eftir páskadag, er sérstakur hvíldardagur og hefst þá sex daga hátíð (15. – 21. dag nísan mánaðar) sem heitir *hátíð ósýrðu brauðanna*, því þá er aðeins notað brauð (*matzot*) sem ekkert ger er í (með páskadegi eru dagar ósýrðu brauðanna samtals sjö).

Hvítasunna (*shavuot* = sjöviknahátíð) er haldin hátíðleg á 50 degi eftir páskadag, en hún er upphaflega hátíð frumuppskerunnar¹⁷² (frumgróðans, *bikkurim*). Síðar var farið að minnast þess, þegar Guð gaf Ísraelslýð boðorðin tíu í eyðimörkinni.

Laufskálahátíðin (*sukkot*) er sjö daga þakkar- og uppskeruhátíð, vegna ávaxtauppskerunnar á haustin. Hún er einnig haldin hátíðleg til að minnast þess, hvernig Guð hjálpaði Ísraelsþjóðinni í eyðimörkinni, þegar fólkíð hafðist við í laufskálum. Tákn þessarar hátíðar eru fimm: Pálminn, sítrónan, myrtan og pílviðurinn, sem eru borin í helgigöngum samkunduhúsanna og „*súkkah*“, laufskálinn þar sem siður er að sofa og neyta máltíða vikuna sem hátíðin stendur yfir. Þak skálans er gert úr pálmagreinum og minnir í senn á hóbýlin sem notuð eru á uppskerutímanum og hóbýlin sem notuð voru á ferðalaginu frá Egyptalandi.

Daginn eftir síðasta dag laufskálahátíðar er hátíð lögmálsins (*simchat torah*), en þá er því fagnað að lestri upp úr lögmálinu lýkur á síðasta kafla 5. Mósebókar og nýr hringur hefst á 1. kafla í 1. Mósebók. Á þessum degi er vinsælt að taka bókröllu lögmálsins í synagógum og fara í helgigöngu með bókrölluna í fararbroddi.

Hálfum mánuði á undan laufskálahátíðinni er *nýársdagur* Gyðinga (*Rosh Hashanah*). Þá er nýju ári fagnað. Níu dögum eftir nýársdag, er *friðþægingardagurinn mikli* (*Yom Kippur*). Friðþægingardagurinn er almennur iðrunardagur. Þá fasta flestir Gyðingar og biðja í sólarhring og sumir eyða deginum í synagógu.

Púrímhátíðin (*purom* = hlutkesti) er haldin í febrúar–mars. Þetta er einn mesti gleðidagur ársins, en þá er minnst Esterar, sem sagt er frá í Esterarbók og varð drottning Ahasverusar (Xerxesar) Persakonungs. Henni tókst að koma í veg fyrir að Gyðingar yrðu afmáðir úr ríki Persakonungs. Á þessari hátíð eru haldnir grímudansleikir og farið í skrudgöngur.

Musterisvígluhátíðin (*hanukkah*, ljósahátíðin) er haldin átta daga í desember. Á vígluhátíðinni er minnst hreinsunar og endurreisnar musterisins árið 164 f.Kr., eftir að það hafði verið saurgað af Sýrlandskonungi í styrjöld. Sagan segir að kraftaverk hafi átt sér stað við endurvígsluna. Þegarusterið hafði verið hreinsað, fannst ekki nægileg ólífuolía til að viðhalda ljósum á hinn stóru sjö–arma ljósastiku sem var íusterinu. Það var aðeins til olía fyrir eins dags notkun. Þá gerðist kraftaverk. Olían dugði í átta daga, jafn marga daga og það tók að útvega meiri olíu. Á hverju kvöldi er kveikt á einu kerti, þar til öll átta kartin, sem eru á sérstakri átta–arma ljósastiku hafa verið kveikt. Á þessum ljósastikum er einn viðbótarmur, sem kallast „*shamash*“ (þjónninn) og er ljósið frá honum notað til að tendra hina armana.



Á hverju ári er kveikt á „hanukkah“ ljósastiku í Hvítahúsinu


Gyðingar skiptast í marga flokka, eftir því hversu hátíðlega þeir taka boð og bönn lögmálsins. Stærsti hópurinn er frjálslyndir Gyðingar, sem rækja trú sína að takmörkuðu leyti en fylgja ýmsum þjóðlegum trúar–hefðum. Heittrúaðir Gyðingar skiptast í nokkra flokka, m.a. strangtrúaða (Orthodox) og afar–strangtrúaða (Ultra–Orthodox).

¹⁷² Á þeim samyrkjubúum í Ísrael sem stunda akuryrkju, er haldið upp á hátíð frumgróðans. Tekið er af korn- og ávaxtauppskerunni (hveiti, bygg, vínber, granatepli, ólífur, fíkjur og hunang) og andvirðið lagt í Gyðinglega þjóðarsjóðinn (*Jewish National Fund*).





Líkan af musterinu í Jerúsalem (um miðja 1. öld e. Kr.)

Helstu trúarbrögð heimsins 2017




Stærstu kirkjudeildir 2017 (milljónir meðlima)







Hlutfall kristinna af íbúafjölda



Breyting á fjölda kristinna íbúa 1970 – 2018



Breyting á hlutfalli evangelísk kristinna íbúa



Evangelísk kristnir sem hlutfall af mannfjölda 2010

